Frumvarp

til

fjárlaga fyrir árin 1890 og 1891.

---

1. kafli.

Tekjur.

1. gr.

Á árunum 1890 og 1891 telst svo til, að tekjur Íslands verði 760,900 kr., og er það afrakstur af tekjugreinum þeim, sem getið er um í 2.—6. gr.

2. gr.

Af eptirfylgjandi sköttum og gjöldum eru tekjurnar taldar 474,000 kr.

	1890.	1891.	alls.
	kr.	kr.	kr.
1. Skattur á ábúð og afnotum jarða, og á lausafje:			
a) á ábúð og afnotum jarða	16,500.	16,500.	33,000.
b) á lausafje	21,500.	21,500.	43,000.
2. húsaskattur	4,000.	4,000.	8,000.
3. tekjuskattur	10,000.	10,000.	20,000.
4. aukatekjur	22,000.	22,000.	44,000.
5. erfðafjárskattur	1,700.	1,700.	3,400.
6. gjöld af fasteignasölum	1,300.	1,300.	2,600.
7. vitagjald	5,000.	5,000.	10,000.
8. gjöld fyrir leyfisbrjef	2,000.	2,000.	4,000.
9. útflutningsgjald af fiski og lýsi m. m., að frá dregnum 2 % í innheimtulaun	25,000.	25,000.	50,000.
10. aðflutningsgjald af áfengum drykkjum, að frá dregnum 2 % í innheimtulaun	90,000.	90,000.	180,000.
11. aðflutningsgjald af tóbaki, að frá dregnum 2 % í innheimtulaun	17,000.	17,000.	34,000.
12. tekjur af póstferðum	18,000.	18,000.	36,000.
13. óvissar tekjur	3,000.	3,000.	6,000.
samtals...	237,000.	237,000.	474,000.

3. gr.

Tekjur af fasteignum landssjóðs og fl. eru taldar 56,700 kr.:

	1890.	1891.	alls.
	kr.	kr.	kr.
1. Afgjöld af jarðeignum landssjóðs, alls 37,000 kr. að frá dregnum umboðslaunum, prestsmötu og fl., alls..... 9,000 —	28,000.	28,000.	56,000.
2. Tekjur af kirkjum	350.	350.	700.
samtals...	28,350.	28,350.	56,700.

4. gr.

Tekjur, er snerta viðlagasjóðinn, eru áætlaðar 62,000 kr.:

	1890.	1891.	alls.
	kr.	kr.	kr.
1. Leigur af innstæðufje viðlagasjóðsins	31,000.	31,000.	62,000.
Uppí lán verður borgað: á árinu 1890 25,959 kr. 09 a. - — 1891 25,922 — 66 - 51,881 kr. 75 a.			
samtals...	31,000.	31,000.	62,000.

Af láni til Staðarbyggðarmýrar greiðist að eins 4 % á ári í leigu af hinni upphaflegu upphæð.

Þangað til 5. maí 1894 skal eigi borga leigur af 2,000 kr. láni, er Holts-prestakalli hefur veitt verið 1889; en upp frá því skal borga 4 % í leigur af því og borga uppí það 100 kr. á ári, í fyrsta sinn árið 1895.

5. gr.

Ýmislegar innborganir og endurgjöld verða talin 9,200 kr.:

	1890.	1891.	alls.
	kr.	kr.	kr.
1. Það, sem greitt er frá prestaköllum samkvæmt lögum 27. febr. 1880	2,000.	2,000.	4,000.
2. Endurgjald skyndiláns til embættismanna ...	600.	600.	1,200.
3. Endurborganir á öðrum fyrirframgreiðslum ..	2,000.	2,000.	4,000.
samtals...	4,600.	4,600.	9,200.

6. gr.

Tillag úr ríkissjóðnum verður talið 159,000 kr.:

	1890.	1891.	alls.
	kr.	kr.	kr.
Fast tillag	60,000.	60,000.	120,000.
Aukatillag	20,500.	18,500.	39,000.
samtals...	80,500.	78,500.	159,000.

2. kafli.

Útgjöld.

7. gr.

Á árunum 1890 og 1891 veitast til útgjalda 853,388 kr. 84 a. samkvæmt þeim gjaldagreinum, sem nákvæmar er skýrt frá í 8.—16. gr.

8. gr.

Gjöld til hinnar æðstu stjórnar innanlands og fulltrúa stjórnarinnar á alþingi eru talin fyrir árið 1890: 12,400 kr., og árið 1891: 14,400 kr., samtals: 26,800 kr.

9. gr.

Til kostnaðar við alþingi veitast 32,000 kr. Til kostnaðar við yfirskoðun landsreikninganna 1,600 kr., alls 33,600 kr.

10. gr.

Til útgjalda við umboðsstjórnina, gjaldheimtur og reikningsmál, svo og við dómgæzluna og lögreglustjórnina o. fl. veitast 335,948 kr. 84 a.

A.	1890.	1891.	alls.
Umboðsstjórn, gjaldheimtur og reikningsmál:	kr. a.	kr. a.	kr. a.
1. laun embættismanna	19,216. 66	19,300.	38,516. 66
2. endurgjald fyrir skrifstofukostnað o. fl.	3,800.	3,800.	7,600.
3. a. borgun fyrir hina umboðslegu endurskoðun 2,500 kr.			
b. viðbót fyrir hinn núverandi endurskoðanda 500 —			
	3,000.	3,000.	6,000.
	20,016. 66	26,100.	52,116. 66
flyt...	.....	.....	52,116. 66

	1890.	1891.	alls.
	kr. a.	kr. a.	kr. a.
fluttar...	.....	.....	52,116. 66
B.			
Dómgæzla og lögreglustjórn:			
1. laun:			
a. til dómara og sýslumanna	70,525. 09	70,525. 09	
b. til hreppstjóra.....	6,000.	6,000.	
2. ritfje handa bæjarfógetanum í Reykjavík....	1,400.	1,400.	
3. til hegningarhússins og fangelsanna:			
a. laun umsjónarmannsins ..... 1890. 800 kr. 1891. 800 kr.			
viðbót fyrir hinn núverandi umsjónarmann ..... 200 — 200 —			
þóknun handa dómkirkjuprestinum .... 100 — 100 —			
þóknun handa lækni 60 — 60 —			
b. viðurværi handa föngum, 42 a. á dag. 1,225 — 1,225 —			
3 skammtar af miðdagsmat handa fangaverði á 21 e..... 230 — 230 —			
þvottur ..... 30 — 30 —			
til eldiviðar og ljósa 520 — 520 —			
útgjöld við byggingguna sjálfa og áhöld. 400 — 400 —			
til þess að útvega verkefni ..... 500 — 500 —			
ýmisleg útgjöld..... 150 — 150 —			
4,215 kr. 4,215 kr.			
arður af verkum talinn..... 615 — 615 —			
3,600 kr. 3,600 kr.			
c. kostnaður við viðhald fangelsanna ..... 300 — 100 —			
4. önnur útgjöld:	3,900.	3,700.	
a. þóknun handa tveimur settum málaflutningsmönnum við yfirrjettinn 1600 kr.			
flyt... 1600 kr.	81,825. 09	81,625. 09	52,116. 66

		1890.	1891.	alls.
		kr. a.	kr. a.	kr. a.
fluttar...	1600 kr.	81,825. 09	81,625. 09	52,116. 66
b. laun sendiboðans við yfirrjettinn.	50 —			
c. til eldiviðar í yfirrjettarstofunum	40 —			
d. til viðhalds á yfirrjettarstofunum o. fl.	60 —			
e. kostnaður við sakamál og lögreglumál	1000 —			
f. kostnaður við gjafsóknarmál	300 —			
g. til að gefa út dómasafn allt að 15 kr. fyrir hverja örk	150 —			
		3,200.	3,200.	
		85,025. 09	84,825. 09	
C.				169,850. 18
Ýmisleg útgjöld:				
1. til þess að gefa út stjórnartíðindi og landshagsskýrslur:				
a. þóknun fyrir útgáfu tíðindanna m. fl.	300 kr.			
b. til pappírs og prentunar deildarinnar B. 22 arkir og deildarinnar C. 15 arkir	1591 —			
c. til kostnaðar við sending með póstum	150 —			
d. þóknun fyrir að semja landshagsskýrslur með prófarkalestri 40 kr. fyrir örkina	600 —			
	2641 kr.			
borgun fyrir seld eintök, á 1 kr. hvert, er dregst frá	150 —			
		2,491.	2,491.	
2. endurgjald handa embættismönnum fyrir burðareyri undir embættisbrjef		1,200.	1,200.	
3. brunabótagjald fyrir ýmsar opinberar byggingar		1,600.	1,600.	
4. styrkur til eflingar búnaði:				
a. til búnaðarskóla	10,000 kr.			
b. — búnaðarfjelaga	8,000 —			
Landshöfðingi úthlutar fje þessu eptir tillögum sýslunefnda og amtsráða.				
c. til að útgefa landbúnaðarrit, 20 kr. fyrir örkina	240 —			
		18,240.	18,240.	
	flyt...	23,531.	23,531.	221,966. 84

	1890.	1891.	alls.
	kr.	kr.	kr.
fluttar...	23,531.	23,531.	221,966. 84
5. til vegabóta:			
a. til að útvega vegfróðan mann frá útlöndum.... 1890 3000 kr. 1891 „ kr.			
b. til að bæta vegi á aðalpóstleiðum .....1890 16000 — 1891 16000 —			
c. til fjallvega ..... 2500 — 2500 —			
	21,500.	18,500.	
6. til gufuskipaferða.....	9,000.	9,000.	
7. til vitans á Reykjanesi:			
a. til launa vitamannsins ..... 1200 kr.			
b. til eptirlits með vitanum..... 60 —			
c. til að kaupa olíu..... 1200 —			
d. — — lampakveiki o. fl.... 150 —			
e. — — steinkol ..... 120 —			
f. til viðurhalds á húsum og áhöldum 200 —			
g. eptirgjald eptir lóðina..... 30 —			
	2,960.	2,960.	
8. til vörðuvita.....	500.	500.	
9. til kostnaðar við eptirlitsferðir embættismanna, að því leyti sem hann greiðist úr landssjóði	1,000.	1,000.	
	58,491.	55,491.	113,982.
samtals...	.....	.....	335,948. 84

11. gr.

Til útgjalda við læknaskipunina veitast 94,844 kr.:

	1890.	1891.	alls.
	kr.	kr.	kr.
1. laun	39,598.	39,598.	79,196.
2. styrkur til 5 aukalækna:			
a. til læknis í Dalasýslu og Bæjarhreppi í Strandasýslu;			
b. til læknis á Seyðisfirði ásamt með Mjóafirði, Loðmundarfirði og Borgarfirði;			
c. til læknis á Skipaskaga á Akranesi með 4 syðstu hreppum Borgarfjarðarsýslu;			
d. til læknis í Dyrhólahreppi og Eystri- og Vestri-Eyjafjallahreppum;			
samtals...	39,598.	39,598.	79,196.

	1890.	1891.	alls.
	kr.	kr.	kr.
fluttar...	39,598.	39,598.	79,196.
e. til læknis í Dýrafirði ásamt Onundarfirði, Súgandafirði og Arnarfirði, — til hvers þeirra 1000 kr. hvort árið	5,000.	5,000.	10,000.
3. önnur útgjöld:			
a. styrkur til sjúkrahússins í Reykjavík 1200 kr.			
b. — — á Akureyri 400 —			
c. til einnar yfirsetukonu í Reykjavík fyrir hana sjálfa..... 24 —			
d. til náms yfirsetukvenna ..... 1000 —			
e. til verkfæra handa yfirsetukonum 200 —			
	2,824.	2,824.	5,648.
samtals...	47,422.	47,422.	94,844.

12. gr.

Útgjöldin við póststjórnina er ætlazt á að verði 63,000 kr.:

	1890.	1891.	alls.
	kr.	kr.	kr.
1. laun:			
a. handa póstmeistaranum..... 2400 kr.			
b. — póstafgreiðslumönnum .... 4000 —			
c. — brjefhirðingarmönnum .... 1750 —			
	8,150.	8,150.	16,300.
2. póstflutningur.....	21,000.	21,000.	42,000.
3. önnur útgjöld:			
a. endurgjald fyrir skrifstofukostnað póstmeistarans ..... 1000 —			
b. til sama fyrir ábyrgð á mistalningi 1 ‰ um ..... 200 —			
c. fæðispeningar og ferðakostnaður sama ..... 200 —			
d. fyrir prentun á ýmsu ..... 200 —			
e. til áhalda ..... 500 —			
f. 1 brjefberi í Reykjavík ..... 50 —			
g. óviss útgjöld..... 200 —			
	2,350.	2,350.	4,700.
samtals...	31,500.	31,500.	63,000.

13. gr.

Til kirkju- og kennslumála veitast 220,996 kr.:

	1890.	1891.	alls.
	kr.	kr.	kr.
A.			
I þarfir andlegu stjettarinnar:			
a. laun	7,800.	7,800.	
b. önnur útgjöld:			
1. til prestakalla samkvæmt lögum 27. febr. 1880, 1. gr.	10,000.	11,000.	
2. til bráðabirgðar-uppbótar fátækum brauðum þaraf til hins núverandi prests í Grímsey 400 kr. hvort árið.	2,500.	2,000.	
3. til nokkurra brauða í fyrverandi Hólastipti	600.	600.	
4. bráðabirgðar-uppbót á Gufudals-prestakalli í Barðastrandar-prófastsdæmi	200.	200.	
5. bráðabirgðar-uppbót á Kvíabekkjar-prestakalli í Eyjafjarðar-prófastsdæmi. Uppbætur þessar (undir 4. og 5. lið) greiðast því aðeins að sjerstakir prestar komi til brauðanna.	200.	200.	
6. viðbót við eptirlaun þau, er fátækir uppgjafaprestar og prestsekkjur fá samkvæmt lögum	3,000.	3,000.	
7. endurgjald handa biskupi fyrir skrifstofukostnað	1,000.	1,000.	
8. uppbót handa núverandi presti Hólmabrauðs í Suðurmúla-prófastsdæmi fyrir tekjumissi samkv. l. 19. febr. 1886	300.	300.	
	25,600.	26,100.	51,700.
B.			
Kennslumálefni:			
I. til prestaskólans:			
a. laun	9,000.	9,000.	
b. önnur útgjöld:			
1. húsaleigustyrkur handa 20 lærisveinum, 80 kr. handa hverjum. 1890. 1,600 kr. 1891. 1,600 kr.			
2. 3 ölmusur. 1890. 600 — 1891. 600 —			
3. til tímakennslu. 1890. 100 — 1891. 100 —			
flyt... 1890. 2,300 kr. 1891. 2,300 kr.	9,000.	9,000.	51,700.

	1890.	1891.	alls.
	kr.	kr.	kr.
fluttar... 2,300 kr. 2,300 kr.	9,000.	9,000.	51,700.
4. til bókakaupa.. 300 — 300 —			
5. til eldiviðar og ljósa..... 100 — 100 —			
6. til umsjónar... 100 — 100 —			
7. ýmisleg útgjöld 200 — 200 —			
	3,000.	3,000.	
	12,000.	12,000.	24,000.
II. til læknaskólans:			
a. laun	3,600.	3,600.	
þar af 400 kr. hvort árið launaviðbót til Tómasar Hallgrímssonar 1. kennara.			
b. önnur útgjöld: 1890. 1891.			
1. 2 ölmusur, 200 kr. hvor..... 400 kr. 400 kr.			
2. eldiviður, ljós og ræsting ..... 120 — 120 —			
3. til bókakaupa og verkfæra ..... 300 — 300 —			
4. ferðastyrkur handa læknaefnum ... 300 — 300 —			
5. húsaleiga handa 6 lærisveinum.. 480 — 480 —			
6. þóknun fyrir tímakennslu í efnafræði ..... 100 — 100 —			
7. til umbúða og annars kostnaðar við ókeypis »klinik«, allt að... 200 — 200 —			
8. ýmisleg útgjöld. 100 — 100 —			
	2,000.	2,000.	
	5,600.	5,600.	11,200.
III. til hins lærða skóla:			
a. laun	18,200.	18,200.	
b. aðstoðarfje:			
handa Páli Melsted sem kennara í sögu ..... 1,800 kr.			
handa söngkennaranum ..... 600 —			
flyt... 2,400 kr.	18,200.	18,200.	86,900.

		1890.	1891.	alls.
		kr.	kr.	kr.
fluttar...	2,400 kr.	18,200.	18,200.	86,900.
handa fimleikakennaranum ...	700 —			
— dyraverði	1,000 —			
til yfirumsjónar með skólahúsinu og áhöldum skólans	300 —			
		4,400.	4,400.	
	1890. 1891.			
c. önnur útgjöld:				
1. til bókasafns skólans	600 kr. 600 kr.			
2. til eldiviðar og ljósa.....	1,000 — 1,000 —			
3. til skólahússins utan og innan .	1,000 — 1,000 —			
4. til tímakennslu.	1,100 — 1,100 —			
5. ölmusur.....	6,500 — 6,000 —			
6. þóknun handa lækni.....	100 — 100 —			
7. ýmisleg útgjöld	1,000 — 1,000 —			
8. fyrir prestsverk.	48 — 48 —			
9. til vísindalegra áhalda	400 — 400 —			
10. til að gefa út vísindalega ritgjörð, er fylgi skólaskýrslunni.	300 — 300 —			
		12,048.	11,548.	
		34,648.	34,148.	68,796.
IV. til gagnfræðaskólans á Möðruvöllum:				
a. laun		6,600.	6,600.	
b. önnur útgjöld:				
1 til bóka- og áhaldakaupa við kennsluna	400 kr.			
2. til eldiviðar og ljósa	500 —			
3. til skólahússins utan og innan	200 —			
4. ýmisleg útgjöld.....	400 —			
		1,500.	1,500.	
		8,100.	8,100.	16,200.
	flyt...	.....	.....	171,896.

	1890.	1891.	alls.
	kr.	kr.	kr.
fluttar ...	.....	.....	171,896.
V. til annarar kennslu:			
a. til kvennaskóla:			
1. til kvennaskólans í Reykjavík 1,500 kr. þar af ölmusur til sveitastúlkna 300 kr.			
2. til kvennaskólans á Ytri-Ey 700 —			
3. — — á Laugalandi 700 —			
4. til kvennaskólanna á Ytri-Ey og Laugalandi ..... 1,400 — Öll upphæðin (1,400 kr.) skiptist milli skólanna eptir nemenda fjölda. þar af 500 kr. til námsmeyja.			
	4,300.	4,300.	
b. 1. til barnaskóla í sjóþorpum og verzlunarstöðum öðrum en kaupstöðum ..... Styrkur þessi veitist með því skilyrði, að skólarnir njóti einnig annarar tillögu, er eigi sje minni en helmingur á móts við styrkinn úr landsjóði.	2,500.	2,500.	
2. til sveitakennara, allt að 50 kr. til hvers	2,000.	2,000.	
c. til alþýðuskóla:			
1. til gagnfræða- og alþýðuskólans í Flensborg ..... 2,500 kr.			
2. til skólans í Hljeskógum ... 500 —			
	3,000.	3,000.	
d. til kennara í organslætti og sönglist og til organleikara við dómkirkjuna í Reykjavík	1,000.	1,000.	
e. til kennslu í stýrimannafræði:			
1. til kennslu og húsnæðis í Reykjavík ..... 800 kr.			
2. til kennslu annarstaðar .... 1,000 —			
	1,800.	1,800.	
	14,600.	14,600.	
			29,200.
C.			
1. til landsbókasafnsins og fyrir umsjón með alþingishúsinu millum þinga:			
	1890.	1891.	
a. laun bókavarðar.....	1,000 kr.	1,000 kr.	
flyt...	1,000 kr.	1,000 kr.	.... 201,096.

	1890.	1891.	alls.
	kr.	kr.	kr.
fluttar...	1,000 kr.	1,000 kr.	201,096.
b. til að aðstoða bókavörð við útlán og niðurröðun bóka og við samningu á skrá yfir handrit og bækur	700 —	700 —	
c. fyrir að hafa umsjón með alþingishúsinu og áhöldum í því milli þinga	100 —	100 —	
d. til þess að kaupa bækur og handrit og fyrir bókband	1,200 —	1,200 —	
e. til eldiviðar og áhalda m. m.....	400 —	400 —	
f. brunabótagjald fyrir safnið	250 —	250 —	
		3,650.	3,650.
2. til amtsbókasafnanna á Akureyri og Stykkishólmi		400.	400.
3. til deildar hins íslenzka Bókmentafjelags í Reykjavík.....		1,000.	1,000.
4. til forngripasafnsins:			
a. til að útvega forngripi og til áhalda	1,000 kr.		
b. til umsjónar	200 —		
c. til rannsóknar fornmenja.....	1,000 —		
		2,200.	2,200.
5. til fornleifafjelagsins		300.	300.
6. styrkur til kennara Þ. Thóroddsens til kostnaðar við jarðfræðisrannsóknir og við safn til jarðfræðislýsingar Íslands, eptir reikningi, allt að 1,000 kr. hvort árið		1,000.	1,000.
7. styrkur til kennara Benidikts Gröndals til að halda áfram myndasafni yfir íslenzk dýr og til að semja þjóðmenningarsögu Norðurlanda 600 kr. á ári, og til efna og áhalda til að varðveita náttúrugripi 200 kr. hvort árið		800.	800.
flyt...		9,350.	9,350.	201,096.

	1890.	1891.	alls.
	kr.	kr.	kr.
fluttar...	9,350.	9,350.	201,096.
8. til að vinna að texta-útgáfu á íslenzku fornbrjefasafni, 25 kr. fyrir örkina, allt að 600 kr. hvort árið	600.	600.	
	9,950.	9,950.	
			19,900.
samtals...	.....	.....	220,956.

14. gr.

Til skyndilána handa embættismönnum og lögboðinna fyrirframgreiðslna veitast 5,200 kr.

15. gr.

Til eptirlauna og styrktarfjár og fl. veitast 70,000 kr.; þar af til ekkjufrúar Önnu Johnsen 150 kr., til ekkjufrúar Guðrúnar Guðjohnsen 300 kr., til ekkjufrúar Valgerðar Ólafsdóttur frá Hofi 200 kr., til ekkjufrúar G. Brynjúlfssonar 150 kr., til sjera Árna Böðvarssonar 100 kr., til sjera Þórðar Thorgrimsens 50 kr., til sjera J. Thórarensens 50 kr., til prestsekkju Ragnheiðar Jónsdóttur sem viðbót við eptirlaun hennar af Vestmannaeyja prestakalli 105 kr. 40 a. og til Katrínar Þorvaldsdóttur, ekkju fyrverandi bókavarðar Jóns Árnasonar 300 kr. — til allra þeirra hvort árið.

16. gr.

Til óvissra útgjalda veitast 3,000 kr.

Eigi má af þessum gjaldlið greiða ferðakostnað embættismanna eða embættismannaefna frá útlöndum til að taka við embættum hjer á landi.

17. gr.

Það sem á vantar, að tekjurnar hrökkvi fyrir útgjöldunum, og sem fyrst um sinn er áætlað að verði 92,488 kr. 84 a., skal greiða úr viðlagasjóði.

18. gr.

Allar þær fjárveitingar, sem eigi eru ákveðnar í lögum öðrum en fjárlögum, tilskipunum, konungsúrskurðum eða öðrum gildandi ákvörðunum, samkvæmt 25. gr. stjórnarskrárinnar, gilda að eins fyrir fjárhagstímabilið.

Athugasemdir

við

frumvarp til fjárlaga fyrir árin 1890 og 1891.

1. kafli.

Tekjur.

Við 2. gr.

1. a. og b. Það er ætlað á, að skattur á ábúð og afnotum jarða muni nema um 34,000 áln. hvort af árum fjárhagstímabilsins, en af því að meðalverð álnar mun nú um mundir að meðaltali um land allt vart vera hærra en 48 a., þá er ekki farið fram á að telja þenna skatt hærra en 16,500 kr. á ári. Á sama hátt er lausafjárskattur, sem samkvæmt síðustu tíundaskrám vart mun fara fram úr 45,000 áln. á ári, talinn 21,500 kr. hvort árið.

2. Húsaskatturinn eykst ár frá ári; var hann á fjárhagstímabilinu 1886—1887 um 3,900 kr. á ári, og er hann hjer talinn 4000 kr. hvort árið.

3. og 4. Tekjuskattur og aukatekjur eru hjer talin eins og á síðustu fjárlögum.

5. Erfðafjárskattur hefur minnkað að mun, þarsem meðaltalið af honum árin 1886 og 1887 eigi hefur numið meiru en 1,701 kr. 53 a. mót 2,829 kr. 26 a. að meðaltali fyrir árin 1883—87. Hjer er hann því talinn 1,700 kr. hvort árið.

6. Gjöld af fasteignsölum mun, eptir því sem þau hafa verið undanfarin ár að meðaltali, mega telja 1,300 kr. á ári.

7. og 8. Vitagjald og gjöld fyrir leyfisbrjef eru talin eins og á síðustu fjárlögum.

9. Minnkun síldaraflans á Norður- og Austurlandi hefur haft í för með sjer mikinn þurð á útflutningsgjaldi á fiski og lýsi, sem 4 síðustu árin hefur eigi numið meiru en 24,274 kr. 11 a. að meðaltali á ári. Það er ekki líklegt að gjald þetta muni aukast að neinum mun fyrst um sinn, og er það því talið hjer 25,000 kr. hvort árið.

10. Aðflutningsgjald á áfengum drykkjum hefur að meðaltali árin 1886 og 1887 ekki numið meiru árlega en 76,698 kr. 20 a., og þótt aðflutningar muni hafa aukizt nokkuð á síðasta ári einkum á Suður- og Vesturlandi, verður gjaldið vart talið hærra en gjört er á yfirstandandi fjárhagstímabili, sem sje 90,000 kr. hvort árið.

11. Aðflutningsgjald á tóbaki hefur að meðaltali 5 síðustu árin numið árlega 17,113 kr. 50 a., og verður því vart talið hærra en 17,000 kr. fyrir hvort af árunum.

12. og 13. Tekjur af póstferðum og óvissar tekjur eru taldar eins og á síðustu fjárlögum.

Við 3. gr.

1. Tekjur af fasteignum landssjóðs fara stöðugt minnkandi. Hvort af árunum 1884 og 1885 voru þær að meðaltali að frádregnum umboðslaunum prestsmötu og fl. 33,135 kr. 58 a., en næstu tvö ár aðeins 29,348 kr. 50 a. að meðaltali á ári. Það er nú ekki aðeins um stund að þessi tekjuminnkan á sjer stað, heldur stafar hún sumpart frá sölu þjóðjarðanna, sumpart frá mikilli lækkun á jarðarafgjöldum ýmissra jarða á Norðurlandi vegna skemmda (samkv. l. nr. 1, 12. jan. 1884 17. gr.) og sumpart loks frá verðlækkan á verðlagsskrám. Tekjur þessar verða því vart taldar meiri en 37,000 kr ÷ 9,000 kr. eða 28,000 kr. hvort árið.

2. Tekjur af kirkjum hafa að meðaltali árin 1886 og 1887 numið hvort árið 378 kr. 27 a., og þareð nú söfnuður hefur síðan tekið að sjer umsjón og fjárhald einnar af kirkjum landssjóðs, verða tekjur þessar vart taldar meiri en 350 kr. hvort árið.

Af brennisteinsnámunum í Þingeyjarsýslu og silfurbergsnámunum í Helgustaðafjalli verða engar tekjur áætlaðar þessi árin.

Við 4. gr.

Hjer skal sýnt yfirlit yfir tekjur þær, sem ætla má, að landssjóður njóti frá viðlagasjóði árin 1890 og 1891:

	1890.	1891.
1) Leigur af $3^1/_2$ % ríkisskuldabrjefum, samkvæmt innritunarskýrteini að upphæð: 207,800 kr.....	7,273 kr. 00 a.	7,273 kr. 00 a.
2) a. Leigur af skuldabrjefum, sem hljóða uppá afborgun ..... (Eptirstöðva-eign $^{31}/_{12}$ 89: 216,402 kr. 94 a.)	8,625 — 38 —	8,193 — 93 —
b. Leigur af láni til þilskipakaupa til fiskiveiða (Eptirstöðva-eign $^{31}/_{12}$ 89: 33,930 kr. 14 a.)	1,357 — 21 —	1,192 — 84 —
c. Leigur af hallærislánun ..... (Eptirstöðva-eign $^{31}/_{12}$ 89: 60,061 kr. 63 a.)	2,402 — 47 —	1,972 — 54 —
d. Leigur af skuldabrjefum með veði í seldum þjóðjörðum ..... (Eptirstöðva-eign $^{31}/_{12}$ 89: 10,825 kr. 00 a.)	433 — 00 —	426 — 40 —
3) Leigur af skuldabrjefum með hálfsárs uppsagnarfresti ..... (Eptirstöðva-eign $^{31}/_{12}$ 89: 354,688 kr. 00 a.)	14,187 — 52 —	14,187 — 52 —
	34,278 kr. 58 a.	33,246 kr. 23 a.

En þar sem víst eigi verður komizt hjá því að skerða eignir viðlagasjóðs til þess að bæta upp tekjuhallann, sem á ætla má fyrir yfirstandandi fjárhagstímabil, hefur eigi þótt rjett að telja tekjur hans meiri en 31,000 kr. fyrir hvort af árunum.

Af skuldabrjefum þeim, sem nefnd eru í 2. lið, verða, samkvæmt ákvæðum þeirra, borgaðar þessar fjárhæðir:

	1890.	1891.
af þeim er taldar eru við a	10,936 kr. 33 a.	10,899 kr. 91 a.
- — - — — - b	4,109 — 57 —	4,109 — 57 —
- — - — — - c	10,748 — 19 —	10,748 — 18 —
- — - — — - d	165 — 00 —	165 — 00 —
alt...	25,959 kr. 09 a.	25,922 kr. 66 a.

Alþingi mun verða gefinn kostur á að kynna sjer fullkomna skrá, er landfógeti hefur samið yfir þessi skuldabrjef, og skýrir frá upphæðum hinna einstöku lána, afborgunar skilmálum o. fl.

Ákvörðun þá, sem stendur í tveim síðustu fjárlögum um það, að eigi skuli greiða nema 4 % ársleigur af láni til Staðarbygðarmýrar, er hjer farið fram á að endurtaka.

Hvað það snertir, að hjer er farið fram á, að 2,000 kr. lán það, er veitt hefur verið Holts-prestakalli í Rangárvalla-prófastsdæmi, skuli brauðið hafa leigulaust til 5. maí 1894, þá skal þess getið, er nú segir:

Til þess að endurbyggja kirkjuna í Holti var prestakalli þessu 1884 veitt 1,200 kr. lán úr landssjóði, skyldi það afborgast með $^1/_{10}$ á ári og í leigur gjaldast árlega 5 hundruðustu. Lánið var útborgað 5. maí 1884, og hin nýja kirkja fullbúin á árinu 1885. En vorið 1888 feykti ákafur stormur henni út af grunni sínum, og laskaðist hún þá svo mjög, að nauðsynlegt varð að rífa hana niður til grunna til þess að eigi skyldu með öllu ónýtast viðir þeir, som enn mátti nota úr henni, ef nýr stormur kæmi. Til þess nú að fá kirkjuna endurreista, — og er ætlazt til að það verði gert á þessu sumri á Ásólfsskála, þar sem álitið er að hún muni standa tryggar og henni yfir höfuð betur í sveit komið, — hefur eigi orðið hjá því komizt að veita brauðinu nýtt lán úr landssjóði, alls 2,000 kr., sem prestur með engu öðru móti hefur getað útvegað og sem álitið er hin minnsta upphæð, er hægt verði að byggja kirkjuna fyrir. Með því nú að prestur er eigi efnum búinn og á honum hins vegar hvíla afborganir og leigur árlega af fyrra láninu, þá hefur þótt sanngjarnt að veita honum þetta lán með vægari kjörum en þeim, er algeng eru á lánum úr viðlagasjóði. Lánið hefur nú til bráðabirgða veitt verið þannig, að lántakandi verði að sæta þeim kjörum, er löggjafinn setur um leigur og afborganir; og er því næst samkvæmt tillögum landshöfðingja farið fram á það hjer, að farið verði fyrst að greiða leigur og afborganir 5. maí 1894, þá er búið á að vera að endurborga fyrra lánið.

Við 5. gr.

Upphæðir þær, sem hjer eru taldar undir 1.—3. lið, sem sje það sem greitt er frá prestaköllum samkvæmt l. $^{27}/_{2}$ 1880, endurgjald skyndilána til embættismanna og endurborganir á öðrum fyrirframgreiðslum, þykir mega telja eins og á síðustu fjárlögum.

Við 6. gr.

Tillagið úr ríkissjóði er talið samkvæmt lögum um hina stjórnarlegu stöðu Íslands í ríkinu 2. jan. 1871: Aukatillagið verður 1890: 20,500 kr. og 1891: 18,500 kr. Af þessum tekjugreinum greiðast fyrir fram útgjöldin í 8. gr. til hinnar æðstu stjórnar innanlands og til fulltrúa stjórnarinnar á alþingi 1891; og eru síðast töldu gjöldin með sjerstökum konungsúrskurði 30. apríl þ. á. ákveðin 2,000 kr.

2. kafli.

Gjöld.

Þess skal fyrirfram getið um útgjöldin í heild sinni, að vegna hins mikla tekjuhalla, sem orðið hefur 1886 og 1887 og landsreikningurinn fyrir þau ár sýnir og fyrir því, að við hinu sama má búast árin 1888 og 1889, þó hallinn kunni að verða nokkru minni þau árin, og svo yfir höfuð af þeim orsökum, að tekjur landssjóðs fara minnkandi

ár frá ári, hefur stjórnarráðið þótzt verða að hafa við hinn mestu sparsemi við samning á fjárlaga frumvarpinu, og hefur því, eins og líka landshöfðingi hefur lagt til, álitið að það ætti eigi að taka upp önnur ný útgjöld en hin allra nauðsynlegustu af þeim, er ýms yfirvöld hafa mælt með.

Við 8. og 9. gr.

Gjöldin á þessum greinum eru talin eins og að undanförnu.

Við 10. gr.

Þessi gr. liðast sundur á þessa leið:

	1890.	1891.	alls.
	kr. a.	kr. a.	kr. a.
Amtmaðurinn yfir suður- og vesturumdæminu, laun	6,000.	6,000.	12,000.
Amtmaðurinn yfir norður- og austurumdæminu, laun	6,000.	6,000.	12,000.
Landfógetinn á Íslandi, skipaður 18. febr. 1861.			
1890. 1891.			
laun ..... 4,000 kr. 4,000 kr.			
viðbót fyrir sjálfan hann. 1,100 — 1,100 —			
	5,100.	5,100.	10,200.
Skrifarinn við landshöfðingjaembættið, skipaður 7. maí 1884	2,116. 66	2,200.	4,316. 66
samtals...	19,216. 66	19,300.	38,516. 66

Laun þeirra 3 embættismanna, sem fyrst voru nefndir, eru talin samkvæmt lögum um laun íslenzkra embættismanna og fl. 15. oktbr. 1875, 9. og 11. gr. Með tilliti til viðbótar þeirrar, sem talin er landfógetanum samkvæmt 7. gr. 3. staflið í tjeðum lögum, skal þess getið, jafnframt og vísað er til athugasemdanna við 10. gr. A. 1. í fjárlagafrumvarpinu fyrir 1876 og 1877, að hann samkvæmt hinum fyrri launaákvörðunum hefði verið búinn að ná 5,100 kr. launum 1. marz 1881.

Laun landshöfðingjaskrifarans eru talin samkvæmt konungsúrskurði 29. júní 1872.

A. 2. Í þessari grein er talið:

1. endurgjald fyrir skrifstofukostnað handa amtmanninum yfir suður- og vesturumdæminu	1,400 kr. árlega.
2. endurgjald fyrir skrifstofukostnað handa amtmanninum yfir norður- og austurumdæminu	1,000 — —
3. endurgjald fyrir skrifstofukostnað handa landfógeta	1,000 — —
4. þóknun til sama fyrir að taka við póstávísana upphæðum þeim, sem borgaðar eru í jarðabókarsjóð Íslands, og fyrir ábyrgð þá, sem er þessu samfara, ef honum mistelst	200 — —
5. útgjöld til yfirskattanefnda og við virðingar til að ákveða húsaskatt	200 — —
	3,800 kr. árlega.

Endurgjöldin fyrir skrifstofukostnað eru talin samkvæmt lögum 15. oktbr. 1875 14. gr. Um 4. og 5. lið skal vísað til athugasemdanna þarum á fjárlagafrumvarpinum fyrir 1876—77 og 1888—89.

A. 3. Þessi liður er eins og í fjárlögunum fyrir 1888 og 1889.

B. 1. a. Þessi utgjöld liðast þannig sundur:

	1890.	1891.	alls.
	kr. a.	kr. a.	kr. a.
Forstjórinn í landsyfirrjettinum, skipaður 16. apríl 1889, laun	5,800.	5,800.	11,600.
Fyrsti dómandi í sama rjetti, skipaður s. d., laun	4,000.	4,000.	8,000.
Annar dómandi í sama rjetti, laun	4,000.	4,000.	8,000.
Bæjarfógetinn í Reykjavik, skipaður 28. ágúst 1886, laun.....	3,000.	3,000.	6,000.
Sýslumaðurinn í Árness sýslu, skipaður 6. nóvbr. 1878, laun.....	3,500.	3,500.	7,000.
Sýslumaðurinn í Húnavatns sýslu, skipaður 12. apríl 1887. laun ..... 3,500 kr. „ aur. viðbót fyrir sjálfan hann.. 1,144 — 8 —	4,644. 8	4,644. 8	9,288. 16
Sýslumaðurinn í Mýra og Borgarfjarðarsýslu, skipaður 15. apríl 1887, laun	3,500.	3,500.	7,000.
Sýslumaðurinn í Þingeyjar sýslu, skipaður 13. maí 1876, laun.....	3,500.	3,500.	7,000.
Sýslumaðurinn í Skaptafells sýslu, skipaður 6. jan. 1883, laun	3,000.	3,000.	6,000.
Sýslumaðurinn í Rangárvalla sýslu, skipaður 26. maí 1861. laun ..... 3,000 kr. „ aur. viðbót fyrir sjálfan hann. 300 — 78 —	3,300. 78	3,300 78	6,601. 56
Sýslumaðurinn í Gullbringu- og Kjósar sýslu, skipaður 5. nóvbr. 1886, laun	3,000.	3,000.	6,000.
Sýslumaðurinn í Snæfellsnes- og Hnappadals sýslu, skipaður 12. apríl 1878, laun	3,000.	3,000.	6,000.
Sýslumaðurinn í Ísafjarðar sýslu og bæjarfogetinn í Ísafjarðar kaupstað, skipaður 6. nóvbr. 1885. laun sem sýslumaður..... 3,000 kr. — — bæjarfógeti..... 500 —	3,500.	3,500.	7,000.
yfir um...	47,744. 86	47,744. 86	95,489. 72

	1890.	1891.	alls.
	kr. a.	kr. a.	kr. a.
handan að...	47,744. 86	47,744. 86	95,489. 72
Sýslumaðurinn í Skagafjarðar sýslu, skipaður 2. júlí 1884, laun	3,000.	3,000.	6,000.
Sýslumaðurinn í Eyjafjarðar sýslu og bæjarfógetinn í Akureyrarkaupstað, skipaður 22. oktbr. 1858. laun sem sýslumaður.... 3,000 kr. „ aur. — — bæjarfógeti.... 500 — „ — viðbót fyrir sjálfan hann. 612 — 32 —	4,112. 32	4,112. 32	8,224. 64
Sýslumaðurinn í Norðurmúla sýslu, skipaður 30. júní 1880, laun	3,000.	3,000.	6,000.
Sýslumaðurinn í Dala sýslu, laun	2,500.	2,500.	5,000.
Sýslumaðurinn í Barðarstrandar sýslu, skipaður 3. maí 1881, laun	2,500.	2,500.	5,000.
Sýslumaðurinn i Stranda sýslu, skipaður 25. júlí 1863, laun.....	2,500.	2,500,	5,000.
Sýslumaðurinn í Suðurmúla sýslu, skipaður 29. júní 1872. laun ..... 2,500 kr. „ aur. viðbót fyrir sjálfan hann. 753 — 49 —	3,253. 49	3,253. 49	6,506, 98
Sýslumaðurinn í Vestmannaeyja sýslu, skipaður s. d., laun.....	1,914. 42	1,914. 42	3,828. 84
samtals...	70,525. 09	70,525. 09	141,050. 18

Laun forstjórans og dómendanna í yfirrjettinum eru talin samkvæmt lögum 15. oktbr. 1875 10. gr., en laun sýslumanna og bæjarfógeta og það, sem þeim er lagt sem viðbót fyrir sjálfa þá, samkvæmt lögum 14. desbr. 1877 4., 5. og 7. gr., sbr. lög 24. oktbr. 18,9, og lög 8. nóvbr. 1883.

B. 1. b. Þessi liður er eins og í fjárlögunum fyrir 1888 og 1889.

B. 2. Upphæð þessi er talin samkvæmt lögum 14. desbr. 1877, 6. gr.

B. 3. Allar fjárhæðir í þessum lið eru eins og í fjárlögunum fyrir 1888 og 1889, nema hvað farið er fram á að veita 300 kr. á árinu 1890 til viðhalds fangelsanna, en 1891 venjulega upphæð, 100 kr. Að farið er fram á óvanalega fjárveiting fyrir 1891 kemur til af því, að þörf er orðin á æðimikilli aðgerð á fangelsinu í Stykkishólmi, því að það kom fram við skoðun tveggja manna, er færir voru um það að bera, að þak þess

og þiljur að utan eru allvíða fúnar, einkum á austur- og suðurhliðinni, og auk þess þarf að mála húsið að utan og gera við það að innan, einkum hjá eldstóm. Kostnaður við alla þessa aðgerð er talinn að munu nema 250 kr.

B. 4. Eptir að búið er á síðustu fjárlögum að gera sjerstaka ráðstöfun um hverja einstaka fjárveiting á 16. gr. fjárlaganna til vísindalegra og verklegra fyrirtækja, virðist ekki lengur vera ástæða til þess að hafa sjerstaka grein í fjárlögunum fyrir þessar fjárveitingar, og hefur því þótt rjettast að stinga hverri þeirra inn í fjárlögin á þeim stað, er hún á heima eptir eðli sínu. Samkvæmt þessu er fjárveitingunni á 16. gr., 4. lið síðustu fjárlaga, til að gefa út dómasafn, sem farið er fram á að endurtaka, stungið inn í þenna gjaldlið, en hann er að öðru leyti eins og á síðustu fjárlögum. Um gjöldin við smáliðinn e. og f. skal vísað til laga 2. nóvbr. 1877, 2. gr., og 12. júlí 1878, 5. gr.

C. 1—3. Þessir gjaldliðir eru eins og í síðustu fjárlögum.

C. 4. Samtals eru upphæðirnar undir þessum lið ekki nema 240 kr. hærri en í síðustu fjárlögum, og stafar mismunurinn frá líkri breyting á niðurskipuninni og þeirri er gat um undir B. 4. (smbr. fjárlögin fyrir 1888 og 1889, 16. gr. 3. lið), en hinsvegar hefur þótt rjett vera, eins og landshöfðingi hefur lagt til, að fara fram á það, að fjárhæðunum verði varið á nokkuð annan hátt en verið hefur. Reynslan hefur sýnt, að sá hluti fjárveitingarinnar, sem á fyrri fjárlögum hefur fenginn verið sýslunefndum til ráðstöfunar, hefur ekki komið að tilætluðum notum, og að honum hefur að nokkru leyti verið varið af þeim til styrktar búnaðarskólum og búnaðarfjelögum, þarsem að það verður þó að álítast hentugra, að það sje landshöfðingi, sem beinlínis úthluti fjenu milli þeirra. Gjaldliðurinn hefur því verið gerður þannig úr garði, að ætlazt er til að allri upphæðinni sje varið handa búnaðarskólum og búnaðarfjelögum, 10,000 kr. handa skólunum, og 8,000 kr. handa fjelögunum, sem orðin eru mörg og gera víst mikið gagn. Búnaðarskólastyrknum er ætlazt til að varið verði þannig, að Hólaskóli fái 3,500 kr., skólinn í Ólafsdal 2,500 kr. og jafnmikið skóli sá, sem á að stofna á Hvanneyri í Borgarfjarðar sýslu fyrir suðurumdæmið og á að byrja á þessu sumri, og 1,500 kr. gangi til Eyðaskóla, sem fær um 1,000 kr. styrk á ári úr styrktarsjóði þeirra, er bíða tjón af jarðeldi.

C. 5. Fyrir bæði árin, 1890 og 1891, er farið fram á alls 40,000 kr., og er það eins og á fjárlögunum fyrir 1888 og 1889.

En rjett hefur þótt eptir tillögum landshöfðingja að fara fram á að verja fjenu nokkuð á annan veg en gjört hefur verið; hefur það einkum þótt vera óþarfi að verja bæði árin fje til þess að útvega veðfróðan mann til að ferðast um og ákveða, hvar vegir skuli lagðir, er svo virðist sem hann muni á ferðum sínum annað árið geta ákveðið, svo sem þörf er á, um vegulagning fyrir fleiri en eitt ár í senn. Þeim 3,000 kr., sem sparast með þessu móti á fjárhagstímabilinu, er farið fram á að verja til þess að hækka fjárveitingarnar við liðina b. og c., b. með 1,000 kr. og c. með 500 kr. hvort árið. Samkvæmt lögum um vegina 10. nóvbr. 1887 eru þessir gjaldliðir nú um aðalpóstvegu og fjallvegu. Um það, hvernig hugsað er að verja fjenu, skal þess getið, að upphæðin við staflið b. fyrir 1890 er ætlazt til að gangi sumpart til þess að ljúka við byrjaða vegavinnu á aðalpóstveginum frá Reykjavík til Austurlands, — eru eptir af þeim vegi hjer um bil $9^1/_2$ kilometra, og mun ekki nema hjer um bil helmingurinn af kostnaði þeim, er til hans gengur, verða borgaður af upphæðinni, er veitt var fyrir 1889 — sumpart til þess samkvæmt 5. gr. vegalaganna að bæta þær torfærur á aðalpóstvegum, er mestan gera farartálma, og 1891

verður upphæðinni varið til vegagerðar á aðalpóstleið yfir Húnavatnssýslu eptir tilvísan vegfræðings og til minniháttar vegabóta samkvæmt 5. gr. vegalaganna. Því sem veitt verður til fjallvega (smbr. 3. gr. vegalaganna) verður eptir því, sem fyrst um sinn er gjört ráð fyrir, varið til þess að ljúka við byrjaða vegavinnu á veginum yfir Mosfellsheiði, sem er einn af fjölförnustu vegum á landinu, þar sem eigi er aðalpóstleið, og sá vegur er útlendir ferðamenn mest nota. Hrökkvi fjeð fyrir meiru, er ætlazt til að því verði varið til áframhalds vegagjörð þeirri yfir Grímstunguheiði, sem byrjað hefur verið á.

C. 6. er eins og á fjárlögum fyrir yfirstandandi fjárhagstímabil.

C. 7. Hið sama er um þenna lið, nema hvað úrfelld er fjárveitingin til að kaupa geymsluhús í Höfnunum, sem veitt var fje til fyrir 1888.

C. 8. er eins og á núgildandi fjárlögum.

C. 9. Yfirskoðunarmenn þeir, er þingið kaus fyrir 1886 og 1887, hafa lagt það til, að þessi liður verði framvegis gerður svo úr garði, að fjárhæðinni verði eigi aðeins varið til ferðakostnaðar við eptirlitsferðir landshöfðingja, biskups og landlæknis, heldur og til annara útgjalda á ferðum þessum, er þeir eiga tilkall til að fá endurgoldin úr landssjóði, og sem hingað til hafa greidd verið af fjárhæðinni í 17. gr. til óvissra útgjalda. Stjórnarráðið hefur ekkert sjeð þessu til fyrirstöðu og hefur því eptir tillögum landshöfðingja, — sem álítur að rjettast sje, að útgjöldin í þessum lið nái einnig til þeirra útgjalda á eptirlitsferðum amtmanna, er þeir eiga tilkall til að fá endurborguð úr landssjóði samkvæmt konungsúrsk. 16. maí 1829, — hækkað gjaldliðinn upp í 1,000 kr. hvort árið, og stílað hann svo, að hann grípur yfir öll ofan talin útgjöld.

Við 11. grein.

1. Þessi grein liðast í sundur á þennan hátt:

	1890.	1891.	alls.
	kr.	kr.	kr.
Landlæknirinn á Íslandi, að auki forstöðumaður læknaskólans í Reykjavík	4,000.	4,000.	8,000.
launaviðbót	600.	600.	1,200.
læknirinn í 1. læknahjeraði	1,900.	1,900.	3,800.
— í 2. —	1,500.	1,500.	3,000.
— í 3. —	1,500.	1,500.	3,000.
— í 4. —			
laun 1,900 kr.			
viðbót fyrir sjálfan hann 540 —			
	2,440.	2,440.	4,880.
læknirinn í 5. læknahjeraði	1,500.	1,500.	3,000.
— í 6. —			
laun 1,900 kr.			
viðbót fyrir sjálfan hann 540 —			
	2,440.	2,440.	4,880.
flyt...	15,880.	15,880.	31,760.

		1890.	1891.	alls.
		kr.	kr.	kr.
	fluttar...	15,880.	15,880.	31,760.
læknirinn í 7. læknahjeraði		1,500.	1,500.	3,000.
— í 8. —		1,500.	1,500.	3,000.
— í 9. —		1,500.	1,500.	3,000.
— í 10. —		1,500.	1,500.	3,000.
— í 11. —				
laun	1,900 kr.			
viðbót fyrir sjálfan hann ...	484 —			
		2,384.	2,384.	4,768.
— í 12. læknahjeraði		1,500.	1,500.	3,000.
— í 13. —		1,500.	1,500.	3,000.
— í 14. —		1,500.	1,500.	3,000.
— í 15. —				
laun	1,900 kr.			
viðbót fyrir sjálfan hann ...	484 —			
		2,384.	2,384.	4,768.
— í 16. læknahjeraði		1,500.	1,500.	3,000.
— í 17. —		1,500.	1,500.	3,000.
— í 18. —		1,500.	1,500.	3,000.
— í 19. —		1,500.	1,500.	3,000.
— í 20. —				
laun	1,500 kr.			
viðbót fyrir sjálfan hann...	950 —			
		2,450.	2,450.	4,900.
	samtals...	39,598.	39,598.	79,196.

Laun landlæknisins eru talin samkvæmt lögum 8. nóvbr. 1883 og launaviðbótin samkvæmt fjárlögunum fyrir 1886—87 og 1888—89; þó svo að óþarft hefur þótt að endurtaka athugasemd síðustu fjárlaga. Laun læknanna eru talin samkvæmt lögum um aðra skipun á læknahjeruðunum á Íslandi og fl. 15. oktbr. 1875, 3. gr., fyrsta kafla hennar, og fjárlögum fyrir 1888 og 1889.

2. og 3. eru eins og á síðustu fjárlögum.

Við 12. gr.

1.—3. eru eins og á síðustu fjárlögum.

Við 13. gr.

A. a. Hjer undir kemur:

	1890.	1891.	alls.
	kr.	kr.	kr.
Biskupinn yfir Íslandi, skipaður frá 25. maí 1889:			
laun	7,000.	7,000.	14,000.
Dómkirkjupresturinn í Reykjavík:			
laun á ári ..... 500 kr.			
húsaleigustyrkur ..... 300 —			
	800.	800.	1,600.
samtals...	7,800.	7,800. i	15,600.

Laun biskups eru talin samkvæmt lögum 15. okt. 1875 8. gr. Upphæðirnar handa dómkirkjuprestinum eru þær sömu og á fjárlögunum síðustu.

A. b. 1. Tillögin til prestakalla samkvæmt lögum um skipun prestakalla 27. febr. 1880 og síðari laga um breyting á þeim nema alls ..... 15,700 kr.
Tillög til brauða, þarsem lögin hafa enn þá eigi náð gildi,
eru á ári..... ..... 2,600 kr.
Frá hinum brauðaflokknum má búast við í jarðaafgjöldum ..... 3,600 —
6,200 —
Tillögin úr landssjóði eru því sem stendur ..... 9,500 kr.

En þarsem búast má við, að lögin bæði á þessu ári og eins á fjarhagstímabilinu muni smám saman ná gildi á ýmsum brauðum, þykir landshöfðingja eigi óhætt að telja þenna gjaldlið minni en 10,000 kr. fyrra árið og 11,000 kr. síðara árið.

A. b. 2. Þessi gjöld eru með tilliti til þess, er nú var sagt, og eptir uppástungu landshöfðingja talin 2,500 kr. fyrra árið og 2,000 kr. síðara árið. Athugasemdinni um, að hinn núverandi prestur í Grímsey skuli fá af því fje 400 kr. á ári, er farið fram á að halda.

A. b. 3. og 4. Þessi gjöld eru hin sömu og á síðustu fjárlögum.

A. b. 5. Það er farið hjer fram á að veita Kvíabekkjar-prestakalli í Eyjafjarðarprófastsdæmi bráðabirgða-uppbót, 200 kr. á ári, á sama hátt og Gufudals-prestakalli. Brauði því eru í lögum 27. febr. 1880 lagðar 200 kr. á ári, er greiðast í afgjöldum nokkurra jarða, er áður láu undir Vallna-prestakall. Brauðið hefur staðið óveitt í mörg ár. Loks var það veitt 1886; en presturinn gat ekki lifað á því og fór frá því eptir hálft annað ár, og hefur það síðan aptur staðið óveitt. Eptir því, sem landshöfðingi hefur skýrt frá, hefur brauð þetta víst beðið meira tjón undanfarin harðæri en nokkurt annað á landinu, og tekjur þess eru vegna hinnar miklu fátæktar safnaðarlima þvínær orðnar að engu. Loks hefur ein af kirkjujörðum þeim, er því voru lagðar frá Vallnabrauði, orðið fyrir stórskemmdum af skriðum haustið 1887. Það eru því engin útlit fyrir, að brauðið, sem bæði er mjög afskekkt og því erfitt að þjóna frá öðrum brauðum, verði veitt, nema það fái uppbót úr landssjóði, að minnsta kosti fyrst um sinn.

A. b. 6. og 7. eru eins og á síðustu fjárlögum.

A. b. 8. Að því, er snertir þenna nýja gjaldlið, skal vísað til athugasemdanna við frumvarp það til fjáraukalaga fyrir 1888 og 1889, sem lagt verður fyrir þingið.

B.

I. Prestaskólinn.

a. Útgjöldin í þessari grein liðast í sundur eins og hjer segir:

	1890.	1891.	alls.
	kr.	kr.	kr.
Forstöðumaður prestaskólans, skipaður 1. okt. 1885:			
laun	4,600.	4,600.	9,200.
Fyrsti kennari við tjeðan skóla, skipaður 1. febr. 1886:			
laun	2,400.	2,400.	4,800.
Annar kennari við sama skola:			
laun	2,000.	2,000.	4,000.
samtals...	9,000.	9,000.	18,000.

Launin eru tilfærð samkvæmt lögum 15. okt. 1875 13. gr.

b. 1.—7. Gjöldin á þessum liðum eru alveg eins og í fjárlögunum fyrir 1888 og 1889, nema hvað farið er fram á eptir tillögum landshöfðingja að setja fjárhæðina til bókakaupa, sem lækkuð var á fjárlögunum síðustu niður í 200 kr. á ári, aptur upp í það, sem hún var áður, 300 kr., af því að það hefur sýnt sig, að 200 kr. er allt of lítið til bókakaupa, þarsem og nokkuð af þeim gengur til bókbands, og er líka of lítið í samanburði við það fje, er veitt er lærða skólanum til hins sama.

II. Læknaskólinn.

a. Útgjöldin í þessari grein liðast sundur á þennan hátt:

þóknun sú, sem veitt er lækninum í fyrsta læknahjeraði fyrir kennslu á skólanum, nemur samkvæmt lögum 11. febr. 1876	800 kr.
laun hins fasta kennara eru samkvæmt lögum 8. nóvbr. 1883.....	2,400 —
og viðbót við laun hans samkvæmt fjárlögum 1886—87	400 —
alls á ári...	3,600 kr.

b. 1.—8. Eptir tillögum landshöfðingja er farið fram á að hækka fjárhæðina í 7. lið til umbúða og annars kostnaðar við ókeypis klínik upp í 200 kr. á ári, því að fyrir hina miklu aðsókn hefur hið áður veitta fje reynzt ónógt, en klínikin er til mikils gagns fyrir læknisfræðis-nemendur. Hina aðra gjaldliði er farið fram á að hafa með sömu upphæðum og á síðustu fjárlögum.

III. Hinn lærði skóli.

a. laun.

forstjóri hins lærða skóla	4,200 kr.
yfirkennarinn	3,200 —
fyrsti kennari	2,400 —
annar kennari	2,400 —
þriðji kennari	2,000 —
fjórði kennari	2,000 —
fimmti kennari	2,000 —
	18,200 kr.

Gjaldliðurinn er í heild sinni samkvæmur fjárlögum fyrir 1888 og 1889.

b. Gjaldliðir þeir, er hjer eru taldir, eru einnig samkvæmir fjárlögum þeim, er nú gilda:

c. 1—4. Hið sama er um þessa gjaldliði.

c. 5. Á fjárlögum yfirstandandi tímabils var ölmusu-styrkurinn færður niður í 7,500 kr. fyrir 1888 og 7,000 kr. fyrir 1889, því að alþingi þótti aðsókn að skólanum nú orðin svo mikil, að eigi væri ástæða til að halda áfram að glæða hana með svo ríkuglegum styrk sem hingað til hefði verið. Stjórnarráðinu verður og að þykja óhappaleg of mikil fjölgun námsmanna, er þeir svo að segja allir ætla sjer embættisleiðina, og hefur því eptir tillögum landshöfðingja farið fram á, að færa ölmusu-styrkinn enn þá meir niður, nefnlega í 6,500 kr. fyrra árið og 6,000 kr. síðara árið.

6.—10. Þessir liðir eru eins og í fjárlögunum síðustu.

IV. Gagnfræðaskólinn á Möðruvöllum.

a. laun.

skólastjóri	3,000 kr. á ári.
fyrsti kennari	2,000 — —
annar kennari	1,600 — —
	6,600 kr. á ári.

Launin eru talin samkvæmt lögum 4. nóv. 1881.

b. 1.—4. Allir eru liðirnir eins og í fjárlögunum fyrir 1888—89.

V. Önnur kennsla.

a. Þessi liður er eins og á fjárlögunum fyrir 1888 og 1889.

b. 1. Hið sama er um þenna gjaldlið, nema hvað farið er fram á að sleppa ákvæðinu um, að styrkurinn skiptist niður eptir nemenda fjölda, því að önnur atriði eiga að vorri hyggju að geta ráðið nokkru um upphæð styrksins, svo sem t. d. það, hvort tilsögnin er góð.

b. 2. Styrkinn til sveitakennara er farið fram á að hækka upp í 2,000 kr. hvort árið, því að þeim kennurum fjölgar ár frá ári, eptir því sem landshöfðingi hefur skýrt frá, og koma þeir auk þess að góðum notum, þar sem barnaskólum verður eigi komið á vegna strjálbyggðar. Ákvæðinu, um að styrkurinn veitist eptir tillögum sýslunefnda er með ráði landshöfðingja farið fram á að sleppa, þarsem nefndir þessar hafi ekkert tækifæri á að kynna sjer störf kennaranna.

c.—e. Þessa gjaldliði er farið fram á að hafa eins og á síðusta fjárlögum.

C.

1.—5. Allir eru þessir gjaldliðir eins og á fjárlögunum fyrir 1888 og 1889.

6.—8. Þess skal hjer getið, að þessir gjaldliðir eru samkvæmt tillögum landshöfðingja með sömu upphæðum og í síðustu fjárlögum, og skal að öðru leyti um ástæður fyrir því, að þeir eru teknir úr 16. gr. og fluttir hingað, vísað til þess, er segir hjer að framan við 10. gr. B. 4. g.

Í haust eð var vakti hæstirjettur máls á því, að sjeð væri um að fengin yrði ný útgáfa af Jónsbók, er byggð væri á nákvæmum rannsóknum handrita o. fl. og jafnframt dönsk þýðing hennar, og kom litlu síðar fram bænarskrá frá cand. juris Ólafi Halldórssyni, aðstoðarmanni í stjórnarráðinu, og dr. phil. Jóni Þorkelssyni um það, að þeim yrði veittur 8,000 kr. styrkur til þess að gera handritið úr garði. Alþingi hefur áður ekki viljað veita fje til þessa fyrirtækis, (smbr. fjárlagafrumvarpið fyrir 1880 og 1881), og þar sem fjárhagur landsins er nú sem stendur svo bágborinn sem hann er, væri það og að ætlan stjórnarráðsins ísjárvert að leggja þau útgjöld, er hjer ræðir um, á landssjóð. Bæði vegna þessa og svo hinsvegar með hliðsjón af því, að verk þetta hefur mestmegnis aðeins vísindalega þýðingu, þótti stjórnarráðinu rjettar að snúa sjer að kirkju- og kennslumálastjórninni með mál þetta, og fyrir tilhlutan hennar hefur áðurnefndum umsækendum nú verið veittur umbeðinn styrkur, 2,000 kr. á ári í 4 ár.

Við 14. gr.

Útgjöldin svara til tekja þeirra, er taldar eru í 5. gr. 2. og 3. lið.

Við 15. gr.

Af því að fjárveitingin á síðustu fjárlögum til eptirlauna og fl. hefur reynzt ónóg, er farið fram á að hækka fjárhæðina upp í 70,000 kr. Um hinar einstöku eptirlaunaupphæðir og styrki skal vísað til fylgiskjals þess, er fer með frumvarpinu, og mun landshöfðingi fylla skýrsluna að því er presta og prestaekkjur snertir.

Þar sem stungið er upp á 300 kr. ársstyrk handa ekkju bókavarðar Jóns sál. Árnasonar, Katrínar Þorvaldsdóttur, er hún hefur sótt um, skal þess getið, að hún, samkvæmt því er landshöfðingi skýrir frá, er komin á efri ár og hefur eigi á öðru að lifa en tekjum nokkurra jarða, er sumar eru veðsettar. Landshöfðingi hefur mælt með því, að henni í líking við það, sem á sjer stað um aðra, svo sem einkum ekkjufrú Guðjohnsen, verði veittur umbeðinn styrkur.

Við 16. gr.

Þessi grein er samkvæm 17. gr. fjárlaganna fyrir 1888 og 1889.

Fylgiskjal.

Skrá

yfir

eptirlaun þau til embættismanna og embættismannaekkna og barna, sem hvíla á landssjóði.

	A. Embættsmenn.	kr. a.
1	Adolph Christian Baumann, sýslumaður í Gullbringu- og Kjósar sýslu	982. 18
2	Þórður Guðmundsson, sýslumaður í Árness sýslu	1,887. 18
3	Þorsteinn Jónsson, sýslumaður í Árness sýslu	2,751. 92
4	Árni Gíslason, sýslumaður í Skaptafells sýslu	1,686. 16
5	Benedikt Gröndal, kennari við lærða skólann í Reykjavík ..... kon. úrskr. 13. apr. 1883, stj. br. 1. apr. s. á.; frá 1. maí 1883.	800.
6	Eggert Briem, sýslumaður í Skagafjarðar sýslu ..... kon. úrskr. 31. oktbr. 1884, stj. br. 31. oktbr. s. á.; frá 1. ágúst 1884.	2,570. 84
7	Halldór Guðmundsson, kennari við lærða skólann í Reykjavík ..... kon. úrskr. 19. marz 1885.	1,200.
8	Sigurður Melsteð, lektor, forstöðumaður prestaskólans í Reykjavík.... kon. úrskr. 14. septbr. 1885.	3,381. 33
9	Jón Pjetursson, justitiarius í landsyfirrjettinum, konungsúrsk. 16. apríl 1889.....	5,800.
	alls...	21,059. 61
	Hjer við bætast eptirlaun:	
10	Pjeturs biskups Pjeturssonar, sem með konungsúrsk. 16. apríl þ. á. hefur frá 25. maí s. á. fengið lausn í náð og með eptirlaunum; eru enn ekki ákveðin eptirlaun hans.	
	B. Embættismanna ekkjur og börn.	
1	Guðrún Brynjúlfsson, ekkja dr. philos. Gísla prests Brynjúlfssonar kon. úrsk. 30. júní 1837 frá 1. jan. 1836..... 40 kr. samkvæmt fjárlögum fyrir 1884 og 1885, viðbót frá 1. jan. 1884 ..... 150 —	190.
	yfir um...	190.

		kr.	a.
	handan að...	190.	
2	Anna María Johnsen, ekkja hjeraðslæknis Eggerts Johnsens. kon. úrsk. 20. febr. 1856; frá 1. ágúst 1855..... 69 rd. 36 sk. = 138 kr. 75 a. og eptir fjárlögunum fyrir 1882 og 1883 viðbót 150 — » -	288.	75
3	Ragnheiður Thorarensen, ekkja sýslumanns V. Thorarensens í Stranda sýslu.....	100.	79
4	Pálina María Balzartína Kohl, ekkja kapteins, sýslumanns Kohl á Vestmannaeyjum.....	246.	22
5	Ingileif Melsteð, ekkja amtmanns Páls Melsteðs.....	509.	56
6	Clara Margrjet Snæbjörnsson, ekkja sýslumanns Jóns Snæbjörnssonar í Borgarfjarðar sýslu.....	212.	87
	ennfremur styrkur til húsaleigu á ári.....	40.	
7	Þórdís Thorstensen, ekkja sýslumanns Jónasar Thorstensens í Suðurmúla sýslu.....	367.	68
8	Ingibjörg Schulesen, ekkja kammerráðs, sýslumanns S. Schulesens í Þingeyjar sýslu.....	416.	60
9	Antonía Jósefína Thorarensen, ekkja sýslumanns B. Thorarensens í Dala sýslu.....	228.	
10	Maren Ragnheiður Friðrikka Lárusdóttir, ekkja sýslumanns Jóhannesar Guðmundssonar í Mýra- og Hnappadals sýslu.....	289.	83
11	Ingibjörg Magnússen, ekkja sýslumanns í Dala sýslu, Kristjáns Magnússens.....	262.	89
12	Ragnheiður Thorarensen, ekkja hjeraðslæknis, kancellíráðs Skúla Thorarensens.....	273.	33
13	Camilla Tómasson, ekkja hjeraðslæknis Þórðar Tómassonar frá 1. desbr. 1873 ... . 184 kr. kon. úrsk. 20. júní 1874. viðbót frá sama tíma..... 13 - stj. br. 18. nóvbr. 1876.	197.	
14	Kristjana Havstein, ekkja amtmanns Havsteins .... kon. úrsk. 12. nóvbr. 1875.	529.	16
	ennfremur handa syni hennar til fullra 18 ára: Gunnari Magnúsi, fæddum 29. marz 1872	100.	
15	Hildur Solveig Bjarnadóttir, ekkja sýslumanns B. E. Magnússonar...	538.	27
	ennfremur eptir kon. úrsk. 12. septbr. 1877 handa syni hennar til fullra 18 ára: Brynjólfi Benidikt, fæddum 16. oktbr. 1873	80.	
16	Sophia Dorothea Jónassen, ekkja forstjóra í landsyfirrjettinum, Þórðar Jónassens..... frá 1. septbr. 1880.	679.	75
17	Louise Emilie Mariane Weywadt, ekkja hjeraðslæknis Weywadts..... frá 1. nóvbr. 1881.	81.	25
18	Ragnheiður Kristjánsson, ekkja amtmanns K. Kristjánssonar ..... frá 1. júní 1882.	750.	
19	Guðrún Guðjohnsen, ekkja organsleikara P. Guðjohnsens..... frá 1. jan. 1880, fjárlögin fyrir 1880 og 1881.	300.	
20	Valgerður Ólafsdóttir, ekkja Halldórs Jónssonar, prófasts..... frá 1. jan. 1884, fjárlögin fyrir 1884 og 1885.	200.	
	yfir um...	6,881.	95

		kr. a
	handan að...	6,881. 95
21	Sigríður Blöndal, ekkja sýslumanns Blöndals ..... frá 1. júní 1884.	300. 45
22	Elínborg Thorberg, ekkja landshöfðingja Bergs Thorbergs..... frá 1. febr. 1886. Samkv. kon. úrsk. 24. febr. 1886 handa börnum hennar til fullra 18 ára:	919. 17
	1. Cecilia, fædd 25. septbr. 1875	100.
	2. Pjetur, fæddur 4. desbr. 1876	100.
23	Guðrún Birgitta Gísladóttir, ekkja hjeraðslæknis J. S. K. K. Sigurðssonar Johnsens	189. 37
24	Christiane Caroline Bolbroe, ekkja fyrrum hjeraðslæknis Bolbroe á Vestmannaeyjum	75.
	alls...	8,565. 94

C. Uppgjafaprestar,

er eptirlaun þeirra eru greidd úr landssjóði.

			kr. a.
1	Árni Böðvarsson, fyrv. prestur á Eyri:		
	frá 1. nóvbr. 1881	540 kr.	
	viðbót, samkv. fjárl. 1886—87.....	100 -	
			640.
2	Þórarinn Erlendsson, fyrv. prestur að Hofi í Álptafirði:		
	frá 6. júní 1882		455. 32
3	Jón Þórarinsson, fyrv. prestur í Saurbæjarþingum:		
	frá 6. júní 1882.....	190 kr.	
	viðbót samkvæmt fjárlögum fyrir 1884 og 1885.....	50 -	
			240.
4	Guðmundur Jónsson, fyrv. prestur að Stóruvöllum:		
	frá 6. júní 1883.....		400.
5	Jóhann Briem, fyrv. prestur að Hruna:		
	frá 6. júní 1883.....		423. 28
6	Stefán Árnason, fyrv. prestur að Hálsi í Fnjóskadal:		
	frá 6. júní 1883.....		360.
7	Einar Vernharðsson, fyrv. prestur að Stað í Grunnavík:		
	frá 6. júní 1883.....		370.
8	Benidikt Eiríksson, fyrv. prestur í Efri-Holtaþingum:		
	frá 6. júní 1884.....		370.
	yfir um...		3,258. 60

			kr. a.
	handan að...		3,258. 60
9	Þórður Thorgrímsen, fyrv. prestur að Otrardal:		
	frá 6. júní 1884	340 kr.	
	viðbót samkv. fjárlögum f. 1886—87	50 -	
			390.
10	Jakob Benidiktsson, fyrv. prestur að Miklabæ í Blönduhlíð:		
	frá 6. júní 1885		300.
11	Þorvaldur Böðvarsson, fyrv. prestur að Saurbæ á Hvalfjarðarströnd:		
	frá 6. júní 1886		330. 04
12	Jón Brynjólfsson, fyrv. prestur að Kálfholti:		
	frá 6. júní 1886		303. 53
13	Kjartan Jónsson, fyrv. prestur að Eyvindarhólum:		
	frá 29. júlí 1886		340.
14	Páll Jónsson, fyrv. prestur að Viðvík:		
	frá 6. júní 1886		355. 32
15	Stefán Thorarensen, fyrv. prestur að Kálfatjörn:		
	frá 6. júní 1886		468. 17
16	Jón Sveinsson, fyrv. prestur að Mælifelli:		
	frá 6. júní 1887		450.
17	Jóhann Kr. Benediktsson, fyrv. prestur að Kálfafellsstað:		
	frá 6. júní 1887		380.
18	Tómas Þorsteinsson, fyrv. prestur að Reynistað:		
	frá 6. júní 1887		380.
19	Jón Reykjalín, fyrv. prestur að Þönglabakka:		
	frá 6. júní 1888		250.
20	Stefán Jónsson, fyrv. prestur að Kolfreyjustað:		
	frá 6. júní 1888		274. 03
	alls...		7,479. 69

Frumvarp

til

laga um samþykkt á landsreikningnum fyrir 1886 og 1887.

(lagt fyrir alþingi 1889.)

	Fjárveiting.		Reikningur.	
	kr.	a.	kr.	a.
I. Tekjur:				
1. Skattur á ábúð og afnotum jarða og á lausafje	35,000.	»	53,320.	60
2. Húsaskattur	5,000.	»	7,283.	40
3. Tekjuskattur	30,000.	»	26,394.	52
4. Aukatekjur	44,000.	»	44,342.	63
5. Erfðafjárskattur	5,000.	»	3,624.	75
6. Gjöld af fasteignasölum	1,300.	»	3,232.	83
7. Vitagjald	10,000.	»	11,941.	44
8. Gjöld fyrir leyfisbrjef	3,000.	»	3,568.	67
9. Útflutningsgjald af fiski og lýsi að frá dregnum 2 % í innheimtulaun	72,000.	»	46,502.	20
10. Aðflutningsgjald af áfengum drykkjum að frá dregnum 2 % í innheimtulaun	260,000.	»	151,884.	67
11. Aðflutningsgjald af tóbaki að frá dregnum 2 % í innheimtulaun	36,000.	»	32,983.	70
12. Tekjur af póstferðum	34,000.	»	33,741.	13
13. Óvissar tekjur	4,000.	»	7,152.	54
14. Tekjur af fasteignum landssjóðs að frá dregnum umboðskostnaði, prestsmötu, m. m.	60,000.	»	56,870.	87
15. Leigugjöld af brennisteinsnámunum í Þingeyjar sýslu	3,600.	»	»	
16. Tekjur af kirkjum	1,000.	»	794.	82
17. Tekjur af silfurbergsnámunum í Helgustaðafjalli	200.	»	1,623.	01
18. Leigur af innstæðufje viðlagasjóðs	69,800.	»	75,176.	55
Borgað upp í lán, veiting: 25,869 kr. 51 e., reikningur: 98,462 kr. 64 a.				
19. Innborganir frá brauðum samkv. lögum 27. febr. 1880	3,300.	»	5,649.	»
20. Endurborganir skyndilána til embættismanna	1,200.	»	3,090.	60
21. Endurborganir á öðrum fyrirframgreiðslum	4,000.	»	12,268.	05
22. Tillag úr ríkissjóði	175,000.	»	175,000.	»
23. Tekjuhalli	.....		203,458.	27
alls...	857,400.	»	959,904.	25

	Fjárveiting.	Reikningur.
	kr. a.	kr. a.
II. Gjöld:		
1. Til hinnar æðstu stjórnar innanlands og fulltrúa stjórnarinnar á alþingi	26,800. »	26,800. »
2. Til alþingis og kostnaðar við yfirskoðun landsreikninganna	33,600. »	52,448. 59
3. Til útgjalda við umboðsstjórnina, gjaldheimtur og reikningsmál, svo og við dómgæzlu og lögreglustjórn:		
A. Umboðsstjórn, gjaldheimtur og reikningsmál	50,916. 66	50,952. 11
B. Dómgæzla og lögreglustjórn	169,850. 18	168,316. 14
C. Ýmisleg útgjöld	147,184. »	142,874. 62
4. Til útgjalda við læknaskipunina	89,700. »	93,569. 58
5. Til útgjalda við póststjórnina	56,800. »	64,414. 07
6. Til kirkju og kennslumála:		
A. Í þarfir andlegu stjettarinnar	52,304. »	55,555. 50
B. Til kennslumálefna	151,784. »	149,476. 64
C. Ýms útgjöld	15,000. »	14,544. 57
7. Til skyndiláns handa embættismönnum og lögboðinna bráðabirgða-lána	5,200. »	17,375. 37
8. Eptirlaun og styrktarfje	60,000. »	71,069. 90
9. Til vísindalegra og verklegra fyrirtækja	24,700. »	20,879. 21
10. Til óvissra útgjalda	4,000. »	3,810. 12
11. Tillag til landsbankans og til kostnaðar við tilbúning seðla	.....	16,627. 72
12. Fjáraukaveitingar	12,343. 69	11,190. 11
13. Afgangur	4,561. 16	»
alls...	904,743. 69	959,904. 25

Eignir viðlagasjóðs voru 31. desember 1887	936,656 kr. 12 aur.
Tekjueptirstöðvar landssjóðs 31. desember 1887	49,702 — 68 —
Reikningshalli landssjóðs 31. desember 1887	48,741 — 93 —

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

Frumvarpið er samið í sama formi og reikningslög þau, er áður hafa verið gefin út, og fylgir því sundurliðað yfirlit, er lið fyrir lið þræðir fjárlögin, og er þar að auki í athugasemdum þeim, er hjer fara á eptir, vísað til þeirra tekju- og gjaldagreina, er í yfirlitinu standa undir samslags tölulið.

Yfirlit

yfir

tekjur og gjöld Íslands á árunum 1886 og 1887.

Tekjur.	Fjárveiting. kr. a.	Reikningur. kr. a.
1. Skattur á ábúð og afnotum jarða, og á lausafje:		
a. á ábúð og afnotum jarða	18,000. »	53,320. 60
b. á lausafje	17,000. »	
2. Húsaskattur	5,000. »	7,283. 40
3. Tekjuskattur	30,000. »	26,394. 52
4. Aukatekjur	44,000. »	44,342. 63
5. Erfðafjárskattur	5,000. »	3,624. 75
6. Gjöld af fasteignasölum	1,300. »	3,232. 83
7. Vitagjald	10,000. »	11,941. 44
8. Gjöld fyrir leyfisbrjef	3,000. »	3,568. 67
9. Útflutningsgjald af fiski og lýsi m. m., að frá dregnum 2 % í innheimtulaun	72,000. »	46,502. 20
10. Aðflutningsgjald af áfengum drykkjum, að frá dregnum 2 % í innheimtulaun	260,000. »	151,884. 67
11. Adflutningsgjald af tóbaki, að frá dregnum 2 % í innheimtulaun	36,000. »	32,983. 70
12. Tekjur af póstferðunum	34,000. »	33,741. 13
13. Óvissar tekjur	4,000. »	7,152. 54
14. Afgjöld af jarðeignum landssjóð, að frá dregnum umboðslaunum, prestsmötu o. fl.	60,000. »	56,870. 87
15. Leigugjöld af brennisteinsnámunum í þingeyjarsýslu	3,600. »	»
16. Tekjur af kirkjum	1,000. »	794. 82
17. Tekjur af silfurbergsnámunum í Helgustaðafjalli	200. »	1,623. 01
18. Leigur af fje viðlagasjóðs	69,800. »	75,176. 55
borgað upp í lán, fjárveiting: 25,869 kr. 51 aur. reikningur: 98,462 — 64 —		
19. Borgað frá brauðum samkvæmt lögum 27. febrúar 1880	3,300. »	5,649. »
20. Endurborgun á skyndilánum til embættismanna	1,200. »	3,090. 60
21. Endurgjald á fyrirframgreiðslum	4,000. »	12,268. 05
22. Tillag úr ríkissjóði:		
Fast tillag	120,000. »	120,000. »
Aukatillag	55,000. »	55,000. »
		756,445. 98
23. Tekjuhalli		203,458. 27
		959,904. 25

		Fjárveiting.	Reikningur.
		kr. a.	kr. a.
	Gjöld.		
1.	Til hinnar æðstu stjórnar innanlands og fulltrúa stjórnarinnar á alþingi	26,800. »	26,800. »
2.	Til kostnaðar við alþingi og við yfirskoðun landsreikninganna	33,600. »	52,448. 59
	A. Umboðsstjórn, gjaldheimtur og reikningsmál:		
3.	1. Laun	37,716. 66	36,716. 66
4.	2. Endurgjald fyrir skriftstofukostnað	7,200. »	8,235. 45
5.	3. Borgun fyrir hina umboðslegu endurskoðun	6,000. »	6,000. »
	B. Dómgæzla og lögreglumál:		
6.	1. Laun:		
	a. til dómara og sýslumanna	141,050. 18	139,577. 87
7.	b. til hreppstjóra	12,000. »	11,587. »
8.	2. Ritfje handa bæjarfógetanum í Reykjavik	2,800. »	2,800. »
9.	3. Til hegningarhússins og fangelsanna:		

	Fjárveiting.		Reikningur.	
	kr.	a.	kr.	a.
a. laun umsjónarmannsins	2,000.	»	2,000.	02
þóknun handa dómkirkjuprestinum	200.	»	200.	»
— — lækni	120.	»	120.	»
b. viðurværi handa föngum	2,450.	»	1,185.	39
miðdagsmatur handa fangaverði	460.	»		
þvottur	60.	»	15.	10
til eldiviðar og ljósa	1,040.	»	1,106.	84
útgjöld við bygginguna sjálfa og áhöld	800.	»	664.	19
til þess að útvega verkefni	1,000.	»	183.	76
ýmisleg útgjöld	300.	»	222.	31
	8,430.	»	5,697.	61
arður af verkum	1,230.	»	328.	90
	7,200.	»	5,368.	71
c. kostnaður við viðhald fangelsanna	600.	»	931.	86
			7,800. »	6,300. 57
10. 4. Önnur útgjöld:				
a. þóknun handa tveimur settum málaflutningsmönnum við yfirrjettinn	3,200.	»	3,066.	67
b. laun sendiboðans við yfirrjettinn	120.	»	120.	»
c. til eldiviðar í yfirrjettarstofunum	120.	»	31.	85
flyt...	3,440.	»	3,218.	52
			.....	290,466. 14

		Fjárveiting.		Reikningur.		Fjárveiting.		Reikningur.	
		kr.	a.	kr.	a.	kr.	a.	kr.	a.
	fluttar...	3,440.	»	3,218.	52	.....		290,466.	14
	d. til viðhalds á yfirrjettarstofunum o. fl.	160.	»	160.	»				
	e. kostnaður við sakamál og lögreglumál	2,000.	»	3,835.	51				
	f. kostnaður við gjafsóknarmál	600.	»	836.	67				
						6,200.		8,050.	70
	C. Ýmisleg útgjöld:								
11.	1. til þess að gefa út stjórnartíðindi og landshagsskýrslur:								
	a. þóknun fyrir útgáfu tíðindanna m. fl.	600.	»	600.	»				
	b. til pappírs og prentunar	3,182.	»	3,558.	54				
	c. til kostnaðar við sending með póstum	300.	»	323.	76				
	d. þóknun fyrir að semja landshagsskýrslur með prófarkalestri	1,200.	»	1,262.	50				
		5,282.	»	5,744.	80				
	Borgun fyrir seld eintök, er dregst frá	498.	»	241.	92				
						4,784.	»	5,502.	88
12.	2. endurgjald handa embættismönnum fyrir burðareyri undir embættisbrjef					2,400.	»	2,764.	29
13.	3. brunabótagjald fyrir ýmsar opinberar byggingar					3,200.	»	2,434.	72
14.	4. styrkur til eflingar búnaði					40,000.	»	39,185.	37
15.	5. til vegabóta:								
	a. til að bæta fjallvegi, einkanlega póstvegi					20,000.	»	21,540.	60
	b. til að styrkja sýsluvegasjóði til að bæta sýsluvegi á aðalpóstleiðum					20,000.	»	18.155.	»
	c. til að fá vegfróðan mann frá útlöndum					5,000.	»	3,844.	42
	d. til að kaupa verkfæri og sprengiefni					1,000.	»	1,000.	»
16.	6. til gufuskipaferða					36,000.	»	36,000.	
17.	7. til vitans á Reykjanesi:	Fjárveiting.		Reikningur.					
		kr.	a.	kr.	a.				
	a. til launa vitamannsins	2,400.	„	2,400.	»				
	b. til eptirlits með vitanum	200.	»	116.	»				
	c. til að kaupa olíu	4,400.	»	1,637.	10				
	d. — — lampakveiki o. fl.	300.	»	174.	93				
	e. — — steinkol	240.	»	234.	65				
	f. til viðurhalds á húsum og áhöldum	400.	»	649.	09				
	g. eptirgjald eptir lóðina	60.	»	60.	»				
						6,000.	»	5,271.	77
				flyt...		.....		434,215.	89

			Fjárveiting.		Reikningur.	
			kr.	a.	kr.	a.
		fluttar...	.....		434,215.	89
18.	8.	Til vörðuvita	2,000.	»	577.	72
19.	9.	Til ferðakostnaðar samkv. lögum 2. nóv. 1877, 3. gr.	1,200.	»	760.	19
20.	10.	Til að gefa út „Lovsamling for Island	4,000.	»	4,000.	»
21.	11.	Til aðgerðar á kirkjum, er landssjóður á:				
			Fjárveiting.		Reikningur.	
			kr.	a.	kr.	a.
		a. til Munkaþverárkirkju.....	400.	»	626.	66
		b. til Möðruvalla klausturs kirkju	200.	»	211.	»
		c. til Vestmannaeyjakirkju.....	1,000.	»	1,000.	»
			1,600.	»	1,837.	66
		Utgjöld við læknaskipunina:				
22.	1.	Laun.....	75,052.	»	79,090.	49
23.	2.	Styrkur til 4 aukalækna:				
		a. til læknis í Dala sýslu m. m.	2,000.	»	»	
		b. til læknis í Seyðisfirði m. m.	2,000.	»	2,000.	»
		c. til læknis á Skipaskaga á Akranesi m. m.....	2,000.	»	2,000.	»
		d. til læknis í Dyrhóla hreppi m. m.	2,000.	»	666.	66
			8,000.	»	4,666.	66
24.	3.	Önnur útgjöld:				
		a. styrkur til sjúkrahússins í Reykjavík	2,400.	»	2,400.	»
		b. styrkur til sjúkrahússins á Akureyri	800.	»	800.	»
		c. til einnar yfirsetukonu i Reykjavík fyrir hana sjálfa	48.	»	10.	»
		d. til náms yfirsetukvenna.....	2,000.	»	5,558.	30
		e. til verkfæra handa yfirsetukonum	400.	»	774.	13
		f. borgun fyrir að eiga aðgang að húsum fyrir sóttvarnarhús ...	1,000.	»	270.	»
			6,648.	»	9,812.	43
		Útgjöld við póststjórnina:				
25.	1.	Laun:				
		a. handa póstmeistaranum.....	4,800.	»	4,800.	»
		b. — póstafgreiðslumönnum .	7,200.	»	7,176.	»
		c. — brjefhirðingarmönnum .	3,000.	»	2,965.	»
			15,000.	»	14,941.	»
26.	2.	Póstflutningur	37,200.	»	43,432.	48
27.	3.	Önnur útgjöld:				
		a. endurgjald fyrir skrifstofukostnað póstmeistarans.....	2,000.	»	2,000.	»
		flyt...	2,000.	»	2,000.	»
			.....		593,334.	52

			Fjárveiting.	Reikningur.	Fjárveiting.	Reikningur.
			kr. a.	kr. a.	kr. a.	kr. a.
		fluttar...	2,000. »	2,000. »	.....	593,334. 52
	b.	til sama fyrir ábyrgð á mistalningi 1 %oo	400. »	959. 42		
	c.	fæðispeningar og ferðakostnaður sama	400. »	244. 58		
	d.	fyrir prentun á ýmsu	400. »	1,170. 71		
	e.	til áhalda	1,000. »	1,179. 28		
	f.	1 brjefberi í Reykjavík	100. »	100. »		
	g.	óviss útgjöld	300. »	386. 60		
					4,600. »	6,040. 59
		A. Í þarfir andlegu stjettarinnar:				
28.	a.	laun			16,864. »	16,864. »
	b.	önnur útgjöld:				
29.		1. til prestakalla samkvæmt lögum 27. febr. 1880, 1. gr.			18,300. »	21,250. »
30.		2. til bráðabirgðar-uppbótar fátækum brauðum			7,500. »	8,065. »
31.		3. til nokkurra brauða í fyrverandi Hólastipti			1,200. »	1,356. 50
32.		4. endurgjald handa prestinum að Goðdölum fyrir tekjumissi			40. »	20. »
33.		5. bráðabirgðaruppbót á Stóruvallaprestakalli í Rangárvalla prófastsdæmi			400. »	»
34.		6. viðbót við eptirlaun þau, er fátækir uppgjafaprestar og prestaekkjur fá samkvæmt lögum			6,000. »	6,000. »
35.		7. endurgjald handa biskupi fyrir skrifstofukostnað			2,000. »	2,000. »
		B. Kennslumálefni:				
		I. Til prestaskólans:				
36.	a.	laun			19,568. »	18,000. »
			Fjárveiting.	Reikningur.		
37.	b.	önnur útgjöld:	kr. a.	kr. a.		
		1. húsaleigustyrkur handa 16 lærisveinum, 80 kr. handa hverjum	2,560. »	2,560. »		
		2. 3 ölmusur	1,200. »	1,200. »		
		3. til tímakennslu	200. »	200. »		
		4. til bókakaupa	600. »	600. »		
		5. til eldiviðar og ljósa	200. »	174. 11		
		6. til umsjónar	200. »	200. »		
		7. ýmisleg útgjöld	400. »	383. 07		
					5,360. »	5,317. 18
				flyt...	.....	678,247. 79

			Fjárveiting.	Reikningur.
			kr. a.	kr. a.
		fluttar...	.....	678,247. 79
	II. Til læknaskólans:			
38. a.	laun.....		7,200. »	7,200. »
		Fjárveiting. Reikningur.		
39. b.	önnur útgjöld:	kr. a. kr. a.		
	1. 2 ölmusur, 200 kr. hvor....	800. » 800. »		
	2. eldiviður, ljós og ræsting....	200. » 233. 30		
	3. til bókakaupa og verkfæra...	900. » 900. »		
	4. ferðastyrkur handa læknaefnum	600. » 750. »		
	5. húsaleiga handa 6 lærisveinum	960. » 960. »		
	6. þóknun fyrir tímakennslu í efnafræði.....	200. » 200. »		
	7. ýmisleg útgjöld	200. » 203. 74		
			3,860. »	4,047. 04
	III. Til hins lærða skóla:			
40. a.	laun		36,400. »	36,400. »
41. b.	aðstoðarfje:			
	1. handa Páli Melsted sem kennara í sögu.....	3,600. » 3,600. »		
	2. handa söngkennaranum.....	1,200. » 1,200. »		
	3. handa fimleikakennaranum...	1,400. » 1,400. »		
	4. handa dyraverði.....	2,000. » 2,000. »		
	5. til yfirumsjónar með skólahúsinu og áhöldum skólans..	600. » 600. »		
			8,800. »	8,800. »
42. c.	önnur útgjöld:			
	1. til bókasafns skólans.....	1,200. » 1,199. 88		
	2. til eldiviðar og ljósa.....	2,400. » 1,733. 17		
	3. til skólahússins utan og innan	2,000. » 1,830. 90		
	4. til tímakennslu.....	2,000. » 2,152. 06		
	5. ölmusur.....	16,000. » 16,000. »		
	6. þóknun handa lækni	200. » 200. »		
	7. ýmisleg útgjöld	2,400. » 2,510. 31		
	8. fyrir prestsverk.....	96. » 96. »		
			26,296. »	25,722. 32
43. d.	til aðalaðgjörðar á skólahúsinu		5,000. »	4,999. 14
		flyt...	.....	765,416. 29

		Fjárveiting.	Reikningur.
		kr. a.	kr. a.
	fluttar...	.....	765,416. 29
	IV. Til gagnfræðaskólans á Möðruvöllum:		
44.	a. laun	13,200. »	13,200. »
45.	b. önnur útgjöld:		
		Fjárveiting.	Reikningur.
		kr. a.	kr. a.
	1. til bóka- og áhaldakaupa við kennsluna	800. »	799. 80
	2. til eldiviðar og ljósa	1,000. »	1,003. 60
	3. til skólahússins utan og innan.	400. »	316. 56
	4. ýmisleg útgjöld	500. »	671. »
		2,700. »	2,790. 96
	V. Til annarar kennslu:		
46.	a. til kvennaskóla	7,200. »	6,800. »
47.	b. til barnaskóla	6,000. »	6,000. »
48.	c. til alþýðuskóla	6,000. »	6,000.
49.	d. til kennara í organslætti og sönglist, og til organsleikara við dómkirkjuna í Reykjavík.....	2,000. »	2,000. »
50.	e. Til kennslu í stýrimannafræði í Reykjavík:		
		Fjárveiting.	Reikningur.
		kr. a.	kr. a.
	1. til kennara	1,200. »	1,200. »
	2. til húsnæðis.....	400. »	400. »
	3. til áhalda.....	200. »	200. »
	4. styrkur til námspilta	400. »	400. »
		2,200. »	2,200. »
	C. Ýmisleg útgjöld:		
51.	1. Til landsbókasafnsins og fyrir umsjón með alþingishúsinu millum þinga:		
	a. laun bókavarðar.....	2,000. »	2,000. »
	launaviðbót fyrir hinn núverandi bókavörð.....	400. »	350. »
	b. til aðstoðar við hinn núverandi bókavörð.....	1,000. »	875. »
	c. laun hans fyrir að hafa umsjón með alþingishúsinu og áhöldum í því milli þinga ..	200. »	200. »
	flyt...	4,400, »	4,225. » 804,407. 25

		Fjárveiting.	Reikningur.	Fjárveiting.	Reikningur.
		kr. a.	kr. a.	kr. a.	kr. a.
	fluttar...	4,400. »	4,225. »	.....	804,407. 25
	d. til þess að semja bókaskrá..	800. »	800. »		
	e. til bókakaupa.....	1,200. »	1,200. »		
	f. til eldiviðar og áhalda m. m.	800. »	800. »		
	g. brunabótagjald fyrir safnið ..	200. »	88. »		
	h. til að útvega tvenna glugga-hlera úr jarni.....	200. »	181. 57		
				6,800. »	6,494. 57
52.	2. til amtsbókasafnanna á Akureyri og Stykkishólmi			800. »	800. »
53.	3. til deildar hins íslenzka bókmenntafjelags í Reykjavík til að gefa út «tímarit», «sýslumannaæfir» o. fl.....			3,000. »	3,000. »
54.	4. til þjóðvinafjelagsins.....			600. »	450. »
55.	5. til forngripasafnsins:				
		Fjárveiting.	Reikningur.		
		kr. a.	kr. a.		
	a. til forngripakaupa og áhalda.	1,400. »	1,400. »		
	b. til umsjónar.....	400. »	400. »		
	c. til rannsóknar fornmenja....	2,000. »	2,000. »		
				3,800. »	3,800. »
56.	Til skyndilána handa embættismönnum og lögboðinna fyrirframgreiðslna.....			5,200. »	17,375. 37
57.	Til eptirlauna og styrktarfjár.....			60,000. »	71,069. 90
	Til vísindalegra og verklegra fyrirtækja:				
58.	1. Styrkur til kennara Þ. Thóroddsens til jarðfræðisrannsókna og til að safna til jarðfræðislýsingar Íslands...			2,000. »	2,000. »
59.	2. Styrkur til gufubátsferða á Ísafjarðardjúpi			3,000. »	»
60.	3. Styrkur til kennara Benidikts Gröndals til að halda áfram myndasafni yfir íslenzk dýr og til að semja þjóðmenningarsögu Norðurlanda			1,200. »	1,200. »
61.	4. a. til ferðakostnaðar og þóknunar handa fiskifræðing Feddersen til að rannsaka laxár og laxveiðar á Suðurlandi og Vesturlandi.....			3,500. »	3,263. 61
	b. styrkur til verklegs fiskiklaks.....			1,200. »	1,150. »
62.	5. Styrkur til landlæknis G. Schierbecks til að rannsaka bráðapestina			400. »	400. »
63.	6. Styrkur til læknis J. Jónassens til að kynna sjer í Englandi aðferð til að lækna sullaveiki.....			500. »	»
			flyt...	.....	915,410. 70

			Fjárveiting.	Reikningur.
			kr. a.	kr. a.
		fluttar...	.....	915,410. 70
64.	7.	Styrkur til Björns Pálssonar til að smíða verkvjelar.	500. »	500. »
65.	8.	Styrkur til Guðrúnar Waage til að læra sönglist....	600. »	600. »
66.	9.	Styrkur til yfirdómara M. Stephensens og ritara J. Jenssonar til að gefa út alþýðlegt lagasafn	800. »	800. »
67.	10.	Til að gjöra við Rifsós í Snæfellsnessýslu	1,500. »	1,500. »
68.	11.	Styrkur handa framkvæmdarstjóra hins fyrirhugaða landsbanka til að kynna sjer bankastörf erlendis	1,000. »	1,000. »
69.	12.	Styrkur til Magnúsar þórarinssonar til að fullkomna tóvinnuvjelar	500. »	500. »
70.	13.	Styrkur til cand. juris Páls Briems til að stunda íslenzk lög að fornu og nýju 1886	2,000. »	2,000. »
71.	14.	Til annara vísindalegra og verklegra fyrirtækja	6,000. »	5,965. 60
72.		Til óvissra útgjalda.....	4,000. »	3,810. 12
73.		Tillag til landsbankans og kostnaður við tilbúning seðla .	.....	16,627. 72
74.		Gjöld samkvæmt fjáraukalögum.....	12,343. 69	11,190. 11
75.		Afgangur af tekjum	4,561. 16	»
		alls...	.....	959,904. 25

Athugasemdir

við

yfirlit yfir tekjur og gjöld á árunum 1886 og 1887.

Tekjur:

1. Skattur á ábúð og afnotum jarða og á lausafje, sbr. fjárlögin 2. gr. 1 og lög nr. 25, 2. nóvbr. 1885.
a. á ábúð og afnotum jarða
b. á lausafje.

Þessar tekjur hafa numið eptir reikningnum 1886:		
a.	9,565 kr. 38 a.	
b.	12,635 — 19 —	
		22,200 kr. 57 a.
og eptir reikningnum 1887:		
a.	8,710 kr. 86 a.	
b.	11,449 — 48 —	
		20,160 — 34 —
Tekjueptirstöðvar frá fyrri árum		14,013 — 53 —
	alls...	56,374 kr. 44 a.
Af þessu er borgað:		
1886	35,166 kr. 01 e.	
1887	18,154 — 59 —	
		53,320 — 60 —
		3,053 kr. 84 a.
Þegar hjer frá dragast samkv. athugagrein 4 á fylgiskjali 1 við reikninginn fyrir 1887		14 — 66 —
	verða tekjueptirstöðvar...	3,039 kr. 18 a.

2. Húsaskattur, sbr. fjárlögin 2. gr. 2.
Tekjur þessar hafa eptir reikningnum numið:

1886		3,901 kr. 50 a.
1887		3,945 — 75 —
Tekjueptirstöðvar frá fyrri árum		88 — 10 —
	alls...	7,935 kr. 35 a.
	flyt...	7,935 kr. 35 a.

	fluttar...	7,935 kr. 35 a.
Af þessu er borgað:		
1886	3,954 kr. » a.	
1887	3,329 — 40 —	
		7,283 — 40 —
	Tekjueptirstöðvar...	651 kr. 95 a.

3. Tekjuskattur, sbr. fjárlögin 2. gr. 3.
þessar tekjur hafa eptir reikningnum numið:

1886		12,872 kr. 50 a.
1887		12,405 — 50 —
Tekjueptirstöðvar frá fyrri árum.....		2,016 — 96 —
	alls...	27,294 kr. 96 a.
Af þessu er borgað:		
1886	14,746 kr. 46 a.	
1887	11,648 — 06 —	
		26,394 — 52 —
		900 kr. 44 a.
þegar hjerfrá ganga samkv. ath. gr. 1 og 3 á fylgiskjali 3 við reikninginn fyrir 1887.....		20 — » —
	verða tekjueptirstöðvar...	880 kr. 44 a.

4. Aukatekjur, sbr. fjárlögin 2. gr. 4.
hafa eptir reikningnum numið:

1886		21,020 kr. 60 a.
1887		21,692 — 29 —
Tekjueptirstöðvar frá fyrri árum		4,220 — 02 —
	alls...	46,932 kr. 91 a.
Af þessu er borgað:		
1886	22,112 kr. 61 e.	
1887	22,230 — 02 a.	
		44,342 — 63 a.
	Tekjueptirstöðvar...	2,590 kr. 28 a.

5. Erfðafjárskattur, sbr. fjárlögin 2. gr. 5.
hefur eptir reikningnum numið:

1886		1,678 kr. 18 a.
1887		1,724 — 78 —
Fyrri ára eptirstöðvar		311 — 79 —
	alls...	3,714 kr. 75 a.
Af þessu er borgað:		
1886	1,936 kr. 28 a.	
1887	1,688 — 47 —	
		3,624 — 75 —
	Tekjueptirstöðvar...	90 kr. » a.

6. Gjöld af fasteignasölum, sbr. fjárlögin 2. gr. 6.
hafa eptir reikningnum numið:

1886		1,546 kr. 72 a.
1887		1,622 — 36 —
Fyrri ára eptirstöðvar		63 — 78 —
	alls...	3,232 kr. 86 a.
Af þessu er borgað 1886	1,588 kr. 88 a.	
og 1887	1,643 — 95 —	
		3,232 — 83 —
	Tekjueptirstöðvar...	» kr. 03 a.

7. Vitagjald, sbr. fjárl. 2. gr. 7.
hefur eptir reikningnum numið:

1886		5,118 kr. 50 a.
1887		5,847 — 65 —
Fyrri ára eptirstöðvar		975 — 29 —
	alls...	11,941 kr. 44 a.
Af þessu er borgað 1886	6,093 kr. 79 a.	
og 1887	5,847 — 65 —	
		11,941 — 44 —

8. Gjöld fyrir leyfisbrjef, sbr. fjárl. 2. gr. 8.

hafa eptir reikn. numið 1886		1,955 kr. 29 a.
1887		1,613 — 38 —
	alls...	3,568 kr. 67 a.
Hjeraf borgað 1886	1,955 kr. 29 a.	
1887	1,613 — 38 —	
		3,568 — 67 —

9. Útflutningsgjald af fiski og lýsi, að frádregnum 2 % í innheimtulaun, sbr. fjárlögin 2. gr. 9.

hefur eptir reikn. numið 1886		23,507 kr. 34 a.
1887		21,036 — 09 —
fyrri ára eptirstöðvar		6,203 — 18 —
	alls...	50,746 kr. 61 a.
Hjeraf borgað 1886	25,566 kr. 32 a.	
1887	20,935 — 88 —	
		46,502 — 20 —
	Tekjueptirstöðvar...	4,244 kr. 41 a.

10. Aðflutningsgjald af áfengum drykkjum að frádregnum 2 % í innheimtulaun, sbr. fl. 2. gr. 10.

hefur eptir reikn. numið 1886		80,119 kr. 47 a.
	flyt...	80,119 kr. 47 a.

	fluttar...	80,119 kr. 47 a.
og eptir reikn. 1887		73,276 — 93 —
fyrri ára eptirstöðvar		13,918 — 07 —
	alls...	167,314 kr. 47 a.
Hjeraf borgað 1886	80,929 kr. 74 a.	
1887	70,954 — 93 —	
		151,884 — 67 —
	Tekjueptirstöðvar ..	15,429 kr. 80 a.

11. Aðflutningsgjald af tóbaki, að frádregnum 2 % í innheimtulaun, smbr, fjárl. 2. gr., 11,

hefur eptir reikn. numið 1886		15,307 kr. 63 a.
1887		16,590 — 51 —
fyrri ára eptirstöðvar		1,085 — 86 —
	alls...	32,984 kr. » —
Hjeraf borgað 1886	15,865 kr. 40 a.	
1887	17,118 — 30 —	
		32,983 — 70 —
	Tekjueptirstöðvar...	» kr. 30 a.

12. Tekjur af póstferðum, smbr. fl. 2. gr., 12,

hafa eptir reikn. numið 1886		17,170 kr. 86 a.
1887		16,570 — 27 —
	alls...	33,741 kr. 13 a.

13. Ovissar tekjur, sbr. fl. 2. gr. 13,

hafa eptir reikningnum numið 1886		3,117 kr. 76 a.
og 1887, sbr. svör landshöfðingja uppá athuganir yfirskoðunarmanna við reikninginn fyrir þetta ár 13., 14. og 19. lið 3,983 kr. 38 a. + 33 kr. 50 a. + 19 kr. 60 a. ÷ 7 kr. 70 a.		4,028 — 78 —
fyrri ára eptirstöðvar		88 — » —
	alls...	7,234 kr. 54 a.
Af þessu er borgað 1886	3,119 kr. 76 a.	
og 1887, sbr. ofar 3,987 kr. 38 a. + 33 kr. 50 a. + 19 kr. 60 a. ÷ 7 kr. 70 a.	4,032 — 78 —	
		7,152 —54 —
		82 kr. » a.
	flyt...	82 kr. » a.

	fluttar...	82 kr. » a.
	Þegar hjerfrá dragast samkv. athugagrein 2 á fylgiskjali 13 við reikninginn 1887.....	60 — » —
	verða tekjueptirstöðvar...	22 kr. » a.
14.	Tekjur af fasteignum landssjóðs, sbr. fjárl. 3. gr. 1,	
	hafa eptir reikn. numið 1886 ..... 40,739 kr. 84 a.	
	gjöldin voru það árið..... 9,793 — 42 —	
		30,946 kr. 42 a.
	og eptir reikn. 1887..... 36,819 kr. 62 a.	
	gjöldin voru það árið..... 9,069 — 05 —	
		27,750 — 57 —
	fyrri ára eptirstöðvar	14,588 — 75 —
	alls...	73,285 kr. 74 a.
	Af þessu er borgað 1886..... 29,154 kr. 80 a.	
	og 1877, sbr. svör landshöfðingja upp- á athuganir yfirskoðunarmanna við reikninginn 1887, 14. lið, 27,749 kr. 57 a. ÷ 33 kr. 50 a..... 27,716 — 07 —	
		56,870 — 87 —
		16,414 kr. 87 a.
	Þegar hjerfrá dragast samkv. athugagr. 1, 4, 5 og 6 á fylgiskjali 14 við reikninginn 1887: 135 kr. 63 a. + 37 kr. 38 a. + 65 kr. + 240 kr. = ...	478 — 10 —
	verða tekjueptirstöðvar...	15,936 kr. 77 a.
15.	Leigugjöld af brennisteinsnámunum í Þingeyjar sýslu, sbr. fjárlögin 3. gr. 2.	
16.	Tekjur af kirkjum, sbr. fl. 3. gr. 3,	
	hafa eptir reikn. numið 1886	428 kr. 92 a.
	1887	327 — 62 —
	fyrri ára eptirstöðvar.....	39 — 08 —
	alls...	795 kr. 62 a.
	Af þessu er borgað 1886..... 438 kr. 24 a.	
	1887..... 356 — 58 —	
		794 — 82 —
	Tekjueptirstöðvar...	» kr. 80 a.
17.	Tekjur af silfurbergsnámunum í Helgustaðafjalli, sbr. fl. 3. gr. 4 hafa eptir reikningnum numið 1887.....	1,623 kr. 01 a.

18. Leigur af innstæðufje viðlagasjóðs, sbr. fjárl. 4. gr.,

hafa eptir reikn. numið 1886		36,393 kr. 74 a.
1887		38,686 — 13 —
fyrri ára eptirstöðvar		2,586 — 78 —
	alls...	77,666 kr. 65 a.
Hjeraf borgað 1886	36,881 kr. 47 a.	
1887	38,295 — 08 —	
		75,176 — 55 —
		2,490 kr. 10 a.
Hjerfrá gengur samkv. athugagr. 2 og 3 á fylgiskjali 16 við reikninginn fyrir 1887 176 kr. + 123 kr. 38 a. = ...		299 — 38 —
	Eptirstöðvar...	2,190 kr. 72 a.
Upp í lán er borgað 1886		55,525 kr. 54 a.
1887		42,937 — 10 —
		98,462 kr. 64 a.

19. Innborganir frá brauðum, samkv. lögum 27. febr. 1880, sbr. fl. 5. gr., 1.

hafa numið eptir reikn. 1886		4,400 kr. » a.
1887		2,850 — » —
fyrri ára eptirstöðvar		3,625 — » —
	alls...	10,875 kr. » a.
Hjeraf er borgað 1886	2,801 kr. 94 a.	
1887	2,847 — 06 —	
		5,649 — » —
		5,226 kr. » a.
Hjerfrá gengur samkv. athugagr. á fylgiskjali 17 við reikninginn 1887		600 — » —
	Tekjueptirstöðvar...	4,626 kr. » a.

20. Endurborgun skyndilána til embættismanna, sbr. fjárl. 5. gr., 2,

hefur eptir reikn. numið 1886		1,670 kr. 81 a.
1887		1,419 — 79 —
	alls...	3,090 kr. 60 a.

21. Endurborgun á öðrum fyrirframgreiðslum, sbr. fl. 5. gr., 3,

hefur eptir reikn. 1886 numið		3,327 kr. 62 a.
	flyt...	3,327 kr. 62 a.

		fluttar...	3,327 kr. 62 a.
	og 1887, sbr. svör landshöfðingja uppá athuganir yfirskoðunarmanna við reikninginn fyrir þetta ár, 19. lið, 8,960 kr. 03 a. ÷ 19 kr. 60 a.		8,940 — 43 —
		alls...	12,268 kr. 05 a.
22.	Tillag úr ríkissjóði, sbr. fl. 6. gr. hefur numið samkv. lögum 2. janúar 1871:		
	1886 { fast tillag	60,000 kr. » a.	
	1886 { aukatillag	28,500 — » —	
			88,500 kr. » a.
	1887 { fast tillag	60,000 kr. » a.	
	1887 { aukatillag	26,500 — » —	
			86,500 — » —
		alls...	175,000 kr. » a.
23.	Tekjuhalli.		
	Eptir reikningunum voru tekjurnar 1886 alls	392,980 kr. 28 a.	
	og 1887 ..... 363,473 kr. 40 a.		
	en þarfrá gengur sbr. 13. lið að framan ..... 7 — 70 —		
		363,465 — 70 —	
			756,445 kr. 98 a.
	Gjöldin urðu alls 1886.....	481,763 kr. 61 e.	
	og 1887.....	478,140 — 64 a.	
			959,904 — 25 —
		Tekjuhalli...	203,458 kr. 27 a.

II. Gjöld.

1.	Til hinnar æðstu stjórnar innanlands og fulltrúa stjórnarinnar á alþingi, sbr. fjárl. 8. gr.		
	voru borgaðar 1886.....		12,400 kr. » a.
	1887.....		14,400 — » —
		flyt...	26,800 kr. » a.

2. Til alþingis og yfirskoðunar landsreikninganna, sbr. fjárl. 9. gr.

voru borgaðar 1886	19,100 kr. 06 a.
og 1887	33,348 — 53 —
alls...	52,448 kr. 59 a.

3—5. Umboðsstjórn, gjaldheimtur og reikningsmál, sbr. fjárl. 10. gr. A. 1—3.

Gjöldin hafa hjer verið:

		1886. kr. a.	1887. kr. a.	alls. kr. a.
3. A. 1.	Laun	17,816. 66	18,900. »	36,716. 66
4. A. 2.	Endurgjald fyrir skrifstofukostnað o. fl.	4,220. 46	4,014. 99	8,235. 45
5. 3.	Borgun fyrir hina umboðslegu endurskoðun	3,000. »	3,000. »	6,000. »
	alls...			50,952. 11

6—10. Dómgæzla og lögreglustjórn, sbr. fl. 10. gr. B. 1—4.

Gjöldin hafa hjer orðið:

		1886. kr. a.	1887. kr. a.	alls. kr. a.
6. B. 1.	Laun:			
	a. til dómara og sýslumanna	69,229. 23	69,900. 09	139,129. 32
	eptirstöðvar frá fyrra ári	256. 88	191. 67	448. 55
	alls...	69,486. 11	70,091. 76	139,577. 87
	eptirstöðvar eptir reikningnum 1887: 05 a.			
7. B. 1.	b. til hreppstjóra	5,808. »	5,779. »	11,587. »
8. B. 2.	Ritfje handa bæjarfógetanum í Reykjavík	1,400. »	1,400. »	2,800. »
9. B. 3.	til hegningarhússins og fangelsanna:			

	1886. kr. a.	1887. kr. a.			
a. laun umsjónarmannsins	1,002. 02	1,000. »			
þóknun handa dómkirkjuprestinum	100. »	100. »			
þóknun handa lækni	60. »	60. »			
b. viðurværi handa föngum, miðdagsmatur handa fangaverði	560. 69	624 70			
flyt...	1,722. 71	1,784. 70	76,694. 11	77,270. 76	153,964. 87

	1886. kr. a.	1887. kr. a.	1886. kr. a.	1887. kr. a.	alls. kr. a.
fluttar...	1,722. 71	1,784. 70	76,694. 11	77,270. 76	153,964. 87
þvottur.....	12. 10	3. »			
til eldiviðar og ljósa	578. 40	528. 44			
útgjöld við bygginguna sjálfa og áhöld	243. 81	420. 38			
til þess að útvega verkefni	85. 25	98. 51			
ýmisleg útgjöld	69. 58	152. 73			
	2,709. 85	2,987. 76			
arður af verkum	206. 34	122. 56			
	2,503. 51	2,865. 20			
c. kostnaður við viðhald fangelsanna	632. 28	299. 58			
			3,135. 79	3,164. 78	6,300. 57
10. B. 4. Önnur útgjöld:					
a. þóknun handa tveimur settum málaflutningsmönnum við yfirrjettinn...	1,466. 67	1,600. »			
b. laun sendiboðans við yfirrjettinn ...	60. »	60. »			
c. til eldiviðar í yfirrjettarstofunum...	16. 15	15. 70			
d. til viðhalds á yfirrjettarstofunum o. fleira	80. »	80. »			
e. kostnaður við sakamál og lögreglumál	1,237. 16	2,598. 35			
f. kostnaður við gjafsóknarmál	541. 50	295. 17			
			3,401. 48	4,649. 22	8,050. 70
				alls...	168,316. 14

11—21. Ýmisleg útgjöld, smbr. fjárl. 10 gr. C. 1—11.

		1886. kr. a.	1887. kr. a.	1886. kr. a.	1887. kr. a.	alls. kr. a.
11 C. 1.	til þess að gefa út stjórnartíðindi og landshagsskýrslur:					
	a. þóknun fyrir útgáfu tíðindanna m. fl. .	300. »	300. »			
	b. til pappírs og prentunar.....	1,973. 75	1,584. 79			
	c. til kostnaðar við sending með póstum	156. 28	167. 48			
	d. þóknun fyrir að semja landshagsskýrslur með prófarkalestri.....	477. 50	785. »			
		2,907. 53	2,837. 27			
	Hjerfrá dregst borgun fyrir seld eintök..	127. 16	114. 76			
				2,780. 37	2,722. 51	5,502. 88
12. C. 2.	endurgjald handa embættismönnum fyrir burðareyri undir embættisbrjef.....			1,107. 60	1,656. 69	2,764. 29
13. C. 3.	brunabótagjald fyrir ýmsar opinberar byggingar.....			1,248. 94	1,185. 78	2,434. 72
14. C. 4.	styrkur til eflingar búnaði..... Eptirstöðvar eptir reikn. 1887: 760 kr.			19,968. 67	19,216. 70	39,185. 37
15. C. 5.	til vegabóta:					
	a. til að bæta fjallvegi, einkanlega póstvegi			18,590. 60	2,950. »	21,540. 60
	b. til að styrkja sýsluvegasjóði til að bæta sýsluvegi á aðalpóstleiðum.....			4,600. »	13,555. »	18,155. »
	c. til að útvega vegfróðan útlendan mann.			2,499. 42	1,345. »	3,844. 42
	d. til að kaupa verkfæri og sprengiefni ...			1,000. »	»	1,000. »
16. C. 6.	til gufuskipsferða.....			18,000. »	18,000. »	36,000. »
17. C. 7.	til vitans á Reykjanesi:					
	a. til launa vitamannsinns.....	1,200. »	1,200. »			
	b. til eptirlits með vitanum	33. »	83. »			
	c. til að kaupa olíu .	892. »	745. 10			
	flyt...	2,125. »	2,028. 10	69,795. 60	60,631. 68	130,427. 28

	1886. kr. a.	1887. kr. a.	1886. kr. a.	1887. kr. a.	alls. kr. a.
fluttar...	2,125. »	2,028. 10	69,795. 60	60,631. 68	130,427. 28
d. til að kaupa lampakveiki o. fl.	110. »	64. 93			
e. til að kaupa steinkol	120. 25	114. 40			
f. til viðurhalds á húsum og áhöldum	478. 49	170. 60			
g. eptirgjald eptir lóðina	30. »	30. »			
			2,863. 74	2,408. 03	5,271. 77
18. C. 8. til vörðuvita.....			303. 56	274. 16	577. 72
19. C. 9. til ferðakostnaðar samkvæmt lögum 2. nóv. 1877, 3. gr.....			236. »	524. 19	760. 19
20. C. 10. til þess að gefa út »Lovsamling for Island«			»	4,000. »	4,000. »
21. C. 11. til aðgerðar á nokkrum kirkjum, er landssjóður á:					
	1886. kr. a.	1887. kr. a.			
a. til Munkaþverárkirkju.....	400. »	226. 66			
b. til Möðruvallaklausturs kirkju .	211. »	»			
c. til Vestmannaeyjakirkju.....	1,000. »	»			
			1,611. »	226. 66	1,837. 66
				alls...	142,874. 62

Samkvæmt svörum landshöfðingja uppá athuganir yfirskoðunarmanna viðvíkjandi reikningnum 1886, 28. pósti nr. 1 og athugagr. 4 á fylgiskjali 25 við reikn. 1887 er á fjáraukalagafrumvarpinu farið þess á leit, að eptir á verði veittar 417 kr. 02 a. til útgáfu stjórnartíðindanna 1885 og 266 kr. 66 a. til viðgjörðar á Munkaþverár kirkju.

22—24. Útgjöld við læknaskipunina, smbr. fjárl. 11. gr.

	1886. kr. a.	1887. kr. a.	alls. kr. a.
22. 1. Laun..... eptirstöðvar eptir reikningnum 1887 446 kr. 56 a.	37,177. 69	41,912. 80	79,090. 49
23. 2. Styrkur til 4 aukalækna:			
	1886. kr. a.	1887. kr. a.	
til læknis í Dala sýslu m. m.....	»	»	
til læknis á Seyðisfirði m. m.....	1,000. »	1,000. »	
flyt...	1,000. »	1,000. »	37,177. 69	41,912. 80	79,090. 49

	1886. kr. a.	1887. kr. a.	1886. kr. a.	1887. kr. a.	alls. kr. a.
fluttar...	1,000. »	1,000. »	37,177. 69	41,912. 80	79,090. 49
til læknis á Skipaskaga m. m.	1,000. »	1,000. »			
til læknis í Dyrhóla m. fl. hreppum	»	666. 66			
			2,000. »	2,666. 66	4,666. 66
24. 3. önnur útgjöld:					
a. styrkur til sjúkrahússins í Reykjavík	1,200. »	1,200. »			
b. styrkur til sjúkrahússins á Akureyri	400. »	400. »			
c. til einnar yfirsetukonu í Reykjavík fyrir hana sjálfa..	10. »	»			
d. til náms yfirsetukvenna	3,507. 90	2,050. 40			
e. til verkfæra handa yfirsetukonum	270. »	504. 13			
f. borgun fyrir að eiga aðgang að húsum fyrir sóttvarnarhús	270. »	»			
			5,657. 90	4,154. 53	9,812. 43
				alls	93,569. 58

Samkvæmt svörum landshöfðingja uppá athuganir yfirskoðunarmanna við reikninginn 1886, 29. lið, er á fjáraukalagafrumvarpi farið fram á viðaukafjárveiting á 792 kr., er gengið hafa í kostnað við að gefa út kennslubók fyrir yfirsetukonur.

25.—27. Útgjöld við póststjórnina, sbr. fjárl. 12. gr., smbr. 2. gr. 12.

Samkvæmt 12. lið í tekjudálki reikningsins hafa tekjur af póstferðunum numið alls 33,741 kr. 13 a.

25. 1. Laun:

	1886. kr. a.	1887. kr. a.	1886. kr. a.	1887. kr. a.	alls. kr. a.
a. handa póstmeistaranum	2,400. »	2,400. »			
b. handa póstafgreiðslumönnum	3,588. »	3,588. »			
c. handa brjefhirðingarmönnum	1,465. »	1,500. »			
			7,453. »	7,488. »	14,941. »
		flyt...	7,453. »	7,488. »	14,941. »

			1886. kr. a.	1887. kr. a.	alls. kr. a.
		fluttar...	7,453. »	7,488. »	14,941. »
26.	2.	Póstflutningur	21,701. 85	21,730. 63	43,432. 48
27.	3.	Önnur útgjöld:			

	1886. kr. a.	1887. kr. a.			
a. endurgjald fyrir skrifstofukostnað póstmeistarans ...	1,000. »	1,000. »			
b. til sama fyrir ábyrgð á mistalningi 1 °/₀₀	508. 18	451. 24			
c. fæðispeningar og ferðakostnaður sama	»	244. 58			
d. fyrir prentun á ýmsu	728. 51	442. 20			
e. til áhalda	318. 77	860. 51			
f. 1 brjefberi í Reykjavík	50. »	50. »			
g. óviss útgjöld	306. 95	79. 65			
			2,912. 41	3,128. 18	6,040. 59
		alls...			64,414. 07

Samkvæmt svörum landshöfðingja uppá athuganir yfirskoðunarmanna við reikninginn 1886, 30. lið, og við reikninginn 1887, 27. lið, er á fjáraukalagafrumvarpi farið fram á fjárveiting á þessum upphæðum, er borgaðar hafa verið fram yfir það, sem veitt var: 1) póstflutningur 1886 og 1887: 3,101 kr. 85 a. + 3,130 kr. 63 a. = 6,232 kr. 48 a.; 2) fyrir prentun 1886 og 1887: 528 kr. 51 e. + 242 kr. 20 a. = 770 kr. 71 e.; 3) til áhalda 1887: 360 kr. 51 e.; 4) óviss útgjöld 1886: 156 kr. 95 a.

28—35. Kirkju- og kennslumál, sbr. fjárl. 13. gr.

A. Í þarfir andlegu stjettarinnar:

			1886. kr. a.	1887. kr. a.	alls. kr. a.
28.	a.	laun	8,432. »	8,432. »	16,864. »
	b.	önnur útgjöld:			
29.		1. til prestakalla samkvæmt lögum 27. febr. 1880, 1. gr.....	11,500. »	9,750. »	21,250. »
30.		2. til bráðabirgðar-uppbótar fátækum brauðum	4,365. »	3,700. »	8,065. »
31.		3. til nokkurra brauða í fyrverandi Hólastipti	611. 45	745. 05	1,356. 50
		flyt...	24,908. 45	22,627. 05	47,535. 50

		1886. kr. a.	1887. kr. a.	alls. kr. a.
	fluttar...	24,908. 45	22,627. 05	47,535. 50
32.	4. endurgjald handa prestinum að Goðdölum fyrir tekjumissi	20. »	»	20. »
33.	5. bráðabirgðaruppbót á Stóruvallaprestakalli	»	»	»
34.	6. viðbót við eptirlaun þau, er fátækir uppgjafaprestar og prestaekkjur fá samkvæmt lögum	3,000. »	3,000. »	6,000. »
35.	7. endurgjald handa biskupi fyrir skrifstofukostnað	1,000. »	1,000. »	2,000. »
			alls...	55,555. 50

B. Til kennslumála.

36—37. I. Prestaskólinn.

		1886. kr. a.	1887. kr. a.	alls. kr. a.
36.	a. laun	9,000. »	9,000. »	18,000. »
37.	b. önnur útgjöld:			
	1. húsaleigustyrkur handa 16 lærisveinum, 80 kr., handa hverjum .	1,280. »	1,280. »	
	2. 3 ölmusur	600. »	600. »	
	3. til tímakennslu .	100. »	100. »	
	4. til bókakaupa ..	300. »	300. »	
	5. til eldiviðar og ljósa	92. 96	81. 15	
	6. til umsjónar ...	100. »	100. »	
	7. ýmisleg útgjöld.	198. 04	185. 03	
		2,671. »	2,646. 18	5,317. 18
			alls...	23,317. 18

38—39. II. Læknaskólinn.

		1886. kr. a.	1887. kr. a.	alls. kr. a.
38.	a. laun	3,600. »	3,600. »	7,200. »
	flyt...	3,600. »	3,600. »	7,200. »

		1886. kr. a.	1887. kr. a.	alls. kr. a.
	fluttar...	3,600. »	3,600. »	7,200. »

39. b. önnur útgjöld:

	1886. kr. a.	1887. kr. a.			
1. 2 ölmusur, 200 kr. hvor.....	400. »	400. »			
2. eldiviður, ljós og ræsting.....	100. »	133. 30			
3. til bókakaupa og verkfæra.....	600. »	300. »			
4. ferðastyrkur handa læknaefnum.....	300. »	450. »			
5. húsaleiga handa 6 lærisveinum...	480. »	480. »			
6. þóknun fyrir tímakennslu í efnafræði.....	100. »	100. »			
7. ýmisleg útgjöld..	101. 22	102. 52	2,081. 22	1,965. 82	4,047. 04
				alls...	11,247. 04

40—43. III. Hinn lærði skóli.

		1886. kr. a.	1887. kr. a.	alls. kr. a.
40. a.	laun.....	18,200. »	18,200. »	36,400. »

41. b. aðstoðarfje:

	1886. kr. a.	1887. kr. a.			
1. handa Páli Melsted sem kennara í sögu.....	1,800. »	1,800. »			
2. handa söngkennaranum	700. »	700. »			
3. handa fimleikakennaranum.....	600. »	600. »			
4. handa dyraverði.	1,000. »	1,000. »			
5. til yfirumsjónar með skólahúsinu og áhöldum skólans.....	300. »	300. »	4,400. »	4,400. »	8,800. »
		flyt...	22,600. »	22,600. »	45,200. »

		1886.	1887.	alls.
		kr. a.	kr. a.	kr. a.
	fluttar...	22,600. »	22,600. »	45,200 »
42. c. önnur útgjöld:	1886. kr. a.	1887. kr. a.		
1. til bókasafns skólans	599. 88	600. »		
2. til eldiviðar og ljósa	840. 52	892. 65		
3. til skólahússins utan og innan...	964. 45	866. 45		
4. til tímakennslu..	1,055. 86	1,096. 20		
5. ölmusur	8,000. »	8,000. »		
6. þóknun handa lækni	100. »	100. »		
7. ýmisleg útgjöld..	1,248. 95	1,261. 36		
8. fyrir prestsverk..	48. »	48. »		
			12,857. 66	12,864. 66	25,722. 32
43. d. til aðalaðgjörðar á skólahúsinu			4,200. »	799. 14	4,999. 14
				alls...	75,921. 46

44—45. IV. Gagnfræðaskólinn á Möðruvöllum.

		1886.	1887.	alls.
		kr. a.	kr. a.	kr. a.
44. a. laun		6,600. »	6,600. »	13,200. »
45. b. önnur útgjöld:	1886. kr. a.	1887. kr. a.		
1. til bóka- og áhaldakaupa við kennsluna	399. 85	399. 95		
2. til eldiviðar og ljósa	526. 30	477. 30		
3. til skólahússins utan og innan...	129. 34	187. 22		
4. ýmisleg útgjöld..	353. 20	317. 80		
			1,408. 69	1,382. 27	2,790. 96
				alls...	15,990. 96

Samkvæmt athugunum yfirskoðunarmanna við reikninginn 1886, 31. póst og við reikninginn 1887, 28. póst, er á fjáraukalagafrumvarpi farið fram á viðaukafjárveiting á 103 kr. 20 a. + 67 kr. 80 a. = 171 kr. til ýmsra útgjalda við gagnfræðaskólann á Möðruvöllum.

46—50. V. Til annarar kennslu:

		1886. kr. a.	1887. kr. a.	alls. kr. a.
46. a.	til kvennaskóla	3,400. »	3,400. »	6,800. »
47. b.	til barnaskóla.....	3,000. »	3,000. »	6,000. »
48. c.	til alþýðuskóla.....	3,000. »	3,000. »	6,000. »
49. d.	til kennara í organslætti og sönglist, og til organsleikara við dómkirkjuna í Reykjavík.	1,000. »	1,000. »	2,000. »
50. e.	Til kennslu í stýrimannafræði í Reykjavik:			

	1886. kr. a.	1887. kr. a.		
1. til kennara.....	600. »	600. »		
2. til húsnæðis.....	200. »	200. »		
3. til áhalda	200. »	»		
4. styrkur til námspilta	200. »	200. »		
			1,200. »	1,000. » 2,200. »
			alls...	23,000. »

51—55. C. Ýmisleg útgjöld.

51. 1. Til landsbókasafnsins og fyrir umsjón með alþingishúsinu millum þinga:

	1886. kr. a.	1887. kr. a.
a. laun bókavarðar ..	1,000. »	1,000. »
launaviðbót fyrir hinn núverandi bókavörð.....	200. »	150. »
b. til aðstoðar við hinn núverandi bókavörð	500. »	375.
c. laun hans fyrir að hafa umsjón með alþingishúsinu og áhöldum í því milli þinga	100. »	100. »
d. til þess að semja bókaskrá.....	400. »	400. »
flyt...	2,200. »	2,025. »

		1886. kr. a.	1887. kr. a.	1886. kr. a.	1887. kr. a.	alls. kr. a.
	fluttar...	2,200. »	2,025. »			
	e. til bókakaupa.....	600. »	600. »			
	f. til eldiviðar og áhalda m. m.....	400. »	400. »			
	g. brunabótagjald fyrir safnið.....	88. »	»			
	h. til að útvega tvenna gluggahlera úr járni.....	»	181. 57			
				3,288. »	3,206. 57	6,494. 57
52.	2. til amtsbókasafnanna á Akureyri og Stykkishólmi.....			400. »	400. »	800. »
53.	3. til deildar hins íslenzka bókmenntafjelags í Reykjavík til að gefa út tímarit, sýslumannaæfir o. fl.....			1,500. »	1,500. »	3,000. »
54.	4. til þjóðvinafjelagsins.....			»	450. »	450. »
55.	5. til forngripasafnsins:	1886. kr. a.	1887. kr. a.			
	a. til forngripakaupa og áhalda	700. »	700. »			
	b. til umsjónar	200. »	200. »			
	c. til rannsóknar fornmenja.....	1,000. »	1,000. »			
				1,900. »	1,900. »	3,800. »
					alls...	14,544. 57

56. Til skyndilána handa embættismönnum og lögboðinna fyrirframgreiðslna, fjárl. 14. grein.

hafa gengið 1886	7,464 kr. 58 a.
1887	9,910 — 79 —
alls...	17,375 kr. 37 a.

57. Til eptirlauna og styrktarfjár, fjárl 15. gr.

hafa gengið 1886	35,066 kr. 52 a.
1887	36,003 — 38 —
alls...	71,069 kr. 90 a.

Eptirstöðvar eptir reikn. 1887: 1,097 kr. 22 a.

58—71. Til vísindalegra og verklegra fyrirtækja, sbr. fjárl. 16. gr.

			1886. kr. a.	1887. kr. a.	alls. kr. a.
58.	1.	Styrkur til kennara Þorvaldar Thóroddsens til jarðfræðisrannsókna og til að safna til jarðfræðislýsingar Íslands	1,000. »	1,000. »	2,000. »
59.	2.	Styrkur til gufubátsferða á Ísafjarðardjúpi.....	»	»	»
60.	3.	Styrkur til kennara Benidikts Gröndals til að halda áfram myndasafni yfir íslenzk dýr og til að semja þjóðmenningarsögu Norðurlanda	600. »	600. »	1,200. »
61.	4.	a. til ferðakostnaðar og þóknunar handa fiskifræðing Feddersen til að rannsaka laxár og laxveiðar á Suðurlandi og Vesturlandi.....	3,263. 61	»	3,263. 61
		b. styrkur til verklegs fiskiklaks	650. »	500. »	1,150. »
62.	5.	Styrkur til landlæknis G. Schierbecks til að rannsaka bráðapestina	400. »	»	400. »
63.	6.	Styrkur til læknis J. Jónassens til að kynna sjer í Englandi aðferð til að lækna sullaveiki.....	»	»	»
64.	7.	Styrkur til Björns Pálssonar til að smíða verkvjelar.....	500. »	»	500. »
65.	8.	Styrkur til Guðrúnar Waage til að læra sönglist	600. »	»	600. »
66.	9.	Styrkur til yfirdómara M. Stephensens og ritara J. Jenssonar til að gefa út alþýðlegt lagasafn.....	»	800. »	800. »
67.	10.	Til að gjöra við Rifsós í Snæfellsnessýslu.....	1,500. »	»	1,500 »
68.	11.	Styrkur handa framkvæmdarstjóra hins fyrirhugaða landsbanka til að kynna sjer bankastörf erlendis.....	1,000. »	»	1,000. »
69.	12.	Styrkur til Magnúsar Þórarinssonar til að fullkomna tóvinnuvjelar.....	500. »	»	500. »
70.	13.	Styrkur til cand. juris Páls Briems til að stunda íslenzk lög að fornu og nýju 1886.....	2,000. »	»	2,000. »
71.	14.	Til annara vísindalegra og verklegra fyrirtækja.....	3,918. 60	2,047. »	5,965. »
				alls...	20,879. 21

72. Til óvissra útgjalda, sbr. fjárl. 17. gr.

hafa gengið 1886	1,676 kr. 17 a.
1887	2,133 — 95 —
alls...	3,810 kr. 12 a.

73. Tillag til landsbankans og kostnaður við tilbúning seðla, sbr. fjárl. 19. gr. og lög nr. 14, 18. sept. 1885.

Til þessa hefur verið borgað 1886	16,627 kr. 72 a.

74. Gjöld samkvæmt fjáraukalögum, sbr. lög nr. 22, 2. nóvbr. 1885 og nr. 15, 4. nóvbr. 1887.

hafa verið 1886	880 kr. 08 a.
1887	10,310 — 03 —
Eptir reikningnum 1887 voru eptirstöðvar 2,233 kr. 66 a.	
alls...	11,190 kr. 11 a.

75. Afgangur, sbr. fjárl. 18. gr.

Sbr. að framan: tekjur, 23. lið.

Frumvarp

til

fjáraukalaga fyrir árin 1886 og 1887.

(lagt fyrir alþingi 1889.)

1. gr.

Sem viðbót við gjöldin í fjárlögunum fyrir 1886 og 1887 veitast 9,127 kr. 33 a. til gjalda þeirra, er nefnd eru í 2.—5. gr. hjer á eptir.

2. gr.

Sem viðbót við gjöldin í 10. gr. C. til ýmislegra útgjalda, er snerta umboðsstjórnina m. fl., veitast:

undir I. lið: til þess að gefa út stjórnartíðindi 1885	417 kr. 02 a.
— II. lið a.: til aðgerðar á Munkaþverár kirkju	226 — 66 —
	643 kr. 68 a.

3. gr.

Sem viðbót við upphæð 11. gr. 3. d. til náms yfirsetukvenna veitast fyrir 1886 792 kr. til þess að gefa út kennslubók í yfirsetufræði.

4. gr.

Sem viðbót við útgjöldin við póststjórnina í 12. gr. veitast:

undir 2. lið: póstflutningur	
1886	3,101 kr. 85 a.
1887	3,130 — 63 —
undir 3. lið: önnur útgjöld	
d. fyrir prentun á ýmsu	
1886	528 — 51 —
1887	242 — 20 —
e. til áhalda 1887	360 — 51 —
g. til óvissra útgjalda 1887	156 — 95 —
	7,520 kr. 65 a.

5. gr.

Sem viðbót við gjöldin í 13. gr. B. IV. til gagnfræðaskólans á Möðruvöllum veitast:

undir lið b. 4: ýmisleg útgjöld	
1886	103 kr. 20 a.
1887	67 — 80 —
	171 kr. „ a.

Athugasemdir við frumvarp þetta.

Hinar nauðsynlegu upplýsingar um fjárhæðir þær, er tilgreindar eru í undanfarandi greinum munu sjást sumpart á athugasemdunum við reikningslagafrumvarpið 1886—87 og sumpart á því, er landshöfðingi hefur svarað athugunum yfirskoðunarmanna landsreikninganna.

Frumvarp

til

fjáraukalaga fyrir árin 1888 og 1889.

(lagt fyrir alþingi 1889.)

Sem viðbót við gjöldin í þarfir andlegu stjettarinnar í 13. gr. A. b. (önnur útgjöld) á fjárlögunum fyrir 1888 og 1889 veitast:

322 kr. 28 a. í uppbót handa núverandi presti Hólma prestakalls í Suðurmúla prófastsdæmi, fyrir tekjumissi þann, er hann hefur beðið fardaga-árin 1886—87 og 1887—88, eptir að út komu lög 19. febr. 1886 um utanþjóðkirkjumenn.

Athugasemdir við frumvarp þetta.

Samkvæmt lögum 19. febr. 1886 staðfesti konungur 14. jan. n. á. kosningu prests fyrir hinn evangelisk lutherska utanþjóðkirkju söfnuð í Reyðarfirði, og bíður hinn núverandi sóknarprestur Hólma brauðs nokkurn tekjuhalla af því samkvæmt 16. gr. í nefndum lögum, og er það ekki aðeins sanngjarnt, að hann fái hallann bættan úr landssjóði, en stjórnarráðið álítur, að hann eigi jafnvel löglega heimting á því. Á fjárlagafrumvarpið fyrir 1890 og 1891 er nú tekin upp árleg fjárveiting til að bæta honum hallann fyrir það tímabil; þvínæst hefur tekjulækkun sú, sem hann hefur beðið undanfarin fardagaár með samþykki stjórnarráðsins þegar verið bætt honum úr landssjóði upp á væntanlega fjáraukaveiting, og nemur hún samkvæmt tilhlýðilega staðfestri reikningsuppgjörð 47 kr. 38 a. fyrir fardagaárið 1886—87 og 274 kr. 90 a. fyrir fardagaárið 1887—88. Þessar upphæðir, samtals 322 kr. 28 a., sem að ofan getur, er hjer farið fram á að fá veittar eptir á.

Frumvarp

til

laga um bann gegn eptirstæling peninga og peningaseðla og fl.

(lagt fyrir alþingi 1889.)

---

1. gr.

Það er bannað öllum öðrum en hlutaðeigendum rjettum, enda þótt eigi búi nein svik undir, að búa til þesskonar hluti, er fyrir lögun sína og annan frágang eru verulega

líkir að ytri ásýndum innlendum eða útlendum peningum eða peningaseðlum, ríkisskuldabrjefum eður öðrum skuldabrjefum eða hlutabrjefum, er hljóða upp á handhafa, og leigumiðum þeirra.

2. gr.

Svo er og bannað að flytja til landsins eða láta ganga manna á meðal hluti þá, er eigi má búa til hjer á landi samkvæmt 1. gr.

3. gr.

Brot gegn lögum þessum varða sektum, 10—200 kr., nema þyngri hegning sje við lögð í almennum lögum. Sektirnar renna í landssjóð. Hlutir þeir, sem í banni laga þessara hafa gjörðir verið eða fluttir til landsins, skulu upptækir gjörðir og ónýttir.

Mál, er rísa út af brotum á lögum þessum, skal fara með sem almenn lögreglumál.

Athugasemdir við frumvarp þetta.

Ákvæði frumvarps þessa svara að öllu leyti til hinna núgildandi dönsku laga 30. nóv. 1874, og hefur eptirstæling sú á peningum og seðlum, er þau eiga við, enn sem komið er ekki átt sjer stað á Íslandi. En síðan landsbankans seðlar komu í veltuna hafa nokkrir atvinnu-rekendur gefið út einskonar kröfumiða á mislitum pappír, er hljóða upp á tiltekna krónatölu. Þessir miðar eru nú að vísu svo útlítandi, að vart verður villst á þeim og gildandi peningaseðlum, en það er þó ekki eins dæmi, að alþýðumenn hafi blekkst á þeim. Stjórnarráðinu þykir þetta gefa sjer nóg tilefni til þess að leita ráða til þess að komast í tæka tíð í veg fyrir þau vandræði, er samfara eru reglulegum eptirstælingum, og fer því fram á það eptir tillögum landshöfðingja, að hin áðurnefndu lög Dana verði lögleidd á Íslandi. Hin einasta breyting, sem á þeim er gjörð, er það, að bætt er við ákvæði um, að sektir allar renni í landssjóð.

Frumvarp til laga

um

tekjur presta.

---

1. gr.

Offur, preststíund, lambsfóður, dagsverk og hið svonefnda lausamannagjald skal af numiðvera.

2. gr.

Hið almenna prestsgjald skal vera 3 álnir á landsvísu fyrir hvern mann, sem orðinn er 18 ára, enda sje hann eigi hreppsómagi.

Gjaldið skal hver greiða í því prestakalli, er hann á lögheimili í á gjalddaga. Nú tjáir maður sig lögheimili eiga í öðru prestakalli en því, er hann hefur aðsetur í á gjalddaga, og er hann þá skyldur að gefa þegar fullnægjandi sönnun fyrir því, greiði ella prestsgjald þar sem hann er; þó á hann heimting á að fá það endurgoldið, ef hann fyrir næstu veturnætur sannar, að hann hafi lögheimili átt í öðru prestakalli og þar prestsgjaldi lokið.

Undanþegnir þessu gjaldi eru utanþjóðkirkjumenn þeir, sem gjaldfrelsis njóta samkvæmt lögum 19. febrúar 1886, 16. gr.

3. gr.

Hver einhleypur maður skal greiða af hendi prestsgjald fyrir sjálfan sig; hver húsráðandi skal greiða gjaldið fyrir sig, skyldulið sitt og heimilisfólk.

4. gr.

Fyrir að skíra hvert barn utan guðsþjónustu skal greiða presti 3 krónur, fyrir að ferma hvert barn 8 krónur, og fyrir að gefa saman hver hjón 8 krónur. Fyrir barnsskírn við messugjörð og fyrir kirkju-innleiðslu skal enga borgun greiða.

5. gr.

Fyrir að kasta moldum á hvert lík skal greiða presti 3 krónur; sje hann beðinn að flytja eina ræðu eða fleiri, bera honum að minnsta kosti 4 krónur fyrir hverja þeirra. Þegar prests er vitjað til að skíra í heimahúsum, þjónusta sjúka eða flytja húskveðju, skal veita honum fylgd fram og aptur, svo og ókeypis flutning báðar leiðir, ef yfir sjó er að fara.

6. gr.

Borgun fyrir aukaverk eptir 4. og 5. gr., sem unnin eru fyrir þá, er þiggja af sveit, eða sökum fátæktar geta eigi sjálfir innt hana af hendi, skal greiða úr hreppssjóði eða bæjarsjóði, þar sem maðurinn á heimili, gegn endurgjaldi frá framfærsluhreppi hans, sje hann annar en dvalar-hreppurinn, Hið sama er og um prestsgjald þeirra manna, sem styrktir eru af hreppsfje, þótt þeir ráði sjer sjálfir.

7. gr.

Eindagi á hinu almenna prestsgjaldi er vetrardagur hinn fyrsti. Eindagi á gjaldi fyrir aukaverk er sá dagur, þegar verkið er unnið.

8. gr.

Allar tekjur presta eptir lögum þessum skal greiða í peningum, álnagjaldið eptir meðalverði allra meðalverða þeirrar verðlagsskrár, sem ræður á gjalddaga. Bresti gjaldanda peninga, má hann greiða gjaldið í innskript hjá þeim kaupmanni, sem hlutaðeigandi prestur tekur gildan, eða í þessum landaurum: sauðfjenaði, hvítri ull, smjöri, fiski og dún eptir verðlagsskrárverði, enda sje það eigi hærra en gangverð á gjalddaga.

9. gr.

Taka má prestsgjöld lögtaki, sjeu þau eigi greidd 8 vikum eptir gjalddaga, og hafa þau í 2 ár frá gjalddaga sama forgöngurjett, sem hin núverandi prestsgjöld hafa að lögum.

10. gr.

Þá er taka á tillit til fastra tekna prestakalla til þess að ákveða eptirlaun presta og prestaekna, skal telja hið almenna prestsgjald með föstum tekjum.

11. gr.

Lög þessi öðlast gildi fyrir hvert einstakt prestakall um leið og veiting fer fram á því í fyrsta sinn, eptir að það hefur losnað. Þó geta þau öðlazt gildi á brauðum fyrir þenna tíma, ef hlutaðeigandi prestur samþykkir það, og tveir þriðjungar safnaðarmeðlima þeirra, er gjalda eiga til prests eptir 2. gr. hjer á undan, greiða atkvæði fyrir því á almennum safnaðarfundi.

Athugasemdir við frumvarp þetta.

Á synodus, sem haldin var í Reykjavík 1886, kom fram tillaga frá hjeraðsfundinum í Norður-Ísafjarðarprófastsdæmi um breytingu á nokkrum tekjugreinum presta, og samþykkti synodus út af því að biðja stiptsyfirvöldin að leggja fyrir alla prófasta landsins að leita álita hjeraðsfunda um það, hvort mönnum þætti almennt þörf vera á breytingum á öllum eða nokkrum af þeim tekjum, er prestar nú njóta í laun, og ef svo væri, hvernig þeim þá ætti að haga. Á synodus 1887 komu fram tillögur um málið frá allflestum hjeraðsfundum, og var þá sett nefnd manna til þess að rannsaka og ræða framkomnar tillögur og til þess að hugleiða málið í heild sinni og koma fram með tillögur til annars fyrirkomulags, ef svo þætti við eiga, og hlutu þeir kosning í nefndina, prófastur í Gullbringu- og Kjósar prófastsdæmi Þórarinn Böðvarsson, dómkirkjuprestur Hallgrímur Sveinsson og prestaskólakennari Þórhallur Bjarnarson.

Um aðgjörðir nefndarinnar í málinu skal í heild sinni vísað til nefndarálits þess, er prentað er sem fylgiskjal aptan við lagafrumvarp þetta. Nefndin komst að þeirri niðurstöðu, að hin almenna óánægja með hina núverandi tilhögun á tekjum presta, er

mönnum þætti vera úrelt, óhaganleg og ósanngjörn í mörgum efnum, ætti við góð rök að styðjast; samdi hún því frumvarp til laga um tekjur presta og var það með nefndarálitinu lagt fyrir synodus 1888. Synodus fjellst á álit nefndarinnar og samþykkti frumvarpið í einu hljóði. Stiptsyfirvöldin sendu síðan landshöfðingja frumvarpið með beztu meðmælum sínum og beiddu hann sjá svo um, að það yrði lagt fyrir alþingi. Landshöfðingi hefur og fallizt á frumvarpið í heild sinni, en þó lagt það til, að því yrði breytt nokkuð.

Synodus-nefndin kemur hvorki í frumvarpi sínu við tekjur presta af kirkjujörðum, nje prestsmötu af útkirkjum, nje tekjur af fyrrverandi klaustrum, en fer hins vegar fram á að afnema flestallar aðrar tekjugreinir þeirra, sem eru preststíund, offur af fasteign og lausafje, lambsfóður, dagsverk og lausamannagjald, og að setja í stað þeirra eitt einasta almennt persónulegt gjald, er hver sóknarmaður 18 ára eða eldri skal greiða, og hefur þvínæst ákvæði um borgun fyrir einstök prestsverk, þau er aukreitis eru borguð.

Um hin einstöku atriði frumvarpsins skal vísað til nefndarálitsins og til þess er sagt verður hjer á eptir um hverja einstaka grein stjórnarfrumvarpsins. En að því er snertir málið í heild sinni, þá verður stjórnarráðið að vera nefndinni samdóma um það, að æskilegt væri að koma á umbótum, er afnemi ríkjandi ósanngirni og tryggi jafnframt prestunum betur tekjugreinir þær, er þeim eru ætlaðar til launa og geri innheimtu þeirra bæði einfaldari og hægari. Stjórnarráðinu hefur og yfir höfuð orðið að þykja stefna sú hentug, er nefndin hefur farið, en þykir þó hinsvegar allmikið áhorfsmál að gjöra svo gjörsamlegar breytingar á núverandi tilhögun, sem farið er fram á. Það hefur einkum mátt þykja vafasamt, hvort ráðlegt sje að fella niður jafn gamalt gjald og preststíundina af fasteign, sem menn eru orðnir svo vanir við, og hvort rjett sje yfir höfuð að tala að ljetta því af gjaldendum, án þess að í staðinn komi annað en þetta persónulega gjald, er ætlazt er til, að jafnt hvíli á öllum. En þótt nú þessi tormerki sjeu á bæði í þessu tilliti og að sínu leyti eins, að því er snertir ýms af hinum öðrum gjöldum, er farið er fram á að breyta, þá hefur stjórnarráðið þó þótzt geta gengið fram hjá þeim, bæði vegna þess, hve almenn óánægja er með gjöld þessi út um landið, og fyrir því, að áður umgetin yfirvöld landsins eru frumvarpinu öll meðmælt.

Um áhrif þau, er frumvarpið með hinni nýju tilhögun ber í skauti sjer, að því er snertir laun presta og gjaldskyldu þjóðarinnar, hafa bæði synodusnefndin og stiptsyfirvöldin haldið því fram, að mismunurinn á hinni núverandi og hinni fyrirhuguðu tilhögun verði í því tilliti ekki mikill. Það er að vísu svo að sjá á yfirliti því, er synodusnefndin hefur látið fylgja áliti sínu, og sem alþingi mun verða gefinn kostur á að kynna sjer, þar sem sýnd eru áhrif þau, er hinar fyrirhuguðu breytingar hafa á tekjur 10 brauða, er valin eru af handahófi, að tekjur presta muni hækka, og það töluvert á sumum brauðum, með hinu nýja almenna gjaldi, er ræðir um að koma á; en bæði er það, að nefndin hefur sjálf leitt athygli að því, að sveitarómagar eru taldir í fólkstölunni á yfirliti þessu, og minnka því að mun tekjuupphæðirnar, ef þeir eru frá taldir, þarsem þeir eiga að vera undanþegnir 3 álna gjaldinu, og hinsvegar hafa stiptsyfirvöldin tekið það fram, að það er eptir meðalalin, eins og hún var eptir verðlagsskrám fyrir 1875—76, að gjaldið er talið á yfirlitinu, en síðan hefur hún fallið um land allt um fulla 9 aura að meðaltali, og því næst, að af tekjum þeim, sem lagt er til að afnumdar sjeu, hafa dagsverk og lambsfóður hækkað í gjaldi um land allt síðan 1875, hið fyrra um 9 aura og hið síðara um 25 aura, og verður því, ef þetta er tekið til greina, mismunurinn á tekjum presta eptir hinum gamla gjaldmáta og þeim, er farið er fram á að innleiða, æðimiklu minni en á yfirlitinu er gjört ráð fyrir. — Það má og án efa gera ráð fyrir því, að þjóðinni yrði eigi í heild sinni neinn verulegur byrðarauki af hinu fyrirhugaða gjaldi, þótt það komi

til leiðar nokkurri breytingu á því, hvernig tekjurnar annars vegar skiptast niður á brauðin innbyrðis, og gjaldþyngslin hins vegar koma niður á einstaklingunum.

Samkvæmt áðursögðu er þá frumvarp synodusnefndarinnar í öllum verulegum atriðum lagt til grundvallar fyrir frumvarpi því, er lagt er fyrir þingið, og skal um hinar einstöku greinir geta þessa.

Um 1. gr.

Stjórnarráðið hefur, samkvæmt því, er landshöfðingi hefur lagt til, eigi þótzt geta fallizt á að halda hinni sjerstaklegu offurskyldu, er nú hvílir á embættismönnum, kaupmönnum og verzlunarþjónum. þegar af nema á allt annað offurgjald, virðist því það vera ósamkvæmni einber að halda þessu sjerstaklega offri, enda vera eigi í neinu samræmi við meginreglu þá, er nefndin sjálf byggir á breytingatillögur sínar, að með því að allir þroskaðir safnaðarlimir geti haft jöfn not af hinni almennu embættisþjónustu prestsins, eigi þeir að taka jafnan þátt í að launa honum. Þessi sjerstaka offurskylda yrði enn ósanngjarnari fyrir það, að offurskyldan er lögð á menn svo að segja af handahófi, þarsem hún hvorki er bundin við neina tiltekna eign nje tilteknar tekjur, án tillits til þess, hvaðan komi, heldur er lögð á tiltekna mannflokka í þjóðfjelaginu, hverra gjaldþol er eigi meira en margra annara, er til mætti nefna jafnhliða þeim. Það getur því síður verið neitt áhorfsmál að af nema þessa offurskyldu, sem því víkur svo við, að það yrðu einmitt þau brauð er mest mundu í missa við afnám hennar, sem um leið eru þau fólksríkustu og því mundu græða mestan tekjuauka á nýbreytingunni. Samkvæmt framansögðu hefur 1. gr. nefndarfrumvarpsins breytt verið, 4. og 5. gr. sleppt og gjörðar þær breytingar á hinum öðrum greinum, er þar af leiddu.

Um 2. gr.

Þessi grein er aðeins orðuð öðruvísi en í frumvarpi nefndarinnar.

Um 3. gr.

Í þessari grein er, einsog landshöfðingi hefur lagt til, að því leyti vikið frá frumvarpi nefndarinnar, að stjórnarráðið hefur ekki getað fallizt á að gjöra húsráðanda að skyldu að ábyrgjast greiðslu gjaldsins fyrir þá, er hafa aðsetur sem leigunautar, húsfólk eða lausafólk í húsi hans eða á landeign þeirri, er hann hefur umráð yfir, því að það virðist eigi hægt að byggja slíka ábyrgðarskyldu á því sambandi, er húsráðandi stendur í við þessa menn. Hinsvegar þykir hentugt vera og sanngjarnt að láta hann greiða gjaldið fyrir skyldulið sitt og heimilisfolk.

Um 4. og 5. gr.

Ákvæði þessara greina um borgun fyrir ýms aukaverk presta eru óbreytt tekin hjer upp eptir frumvarpi nefndarinnar og mega þau víst þykja sanngjörn og vel viðeigandi. Ekki þykir heldur neitt mæla mót því að af nema sjerstaka borgun fyrir kirkjuinnleiðslu og barnsskírn við messugjörð.

Um 6.—9. gr.

Fyrirmæli þessara gr. eru og óbreytt tekin eptir frumvarpi nefndarinnar, nema hvað sleppt er ákvæðinu um eindaga á offri. Ákvæði 8. gr. um það, að gjaldandi megi, ef hann brestur peninga, greiða gjaldið í innskript hjá kaupmanni eða í tilteknum landaurum, eru samkvæm 5. gr. í lögum 14. desbr. 1877 um skatt á ábúð og afnotum jarða og á lausafje.

Um 10. gr.

Hjer er aðeins gjörð orðabreyting á frumvarpi nefndarinnar til þess það verði eigi misskilið svo, sem frumvarpið gjöri ráð fyrir, að eptirlaun presta og prestaekna sjeu að jafnaði ákveðin eptir föstum tekjum brauðanna.

Um 11. gr.

Síðustu gr. nefndarfrumvarpsins verðum vjer að álíta óþarfa, því að flestöll gjöld þau, er menn vilja að af numin sjeu, hvíla á fornum venjum eða samþykktum, er erfitt mundi upp að telja, og er því engin ástæða til að taka fram sjerstaklega tilskipun 27. jan. 1847. Hinsvegar verðum vjer að ætla, að nauðsynlegt sje að hafa ákvæði í lögunum um gjaldmátaskiptin, hvenær hin gamla tilhögun hætti og hin nýja taki við. Bæði vegna safnaðanna og prestanna þykir oss rjettast vera, að hin nýja tilhögun komist ekki fyrr á en jafnóðum og brauðin losna, þó svo, að hún megi komast á fyrr á þeim brauðum, þarsem prestur og $^2/_3$ safnaðarlima gjaldskyldra eru samdóma um að óska þess.

Nefndarálit

í málinu um gjöld til presta.

Hin háttvirta Synodus kaus 4. júlí 1887 oss, sem ritum nöfn vor hér undir, til þess að ganga í nefnd og íhuga tillögur þær, sem komnar væru og væntanlegar væru frá héraðsfundunum víðsvegar um landið, viðvíkjandi því:

»hvort breytinga á öllum eða einstökum tekjugreinum presta mundi almennt þörf, og hvernig þeim þá ætti að haga«,

skyldum vér síðan kveða upp álit vort um málið og koma fram með þær tillögur, sem vér teldum hagfeldastar.

Vér höfum nú rækilega íhugað gögn þau, sem oss voru í hendur fengin, og beðið hinna væntanlegu skeyta frá héraðsfundunum, er eigi höfðu skýrslur sent, svo lengi sem oss tímans vegna þótti gjörandi; síðan höfum vér rætt málið á fundum, og skulum nú láta uppi álit vort um það.

Að því er skýrslur frá héraðsfundunum snertir, þá finnum vér því síður ástæðu til að gefa sundurliðað yfirlit yfir efni þeirra og tillögur hinna einstöku héraðsfunda, sem slíkt yfirlit yfir það, sem þá var komið, var í fyrra lesið upp á Synodus; en síðan er eigi annað komið en:

a. fundargjörðir með tillögum úr Eyjafjarðarprófastsdæmi;
b. fundargjörðir með tillögum úr Norður-Þingeyjarprófastdæmi;
c. skýrsla um, að fundur hafi eigi komizt á í Skagafirði; og
d. skýrsla um nefndarkosningu í Suður-Múlaprófastsdæmi.

Vér skulum þó stuttlega geta þess, að frá 12 héraðsfundum eru komnar ákveðnar tillögur; frá 3 skýrsla um nefndarkosningu, en eigi meira; frá 2 skýrsla um frestun málsins; frá 1 prófastsdæmi nefndarálit, sem eigi komst á héraðsfund; frá 1 skýrsla um að enginn fundur hafi orðið, og loks frá 1 ekkert orð af eða á.

Af tillögunum fara 5 fram á, að ráða frá öllum breytingum að sinni; þá eru 7 tillögur eptir, sem miða að breytingum, og eru þær á þessa leið:

4: Laun presta greiðist úr landssjóði, en til hans hverfi eignir kirkna að mestu eða öllu.

1: Sóknartekjur haldist óbreyttar en aukaverkaborgun með breytingum, en öll innheimtan felist umboðsstjórninni.

1: Lambsfóður haldist, svo og borgun fyrir aukaverk, nema fyrir skírn, aðrar fastar tekjugreinir afnemist, en í þeirra stað komi 2 ný gjöld: messugjald og óðalsgjald, en innheimta þeirra og aukateknanna felist umboðsstjórninni.

1. Föstu tekjurnar breytist í eitt gjald, en á aukaverkaborgun verði nokkrar breytingar.

Í allflestum fundargjörðunum koma fram margar og megnar kvartanir um ýmsa annmarka á hinni núverandi gjaldaskipun, svo sem að ýmsar tekjugreinir séu orðnar úreltar, ósanngjarnar og óhaganlegar, að þær séu óeðlilegar í sjálfu sjer og komi ranglátlega niður eptir gjaldþoli; að þær séu sumar óvissar sökum vantandi skýrra lagaákvæða og óhagkvæmrar innheimtu. Þessar kvartanir lýsa því, sem óneitanlega á sér stað: að mikil óánægja er orðin almenn með hina núverandi tilhögun á tekjum presta, og það bæði frá hálfu þiggenda og greiðenda. Þessi óánægja hefur og komið fram optar en einu sinni í tilraunum til breytinga í einstökum atriðum, þar sem þörfin á umbótum þótti brýnust, eigi sízt eptir að gagngjörð breyting var komin á gjaldagreiðslu til landssjóðs, í þá stefnu, að gjöra greiðsluna einfaldari, eðlilegri, ákveðnari og samkvæmari ástandi þessara tíma.

Þótt breytingartilraunirnar hafi eigi til þessa náð fram að ganga, þá hefur því sjaldnast verið mótmælt, að þörf væri á breytingum, heldur hinu optar verið borið við, að hentara væri, að breyta eigi einstökum atriðum, en bíða heldur þess, að málið í heild sinni yrði tekið fyrir til gagngjörðra umbóta.

Eins og það nú er samhuga álit vort, að hin almenna óánægja með hið núverandi ástand í þessu efni sé á góðum og gildum rökum byggð, og að verulegra breytinga því sé þörf, eins verðum vér að ætla, að tími sé til kominn að taka málið í heild sinni til íhugunar og umbóta á þann hátt, sem beztur verði fundinn. Vér könnumst einnig við, að þegar ræða skal um breytingar, er til umbóta horfi, á gjaldatilhögun til presta, þá ætti og bezt við að taka um leið til íhugunar annað náskylt mál, sem bæði í löggjöfinni og lífinu er þessu mjög samtvinnað, nefnilega: um nýja skipun á gjöldum til kirkna og um laun prófasta, því að svo má álíta, sem hér sé um 2 meginþætti hins sama aðalmálefnis að ræða. En með því að nefndin hafði eigi neitt umboð til að skipta sér af hinum síðarnefndu atriðum, var meiri hlutinn á þeirri skoðun, að nefndin ætti að leiða það mál hjá sér, og það því fremur sem starfatíminn var — eptir árangurslausa bið eptir mörgum vantandi skýrslum — orðinn harla naumur.

Það er og ætlandi, að kæmist hagfelld lögun innan skamms á tekjumál presta í heild sinni, og sú skipun þætti vel gefast, þá yrði vegurinn síðar greiðari til að koma fram æskilegum breytingum á teknatilhögun kirkna á líkum grundvelli. Væri þá biðin eigi til baga.

Skulum vér þá snúa oss að aðalumræðuefninu.

Það, sem gjörir hér breytingu að voru áliti æskilega og nauðsynlega, eru hinir mörgu og verulegu gallar á hinum núverandi tekjugreinum presta.

Fasteignatíundin, sem annars að mörgu leyti má kallast sanngjarnt gjald, hefur þann galla, að hún kemur harla misjafnt niður vegna þess gjaldfrelsis, sem kirkjujarðir og fornar stólsjarðir njóta; en gjöld með tíðum undanþágum eru aldrei heppileg.

Lausafjártíundinni má það til ógildis telja, að hún hvílir jafnt á skuldbundinni eign sem óskuldbundinni, og getur því orðið ósanngjörn álaga; auk þess miðast hún við framtal, sem hefur reynzt mjög óáreiðanlegt og margir telja siðspillandi.

Um lambsfóðrin er nokkur óvissa, hverjir þau eigi að gjalda, hvað mikil grasnytin þurfi að vera, er þau byggist á; þetta gjald hvílir og jafnt á hinni minnstu ábúð sem hinni mestu, og kemur því harla ójafnt niður. Fyrir prestana hafa og lambsfóðrin þann galla, að þótt sum fóðrin séu góð, þá eru önnur mjög léleg, og stundum eru fóðurlömbin rekin á prestinn í ótíma, þegar fóðrandi lendir í heyskorti, og geta þau þá orðið minna en einskis virði.

Offrið er að mörgu leyti mjög óákveðið gjald eptir núgildandi lögum; skýr ákvæði vanta um það, hverjir það eigi að greiða; upphæðin er og hin sama á hinum mesta gjaldstofni og hinum minnsta, á stórríkum fasteignamanni eins og á þeim bónda, sem á 20 hundruð að nafninu til í fasteign og lausafje, þótt hvorttveggja geti verið mjög veðbundið, — hin sama á hæstu embættislaunum sem á launum verzlunarþjóna. Auk þess er offrið stórum minna virði nú fyrir prestana heldur en upprunalega var ákveðið, því að 12 mörk í peningum voru fyrir 100 árum allt annað en 4 krónur eru nú.

Mest eru þó óneitanlega vandkvæðin með dagsverkin. Þar er gjaldskyldu-óvissan meinlegust, til óánægju jafnt fyrir presta og sóknarmenn, og kveður einkum mikið að því í kaupstöðum og sjóþorpum. Eins og dagsverkin eru of þungt gjald á vinnumanni, sem tíundar ½ hdr., en er öðrum háður, eins er það of létt á efnuðum útvegsbónda, sem heldur margt fólk og hefur stóran útveg, en á hvorki lambsfóður að gjalda né skiptitíund, svo að dagsverkið verður hans eina prestsgjald.

Hvernig þessum gjöldum nú ætti að breyta, um það hafa skoðanir manna verið margvíslega skiptar, enda er það mikið vandamál úr að ráða. Nokkrir hafa viljað halda lambsfóðrum og offrum, en afnema með öllu tíund og dagsverk, en aptur hafa aðrir ráðið til að afnema öll þessi gjöld. Oss hefur þótt tiltækilegast að halda offrinu, að því leyti sem það hvílir á embættislaunum og öðrum áþekkum launum svo og á verzlunarарði, en skipta því í 2 misjafnar upphæðir, til að koma meiri jöfnuði á, sömuleiðis að kveða skýrara á en gjört hefur verið, hverjir það eigi að greiða. Aptur hefur oss þótt rétt að afnema bændaoffur af fasteign og lausafé ásamt tíundinni, því oss virtust þessi gjöld alls eigi ná tilgangi sínum: að vera gjöld af eign og arði eptir sanngjörnum mælikvarða, þar sem meðal annars húseign í kaupstöðum nú hvorki ber offur eða preststíund, hversu mikil sem húseignin er, og mörg fjáreign kemur alls eigi til tíundar. En þessum misfellum og þeim, sem fyr er á minnzt, hugðum vér eigi auðvelt að útrýma með ákvæðum til breytinga. Dagsverk viljum vér og afnema, enda hafa og langflestar raddir kveðið upp úr með afnám þess, þótt öðrum tekjugreinum væri haldið.

Þegar til þess kemur, hvað koma skuli í stað hinna afnumdu gjalda: preststíundar af fasteign og lausafé, lambsfóðra, dagsverka og bændaoffra, svo og lausamannagjaldsins, sem fæstir prestar munu hafa krafizt, þá höfum vér í aðalefninu hallazt að uppástungu þeirri, sem komin er frá héraðsfundinum í Eyjafjarðarprófastsdæmi, og sem þar var gjörð af nefnd, sem fundurinn skipaði í 1 presti og 3 leikmönnum, og fundurinn síðan samþykkti án breytinga. Þessi uppástunga fer fram á, að ákveða eitt almennt prestsgjald, 3 álnir af hverjum sóknarmanni yfir 15 ára að aldri, sem eigi sé niðursetningur; skulu húsbændur greiða gjaldið fyrir sig og heimilisfólk sitt, en ábyrgjast það fyrir þá menn, sem séu í húsum þeirra eða landareign. Lík hugsun er komin fram í tillögum úr Norður-Þingeyjarprófastsdæmi, þar sem gjaldið er nefnt messugjald, og skyldi einungis koma í stað dagsverka og tíundar, og vera ákveðin álnatala, er búandi hver greiddi fyrir hvern fermdan heimilismann, er hjá honum væri missiri eða lengur. Sömuleiðis var því hreyft í Rangárvallaprófastsdæmi, ef breyta skyldi, að leggja gjald á húsráðendur eptir tölu verkfærra manna. Hugsunin, að láta prestsgjaldið vera persónugjald á sóknarmenn yfir höfuð, með nokkrum nauðsynlegum takmörkunum, hefur þannig komið fram á ýmsum stöðum; en undirstaðan er sú: að með því að hin almenna embættisþjónusta prestsins nái til allra sóknarmanna, og sérstaklega allir fermdir geti haft full nott guðsþjónustunnar, þá sé eðlilegt að presturinn fái tekjur sínar eptir tölu þroskaðra safnaðarlima; sé söfnuðurinn lítill, verði gjaldið eigi hátt samantalið, enda séu þá og embættisstörf prestsins yfir höfuð hægri og umsvifaminni; en sé söfnuðurinn stór, verði gjaldið hærra, sem samsvari umfangsmeiri störfum prestsins. Á þessa aðalhugsun höfum vér fallizt, og byggjum tillögur vorar á henni; en að því er aldurstakmarkið snertir, höfum vér álitið hagfelldast að fara sem næst miðja vega á milli þess, að miða við fermda og við verkfæra safnaðarlimi, og stingum upp á 18 ára aldurstakmarki. Hyggjum vér að 3 álna gjald á safnaðarlimi niður að 18 ára aldri, að niðursetningum frátöldum, muni á flestum stöðum fara nærri upphæð hinna afnumdu gjalda; styðjum vér þetta álit vort bæði á nákvæmum samanburði á þessum gjaldmáta og þeim, sem nú er, í ítarlegri skýrslu, sem komin er frá nefndinni í Eyjafjarðarprófastsdæmi, og sömuleiðis á útreikningi, sem vér höfum gert á ýmsum brauðum, samkvæmt síðustu tekjuskýrslum og fólkstalinu. Auðvitað er eigi unnt með neinum uppástungum eða neinum almennum mælikvarða að hitta svo nákvæmlega á, að enginn mismunur verði á teknaupphæðunum sem nú eru og þeim, sem mundu framkoma eptir breytingaruppástungunum. En það teljum vér mikinn kost á tekjuákvæðunum, að þau séu sem einföldust og ákveðnust og á öllum stöðum eptir sama mælikvarða, svo öllum gjaldendum sé ljóst, hvað gjalda beri, og hverjir gjaldskyldir séu. Eptir því sem vér komumst næst, munu upphæðirnar á flestum stöðum verða líkar, á nokkrum brauðum, einkum sveitabrauðum með hárri tíund, lítið eitt lægri eptir 3 álna gjaldinu, en aptur á nokkrum brauðum, einkum fólksmörgum brauðum við sjávarsíðuna, nokkrum mun frekari, enda þurfa mörg þeirra tekjuhækkunar við, sem þá kæmi vel niður, án þess að leggja þurfi á neina nýja kvöð, en einungis með gjaldajöfnuði eptir sanngjörnum og almennum mælikvarða.

Að húsbændur greiði gjaldið fyrir heimilisfólk sitt, þykir oss sjálfsagt; verður það þá tiltölulega þyngra á efnamanninum, sem hefur margt fullorðið fólk í heimili, og því samfara umfangsmikinn búskap eða stóran útveg, en aptur mjög létt á fátæklingum, sem eigi halda hjú; eigi fjölskyldumaður í hlut, verður gjaldið og létt á honum, á meðan börnin eru í ómegð, en eykst smám saman, ef hin uppkomnu börn verða kyr hjá foreldrunum, og mun það þykja sanngjarnt.

Það er til aukaverkanna kemur, höfum vér, í samræmi við flestar eða allar framkomnar tillögur, haldið hinni viðteknu aukaverkaborgun, þó með nokkrum breytingum. Skírnargjald viljum vér láta burtu falla, þegar skírt er í guðsþjónustu, svo og gjald fyrir kirkjuinnleiðslu, hvernig sem á stendur, því að hvorugt þetta bakar prestinum verulega fyrirhöfn; verður þá og eigi heldur sagt, að annað sakramentið sé selt, sem nokkra hefir hneykslað; kauplaus kirkjuskírn hvetur menn óbeinlínis til að takmarka heimaskírn meira en nú tíðkast, og hlýtur skírnin í kirkju ávallt að álítast hátíðlegri athöfn en í heimahúsum; með þessu ákvæði er og fátæklingum gefinn kostur á að sleppa við gjald, ef þeir vilja. Þegar skírt er í heimahúsum, opt með talsverðri fyrirhöfn fyrir prestinn, er 3 króna gjald nánast að skoða sem þóknun fyrir ferðina eða ómakið, og getur það eigi kallast hátt gjald. Með niðurfalli kirkjuinnleiðslugjaldsins verður skírnin framvegis eigi kostnaðarminni lausaleiksfólki heldur en giptum mönnum, sem hingað til hefur verið, en mjög svo ómaklega. Líksöngseyri látum vér sem næst halda sömu upphæð, sem nú er, með því að 3 krónur fara nærri 6 álnum; en um borgun fyrir umbeðna líkræðu eða húskveðju setjum vér skýrari ákvæði en verið hafa, og valdið ýmist óvissu eða óánægju. Nú ganga menn að því vísu, hver kostnaðarmunur þurfi að vera á útförinni, eptir því, hvert óskað er líkræðu eða eigi. Aptur höfum vér hækkað fermingargjald lítið eitt, og látið það vera 8 krónur, sem yfir höfuð mun vera hið minnsta, sem bjargálna menn nú greiða fyrir það verk. Við snauða menn er prestinum eins fyrir það innan handar að sýna tilslökun eptir ástæðum, og ætti honum eigi síður að vera trúandi til sanngirni í þeim efnum heldur en gjaldendunum, sem hin núgildandi miður heppilega löggjöf trúir fyrir allri sanngirninni, með gjaldtakmarkinu, sem að minnsta kosti sumstaðar er óhæfilega lágt, einkum fyrir hjónavígslu. Þennan bersýnilega galla, þar sem presturinn nú á að láta sér nægja með c. 3 kr. borgun fyrir embættisverk, sem er talsvert umfangsmeira en bæði skírn og grieptrun, og heimtar sérstaka ræðu þar á ofan, auk ferðar til útkirkna eptir atvikum, — þennan galla höfum vér viljað laga með ákvæðinu um 8 kr. borgun fyrir hjónavígslu, sem fyrir flesta menn kemur einungis einu sinni á æfinni, og mun þessi borgun alls eigi vera hærri en það, sem venjulegast er talin sæmandi borgun öðrum en öreigum. Eptir sem áður er þeim frjálst að greiða meira, sem efni hafa til þess og vilja.

Þá aðalbreytingu höfum vér gert á þessari aukaverkaborgun, að ákveða hana í peningum, sem eru hinn almenni löglegi gjaldeyrir; þessi mælikvarði virðist og liggja næst, þegar um aukaverkaborgun er að ræða. Eigi virðist þetta heldur geta valdið miklum breytingum á teknaupphæðinni yfir höfuð, þegar landaurareikningnum er haldið í hinu almenna prestsgjaldi.

Þá er eitt nýtt ákvæði, sem vér höfum sett, sem er um borgun úr hreppsjóði fyrir öreiga. Allar tillögur frá héraðsfundunum, sem á þetta minnast, álíta slíka ákvörðun sjálfsagða, enda hlýtur hún og að álítast svo eptir þeim ákvörðunum, sem nú gilda í samkynja málum. Það er sízt ástæða til, að prestar séu þeir einu, sem skyldaðir séu að lögum til að vinna kauplaust ákveðin verk, sem gjald annars á fyrir að greiða, þegar búið er að svipta þá verulegu gjaldfrelsi, sem þeir áður nutu. Þessa gjaldskyldu hreppssjóðsins þótti oss og rétt að láta ná til prestsgjaldsins, sem öreigar eiga að greiða, inni þeir það eigi sjálfir af hendi.

Margir hafa kvartað undan því, að eindagi á prestsgjöldum væri nú óhaganlega settur, þar sem hann nú á hinum verulegustu gjöldum eigi er fyrri en undir lok gjaldársins, og hafa álitið það mikla réttarbót, enda báðum málspörtum hentugra, að hann

væri settur fyr á árinu, helzt að haustinu. Þetta höfum vér tekið til greina, og sett gjalddaga á prestsgjaldi um veturnætur, en á offri um nýár.

Þá hefur mikið verið rætt um innheimtuna, og margir talið það þunga kvöð á prestinum, að hann nú verður að annast þessa óþægilegu og margbrotnu innheimtu á smáum og óvissum upphæðum hjá fjöldamörgum gjaldþegnum; menn hafa jafnvel talið þessa innheimtu óviðurkvæmilega, enda ósæmandi fyrir andlega stöðu prestsins, og sagt hana valda kala milli hans og sóknarmanna; hafa því viljað losa prestinn sem mest við innheimtuna, en fela hana öðrum, helzt umboðsstjórninni. Þótt vér nú játum, að þetta hafi við talsverð rök að styðjast, þá sjáum vér þó eigi, að aðalbreyting verði á þessu gjörð með góðu móti, eptir því sem ástatt er. Verði innheimtan falin öðrum, verður að greiða borgun fyrir hana, sem sumir hafa jafnvel gjört ráð fyrir að yrði 10 % af tekjunum, og við það rýrna tekjurnar tilfinnanlega. Á innheimtu sýslumanna á manntalsþingum eru veruleg vandkvæði, að minnsta kosti frá sjónarmiði gjaldendanna; innheimtu aukatekna sýnist naumast hugsandi að fela neinum öðrum en prestinum sjálfum, þótt einstöku raddir hafi heyrzt í þá átt; og verði hann nær því óumflýanlega að annast hana sjálfur, þá virðist og gjörlegt fyrir hann að heimta hin gjöldin inn: jarðaafgjöld, offur og prestsgjald, enda verður og innheimtan stórum mun auðveldari og brotaminni á prestsgjaldinu einu en á þeim 5—6 tekjugreinum, sem það kemur í staðinn fyrir. Til greiðari innheimtu miðar og ákvörðunin um ábyrgð húsráðenda fyrir leigunauta sína. Vér sjáum því eigi ráðlegt að skylda neinn, hvort heldur umboðsstjórnina, sóknarnefnd eða bæjarstjórn, með lögum til að heimta inn gjöld fyrir prestinn. En á sumum stöðum gæti eittkvað þessu líkt væntanlega komizt á með góðmótlegu samkomulagi, ef prestur væri áfram um það, og gegn sanngjarnri þóknun af launum.

Af öllu því, sem að framan er talið, mun hin háttvirta Synodus hafa séð, að vér höfum með engu móti getað fellt oss við þá tilhögun, sem eigi fáir héraðsfundir hafa farið fram á, sumir í beinum tillögum, sumir í óskum og skoðunum, sem þeir hafa lýst: að varpa allri ábyggjunni upp á landssjóð, afhenda honum allt eða mest kirkjufé, en fá aptur föst laun úr honum ákveðin handa prestunum. Auk þess sem vér sjáum litlar líkur til, eins og nú stendur, að landssjóður mundi fáanlegur til að taka á sig þessa byrði, þá efumst vér jafnvel um, að slík tilhögun mundi, þegar fram líða stundir, verða til hagsbóta fyrir prestastéttina sjálfa. Hafi menn eigi sjaldan talið það óhappalegt, að kirkjan á fyrri tímum lét svo mikið af eignum sínum renna í ríkissjóð, en varð jafnframt ósjálfstæðari en áður gagnvart ríkisvaldinu, sem þá átti að annast biskup og skóla, þá ættu menn að fara varlega í það að varpa burtu því efnalega sjálfstæði, sem enn er eptir, með því að afhenda kirkjufé, og vera síðan með öllu komnir upp á örlæti eða náð hins veraldlega valds. Slíkt sýnist og alveg gagnstætt þeirri stefnu, sem nú ræður: að veita söfnuðunum meiri hlutdeild í skipun sinna eigin mála (lög um stjórn safnaðarmála, um hluttöku safnaða í veitingu brauða, um umsjón og fjárhald kirkna o. fl.)

Vér sjáum og eigi, með hverju hagfeldu fyrirkomulagi landssjóður ætti að auka tekjur sínar fyrir því, sem laun prestanna mundu nema; auðvitað yrði hann að gjöra það með einhverjum nýjum álögum, sem hvorki mundu verða léttari eða vinsælli eða hægari í greiðslunni heldur en gjald það, sem vér förum fram á.

Eigi höfum vér heldur getað sannfærzt um, að niðurjöfnun einhvers ákveðins gjalds á hverja sókn eptir efnum og ástæðum, sem stungið hefur verið upp á, væri hentugur gjaldgreiðslumáti, í stað hinna afnumdu gjalda. Slík niðurjöfnun hefur ávallt verulega ókosti, og mun í raun og veru hvergi vera annað en illa þokkuð, og nærri því skoðuð sem neyðarúrræði. Við þá aðferð hyrfi og sá kostur, sem vér leggjum áherzlu á,

að gjaldið sé fast, óbreytilegt á þeim grundvelli, sem eitt sinn er ákveðinn. Vér gjörum ráð fyrir föstu álnagjaldi eptir manntali; þetta gjald er öllum auðreiknað; en niðurjafnaða gjaldið kæmi út í álnum og álnabrotum, sitt brotið hvert árið, og engum yrði gjaldið ljóst.

Við gjaldsamanburðinn á meðlögðum fylgiskjölum er það að athuga, að nýja gjaldið kemur út með nokkru meiri upphæð víðast hvar heldur en ætti að vera, sökum þess að niðursetningar eru með í fólkstölunni, og urðu eigi frá taldir vegna vantandi skýrslna um þetta atriði. Þar sem hið nýja gjald verður að verulegum mun hærra en hið fyrra, mun einmitt dragast talsvert frá fyrir sveitarlimi, og minnkar þá munurinn.

Þar sem eitthvert brauð biði verulegan halla við breytinguna, yrði að bæta, að minnsta kosti til næstu prestaskipta, þann halla á einhvern hátt. Væntanlega mundi mega leggja þá upphæð, er til þess þyrfti, frá einhverju því brauði, sem fengi helzt verulegan tekjuauka; en um þetta atriði gerum vér engar ákveðnar tillögur.

Samkvæmt framanrituðu höfum vér samið frumvarp það, sem fylgir hèr með.

Reykjavík og Görðum 4. júlí 1888.

Þórarinn Böðvarsson,
form.

Hallgrímur Sveinsson,
skrifari og framsögumaður.

Þórhallur Bjarnarson.

Frumvarp til laga

um

tekjur presta.

---

1. gr.

Offur af fasteign og lausafé, svo og preststíund, lambsfóður, dagsverk og hið svonefnda lausamannagjald skal vera afnumið.

2. gr.

Hið almenna prestsgjald skal vera 3 álnir á landsvísu fyrir hvern mann, sem lögheimili á í prestakallinu á gjalddaga og orðinn er 18 ára að aldri, enda sé hann eigi hreppsómagi.

Skyldur er hver sá sem hefir aðsetur í prestakallinu á gjalddaga, en telur sig eiga lögheimili annarsstaðar, að gefa þegar fullnægjandi sönnun fyrir því, greiði ella prestsgjald af hendi. Þó á hann heimting á að fá það endurborgað, ef hann fyrir næstu veturnætur sannar, að hann hafi lögheimili átt í öðru prestakalli og þar prestsgjaldi lokið. Undanþegnir þessu gjaldi eru utanþjóðkirkjumenn þeir, sem gjaldfrelsis njóta samkv. lögum 19. febr. 1886, 16. gr.

3. gr.

Hver einhleypur maður skal greiða af hendi prestsgjald fyrir sjálfan sig; hver húsráðandi skal greiða gjaldið fyrir sig, skyldulið sitt og heimilisfólk; hann skal og ábyrgjast greiðslu þess fyrir þá, er hafa aðsetur sem leigunautar, húsfólk eða lausafólk í húsi hans eða á landeign þeirri, sem hann hefir umráð yfir.

4. gr.

Sérhver embættismaður, sem nýtur launa eða eptirlauna, eigi minni en 1,200 kr., svo og hver kaupmaður og verzlunarstjóri, skal auk prestsgjalds eptir 2. grein, greiða sóknarpresti sínum offur, eigi minna en 10 krónur á ári hverju.

5. gr.

Sýslunarmenn, aðstoðarmenn við verzlun og aðrir menn í áþekkri stöðu, skulu auk prestsgjalds eptir 2. gr., greiða sóknarpresti sínum offur, eigi minna en 4 kr. á ári, hafi þeir í árleg laun 800 kr. eða meira og séu einhleypir.

6. gr.

Fyrir að skíra hvert barn utan guðsþjónustu skal greiða presti 3 krónur, fyrir að ferma hvert barn 8 krónur, og fyrir að gefa saman hver hjón 8 krónur. Fyrir barnsskírn við messugjörð og fyrir kirkjuinnleiðslu skal enga borgun greiða.

7. gr.

Fyrir að kasta moldum á hvert lík skal greiða presti 3 krónur; sé hann beðinn að flytja eina ræðu eða fleiri, bera honum að minnsta kosti 4 kr. fyrir hverja þeirra. Þegar prests er vitjað til að skíra í heimahúsum, þjónusta sjúka eða flytja húskveðju, skal veita honum fylgd fram og aptur, svo og ókeypis flutning báðar leiðir, ef yfir sjó er að fara.

8. gr.

Borgun fyrir aukaverk eptir 6. og 7. gr., sem unnin eru fyrir þá, er þiggja af sveit, eða sökum fátæktar geta eigi sjálfir innt hana af hendi, skal greiða úr hreppssjóði eða bæjarsjóði, þar sem maðurinn á heimili, gegn endurgjaldi frá framfærzluhreppi hans, sé hann annar en dvala-hreppurinn. Hið sama er og um prestsgjald þeirra manna, sem styrktir eru af hreppsfé, þótt þeir ráði sér sjálfir.

9. gr.

Eindagi á hinu almenna prestsgjaldi er vetrardagur hinn fyrsti; eindagi á offri er 31. desember; eindagi á gjaldi fyrir aukaverk er sá dagur þegar verkið er unnið.

10. gr.

Allar tekjur presta eptir lögum þessum skal greiða í peningum, álnagjaldið eptir meðalverði allra meðalverða þeirrar verðlagsskrár, sem ræður á gjalddaga. Bresti gjald anda peninga, má hann greiða gjaldið í innskript hjá þeim kaupmanni, sem hlutaðeigandi prestur tekur gildan eða í þessum landaurum: sauðfénaði, hvítri ull, smjöri, fiski og dún eptir verðlagsskrár verði, enda sé það eigi hærra en gangverð á gjalddaga.

11. gr.

Taka má prestsgjöld lögtaki, séu þau eigi greidd 8 vikum eptir gjalddaga, og hafa þau í 2 ár frá gjalddaga sama forgöngurétt, sem hin núverandi prestsgjöld hafa að lögum.

12. gr.

Þá er ákveða skal eptirlaun presta og prestaekkna, skal telja hið almenna prestsgjald og offur með föstum tekjum.

12. gr.

Með lögum þessum er tilskipun 27. Janúar 1847 1.—3. gr. 7. gr., og 6. gr., að því er til prestsgjalda kemur, úr gildi numin, svo og öll eldri ákvæði í lögum, tilskipunum og reglugjörðum, sem koma í bága við lög þessi.

Frumvarp til laga

um

að stjórninni veitist heimild til að selja jörðina Á í Kleifa hreppi.

(lagt fyrir alþingi 1889.)

---

1. gr.

Ráðgjafanum fyrir Ísland veitist heimild til að selja ábúendunum þjóðjörðina Á í Kleifa hreppi fyrir það andvirði, er nemi að minnsta kosti 850 kr.

2. gr.

Um sölu þessa skal farið eptir ákvæðum þeim, sem gjörð eru í 2. og 3. gr. í lögum nr. 26, 8. nóvbr. 1883.

3. gr.

Heimild sú, sem veitt er til sölu þessarar, gildir aðeins til 31. desbr. 1894.

Athugasemdir eru frumvarp þetta.

Frumvarp þetta styðst við alveg hinar sömu meginreglur sem lög 8. nóv. 1883, 8. jan. 1886 og 4. nóv. 1887 um heimild til þjóðjarðasölu eru byggðar á, og skal því vísað til ástæða þeirra, er fylgdu frumvarpinu til laganna 8. nóv. 1883, er það var lagt fyrir þingið. Báðir ábúendur jarðar þeirrar, er hjer ræðir um, hafa þegar beðið um að þá hana keypta. Lægsta söluverð er sett eptir því, sem umboðsmaður hefur stungið upp á, og bæði sýslunefnd og landshöfðingi hafa fallizt á. Álit sýslunefndar og umboðsmanns mun þinginu verða gefinn kostur á að kynna sjer.

Ákvæðið um tímagildi laganna samsvarar 3. gr. í lögunum frá 1886 og 1887.

Frumvarp til laga

um

stjórn og aga á íslenzkum verzlunar- og fiskiskipum, um brot farmanna og glæpi og um ráðning manna á skip o. fl.

I. Um stjórn og aga á verzlunar- og fiskiskipum.

1. gr.

Hásetar eiga að bera tilhlýðilega lotning fyrir skipstjóra og öðrum yfirmönnum sínum, veita áheyrn skipunum þeirra með athygli og gefa til kynna með hæfilegum, ljósum svörum, að þeir hafi skilið þær. Þeir skulu gjöra allt það, sem þeim verður sagt fyrir í þarfir skips og farms — í landi eður á skipi, í skipreikum og endranær, — og yfir höfuð að tala gegna því tafarlaust, er skipstjóri skipar fyrir og kemur við vinnu í þágu skipsins og reglu á því.

Hina sömu hlýðni eru þeir skyldir að veita bæði þeim manni, er í fjærveru skipstjóra eða veikindum gengur að öllu leyti í hans stað, og eins hverjum, sem falin hafa verið sjerstök störf eða forstaða í sjerstakri grein, innan takmarka þess valds, er hann til þess hefur fengið.

Hin sama hlýðnisskylda hvílir og á hinum óæðri yfirmönnum gagnvart sínum yfirboðnu og sjerstaklega skipstjóra.

2. gr.

Skipstjóri og aðrir yfirmenn eiga hinsvegar að fara sómasamlega með þá, er undir þeim standa og eptir mætti annast velvegnan þeirra. Einkum er það bannað, að beita við þá líkamlegri refsing; sjá þó 3. gr.

3. gr.

Nú vill einhver skipverja eigi hlýðnast einhverri skipan eður sýnir yfirmönnum sínum þrjózku eða mótþróa, og er þá skipstjóra eður í forföllum hans eða fjærveru þeim, er gengur í hans stað, heimilt að beita við hann valdi og þröngva honum til hlýðni.

Þegar í nauðir rekur, einkum þá er skip er í háska statt, eða þá er samblástur er með skipverjum eður þeir hafa í frammi ofbeldisfullan mótþróa, er það jafnvel leyfilegt að þrífa til hverra úrræða, sem vera skal og nauðsyn krefur, til þess að koma á reglu og auðsveipni, og eru þá allir skipverjar skyldir, jafnvel ótilkvaddir, að veita lið sitt þeim, er stjórn hefur á hendi.

Þeir, er mótþróa beittu, eiga engan kost á að koma fram ábyrgð fyrir tjón það, er þeir af þessu kunna að hafa beðið, ef sú verður raun á, að eigi hafi beitt verið meiru eður annarskonar valdi eða þvingun eða til frekari úrræða tekið, en atvik rjettlættu.

4. gr.

Þegar skipverjar, er búið er að kanna á skip, neita að ganga á skip, eða koma eigi til skips á tilteknum tíma, eða fyrirláta skipið uppá sitt eindæmi, þá getur skipstjóri á ábyrgð sína látið þröngva þeim með lögregluvaldi til þess að gegna skyldu sinni.

Ef einhver skipverja gjörir sig sekan í þvílíkri óhlýðni í útlendri höfn, þar sem skipaður er danskur verzlunarfulltrúi, þá er fulltrúi skyldur að veita skipstjóra aðstoð sína til þess, að hinum brotlega verði þar þröngvað til hlýðni fyrir tilstyrk yfirvalds.

II. Um yfirsjónir farmanna.

5. gr.

Fyrir þær yfirsjónir, er skipverjar drýgja, hefur skipstjóri vald til að láta þá sæta sektum þeim, er nú skulu taldar, en gæti þess jafnframt, er segir í 6. gr.:

1) 4 daga kaup fyrir ósæmilega hegðun gegn skipstjóra eða öðrum yfirmönnum og fyrir óhlýðni, nema honum hafi þegar í stað verið þröngvað til hlýðni á þann hátt, sem segir í fyrsta lið 3. greinar.
2) 2 daga kaup, ef maður hefur fengið leyfi til að fara í land og kemur ekki aptur á rjettum tíma, en þó samdægurs; fjórðungsmánaðar kaup ef síðar kemur. 4 daga kaup, ef maður fer í land í óleyfi og kemur þó aptur sama dag, en hálfsmánaðar kaup ef síðar kemur aptur.
3) 4 daga kaup, ef maður yfirgefur í leyfisleysi bát þann, er hann hefur verið sendur á í land.
4) fjórðungsmánaðar kaup, ef maður án leyfis flytur frá skipi fatnað sinn eða nokkuð til muna af honum.
5) hálfsmánaðar kaup, ef maður fyrirlætur stöðu sína við stýrið eða þann stað, er hann á að vera á varðbergi, eða komið er að honum þar sofanda eða ölvuðum.
6) 4 daga kaup, ef maður vanrækir varðstöðu sína eða aðra honum fengna vinnu, eða komið er að honum sofanda eða ölvuðum við hana.
7) fjórðungsmánaðar kaup, ef maður leynir út á skip brennivíni eða öðrum áfengum drykkjum.
8) hálfsmánaðar kaup, ef maður fer ógætnislega með eld eða ljós.
9) 2 daga kaup, ef maður hefur eldspýtur undir þilfari eða ljós kveykt eða lampa í hásetaklefa eptir þann tíma, er skipstjóri hefur til tekið.
10) 4 daga kaup, ef maður kveykir þrætu eða annan óróa úti á skipi eða við vinnu í þágu þess.
11) 1 dags kaup, ef maður lætur án leyfis ókunna menn koma á skip; 3 daga kaup, ef maður leynir ókunnum mönnum úti á skipi.

Fyrir stýrimenn má þyngja framangreindar sektir allt að helmingi, og allt að því ferfalda þær, ef um ítrekun er að ræða. Einnig má fyrir hina aðra skipverja tvöfalda sektirnar, ef um ítrekun brots er að ræða.

Samtals mega sektir hvers skipverja, sem teknar hafa verið af kaupi hans eða dregnar frá því við reikningsuppgjörð, ekki nema meiru en hálfu kaupi því, er hann hefur unnið fyrir á ferðinni.

Ef samið hefur verið um ákveðna upphæð í kaup fyrir alla ferðina eða tiltekinn aflahluta eða svo og svo mikið að tiltölu við aflann (aflaverðlaun), þá skulu sektir fara

eptir því mánaðarkaupi, sem venjulegt þótti vera á þeim stað og tíma, er skiprúmssamningurinn var gjörður.

Ef brot þess, er misgjörði, er þess eðlis, að hann eptir almennum lögum eigi að sæta opinberri málssókn, þá fellur hún ekki fyrir það burt, þótt skipstjóri hafi beitt hegningarvaldi sínu.

6. gr.

Nú vill skipstjóri beita hegningarvaldi sínu samkvæmt 5. gr. og á hann þá í viðurvist skipshafnar, eður að hjá verendum að minnsta kosti tveimur af hinum helztu meðal skipverja, ef um marga er að ræða, leiða hlutaðeiganda með ró fyrir sjónir ávirðing hans og brýna fyrir honum refsing þá, er hann ætlar að láta hann sæta, og því næst veita áheyrn vörn hans eða afsökun, er hann kann fram að bera. Þetta skal þó venjulega ekki gjört fyrr en liðnar eru 12 stundir frá því brotið var drýgt. Nú þykir skipstjóra vörn hans ónóg eða hefur hann ekkert fyrir sig að bera, og á hann þá þegar í stað, meðan vottarnir og hinn seki enn þá eru viðstaddir, eptir að 6. gr. þessara laga hefur lesin verið upp greinilega, að skrifa í dagbókina (eða, ef skipið hefur enga dagbók, í aðra af hlutaðeiganda dómara þartil löggilta bók) skýrslu um hina drýgðu yfirsjón og hegning þá, er hinn seki á að sæta, svo og um það, hvort hann hafi kannazt við yfirsjón sína eða hvað hann hafi sagt sjer til málsbóta. Skýrslu þessa skal því næst þegar upplesa greinilega og setur bæði skipstjóri og hinn seki nafn sitt undir, og þar á eptir vottarnir, er staðfesta það með undirskript sinni, að þeir hafi viðstaddir verið alla þessa gjörð og að allt það, er fram fór, sje rjett bókað. Nú vill sá eigi undirskrifa, er fyrir sektum varð, og skulu vottarnir þá taka það skýlaust fram, að hann hafi undan því færst, þótt á hann hafi verið skorað. Þyki skipstjóra sjerstakra orsaka vegna eigi ráðlegt að fresta athöfn þeirri, er nú hefur verið talað um, um áður tiltekinn tíma, þá skal frá því greint í bókinni, hvað til hafi komið.

7. gr.

Nú vill skipstjóri ekki beita hegningarvaldi því, er honum hjer að framan er heimilað, eða sje hann þegar búinn að beita þeirri hegning allri, er 5. gr. heimilar honum mesta, og er honum þá heimilt, er hann er heim kominn úr ferð sinni, að draga hlutaðeiganda fyrir lög og dóm fyrir athæfi sitt, og sætir hann þá sektum allt að 100 kr., ef hann reynist sekur, enda sje athæfi hans eigi þess eðlis, að þyngri hegning liggi við samkvæmt almennum lögum.

8. gr.

Nú vill sá, er orðið hefur fyrir hegning af skipstjóra, bera sig upp undan henni, og skal hann þá innan þriggja daga, eptir að hann er kominn á skipinu til einhvers staðar á Íslandi, þar sem skipa skal upp, kæra mál sitt fyrir rjetti, og má skipstjóri eigi neita honum um landgönguleyfi, svo sem þörf er á til þess. Ef þá reynist svo, að ákvæðum 6. greinar hafi eigi verið fylgt tilhlýðilega, eða að hegning sú, sem hann hefur verið látinn sæta, er meiri en heimilað er í 5. gr. fyrir yfirsjón þá, sem á hann er borin, skal ónýta úrskurð skipstjóra, jafnvel þótt kærandi hafi eigi borið þetta fram til stuðnings máli sínu; en skipstjóra er þá heimilt að láta kæranda sæta ábyrgð fyrir brot sitt eptir reglum 7. gr. En ef svo reynist að fullnægt hafi verið ákvæðum 6. greinar og að eigi hafi beitt verið meiri refsing en heimilað er í 5. gr., þá skal skipstjóri sýknaður og úrskurður hans standa, nema kærandi sanni það eða færi líkur að því, að beitt hafi verið hegning án þess að nægar ástæður hafi verið til þess; og skal þá úrskurðinn niður fella.

Nú fer hlutaðeigandi af skipí áður en skipað hefur verið upp úr því á einherjum stað á Íslandi, og það gjörist í einhverri höfn, þar sem skipaður er danskur verzlunarfulltrúi, og á fulltrúi þá að skera úr því, hvort farið hafi verið eptir 6. gr. og hegningu haldið innan þeirra takmarka, er 5. gr. setur. Nú sýnist honum að svo hafi verið gjört, og skal þá farið eptir úrskurði skipstjóra við viðskiptauppgjörðina, en hinum er engu að síður heimilt að lögsækja skipstjóra við dómstóla hjer á landi til ónýtingar úrskurði hans og endurborgunar á því, er af kaupi hans var tekið. Hið sama er um, ef hlutaðeigandi hefur farið frá skipi á þeim stað, þar sem engi fulltrúi er. Nú fellir verzlunarfulltrúi úrskurð skipstjóra úr gildi fyrst um sinn, og fer þá viðskiptareikningur eptir því; en skipstjóra er heimilt, eptir að hann er heim kominn, að láta hlutaðeiganda dómstól skera úr því, hvort úrskurður hans eigi að standa eða skuli ónýtast til fulls, og skal með það mál fara eins og segir í upphafi þessarar greinar.

9. gr.

Með mál þau, er ræðir um í 7. og 8. gr., skal farið eptir reglum þeim er gilda um lögreglumál, er einstakir menn höfða, nema hið drýgða brot sje þess eðlis að opinberri málsókn eigi að sæta eptir almennum lögum, og eiga þá við reglur þær, er þar um gilda.

10. gr.

Allar sektir eptir 5. gr. og 12. og 41. greinum hjer á eptir skulu ganga til einhverra þesskonar landsnytja, er stofnaðar sjeu í þarfir siglinga eða farmanna, eptir ákvæði landshöfðingja. Sektum eptir 5. gr. skal könnunarstjóri og í útlöndum verzlunarfulltrúi halda eptir af kaupi hlutaðeiganda, þá er viðskiptauppgjörð fer fram, þó ekki fyrr en skipstjóri hefur fengið kröfum sínum fullnægt, er koma ferðinni við. Þeir skulu þvínæst senda fjeð í hlutaðeiganda sjóð.

11. gr.

Hafi skipstjóri eða annar, er hans stöðu gegnir, misbeitt valdi sínu eptir 3. og 5. gr. þessara laga, svo sem með því að beita óþarfa hörku við skipshöfnina, beita hegning, án þess að hafa gætt þeirrar aðferðar, er segir í 6. gr., eða án þess að hafa nægan kunnleika á broti því, er drýgt hefur verið, eða hafi jafnvel gjört einhverjum vísvitandi rangt til, þá sæti hann refsing, sektum eða fangelsi, nema þyngri hegning liggi við samkvæmt öðrum lögum.

III. Um afbrot farmanna.

12. gr.

Fyrir að strjúka af skipi skal venjulega refsað með einföldu fangelsi, ekki skemur en 14 daga og ekki lengur en 3 mánuði. Þó má færa hegninguna niður í sektir, ekki lægri en 20 kr. og ekki hærri en 100 kr., ef strokumaður snýr sjálfviljugur aptur til skips, áður en það fer frá þeim stað. er hann strauk frá.

13. gr.

Nú eru fleiri saman um að strjúka eða gjöra það eptir samkomulagi, og skal þá eptir málavöxtum beita einföldu fangelsi í lengri tíma en segir í 12. gr. eða fangelsi

við vatn og brauð. Þegar heilar eða hálfar skipshafnir hlaupast frá skipum, eða þegar skipi verður sýnilegur háski eður tjón búið af stroku, þó eigi sje nema einstaks manns, þá getur hegningin jafnvel orðið fangelsi við vatn og brauð á hærra stigi, eða betrunarhúsvinna í 1 ár.

14. gr.

Ef maður er ekki kominn til skips, þegar það leggur á stað, eða ef maður er meir en tvo sólarhringa burtu frá því í leyfisleysi eða jafnlengi fram yfir þann tíma, er hann hefur leyfi til fengið, þá verður hann álitinn strokumaður og honum hegnt eptir því, nema hann til greini þau atvik, er gjöri það sennilegt, að hann hafi ekki ætlað að svíkjast úr þjónustu sinni.

15. gr.

Ef maður hleypur á burt með kaup sitt, skal honum hegnt sem fyrir svik, hvort sem hann áður var í vist kominn á skipið eður eigi, nema sennilegt sje eptir málavöxtum, að hann hafi ekki haft í ráði að taka undir sig ógunnið kaup, er honum hefur greitt verið fyrir fram.

16. gr.

Auk þess sem strokumanni er hegnt eins og áður segir, fyrirgjöri hann og unnu kaupi sínu og fjármunum, er hann á innan borðs, og eignast það útgjörðarmenn. Fái þeir ekki með því bætt tjón það, er þeir hafa beðið af stroku hans, er hann enn fremur skyldur til að endurgjalda þeim það, er eptir er óbætt.

Fái skipstjóri grun um, að einhverjir af skipshöfninni hafi í ráði að hlaupast á burt, þá er honum í utanríkishöfnum heimilt að taka fatnað skipsverja í sjerstaka gæzlu sína til þess að afstýra því.

17. gr.

Strokumenn er hlaupast á burt með ógunnið kaup, skulu sæta opinberri málssókn. En öðrum strokumálum fylgir hið opinbera ekki fram, nema skipstjóri eða útgjörðarmenn beiðist þess. Með þau mál skal þá fara eins og með opinber lögreglumál, þó svo, að ef til kann að koma að dæma strokumann í fangelsi við vatn og brauð eða í betrunarhúsvinnu, skal skipa honum sakarverjanda, ef hann aðspurður æskir þess.

18. gr.

Ef skipshöfn eða nokkur hluti hennar gjörir uppreisn til þess að ná stjórn skipsins á vald sitt, eða til þess að þröngva skipstjóra til þess að breyta stefnu skipsins eða til þess að gjöra eitthvað eða láta eitthvað ógjört af því, er til siglingarinnar kemur, eða ef skipshöfnin eða nokkrir úr henni setja sig í sameining með ofbeldi upp á móti því að framkvæma einhverja ályktan skipstjóra eður þess, er í hans stað hefur stjórn á hendi, þá skal forgöngumönnunum refsað, ef haft hefur verið í frammi ofríki við menn eða fjármuni manna, með hegningarvinnu allt að 6 árum, ef eigi liggur þyngri hegning við eptir málavöxtum, og hinum öðrum hluttakendum með fangelsi, ekki vægara en 3 mánaða einföldu fangelsi, eða með betrunarhúsvinnu allt að 2 árum. Hafi ekki verið haft í frammi ofbeldi við menn eða fjármuni manna, skal forgöngumönnunum refsað með fangelsi, ekki vægara en 3 mánaða einföldu fangelsi, eða með betrunarhúsvinnu allt að 2 árum, og hinum öðrum hluttakendum með fangelsi. En hafi upphotsmennirnir horfið frá samblástrinum

annað hvort af sjálfsdáðum eða eptir áskorun skipstjóra eða þess, er í hans stað gengur, eða án þess að óskundi hafi gjörður verið mönnum eða á fjármunum manna, skal aðeins refsa forgöngumönnunum með fangelsi, eða betrunarhúsvinnu allt að 1 ári.

19. gr.

Ef einhver úr skipshöfninni ræðst á skiptjóra úti á skipi eða í landi, með ofbeldi eða ógnun um ofbeldi, þá skal hann sæta fangelsi eða sektum, nema afbrotið sje svo vaxið, að þyngri hegning liggi við því.

Ef ráðist er þannig á skipstjóra eða þann, er í hans stað segir fyrir verkum, þegar þeir eru að gegna köllun sinni eða út af henni, eða það er gjört til þess að þröngva þeim til að gjöra, eða tálma þeim frá að framkvæma, eitthvert verk, er að köllun þeirra lýtur, þá skal hinum seku refsað með hegningarvinnu allt að 6 árum, eða fangelsi, þegar málsbætur eru, þó ekki vægara en 3 mánaða einföldu fangelsi, nema afbrotið sje svo vaxið, að þyngri hegning liggi við því.

Ef einhver úr skipshöfninni gjörir annars skipstjóra eða þeim, er gegnir stöðu hans, tálmanir í að gegna köllun sinni, skal honum refsað með fangelsi eða sektum.

20. gr.

Fyrir aðra glæpi en þá, er nú eru taldir, og á skipi eru drýgðir, skal hegningin ákveðin yfir höfuð eptir hinum almennu lögum.

21. gr.

Nú drýgir einhver skipverja glæp á skipi og skipið er ekki í höfn á Íslandi, og skal skipstóri þá, svo fljótt sem auðið er, halda bráðabirgða-rannsókn yfir hinum seka og yfir þeim af skipverjum eða farþegjum, er borið geta um verkið. Ef afbrotið er framið í höfn, en ekki á Íslandi, skal þetta þó því að eins gjört, að því sje jafnframt samfara brot á skyldum hans í þjónustu skipsins. Rannsóknina skal rita í bók þá, er ræðir um í 6. gr. eptir reglum þeim er þar segir.

Skipstjóri skal þvínæst, eptir því sem kostur er á, annast um það, að afbrotmaðurinn verði kyrr á skipinu, og getur hann byrgt hann inni eptir málavöxtum eða beitt öðrum ráðum til þess að halda honum á skipinu, en hann hefur ábyrgð á því, að eigi verði verr með hann farið en nauðsyn krefur.

Þegar skipið, eptir að glæpurinn hefur drýgður verið, kemur til danskrar hafnar eða í útlenda höfn, þar sem skipaður er danskur verzlunarfulltrúi, skal skipstjóri þegar eptir komu sína skýra lögreglustjóra eða fulltrúa frá glæpaverkinu, og fá þeim staðfest eptirrit af bráðabirgða-rannsókninni. Lögreglustjóri eða fulltrúi rannsakar þá málið og sker úr því, hvort afbrotamaður skuli látinn laus eða sendur heim, og ef það verður ofan á, skal hann sjá svo um, að hann verði sendur svo fljótt sem verða má annað hvort með sama skipi eða á annan hátt eptir málavöxtum.

Þegar öðruvísi stendur á en nú var sagt, er hægt hefur verið að fá glæpamann í hendur hlutaðeiganda yfirvaldi í dönskri eða útlendri höfn, skal skipstjóri þegar eptir heimkomu sína skýra embættismanni frá afbroti því, er framið hefur verið og láta fylgja staðfest eptirrit af bráðabirgða-rannsókninni.

Fyrir brot á fyrirmælum þessarar greinar skal skipstjóri sæta sektum alltað 100 kr., nema athæfi hans sje svo vaxið, að þyngri hegning liggi við eptir öðrum ákvæðum.

IV. Um kaup skipverja og fl. svo og um rjett þeirra til að fara úr skiprúmi, þegar sjerstaklega stendur á.

22. gr.

Þegar menn eru ráðnir á skip fyrir ákveðna ferð, þá eru þeir skyldir til að halda áfram að vera með því skipi, enda þótt það breyti ferð sinni eða lengi hana. En þegar liðin eru tvö ár að minnsta kosti frá því að skiprúms-samningar voru gjörðir og skipið er enn ókomið aptur til þess staðar, er menn voru á það ráðnir, eða þar sem samningar heimila þeim að ganga frá því, þá skal þeim heimilt vera að fyrirláta skipið í hverri höfn eða tryggu skipalægi, þar sem skipað er upp úr því, nema það eigi að fara þaðan beina leið heim til áður greindra staða. Sama rjett hafa og skipverjar, sem ekki hafa ráðnir verið til ákveðinnar ferðar, til þess að yfirgefa skipið, þegar tvö ár eru liðin.

Hinsvegar getur skipstjóri ekki, nema svo sje tilskilið í skiprúms-samningnum, sagt neinum skipverja upp vist mót vilja hans aðeins fyrir þá sök, að tvö ár sjeu liðin frá því, er samningur var gjörður, nema hann kosti heimför hans og borgi honum kaup, þar til er hann er heim kominn:

Eigi heimilar það neinum að fara úr skiprúmi að skipið skiptir um skipstjóra.

23. gr.

Ef einhver skipverja sannar það, að hann geti sjálfur fengið skip að ráða fyrir, þá má hann þegar ganga úr skiprúmi, ef hann setur annan í sinn stað, er vaxinn sje stöðu þeirri, sem hann hafði, eða borgar aptur kaup það, er hann hefur unnið fyrir, þó ekki fyrir lengri tíma en 6 mánuði.

Svo getur og sá stýrimaður sem ráðizt hefur sem háseti á skip, farið frá því þegar í stað, ef hann sannar, að hann geti fengið kaup sem fyrsti stýrimaður á öðru skipi, en setja skal hann annan í sinn stað, er vaxinn sje stöðu hans.

24. gr.

Sá, sem verður að vera með skipi á ferð, sem eigi var ákveðin fyrr en eptir að hann var ráðinn á það, hefur rjett á, þegar hann er búinn að vera ár í vist á skipinu, og þaðan af hvort missiri, að fá allt að því tvo þriðjunga af kaupi því, er álitið verður að hann hafi unnið fyrir, enda þótt vist hans sje enn þá eigi á enda; og skal hálft kaupið borgað honum í peningum og hinn helmingurinn annað hvort í peningum eða með ávísun uppá útgjörðarmenn, og ræður skipstjóri, hvorn kostinn velja skal.

25. gr.

Þegar samið hefur verið um ákveðna upphæð í kaup fyrir tiltekna ferð, og henni verður breytt svo að hún stendur lengur en gjört var ráð fyrir í skiprúms-samningnum, þá á skipverji sá, nema öðru vísi standi með berum orðum í samningnum, heimting á að fá jafnframt hinu tilskilda kaupi uppbót fyrir ferðarlenginguna, er talin sje eptir því mánaðarkaupi, sem algengt var á þeim stað og tíma, er skiprúms-samningur var gjörður.

26. gr.

Sömu uppbót á og skipshöfnin heimting á, þegar um til tekna upphæð er samið í kaup, fyrir þann tíma, er skipinu dvelst ferð, og hættir þó eigi við, fyrir sakir kyrrsetningar, fyrirgirðingar eða halds á skipi eða fyrir þá sök, að skipið hefur orðið að hleypa í höfn til aðgerðar eða uppskipunar, nema ferðin standi eigi fyrir það lengur en gjört var ráð fyrir, þá er gjörðir voru skiprúms-samningar. Hið sama er um þegar svo stendur á, að borga skal skipstjóra yfirlegu-peninga; er þá uppbótin fyrir þann tíma, er hann fær þesskonar borgun fyrir.

27. gr.

Ef skipverja er sagt úr víst á þeim stað, er ferðin skyldi hafin frá, fyrir því að hætt er við hana eða önnur ákvörðun tekin, þá á hann að fá kaup fyrir þann tíma, er hann hefur unnið fyrir kaupi, og um fram eins mánaðar kaup, og skal um hvorttveggja farið eptir því kaupi, er um var samið eða venjulegu mánaðarkaupi á þeim stað, er samningur var gjörður á. En ef hætt er við ferðina af því að skipið er fyrir slys orðið ósjófært eða fyrir stríð, fyrirgirðing eða hald, þá fær skipshöfnin ekki nema umsamið kaup eða venjulegt mánaðarkaup fyrir þann tíma, er hún hefur unnið fyrir kaupi.

Það, sem borgað kann að hafa verið skipverjum áður en hætt var við ferð, fram yfir það, sem nú var talið, er ekki apturkræft.

28. gr.

Þegar samið hefur verið um ákveðna upphæð í kaup fyrir tiltekna ferð, verður ekki dregið neitt af upphæð þeirri, þótt ferðin verði skemri en í skiprúms-samningnum til tekið.

29. gr.

Nú hefur breytt verið ferðalagi og skipið fyrir það lýkur ekki ferð sinni á þeim stað, er til var ætlazt, og á þá skipshöfnin heimting á að fá ókeypis heimferð, fæði eða hæfilega fæðispeninga þar í talda, á kostnað útgjörðarmanna. Sá, sem ráðinn er með mánaðarkaupi, fær það jafnframt þangað til heim er kominn; en þeir, sem ráðnir eru fyrir ákveðna upphæð í kaup fyrir alla ferðina, fá kaup eptir því, sem segir í 25., 26. og 28. gr., þannig að vist er að álíta lokið, er heim er komið.

30. gr.

Nú klekkist skipi á eða það verður hernumið og upptækt gjört, og á skipshöfnin þá heimting á kaupi til þess dags, er því klekktist á eða varð gjört upptækt, sem sje mánaðarkaupi því, sem um var samið eða, hafi samið verið um tiltekna upphæð fyrir alla ferðina, þá svo miklu, sem þeir hefðu átt kost á, ef um venjulegt mánaðarkaup hefði verið samið, þó ekki meiru en því, er um samið var fyrir ferðina, nema það leiði af því, sem segir í 25. og 26. gr.

Svo á skipshöfnin og heimting á að fá ókeypis far heim, þar í talið fæði eða fæðispeningar, á kostnað útgjörðarmanna, og hæfilega þóknun fyrir það er hún hefur unnið að björgun.

Þegar skip hefur verið hernumið, hefur skipstjóri þó rjett á að senda skipshöfnina heim, án þess að bíða þess, hvað af skipinu verði gjört, en hún á þá heimting á kaupi, þangað til heim er komið, nema skipið hafi áður verið gjört upptækt.

31. gr.

Nú hefur skipi klekkzt á og það hættir við ferð sína þar sem komið er á leið fyrir því, að það hefur laskazt svo mjög, að annað hvort verður eigi við það gjört eða að kostnaður við aðgerðina mundi nema meiru en virði þess eptir hana, þá á skipshöfnin aðeins heimting á að fá ókeypis heimferð, og kaup eins og hefði skipið strandað þann dag, þá er skipshöfninni er sagt upp vist fyrir því, að skipið sje ófært til áframhalds.

32. gr.

Nú sýkist eða slasast einhver skipverja og er sjálfum eigi um að kenna, og er hann eigi ferðafær, og fær hann þá umsamið kaup eða venjulegt mánaðarkaup fyrir þá daga, er hann hefur unnið fyrir kaupi. Ef hann sýkist eða slasast við vinnu sína í þarfir skipsins, á hann ennfremur að fá lækning og hjúkrun á spítala á kostnað útgjörðarmanna,

þó ekki lengur en um 4 vikur. Það sem honum hefur þegar greitt verið upp í kaup, er þá eigi apturkræft.

Nú sýkist maður eða slasast á leiðinni, og er honum eigi um að kenna, og skal honum þá hjúkrað á skipi, eða hann sendur í land til lækningar og hjúkrunar, ef það er gjörandi og á því þörf. Nú er hann eigi orðinn svo hraustur, er skipið fer þaðan er hann var fluttur í land, að hann verði hafður með, og skal skipstjóri þá annast um að haldið verði áfram að veita honum aðhjúkrun í landi, og þegar þar að kemur, sendur heim, hvorttveggja á kostnað útgjörðarmanna. Hinn sjúki skal halda kaupi sínu meðan hann er við skipið. En verði að skilja hann eptir í landi, fær hann umsamið eða venjulegt mánaðarkaup, eptir því, hvort hann er ráðinn með mánaðarkaupi eða fyrir tiltekna upphæð, til þess dags er skipið fer frá þeim stað, þar sem hann verður eptir, en þó ekki meir en umsamið var fyrir ferðina, nema það sje heimilað í 25. og 26. gr.

33. gr.

Nú deyr einhver skipverja eptir að ferð er hafin, og annast þá skipstjóri útför hans. Kaup hans til dauðadags, sem fer eptir því, er umsamið var eða venjulegu mánaðarkaupi, skal borga í bú hans eða til erfingja, að frá dregnum nauðsynlegum útfararkostnaði.

34. gr.

Nú sýkist maður og er sjálfur valdur að, og er skipstjóri engu að síður skyldur til að útvega honum lækning og hjúkrun, hvort heldur er á skipi eða á ókunnum stað, og borga út fje fyrir fram til þess á ókunnum stað, eins og þörf er á; en kostnað af þessu svo og af því, að orðið hefur að fá annan í hans stað, má borga af kaupi hans, meðan það hrekkur.

35. gr.

Nú er maður sjúkur, er skipið kemur heim og er eigi sjálfur valdur að, og á hann þá að fá lækning og aðhjúkrun á spítala í allt að 4 vikur á kostnað útgjörðarmanna.

36. gr.

Nú reynist einhver úr skipshöfninni ónýtur til þess starfa, er hann hefur ráðizt til, og getur skipstjóri, ef það sannast með áliti tveggja hinna helztu af skipverjum að svo sje, minnkað kaup hans allt að helmingi, en þess skal jafnframt gætt, að ástæður fyrir áliti þeirra og úrskurður skipstjóra verði með nákvæmni ritaður í bók þá, er 6. gr. ræðir um, og það síðan upplesið fyrir hlutaðeiganda í áheyrn vottanna, og riti þeir því næst allir undir það nöfn sín. Nú vill sá eigi undir skrifa, er úrskurðurinn er um, og eiga þá vottarnir að geta þess í bókinni, að honum hafi verið veittur kostur á því.

Um það, hvernig hlutaðeigandi geti borið sig upp undan þessum úrskurði, og um afleiðingar af þeirri kæru fer eptir því, sem segir í 8. gr., þannig að það, sem þar segir um afleiðingar af því, að brotið hefur verið gegn fyrirmælum 6. gr., á líka við þegar fyrirmælum þessarar, 36. greinar hefur eigi fylgt verið tilhlýðilega.

37. gr.

Því, sem sparast af kaupi við það, að skipverjum fækkar á leiðinni, skal skipt milli hinna annara í skipshöfninni (að skipstjóra undanskildum), að tiltölu við kaup hvers. Þó á þetta sjer eigi stað, þegar stroka veldur fækkun.

38. gr.

Þegar skip liggur við land, og skipverjum er fengið starf á sunnudögum og öðrum helgidögum fram yfir venjulega vinnu að því að halda skipinu hreinu, þurka segl, gegna nauðsynlegum bátstörfum, tilbúa mat og hagræða eptir þörfum skipinu til tryggingar gegn hættu, þá skal borga þeim það með ½ dags kaupi fyrir hverja tveggja stunda vinnu.

39. gr.

Þá er í undanförnum greinum ræðir um heimför skipverja eða heimsending, þá á skipstjóri kost á að velja hvort heldur hann vill þann stað, þarsem skiprúms-samningar fóru fram, eða annan stað, er hann eptir samningnum átti kost á að láta þann, er heim skal fara eða sendast, fara úr skiprúmi.

V. Almenn ákvæði.

40. gr.

Landshöfðingi semur reglugjörð um viðurværi skipshafnar.

Landshöfðingi segir og fyrir um, hver læknislyf skuli vera á skipinu og hve mikið af þeim.

41. gr.

Lög þessi prentuð og reglugjörðin um viðurværi skipshafnar skulu vera á hverju íslenzku skipi til leiðbeiningar og eptirbreytnis fyrir alla þá, er hlut eiga að máli.

Ef skipstjóri sýnir af sjer skeytingarleysi í þessum greinum, sætir hann sektum, 10 til 100 kr.

Athugasemdir við frumvarp þetta.

Eptir því sem fjölgar þeim skipum, sem skrásett eru á Íslandi, verður þörfin á lögum, hvað siglingar snertir, æ tilfinnanlegri; en af lögum þeim, sem stjórnin, til þess að fullnægja þessum þörfum, ber upp frumvörp til fyrir alþingi í sumar, er að ætlan hennar hvað mest þörf á þeim, er ræðir um í þessu frumvarpi. Það er deginum ljósara, að hjer er þörf á sjerstökum fyrirmælum, ef hægt á að vera að halda við þeirri stjórn og þeirri hlýðni hinsvegar af hálfu háseta, er hvergi er nauðsynlegri en á skipum. Það er ekki á valdi skipstjóra, eins og bústjóra á landi, að leita þegar yfirvalds aðstoðar, þá er hásetar sýna honum þrjózku eða mótþróa, og hann verður því að hafa vald til þess að geta sveigt menn þegar í stað til hlýðni þeirrar og anðsveipni, sem líf og velfarnan opt er undir komin. En því næst verður hann að hafa refsingarvald. Það er, einkum á langferðum, ekki nóg að hann geti þröngvað óhlýðnum manni til hlýðni. Á skipi geta opt hent stærri eða smærri yfirsjónir og ávirðingar, er brjóta niður nauðsynlega stjórn og aga og stofna skipinu í hættu, og sem með dæmi sínu geta haft ill áhrif jafnvel á hina betri menn í skipshöfninni, ef þeim er ekki haldið í skefjum í tæka tíð. Fyrir þesskonar yfirsjónir verður skipstjóri þegar á skipinu að geta refsað mönnum.

Til þess nú að koma til leiðar ákvæðum þeim, er nauðsyn er á í þessum efnum og sem stendur vanta algjörlega á Íslandi, verður hentast, einsog landshöfðingi hefur líka ráðið til, að lögleiða þar lög Danmerkur 23. febr. 1866 um stjórn og aga á verzlunarskipum o. fl., því að ákvæði þeirra laga virðast í öllu verulegu að munu eiga við á Íslandi, þar sem um svo samkynja mál er að ræða. Jafnvel ákvæðin í 4. þætti laganna um kaup, sem vjer ætlum að líka muni eiga við á Íslandi, hefur þótt rjettast að taka upp í frumvarpið. Að vísu er svo, að þau efnisskipunar vegna ættu betur við í frumvarpi því um að ráða menn á skip, sem líka verður lagt fyrir þingið, en bæði er það æskilegt í sjálfu sjer, að safnað sje í ein lög, sem handhæg sjeu til að grípa á sjóferðum, hinum verulegustu ákvæðum um stöðu skipstjóra og skipverja hvors til annars, og svo er það líka vegna aðstoðar þeirrar, sem ætlazt er í frumvarpinu til af hálfu verzlunarfulltrúanna og annara, hagkvæmt, að eigi sje vikið meir en þörf er á frá hinni dönsku löggjöf, einkum einmitt að því er til efnis-niðurskipunar kemur.

Um ákvæði hinna einstöku greina, einkum að því leyti að vikið er frá hinum dönsku lögum skal þessa getið:

Með því að bæta við fiskiskipum í fyrirsögn laganna hefur ætlazt verið til, að þau nái einnig til þeirra.

I. Um stjórn og aga á verzlunar- og fiskiskipum.

Allur þessi kafli er óbreyttur tekinn eptir hinum dönsku lögum; eru þar ákvæði um hinar almennu skyldur skipshafnarinnar, sjerstaklega hlýðnisskylduna, og um vald skipstjóra til að þröngva mönnum til hlýðni. Að því er sjerstaklega snertir 4. gr. um það, er sjómönnum verður þröngvað til þess að ganga á skip, þá er það samkvæmt því, sem algengt er, að siglingaþjóðir hafa komið sjer saman um.

II. Um yfirsjónir farmanna.

Um 5. gr.

Brot þau, sem talin eru upp í þessari grein eru þau, sem almenn reynzla er fyrir að rjettast sje að veita skipstjóra vald til að refsa. Það getur víst ekki komið til greina að fela fleirum en skipstjóra dómsvaldið á hendur, því að það mundi án efa miklu fremur veikja en styrkja stjórn innan borðs að fela það dómsnefnd á hendur.

Eptir tillögum landshöfðingja hefur í næstsíðasta kafla greinarinnar, þar sem tekin er upp ákvörðun hinna dönsku laga um það, hvernig reikna skuli sektir, sem eru ákveðnar að tiltölu við dags- eða mánaðarkaup hlutaðeiganda, þegar svo stendur á, að samið hefur verið um tiltekna upphæð í kaup fyrir alla ferðina, bætt verið við því fyrirmæli, að hinni sömu reglu skuli fylgt, þegar kaupið er miðað við tiltekinn aflahluta eða að tiltölu við hann (aflaverðlaun).

Um 6. og 7. gr.

Í 6. gr., þar sem eru reglur um hina formlegu aðferð, er skipstjóri skuli fara eptir, þá er hann beitir hegningarvaldi sínu, og í 7. gr., þar sem segir um það, ef skipstjóri vill eigi beita því valdi, er ekki vikið frá hinum dönsku lögum í öðru en því, að sleppt hefur verið tilvísun til tiltekinna danskra valdsmanna.

Um 8.—11. gr.

Akvæði þessara greina um aðferð þá, sem sá, er fyrir hegning hefur orðið af skipstjóra, skal fylgja, er hann vill bera sig upp undan henni, og um ábyrgð skipstjóra, og í hvaða sjóð sektir skuli renna, eru og samhljóða hinum dönsku lagaákvæðum. Landshöfðingja er ætlað að ákveða um það, eins og um allt annað, sem í hinum dönsku lögum er falið stjórnarráði innanríkismálanna á hendur, hverjar landsnytjar eigi að njóta sektanna.

Hvað sjerstaklega snertir það ákvæði í 8. gr., að kæranda beri að sanna það að skipstóri hafi beitt við hann hegning án þess að nægar ástæður hafi verið til þess, þá er víst auðsjen nauðsynin á slíkri akvörðun, þar sem það væri svo að segja hið sama sem að neita skipstjóra um allt hegningarvald, að haga því svo að láta þann, sem orðið hefur fyrir refsing af honum, geta látið sönnunarskylduna lenda á skipstjóra aðeins með því að skjóta máli sínu til dómstólanna.

III. Um afbrot farmanna.

Þessi þáttur er um regluleg afbrot, er sjómenn drýgja, og skiptast þau í tvo flokka, sem sje þau afbrot, er sjerstök eru fyrir sjómenn, — stroka frá skipi, uppreisn, mótþrói og þesskonar háttsemi gegn skipherra eða öðrum þeim er stjórn hefur á hendi, — er gjöra verður um sjerstök hegningarákvæði, og þeir glæpir, sem ekki er ástæða til að hegna öðruvísi en ákveðið er í almennum lögum, enda þótt sjómenn drýgi þá úti á skipi eða í skips þjónustu.

12—19. gr.,

sem eru um þau afbrot, sem sjerstakleg eru fyrir sjómenn, eru teknar óbreyttar eptir hinum dönsku lögum, nema hvað öðrum kafla 16. greinar um vald til þess að »afstýra stroki« með því að taka fatnað skipverja í varðveizlu sína, eru að ráði landshöfðingja þau takmörk sett, að hann með berum orðum heimilar skipstjóra því að eins vald til þess, að hann fái grun um, að einn eða fleiri úr skipshöfninni hafi í ráði að strjúka.

Til þess að halda uppi stjórn og reglu á skipum hefur þótt nauðsynlegt að telja til þessa flokks þann glæp að ráðast á skipstjóra með ofbeldi (19. gr.), og láta það varða þyngri hegning en vanalegt er fyrir ofbeldi.

Um 21. gr.

Í fyrsta kafla þessarar greinar er á líkan hátt og í hinum dönsku lögum gjörður greinarmunur á, hvort afbrotið er framið í íslenzkri höfn, á siglingu utan hafnar eða í höfn í útlöndum. Þegar afbrotið er framið í íslenzkri höfn, þykir ekki vera ástæða til að bregða frá hinum almennu reglum um meðferð á glæpamálum, og í stað þess láta við hafa aðferð þá, er greinin getur um. Þegur afbrotið er drýgt á siglingu, eiga, hversu sem brot er vaxið, ákvæði hennar við um bráðabirgða-rannsókn skipstjóra og um skyldu hans til þess að láta afbrotamanninn ekki komast undan. Sje afbrotið drýgt í höfn í útlandi, þykir því að eins vera ástæða til að beita fyrirmælum greinarinnar, að í glæpnum felist jafnframt brot á sjerstökum skyldum hlutaðeiganda í þjónustu skipsins, en ef aðeins er um almennan glæp að ræða, er hegningarlög og lögsóknarvald hlutaðeiganda ríkis nær til, þykir rjettast vera, at láta yfirvöld þarlend hlutast til um málið.

Í 3. kafla greinarinnar er samkvæmt hinum dönsku lögum segir, að skipstjóri skuli í útlendri höfn skýra hinum danska verzlunar-fulltrúa, er þar er, frá drýgðum glæp og hann síðan halda rannsókn o. sv. frv., er farið fram á að rýmka svo til, að þessi fyrirmæli eigi líka við þá, er skipið kemur í danska höfn, þannig að það verður þar lögreglustjóri, er hlutast til um málið. Það virðist sem sje sanngarnt, þegar svo stendur á, að það varir lengi áður en skipið kemur til lands, að hlutaðeigandi verði eigi inni byrgður eða hafður í gæzlu lengur en nauðsyn krefur, og eigi það því ekki að tálma því, að hann fái mál sitt rannsakað og ákvörðun gerða um það, hvort hann verði látinn laus eða sendur heim, að skipið hefur á leiðinni komið í danska og ekki í utanríkis höfn. Hefur dómsmálastjórnin skrifazt á um málið við stjórnarráð Íslands og tjáð sig fúsa til að láta boð út ganga til lögreglustjóranna um það, að þeir takist þetta á hendur, ef frumvarp þetta verður að lögum og að því tilskildu, að hið sama verði gert af Íslands hálfu, að því er dönsk skip snertir.

IV. Um kaup skipverja o. fl., svo og um rjett þeirra til þess að fara úr skipsrúmi, þegar sjerstaklega stendur á.

Þessi kafli er allur tekinn óbreyttur eptir hinum dönsku lögum, nema hvað felld er úr 40. gr. þeirra, þar sem ákvæði hennar eru tekin upp í frumvarpið um að ráða menn á skip, og er eins í Danmörku að hún er felld úr gildi og í hennar stað komin önnur ákvörðun. Þá er samin voru fyrrum fyrirmæli hinna dönsku laga, þau er ræðir um, var einkum höfð hliðsjón af hinum norsku lögum 24. Marz 1860.

Um 22. gr.

Í þessari grein er skipverjum heimilaður rjettur til þess eptir tiltekinn tíma frá því, er skiprúms-samningar voru gjörðir, að fara úr skipsrúmi á höfn hverri eða tryggu lægi, er skipað er upp, en eigi hefur þó þótt rjett að heimila þeim það, þegar skipið ætlar beina leið þaðan heim til þess staðar, er menn voru ráðnir á það eða þeir eiga að fara úr skipsrúmi; því að þegar svo stendur á, er það venjulega enginn verulegur hagur fyrir þá að fyrirláta skipið, og hins vegar getur svo verið, að það valdi skipstjóra tiltölulega ofmikils óhagnaðar og kostnaðar.

Um 24. gr.

Það er ekki hægt að skipa fyrir greiðslu á öllu kaupi á leiðinni án þess að mönnum um leið verði gjört hægar fyrir að strjúka.

V. Almennar ákvarðanir.

Ákvarðanir þessara greina (40. og 41. gr.) mega án efa hagkvæmar þykja; eru samskonar ákvæði í 41. og 42. gr. hinna dönsku laga.

Frumvarp

til

laga um lögreglusamþykktir fyrir kaupstaðina.

(lagt fyrir alþingi 1889.)

---

1. grein.

Fyrir hvern af kaupstöðum landsins má gera lögreglusamþykkt.

2. grein.

Í lögreglusamþykktina skal setja ákvæði þau, er teljast mega nauðsynleg eptir því sem hagar til á hverjum stað:

a. um regluhald (um að gæta reglu og velsæmis á alþjóðlegum strætum, vegum og svæðum, afstýra því er orðið getur að farartálma og trafala, enn fremur því, er hættu getur valdið í ferðum almennings, að friða alþjóðleg tilfæri, að halda reglu á almennum veitingahúsum og skemmtistöðum, og um fyrirskipanir um almenna leiki o. fl.),

b. um almennt hreinlæti, og takmarkanir á notkun opinna eða lokaðra svæða við stundun ýmsra atvinnuvega, t. a. m. fiskiverkunar og slátrunar, er heilbrigðis vegna eða af öðrum ástæðum mega teljast nauðsynlegar eða haganlegar o. fl.,

c. um skipun lögregluliðs, er heldur uppi reglu, þá er eldsvoða eða önnur óvanaleg atvik ber að höndum, sem annaðhvort er sjerstaklega leigt til þessa eptir ákvæðum bæjarstjórnarinnar eða á annan hátt.

3. grein.

Hlutaðeigandi bæjarstjórn býr til frumvarp til samþykktarinnar og skulu vera í henni reglur um, hvernig greiða skuli útgjöld þau til lögreglunnar, er hin ýmsu ákvæði hafa í för með sjer, er gjörð eru. Frumvarpið skal senda amtmanni, og gjörir hann við það þær athugasemdir, er honum þykir við þurfa og sendir það síðan landshöfðingja, er því næst gefur út samþykktina. Í samþykktina má eigi setja nein ákvæði um það, er ræðir um í 2. gr., og hafa í för með sjer útgjöld fyrir bæjarsjóðinn, ef bæjarstjórnin mótmælir. Samþykktin skal prentuð á kostnað bæjarins og birt almenningi með því að prentast í B deild stjórnartíðindanna. Breytingar á samþykktinni skal gjöra og birta á sama hátt sem hina upprunalegu samþykkt.

4. grein.

Samþykktin gildir að öllum jafnaði um allt lögsagnarumdæmi kaupstaðarins. Ef rjett þykir vera að skipa svo fyrir, að ákvæði samþykktarinnar skuli eigi gilda á hlutum af landi því, er heyrir undir lögsagnarumdæmið, annað hvort að nokkru eða öllu leyti, skal þess getið í samþykktinni, svo sem nauðsynlegt er.

5. grein.

Brot gegn samþykktunum varða sektum allt að 100 kr. Börn eldri en 10 ára og yngri en 15 ára skulu sæta vandarhöggum, ef þau hafa áður, eptir að þau voru orðin fullra

10 ára, gjört sig seka í þessum brotum, eða gjört eitthvað, sem ber vott um einstaka ónáttúru, þó eigi fleirum vandarhöggum en 15, og sje að öðru leyti farið eptir 30. grein í almennum hegningarlögum, eða sæta einföldu fangelsi allt að 8 dögum. Ef kenna má yfirsjón, er barn drýgir, skorti á hæfilegri umsjón foreldra eða annara, er barninu ganga í foreldra stað, þá skal refsa þeim fyrir yfirsjónina, en eigi barninu.

Ef einhver lætur það ógjört, sem er skylda hans, samkvæmt samþykktinni, má lögreglustjórinn láta gjöra þetta, eða gjöra nauðsynlegar ráðstafanir til þess að hindra, að vanrækslan valdi tjóni. Kostnaður við þetta og kostnaður, sem leiðir af þeim ráðstöfunum, er lögreglustjórinn gjörir til þess að hindra yfirvofandi verk eða stöðva enn eigi framkvæmd verk, er bönnuð eru í samþykktunum, greiðist af afbrotamanninum eða, ef hann er eigi fær um það, af bæjarsjóði.

6. grein.

Mál er rísa út af brotum á samþykktunum skal fara með sem almenn lögreglumál. Sektir allar fyrir brot á þeim renna í hlutaðeiganda bæjarsjóð.

Athugasemdir við frumvarp þetta.

Bæjarstjórn Reykjavíkur hefur farið þess á leit, að lagt verði fyrir alþingi frumvarp, líkt því, er lagt var fyrir það 1885, og sem hafði inni að halda ákvarðanir um lögreglu, eða að fengin verði að minnsta kosti heimild til þess að lögum, að gjörð verði fyrir Reykjavíkur bæ lögreglusamþykkt á þann veg, sem lagt var til í 1. þætti þess frumvarps. Þykir bæjarstjórninni mikil þörf vera orðin á slíkri samþykkt fyrir bæinn vegna stærðar hans.

Stjórnarráðinu þykir ekki líklegt, að alþingi, er felldi stjórnarfrumvarpið 1885, mundi nú vilja aðhyllast það í heild sinni, en fyrir því að stjórnin er á því, eins og bæjarstjórnin, að það sje ákvæðin í fyrsta þætti frumvarpsins, er mest sje þörf á nú sem stendur, þá hefur hún eptir tillögum landshöfðingja úr skilið þenna kafla frumvarpsins, og leggur hann nú fyrir þingið sem sjálfstætt frumvarp með nokkrum breytingum, er landshöfðingi hefur ráðið til.

Í þessum atriðum eru breytingar gjörðar á tilsvarandi ákvæðum frumvarpsins frá 1885:

Ákvæði þess eru eigi látin ná nema til kaupstaðanna, þar sem þörfin á þeim er auðvitað mest, og fyrir því er sleppt 5. gr. frumvarpsins frá 1885 og fyrirsögninni breytt. Svo er og, að því er kaupstaðina snertir, 1. gr. frumvarpsins breytt þannig, að eigi er ákveðið, að lögreglusamþykkt skuli gera innan tiltekins tíma, heldur aðeins sagt, að gera megi slíka samþykkt.

Til þess því næst að laða sig eptir þeirri skoðun, er kom fram í efri deild alþingis 1885, er hún hjelt því fram, að það væri ósvífug aðferð að láta yfirvöldin semja frumvarpið til samþykktarinnar og leggja það fyrir bæjarstjórnina, hefur breytt verið ákvæðum 3. greinar þannig, að það nú er bæjarstjórnin, er semur frumvarp til samþykktarinnar og sendir það síðan amtmanni, er segir álit sitt um það; en landshöfðingi gefur síðan samþykktina út

Loks er það lagt til í nýrri grein, 6. gr., að mál, er rísa út af brotum á samþykktunum, skuli fara með sem almenn lögreglumál, og að sektir allar fyrir slík brot renni í bæjarsjóð.

Frumvarp

til

laga um könnun skipshafna.

(lagt fyrir alþingi 1889).

---

1. gr.

Hver skipstjóri á íslenzku skipi, er ræður menn á skip sitt á Islandi, hvort heldur er einn eða fleiri eða alla skipshöfnina, skal, áður en skipið leggur af stað, láta könnunarstjóra kanna menn sína á skip. Þesskonar könnun skal og fram fara, þegar íslenzkt skip byrjar ferð sína í fyrsta skipti á almanaksárinu frá einhverri íslenzkri höfn, eða menn hlaða þar skipið eða skipa upp úr því, enda þótt engin breyting verði á skipshöfninni á meðan skipið dvelur þar.

Svo skulu og skipstjórar á íslenzkum skipum, er ráðið hafa nýja skipshöfn, meðan skip þeirra voru í ferðum utanlands, eða misst einhvern mann úr skipshöfninni á þeim ferðum, er látist hefur, fengið uppsögn, strokið eða á annan hátt farið, láta skipshöfn sína kanna á skip af könnunarstjóra, þegar þeir fá sig afgreidda úr hinni fyrstu íslenzku höfn, er menn hlaða skipin í eða skipa upp úr þeim eptir heimkomuna til Íslands.

2. gr.

Í hvert skipti sem skipstjórar á íslenzkum skipum leysa skipshöfn úr vist eða nokkurn hluta hennar, skulu þeir láta þá menn, er fara, kanna frá skipi af könnunarstjóra.

3. gr.

Í kaupstöðum eru bæjarfógetar könnunarstjórar og sýslumenn á öðrum stöðum á landinu.

4. gr.

Könnun skipshafnar fer fram fyrir könnunarstjóra í því lögsagnarumdæmi, þar sem skipið er um þær mundir, eða, sje sýslumaður eigi búsettur þar eða þar í nánd, þá fyrir umboðsmanni hans, skipuðum af amtmanni samkvæmt opnu brjefi 28. desbr. 1836 9. gr.

5. gr.

Þá er könnun fer fram, eiga skipstjórar að sýna könnunarstjóra viðskiptabækur skipverja og önnur skýrteini.

6. gr.

Þá er menn eru kannaðir á skip, skulu skipstjórar auk þess fram leggja tvær samhljóða skrár yfir menn þá, er á skip eru ráðnir (skipshafnarskrár), samdar samkvæmt fyrirskipaðri fyrirmynd. Önnur skráin skal eptir verða á skrifstofu könnunarstjóra, en hin

skal fengin skipstjóra, eptir að könnunarstjóri hefur á hana ritað. En þegar skipstjóri lætar fram fara könnun á skip fyrir því, að breyting hefur orðið á skipshöfninni, en hann hefur ekki ráðið fulla skipshöfn heldur aðeins einn eða fleiri menn í hana, og hann hefur auk þess áður á almanaksárinu látið fara fram könnun á skip á skipshöfn sinni fyrir einhverjum íslenzkum könnunarstjóra, þá er honum heimilt að leggja fram skipshafnarskrá þá, sem hann hingaðtil hefur notað, ef annaðhvort verður á hana ritað um þá nýráðnu menn eða þeir verða teknir upp á aukaskrá, og frá henni skýrt á aðalskránni. Þá er fram fer könnun frá skipi, skal skipshafnarskráin sýnd könnunarstjóra.

Þegar skipstjóri krefst þess, skal könnunarstjóri útvega og útfylla skipshafnarskrána og eins viðaukaskrána eða rita hina nýráðnu menn á aðalskrána, en gegn borgun eins og ákveðið er.

7. gr.

Þá er skipstjóri ræður skipshöfn, þá skulu skipverjar sjálfir, þegar könnun á skip fer fram, látnir ganga fyrir könnunarstjóra. Endranær er venjulega ekki þörf á því, að skipshöfn sje látin ganga fyrir könnunarstjóra, þá er könnun fer fram. En skyldur er skipstjóri að gegna skipun könnunarstjóra, ef hann, ef svo ber undir, krefst þess, að skipshöfn sje öll látin ganga fyrir sig, eða einstakir menn úr henni.

8. gr.

Skipstjórar á útlendum skipum skulu að jafnaði, þá er þeir ráða menn á skip eða láta menn fara úr skipsrúmi, meðan þeir dveljast í íslenzkri höfn, láta fara fram könnun á skipshöfninni fyrir könnunarstjóra samkvæmt fyrirmælum 4.—7. gr. En ef þeir kjósa þann kost heldur og skipverjar, er ráðnir voru eða upp var sagt, eru ekki íslenzkir, þá er þeim heimilt að láta verzlunarfulltrúa þjóðar sinnar, ef hann er þar á staðnum, gera áritun á skipshafnarskrána um áorðna breytingu á skipshöfninni, og þvínæst sýna hana könnunarstjóra eða eptirrit af henni, staðfest af fulltrúa. Könnunarstjóri gjörir áritun á skrána eða eptirritið, áður en skilað verður aptur skipstjóra. Eigi má afgreiða skipið fyrr en fyrirmælum þessum hefur fullnægt verið.

9. gr.

Þá er könnun fer fram, skal könnunarstjóri rannsaka skipshafnarskrárnar, hvort rjettar sjeu, og hvort skipstjórar hafi brotið í nokkru fyrirmæli laga þessara. Við könnun á skip skal hann jafnframt rannsaka, hvort nokkuð sje því til fyrirstöðu, að menn þeir, er á skránum standa, megi vera í förum með skipinu, og ef svo er, neita að kanna þá á skip. Fyrir kannanirnar og rannsókn og áteiknun á skipshafnarskrárnar skal enga borgun greiða.

10. gr.

Landshöfðingi semur leiðarvísi handa könnunarstjórum, er hafi nánari reglur um framkvæmd á störfum þeim, sem þeim eru á hendur falin með lögum þessum.

11. gr.

Nú lætur skipstjóri farast fyrir að fá skipshöfn sína kannaða af könnunarstjóra, og er hann þó til þess skyldur, eður fær hann könnunarstjóra skipshafnarskrár, sem eigi eru rjettar, eður lætur hann rangar skýrslur í tje til afnota við samning skránna eða áteiknun á þær, eða ræður hann sjer aðra en þá er á skránum standa, eða gjörir hann breytingar á þeim eptir að könnun fór fram, og sætir hann þá sektum eða fangelsi.

12. gr.

Mál sem rísa útaf brotum á lögum þessum skal fara með sem opinber lögreglumál. Sektir renna í landssjóð.

Athugasemdir við frumvarp þetta.

Frumvarp þetta stendur í nánu sambandi við frumvarp það til laga um að ráða menn á skip, sem líka verður lagt fyrir alþingi, og er það samið samkvæmt tillögum landshöfðingja eptir hinum dönsku lögum um skipshafna könnun 26. febr. 1872. Svo þykir sem aðalákvarðanir þessara laga, að því leyti sem með þeim skapast eptirlit á því, að lögum um siglingar í heild sinni og sjerstaklega fyrirmælunum um ráðning skipverja verði fylgt, eigi í öllum verulegum atriðum við á Íslandi, og verði því eigi öðru sleppt úr þeim en því, sem einvörðung eða að mestu leyti er skipað fyrir um í þeim sjóvarnarskyldunnar vegna.

Við hinar einstöku greinir skal gjöra þessar athugasemdir.

1. og 2. gr.

hafa inni að halda alveg áþekkar ákvarðanir og þær, er finnast í 1. gr. hinna dönsku laga um það, hvenær könnun skal eiga sjer stað, og eru aðeins litlar breytingar gjörðar eptir því sem til hagar á Íslandi.

3. gr.

ætlast til að bæjarfógetar og sýslumenn hafi þau störf á hendi, er að könnun lúta. Eru til þessa hafðir í Danmörku sumpart sjerstakir könnunarstjórar og sumpart tollembættismenn.

4. gr.

setur um þann stað, er könnun skuli framfara, hina sömu reglu og þá, sem er aðalreglan í Danmörku samkvæmt 1. kafla 4. greinar hinna dönsku laga. Sje sýslumaður eigi búsettur á þeim stað, er könnun á fram að fara, eða í nánd við hann, þá getur annast hana umboðsmaður hans, er amtmaður hefur skipað honum samkvæmt opn. br. 28. desbr. 1836 9. gr.

5. gr.

er samhljóða 5. gr. hinna dönsku laga, nema hvað nefndar eru meðal skjala þeirra, er fram skulu sýnd, viðskiptabækur þær, sem ræðir um í frumvarpinu um að ráða menn á skip, í stað sjóferðabóka, er eigi þekkjast á Íslandi.

6. gr.

um skipshafnarskrár og viðaukaskrár er samhljóða 6. gr. hinna dönsku laga.

7. gr.

hefur inni að halda hina sömu reglu um skyldu skipstjóra til þess, að láta skipshöfn ganga fyrir könnunarstjóra, sem 9. gr. hinna dönsku laga.

8. gr.

hefur inni að halda áþekk ákvæði og þau, sem eru í 10. gr. hinna dönsku laga um könnun útlendra skipa, og er aðeins frábrugðin að því leyti, að taka hefur orðið tillit til þess,

að ekki eru í hverri höfn á Íslandi fulltrúar útlendra þjóða, og þvínæst að það er hjer látin vera aðalreglan, að könnun fari fram fyrir könnunarstjóra, og að það er gjört að skilyrði fyrir því að könnun fari fram fyrir fulltrúa, að skipverjar þeir, er ráðnir eru í höfninni eða upp er sagt, sjeu ekki íslenzkir menn.

9. gr.

samsvarar 13. gr. hinna dönsku laga, og því aðeins sleppt, sem áhrærir sjóvarnarskylduna.

10. gr.

er samhljóða 14. gr. hinna dönsku laga, nema hvað falið er landshöfðingja að semja leiðarvísi þann fyrir könnunarstjóra, er fyrir skipaður er.

11. og 12. gr.

samsvara 17. gr. hinna dönsku laga, en þó nokkru breytt og öðru sleppt úr, sem sjalfsagt hefur verið eða þá leiðir af breytingum þeim, er gjörðar hafa verið á undanfarandi greinum laganna.

Frumvarp

til

laga um breyting á lögum 11. febr. 1876 um aðflutningsgjald á tóbaki.

(lagt fyrir alþingi 1889.)

---

1 gr.

Af allskonar tóbaki, hvort heldur reyktóbaki, munntóbaki (rullu) eða neftóbaki (rjóli) skal gjalda toll í landssjóð, 20 aura af hverju pundi. Af hverjum 100 vindlum skulu goldnir 50 aurar.

2. gr.

1. og 2. grein laga 11. febr. 1876 um aðflutningsgjald á tóbaki eru úr lögum numdar.

3. gr.

Lög þessi öðlast gildi 1. janúar 1890.

Athugasemdir við frumvarp þetta.

Um efni þessa lagafrumvarps skal vísað til athugasemda þeirra, er vjer höfum gjört við frumvarp það, er lagt verður jafnhliða þessu fyrir alþingi. Það er ætlazt til þess, að bæði frumvörpin verði látin öðlast lagagildi um sömu mund.

Frumvarp til laga

um

uppeldisstyrk óskilgetinna barna og fl.

(lagt fyrir alþingi 1889.)

---

1. gr.

Skylda sú, sem að lögum hvílir á föður óskilgetins barns til þess að veita styrk til uppeldis því, skal hjeðan af vara við, þangað til það er fullra 16 ára, eptir að það er fullra 14 ára þó því að eins, að það þá sannist, að það sje enn hjálpar þurfi. Ef þörf gjörist, til taka yfirvöldin upphæð styrksins og ákveða, hve lengi hann skuli vara við.

2. gr.

Heimilt er móður óskilgetins barns að krefjast þess, að föður þess verði gjört að skyldu að greiða að minnsta kosti helming þess kostnaðar, er af barnsförunum leiddu fyrir hana, og ef þörf gjörist, þröngvað til þess, svo sem heimilað er í lögum til greiðslu á styrk þeim, sem 1. gr. ræðir um. Yfirvöldin til taka upphæð þessarar fjárreiðslu, og getur móðir barnsins gengið eptir henni eptir reglum þeim, sem segir í 4. gr.

3. gr.

Nú deyr karlmaður og lætur eptir sig börn óskilgetin og yngri en 16 ára, og skal þá greiða af fjármunum búsins eins og skuld, sem í gjalddaga er komin, fje það, er þörf er á til þess að borga með uppeldisstyrk, er á honum hvíldi, ef um það fram kemur beiðni, áður innköllunarfrestur er liðinn eða 6 mánuðir frá láti hans, hafi innköllun ekki átt sjer stað. Nú lifir ekkja barnsföður eða skilgetin börn, og skal þá eigi leggja fje út öðrum en þeim af óskilgetnum börnum hans, er getin voru á undan hinu síðasta hjónabandi, og skal þess gætt, að fje það, er lagt verður til uppeldis óskilgetnu barni, eigi nemi meiru en því, er það hefði erft, ef skilgetið hefði verið. Nú situr ekkjan í óskiptu búi, og hvílir þá á henni að halda áfram að greiða uppeldisstyrk þann, er á barnsföður hvíldi, en þó eigi fremur en yfirvaldi þykir hæfa eptir efnum hennar og með tilsjón af undanförnum fyrirmælum og eigi lengur en þangað til barnið er fullra 14 ára. Um uppeldisstyrk, er þannig er greiddur út í einu eptir lát barnsföður, skal fara sem um fje ómyndugra, þannig að verja má aðeins hverju meðlagi til þarfinda barnsins jafnótt og í gjalddaga kemur. Falli styrkurinn burt eða færist niður, fellur hann eða afgangurinn til skipta meðal erfingja.

4. gr.

Þegar meðlag föður með óskilgetnu barni hans eigi greiðist á rjettum tíma, og móðir þess fær vottorð um það frá sveitarstjórn þess hrepps, er hún hefur aðsetur í, að hún sje eigi svo efnum búin nje í þeirri atvinnu, að hún geti staðið straum af tilhlýðilegu uppeldi barnsins, þá er henni heimilt, ef hún fyrir fæðing, hjónaband eða 10 ára aðsetur hefur framfærslurjett hjer á landi, að krefjast þess sjálf eða fyrir milligöngu

sveitarstjórnar í aðsetu-hrepp sínum, að síðasta árs meðlag með barninu verði borgað af fátækrafje þess hrepps, er barnsfaðir hefur aðsetur í, án þess það verði talinn sveitarstyrkur henni veittur. Ef eigi verður fundinn aðsetu-hreppur barnsföður, má meðlagið heimta af framfærsluhreppi hans. Nú hefur aðsetu-hreppur hans borgað meðlagið, og gjört síðan árangurslausa tilraun til þess að ná því inn hjá barnsföður með þeim aðförum, sem lög heimila, og á hann þá rjett til endurgjalds af framfærsluhreppi hans. Framfærsluhreppur hefur sama rjett til þess að ganga eptir meðlagi, er hann hefur borgað, hjá barnsföður, og getur líka skoðað það sem fátækrastyrk, honum veittan eða látið hann afplána styrkinn. Ef barnsfaðir hefur eigi framfærslurjett hjer á landi, gengur aðsetu-hreppur hans í stað framfærsluhrepps.

5. gr.

Þann sama rjett, sem móðir óskilgetins barns hefur eptir 4. gr. þessara laga, hafa og þeir, sem uppeldi barnsins hafa á hendi eptir móður látna eða burtfarna eður af öðrum orsökum í hennar stað, og er eins um fátækra-stjórnirnar, þegar barnið kemur á sveit.

Faðir óskilgetins barns getur eptir lát móður þess því að eins krafizt þess að fá barnið til sín til uppeldis, að hann annaðhvort ættleiði það eða fái til þess leyfi yfirvaldsins, þar sem barnið hefur alizt upp.

6. gr.

Hvenær sem sveitarstjórn einhver samkvæmt lögum þessum spyrst fyrir um föður óskilgetins barns, á hún, ef þörf gjörist, rjett á að krefjast fulltings lögreglustjórnar til þess að leita uppi verustað hans.

Athugasemdir við frumvarp þetta.

Alþingi samþykkti 1887 frumvarp til laga, er borið var upp af þingmönnum, um uppeldi óskilgetinna barna, og var lagt til grundvallar fyrir því frumvarp það um uppeldisstyrk óskilgetinna barna, sem stjórnin lagði fyrir ríkisþingið 1886—87, og einkum farið eptir frumvarpinu eins og það kom úr garði gert frá landsþinginu.

Að stjórnarráðið hefur eigi álitið rjett að ráða konungi til þess að staðfesta lög þingsins, hefur eigi komið til af því, að því þætti frumvarpið vera í sjálfu sjer allsendis óaðgengilegt að efninu til. Um sjálfan tilgang frumvarpsins, að bæta úr kjörum óskilgetinna barna, þá er það vitaskuld að stjórnin hefur getað verið honum fullkomlega samþykk, og gallar þeir, sem á frumvarpinu eru í einstökum af þeim atriðum, þar sem vikið er frá stjórnarfrumvarpinu áður nefnda, eru ekki svo þýðingarmiklir, að stjórnin fyrir þeirra sök yrði að ráða frá staðfesting laganna. En þar sem löggjafarvald konungsríkisins hefur nú komizt að niðurstöðu í máli því, er hjer ræðir um, hefur stjórnarráðinu orðið að þykja það æskilegt, að alþingi yrði gefinn kostur á að kynna sjer þau málalok, áður en fullnaðarákvæði þingsins kæmi til um það, hverjar endurbætur gjöra skuli á lögum á Íslandi um þessi mál. Ber til þess bæði það, sem víðar á við, að stjórninni verður að þykja það í sjálfu sjer miður rjett, að þegar verið er að gjöra lög um sömu mál í Danmörku og Íslandi og allra helzt þegar það er gjört um sömu muudir í báðum

löndum, komi fram önnur ósamkvæmni millum laga landanna, en sú er rót sína á að rekja til sýnilegs mismunar á því ástandi, er lögum skal skipa, og því næst kemur hin ástæðan, er meira vegur, að áður en danska frumvarpið varð að lögum 20. apríl f. á., voru gjörðar á því í ríkisþinginu æði verulegar breytingar, og það þesskonar breytingar, er gjöra það til, að lögin ganga skör framar en frumvarp alþingis í þá átt að bæta kjör hinna óskilgetnu barna, sjá þannig einkum 3. gr., er heimilar það, fram yfir hið upprunalega frumvarp, að gjöra má á stundum kröfu til meðlags í búi barnsföður, enda þótt hann hafi eptir sig látið ekkju eða hjónabandsbörn. Stjórnarráðinu hefur nú þótt líklegt, að þegar menn hafa í Danmörku þóttzt geta farið svo langt í mannúðlega stefnu, mundi alþingi verða fúst til þess, að gjöra álíka rjettarbætur fyrir Ísland, þarsem ástandið í þessum efnum er mjög svipað á Íslandi og í Danmörku. Það er að minnsta kosti ljóst, að það er ástæða til þess fyrir alþingi að ræða mál þetta að nýju, þarsem því hingaðtil hefur verið ókunnugt um afdrif þess frumvarps, er það lagði til grundvallar fyrir átkvæðagreiðslum sínum um málið, og til þess að gefa því tækifæri til þessa, hefur stjórnarráðið í þegnlegum tillögum sínum um málið ráðið konungi til þess að staðfesta ekki lög þingsins, en leggja fyrir það frumvarp það, sem hjer er, og sem byggt er á lögum Danmerkur frá 20. apríl f. á. og því nær samhljóða þeim, þó svo, að upp í það eru teknar frá alþingisfrumvarpinu þesskonar breytingar, er við sjerstakt ástand eiga að styðjast á Íslandi. Þessar tillögur hefur konungur allramildilegast fallizt á 3. maí þ. á.

Við hinar einstöku greinir skal gjöra þær athugasemdir, er á eptir fara:

Við 1. gr.

Í þessari gr. er samkvæmt frumvarpi alþingis vikið frá fyrirmælum hinna dönsku laga að því leyti, að skyldan til uppeldisstyrks er eigi látin ná lengra en til 16 ára aldursins, sem eptir tilskipun um vinnuhjú á Íslandi er sá aldur, þá er menn geta farið að ráða vistarráðum sínum.

Við 2. gr.

Akvæði þessarar greinar voru í hinu upprunalega frumvarpi stjórnarinnar, og eru þau að vorri ætlan samkvæm þeirri grundvallarreglu, er lögin styðjast við, þarsem enginn efi getur á því leikið, að sanngirni mælir með því, að barnsfaðir beri að sínum hluta kostnað af barnsförunum, er hann er ekki síður en móðir barnsins brotlegur í hinu siðlausa athæfi, er til þeirra leiddi.

Við 3. gr.

Það varð eigi vel sjeð á 3. gr í frumvarpi alþingis, hvort það, er leggja átti út óskilgetnum börnum úr búi barnsföður, aðeins skyldi nema því, sem skiptarjettur áliti nægja til þess að borga meðlög þau, er einu sinni væru ákveðin, eða hvort hann ætti að vera óbundinn í þessu efni og geta farið eptir þörfum barnanna, og var sumt í ákvæðunum, er á eptir fóru, er styrktu þenna síðara skilning á orðunum. En að voru áliti á það eigi að koma til greina að borga út úr búinu annað en meðlög þau, er á barnsföður hvíldu, og er hjer farið fram á þá reglu samkvæmt því, sem er í hinum dönsku lögum.

Þessi grein er samhljóða 3. gr. hinna dönsku laga að öðru leyti en því, að í henni er líka miðað við 16 ára aldur barnsins, og að reglum hinna dönsku laga um meðferð á hinum útborgaða uppeldisstyrk, sem ekki koma heim við reglur hinna íslenzku laga um stjórn á fje ómyndugra, er breytt í samkvæmni við þær. Í hana eru og upptekin áður um getin ákvæði frá hinum dönsku lögum um það, er barnsfaðir lætur eptir sig ekkju eða skilgetin börn.

Við 4.—6. gr.

Þessar greinir eru teknar eptir hinum dönsku lögum, og eru ákvæði þeirra að efninu til ekki verulega frábrugðin alþingisfrumvarpinu. Í 4. gr. er þó gerð orðabreyting nokkur og tveim síðustu ákvæðum greinarinnar sleppt, því að það þykir óþarfi, eptir því sem ástatt er á Íslandi, að fyrirskipa, eins og gert er í þessum ákvæðum, að til tekin sje fyrir hverja sveit um sig meðalhæð meðlags þess, er hún, ef til kemur, eigi að borga fyrir fram.

Frumvarp

til

laga um að bannaðar sjeu fiskveiðar með botnvörpum.

(lagt fyrir alþingi 1889.)

---

1. gr.

I landhelgi við Ísland skulu bannaðar vera fiskveiðar með botnvörpum (þ. e. sú veiði-aðferð, að bundið er við vörpuna þungum járnhlekkjum, járnstöngum eða öðrum mjög þungum hlutum, og hún síðan dregin með botninum með segl- eða gufukrapti, svo að hún skefur botninn; — kalla Englendingar þau veiðarfæri trawl).

2. gr.

Ef brotið er á móti banni þessu, varðar það sektum 40—400 kr., er renna í landssjóð. Þau mál skal fara með sem opinber lögreglumál.

Athugasemdir við frumvarp þetta.

Hingað til hafa menn eigi notað botnvörpur (trawl) við fiskveiðar í landhelgi við Ísland, en stjórnarráðið hefur, eptir skýrslum, sem það hefur fengið, ástæðu til að óttast, að menn muni, nema lög taki fyrir það, fara að gjöra tilraun með þessari veiði-aðferð, sem mjög eyðir fiskinum og spillir viðkomunni, og hefur því þótt rjettast, eins og landshöfðingi hefur lagt til, að fara því fram, að lögleidd verði á Íslandi lög Danmerkur 9. marz 1872, er banna þá veiði-aðferð í landhelgi við Danmörku, og er það bann endurtekið í hinum almennu fiskveiðarlögum Danmerkur 5. apríl 1888. — Þetta frumvarp er alveg samhljóða dönsku lögunum, að öðru en því, að sektir eru látnar renna í landssjóð og að breytt er staðarnöfnum og myntsortum, sem vitaskuld er.

Frumvarp

til

laga um viðauka við lög 14. janúar 1876 um tilsjón með flutningum á þeim mönnum, er flytja sig úr landi í aðrar heimsálfur.

(lagt fyrir alþingi 1889.)

---

1. gr.

Enginn útflutningastjóri eður umboðsmaður útflutningastjóra má taka við neinu innskriptargjaldi eða neinu fje undir nokkru öðru nafni sem borgun upp í væntanlegt fargjald eður meðalgöngu fyrir að útvega útförum far, nje heldur nokkurri skuldbindingu um gjald síðar í þessu skyni, nema hann jafnframt gefi útfaranum skriflegt loforð um flutning fyrir fastákveðið verð á tilteknum tíma og frá tilteknum stað.

Brotum gegn þessum ákvæðum hegnir landshöfðingi með úrskurði til sekta allt að 2000 kr. af upphæð þeirri, er útflutningastjóri hefur að veði lagt; útflutningaleyfið má og af honum taka, ef tilefni þykir til.

2. gr.

Nú tekur útflutningastjóri eigi við útförum á þeim tíma og stað, er hann eður umboðsmenn hans hafa um samið eður auglýst, enda sje eigi lögmætum forföllum um að kenna, og getur þá útfari hver kært útflutningastjóra fyrir landshöfðingja; en hann ákveður bætur útförum til handa af veði því, er útflutningastjóri hefur sett, enda hafi útfarinn eigi vanhaldið sínar skuldbindingar.

3. gr.

Skip, sem flytja útfara af landi, mega hvergi hjer við land taka neinn farþegja um borð, sem ekki hefur útfararsamning áteiknaðan af lögreglustjóra áður en hann fer á skip, nema hann hafi vegabrjef frá lögreglustjóra umdæmisins, þar sem hann fer á skip.

Brotum gegn ákvæði þessu hegnir landshöfðingi með úrskurði til sekta allt að 400 kr. af upphæð þeirri, er útflutningastjóri hefur að veði lagt.

Undan skilin þessum ákvæðum eru eiginleg póstskip og seglskip þau, er eigi flytja fleiri útfara en 10.

4. gr.

Allar sektir eptir lögum þessum renna í landssjóð.

Athugasemdir við frumvarp þetta.

Á alþingi 1887 komu menn fram með frumvarp til laga um viðauka við útflutningalögin 14. janúar 1876, er náði samþykki þingsins, og var tilgangurinn sá, að ráða bót á ýmsum agnúum á útflutninga-málum, er menn höfðu eigi fyrir sjeð, þá er samin voru lögin frá 1876.

Ákvæðin í 1. og 2. grein þessa frumvarps þóttu stjórnarráðinu hagkvæm í heild sinni, þar sem leitast er við að afstýra því, að menn, sem innskrifaðir eru hjá útflutninga-

stjórum til Vesturheimsfarar, verði fyrir þeim ókjörum af þeirra hendi, að verða eigi sóttir frá þeim stað og á þeim tíma, er tiltekið var, heldur verða að bíða lengri tíma eptir fari, opt til mikils kostnaðar og vandræða bæði fyrir sjálfa sig og eins þá, er búa á útflutningsstaðnum. Stjórnin hafði heldur ekkert verulegt á móti fyrsta lið 3. gr., sem til þess að leggja tálmanir fyrir það, að skuldum vafnir menn geti skotizt undan skuldbindingum sínum með því að flytjast af landi burt, bannar útflutningaskipum að taka við farþegjum, sem hvorki hafa í höndum útfararsamning áteiknaðan af lögreglustjóra, nje vegabrjef frá honum, og mun þó ákvörðun þessi vart koma að neinum verulegum notum.

Stjórnin hefði því ekki horft í að ráða konungi til þess að staðfesta lög þingsins, ef þeirri ákvörðun hefði eigi verið tengt við bannið, að ef brotið er gegn því, skuli skip og farmur vera að veði fyrir skuldum hvers farþegja, er ólöglega er á skip tekinn. Þótti stjórninni þessi refsing fyrir brotið eða afleiðing af því vera of hörð og í alls engu verðleika-hlutfalli við það og fyrir því ótæk, og í þegnlegum tillögum sínum um málið gat stjórnin því ekki annað en ráðið konungi til þess að staðfesta ekki lögin í því formi, er þau komu í frá þinginu, en láta leggja þau aptur fyrir þingið, breytt í þessu atriði, og hefur það allramildilegast þóknazt hans hátign konunginum 10. febr. f. á. að fallast á þessar tillögur stjórnarinnar.

Samkvæmt því, er nú hefur sagt verið, er þá ekki annar mismunur á frumvarpi því, er hjer er, og lögum þingsins en sá, að fyrir hegningarákvæði þingsins í 3. gr. 2. lið er hjer sett sú ákvörðun, að landshöfðingi hegni brotum gegn ákvæðinu í 1. lið greinarinnar með úrskurði til sekta allt að 400 kr. af upphæð þeirri, er útflutningastjóri hefur að veði lagt; og því næst er gjörð orðabreyting á fyrirsögn frumvarpsins og bætt við nýrri grein, er segir, að allar sektir eptir lögum þessum renni í landssjóð. Það er sýnilegt, að refsingarákvörðun sú, er hjer er farið fram á, er samrýmd við 1. gr. bæði í því, hvernig refsing skuli á lögð og henni komið fram.

Frumvarp

til

laga um dagbókarhald á íslenzkum skipum.

(lagt fyrir alþingi 1889.)

---

1. gr.

Á hverju skipi, er á heima á Íslandi, skal skipstjóri ávallt hafa dagbók á ferðum sínum til danskra eða utanríkishafna, og skal hún löguð vera eptir því sem segir hjer á eptir.

2. gr.

Dagbók þessi, sem hægt á að vera að nota á öllum ferðum, er skipið fer, skal gjörð vera úr góðum og sterkum pappír og sje inn bundin, gegnum dregin með traustu bandi og blaðsíðutal á hana sett. Sá, sem lögreglustjóri er á þeim stað, er skipið hefur ferð sína frá, skal löggilda bókina og innsigla. Fyrir löggilding þessa skal greiða 4 kr., ef skipið er yfir 100 tons að rúmmáli, en 2 kr., ef minna er. Lögreglustjórar skulu hafa gætur á, að hver skipstjóri hafi með sjer dagbókina, þá er hann fær afgreitt skip sitt til

þeirra ferða, er að framan getur, og skal lögreglustjóri því rita á hana, að hún hafi verið honum sýnd, er hann afgreiddi skipið; skal það gjört kauplaust. Ef svo ber til á langferðum, að dagbókin verður skrifuð á enda, áður en ferð er lokið, getur skipstjóri, ef hann er í útlöndum, snúið sjer til verzlunarfulltrúanna eða varafulltrúanna í utanríkishöfnum og í dönskum höfnum til lögreglustjóranna — í Kaupmannahöfn verður það að vera til dómsmálaritara í sjófara- og verzlunarrjettinum og á Færeyjum utan þórshafnar til hlutaðeiganda sýslumanns, — og löggilda þeir fyrir hann nýja dagbók; eiga þeir þá jafnframt að rita áteiknun um þetta í fyrri bókina rjett neðan við það, sem síðast var í hana ritað. Þessi bók gildir þó aðeins fyrir þann hluta ferðar, er eptir var. Fyrir þessa löggilding skal ekkert gjald greiða.

3. gr.

Frá þeim degi, að kveikt er upp í eldaskála, skal sá, er á verði er, hvort sem það er skipstjóri, yfir- eða undirstýrimaður, þegar er varðtíma hans er lokið og annar er tekinn við, rita í dagbókina eigi aðeins það, er kemur við siglingunni og stefnunni, heldur og hvern annan atburð, er varð, meðan hann stóð á verði, og á einhvern hátt gæti verið til upplýsingar fyrir útgjörðarmenn skipsins, útskipendur eða ábyrgðarmenn. Nú hefur skrifvilla orðið í bókinni, og má þá eigi skafa það út, er rangt var ritað, nje laga það svo að ólæsilegt verði, heldur skal setja punkta í kring um það eða draga strik yfir, svo að lesið verði það, er áður stóð. Skipstjórar og stýrimenn skulu, þá er þeir rita í bókina, fara eptir fyrirmyndarblaði því, er lögum þessum fylgir.

4. gr.

Nú verður skip á ferð sinni fyrir skaða, er afsögn hefur í för með sjer, og kemur skipstjóri síðan til íslenzkrar hafnar eða danskrar, eða til utanríkishafnar, þar sem skipaður er danskur verzlunarfulltrúi eða varafulltrúi, og skal hann þá í síðasta lagi 24 stundum eptir komu sína afhenda dagbókina á Íslandi lögreglustjóra, ef hann er þar eða í nánd við þann stað, er skipið kemur til, eða öðrum kosti umboðsmanni hans, sem amtmaður hefur sett, í konungsríkinu einnig lögreglustjóra á þeim stað, er skipið kemur til, — nema í Kaupmannahöfn dómsmálaritara í sjófara- og verzlunarrjettinum og á Færeyjum utan þórshafnar hlutaðeiganda sýslumanni — og í utanríkishöfnum verzlunarfulltrúanum eða varafulltrúanum. Þessir embættismenn eiga síðan með tiltekinni stund og stað að rita í bókina neðan við það, er síðast hefur í hana verið skrifað, að þeim hafi hún sýnd verið, áður liðnar væru 24 stundir, og til greina, hvort til þessa hafi ritað verið vel og skipulega í bókina á hverjum degi. Þess skal getið, hafi bókinni ekki verið skilað í til tekna tíð, og skal þá til greint, hve lengi það hafi dregizt fyrir skipstjóra að skila henni. Fyrir þessa vottan skal ekkert gjald greiða í útlöndum, en á Íslandi hálf gjöldin eptir 2. gr. Eptir að það hefur gjört verið, sem nú var sagt, skal skipstjóra þegar skilað aptur bókinni.

5. gr.

Þegar skipstjóri er kominn aptur með skipi sínu til þeirrar hafnar á Íslandi, þar sem ferðinni er að álíta lokið, skal hann á sama hátt og áður segir færa lögreglustjóra eða umboðsmanni hans þar á staðnum bókina, áður liðnar sjeu 24 stundir. Skal hann þá rjett fyrir neðan það, sem síðast hefur skrifað verið í hana, rita vottorð sitt um það, hvort bókin hafi sýnd verið í til tekna tíð, og í hana ritað daglega eður ekki. Fyrir þessa vottan skal greiða af skipum, sem eru yfir 100 tons að rúmmáli 3 kr., ef ferðin hefur ekki varað lengur en misseri, 4 kr., ef lengur hefur staðið, en þó eigi meir en ár, en 5 kr., ef enn lengur hefur staðið. Ef skip er minna en áður greint, skulu gjöld þessi

greidd að hálfu. Ef ferðin endar í danskri eða utanríkis höfn, skal fara um eptirlitið eptir því, sem segir í 4. gr. um þau tilfelli, er skip, sem orðið hefur fyrir skaða, kemur í útlenda höfn. Ef eigi verður á skipaskjölunum sjeð, hvenær ferðin er á enda, skal svo álíta sem lokið sje, þegar skipið er aptur komið í höfn á Íslandi og það skipar þar upp farmi sínum eða mestum hluta hans, eða þegar skipshöfnin er látin fara frá skipi.

6. gr.

Skylt skal skipstjóra að leggja fram dagbók sína, hvenær sem útgjörðarmenn, útskipendur eða ábyrgðarmenn krefjast þess til upplýsingar um sannleikann í einhverju efni. Sje skipið enn ókomið heim, svo að hún verði eigi framlögð sjálf, skal skipstjóri senda til afnota eptirrit af henni, er staðfest sje af nótaríus.

7. gr.

Ef skipstjóri eða stýrimaður hefur vanrækt að halda dagbók sína eptir því sem sagt er fyrir í lögum þessum, þá sekist hann í fyrsta sinn, sem út af er brugðið, 20—50 kr. eptir málavöxtum, í annað sinn 50—200 kr., og ef út af er brugðið í þriðja sinn, þá hefur hann fyrir gjört rjetti sínum til að ráða fyrir skipi eða til að ráða sig sem stýrimann á skip. Nú hefur skipstjóri eða stýrimaður haft við svik í bókhaldinu eður falsað dagbókina, og hefur hann þá fyrirgjört rjetti sínum til að vera skipstjóri eða stýrimaður og sæti auk þess refsing að lögum og sje skyldur til skaðabóta. Reynist svo, að skipstjóri eða stýrimaður hafi skafið út orð í bókinni eða strikað yfir, svo að ólæsilegt sje, en það er eigi gjört í neinum ólöglegum tilgangi, þá sekist hann eins og segir í upphafi greinarinnar um þá, er vanrækjast bókhald; en ef málavextir sýna, að það var gjört til þess að leyna atburði á ferðinni, þá skal refsa sem áður segir um svik í bókhaldi.

8. gr.

Nú vanrækir skipstjóri, þá er hann kemur til hafnar eptir að hafa orðið fyrir skaða, eins og segir í 4. gr., eða þegar ferð hans er á enda, að sýna fram dagbók og fá áritun um það í hana, og sekist hann þá 2—5 kr. eptir málavöxtum fyrir hverjar 24 stundir, er hann vanrækir slíkt að gjöra. Þau sektamál skal sækja sem lögreglumál.

9. gr.

Allir skipstjórar og stýrimenn láti sjer umhugað vera, er óhöpp bera að höndum, að gæta svo dagbókar sem annara skipaskjala. Nú verður þeim borgið, en dagbókina vantar, og á þá skipstjóri með hásetum að bera um, hvað valdi vöntun hennar, og takist honum þá eigi að sanna það ljóslega, að honum sje ekki sök á því gefandi, skal hann sæta sektum, 10—100 kr.; en ef það sannast, að hann hefur af ásettu ráði látið fyrir farast að bjarga dagbókinni, skal honum refsað eins og segir í 7. gr. um svik í bókhaldi.

10. gr.

Skipstjóri má eigi ónýta dagbókina, fyrr enn öll mál eru útkljáð milli útgjörðarmanna, útskipenda og ábyrgðarmanna, er að ferðinni lúta; sæti ella ábyrgð eptir málavöxtum og með tilsjón af ákvæðum 7. og 9. gr. þessara laga. Nú hefur skipstjóri lokið ferð sinni og er kominn aptur í íslenzka höfn, og hefur síðan nýja ferð, áður en öll mál, er koma fyrri ferðinni við, eru til lykta leidd milli þeirra, er hlut eiga að, og má hann þá ekki nota dagbók þá, er skipinu heyrir til, til hinnar nýju ferðar, en verður til hennar að kaupa nýja á kostnað útgjörðarmanna.

11.

Allar sektir og gjöld eptir lögum þessum renna í landssjóð.

Fyrirmyndarblað við dagbækur skipa.

Ár Mánuður Hvar skipið er

Dag-setning	Stund	Stefna, er stýrt er í	Vegar-lengd k. f.	Haldin stefna	Vind-ur	Veð-ur	Dýpt	Botn	Athugavert:
	1								E. h.
	2								
	3								Kl. 1½ tók mið af í ' mílur
	4								
	5								
	6								Kl. tók mið af ⊙ við sólarlag ° ' frá
	7								til , fann með því mísvísun
	8								° ' til nvesturs.
	9								
	10								Kl. tók saman segl.
	11								
daginn	12								F. h.
þann	1								
	2								
	3								Kl. mældi ⊙ hæð: ° ' og tók mið af
	4								henni ° frá til fann
	5								mísvísun ° ' til nvesturs.
	6								
	7								
	8								Kl. austur
	9								
	10								Kl. st. ' mældi ⊙ hæð: ° '
	11								og tók mið af ⊙ í s. s. au.
	12								Kl. st ' mældi ⊙ hæð: ° ',
									fann með þessum 2 mælingum
									breidd að vera ° ' nbr.
									Á hádegi mæld ⊙ hæð: ° '

Aðalstefna eptir leiðarsteini: ° frá til
leiðrjett með: ° til nvesturs
Rjett aðalstefna er: ° frá til
Vegarlengd alls: mílur.

Norðl. breidd eptir leiðarreikn. ° '
Lengd ° '
Mæld norðl. breidd ° '

Þegar skipið er þar í sjó, er eigi þarf grunnsökku við, ganga 2 síðustu dálkarnir úr.

Athugasemdir við frumvarp þetta.

Reglur hinna dönsku laga um dagbókahald á skipum, sem fyrir skrifaðar eru í tilskipun 10. janúar 1840, hafa hingað til ekki verið lögleiddar á Íslandi; hinar fyrri reglur um þetta efni, sem voru í tilskipun 19. marz 1817, er af numin var með nefndri tilskipun 10. janúar 1840, hafa menn heldur ekki álitið að gildi hefðu á Íslandi, og hinsvegar hafa sjerstök lög hjer að lútandi aldrei verið gefin fyrir þetta land, og það hvílir því ekki sem komið er að lögum nein skylda á mönnum til þess að halda dagbækur á skipum, sem heima eiga á Íslandi. Að vísu eru dagbækur í raun og veru jafnan haldnar á skipum þessum, að minnsta kosti þegar þau eru í utanlandsferðum, hvort sem það nú er gjört til að geta haldið þeim í ábyrgð eða af öðrum orsökum, en það er eigi síður fyrir það þörf á nánari ákvæðum um það, hvernig þessar bækur skuli vera lagaðar, um löggilding þeirra, eptirlit með því, að þær sjeu rjett haldnar o. sv. frv., og eru slík ákvæði nauðsynleg, ef dagbókahaldið á að geta komið að fullum notum. Það má því æskilegt þykja, að gjörð verði föst ákvæði bæði um það, á hverjum íslenzkum skipum dagbækur skuli ávallt halda, og um það, hvað gjört skuli að öðru leyti til þess, að augnamiðinu með dagbókahaldi verði náð. Með því nú að ákvæði hinna dönsku laga í tilskipun 10. janúar 1840 virðast í öllu verulegu að geta átt við á íslenzkum skipum, þá hefur stjórnarráðið, eptir að það hefur skrifazt á við landshöfðingja um málið, samið frumvarp þetta eptir nefndri tilskipun, þó með þeim breytingum og afbrigðum frá henni, sem þörf hefur þótt á vera eða hentugt að gjöra, og munu þær lýsa sjer í athugasemdum þeim, er nú skulu gjörðar við hverja einstaka grein.

Um 1. gr.

Í líkingu við það, sem fyrir skipað er í Danmörku, er hjer farið fram á það, að menn skuli eigi skyldir til þess að lögum að halda dagbækur á öðrum íslenzkum skipum en þeim, er höfð eru í utanlandsferðum. En á skipum, sem notuð eru aðeins til fiskiveiða við strendurnar eða til vöruflutninga hafna á millum eigi menn ekki að vera skyldaðir til slíks í lögum.

Um 2. gr.

Ákvæðin í 4 fyrstu málsliðum þessarar greinar, um fyrirkomulag á dagbókum, löggilding þeirra og eptirlitið, eru eins og ákvæðin í hinni dönsku tilskipun, nema að því leyti, að fela hefur orðið lögreglustjórunum eigi aðeins að löggilda bækurnar, heldur og að hafa eptirlitið á hendi, en það er í Danmörku falið tollmönnum.

Í 5. og 6. lið þessarar greinar ræðir um það, að dagbókin verður út skrifuð, áður en skipið lýkur ferð sinni og nær íslenzkri höfn, og er það þá samkvæmt því, er á sjer stað um dönsk skip, að skipstjóri, þegar svo ber undir, geti fengið löggilta nýja dagbók hjá hinum danska verzlunarfulltrúa eða varafulltrúa í þeirri útanríkishöfn, er skipið kemur í; en svo hefur þótt nauðsynlegt að bæta hjer við sjerstakri ákvörðun um þetta efni, þegar það er dönsk höfn að skipið kemur í. Skipstjóri ætti þar engu síður að geta fengið nýja bók löggilta, og er því farið fram á það hjer, að hlutaðeigandi danski embættismaður eigi þá að geta löggilt hana fyrir hann; og hefur dómsmálastjórnin hinsvegar lýst því yfir, eptir að stjórnarráð Íslands hefur skrifazt á um málið við hana, að hún sje fús til þess, ef frumvarp þetta verður gjört að lögum, að leggja hlutaðeigandi dönsku embættismönnum þessa skyldu á herðar. Sama er að segja um aðstoð þá, er í 4. og 5. grein er ætlazt til af dönskum embættismönnum, og sem enn síður verður án verið. Þareð

dómsmálastjórnin hinsvegar hefur látið í ljósi, að henni mundi þykja æskilegt, að tilsvarandi löggildingarskylda yrði lögð íslenzkum yfirvöldum á herðar, mun stjórnarráðið fyrir Island, ef til kemur, láta boð út ganga um það.

Gjöld þau, er tilskipunin danska frá 1840 ákvað handa fulltrúunum fyrir þessi embættisverk, smbr. og 4. gr. frumvarpsins, eru nú fallin burt með auglýsing 20. sept. 1888 um gjaldskrá fyrir embættisverk hinna konunglegu dönsku verzlunarfulltrúa og varafulltrúa, smbr. lög um verzlunarfulltrúagjöld 5. apríl s. á., og fá þeir því enga borgun fyrir þessi verk. Heldur ekki er hinum dönsku dómsmála-yfirvöldum ætluð nein borgun fyrir þesskonar embættisverk, enda geta íslenzk lög eigi veitt þeim heimild til að taka við henni.

Um 3. gr.

Það sem segir í þessari grein um það, hvað rita eigi í dagbækur, hefur þótt rjettast að hafa orðrjett eins og stendur í hinni dönsku tilskipun, og er það samkvæmt tillögum landshöfðingja.

Um 4. og 5. gr.

Ákvæðin í þessum greinum eru að öllu leyti samkvæm 4. og 5. gr. tilskipunarinnar, nema hvað bætt er við, eins og í 2. gr., sjerstakri reglu um það, er skip kemur í danska höfn eptir að hafa orðið fyrir sjóskaða, eða endar ferð sína þar.

Um 6. gr.

Fyrirmæli þessarar greinar um skyldu skipstjóra til þess að leggja fram dagbók sína eður staðfest eptirrit af henni eru tekin óbreytt eptir tilskipuninni dönsku.

Um 7.—10. gr.

Refsingarákvæðin í 7. og 8. gr., ef skipstjóri eða stýrirmaður hefur vanrækt bókhaldið eður það, er segir um framsýning og áritun, eða haft í frammi svik í bókhaldinu, eru í því einu frábrugðin fyrirmælum hinnar dönsku tilskipunar, að rjett hefur þótt að fara fram á, eptir tillögum landshöfðingja, að sektir allar væri færðar niður um helming.

Hið sama er að segja um ákvæðin í 9. og 10. grein um skyldu skipstjóra til þess eptir mætti að varðveita dagbókina, ef óhöpp bera að höndum, og til þess að ónýta hana eigi eptir afstaðna ferð, fyrr en öll mál, er ferðinni við koma, eru útkljáð millum útgjörðarmanna, útskipenda og ábyrgðarmanna.

Um 11. gr.

Það mun rjettast að láta sektir allar og gjöld ganga til landssjóðs.

Fyrirmyndarblað það, er frumvarpinu fylgir, er samkvæmt því, er fyrirskipað er með hinni dönsku tilskipun 10. janúar 1840.

Frumvarp

til

laga um stofnun sjómannaskóla á Íslandi.

(lagt fyrir alþingi 1889.)

---

1. grein.

Í Reykjavík skal stofna sjómannaskóla, til þess að gefa mönnum kost á kennslu í siglingarfræði og til þess að búa lærisveina skólans undir íslenzkt stýrimanns-próf. Við skóla þenna setur stjórnarráð Íslands fastan kennara með 1200 kr. launum á ári, og skal þar að auki veita honum annaðhvort íveruhús ókeypis, bæði fyrir sjálfan hann og skólann, auk eldiviðar og ljósa til skólahússins, eða í staðinn árlegt endurgjald 600 kr. alls.

Stiptsyfirvöldin skulu hafa umsjón yfir kennslunni, og skipa fyrir það, sem með þarf, um tilhögun á henni, niðurskipun kennslu-stunda, inntöku lærisveina í skólann o. fl. Kennsluna skal veita lærisveinum ókeypis.

Skólanum skal á kostnað landssjóðs fengin áhöld þau, er þörf er á við kennsluna í siglingar- og veðuráttufræði, sjávaruppdrætti, uppdráttastokka og fl.

2. grein.

Til hins íslenzka stýrimannsprófs útheimtist:

1. kunnátta í fræðinni um almenn brot, tugabrot, hlutföll talna, notkun logarithma, í grundvallaratriðum mælingafræðinnar, og útreikningi hins rjetthyrnda þríhyrnings eptir þríhyrningafræðinni;
2. þekking á jarðarhnettinum, lögun hans og stærð, línum á yfirborði hans, breidd og lengd;
3. þekking á tilhöguninni á leiðarsteininum og notkun hans, á misvísun og halla leiðarsteinsins, á óreglu á honum, og hvernig hún verður fundin, á tilhögun og notkun skiphraðamælisins og grunnsökkunnar;
4. skyn á sjávaruppdráttum yfir höfuð;
5. þekking á því, hvernig halda eigi dagbók, að kunna að gjöra leiðarreikning eptir töflum þeim, sem til þess eru gjörðar, að kunna að marka afstöðu skips á uppdrættinum, bæði að breidd og lengd, og með því að taka fast mið á landi; þekking á straumi, og á því, hvað skip hefir rekið, og að kunna að ákveða stefnu til og afstöðu frá tilteknum stað;
6. þekking á himinhvolfinu og hinni daglegu hreyfingu, á mælistigakerfi himinhvolfsins, á því, að ákveða afstöðu himintungla, á sólinni og hreyfingu hennar sjálfrar;
7. þekking á áttungs- eða sjöttungsmæli, og að kunna að prófa og leiðrjetta stöðu speglanna; að kunna að mæla hæð himintungls og horn milli hluta á jörðinni;
8. þekking á mælingu og skiptingu tímans;
9. þekking á leiðrjettingum þeim, sem við eru hafðar við hina mældu hæð sólarinnar, til þess að finna hæð miðpunkts hennar;

10. að kunna að finna þá klukkustund, er sólin rennur upp eða gengur undir;
11. að kunna að finna misvísun með sólskoðun;
12. að kunna að finna breiddina með því að mæla hæð sólarinnar í hádegisbaug;
13. að kunna að finna þá klukkustund, er flóð verður og fjara.

3. grein.

Prófið er bæði skriflegt og munnlegt. Það skal haldið opinberlega af prófnefnd, og eru í henni kennarinn í siglingarfræði og tveir aðrir menn, sem landshöfðingi setur til þess í hvert skipti, annan eptir uppástungu stiptsyfirvaldanna og hinn eptir uppástungu bæjarstjórnarinnar í Reykjavík; skal fyrir prófinu standa sá af nefndarmönnum, sem landshöfðingi skipar sem oddvita. Kennarinn heldur hið munnlega próf, en verkefnin til skriflega prófsins skal sjómannakennslu-forstjórinn í Kaupmannahöfn búa til og senda landshöfðingja í umslagi, sem innsigli er sett fyrir.

4. grein.

Stjórnarráð Íslands setur ákvarðanir þær, sem með þarf viðvíkjandi tilhögun á prófinu.

Þeim, sem prófið hefur tekið, skal veitt skýrteini um það, og skal þar telja þær kennslugreinir, sem hann hefur verið reyndur í, og tilgreina í tölum einkunn þá, sem gefin er, og skulu allir nefndarmennirnir undirskrifa skýrteinið.

Nöfn þeirra, sem undir próf ganga, skal rita í bók, sem til þess er lögð, og sem stiptsyfirvöldin geyma; skal í henni skýrt frá fullu nafni hvers eins, fæðingarstað, fæðingar-degi og -ári, svo og frá einkunn þeirri, sem gefin var við prófið.

5. grein.

Rjett til þess að ganga undir hið íslenzka stýrimannspróf eptir reglum þeim, sem settar eru að framan, eiga ekki að eins lærisveinar sjómannaskólans, heldur og hver sá, sem 3 mánuðum áður en prófið er haldið, sendir til stiptsyfirvaldanna beiðni um að mega ganga undir próf, og skal henni fylgja vottorð um kunnáttu hans frá þeim manni eða þeim mönnum, sem hafa kennt honum siglingarfræði. Enginn getur gengið undir próf, nema hann hafi verið í förum 4 mánuði að minnsta kosti.

Athugasemdir við frumvarp þetta.

Til nauðsynlegs undirbúnings því, að gjörð yrðu lög um atvinnuvegi við siglingar á Íslandi, sem enn vanta, lagði stjórnin fyrir alþingi 1873 frumvarp til tilskipunar um stofnun sjómannaskóla á Íslandi, og var tilgangur skólans sá að gefa mönnum kost á kennslu í sjómannafræði og að búa lærisveina undir íslenzkt stýrimannspróf. Það var aðeins ætlazt til þess að fengin yrðu skilyrðin fyrir því, að menn gætu í landinu sjálfu fengið þá þekking í sjómannafræði, sem ómissandi þótti vera á strandsiglingunum og fiskiferðum kringum landið, og fyrir því voru kröfurnar til prófs þessa ekki gjörðar svo strangar og þær, er settar eru í lögum konungsríkisins 6. marz 1869, er þá giltu um hið almenna danska stýrimannspróf, og sem í hinum núgildandi lögum 24. júlí 1880 eru gjörðar enn þá strangari en þá var. Af námsgreinum þeim, er í hinum fyrtöldu lögum voru fyrirskipaðar, voru þær aðeins teknar í frumvarpið, er þekking í þeim þótti nauð-

synleg vera jafnvel á innanlands-siglingunum, en um það var leitað álits sjóliðsstjórnarinnar. Af þessu leiddi hins vegar, að eigi var til þess ætlazt, að þeir, er gengju undir prófið, fengju með því rjett til að vera skipstjórar eða stýrimenn á öðrum sjóferðum en innlendum.

Alþingi rjeð frá því með miklum atkvæðamun, að frumvarpið yrði gjört að lögum, án þess að fara fram á neinar breytingar á frumvarpinu, og þarvið var málið látið sitja. Síðan hefur það eitt verið gjört til að koma á kennslu í sjómannafræði á Íslandi, að veitt hefur verið nú síðustu árin nokkurt fje á fjárlögunum til kennslunnar, og hefur það fje verið notað.

Þörfin á lögum um atvinnuvegi við siglingar fer stöðugt í vöxt. Eptir því sem landshöfðingi skýrir frá, eru það nú orðin 37 seglskip, sem skrásett eru á Íslandi og auk þeirra 2 gufubátar, 33 tons að stærð hvor, er hafðir eru við hvalveiðar. Af seglskipunum er rúmur helmingur hafður til fiskiveiða við strendurnar og til vöruflutninga hafna á millum, en hin eru jafnframt höfð í kaupferðum milli Íslands og Danmerkur eða útlanda. A þessum kaupförum eru nú í raun og veru, til þess að fullnægja skilyrðum þeim, er ábyrgðarfjelögin setja, ætíð bæði skipstjóri og stýrimaður menn, er fullnægja skilyrðum þeim, sem í hinum dönsku lögum eru sett um atvinnuvegi við siglingar, og bætir þetta að nokkru leyti úr skorti á ákveðnum lagafyrirmælum, en þetta á sjer ekki stað um hinn skipaflokkinn, er aðeins er hafður við fiskiveiðarnar og á strandferðunum, og sem stendur er það því fyrir þessar siglingar, að þörfin á lögákvæðum er tilfinnanlegust.

En stjórnin er enn sem fyrri þeirrar skoðunar, að meðan ekki er settur neinn sjómannaskóli á Íslandi, verði ekki gjörð lög um atvinnuvegi við siglingar, svo að notum komi. Siglingakunnátta, sem líka er ómissandi á sjóferðum innanlands, mundi í þesskonar lögum ávallt verða sett sem eitt af aðalskilyrðunum, sem rjetturinn til að ráða fyrir skipi eða vera stýrimaður á því yrði bundinn við. Nú væri það mjög kostnaðarsamt fyrir Íslendinga að verða að búa sig og ganga undir stýrimannspróf í Danmörku, og hins vegar er arðurinn af atvinnu við siglingar innanlands svo lítill, að hann mundi ekkert vega upp á móti kostnaðinum við að ná prófinu. Stjórnarráðið er af þessum ástæðum samdóma landshöfðingja, sem skrifast hefur verið á við um málið, um það, að óráðlegt sje að fara fram á þesskonar próf fyrr, en hægt er að ganga undir það í landinu sjálfu. Stjórnin hefur því eigi þóttzt geta farið lengra í málið að sinni en að leggja fyrir alþingi frumvarp það, er að ofan er skráð um stofnun sjómannaskóla á Íslandi. Hefur hún eptir tillögum landshöfðingja notað við samning þess frumvarpið frá 1873, en þó með ráðum hans gjört nokkrar breytingar á því, er getið verður um í athugasemdunum um hinar einstöku greinir, en þær eru að öðru leyti að mestu samhljóða tilsvarandi greinum í frumvarpinu frá 1873. Um leið og skýrskotað skal til þess, er sagt er í ástæðunum fyrir því frumvarpi (sjá alþingistið. 1873 II. 45—52 bls.), skal um hinar einstöku greinir geta þessa.

Um 1. gr.

Við þessa grein er eptir tillögum landshöfðingja bætt ákvörðun, er tekur það fram, að áhöld þau, er þörf er á við kennsluna i siglingar- og veðuráttufræði, sjávaruppdrætti og uppdráttastokka og fl., skuli útveguð skólanum á kostnað landssjóðs; var þegar gjört ráð fyrir slíku í frumvarpinu frá 1873. Það er því næst tekið fram með berum orðum um skipun hins fasta kennara, að hann skuli skipaður af stjórnarráðinu fyrir Ísland, og er það gjört til þess að eingin spurning geti orðið um það, hvort hann eigi að vera skipaður af konungi og hafa rjett til eptirlauna, sem ekki virðist vera ástæða til.

2. gr. í frumvarpinu frá 1873 er því næst eptir tillögum landshöfðingja sleppt úr frumvarpinu, því að rjettast þótti að ákveða ekki um það í sjálfum lögunum, á hvaða tímum próf skuli halda, heldur láta það, eins og önnur ákvæði um prófið, vera á valdi stjórnarráðsins fyrir Ísland, smbr. 4. gr. frumvarpsins, 1. málsgr.; og hið annað ákvæði þessarar greinar um það, hve lengi maður eigi að hafa verið í förum, áður hann geti gengið undir próf, á bezt við í 5. gr. frumvarpsins, þar sem ræðir um hin önnur skilyrði fyrir því.

Um 2.—4. gr.

Þessar greinir eru teknar orðrjettar eptir 3.—5. gr. hins upprunalega frumvarps. Aðstoð þá, er 3. gr. ætlast til að sjómannakennslu-forstjórinn veiti, mun sjóliðstjórnarráðið fela honum að láta í tje.

Um 5. gr.

Fyrirmælunum um, að enginn geti gengið undir próf, nema hann hafi áður verið í förum 4 mánuði að minnsta kosti, eins og ákveðið var í 2. gr. frumvarpsins frá 1873, hefur stjórnarráðið eigi viljað fara fram á að breyta, enda þótt tími sá sje nú lengdur frá 6 til 15 mánaða í lögunum um stýrimannspróf 24. juli 1880.

Loks er hjer eptir tillögum landshöfðingja sleppt 7. gr. frumvarpsins frá 1873, er hafði þau fyrirmæli, sem áður hefur verið drepið á, að hið íslenzka stýrimannspróf skyldi aðeins veita manni rjett til þess að vera skipstjóri eða stýrimaður á sjóferðum við Ísland, ef hann fullnægði að öðru leyti skilyrðunum, er fyrir því kynni að verða sett, en heimilaði manni enga hluttöku í utanlandsferðum. Þessari ákvörðun verður eðlilegast komið fyrir í hinum tilkomandi lögum um atvinnuvegi við siglingar ásamt með hinum öðrum skilyrðum, sem hentugt kann að þykja að setja fyrir því, að geta haft atvinnu sem skipstjóri eða stýrimaður, og það á einmitt einkum við um kröfuna um siglingarkunnáttu, að ekki er tiltækilegt að lögbjóða hana, fyrr en sjómannaskólinn hefur staðið um nokkurn tíma. En stjórnarráðið verður að vera á þeirri sömu skoðun, sem áður hefur verið haldið fram, að stýrimannspróf það, sem farið er fram á í frumvarpinu, eigi aðeins að heimila manni rjett til að vera skipstjóri og stýrimaður á sjóferðum við Ísland, en eigi á ferðum til Danmerkur eða útlanda, því að ef svo ætti að vera, yrði að gjöra kröfurnar, prófinu víðvíkjandi, að mun strangari en gjört er í frumvarpinu, þar sem annars væri látinn vera allt of mikill mismunur á þeim og kröfum, er gjörðar eru annarstaðar, smbr. áðurnefnd lög 24. júlí 1880. Ef nóg fje væri álitið að vera fyrir hendi og ekki yrði vöntun á kennurum, væri auðvitað hægt að taka þau ráð að láta hið íslenzka stýrimannspróf vera einsog hið danska, eða fyrirskipa 2 próf, annað fyrir menn á siglingum við Ísland og hitt fyrir ferðir til útlanda. En það hefur þótt rjettast að byrja ekki á að fyrirskipa annað eða þyngra próf en það, er hjer er farið fram á, og sem miðað er við hinar innlendu siglingar, þar sem þörfin á að geta fengið sem ódýrasta tilsögn í siglingafræði er mest. Þarsem lærisveinar að öllum jafnaði munu koma lítt undirbúnir undir kennsluna, mun svo reynast, að námstíminn verður þeim langvinnur og þar af leiðandi kostnaðarsamur, áður en þeir fá náð prófinu, og ætíð er hægt að bæta við námsgreinum síðar, ef þá þykir þörf á því vera, og skipa fyrir viðaukapróf eða fullkomnara aðalpróf fyrir menn á siglingum til útlanda.

Frumvarp

til

laga um að fá út mældar lóðir á löggiltum kauptúnum og fl.

(lagt fyrir alþingi 1889.)

---

1. gr.

Ef maður vill fá út mælda lóð á löggiltu kauptúni til þess að hefja þar verzlun, enda er honum heimilt að lögum að reka verzlun á Íslandi, beiðist hann skriflega útmælingar af lögreglustjóra þeim, er hlut á að máli, en hann kveður með sjer tvo óvilhalla menn og til tekur með þeim lóð þá, er þörf er á til verzlunarinnar.

2. gr.

Bæði þeir, er landið eiga, þar sem löggilt hefur verið kauptún, og aðrir, er lögmæt rjettindi hafa eignazt yfir landinu, eru skyldir til þess, gegn hæfilegu endurgjaldi, er lögreglustjóri til tekur með þeim, er hann kvaddi með sjer til útmælingar, ef málsaðilar koma sjer eigi saman um endurgjaldið, að láta af hendi óbyggðar lóðir, svo sem útmælendum þykir þörf vera á til hinna fyrirhuguðu verzlunarafnota, og sem eigi eru nauðsynlegar við rekstur verzlunar, er áður er þar fyrir.

3. gr.

Þótt einstakir menn kunni að eiga höfn þá, sem við er löggilt kauptún, mega þeir eigi bægja neinum frá að leggja skipum sínum þar við akkeri, og heldur eigi getur landeigandi varnað hinu opinbera eða einstökum mönnum að gjöra hringa, landfestar eður önnur skipsfesta-áhöld fyrir skip þar í höfninni, þarsem svo til hagar, að þesskonar áhöld eru nauðsynleg; þó má aðeins gjöra það eptir tilvísun lögreglustjóra, er kveður með sjer tvo menn, er kunnugir eru hafnarlegi, og eiga þeir jafnframt að ákveða það endurgjald, er landeiganda beri, ef hlutaðeigendur verða eigi á eitt sáttir um það mál. Að öðru leyti skulu ákvæðin í opnu brjefi 28. desember 1836 11. gr. í gildi vera, þó svo, að hver eigi forgangsrjett að notkun þeirra skipsfesta, er hann hefur lagt og að lægi því, þar sem þær eru, enda þótt hann hafi eigi þar við höfn fasta verzlun, en þá þó því að eins, að eigi sje öll lægi upp tekin í höfninni, er skip hans koma til.

4. gr.

Fyrir útmælingargjörðir eptir 1. og 3. gr. skal beiðandi auk ferðakostnaðar greiða lögreglustjóra 3 krónur um daginn og eins hverjum hinna, er til voru kvaddir með honum.

Athugasemdir við frumvarp þetta.

Frumvarp þetta fer fram á viðauka-ákvæði við verzlunar- og siglingalöggjöf Íslands, er stilli svo til, að hin löggiltu kauptún á Íslandi og hafnirnar við þau verði, að svo miklu leyti sem almenningsheill krefst þess, notuð bæði af verzlunarmönnum, er vilja setjast þar að, og af skipum, er þangað koma, hver svo sem eru, enda þótt svo standi á, að bæði kauptúnslóðin og höfnin sjálf sjeu í eign einstakra manna. Það, sem í þessum efnum eigi má án vera, er fyrir það fyrsta ákvæði, er hindri það, að lóðareigandi geti með því að neita mönnum um lóð til verzlunar á löggiltum kauptúnum annaðhvort valdið því, að engin verzlun komist þar upp, eða bægt á svig allri samkeppni, ef hann hefur þar sjálfur verzlun. Að því er til hafnanna sjálfra kemur, er það því næst vitaskuld, að þótt einhverjar af þeim kunni að vera í eign einstakra manna, þá á það eigi að geta verið því til tálmunar, að sjófarendur megi nota þær til skipalægis, nje heldur eiga hafnareigendur að geta á nokkurn hátt varnað hinu opinbera eða einstökum mönnum að setja þar niður skipsfesta-áhöld, er nauðsynleg eru og eigandi hefur sjálfur ekki skeytt um að setja. En það mun naumast vera svo, að í núgildandi lögum sje næg trygging gegn misbrúkun á eignarrjettinum í þeim efnum, er bent hefur á verið. Þegar lög löggilda einhvern stað til verzlunar, þá mun það í sjalfu sjer eigi hafa aðra eða meiri þýðing en þá, að upp frá því sje hverjum, sem eptir gildandi lögum hefur rjett til að verzla á Íslandi, heimilt að setja verzlun á fót á þessum stað, en löggildingarlögin munu naumast gefa honum rjett til að krefjast þess, þegar landið er eign einstakra manna, að honum verði út mæld þar lóð til verzlunar gegn vilja þeirra, og það er því næst í öllu falli mjög vafasamt, hvort fundin verði annarstaðar í íslenzkum lögum almenn heimild til slíkrar takmörkunar á eignarrjetti manna. Þegar höfn er í eign einstakra manna, hvort sem eignarrjetturinn nú nær til hafnarinnar sjálfrar, eða stranglega skilið aðeins til lóðarinnar í kring um hana, þá getur það eptir gildandi lögum, smbr. op. br. 28. des. 1836 11. gr., verið vafa undirorpið, hvort og að hve miklu leyti eigendur sjeu skyldir til að þola það, að aðrir menn noti höfnina til skipalægis, þegar þeir hafa sjálfir ekki þörf fyrir það; en þeir geta, eins og nýlega hefur sýnt sig og meinlegt hefur verið, í öllu falli hindrað það, að aðrir menn setji niður í höfn þeirra skipsfesta-umbúnað eða önnur slík áhöld, er nauðsynleg kunna að vera fyrir þá, en hinir þykjast ekki við þurfa. Til þess að reyna að bæta úr því, er áfátt kann að vera í gildandi lögum um þessi efni, hefur frumvarp þetta gjört verið, og er það í öllu verulegu samið eptir því, sem landshöfðingi hefur farið fram á.

Um einstakar greinir frumvarpsins skal þessa getið:

Um 1. og 2. gr.

Neðri deild alþingis samþykkti 1885 ákvæði lík þeim, er í þessum greinum er farið fram á, að menn skuli eiga rjett á með þeim skilyrðum, sem 50. gr. stjórnarskrárinnar til skilur, að fá út mælda lóð í annars manns eign til verzlunarstofnunar. Að vísu var gjört ráð fyrir því í frumvarpi deildarinnar, að lóðin skuli aðeins lögð vera til afnota, en eigi til eignar, þarsem svara skyldi eiganda eður öðrum rjetthafa árlegu eptirgjaldi af lóðinni fyrir afnotin. En þarsem gert er ráð fyrir því, að hús og aðrar fastar byggingar verði reistar á hinni útmældu lóð, þykir hentugra munu vera, að hlutaðeigandi fái grunninn til eignar mót endurgjaldi í eitt skipti fyrir öll.

Þegar fram hefur komið skrifleg beiðni um útmæling, er ætlazt til þess, að lögreglustjóri framkvæmi hana með tveim þar til kvöddum óvilhöllum mönnum, er með honum skuli ákveða upphæð endurgjaldsins, ef menn greinir á um það. Það getur verið

efasamt, hvort eigi væri rjett, að ákvæði nefndarinnar yrði skotið til æðri úrskurðar, en fyrir því hvernig nefndin er saman sett, mundi erfitt veita að koma á yfirmati eða málskotadómi í þessum málum. Í Danmörku hafa menn í líkum málum heldur eigi sjeð í að láta ákvæði útmælingarnefndarinnar hafa fullnaðargildi.

Um 3. gr.

Í þessari grein er jafnframt reglunni um það, að eignarrjettur til hafnar skuli eigi vera því til fyrirstöðu, að sjófarendur noti hana til skipalægis, farið fram á það, samkvæmt því, er á undan er sagt, að öðrum en eigendum sje og heimilt að setja þar niður skipsfesta-áhöld gegn hæfilegu endurgjaldi til eigenda, ef svo hagar til í höfninni, að nauðsyn er á slíkum áhöldum. Ákvæðin í opnu br. 28. des. 1836 11. gr. um rjett til þess gegn sanngjörnu eptirgjaldi að nota skipsfesta-umbúnað annara, þegar þeir nota hann eigi sjálfir, sem líka eiga við, þegar það er hafnareigandi sjálfur, sem sett hefur áhöldin, eru í þessum atriðum allsendis ónóg (í öllu falli á þeim stöðum, þarsem siglingar eru miklar, og koma kunna fleiri skip í einu, meðal þeirra póstgufuskipin og herskipið), því að bæði er það, að þessi rjettur stendur að baki afnotarjetti annara, og þar til kemur hinsvegar, að eigi hvílir eptir gildandi lögum nein skylda á hafnareigendum til þess að hafa nauðsynlegan skipsfesta-umbúnað í höfn sinni nje til þess að halda honum við, svo að á megi treysta. Þótt nú hægt væri að leggja þeim þessa skyldu á herðar, án þess að beita þá ósanngirni, þá væri þó eigi að heldur nóg aðgjört til þess að koma málinu í viðunandi lag. Það hefur því verið látið sitja við það að halda ákvæðum op. brjefs 28. des. 1836 11. gr. óbreyttum, en heimila jafnframt þeim, er í hlut eiga, rjett til þess gegn hæfilegu endurgjaldi til lóðareiganda að láta gjöra í höfninni þann festa-umbúnað, er þeim þykir þörf vera á fyrir skip sín, og hefur því næst þótt rjett vera, að þeir fái forgöngurjett til að nota þær skipsfestar, er þeir hafa sett, líkan þeim, sem í hinu opna brjefi veitt er „staðarins föstu höndlun“, en þó með þeirri takmörkun, að höfnin sje eigi alsett annara manna skipum, þá er skip þeirra koma til. Með þessu mun eigi vera gengið of nærri rjetti föstu verzlananna, því að þeim er það ætíð innan handar að setja niður skipsfesta-áhöld sjálfar og tryggja sjer með því lægi fyrir sín skip, enda þá, er höfnin er alskipuð.

Þar sem miklar eru siglingar, mundi þessum málum bezt skipað með því, að hlutaðeigandi sveit eður sýsla hefði sjálf þann vanda af höfnunum, hvort sem þær eru eign einstakra manna eða ekki, að búa þær út með nauðsynlegum skipsfesta-áhöldum og fl., og leggja á tiltekinn afnotatoll. En eigi hefur þótt rjett að fara fram á, að gjöra þeim það að skyldu.

Um 4. gr.

Það mun þykja sanngjarnt að láta þann, er útmælingar beiðist eptir 1. eða 3. gr., greiða nefndinni bæði dagpeninga, og ferðakostnað er gjörðinni er samfara, og þykir hæfa, að dagpeningarnir sjeu 3 kr. fyrir hvern nefndarmann um daginn.

Frumvarp

til

laga um aðflutningsgjald á kaffi og sykri.

(lagt fyrir alþingi 1889.)

---

1. gr.

Þegar neðan greindar vörur eru fluttar til Íslands, skal af þeim greiða í landssjóð gjöld þau, er hjer segir:

1. af kaffi og kaffibæti hverskonar 5 aura af hverju pundi;
2. af sykri og sírópi 2 aura af hverju pundi.

2. gr.

Gjaldið skal greiða lögreglustjóra í peningum eða með ávísun, stíluðri uppá borgun við sýningu, á landsbankann eða á verzlunarhús í Kaupmannahöfn, er innheimtumaður tekur gilt. Eigi má afhenda vörurnar þeim, er við eiga að taka, fyrr en gjaldið er greitt. Brot gegn þessu fyrirmæli varða sektum, allt að 200 kr., á hendur skipstjóra eða afgreiðslumanni skipsins, ef vissa er fyrir, að sá maður sje þar á staðnum. Hafi vörurnar afhentar verið þeim, er við á að taka, áður en hann hefur fengið kvittun innheimtumanns fyrir því, að gjaldið sje þegar greitt, þá er hann skyldur til að segja lögreglustjóra frá þessu innan 3 daga frá því að hann tók við vörunum, og greiði gjaldið um leið, ef það er eigi þegar gjört.

3. gr.

Til þess að ákveða gjaldið skal farið eptir vöruskrá skipsins eða tollskrá, svo og hleðsluseðlum þeim eða tilvísunarbrjefum, er snerta hinar tollskyldu vörur.

Hinar tollskyldu vörur má eigi flytja í land, fyrr en skipstjóri eða afgreiðslumaður hefur skilað lögreglustjóra öllum þessum skjölum og látið fylgja skriflegt vottorð frá skipstjóra uppá æru og samvizku um það, að eigi sjeu í skipinu aðrar eða fleiri tollskyldar vörur, en þær, er tilfærðar eru á vöru- eða tollskránni, eða semætlaðar eru handa skipverjum sjálfum. Brot gegn þessu fyrirmæli varðar sektum allt að 200 kr.

Ennfremur hefur lögreglustjóri vald til þess, hvenær sem vera skal, að heimta af hverjum búsettum manni í umdæmi sínu, er ástæða er til að ætla að fái gjaldskyldar vörur frá útlöndum, æru- og samvizkuvottorð skriflegt um það, hvort hann hafi fengið þesskonar vörur, og ef svo er, hverjar og hve mikið af þeim. Reynist þá svo, að eigi hafi greitt verið fullt gjald af þesskonar vörum, skal sá, er við hefur tekið, þegar í stað gjalda það er á vantar, enda sje eigi þyngri ábyrgð fallin á hann eptir lögum þessum.

4. gr.

Sje ógreinilega sagt til um tollskyldar vörur á vöru-eða tollskránni, eður ef skýrslurnar þar að lútandi eru eigi fullnægjandi eður sje ástæða til að rengja, að rjett sje skýrt frá, skal lögreglustjóri láta rannsaka farminn og hafa eptirlit með uppskipan svo sem með þarf. Kostnað þann, er af þessu leiðir, skal landssjóður greiða, ef skýrslurnar reynast nákvæmar, en ef þær reynast ónákvæmar, fellur kostnaður á skipstjóra, eða ef nauðsyn krefur á þá, er við vörum tóku.

5. gr.

Nú verður maður uppvís að því að hafa sagt rangt til um gjaldskyldar vörur, sem hann hefur innflutt eða veitt móttöku, eður gjört ranga yfirlýsing þar að lútandi, eður eigi skeytt því samkvæmt 2. gr. að segja frá vörum, er hann hefur tekið við, og skal hann þá, ef brotið varðar eigi þyngri hegning að lögum, sæta sektum, allt að 1000 kr. og gjaldi auk þess sekt, er sje tvöföld við þá upphæð gjaldsins, er hann hefur reynt að draga undan.

6. gr.

Hinar aðfluttu tollskyldu vörur skula vera að veði fyrir tollinum og sektunum, og hefur eigandi ekki rjett til að ráða yfir þeim, fyrr en búið er að greiða gjöld þessi. Lögreglustjóri hefur vald til að gjöra þær ráðstafanir í þessu efni, sem með þarf, einkum með því að kyrrsetja vörurnar, og ef ekki er borgað, selja þær til lúkningar tolli og sektum.

7. gr.

Amtmaður getur ákveðið sektirnar, ef hlutaðeigandi eigi krefst þess, að máli því sje vísað til dóms og laga. En verði því vísað til dóms og laga, skal fara með sem almennt lögreglumál.

Landshöfðingi hefur vald til þess að færa niður sektirnar, þegar honum þykir ástæða til vera í einstökum tilfellum.

8. gr.

Sektir allar eptir 2. og 3. gr. renna í landssjóð. Hið sama er um sektir eptir 5. gr., nema einhver hafi komið því til leiðar með frásögn sinni, að tollsvikin komust upp, og fær hann þá annan helming sekta.

9. gr.

Fyrir tollheimtum og sektum eptir lögum þessum skal lögreglustjóri gjöra reikninga samkvæmt reglum þeim, er gilda um reikninga fyrir tollum á brennivíni og öðrum áfengum drykkjum m. m.

Af upphæð tolls og sekta fær innheimtumaður 2 af hundraði.

10. gr.

Lög þessi öðlast gildi 1. janúar 1890.

Athugasemdir við frumvarp þetta.

Þangað til 1885 voru tekjur landssjóðs hvert ár meiri en útgjöldin samkvæmt landsreikningunum, en upp frá því breytist þetta svo, að hvort af árunum 1886 og 1887 varð tekjuhalli, er meiru nam en 100,000 kr., og það er óefað, að árin 1888 og 1889 verður líka mikill tekjuhalli. Eptir áætlun þeirri um tekjur og gjöld, er landshöfðingi hefur gjört til bráðabirgða fyrir fjárhagstímabilið 1890 og 1891, verða tekjur af núverandi tekjustofnum heldur ekki nógar til að standast gjöldin og má gjöra ráð fyrir nálægt því 100,000 kr. tekjuhalla þessi árin. Hjervið bætist, að gjöld þau, er á landssjóði hvíla, fara vaxandi ár frá ári, en hinsvegar eru engar líkur til þess, að tekjurnar muni aukast fyrst um sinn að nokkrum mun af tekjustofnum þeim, sem nú eru til. Það verður því víst eigi hjá því komizt að leggja á nýjar álögur til þess að auka tekjur landssjóðs.

Stjórnarráðið hyggur nú, að bezt muni vera samkvæmt því, er landshöfðingi hefur lagt til, að fá þenna tekjuauka með því, að hækka tóbakstollinn og leggja toll á kaffi og kaffibæti og allskonar sykur, og er það ætlan landshöfðingja, að skoðun landsmanna muni almennt fara í sömu átt.

Samkvæmt lögum 11. febr. 1876 er tóbakstollurinn nú 10 aurar á hverju tóbakspundi og 25 aurar á hverju hundraði vindla, og virðist hæfilega mega hækka hann um helming eða upp í 20 a. og 50 a.; tvöfaldast þá þessi tekjugrein, sem talin er um 17,000 kr. á ári, ef eigi verður þurður á aðflutningunum. Á kaffi og kaffibæti þykir mega leggja 5 a. á hvert innflutt pund, og mun það auka tekjur landssjóðs um 35,000 kr. á ári, ef farið er eptir því, sem að meðaltali aðfluttist árlega af vörum þessum á 5 árunum 1881—85, og sem nam hjerumbil 776,865 pundum. 2 aura er farið fram á að leggja á hvert pund af allskonar sykri (síróp þarmeð talið), og mun það auka tekjurnar um 20,000 kr. á ári, ef reiknað er eptir því, sem árlega fluttist til landsins að meðaltali af vörum þessum árin 1881—85, og sem nam 1,096,526 pundum. Tollur sá, sem hjer er farið fram á að leggja á kaffi og sykur, er jafnhár þeim, er þingmenn nokkrir fóru fram á í frumvarpi, er þeir lögðu fyrir alþingi 1887. Eptir því, sem þannig er ætlazt á, mun tekjuhækkun af hinum nýju tollum, sem farið er fram á að leggja á, nema um 72,000 kr. á ári, og mun það sem stendur verða nóg til að koma aptur á jafnvægi milli tekja landssjóðs og gjalda.

Að því nú er tóbakstollinn snertir, þá er tóbak hrein og bein munaðarvara, og hefur því stjórnin ekki getað álitið neitt áhorfsmál að hækka tollinn á því um helming, og verður heldur ekki álitið, að aðflutningar á því muni fyrir það minnka að nokkrum mun. Hjerum verður sjerstakt frumvarp lagt fyrir alþingi.

En er ræðir um að leggja toll á kaffi, þá getur það verið efamál, hvort kaffi beri eigi að sumu leyti fremur að telja nauðsynjavöru en munaðarvöru fyrir mikinn hluta þjóðarinnar, einkum að því leyti sem menn á mörgum stöðum verða að hafa það í stað mjólkur, sem opt er ófáanleg, sjerstaklega í fiskiverunum. þessu hafa menn að minnsta kosti haldið mjög fast fram í neðri deild alþingis 1887, er frumvarp það, er áður gat um, var til umræðu. Ef nú hjer væri að ræða um þesskonar tollálögur, er gerðu fátæklingum ómögulegt að fá sjer kaffi, þá mætti frá því sjónarmiði ef til vill telja nokkur tormerki á því að leggja á kaffitoll. En hjer er slíku ekki til að dreifa. það, sem flutt er til landsins af kaffi og kaffibæti árlega, nemur eins og áður er sagt, um 770,000 pundum. Ef þessu er jafnað niður á alla landsbúa (börn líka), verður það 11 ℔ á mann, er gengur til kaffidrykkju árlega; og virðist þetta keyra svo fram úr öllu hófi, að allt að því megi kalla misbrúkun bæði í efnalegu og heilsufarslegu tilliti. Hin óverulega takmörkun á kaffinautn, er leitt gæti af því að leggja 5 aura toll á pund, yrði því án efa miklu fremur þjóðinni til góðs en til hins gagnstæða. það er að minnsta kosti víst, að kaffinautn sú, sem nú á sjer stað á Íslandi, verður ekki talin nein nauðsyn; þegar því ræðir um að útvega landssjóði tekjuauka, er eigi verður hjá komizt, verður sem stendur vart fundinn betri tekjustofn en tollur á kaffi.

Að því er sykurtoll þann snertir, er hjer er farið fram á, nefnilega 2 aurar á hverju pundi, þá er hann víst svo lágur, að hann naumast getur orðið tilfinnanlegur fyrir kaupendur.

það er vitaskuld, að þeir annmarkar eru á þessum tollum sem hverjum öðrum íslenzkum tollum, að engi regluleg tollheimta á sjer stað á Íslandi nje verður komið við þar nema með allt of miklum kostnaði, og af því leiðir, að ótryggilegt verður á mörgum stöðum tolleptirlitið, er fela verður lögreglustjórunum, einkum á þesskonar vörum, er

eigi koma frá Danmörku, og því engi tollskrá fylgir. En ef lögreglustjórarnir sýna af sjer tilhlýðilegan dugnað og árvekni í eptirlitinu, mun það þó nokkurn veginn nægja, þar sem svo háttar til á Íslandi, að margar tálmanir mundu verða á vegi þeirra, er vildu fara að svíkja tollskyldar vörur inn í landið, og í öllu falli virðist stjórnarráðinu, að þessir annmarkar eigi ekki að aptra mönnum frá því að gjöra tilraun með þessar nýju tollálögur, þar sem þær eru að hennar ætlan undir öllum kringumstæðum skárri en beinar skatta-álögur.

Í 1. gr. frumvarps þessa eru ákvæði um það, hve hár tollur sá skuli vera, er farið er fram á, að lagður verði á kaffi og kaffibæti og á allskonar sykur og síróp, en því næst hefur þótt rjettast að taka upp í frumvarpið allar þær ákvarðanir, er nauðsynlegt verður að setja um innheimtu gjaldsins og um eptirlitið með aðflutningum á hinum tollskyldu vörum. Ákvæði þessi munu að vísu í öllum verulegum atriðum verða samkvæm gildandi lagafyrirmælum um toll á áfengum drykkjum, nl. í tilsk. 26. febr. 1872 og lögum 11. febr. 1876, 24. ág. 1877 og 7. nóvbr. 1879, en það væri þó eigi nóg að vísa mönnum aðeins til að beita fyrirmælum þessum við innheimtu tollsins og tollgæzluna, þar sem þó eigi yrði hjá því komizt að bæta einstöku ákvæðum við, eða breyta nokkuð til frá því, sem þar er mælt fyrir, og hefur því það ráð verið tekið að safna öllum ákvæðunum á einn stað, svo að sem ljósust yrðu.

Um 2. og 3. gr.

Í þessum greinum er einkum farið eptir ákvæðum 4. gr. í tilsk. 26. febr. 1872; þó er allt það tekið upp úr 2. gr. tilskipunarinnar, sem samrýmzt getur við þá tilhögun, að láta borga tollinn smámsaman á þeim stöðum, þar sem vörunum er skipað upp. Eins og gjört er í auglýsingu þeirri frá stjórnarráðinu fyrir Ísland, sem á við tóbakstoll-lögin 11. febr. 1876, og í lögum 24. ág. 1879, eru tollskrár og vöruskrár nefndar sjerstaklega meðal skjala þeirra, er fram skulu sýnd.

Úr frumvarpi alþingis 1887 er það fyrirmæli tekið, að borga megi tollinn með ávísun upp á landsbanka, eigi síður en með ávísun upp á verzlunarhús i Kaupmannahöfn, en sú ákvörðun er tekin úr lögum 7. nóvbr. 1879, 2. gr. Það er og samkvæmt alþingisfrumvarpinu, að gjört hefur verið víðtækara ákvæðið í 3. lið 2. greinar tilskipunarinnar frá 1872, sem segir, að hver sá, er tekur við tollskyldum vörum, sje skyldur, er lögreglustjóri krefst þess, að gefa allar þær skýrslur, er honum þykir við þurfa, þar sem arið er hjer fram á að gefa lögreglustjóra vald til þess, hvenær sem vera skal, að heimta af hverjum sem er og búsettur er í umdæmi hans, og ástæða er til að gruna, að fái aðfluttar tollskyldar vörur, æru- og samvizkuvottorð um það, hvort hann hafi veitt slíkum vörum viðtöku, og ef svo er, hverskonar og hve miklu af þeim.

Loks er farið fram á að láta það varða sektum, allt að 200 kr., ef brotið er gegn þeirri skyldu, sem á skipstjóra hvílir eða afgreiðslumanni, er bannar þeim að selja vörurnar þeim í hendur, er við eiga að taka, fyrr en gjaldið er greitt, og að flytja vörurnar í land, áður en búið er að afhenda lögreglustjóra skipaskjölin m. m.; smbr. um þetta tilskipunina frá 1872, 6. gr.

Um 4. gr.

Þessi gr. er, að undan skildum litlum orðabreytingum, eins og 3. gr. í tilskip. frá 1872.

Um 5. gr.

þessi gr. samsvarar 5. gr. í tilsk. frá 1872. Auk þeirra sekta, sem þar getur um, og nema tvöföldum þeim tolli, er undan átti að draga, er, eins og gert er í þingfrumvarpinu, farið fram á að láta hlutaðeiganda gjalda allt að 1000 kr.

Um 6. og 7. gr.

þær eru samhljóða 7. og 8. gr. tilsk. frá 1872.

8. gr.

samsvarar 9. gr. hennar.

Um 9. gr.

Í þessari gr. er ætlazt til, að reikningar sjeu gjörðir eptir reglum þeim, er um reikningsgjörð fyrir tolla á áfengum drykkjum eru settar, smbr. núgildandi umburðarbrj. dómsmálastj. 13. apríl 1872 (smbr., að því er tóbakstollinn snertir, augl. frá stjórnarr. fyrir Ísland 16. febr 1876). Innheimtumaður er ætlazt til að fái 2 % sekta bæði og gjalda í þóknun.

Um 10. gr.

það er ætlazt til að lögin öðlist gildi 1. jan. 1890. það er auðvitað æskilegt, að það verði sem fyrst, en að láta það vera fyrr en 1. jan. 1890 sýnist þó vart gjörandi; en rjett þykir að til taka vissan dag.

Frumvarp

til

laga um að ráða menn á skip og fl.

(lagt fyrir alþingi 1889.)

---

1. gr.

Þá er skipstjóri ræður mann á skip, skal hann fá honum viðskiptabók. Í bók þessa skal hann rita með nafns undirskript, greinilega og nákvæma lýsing á ferð þeirri eða förum, er hann ræður mann til, fullt nafn hans, aldur og fæðingarstað, stöðu hans á skipinu og vistarkjör, kaup það, er lofað er fyrir ferðina eða mánarðarkaup, hvort borgað skuli í landaurum eða peningum, og þá, hve mikið borgað hafi verið fyrirfram. Sje samið um tiltekna upphæð í peningum eða landaurum í kaup fyrir ákveðna ferð, skal þess getið í bókinni, hve lengi ætlazt verður á að ferðin muni standa, og hve mikið sje það mánaðarkaup, er venjulegt er að gefa á þeim stað og tíma, er skiprúms-samningur er gjörður.

2. gr.

Það, sem skipstjóri borgar háseta á leiðinni og við uppgjörð, skal hann rita í bókina. Ef skipstjóri krefst þess, er háseti skyldur að veita honum viðurkenning fyrir hverri þeirri upphæð, er honum er borguð, bæði sjerrtaka og ritaða í bókina. Ef eigi verður hlje á förum skipsins og engin breyting verður á samningnum, er skipstjóri, ef háseti samþykkir það, laus við að útvega honum nýja viðskiptabók í hvert sinn sem kannaður verður á skip, ámeðan hin fyrri endist.

3. gr.

Landshöfðingi sjer um, að viðskiptabækur fáist fyrir verð, er hann tiltekur, hjá öllum könnunarstjórum. Í henni skulu prentaðar vera 1.—6. gr. þessara laga, sýnishorn af samningi þeim, er ræður um í 1. gr., og hin helztu ákvæði í lögum um stjórn og aga á verzlunar- og fiskiskipum, að því leyti þau koma farmönnum við, og í erindisskrá hinna dönsku verzlunarfulltrúa.

4. gr.

Skipstjóra, ber að annast um, að skipskafnarskráin sje svo samin, að í henni sjeu hinar sömu skýrslur, sem 1. gr. ræðir um, og að skipshöfn skrifi undir hana. Greini skipshafnarskrá og viðskiptabók á í einhverju atriði, og sú ósamkvæmni hefur eigi lagfærð verið, áður könnun fer fram á skip, þá stendar það ákvæði, er betra er fyrir háseta.

5. gr.

Könnunarstjóri skal gæta þess, þá er könnun fer fram á skipshöfn íslenskra skipa, á skip eða frá skipi, að fylgt hafi verið fyrirmælum þessara laga um skipshafnarskrár og viðskiptabækur.

Ef ferðinni er heitið til hafna í útlöndum, þá skal skipstjóri og skipshöfnin, áður en könnun á skip fer fram, játa samningnum fyrir könnunarstjóra, eins og hann er ritaður í viðskiptabók og á skipshafnarskrána. Könnunarstjóri er skyldur til, ef skipstjóri eða einhver skipverja krefst þess fyrir sitt leyti, að gjöra upp viðskiptareikning þeirra um leið og könnun fer fram frá skipi. Hann er og skyldur til þess að útfylla fyrir hönd skipstjóra viðskiptabækurnar og skipshafnarskrána. Borgun fyrir þessi störf skal ákveðin í leiðarvísi þeim, er getur um í 7. gr., og inna hana af hendi þeir, er þeirra beiðast.

Nú verður ágreiningur milli skipstjóra og einhvers skipverja útaf viðskiptareikningi, eða þyki könnunarstjóra ástæða vera til að mótmæla samningi, og skal hann þá reyna að koma á sátt og samkomulagi, og takist það ekki, leiðbeina þeim, er fyrir órjetti þykir verða, hvernig hann skuli ná rjetti sínum. Könnunarstjóri skal ókeypis rita í viðskiptabækurnar og á skipshafnarskrána athugasemd, svo sem þörf er á, um það, að hann hafi gætt skyldu sinnar samkvæmt þessari grein, og hvort hann hafi við það tækifæri orðið var við nokkuð athugavert.

6. gr.

Ef skipstjóri brýtur fyrirmæli þessara laga, sætir hann sektum 10—100 Kr., er ganga til einhverra þeirra landsnytja, er stofnaðar sjeu í þarfir siglinga eða farmanna, eptir ákvæði landshöfðingja.

7. gr.

Landshöfðingi semur leiðarvísi fyrir könnunarstjóra við framkvæmd á störfum þeim, er ræðir um í lögum þessum, og skal þar jafnframt vera sýnishorn af skipshafnarskrá (4. gr.). Kostnað af útvegan viðskiptabóka og skipshafnarskráa skal greiða fyrst um sinn úr landssjóði.

Athugasemdir við frumvarp þetta.

Meðal hinna mörgu frumvarpa, sem lögð verða fyrir alþingi í sumar og koma sígligum við, stendur þetta einkum í nánu sambandi við frumvarpið um könnun skipshafna, og er það samkvæmt tillögum landshöfðingja samið eptir lögum Dana 12. maj 1871 um að ráða menn á skip og fl., er ákvæði þeirra þykja munu eiga við á Íslandi í öllum verulegum atriðum. Þær breytingar, er gjörðar hafa verið, eru einkum í því fólgnar, að auk þess að sleppt hefur verið sem sjálfsögðum ákvæðum, sem í dönsku lögunum skipa ýmsu fyrir um könnunarstjóra-embætti í Danmörku, hafa felldar verið úr allar ákvarðanir, er stafa frá sjóvarnarskyldunni, og mál þau, sem í dönsku lögunum eru falin stjórn innanríkismálanna á hendur, eru í þessu frumvarpi falin landshöfðingja.

Hinar aðrar breytingar á hinum dönsku lögum eru þessar:

Í 1. gr., sem samsvarar 1. gr. hinna dönsku laga, er gerð orðabreyting og jafnframt vegna vistarskilmála, er stundum tíðkast á Íslandi, bætt við ákvörðun um, að tiltekið sje í viðskiptabókinni, hvort kaupið skuli greiða í peningum eða með landaurum.

2. gr. er að öðru leyti samhljóða 2. gr. hinna dönsku laga en í því, að þar sem þau í enda greinarinnar ákveða, að skipstjóri sje stundum laus við að útvega nýja viðskiptabók við hverja könnun frá skipi, er fram fer á sama almanaksári, ef ferðin nær eigi lengra en til Eystrasalts eða Norðursævar, er þessari ákvörðun breytt þannig, að þessi undanþága skuli gilda meðan fyrri bókin endist, án tillits til þess, hvort ferðin er lengri eða skemri, og hvort hún nær inn í næsta almanaksár eða ekki.

Í 2. kafla 5. greinar hefur þótt rjettast að halda ákvæði hinna dönsku laga um það, að skipstjóri og skipshöfn skuli játa samningi þeim fyrir könnunarstjóra, er gjörður hefur verið, ef það er langferð, er hefja skal. Er í frumvarpinu miðað við ferð til hafna í útlöndum.

6. grein hinna dönsku laga er úr felld, því að á Íslandi voru ákvæði hennar álitin óþörf.

Í 7. gr. frumvarpsins (smbr. 9. gr. hinna dönsku laga) er farið fram á, að landssjóður beri fyrst um sinn kostnað af útvegun viðskiptabóka og skipshafnarskráa.

Frumvarp

til

laga um viðauka við lög 9. janúar 1880 um breyting á tilskipun um sveitarstjórn á Íslandi 4. maí 1872.

(lagt fyrir alþingi 1889).

Niðurjöfnun sú eptir efnum og ástæðum, er ræðir um í 1. gr. í lögum 9. janúar 1880 um breyting á tilskipun um sveitarstjórn á Íslandi 4. maí 1872, nær til allra þeirra manna, er hafa fast aðsetur í hreppnum. þeir skulu greiða þar fullt gjald eptir öllum efnahag sínum, nema þeir á gjaldárinu hafi líka haft fast aðsetur annarsstaðar; sje svo, má ekki leggja hærra gjald á þá, en samsvari þeim tíma, er þeir hafa haft fast aðsetur í hreppnum. Fast aðsetur í hreppnum skemmri tíma en 4 mánuði kemur ekki til greina. Sömuleiðis má leggja gjald á fastar verzlanir og aðrar arðsamar stofnanir og fyrirtæki í hreppnum, er sjeu rekin að minnsta kosti 4 mánuði af gjaldárinu, þótt eigendur þeirra eigi hafi þar fast aðsetur. Á þessa stofna skal leggja gjald, er samsvari útsvarinu eptir efnum og ástandi, eptir því er hæfa þykir eptir árlegri veltu og arði, án þess að tillit sje haft til annara tekja eða eigna þess, sem í hlut á.

Athugasemdir við frumvarp þetta.

Þeirri reglu hefur hingað til fylgt verið á Íslandi í sveitunum eins og í kaupstöðunum að leggja útsvar eptir efnum og ástæðum á verzlanir og önnur þesskonar fyrirtæki í þeim hreppi, þar sem þau eru rekin, enda þótt eigendur þeirra hefðu eigi aðsetur í hreppnum. Fyrir þessu er nú heimild í lögum, að því er kaupstaðina snertir, — fyrir Reykjavík í lögum um bæjargjöld í Reykjavíkur kaupstað 19. oktbr. 1877 3. gr., og fyrir Akureyri og Ísafjörð í hinum tvennu lögum 8. oktbr. 1883 um bæjarstjórn í þessum kaupstöðum 19. og 20. gr. En það hefur jafnan verið efa undirorpið og eigi ástæðulaust, hvort heimild sje til þessa í sveitum; og þarsem nú nýlega hefur upp kveðinn verið landsyfirrjettardómur, er fer í gagnstæða átt, hefur þótt rjettast, eins og landshöfðingi hefur lagt til, að leggja fyrir þingið frumvarp þetta, til þess að komast fyrir allan efa um þetta atriði, og til þess yfir höfuð að fá til leiðar komið samkynja fyrirmælum fyrir kaupstaðina og sveitirnar um útsvar eptir efnum og ástæðum, og jafnframt og ekki sízt um það, hve lengi maður eigi að hafa dvalið í einhverjum hreppi til þess að gjaldið verði á hann lagt.

Texti lagafrumvarpsins er samhljóða ákvæðum kaupstaðalaganna.

Frumvarp

til

laga um varúðarreglur til þess að forðast ásiglingar.

(lagt fyrir alþingi 1889.)

Með konunglegri tilskipun má setja reglur, er skipstjórar á gufu- og seglskipum skuli fylgja til þess að komast hjá ásiglingum. Ef vikið er frá reglum, er þannig hafa settar verið og birtar, varðar það sektum til landssjóðs allt að 200 kr., auk þess sem af því getur leitt eptir atvikum skaðabætur á hendur þeim er brýtur samkvæmt almennum skaðabótareglum. Sektamálin skal fara með sem almenn lögreglumál.

Athugasemdir við frumvarp þetta.

Það mun hagkvæmt mega þykja, eins og íslenzkar siglingar nú eru orðnar, að komið sje til leiðar, að almennum siglingareglum meðal þjóðanna um ljóskeraburð, hljóðmerki, stjórn og annað, er settar eru til þess að forðast ásiglingar, verði einnig fylgt á íslenzkum skipum, þannig að beitt verði hegning fyrir brot á slíkum reglum, sem svo mjög er um vert að fylgt sje, siglingum til tryggingar. Það er því tilgangur þessa frumvarps að fá til þess heimild í lögum, að stjórnin geti með konunglegri tilskipun látið reglur, er hjer að lúta, og siglingaþjóðirnar koma sjer saman um, ná gildi að svo miklu leyti og með þeim tilbreytingum, sem henni þykir hentugt vera, að viðlagðri hegning þeirri, er hjer er til sett, ef brotið er gegn þeim.

Frumvarpið er samið eptir lögum Danmerkur 21. júní 1867 um varúðarreglur til þess að forðast ásiglingar og um ábyrgð fyrir brot á þeim. Ef frumvarpið verður að lögum, er ætlazt til þess, að út komi konungleg tilskipun fyrir Ísland með líku efni og því, er tilskipun fyrir konungsríkið 18. febr. 1887 hefur inni að halda og munu nokkur eintök af þessari tilskipun látin verða þinginu í tje.

Kaupmannahöfn. — Prentað hjá J. H. Schultz.

Ed. **22. Frumvarp**

til laga um gjaldheimtu til sýslusjóðs og sýsluvega. — Flutningsmaður: Arnljótur Ólafsson.

1. gr. Kostnaður til sýsluvega lúkist þannig af hverju sýslufjelagi, að hálft dagsverk greiðist fyrir hvern verkfæran karlmann frá tvítugu til sextugs, í hverri stöðu sem hann er. Bóndi hver og húsfaðir er skyldur, ef gjaldheimtumaður svo vill, að lúka gjaldið fyrir sig og alla þá gjaldskylda karlmenn, er voru til heimilis hjá honum eður á hans vegum það ár, er nafnaskrá sú var samin, er getur um í næstu grein. Upphæð gjaldsins skal talin eptir verðlagsskrá þeirri, er gildir á sama tíma.

2. gr. Hreppstjórar skulu, hver þeirra í sínum hreppi, senda sýslumanni, ár hvert fyrir lok marzmánaðar, nafnaskrá yfir alla verkfæra karlmenn frá tvítugu til sextugs, niðurraðaða eptir heimilum. Hreppstjórar skulu og jafnframt tilgreina hverrar stöðu maður er, og sje hann eigi húsbóndi eða húsfaðir, skal þess getið, hjá hverjum hann sje til heimilis eður á hvers vegum hann sje.

3. gr. Sýslumenn skulu jafna því, er með þarf til sýslusjóðs, samkv. 40. gr. tilsk. 4. maí 1872, niður á hvern ábúanda og tíundanda í sýslunni, jafnmiklu á hvert hundrað ábúðar- og lausafjár, hver sem ábúandi er eður tíundandi, og er hver þeirra skyldur að greiða honum gjald sitt af hendi.

4. gr. Á manntalsþingum ár hvert skulu sýslumenn heimta saman gjöld þau, er nefnd eru í 1. og 3. gr., og gjöra grein fyrir þeim svo sem nú er títt. Hafa skulu sýslumenn 2 af 100 í heimtukaup. Frá þeim tíma, er lög þessi öðlast gildi, eru hreppsnefndir lausar við að heimta gjaldið til sýslusjóðs og sýsluvega, samkv. 10. gr. laga um vegi 10. nóvbr. 1887 og 16. og 40. gr. sveitastjórnartilsk. 4. maí 1872.

Ed. **23. Frumvarp**

til viðaukalaga við lög nr. 5, 27. febr. 1880, um stjórn safnaðarmála og skipun sóknarnefnda og hjeraðsnefnda. — Flutningsmaður: Arnljótur Ólafsson.

1. gr. Ef söfnuði og eiganda eður umráðamanni kirkju kemur saman um að taka upp og hafa hljóðfæri við tíðagjörð í kirkju sinni, þá er heimilt, ef hjeraðsfundur samþykkir, að kaupa hljóðfæri með kirkjunnar fje, og telst það síðan með áhöldum hennar. En söfnuðurinn skal kosta hljóðfæraslátttinn og halda söng uppi, svo sem títt hefur verið.

2. gr. Heimilt skal sóknarnefndum, með umráði prestsins, að jafna niður á sóknarmenn alla, þá er eigi eru skylduómagar nje sveitarómagar, kostnaðinum af söngkennslunni og hljóðfæraslættinum, og skal það vera aðalreglan, að helmingur kostnaðarins komi jafnt á hvern tilskyldan mann, en annar helmingurinn fari eptir efnum manna og ástæðum.

3. gr. Skyldir eru sóknarbændur og þeir menn aðrir er eiga með sig sjálfir, svo sem búðsetumenn (þurrabúðarmenn), húsmenn og lausamenn, á sinn kostnað að hlaða hestarjett á kirkjustaðnum, og halda henni uppi í fullgildu standi, svo og, ef þörf gjörist, að leggja vel færan veg af alfaravegi og heim að kirkjunni eða kirkjustaðnum. Sóknarnefndin kveður á, hvað vinna skuli og hve-

nær; hún skiptir verkum á hvert heimili, eptir tölu verkfærra manna, en jafnar öðrum kostnaði, ef nokkur er, svo sem til dyraumbúnings og grindar í rjettarhlið niður á hina efnaðri verkskylda menn, eptir efnum þeirra og ástæðum. Sóknarnefndarmenn sjá um, að menn vinni skylduverk sín, og að verkið sje vel af hendi leyst, en í þess notum eru þeir sjálfir lausir við þessa skylduvinnu.

4. gr. Nú vanrækir maður skylduverk sitt, og skal þá sóknarnefndin fá mann fyrir sanngjarnt kaup til að vinna það, og fer um endurgjald þess svo sem segir í lögum um lögtak og fjárnám án undanfarins dóms eða sáttar 16. desbr. 1885, 1. gr. 5. tölul.

Nd. **24. Frumvarp**

til laga um löggilding verzlunarstaðar að Haukadal í Dýrafirði. — Flutningsmenn: Sigurður Stefánsson og Gunnar Halldórsson.

Að Haukadal í Dýrafirði skal vera löggiltur verzlunarstaður.

Nd. **25. Frumvarp**

til laga um löggilding verzlunarstaðar að Arngerðareyri við Ísafjarðardjúp. — Flutningsmenn: Sigurður Stefánsson og Gunnar Halldórsson.

Að Arngerðareyri við Ísafjarðardjúp skal vera löggiltur verzlunarstaður.

Nd. **26. Frumvarp**

til laga um styrktarsjóði handa alþýðufólki.—Flutningsmaður: Þorl. Guðmundsson.

1. gr. Í hverjum kaupstað og hreppi á landinu skal stofna styrktarsjóði handa heilsubiluðu og ellihrumu alþýðufólki.

2. gr. Sjóði þessa skal stofna á þann hátt, að allir karlar og konur, sem eru fullra 20 ára og ekki yfir 60 ára, og eru hjú, þar á meðal börn hjá foreldrum, sömuleiðis þeir, sem leyst hafa lausamennskubrjef eða að lögum hafa lausamennskuleyfi og geta stundað nýtilega atvinnugrein, skulu greiða á ári hverju, karlmaður 1 kr. og kvennmaður 30 a. Þó skulu undanþegnir gjaldi þessu þeir, sem fyrir ómaga eða ómögum hafa að sjá, sem og þeir, er fyrir heilsubrest eða af öðrum ástæðum eigi geta unnið fyrir kaupi; sömuleiðis þeir, sem á einhvern hátt hafa tryggt sjer fje til framfærslu eptir að þeir eru orðnir 65 ára að aldri.

3. gr. Gjald þetta greiðist fyrir hvert liðið vistarár, á þann hátt, að hver húsráðandi inni gjaldið af hendi fyrir alla, er þeir í húsum hafa og gjaldskyldir eru, en rjett er þeim að halda eptir af kaupgjaldi hjúa sinna því, sem þeir hafa borgað fyrir þau.

4. gr. Hreppsnefndir skulu fyrir lok marzmánaðar ár hvert senda við-

komandi hreppstjóra skýrslu um alla þá, sem gjaldskyldir eru í hreppnum eptir lögum þessum, en í kaupstöðum semja 3 menn, er bæjarstjórnin kýs úr sínum flokki, skýrslur þessar og senda þær fyrir sama tíma til oddvita bæjarstjórnarinnar; gefa skal hlutaðeigendum kost á, að kynna sjer skýrslur þessar fyrri hluta aprílmánaðar.

5. gr. Nú álítur einhver sig ranglega talinn á gjaldskrá, er honum þá rjett að kæra það mál fyrir hlutaðeigandi hreppsnefnd eða bæjarstjórn, er hefur fullnaðar-úrskurð í því.

6. gr. Bæjarfógetar og hreppstjórar skulu svo eptir skrám þessum innheimta gjaldið á framtalsþingum á vorin. Í kaupstöðum skulu bæjarfógetar, en í sveitum hreppsnefndaroddvitar, koma fje þessu á vöxtu í sjóði, sem ávaxta almannafje.

7. gr. Hin fyrstu 10 ár eptir að slíkur sjóður er stofnaður í hverju sveitarfjelagi, leggst hið árlega gjald allt við höfuðstólinn ásamt öllum vöxtum, en frá þeim tíma leggst það að eins hálft við höfuðstólinn og hálfir vextirnir, en hinum helmingnum af hinu árlega gjaldi og vöxtunum skal árlega úthluta; skulu bæjarstjórnir og hreppsnefndir úthluta upphæð þessari heilsulitlum eða ellihrumum fátæklingum, sem heimili eiga í sveitarfjelaginu og eigi þiggja sveitarstyrk, án tillits til hvar þeir eiga framfærslusveit, enda sjeu þeir eða hafi einhvern tíma verið í þeim stjettum, sem gjaldskyldar eru til styrktarsjóðanna.

8. gr. Í kaupstöðum skulu bæjarstjórnir senda landshöfðingja fyrir hver árslok skýrslu um hag sjóðanna og greinilegan reikning, er landshöfðingi úrskurðar; samskonar skýrslu og reikning senda hreppsnefndir til oddvita sýslunefndanna, en sýslunefndin öll úrskurðar reikningana.

9. gr. Þyki landshöfðingja eða sýslunefnd nokkrum sjóði hætta búin eða órjettlátlega varið styrk þeim, sem af sjóðnum er veittur undir umráðum bæjarstjórnar eða hreppsnefndar, getur sýslunefndin eða landshöfðinginn tekið þau umráð af henni um stundarsakir, og verði vanskil á höfuðstól eða vöxtum, skulu hlutaðeigendur bera þar af fulla ábyrgð, einn fyrir alla og allir fyrir einn.

10. gr. Gjald þetta má taka lögtaki sem önnur bæjar- og sveitargjöld.

Nd. **27. Álit**

yfirskoðunarmanns neðri deildar alþingis um reikninga Arnarstapa, Skógarstrandar og Hallbjarnareyrar umboðs 1884 og 1885.

Í tillögum yfirskoðunarmanna við landsreikn. 1884 og 1885 er það tekið fram, að ástæðurnar fyrir því, að tekjueptirstöðvarnar af Arnarstapa umboði frá 1883 voru færðar niður um kr. 1286,29, virðist eigi fullnægjandi og að reikningar þessa umboðs sjeu yfir höfuð svo flóknir mörg undanfarin ár og allur hagur umboðsins svo ísjárverður, að þeir verði að leggja til:

að alþingi setji nefnd til að íhuga það.

Alþingi 1887 setti nefnd og ályktaði samkvæmt tillögum hennar:

„1. að hinni nánari rannsókn umboðsreikninganna fyrir 1884 og 1885, eptir að hinni umboðslegu endurskoðun þeirra er lokið, sje vísað til yfirskoðunarmanna landsreikninganna 1886 og 1887.

2. að allar þjóðjarðir í Arnarstapa og Skógarstrandar umboði, sem eru í eyði eða verða ekki byggðar með vanalegum skilmálum, verði boðnar duglegum mönnum til ábúðar næstu 5 ár landskuldarlaust, gegn því, að þeir svari venjulegum smjörleigum eptir kúgildi þau, er jörðunum kunna að fylgja, og vinni að jarðabótum og húsabótum, eptir því sem um semur. Allar þær jarðir, sem gjörðar eru falar til ábúðar með þessum kjörum, skulu auglýstar í blaði því, sem birtar eru í stjórnarvalda-auglýsingar".

Landshöfðingi tók þessari ályktun vel og ráðgjafinn samþykkti hana. Stj.tíð. 1888 B. bls. 20.

Eptir að vjer höfum tekið á móti reikningum Arnarstapa umboðs, viljum vjer athuga,

(I). hvernig ástatt er með niðurfærslu á eptirstöðvunum frá 1883, því næst reyna

(II. og III.) að fá glöggt yfirlit yfir reikningana 1884 og 1885, og að endingu láta í ljósi skoðun vora um

(IV.), hvernig helst sje reynandi, að koma öðru og betra lagi á Arnarstapa og Skógarstrandar umboð.

I.

Í svörum landshöfðingja viðvíkjandi landsreikn. 1884 bls. 105 eru leigna-eptirstöðvar taldar:

frá 1882 $2291^1/_4$ pd. smjörs . . . . . kr. 1351,40
— 1883 $1286^5/_{12}$ — — . . . . . — 951,95 kr. 2303,35

Af þessu er talið innheimt 1884:

1739 pd. smjörs, er talin eru seld á 23 aura að meðaltali hvert og alls fyrir . . . . . kr. 399,97
$933^1/_6$ pd. tekin lögtaki . . . . . — 420,61
$613^1/_3$ — ófáanleg . . . . . — „ „

Eptirstöðvar hjá leiguliðum 31. des. 1884:

frá 1882 $132^1/_6$ pd. á 59 a. . . . . kr. 78,08
— 1883 160 — á 74 a. . . . . — 118,40 — 196,48 —1017,06

Leigna-eptirstöðvarnar áttu þannig að hafa rýrnað um kr. 1286,29

Við uppboð á Hallbjarnareyri 22. nóv. 1884 voru 3800 pd. af leigna-smjöri seld fyrir . . . . . kr. 835,60+41,78=kr. 877,38
eða hvert pd. að meðaltali aur. 23,089.

Af þessum 3800 pd. voru:

frá 1882 1302 pd. á 59 a. = kr. 768,18 seld kr. 300,62
— 1883 437 — - 74 a. = — 323,38 — — 100,90
— 1884 2061 — - 74 a. = — 1525,14 — — 475,86
3800 pd. kr. 2616,70 seld kr. 877,38

Þau 1739 pd. af leigunum frá 1882 og 1883, er seldust við uppboðið, voru eptir smjörverði í verðlagsskránum (kr. 768,18+kr. 323,38) samtals . . . . . kr. 1091.56
en gengu við uppboðið (ekki kr. 399,97 heldur kr. 300,62 +100,90) samtals . . . . . — 401,52
og rýrnuðu þannig um . . . . . kr. 690,04*
Lögtak var gjört fyrir (ekki 933 1/6 pd. heldur)
220 pd. frá 1882 á 59 a. . . . . kr. 129,80
50 pd. frá 1883 á 74 a. . . . . — 37,00 kr. 166,80
Hinir lögteknu munir gengu við uppboð . . . . — 1,85 — 164,95
Ófáanlegt var frá 1882 463 1/3 pd. á 59 a. . . . kr. 273,37
og frá 1883 150 pd. á 74 a. , . . — 111,00 — 384,37
Vanhöld (ekki kr. 1286,29 heldur) samtals . . : kr. 1239,36

En nú ber þess að geta, að í umgetnu svari landshöfðingja voru eptirstöðvar frá 1883 1286 5/12 pd. reiknaðar þannig, að hvert pd. var reiknað eptir smjörverði á 74 a. . . . . kr. 957,95
en samkvæmt umboðsreikn. voru 40 pd. af eptirstöðvum þessum borguð eptir meðalalin 1883 á 60 aura með , ... kr. 24,00
eptir 74 aura verði eru þau . . . . . — 29,60
og verðhæðin því oftalin um . . . . . — 5,60
hins vegar er aptur verðið á eptirstöðvunum frá 1882 2291 1/4 pd. á 59 a. misreiknað . . . . . kr. 1351,40
en er . . . . . — 1351,83
og því vantalið um . . . . . kr. 0,43
Verður eptir kr. 5,17

Það sem þannig er oftalið, bætist við áðurnefnd vanhöld, en þó ber þess að geta, að verðið á eptirstöðvum leiguliða 31/12'84 132 1/6 pd. frá 1882 er misreiknað kr. 78,08, í stað 77,98, og verður að draga frá það, sem oftalið er . . . . — 0,10 — 5,07
Eptir þessu verður rýrnunin reikningslega . . . . . kr. 1244,43
en ekki eins og talið er í landsreikn. . . . . — 1286,29
Mismunur kr. 41,86

Mismunur þessi verður að vera kominn fram á þennan hátt:
Í svörum landshöfðingja viðvíkjandi landsreikn. 1884 bls. 105 er andvirði

*) Tekjuhallinn við uppboðið á 2061 pd. frá 1884 var . . . kr. 1049,28
en á umgetnum 1739 pd. . . . . — 690,04
alls kr. 1739,32

1739 pd. af leigna-eptirstöðvum frá 1882 og 1883, er voru seld við uppboð á Hallbjarnareyri 22. nóv. 1884 talið . . . . . kr. 399,97
en það er eins og áður er sýnt . . . . . — 401,52
og er þannig í greiðslunni vantalið um . . . . . kr. 1,55

Í öðru lagi er talið, að $933^{1}/_{3}$ pd. sjeu tekin lögtaki, og að upp í þau hafi fengist . . . . . kr. 420,61
en þetta er ekki rjett; eptir umboðsreikn. var lögtak að eins gjört fyrir 270 pd., og seldust hinir lögteknu munir kr. 1,85
$173^{3}/_{4}$ pd. frá 1882 voru goldin eptir smjörverði í verðlagsskrá þess árs 59 a. . . . . — 102,50
40 pd. frá 1883 eptir meðalal. 1883, 60 a. . . . — 24,00
$449^{5}/_{12}$ pd. eptir smjöralin 1883, 74 a. . . . . — 332,57
$933^{1}/_{3}$ pd. hafa þannig gjört . . . . . — 460,92
og því vantalið um . . . . . — 40,31

Þessi vantala, kr. 40,31, virðist vera komin fram á þann hátt, að þar sem $449^{5}/_{12}$ pd. eiga öll að reiknast eptir smjöralin 1883, 74 a., eru 330 pd. frá 1884, er greidd voru eptir meðalalin þess árs, 63 a. . . . . kr. 207,90
tekin í misgripum, í stað þess að þau voru greidd með . — 244,20
og svo hefur þessi mismunur . . . . . kr. 36,30
verið talinn sem rýrnun, og enn fremur virðast $119^{5}/_{12}$ pd. vera talin . . . . . , kr. 84,36
í stað þess að þau voru greidd með . . . . — 88,37 — 4,01
Samtals kr. 40,31

En fyrir þetta eru vanhöldin ofreiknuð um . . . . . — 41,86
Eptir því sem vjer höfum talið að framan, voru vanhöldin á eptirstöðvunum frá 1882 og 1883 . . . . . — 1244,43
En þetta samanlagt gjörir rýrnun þá, sem talin er hjá landshöfðingjanum . . . . . kr. 1286,29

II.

Reikningurinn yfir tekjur og gjöld Arnarstapa- og Skógarstrandar umboðs 1884 er dags. 25. febr. 1885, athugasemdir endurskoðanda 18. maí 1886, svör reikningshaldara, Ásmundar Sveinssonar 18. marz 1887, nánari tillögur endurskoðanda 3. apríl 1888, úrskurðir landshöfðingja 18. s. m. og svör núverandi umboðsmanns 23. júlí 1888.

A.

Eptir þessum reikningi er innheimt:
af landskuldum 1884 (kr. 3096,31) . . . . . kr. 1967,15
— leigum 1884 (4440 pd.):
2061 pd. selt við uppboð $^{22}/_{11}$ '84 . . . . . kr. 475,86
330 — greidd eptir meðalalin 1884, 63 a. . . . . — 207,90
$1236^{1}/_{4}$ — — smjöralin — 74 a. . . . . — 914,82
$3627^{1}/_{4}$ pd. gjöra þannig . . . . . — 1598,54
Flyt kr. 3565,73

	Fluttar kr.	3565,73
af landskuldareptirstöðvum frá f. á. (1835,99)	—	1121,69
og af leignaeptirstöðvum:		
1739 pd. seld við uppboð $^{22}/_{11}$ '84 . . . . . kr. 401,52		
$933^{1}/_{3}$ —, sem að framan eru sundurliðuð . . . . . — 460,92	—	862,44
Upphæð reikningsins er	—	5549,86
Af þessu viðkoma fyrri árum	—	1984,13
en árinu 1884	kr.	3565,73
ef við það er bætt eptirstöðvum frá 1884, landskuldum kr. 1129,16		
leigum $812^{3}/_{4}$ pd. — 601,44	—	1730,60
koma út svo nefndar brúttótekjur ársins	kr.	5296,33

B.

Eins og kunnugt er, eru landsreikningarnir samdir eptir hinum sjerstöku reikningum, áður en endurskoðun þeirra er komin í kring, þó svo, að hinn umboðslegi endurskoðandi ritar á fylgiskjölin við tekjuliðina vottorð um, hvort þau sjeu samhljóða tjeðum reikningum, sem hann er þá búinn að meðtaka til endurskoðunar.

Landsreikningurinn fyrir 1884, sem er dags. 10. febr. 1886, telur brúttótekjur ársins	kr.	5338,19
Landskuldirnar eru (eptir umboðsreikningnum)	—	3096,31
eptir því ættu leigurnar 4440 pd. að vera	kr.	2241,88
eptirstöðvar hjá leiguliðum eru taldar í svari landshöfðingja, er áður er um getið (bls. 106)	—	601,44
ættu þá þau $3627^{1}/_{4}$ pd., sem innheimt eru, að gjöra	kr.	1640,44
en eru eptir umboðsreikn. eins og um er getið, að eins	—	1598,58
Mismunur	kr.	41,86

Þessi mismunur, er líka kemur fram í brúttótekjum landsreikningsins kr. 5338,19 í staðinn fyrir kr. 5296,33, sem eru í umboðsreikningnum, stafar frá því, að verðið á 330 pd. smjörs, sem eins og áður er um getið, var vantalið fyrir 1883 um kr. 36,30, er nú oftalið fyrir 1884 með sömu upphæð . . . . . kr. 36,30
og frá því að hin vantalda borgun á leigum frá 1882 og 1883, sem áður er um getið (kr. 1,55 + kr. 4,01) hefur lagst við leigurnar frá 1884 . . . . . — 5,56 — 41,86

Hinar innheimtu tekjur ársins 1884 eru, eins og áður er sagt

kr. 1967,15 + kr. 1598,58 = ...	kr.	3565,73
umboðslaun eru talin $^{1}/_{6}$ af kr. 5549,86 ÷ kr. 23,43 = kr. 921,07		
og önnur útgjöld . . . . . — 1656,82		
kr. 2577,89		
í landssjóð að eins greitt . . . . . — 150,00	—	2727,89
stendur þá eptir hjá reikningshöldurum	kr.	837,84
en í landsreikn. er það talið	—	879,70
Mismunur	kr.	41,86

Samkvæmt svörum landsh. við landsreikn. 1884 (bls. 106.)
voru eptirstöðvar hjá reikningshöldurum 31. des. 1883 . . . . . kr. 3887,24
við þær bætast, innheimt 1884
frá f. á. a. landskuldir . . . . . kr. 1121.69
b. leigur (talið) . . . . . — 820,58 — 1942,27
kr. 5829,51
Upp í þetta er borgað 1884 . . . . . — 1756,95
Eptirstöðvar frá f. á. . . . . kr. 4072,56
og frá 1884 (talið) . . . . . — 879,70
kr. 4952,26

en eptir umboðsreikn. höfum vjer að framan talið innkomið fyrir leigur frá 1882 og 1883 kr. 401,52 + kr. 460,92 = kr. 862,44 eða kr. 41,86 meira en landshöfðingi og eru þá eptirstöðvar hjá reikningshöldurum:
frá f. á. kr. 4072,56 + kr. 41,86 = ... kr. 4114,42
en eptirstöðvarnar frá 1884 (ekki kr. 879,70 heldur) . — 837,84 kr. 4952,26

Það sem innheimta af leigna-eptirstöðvum frá 1882 og 1883 var vantalin um í landsreikn. og þess vegna líka eptirstöðvarnar hjá reikningshöldurum . . . . . kr. 41,86
jafnast þannig upp með því, sem oftalið er í tekjum og eptirstöðvum ársins 1884 . . . . . — 41,86
og þó að reikningurinn sje ekki rjettur í sjálfu sjer, þá eru þó eptirstöðvarnar hjá reikningshöldurum 31. des. 1884 að upphæðinni til rjett taldar eins og þær eru í landsreikningnum fyrir 1884 . . kr. 4952,26
Eptirstöðvar hjá leiguliðum 31. des. 1884 eru taldar:
a. landskuldir frá f. á. kr. 533,46 + kr. 180,84 = kr. 714,30
—— — 1884 . . . . . — 1129,16 kr. 1843,46
b. leigur frá 1882 (ekki 136$^1/_6$ pd. heldur)
132$^1/_6$ pd. á 59 a. . . . . — 78,08
— frá 1883 160 pd. á 74 a. . . . . — 118,40
— frá 1884 812$^3/_4$ pd. . . . . — 601,44 — 797,92 — 2641,38
Samtals kr. 7593,64

Þess má geta, að í optnefndum svörum landsh. bls. 106 er verðið á 132$^1/_6$ pd. frá 1882 á 59 aura talið kr. 78,08 í staðinn fyrir 77,98 og því oftalið um . . . . . kr. 0,10
enn fremur er verðið á 812$^3/_4$ pd. frá 1884 talið . . . kr. 601,44
en af þessum 812$^3/_4$ pd. á að eins að greiða 802$^3/_4$ pd. eptir smjöralin þess árs. 74 a. . . . . kr. 594,04
en 10 pd. af þeim, er stóðu eptir hjá Jóni Jónssyni á Ölviskrossi (sbr. 14. aths. endurskoð. við umboðsreikn. 1884 og fylgiskj. sama reiknings nr. 3. og Ltr. b. ad. nr. 3)
á að greiðast eptir meðalalin 1884, 63 a. . — 6,30 — 600,34
Mismunur — 1,10
Oftalið samtals kr. 1,20

C.

Vjer viljum nú minnast á nokkrar greinir í athugasemdum endurskoðanda við umboðsreikninginn 1884 og þar að lútandi úrskurði.

Um 1.—4. gr.

er skírskotað til skuldamáls gegn Á. Ó. Thorlacius.

Um 5. og 6. gr.

er úrskurðað, að reikningshaldari innheimti útistandandi leigur frá 1882 $132\frac{1}{6}$ pd. og frá 1883 160 pd. samtals $292\frac{1}{6}$ pd. hjá 9 nafngreindum mönnum. Hinn núverandi umboðsmaður hefur í svari sínu 23. júlí 1888 upplýst, að af þessum $292\frac{1}{6}$ pd. sjeu ófáanleg 120 pd., til Ásm. Sveinssonar muni vera borgað $45\frac{1}{2}$ pd., Sumarliði Guðmundsson frá Örlygsstöðum, er skuldar $66\frac{2}{3}$ pd. á 59 a., sje nú norðurlandspóstur og Lárus Sigurðsson frá Sveinsstöðum, er skuldar 60 pd. (20 pd. á 59 a. og 40 pd. á 74 a.), sje dáinn og dánarbú hans gjaldþrota, en nokkuð af leignaskuld hans ásamt nokkru af öðrum jarðarskuldum hans muni verða borgað 1888. (Þess má geta, að eptir reikningi 30. marz 1884, er Ásm. Sveinsson hefur sent skiptarjettinum, eru hinar aðrar skuldir Lárusar, landskuld 1883, 60 kr. ásamt 2 kúgildum og jarðar-álagi kr. 224,50).

Um 10. gr.

Í þessari athugagrein er það tekið fram, að eptir jarðabókinni 1879 hafi á jörðum umboðsins verið . . . . . $238\frac{1}{2}$ kúg.
en 1881 hafi Arnarhóll lagst í eyði og hafi þá ekki fengizt nema 2 kýr, er voru seldar við uppboð, upp í . . . . . $2\frac{1}{2}$ —
eptir 236 kúg.
í umboðsreikningnum 1884 og 3. fylgiskjali við hann er talið að jörðunum fylgi . . . . . 222 —
því að 1. sept. 1882, er reikningshaldari Ásm. Sveinsson tók við umboðinu, hafi verið fallin . . . . . 14 kúg.
samkvæmt skýrslu um ábúð og ástand jarðanna í Arnarstapa, Skógastrandar og Hallbjarnareyrar umboði, dags. 18. nóv. 1884 (30. fylgiskj. við umboðsreikn. 1884). Í athugagreininni telur endurskoðandi að eins fallin . . . . . 13 —
og heimtar því að grein sje gjörð fyrir hinu vantandi . . . . 1 kúg.

Í svari sínu gjörir reikningshaldari ekki grein fyrir þessu öðruvísi en svo, að hann vísar til skýrslunnar um ábúð og ástand jarðanna og heldur því fram, að fallin hafi verið 1882 14 kúg., og fellst endurskoðandi á það í tillögum sínum til úrskurðar, að sumarið 1884 sjeu kúgildin á jörðum umboðsins orðin að eins 222.

Á þessu stóð svo, að reikningshaldari Ásm. Sveinsson hafði sett í skýrslu sinni um ábúð og ástand jarðanna yfirlit yfir hin föllnu kúgildi og talið þar fallin 3 kúg. á Árnabotni, en í jarðabókinni eða afgjaldsskýrslunni (3. fylgiskj.) taldi hann þar 1 kúgildi, og það var hið rjetta, því að fráfarandi hafði seinna látið hús fyrir $\frac{1}{2}$ kúg. og $\frac{1}{2}$ kúg. var keypt á jörðina af umboðinu, sbr. 22. fylgiskj. við umboðsreikninginn 1884.

Samt sem áður er það rjett, að fallið höfðu 14 kúgildi, og vantar í yfirlitið 1 kúgildi, er fjell á Grishóli (nr. 73.) vorið 1882, en þangað var aptur sett eitt kúg. frá Úlfarsfelli (nr. 87.), er þá fór í eyði.

Þess skal enn fremur getið viðvíkjandi kúgildum umboðsins, að þegar Lýsuhóll (nr. 29.) fór í eyði, náðust kúgildin og var öðru þeirra bætt við á Straumfjarðartungu (nr. 16.) og hinu á Hraunsmúla (nr. 27.). Af Lágafelli syðra (nr. 21.), er líka fór í eyði, náðist annað kúgildið og var því $^1/_2$ bætt við á Ölviskrossi (nr. 2.), en hinn helmingurinn var látinn á Dalsmynni (nr. 7.), því að þar var fallið $^1/_2$ kúgildi.

Um 15. gr.

Um þessa athgr. er úrskurðað: landskuldareptirstöðvar til næsta reiknings eru . . . . . kr. 1662,62

Í umboðsreikn. 1884 eru þær taldar . . . . . — 1843,46

og eins í landsreikningnum. Að vísu er þess getið, að þar af sjeu ófáanlegar . . . . . — 180,84

eptir kr. 1662,62

en þessar ófáanlegu kr. 180,84 hafa þó eigi verið felldar úr eptirstöðvum 1886—87 og munu þessvegna koma til afdráttar í landsr. 1888 og 1889, eða ef til vill í reikningssamþykktarlögum fyrir 1886 og 1887.

Að öðru leyti ber Ásm. Sveinssyni samkvæmt úrskurðunum að greiða

eptir 8. og 12. gr. 34 a. ÷ 28 a. . . . . kr. 0,06

— 16. gr. (mistalning, sem er viðurkennd af reikningshaldara) . . — 10,00

— 20. gr. (ofreiknuð umboðslaun) . . . . . — 90,29

— 21. gr. (eptirstöðvar hjá reikningshaldara Ásm. Sveinssyni) . . — 1821,97

Í 20. athgr. er farið fram á, að reikningshaldari Ásm. Sveinsson greiði ofreiknuð umboðslaun af eptirgefnum landsskuldum og leigum kr. 23,43 og kr. 518,30, og er það einnig ákveðið með úrskurðinum, en með því reikningshaldari hafði eigi reiknað umboðslaun af nefndum kr. 23,43 virðist hann í þessu skyni að eins eiga að greiða $^1/_6$ af kr. 518,30 . . . . . kr. 86,38

Eptir umboðsreikningnum voru eptirstöðvar hjá reikningshaldara Ásmundi Sveinssyni . . . . . kr. 2321,97

en upp í þær greiddi hann í júlí 1886 . . . . . — 500,00

Í 5. og 6. gr. athugasemdanna hefur endurskoðandi óskað að fá nánari grein gjörða fyrir 120 pd. hjá Gísla Sigurðssyni á Saurum og 150 pd. hjá Sigurði Guðmundssyni á Svelgsá; jafnframt telur hann til ábyrgðar kr. 70,80 + kr. 37,00 er þeim Gísla og Sigurði eru útborgaðar með skírskotun til ráðgjafabrjefs 8. nóv. 1884 um eptirgjöf á jarðarafgjöldum eptir nokkrar þjóðjarðir, því að jarðarafgjöld þeirra sjeu ekki tekin til inntektar í reikningnum 1884.

Í svari sínu hefur Ásm. Sveinsson sagt, að þessi 120 pd. + 150 pd., samtals 270 pd., hafi verið tekin lögtaki, og til sönnunar því sendir hann uppboðsgjörð, sem haldin er á Svelgsá 20. nóv. 1884, og er eptir henni selt borð, kista, klukka og skemma, allt sama manni fyrir kr. 1,85; jafnframt lofar hann að útvega lögtaksgjörðina, en hún hefur þó aldrei komið og er hún þó nauðsynleg, því að í uppboðsgjörðinni er að eins sagt, að uppboð sje haldið á munum þeim, er teknir hafa verið lögtaki 6. s. m., en þar er eigi getið um, hvar, hjá hverjum eða fyrir hverjar skuldir þeir sjeu teknir lögtaki, og vita menn því ekki upp í hvor jarðarafgjöld (þeirra Gísla og Sigurðar) þessa kr. 1,85 á að reikna.

Þar sem þessi kr. 1,85 var eigi reiknuð upp í kostnað heldur í jarðaraf-

gjöldin, þá fengust upp í 270 pd.: 220 pd. á 59 a. og 50 pd. á 74 a.
að eins . . . . . kr. 1,85
og mátti því telja sem ófáanlegt . . . . . kr. 164,95

En í stað þess að hafa þessa reikningsfærslu, telur reikningshaldari að þeir Gísli og Sigurður hafi borgað hin um getnu 270 pd. eða kr. 166,80 að fullu með þessum kr. 1,85, og þar sem lögtakið hafi farið fram 2 dögum áður en ráðgjafabrjef 8. nóv. 1884 um eptirgjöf á jarðarafgjöldunum var gefið út, þá fljóti þar af, að þurft hafi að endurgjalda þeim Gísla og Sigurði tjeðar leigur, sem „varð að álíta sem goldnar áður í umboðssjóð, enda þótt eigi væri með smjörverði," með kr. 70,80 og kr. 37,00 samtals kr. 107,80.

Þessa röksemdaleiðslu virðist hinn umboðslegi endurskoðandi hafa fallizt á, því að hann segir í tillögum sínum til úrskurðar um 5. og 6 gr., að athugasemdin og ábyrgðin af umgetnum kr. 70,80 og kr. 37,00 falli niður, enda er eigi minnzt á þetta atriði í úrskurði landshöfðingjans.

Það virðist eigi þurfa að taka það fram, að með lögtakinu fæst
að eins borgun á . . . . . kr. 1,85
upp í um getin jarðarafgjöld . . . . . — 166,80
og þar sem því reynast ófáanlegar . . . . . kr. 164,95
má til sanns vegar færa, að skoða þessa upphæð sem reglulega eptirgefna hlutaðeigandi leiguliðum, og þar sem þetta er meira enn það, sem ráðgjafinn veitti heimild til að eptirgefa af jarðarafgjöldunum, þá er það heimildarlaust auk þessarar eptirgjafar að borga leiguliðunum út kr. 107,80

Þess má geta, að eptir svörum Ásm. Sveinssonar til 5. og 6. athgr., virðist Á. Ó. Thorlacius eiga að svara til hryssu, er hann tjáist hafa tekið upp í $1\frac{2}{3}$ kúg., er vantar á Úlfarsfell og $\frac{1}{3}$ kúg. af Stóru-Hnausum, en Jón borgari Árnason í Ólafsvík tók á móti hans vegna vorið 1882.

Þess er áður getið, að leignasmjörið, er selt var við uppboð á Hallbjarnareyri 22. nóv. 1884, gekk kr. 690,04 + kr. 1049,28 = kr. 1739,32 minna en eptir gjaldskráarverðlagi. Í 13. athgr. við umboðsreikninginn 1884 er hreift spurningu um ábyrgð fyrir ólag á sölunni og tjón það, er landssjóður varð fyrir við uppboðið. Í svörum landhöfðingja til sams konar athugasemdar yfirskoðunarmanna við landsreikn. 1884 (bls. 106. og 79.) er skýrt frá tildrögum til þess, að svona tókst til, og í fylgiskjali við svar til áðurnefndrar 13. athgr. endurskoðanda hefur reikningshaldari Ásm. Sveinsson flutt ástæður sínar fyrir því, að hann hafi eigi bakað sjer peningalega ábyrgð á því, að leigurnar seldust með svona lágu verði. Í tillögum sínum til úrskurðar hefur hinn umboðslegi endurskoðandi haldið því fram, að málið væri útkljáð og ábyrgð reikningshaldara fallin burt með lögum um samþykkt á landsreikn. fyrir 1884 og 1885 4. nóv. 1887, og þetta hefur landshöfðingi síðan úrskurðað, en þetta getur eigi staðizt. Landsreikningurinn er saminn áður en hinir sjerstöku reikningar, sem hann er byggður á, eru endurskoðaðir og flýtur það af sjálfu sjer, að leiðrjettingar við þá verða að takast til greina í næsta landsreikningi, eins fyrir því, þótt hinn fyrri reikningur sje samþykktur með reikningslögunum, sbr. svör landshöfðingja til athugasemda við landsreikn. 1876 bls. 1., 1877 bls. 1. og 1880 bls. 82 — 83. Það mætti þá líka segja, að hin ofreiknuðu útgjöld og hin oftöldu umboðslaun, er úrskurðirnir um 16. og 20.

athgr. hljóða um, væri samþykkt með nefndum lögum, en — qui nimium probat, nil probat.

Hins vegar eru aðrar ástæður þannig, viðvíkjandi sölu leignasmjörsins á uppboðinu, að það sýnist verða að standa við svo búið.

18. athgr. ræðir um útborgun fyrir vantandi ofanálag á nokkrar þjóðjarðir, kr. 897,09, og úrskurðar landshöfðingi, að útborganir þessar sjeu samþykktar með reikningalögunum 4 nóv. 1887 í niðurlagi, en það gildir sama um ábyrgð af þeim eins og ábyrgðina út af uppboðinu á Hallbjarnareyri; þess konar ábyrgðir falla eigi niður með reikningssamþykktarlögum. Heimildin fyrir þessum útgjöldum liggur í ábúðarlögum 12. jan. 1884, 17. gr., eins og hinn umboðslegi endurskoðandi tekur fram í tillögum sínum, og landshöfðinginn segir í svörum sínum við landsreikn. 1884, bls. 105.

Að vísu mátti finna að því, að umboðsmaður leitaði eigi samþykkis yfirmanna sinna til þessara útborgana, en það hefði líklega eigi orðið fyrirstaða á því. Hefði því þurft að fá samþykki veitt eptir á, og síðan mátt láta útborgunina við svo búið standa.

III.

Árið 1885 voru 3 umboðsmenn yfir Arnarstapa-umboði, hver eptir annan, Ásmundur Sveinsson, Holger Clausen og S. Richter. Skilagrein Richters er dagsett 29. marz 1886, Ásm. Sveinssonar 7. nóvember s. á. og Clausens 20. s. m. Athugasemdir endurskoðanda eru dagsettar 16. apr. 1887, svör núverandi umboðsmanns 15. ág. s. á. ásamt svörum þeirra Clausens og Richters, tillögur til úrskurðar 27. marz 1888, úrskurðir landshöfðingja 14. apríl og svör umboðsmanns 23. júlí s. á.

A.

Reikningur Ásmundar Sveinssonar á að vera nokkurs konar aðalreikningur og nær þó að eins yfir tekjurnar, er hann telur vera . . . kr. 6619,49
en í útgjaldahliðinni gjörir hann grein fyrir því, hve mikið hver
þeirra hafi innheimt; Ásm. Sveinsson kr. 1805,75
H. Clausen 1868,21
S. Richter 187,38
kr. 3861,34
Landskuldaeptirstöðvar hjá leiguliðum . . . . . — 2758,15 — 6619,49

En 4 dögum seinna, $^{11}/_{11}$, hefur Ásm. Sveinsson samið „til athugunar við reikninginn", "skýrsla um útgjöldin" m. m.

Fyrst getur hann þess, að innheimta Richters sje eigi nema 168 kr. 19 a., eins og sjá má af skilagrein hans, og því oftalin um . . . . . kr. 19,19
Hinar innheimtu tekjur eru þá að eins . . . . . — 3842,15
En til að finna tekjur ársins 1885, dregur hann frá það, sem nýnefnt
ár var innheimt af eptirstöðvum frá 1884 . . . . . — 344,34
innheimt af árstekjunum . . . . . kr. 3497,81
en eptirstandandi hjá leiguliðum:
landskuldir 1885 . . . . . kr. 1243,16
leigur s. á. $1288^{2}/_{3}$ pd. . . . . — 940,48 — 2183,64
Brúttótekjurnar teljast þannig . . . . . (Flyt) kr. 5681,45

		Flutt kr .5681,45
Frá þeim dragast umboðslaun	kr. 640,36	
önnur útgjöld talin	— 236,25	kr. 876,61
Eptir því eru nettótekjur		kr. 4804,84
Greitt í landssjóð eptir skilagrein Richters kr. 144,35÷kr. 19,19		— 125,16
Eptirstöðv. hjá reikn.höldurum kr. 3497,81÷876,61÷125,16=	kr. 2496,04	
——— — leiguliðum	kr. 2183,64	kr. 4679,68

Við samanburð á hinum þremur reikningum er það jafnvel án endurskoðunar sjáanlegt, að í aðalreikningnum eru tekjurnar oftaldar um kr. 19,19, eins og skýrt er frá í athugunarskjalinu, en þar á móti vantar í hann:

a, á tekjurnar eptir reikningi Clausens:
viðbót hæstbjóðanda við það, sem boðið var í 2568 pd. smjörs, er gengu kr. 1316,96 við uppboð 27. janúar 1886 . . . . . kr. 54,79

b. á útgjöldin eptir sama reikningi:
„undirvigt á smjörinu öllu", nefnil. því, er Clausen innheimti . . . . . kr. 10,80
og borgun til Guðl. Erasmussonar á Arnarhóli . . 88,00 — 98,80
og eptir reikningi Richters:
þóknun fyrir að hreinsa skriðu af túni . . . . . — 15,00 — 113,80

B.

Í landsreikningnum eru brúttótekjur ársins taldar alveg eins og í athugunarskjalinu . . . . . kr. 5681,45

Umboðslaun	kr. 640,56	
en önnur gjöld	— 407,25	— 1047,81
Nettótekjur		kr. 4633,64
Talið greitt í jarðabókarsjóð		— 144,35
Eptirstöðvar ársins		kr. 4489,29
Eptirstöðvar frá fyrra ári	kr. 7593,64	
Þar af greitt í ríkissjóð	— 911,40	— 6682,24
	Eptirstöðvar samtals	kr. 11171,53

En við þetta er það að athuga, að þar sem landsreikningurinn telur nettótekjurnar . . . . . kr. 4633,64
þá kemur þetta ekki heim við umboðsreikningana; þannig eru í reikningunum önnur gjöld ekki . . . . . kr. 407,25
heldur kr 236,25+kr. 98,80+kr 15,00= . . . . . — 350,05
og því í landsreikn. oftalin um . . . . . kr. 57,20
umboðslaunin eru (ekki kr. 640,56 heldur) kr. 640,36
og því oftalin um . . . . . — 0,20 — 57,40
Nettótekjur eru því . . . . . kr. 4691,04
Af greiðslu Richters kr. 144,35 eru kr. 19,19 afborgun, eins og tekið er fram í athugunarskjalinu, og kemur hún landsreikn. eigi við; er hún því endurgreidd, því að hann átti að eins að greiða . . . . . — 125,16
standa því eptir . . . . . kr. 4565,88
Flyt kr. 4565,88

Flutt kr. 4565,88

Eptir aðalumboðsreikn. voru, að meðtöldum útistandandi leigum, kr. 940,48, eptirstöðvar ársins . . . . . kr. 4679,68
þegar hin optnefndu útgjöld samkvæmt reikn. Clausens og Ricters dragast frá, kr. 98,80+kr 15,00= . . . . . — 113,80
koma út . . . . . — 4565,88
Eptir reikningi Clausens bætist við tekjurnar og þá líka eptirstöðvarnar . . . . . — 54,79
Verða þannig *eptirstöðvar ársins* . . . . . kr. 4489,29
+kr. 19,19+57,40+54,79= . . . . . — 131,38 — 4620,67
nefnilega hjá Clausen . . . . . kr. 1512,83
hjá Ásm. Sveinssyni . . . . . — 924,20 kr 2437,03
hjá leiguliðum landskuldir . . . . . kr. 1243,16
og leigur . . . . . — 940,48 — 2183,64 — 4620,67

Eptirstöðvar frá f. á.:
hjá reikningshöldurum kr. 4952,26+kr. 344,34÷911,40 = kr. 4385,20
hjá leiguliðum $1104^{11}/_{12}$ pd. = . . — 797,92[1]+1843,46[2]
innheimt 1885 $25^{1}/_{2}$ — = . . — 15,87+328,47
Eptir $1079^{5}/_{12}$ pd. . . kr. 782,05+1514,99 = kr. 2297,04 kr. 6682,24
Eptirstöðvar samtals kr. 11171,53+131,38 = ... kr. 11302,91

C.

Nú er að líta á athugasemdir endurskoðanda við umboðsreikn. 1885, svör umboðsmanns, tillögur endurskoðanda og úrskurði landshöfðingja.

Í 2. gr. er Ásm. Sveinssyni talið til ábyrgðar 1 kr 67 a. (mannslán) og er sú ábyrgð úrskurðuð á hendur honum.

Í 3. gr. eru honum taldar til ábyrgðar fyrir of lágan útreikning á landskuldum kr. 44,74, að frádregnum $^{1}/_{6}$. Í tillögunni er sú ábyrgð færð niður í kr. 25,19, að frá dregnum $^{1}/_{6}$, kr. 4,20,=kr. 20,99 og er úrskurðað að Ásm. Sveinsson greiði þessa upphæð. Þar eð það eigi er tekið fram, á hverjum jörðum útreikningurinn er talinn of lágur, og vjer höfum eigi heldur fundið það, getum vjer ekkert sagt um þetta.

Um 4. gr.

Við samanburð á afgjaldsskýrslunum 1879 og 1885 telur þessi athgr. vanta 26 kúg., en á nokkrum jörðum vera umfram $5^{1}/_{2}$ kúg. Þannig, að 1885 sje $20^{1}/_{2}$ kúg. færra en 1879.

Sömuleiðis er það tekið fram, að eptir það er $2^{1}/_{2}$ kúg. af Arnarhóli gengu frá 1881 hafi kúgildin verið . . . . . 236 kg.
en í fyrirliggjandi reikningi sjeu öll kúgildin talin . . . . . 219 —
Mismunur 17 kg.
og enn er getið um að 13 kúg. (rjettara 14) voru fallin vorið 1882.

Athugasemdirnar eru eigi sendar Ásm. Sveinssyni, er samið hafði reikninginn, til umsagnar, heldur hinum nýja umboðsmanni, sem var öllu ókunnugur og gat naumast vitað um þetta, enda misskildi hann gjörsamlega athugagreinina (er einungis ræðir um þau kúgildi, sem leigur áttu að greiðast eptir haustið 1885)

1) Hjer er oftalið um kr. 1,20, sbr. að framan II. B. i. f.
2) Af þessu eru ófáanlegar kr. 180,84, sbr. svör landsh. við landsreikn. 1884, bls. 106.

og telur upp ýms kúgildi, er hafi vantað á jarðirnar vorið 1886, þá er hann tók við umboðinu. Öll þau kúgildi, er hann nefndi sem fallin, voru í afgjaldsskránni 1885 og sum jafnvel í afgjaldsskránni 1886 og goldnar leigur af þeim haustið 1886.

Þannig er jafnvel talið fallið eitt kúg. af Eyðhúsum (nr. 13.) og það talið ófáanlegt, en þó eru síðan sömu kúgildi á jörðinni og áður hefur verið, og sami ábúandi.

Enn fremur eru talin fallin 2 kúg. af Hallbjarnareyri hjá Guðm. Oddsyni, en í afgjaldsskýrslunni 1886 eru talin með jörðinni 10 kúg. eins og að undan förnu, og Ásm. Sveinsson talinn fyrir jörðinni samkvæmt byggingarbrjefi 5. apríl 1884.

Samkvæmt þessum upplýsingum frá umboðsmanni hefur endurskoðandi talið kúgildi umboðsins fallin niður í $212^1/_6$ og talið þörf á upplýsingum viðvíkjandi $4^1/_6$ kúg. Þetta hefur síðan verið samþykkt af landshöfðingja, með því að úrskurða það til athugunar.

Að því er snertir spurninguna um hin $20^1/_2$ kúg., sem talið er að vanti í afgjaldsskrána 1885, má geta þess, að í afgjaldsskrána vantar frá 1879 . . $23^1/_2$
en það eru kúg. tekin af Arnarhóli . . . . . $2^1/_2$
kúg. fallin 1882 14
lausakúgildi, sem goldið er eptir samkvæmt umboðsreikn. 1885 . 4
selt frá Fjarðarh. samkvæmt sama reikn. 1
og kúgildi, sem vantar að gjöra grein fyrir í umboðsreikn. og
ekki er goldið eptir 1885 . . . . . 2 $23^1/_2$

Viðvíkjandi spurningunni um, hversu mörg kúgildi sjeu í umboðinu 1885, þá getur það eigi staðizt, að þau sjeu komin niður í $212^1/_6$.

Ef vjer athugum afgjaldaskrárnar 1884 og 1885 og umboðsreikninginn, verður fækkunin fundin.

Samkvæmt afgjaldaskránum vantaði á jarðirnar seinna árið frá fyrra árinu:

nr. 30. Vatnsholt	1 kúg.	nr. 70. Kljá	1 kúg.
— 36. Bjarnarfoss	1 —	— 74. Hraunsfjörð	1 —
— 39. Hamrenda	1 —	— 75. $^1/_2$ Drápuhlíð	1 —
— 65. Fjarðarhorn	3 —	— 76. Saura	2 —
— 69. Stóruseljar	2 —	Samtals	13 kúg.

Aptur er innsett á þessar jarðir:

nr. 21. Lágafell syðra	2 kúg.	nr. 78. Hrísa	1 kúg.
— 33. Bláfell neðra	1 —	— 91. Klettakot	1 —
— 64. Arnarbotn	1 —	Samtals	6 kúg.

Lausakúgildi undir umsjón umboðsmanns talin
í reikningnum til afgjalds . . . . . 4 kúg. 10 —
árið 1885 hefur því fækkað um . . . . . 3 kúg.

Það er áður tekið fram, við 10. gr. athugasemdanna við umboðsreikninginn 1884, sem eru dags. 16. apr. 1887, að endurskoðandi hafi með tillögunni við þessa grein dags. 3. apr. 1888 fallizt á, að af . . . . . 236 kúg.
væru fallin . . . . . 14 —
og að það skyldi haustið 1884 að eins talin . . . . . (Flyt) 222 kúg.

	Flutt	222 kúg.
Í afgjaldsskránni 1885 eru talin með jörðunum	215 kúg.	
og í reikningnum er goldið eptir lausakúgildi	4 —	
og eru því í öllu falli eptir 1885		219 kúg.
Árið 1885 hefur því fækkað um		3 kúg.
Af þeim er samkv. umboðsreikn. selt vorið 1885 af Fjarðarhorni		1 —
og vantar því 1885 að gjöra grein fyrir		2 kúg.

Annars virðist vera nauðsynlegt, að athuga, hvernig kúgildi umboðsins hafa týnt tölunni hin síðari ár, þangað til hinn núverandi umboðsmaður tók við umboðinu og höfum vjer því samið yfirlit yfir kúgildi umboðsins 1879—1886 með athugasemdum til skýringarauka.

YFIRLIT

yfir kúgildi í Arnarstapa-, Skógarstrandar- og Hallbjarnareyrar-umboði 1879—86.

Jarðir.	1879 kúg. talin	1884 kúg. talin	1885 kúg. talin	1886 kúg. talin	Jarðir.	1879 kúg. talin	1884 kúg. talin	1885 kúg. talin	1886 kúg. talin
Aðrar en neðannefndar	137⅚	137⅚	137⅚	137⅚	63. Berserkseyri . . .	2	»	»	»
2. Ölviskross	2	2½	2½	2½	64. Árnabotn	3	1	2	2½
7. Dalsmynni . . .	1½	1½	1½	1½	65. Fjarðarhorn . . .	3	3	»	»
13. Eyðihús	2	2	2	2	69. Stóruseljar . . .	5	5	3	4
16. Straumfjarðartunga	2½	3½	3½	3½	70. Kljá	3	3	2	2
18. Dalur	4	4	4	»	73. Grísháll	3	3	3	3
21. Lágafell syðra . .	2	»	2	2	74. Hraunsfjörður . .	4	4	3	3
23. Elliði	4	4	4	»	75. ½ Drápuhlíð . . .	2½	2½	1½	1½
27. Hraunsmúli . . .	2	3	3	2	76. Saurar	6	6	4	4
29. Lýsuháll	2	»	»	»	78. Hrísar	4	4	5	5
30. Vatnsholt	4	4	3	4	84. Ós	4	4	4	3
33. Bláfeldur syðri . .	2	1	2	»	87. Úlfarsfell	2⅔	»	»	»
34. Kálfárvellir . . .	4	4	4	3½	94. Klettakot	2	1	2	1½
36. Bjarnarfoss . . .	3	3	2	3	96. Hallbjarnareyri . .	10	10	10	10
39. Hamrendar . . .	3	3	2	2	Lausakúg. frá Kálfárvöll.	1	»	»	»
41. Stóruhnausar . . .	1	⅔	⅔	»	— undir umsjón Ásm. Sveinssonar	»	»	4	»
55. Sveinsstaðir . . .	2	»	»	»	— undir umsj. Jóns umboðsm. .	»	»	»	1⅔
58. Bugur innri . . .	2	1½	1½	1½					
59. Arnarhóll	2½	»	»	1					
					Samtals	238½	222	219	207½

Athugasemdir.

(Nr.2). 1882 er ½ kúg. bætt þar við frá Lágafelli syðra (21), er þá fór í eyði.

(Nr.7). Vorið 1882 fjell þar ½ kúg., en var aptur bætt við frá Lágafelli syðra (21).

(Nr. 13). Jón umboðsmaður segir, að þar hafi vorið 1886 fallið 1 kúg. (ófáanlegt), en þó er það í afgjaldsskránni 1886.

(Nr. 16). Vorið 1882 er þar sett 1 kúg. frá Lýsuhól (29.) er þá fór í eyði.

(Nr. 18). Jón umboðsm. segir, að þar hafi fallið 3 kúg., en 1 er þegjandi sleppt.

(Nr. 21). Vorið 1882 fór jörðin í eyði, 1 kúg. fjell, hitt náðist og var sett ½ á Ölviskross (2), en ½ á Dalsmynni (7); 1885 eru þangað sett 2 kúg.

(Nr. 23). Árin 1884 og 1885 er jörðin í eyði, en kúgildin undir umsjón umboðsmanns, en þó eru þau í gjaldaskránni sett á jörðina, en sleppt þegjandi 1886, en umboðsm. segir þó fallið þar 1⅓ vorið 1886.

(Nr. 27). Vorið 1882 er 1 kúg. bætt við frá Lýsuhól (29), en 1886 er 1 kúg. þegjandi sleppt.

(Nr. 29). Vorið 1882 fór jörðin í eyði, en kúgildin náðust og var 1 sett á Straumfjt. (16) og hitt á Hraunsmúla (27).
(Nr. 30). 1885 er einu kúg. sleppt þegjandi í afgjaldsskýrslunni, en 1886 er þangað komið aptur 1 kúg., án þess skýrt sje frá hvaðan.
(Nr. 33). Vorið 1881 fjell hjer 1 kúg., var sett inn aptur 1885, en svo fjellu þau bæði 1886.
(Nr. 34). Talið fallið ½ kúg. vorið 1886 og oftalið í afgjaldsskránni það ár.
(Nr. 36). Þegjandi breytingar.
(Nr. 39). Sömuleiðis.
(Nr. 41). Vorið 1882 fjell þar ⅓ kúg., en ⅔ kúg. var undir umsjón umboðsmanns, en svo er því þegjandi sleppt 1886.
(Nr. 55). Vorið 1882 fjellu bæði kúgildin.
(Nr. 58). Vorið 1882 fjell þar ½ kúg.; oftalið ½ kúg. í afgjaldsskránni 1886.
(Nr. 59). Vorið 1881 er þar fallið ½ kúg., en seld 2, 1886 sett upp aptur 1 kúg.
(Nr. 63). Vorið 1882 voru bæði kúgildin fallin.
(Nr. 64). Vorið 1882 fjellu 2 kúg., 1 sett inn 1885, ½ sett inn 1886.
(Nr. 65). 1 kúg. selt 1885, um hin 2 engar upplýsingar.
(Nr. 69). Þegjandi breytingar.
(Nr. 70). Sömuleiðis.
(Nr. 73). Vorið 1882 fjell 1 kúg., en var sett inn frá Úlfarsfelli (87).
(Nr. 74). Þegjandi breytingar.
(Nr. 75). Sömuleiðis. Í afgjaldsskránni 1886 er of talið 1 kúg. (2½ í staðinn fyrir 1½).
(Nr. 76). Sömuleiðis.
(Nr. 78). Sömuleiðis.
(Nr. 84). Jón umboðsmaður segir, að þar hafi fallið 1 kúg. vorið 1886.
(Nr. 87). Vorið 1882 fjellu 1⅔ kúg., en 1 kúg. var sett að Grishóli (73).
(Nr. 94). Fyrir 1882 var þar fallið 1 kúg., innsett aptur 1885, en umboðsm. segir þar ½ kúg. fallið 1886.
(Nr. 96). Umboðsmaður (Jón) segir þar 2 kúg. fallin 1886, og þó eru þau í afgjaldsskránni það ár.
1 lausakúgildi frá Kálfárvöllum 1879, fallið vorið 1882.
4 lausakúgildi undir umsj. Ásm. Sveinssonar 1885. Engar upplýsingar um þessi kúgildi.
1⅔ lausakúgildi undir umsj. Jóns umboðsm. 1886. Engar upplýsingar um þessi kúgildi.

Í afgjaldaskrá hins núverandi umboðsmanns eru talin 209½ kúgildi uppistandandi vorið 1886, en í svari við 4. gr. athugasemda við reikninginn 1885, dags. 15. ág. 1887, kveðst hann að eins hafa tekið á móti 208 kúg., en í svari 10. gr. aths. við reikninginn 1885, dags. 21. júlí 1888, kveðst hann að eins hafa tekið á móti 207½ kúg. og er farið eptir því í yfirlitinu.

Kúgildi umboðsins hafa verið talin 1879		238½	
en 1886 kveðst núver. umboðsmaður að eins hafa tekið við		207½	
og hafa þannig fækkað um		31	kúg.
Árið 1881 fækkar á Arnarhóli um	2½ kúg.		
— 1882 er fækkað	14 —		
— 1885 er selt af Fjarðarhorni	1 —	17½	—
en grein þarf að gjöra fyrir		13½	kúg.
	Flyt	13½	

	Flutt	13½ kúg.
af þeim viðkoma árinu 1885	2	kúg
er vorið 1886 hverfa	11½	—

Þegar bornar eru saman afgjaldaskrárnar 1885 og 1886 sjest að seinna árið vantar frá fyrra árinu á jarðirnar:

nr. 18. Dal	4	kúg.
— 23. Elliða (sem áttu að vera undir umsj. umboðsm.) .	4	—
— 27. Hraunsmúla	1	—
— 33. Bláfeld neðra	2	—
— 34. Kálfarvöllu	½	—
— 41. Stóruhnausa (undir umsj. umboðsm.)	⅔	—
— 84. Ós	1	—
— 94. Klettakot	½	—
Lausakúg. samkvæmt umboðsreikn. 1885	4	—
Samtals	17 ⅔	kúg.

Aptur er innsett á þessar jarðar:

nr. 30. Vatnsholt	1	kúg.	
— 36. Bjarnarfoss	1	—	
— 59. Arnarhól	1	—	
— 64. Arnarbotn	½	—	
— 69. Stóruseljar	1	—	
Lausakúg hjá núverandi umboðsmanni . . .	1⅔	—	6 ⅙ kúg.
Vantar þannig 1886 að gjöra grein fyrir			11½ kúg.

Þess er áður getið, að þegar krafizt var í 4. gr. athugasemdanna við umboðsreikn. 1885 upplýsinga um kúgildi umboðsins, nefndi umboðsmaður ýms kúgildi, er fallið hefðu vorið 1886, og voru þau á jörðunum:

nr. 13. Eyðhúsum	1 kúg.	nr. 23. Elliða	1⅓ kúg.
— 18. Dal	3 —	— 94. Klettakoti . . .	½ —
— 33. Bláfeldi neðra . . .	2 —	— 96. Hallbjarnareyri hjá	
— 84. Ósi	1 —	Guðm. Oddssyni .	2 —
		Alls	10⅚ kúg.

Þess hefur áður verið getið, að samþykkt hafi verið með úrskurði, að kúgildi umboðsins skyldu talin	212⅙	kúg.
í afgjaldsskránni 1886 voru talin í umboðinu	209½	—
og var því í 10. gr. aths. við reikn. 1886 heimtað að grein væri gjörð fyrir	2⅘	kúg.
Í svari sínu kvað umboðsmaður að hefðu verið í afgjaldsskránni oftalin	2	—
og því sje að gjöra grein fyrir	4⅘	kúg.

og er þannig gjörð grein fyrir þessu, að umboðsmaður segir, að fallið hafi vorið 1886 4⅘ kúg. og nefnir nú að nýju nr. 18. Dal fallið . . . . . 2⅘ kúg.
og nr. 33. Bláfeld neðra . . . . . 2 — 4⅘ —
og á þá eptir þessu að vera að fullu gjörð grein fyrir fækkun kúgildanna í umboðinu. En með því að þessi 4⅘ kúg. felast í þeim kúgildum, sem áður eru talin fallin, þá getur hjer eigi komið til skoðunar um fleiri fallin kúgildi

en . . . . . $10^5/_6$ kúg.
en í þessum kúgildum getur, eins og áður er minnst á, ekki komið
til mála að telja fallið á Eyðhúsum . . . . . 1 kúg.
og á Hjallbjarnareyri . . . . . 2 —
því að þau eru talin til afgjalds í skránni 1886 og því fólgin
í þeim $207^1/_2$ kúg., sem þar eru talin í umboðinu. Enn
fremur verður að svo stöddu ekki tekin til greina kúgildi
þau, sem talin eru fallin á Elliða, því að þau voru undir
umsjón umboðsmanns Ásm. Sveinssonar . . . . . $1^1/_3$ —
og heldur eigi það, sem talið er fallið á Ósi . . . . . 1 —
eða á Klettakoti . . . . . $^1/_2$ —
því að umboðsmaður nefnir ekki einu sinni að þau sjeu
ófáanleg . . . . . $5^5/_6$ —

Aptur á móti telur hann bæði fallin og ófáanleg á
Dal . . . . . 3 kúg.
og á Bláfeldi neðra . . . . . 2 — 5 kúg.

Það virðist því mega draga frá þeim kúgildum, er vantar að gjöra grein fyrir, frá 1885 2 kúg. og frá 1886 $11^1/_2$ kúg., samtals . . . . . $13^1/_2$ kúg.
þessi síðastnefndu . . . . . 5 —
og er þá eptir að gjöra grein fyrir 2 kúg. frá 1885 og $6^1/_2$ kúg. frá
1886 . . . . . $8^1/_2$ kúg.

Um 5. gr.

Þess er áður getið, að í afgjaldaskránni 1885 voru að eins nefnd með jörðunum . . . . . 215 kúg.
en í umboðsreikningnum voru talin til afgjalda . . . . . 219 —
Vjer höfum talið þau . . . . . 4 —
sem ekki eru talin í skránni, sem lausakúgildi undir umsjón þáverandi umboðsmanns Ásm. Sveinssonar. Í athugasemd sinni vænti endurskoðandi upplýst, hvar þessi 4 kúg. sjeu niður komin. Hinn núverandi umboðsmaður kveðst engar upplýsingar geta um það gefið; endurskoðandi segir þó í tillögu sinni um greinina, að þau sjeu annaðhvort fallin, — en slíkt getur eigi staðizt, því að það er goldið eptir þau 1885, og öll þau kúgildi, er umboðsmaður telur fallin í áðurnefndu svari sínu, eru jafnvel nefnd í afgjaldsskránni 1885, og fólgin í þeim 215 kúg., — eða fólgin í þeim $4^1/_6$ kúg., er upplýsingar vantar um, en eins og áður er getið um, vantaði upplýsingar 1885 bæði um þessi 4 lausakúgildi og 2 kúgildi, er vantaði í reikninginn 1885. Síðan er úrskurðað: „Stendur við svo búið“. En eins og getið er um að framan, var engra upplýsinga leitað hjá Ásm. Sveinssyni, sem hafði þó þessi 4 lausakúgildi undir sinni umsjón, og virðist því nauðsyn bera til, að láta ekki við svo búið standa, heldur heimta skýrslu Ásm. Sveinssonar um þau.

Um 11. gr.

Þess er áður getið, að viðbót kaupenda við uppboðsverð á smjöri frá 1885, sem tekin er til inntektar í reikningi Clausens, kr. 54,79, vantar í umboðsreikninginn og landsreikninginn, og ofborgun Richters, kr. 19,19. er talin í því, sem greitt er í landssjóð, en þessar kr. 19,19 voru honum endurgreiddar. Endurskoð-

andi hefur aptur á móti talið Ásm. Sveinssyni þær til ábyrgðar, þó svo, að frá þessum . . . . . kr. 54,79
sje dregin ofborgun Richters . . . . . — 19,19
kr. 35,60

og honum sjeu reiknuð innheimtulaun af þessari upphæð og að eins gjört að skyldu að greiða kr. 29,67, en eptirstöðvarnar færist niður um kr. 35,60. Það er svo úrskurðað, að svo skuli vera. En það getur eigi staðizt. Úr því að nefndar kr. 54,79 ekki voru taldar í landsreikningnum, bar fyrst og fremst að bæta þeim við tekjurnar, og þar sem þær eigi heldur voru greiddar, bar einnig að bæta þeim við eptirstöðvarnar, og þar sem hinar ofgreiddu kr. 19,19 voru endurgreiddar, bar að bæta sömu upphæð við eptirstöðvar ársins, og það er þannig svo langt frá, að eigi að færa eptirstöðvarnar niður um kr. 35,60, að það á að færa þær upp um kr. 54,79 + kr. 19,19 = 73,98. Annars má geta þess, að það þarf enginn að bera ábyrgð á þessum kr. 54,79, því að þær voru fólgnar í eptirstöðvum Clausens frá 1885 og eru greiddar af honum í landssjóð 1886.

Það er heldur ekki rjett, að Clausen hafi innheimt 20 pd. meira af smjörleigum, en hann telur í skilagrein sinni, og að eptirstöðvar hjá leiguliðum sjeu 20 pd. minni, en talið er í umboðsreikningnum og athugunarskjalinu. Hann hefur að eins af því, sem hann innheimti (2761 pd.), tekið þá upphæð, er nemur 20 pd. eptir uppboðsverðinu kr. 10,80, svo að eptirstöðvarnar hjá honum (eða af hans innheimtu) urðu þeim mun minni, þegar hann gjörði upp reikninginn. Annars hefur það verið venja, að reikna fyrir rýrnun leignasmjörs í umboðinu án tillits til smjörverðs kr. 10,00, samkvæmt stjórnarbrjefi 3. ág. 1850, og meðfylgj. erindisbrjefi 18. gr.

Um 17. gr.

Eptir umboðsreikningnum hefur Ásm. Sveinsson innheimt af tekjunum
1885 . . . . . kr. 1760,75
og fyrir 1 kúg. af Fjarðarhorni, selt við uppboð . . . — 45,00 kr. 1805,75
og telur umboðslaun $\frac{1}{6}$ þar af . . . . . — 300,96
og önnur gjöld . . . . . — 236,25 — 537,21
og voru því eptirstöðvar hjá honum . . . . . kr. 1268,54
Þannig eru þær taldar í umboðsreikn. og svo höfum vjer talið þær
að framan, nefnil. af hinum innheimtu árstekjum . . . kr. 924,20
og af innheimtum eptirstöðvum frá f. á. . . . . — 344,34 — 1268,54

En samkvæmt reglunni, að umboðslaun reiknast að eins af innheimtum tekjum, en ekki af verði þess, sem selt er af höfuðstól umboðsins, sbr. stjórnarbrjef 16. júní 1849, vill endurskoðandi ekki reikna umboðslaun af kúgildinu 45 kr., og telur því reikningshaldara Ásm. Sveinsson enn fremur skulda kr. 7,50.

Í athugunarskjalinu við umboðsreikninginn hafði Ásm. Sveinsson talið önnur útgjöld . . . . . kr. 236,25
en endurskoðandi telur að eins . . . . . — 148,25
og verður því Ásm. Sveinssyni talin sem skuld . kr. 88,00 — 95,50
Samkvæmt þessu eru eptirstöðvar Ásm. Sveinssonar úrskurðaðar kr. 1364,04

Fyrir útgjöldunum, kr. 236,25, sendi Ásm. Sveinsson engar kvittanir, endurskoðandi heimtaði þær fyrir þeim kr. 148,25, er hann nefndi, en þessari kröfu

var þó eigi beint að Ásm. Sveinssyni, heldur að hinum nýja umboðsmanni, sem kvað vera mundu „erfitt að fá“ þær, og hefur enga kvittun sent, og svo var felldur úrskurður 14. apríl 1888, samþykktar kr. 148,25, en sleppt kr. 88,00, án þess nokkurra upplýsinga væri leitað hjá Ásm. Sveinssyni.

Um 18. og 19. gr.

Um leigna-eptirstöðvar hjá leiguliðum fer endurskoðandi meðal annars svofelldum orðum: „Á þeim 1268$^{2}/_{3}$pd. (rjettara 1288$^{2}/_{3}$ pd.), sem eru frá 1885 bera þeir Holger Clausen og Richter ábyrgð“. Þessu svarar Clausen, að „fyrir tilmæli þáverandi landshöfðingja hafi hann tekið að sjer, fyrst um sinn, að veita móttöku kúgildisleigum og öðrum jarðarafgjöldum, sem kynnu að vera ógreidd haustið 1885— — — án þess hann að nokkru leyti hefði hina áminnst ábyrgð“ (skiljanlega á því, sem honum yrði ekki greitt).

Á líkan hátt færist Richter undan allri ábyrgð; hann kveðst eigi hafa meðtekið nein skilríki fyrir því, hvað umboðið ætti útistandandi hjá leiguliðum, hafi hann því orðið að fara eptir því, er leiguliðar sögðu, og taka við því, er að honum var rjett.

Enn fremur er það tekið fram í athugagreininni, að það sje sjálfsagt, að núverandi umboðsmaður verði að gjöra allt sitt til, að fá allar eptirstöðvar innheimtar. Viðvíkjandi landskulda-eptirstöðvum hjá leiguliðum vísar 19. gr. til 18. gr.

Í tillögunum um 18. og 19. gr. og úrskurðinum um þær er sleppt að minnast á ábyrgð Clausens og Richters, en það er úrskurðað, að reikningshaldari innheimti það af hinum gömlu eptirstöðvum, sem fáanlegt sje, gjöri ýtarlega grein fyrir, hvað af eptirstöðvunum kunni að vera greitt til Ásm. Sveinssonar og hvað af eptirstöðvunum sje ófáanlegt.

D.

Í 18. athgr. við umboðsreikn. 1885 hefur hinn umboðslegi endurskoðandi skorað á núverandi umboðsmann, að semja og senda með svari sínu eptirstöðvalista yfir allar ógoldnar leigur og landskuldir frá 1884 og 1885. Slíka lista samdi umboðsmaður 15. ág. 1887 yfir eptirstöðvar á landskuldunum bæði árin og leigunum 1885, en þeim er mjög áfátt, eins og síðar skal getið. Ásm. Sveinsson hafði samið lista yfir það, sem ógoldið var 31. des. 1884. Var nú bæði í úrskurðum landsh. um umboðsreikn. 1885, 14. apríl 1888, og í sjerstöku brjefi lagt fyrir umboðsmann, að útvega sem áreiðanlegust skilríki, að unnt er, fyrir því, hversu mikið af hinum gömlu eptirstöðvum kunni að hafa verið greitt til Ásm. Sveinssonar, og jafnframt innheimta allt, sem fáanlegt sje af ógreiddum eptirstöðvum, og gjöra grein fyrir, hvað sje ófáanlegt og hvers vegna. Samkvæmt þessari áskorun gaf hann „svar“ 24. ág. 1888, og að endingu hefur hann sent nýja lista með nánari skýringum, dags 23. febr. þ. á. Líka hefur fyrverandi umboðsmaður Ásm. Sveinsson 31. desbr. síðast liðinn samið skýrslu um eptirstöðvarnar frá hans umboðstíð.

Viljum vjer nú minnast á eptirstöðvar af leigum og landskuldum frá þessum árum 1882—1885.

Eptirstöðvar af leigum 1882 . . . . . 132$^{1}/_{6}$ pd.
Umboðsmaður segir í svari við úrskurð um umboðsreikn. 1884, að Jón á Kálfárvöllum hafi borgað til Ásm. Sveinssonar $25^{1}/_{2}$ pd.

Flyt $25^{1}/_{2}$ pd. $132^{1}/_{6}$ pd.

		Flutt $25\frac{1}{2}$ pd.	$132\frac{1}{6}$ pd.
og Friðrik á Skarði	20 =	$45\frac{1}{2}$ pd.	
af dánarbúi Lárusar á Sveinsstöðum muni verða borgað . .	20 —		
og Sumarliði norðanpóstur skuldi	$66\frac{2}{3}$ —		$132\frac{1}{6}$ —
Eptirstöðvar af leigum 1883			160 pd.
Umboðsmaður segir í nýnefndu svari, að af þeim sje ófáanlegt		120 pd.	
af dánarbúi Lárusar á Sveinsstöðum muni verða borgað . . .	40 —		160 —
Eptirstöðvar af landskuldum 1883, að frátöldum hinum ófáanlegu kr. 180,84			kr. 533,46
Umboðsmaður segir í skýrslu 22. ág. 1888 ófáanlegar . .	kr. 162,00		
nema ef eitthvað kynni að fást úr dánarbúi Magnúsar á Ölviskrossi af skuld hans kr. 12,50.			
Til Ásm. Sveinssonar telur hann borgað úr dánarbúi Kristjáns Jóhannessonar á Stóra-Langadal	kr. 18,00		
frá öðrum	— 278,97	— 296,97	
og von um að fáist:			
úr dánarbúi Lárusar á Sveinsstöðum	kr. 62,00		
frá Sumarliða norðanpósti	— 10,69		
og Ástríði Benidiktsdóttur í Söðulsholti, nú í Reykjavík	— 1,80	— 74,49	— 533,46
Í brjefi til landshöfðingjans höfum vjer talið nauðsynlegt, að Ástríður verði krafin um þessa			— 1,80
og Sumarliði norðanpóstur um	kr. 10,69		
ásamt leigunum $66\frac{2}{3}$ pd. á 59 a.	— 39,33		— 50,02
Þar eð umboðsmaður segir, að leigur og landskuldir Lárusar á Sveinsstöðum 1882 og 1883:			
20 pd. smjörs á 59 a.			— 11,80
40 — - — - 74 a.			— 29,60
og landskuldin frá 1883			— 62,00
verði greitt úr dánarbúi hans af Tómasi Eggertssyni á Ingjaldshóli, er vonandi, að hinar aðrar skuldir hans, er krafa hefur verið gjörð um til skiptarjettarins: vantandi ofanálag á Sveinsstaði			— 54,50
og 2 jarðarkúgildi			— 170,00
verði einnig borgaðar.			
Eptirstöðvar af landskuldum 1884			— 1129,16
Í svari 24. ág. 1888 segir umboðsmaður, að Ásm. Sveinss. hafi inn heimt	kr. 462,52		
en hann hafi áður sent lista yfir landskuldaeptirstöðvar 1884 að upphæð	— 666,64		— 1129,16
En í þessum lista, sem er dags 15. ág. 1887, gefur hann eigi upplýsingar um, hvað fást kunni af þeim			— 666,64
í öðrum lista, dags. 23. febr. þ. á., gefur hann skýrslu um	kr. 556,58		
en í þeim lista er bætt við og talið ófáanlegt hjá 2 öreigum kr. 36,30 + 28,20 = ...	— 64,50		
svo að einungis eru upplýsingar um			— 492,08
og er af þeim talið ófáanlegt	kr. 448,22		
		Flyt kr. 448,22	kr. 174,56

Flutt kr. 448,22 kr. 174,56
en von um að borgað verði . . . . . kr. 43.86
og vantar því að gefa upplýsingar um hinar eptir verandi . . . . kr. 174,56

Eptirstöðvar af leigum 1884:

Samkvæmt umboðsreikningnum 1884 stóðu eptir . . . . . 812¾ pd.
í reikningnum 1885 er gjörð grein fyrir . . . . . 25½ —
af eptirstöðvunum . . . . . 787¼ —
segir umboðsmaður í svari 24. ág. 1888, að til Ásm. Sveinssonar muni vera borgað . . . . . 537¼ —
og hann muni síðar senda skilagrein fyrir . . . . . 250 pd.
en sú skilagrein er ókomin enn.

Eptirstöðvar af landskuldum 1885:

Af eptirstöðvum reikningsins 1885 . . . . . kr. 1243,16
segir umboðsmaður í nýnefndu svari frá 24. ág. 1888 að muni vera borgaðar til Ásm. Sveinssonar . . . . . kr. 263,84
— Holger Clausen . . . . . — 230,80
— S. Richters . . . . . — 15,75 kr. 510,39
en áður hafi hann sent lista yfir ógoldnar landskuldir 1885,
að upphæð . . . . . kr. 732,77 — 1243,16
en í þessum lista, sem dags. er 15. ág. 1887, gefur hann enga upplýsingu um, hvað von sje um að fáist af upphæð listans, sem rjett samantalin er . . . . . — 733,77
Í öðrum lista 25. febr. þ. á. gefur hann skýrslu um . . . kr. 664,74
en þar er bætt við 2 skuldunautum á Kjalveg og Sveinsstöðum, er lofa að borga kr. 11,50 + kr. 26,15 = . . . — 37,65
og eru því einungis upplýsingar um . . . . . — 627,09
og er af þeim talið ófáanlegt . . . . . kr. 431,53
en von um að borgað verði . . . . . — 195,56
og vantar því að gefa upplýsingar um . . . . . — 106,68

Eptirstöðvar af leigum 1885:

Samkvæmt umboðsreikningum eru:
210⅓ kúg. talin með jörðunum . . . . . 4206⅔ pd.
4⅔ — frá eyðijörðunum Elliða og Hnausum 80 + 13⅓ . . . . 93⅓ —
4 lausakúgildi . . . . . 80 —
219 kúg., sem gefa í leigur . . . . . 4380 pd.
Þar af var innheimt:
af Ásm. Sveinssyni . . . . . 120 pd.
— Holger Clausen samkvæmt reikningi hans 2568 + 193 pd. 2761 —
— S. Richter . . . . . 210 — 3091 pd.
Eptirstöðvar 1289 pd.

Í reikningi Ásm. Sveinssonar er innheimta Clausens talin 2761⅓ pd. og eptirstöðvarnar 1288⅔ pd. Í 11. og 18. gr. athugasemdanna við reikninginn álítur endurskoðandi, að Clausen hafi innheimt . . . . . 2781⅓ pd.
og að eptirstöðvarnar sjeu að eins . . . . . 1268⅔ —
en vjer höfum áður tekið það fram, að þetta er ekki rjett, því að 20 pd., er

Clausen taldi sjer fyrir rýrnun leignasmjörsins, færði hann til útgjalda með andvirðinu, kr. 10,80, en ekki til inntektar.

Enn fremur ber að geta þess, að Elín Jónsdóttir á Bjarnarfossi (jbnr 36) hefur greitt umfram leigur hennar, sem voru samkvæmt afgjaldsskránni 40 pd. (ekki 60 pd.), til H. Clausens $\frac{12}{16}$ 85, 6 pd. smjörs; hefur hann því innheimt af leigunum 1885 6 pd. minna en talið er, eða að eins 2755; verða þá eptirstöðvarnar þeim mun hærri, $1268\frac{2}{3} + \frac{1}{3} + 20 + 6 =$ . . . . . 1295 pd.

Umboðsmaður gaf lista yfir ógoldnar smjörleigur 1885, dags. 15. ág. 1887 og var listinn fyrst um . . . . . 1438 —

seinna var Hallbjarnareyri strykuð út með . . . . . 200 pd.

en Dalsmynni bætt við með . . . . . 30 — 170 —

og var eptirstöðva-upphæðin því talin . . . . . 1268 pd.

Fyrst og fremst vantar hjer því á eptirstöðvarnar og að öðru leyti eru af þessum 1268 pd. sumt talið, sem aldrei hefur verið í skuld og ekki er í afgjaldaskránni, sumt er borgað áður að fullu og sumt að meiru og minna leyti.

Á nýnefndum lista 15. ág. 1887 er þess getið, að eptirgjöf á leigunum þetta ár 1885, hafi fengið landsetarnir á:

Nr. 3. Hrútsholti (jbnr. 6) . . . . . pd. 60
— 22. Svelgsá (77) . . . . . — 100
— 23. Hólum (— 80) . . . . . — 30

og að í ofanálag falli leigurnar á:

Nr. 2. Hrossholti (jbnr. 5) . . . . . — 45
— 6. Lágafelli syðra (jbnr. 21) . . . . — 40
— 11. Bjarnarfossi (jbnr. 36) . . . . . — 60 pd. 335

Í áritun á listann er tekið fram, að borgað sje af

Nr. 5. Dal (jbnr. 18) til Clausens . . . pd. 60
— 27. Setbergi (jbnr. 88) til sama . . . — 60
— 20. Hraunsfirði (jbnr. 73) til Richters . — $42\frac{1}{2}$
— 26. eptir 6 lausakúgildi er fært Ásm. Sveinssyni til skuldar . . . . . —120 — $282\frac{1}{2}$ $617\frac{1}{2}$ —

og talið óborgað að eins . . . . . $650\frac{1}{2}$ pd.

Í lista dags. 23. febr. þ. á. er sú skýring gjörð um þetta, að ófáanlegt sje . . . . . pd. $408\frac{1}{2}$

von um að fáist . . . . . — 142

borgað til Clausens . . . . . — 100 $650\frac{1}{2}$ pd.

Sumt af þessu, sem hjer er gefin skýring um, verður að falla alveg burtu, því að það hefur aldrei verið í skuld, sumt er meira og minna borgað o. s. frv.

Að því er snertir áður nefnd . . . . . pd. 335

sem talið er að falli í eptirgjafir og ofanálög, fellur skuldin, sem talin er hjá Elínu á Bjarnarfossi, 60 pd., alveg burtu, því að hún er oftalin um . . . . . 20 pd.

og Elín borgaði hina rjettu upphæð . . . . . 40 —

til Clausens 1885, og af 60 pd. leigum borgaði Magnús á Hólum 40 pd. til Clausens og er því skuld hans oftalin um . . . . 10 — — 70

það sem þá er eptir . . . . . pd. 265

verður þrátt fyrir skýringuna að telja með eptirstöðvum, með því að engin skýring er fram komin um vantandi álag á Hrossholt og Lágafell syðra, og kvittanir landsetanna á Svelgsá og Hólum fylgdu umboðsreikningnum 1884 undir nr. 11 og 17, hins síðar nefnda fyrir allri eptirgjöfinni, 40 pd., og hins fyrnefnda fyrir 100 pd., svo að hann átti að minnsta kosti að borga helminginn af leigunum 1885.

Að því er snertir þau		282½ pd.
sem talið er greitt til hinna 3 umboðsmanna, þá eru þau fólgin í þeim 3091 pd., sem innheimt eru eptir umboðsreikn. og áttu því alls eigi að finnast á eptirstöðvalistanum; vantar því skýringu um þessi		282½ —
og sama er að segja um þau		100 —
sem í listanum 23. febr. þ. á. er talið greitt til Clausens, nema hvað greiðslan er þar oftalin af Barðastöðum	um 5 pd.	
af Bug ytra	— 1 —	6 —
hjer vantar því einning skýring um		94 pd.
Viðvíkjandi því, sem talin er von um að fáist		142 pd.
má geta þess, að þar af lofar Guðmundur á Dalsmynni að borga	30 pd.	
en hann skuldar að eins	10 —	
og er því oftalið hjá honum um		20 —
		122 pd.
Af því sem talið er ófáanlegt		408½ —
má geta þess, að Jón Bárðarson á Kálfárvöllum skuldar ekki 41 pd. heldur 20 pd. og er því oftalið	21 —	
og á Fjarðarhorni eru engin kúg. eptir afgjaldaskránni og því oftalið um	60 —	81 —
		327½ pd.

Með því að eptirstöðvalistarnir eru þannig meira og minna skakkir og þeir hafa leitt til þess, að þeir eru ekki krafðir, sem skulda, en aðrir eru krafðir um það, sem þeir hafa borgað, þá virðist alveg nauðsynlegt að búa til rjetta eptirstöðvalista eptir afgjaldaskránni og skilagreinum Clausens og Richters.

Á listanum frá 15. ág. 1887 eru eptirstöðv. rjett til greindar hjá þessum:

nr. 1.	Jón Jónsson, Ölviskrossi (jbnr. 2.)	50 pd.
— 2.	Guðjón Eggertsson, Hrossholti (5)	45 —
— 3.	Þórður Sveinbjörnsson, Hrútsholti (6)	60 —
— 4.	Níels Jónsson, Eyðhúsum (13)	40 —
— 6.	Arndís Jónsdóttir, Lágafelli syðra (21)	40 —
— 7.	Benóní Þórarinsson, Kirkjuhóli (26)	11 —
— 9.	Jón Jónsson, Bláfeldi neðra (33)	40 —
— 12.	Jónatan Grímsson, Hellu (45)	30 —
— 13.	Ármann Jónsson, Laxhóli (46)	20 —
— 14.	Guðm. Jónsson, Hjallasandi (48)	20 —
— 15.	Guðm. Gíslason, Keflavík (49)	30 —
— 19.	Jón Jónsson, Kothrauni (68)	50 —
— 21.	Kristjana Jónsdóttir, Ögri (75)	80 —
— 22.	Sig. Guðmundsson, Svelgsá (77)	100 —
— 24.	Jón Jóhannsson, Stóra-Laugadal (90)	11 — 627 pd.
	Flyt	627 pd.

Flutt 627 pd.

Á sumum jörðum er meira og minna greitt af leigum, sem á istanum eru taldar ógoldnar, nefnil.

	talið ógoldið			greitt	eptir
nr. 5 Dalur (18)	80 pd.	til	Clausens	60 pd.	20 pd.
— 8 Barðastaðir (31) . . .	40 —	—	—	35 —	5 —
— 10 Kálfárvellir (35) . . .	40 —	—	—	20 —	20 —
— 16 Bugur ytri (57) . . .	40 —	—	—	39 —	1 —
— 23 Hólar (80)	30 —	—	—	10 —	20 —
— 28 Dalsmynni (7)	30 —	—	—	20 —	10 —
— 20 Hraunsfjörður (73) . .	60 —	—	Richt.	42½ —	17½ —
			oftalið	226½ pd.	eptir 93½ pd.

Enn fremur eru leigur, sem eru alveg borgaðar, taldar ógoldnar af:

Nr. 11. Bjarnarfossi (36)	40 pd.	greitt til Clausens
— 17. Efri-Lág (61)	20 —	
— 27. Setbergi (88)	60 —	120 pd.
— 26. 6 lausakúgildi hjá Ásm. Sveinss. 120 pd. í reikn.		120 —

Að endingu eru taldar leigur, sem ekki finnast í afgjaldsskránni á

Nr. 11. Bjarnarfossi (36) talin 60 pd., en eru 40 pd. og því oftalin	20 pd.	
Nr. 10. Kálfárvöllum, talin 41 pd., eru 40 pd., oftalið	1 —	
— 18. Fjarðarhorni talin, 60 pd., eru engin, oftalin	60 —	81 pd.
Samtals oftalin	547½ pd.	eptir 720½ pd.

Aptur á móti vantar á listann:

jbnr. 1. Oddastaðir, Guðm. Pjetursson							60 pd.
— 8. Þverá, Sigurður Jónsson							40 —
— 53. Skarð, Lárus Skúlason							20 —
— 62. Hellnafell, Haraldur Pálsson							40 —
— 81. Sellón, Kristín Guðmundsdóttir							40 —
— 82. Saurlátur, Jón Bjarnason							20 —
— 3. Stórahraun . . .	80 pd.	Greitt	Clausen	76 pd.	eptir		4 —
— 10. Skógarnes syðra .	80 —	—	—	70 —	—		10 —
— 12. Fáskrúðsbakki .	80 —	—	—	79½ —	—		½ —
— 14. Hörgsholt . . .	40 —	—	—	39 —	—		1 —
— 16. Straumfjarðartunga	70 —	—	—	51 —	—		19 —
— 27. Hraunsmúli . .	60 —	—	—	30 —	—		30 —
— 34. Hólkot	40 —	—	—	38 —	—		2 —
— 64. Árnabotn . . .	40 —	—	—	30 —	—		10 —
— 67. Selvellir . . .	30 —	—	—	20 —	—		10 —
— 78. Hrísar	100 —	—	—	90½ —	—		9½ —
— 87. Ós	80 —	—	—	60 —	—		20 —
— 89. Haukabrekka . .	60 —	—	—	52 —	—		8 —
				Flyt		344 pd.	720½ pd.

					Flutt	344		720½
jnbr. 91.	Klettakot . . .	40 pd.	Greitt	Clausen	30 pd.	eptir	10 pd.	
— 94.	Örlygsstaðir . .	66⅔ —	—	—	66 —	—	⅔ —	
— 95.	Kársstaðir . . .	60 —	—	—	13 —	—	47 —	
— 96.	Hallbjarnareyri . .	200 —	—	—	124 —	—	76 —	
— 4.	Gerðuberg . . .	50 —	Greitt	Richter	47 —	—	3 —	
— 9.	Söðulsholt	60 —	—	—	37½ —	—	22½ —	
— 72.	Grísháll	60 —	—	—	42 —	—	18 —	

Lausakúgildi undir umsjón Ásm. Sveinssonar voru 8⅔, leigur af þeim 173⅓ pd., greitt eptir reikn. 120 pd. . . . . 53⅓pd. 574½ pd.

Koma út hinar rjettu eptirstöðvar . . . . . 1295 pd.

Eins og áður er sagt, var ófáanlegt talið . . . . . 327½ pd.

en von um . . . . . 122 — 449½ —

ófullnægjandi skýring var um 265 + 6 = ... 271 pd.

engin eða skökk skýring var um 70 + 282½ + 94 + 20 + 81 = 547½ —

á listann vantaði 20 + 6 + ⅓ + ⅔ = ... 27 — 845½ —

Af þessu skuldar Ásm. Sveinsson fyrir lausakúgildi . . . . . 53⅓ —

vantar því upplýsingar um hin eptirverandi . . . . . 792⅙ pd.

Af því, sem nú hefur verið tekið fram, má sjá, hversu ónógar skýrslur þær eru, sem fyrir liggja. Eptirrit af brjefum vorum til landshöfðingjans, dags. 18. og 21. þ. m., viðvíkjandi reikningum umboðsins, afhendum vjer forseta neðri deildar. Vjer höfum leitað nánari upplýsinga hjá fyrverandi umboðsmanni Ásm. Sveinssyni, hjá millibils-umboðsmanni S. Richter og hjá núverandi umboðsmanni Jóni Jónssyni. Eptirrit af brjefum vorum til þeirra, dags. 23. og 28. f. m. og 11. og 12. þ. m. afhendum vjer forseta neðri deildar, sem og svör Ásm. Sveinssonar, dags. 18. og 21. f. m., en þar eð S. Richter, en einkum hinn núverandi umboðsmaður, mun þurfa nokkuð langan tíma til að útvega allar þær upplýsingar, er vjer höfum beðið hann um, sjáum vjer það eigi til neins að draga lengur afgreiðslu þessa álitsskjals.

IV.

Mál þetta er þannig engan veginn orðið svo undirbúið, að sjeð verði til hlýtar, hvernig fjárhagur umboðsins stendur, hvorki hvað mikið fyrverandi umboðsmaður skuldar landssjóðnum, eða hve mikið stendur eptir hjá leiguliðunum frá hans umboðstíð, eða hvað af því kunni að vera fáanlegt eða ófáanlegt. Það verður því eigi sjeð, hversu mikið tjón landssjóður muni bíða í þessu umboði við kúgildafall, vantandi ofanálög hjá leiguliðum og ófáanlegar leigur og landsskuldir, sem og eptirgjafir á jarðarafgjöldum og eyðingu jarða.

Það dylst eigi, að ruglingurinn á umboðsreikningunum 1885 stafar meðal annars af því, að umboðsmanni Ásm. Sveinssyni var vikið frá á miðju ári 1885, án þess að nein regluleg afhendingargjörð færi fram, og hann var eigi látinn gjöra neina grein fyrir innheimtu sinni það ár á eptirstöðvum frá f. á. og jarðarafgjöldum 1885 o. s. frv., fyr en meira en ári seinna, í nóv. 1886 (þegar hann var fluttur úr umboðinu á annað landshorn), og umsögn hans um athugasemdirnar við reikn. 1885 var heldur ekki fengin nema að nokkru leyti og ekki fyr en undir síðustu árslok.

Vjer höfum lauslega litið á umboðsreikningana fyrir 1886—1888, og virðast þeir yfir höfuð allvel af hendi leystir, sjerstaklega má geta þess, að þeim fylgja greinilegir eptirstöðvalistar fyrir ár hvert, og eins fyrir undanfarin ár í tíð núverandi umboðsmanns, en viðvíkjandi innheimtunni er það óheppilegt, að skuldir hjá leiguliðum eru látnar verða ofgamlar; innheimtan á skuldunum frá 1886 hefði átt að vera komin í kring í reikningnum 1887, þó eru enn í reikningnum 1888 skuldir frá árinu 1886: landskuldir kr. 125,51, og leigur pd. 165, og er þó búið að fella úr ýmsa skuldunauta, er annaðhvort hafa strokið úr landi eða flosnað upp og farið á sveit, og virðist þetta benda á, að landssjóður kunni að hafa beðið tjón af biðinni eða drættinum, en það ætti ekki að eiga sjer stað. Líka þyrfti að komast hjá, að svo mikið sje greitt af umboðslje í jarðarofanálög, eins og gjört hefur verið hin seinni ár, og að kúgildi burtfalli svo ört, eins og þau hafa fallið síðan 1879; þá voru kúgildin á umboðsjörðunum 238½
en í afgjaldsskýrslunni 1888 . . . . . 198⅓
á þessum tíma eru þannig alls burtfallin . . . . . kúg. 40⅙[1])

Í 20. gr. athugasemdanna við reikninginn 1885 tekur hinn umboðslegi endurskoðandi það fram, að eptir því sem ástatt er í Arnarstapa- og Skógarstrandarumboði, hljóti umboðsmaðurinn til að fría sig sjálfan við ábyrgð og til að koma umboðsreikningunum í lag, að taka stöðuglega lögtaki öll þau jarðarafgjöld, landskuldir og leigur, sem í gjalddaga eru fallin, svo að engar aðrar eptirstöðvar sjeu tilgreindar í nokkrum reikningi, en þær, sem teknar hafa verið lögtaki og ekki fengizt. Þessar eptirstöðvar geti umboðsmaður svo fært til endilegs útgjalds, og sje þá laus við alla ábyrgð. Hin gagnstæða aðferð, sem sje, að láta skuldina bíða og bíða, hafi í för með sjer hina mestu óreglu og tjón, bæði fyrir landssjóð og aðra.

Í svari sínu lætur umboðsmaður Jón Jónsson í ljósi, að í umboði því, er hjer ræðir um, álíti hann það miður heppilega aðferð, að taka lögtaki hjá hverjum leiguliða jarðarafgjöldin strax og þau eru komin í gjalddaga; því að svo að kalla geti enginn borgað í gjalddaga; þar sem lögtak hafi verið reynt, hafi árangurinn af því optast orðið mjög lítill, auk þess sem slík aðferð mundi verða mjög óvinsæl. Í tillögu sinni um þessa athugagrein virðist endurskoðandi að hafa fallið frá tjeðri uppástungu. En síðan er að eins úrskurðað, að greinin „sje til athugunar".

Að vísu teljum vjer það of strangt, eptir því sem ástatt er í umboðinu, að beita lögtaki við jarðarafgjöldin hjá hverjum leiguliða *strax* og þau eru komin í gjalddaga, en hins vegar ætti það aldrei að dragast heilt ár, eða fram yfir þann tíma, sem skuldunum fylgir lögtaksrjettur. Í einstökum tilfellum, þegar auðsjáanlegt er, að lögtak yrði árangurslaust og ekki nema til kostnaðar, kann að mega

---

1) 1881 og 1882 voru fallin 14½ kúg. og seld 2 kúg. . . . . 16½ kúg.
Að sögn Ásm. Sveinssonar voru 1885 enn fremur fallin 4 og selt 1 5 —
og eptir afgjaldsskýrslum umboðsmanns Jóns Jónssonar eru
burt fallin 1886 . . . . . 9½ —
1887 7⅔ kúg. og 1888 1½ . . . . . 9⅙ —
Samtals 40⅙ kúg.

sleppa því, með því skilyrði, að umboðsmaður fái vottorð hreppstjóra um, að svo sje ástatt, en í þeim sjerstöku tilfellum er slíkur leiguliði óhafandi á jörðinni. Þegar svo er, verður að telja betra autt rúm en illa skipað. Það er eins gott, að jörðin fari í eyði, eins og svo ónýtur leiguliði níði niður jörðina, drepi ef til vill kúgildin, o. s. frv.[1] Enda hafa fjelausir menn ekki nema illt af því, að gjöld þeirra safnist saman. Þeir geta þá eigi risið undir skuldabyrðinni. Ef umboðsmanni þykir betra í einstökum tilfellum, að umlíða einhvern lengur, verður hann sjálfur, sem bezt á að þekkja hvern einstakan leiguliða, að bera ábyrgð á slíku.

Þótt lögtak hafi optast orðið árangurslítið, kann það stundum að hafa komið af því, að lögtakið hafi verið dregið of lengi. Og þótt lögtök kunni að verða óvinsæl, þá myndi slíkt smámsaman lagast og nýr hugsunarháttur myndast með nýrri venju.

Vjer leyfum oss því að gjöra þessar tillögur:

1. Að ef nokkur maður skuldar nokkuð í haust af leigum eða landskuldum eptir jarðir í Arnarstapa-, Skógarstrandar- og Hallbjarnareyrar umboði frá 1882—1885, sem eigi eru fullnægjandi skilríki fyrir, að ófáanlegt sje, þá skuli tafarlaust kyrsetja svo mikið af eigum hans, er nemi skuldinni og áfallandi kostnaði, og framfylgja svo málinu með kæru til sáttanefndar, og, gangi eigi saman, með lögsókn.
2. Að undir sömu skilyrðum skuli fara eins að, að því er snertir eptirstöðvar frá 1886 og 1887 og landskuldir 1888, og eins leigur frá sama ári, ef þær eigi verða teknar lögtaki í tæka tíð.
3. Að þeirri reglu verði fylgt eptirleiðis, að beita lögtaksrjettinum við jarðarafgjöld, að undanteknum þeim sjerstöku tilfellum, að bæði umboðsmaður og hreppstjóri sje fullvissir um, að lögtak yrði árangurslaust, og að rökstutt vottorð þeirra um það verði innsent, en annars skuli umboðsmaður hafa ábyrgð á því, ef lögtak er dregið svo lengi, að skuldin missi lögtaksrjett.
4. Flosni einhver upp af umboðsjörð, eða það að öðru leyti sje hætt við, að einhver standi ekki í skilum, að því er snertir jarðarkúgildi eða ofanálag á jörðina, skal umboðsmaður bregða við og beita sömu reglu til þess að ná því, sem unnt er, í skuldir leiguliðans til umboðsins.
5. Að það sje brýnt fyrir umboðsmanni, að hann skuli leitast við, að fá duglega ábúendur á jarðir þær, sem lausar eru eða lausar verða, og leyfum vjer oss í því tilliti að leggja það til, að ályktun alþingis 1887, sem tilgreind er í upphafi þessa álitsskjals undir 2. tölul., og sem bæði landshöfðingi og ráðgjafi Íslands hafa fallizt á, verði ítrekuð.

Reykjavík, 28. júní 1889.

Páll Briem.

---

1) Í Arnarstapaumboði er ein eyðijörð, sem þarf að gefa sjerstakan gaum, $^1/_2$ Berserkseyri nr. 63. Í skýrslu Ásm. Sveinssonar frá 1884 um ábúð og ástand umboðsjarðanna segir svo: Þessi jörð hefur nú verið í eyði 8 ár, og lítur eigi út fyrir, að hún muni byggjast framar, allra sízt meðan eigandi hinnar hálflendunnar býr hjer. Engin hús fylgja, bæði kúgildin fallin. Um þessa jörð er nauðsyn á, að semja við sameigandann, eða þá gjöra aðra sjerstaka ráðstöfun.

Ed. **28. Frumvarp**

til laga um breytingu á lögum um kosningar til alþingis 14. sept. 1877. — Flutningsmaður: Jón A. Hjaltalín.

1. gr. *Í hverjum hreppi skal setja kjörstjórn. Hreppstjórinn skal vera oddviti hennar; með honum skulu vera í kjörstjórninni 2 menn, annar sá, er hreppsnefndin kveður til þess úr sínum flokki, og hinn kjósi hreppsbúar, sem atkvæði hafa í sveitarmálum, á hreppaskilum til 6 ára.* Í Reykjavík, á Akureyri og á Ísafirði skal oddviti bæjarstjórnarinnar vera oddviti kjörstjórnar; með honum skulu vera í henni 2 menn, annar sá, er bæjarstjórnin kveður til þess úr sínum flokki, og hinn kjósi bæjarbúar, sem atkvæði hafa í bæjarmálum til 6 ára.

2. gr. Oddviti kjörstjórnarinnar stendur fyrir öllum undirbúningi undir sjálfa kosninguna, og sjer um, að kjörskráin sje við á kjörþinginu.

3. gr. Kjörstjórnin heldur kjörbók, þar sem bókað skal, að kjörskráin hafi verið fram lögð, og þau brjef, sem til hennar eru komin. Í kjörbókina skal rita það helzta, sem fram fer á kjörþinginu, en þar með skal þó eigi telja ræður þær, sem haldnar verða. Kjörstjórnin skal rita nöfn sín undir kjörbókina og atkvæðaskrárnar, og skal í Reykjavík bæjarstjórnin geyma hana, en annarstaðar hreppstjórarnir.

Deginum eptir kosninguna skal oddviti kjörstjórnarinnar senda oddvita yfirkjörstjórnarinnar staðfest eptirrit af því, sem ritað er í kjörbókina um kosningu þá, sem fram hefur farið, ásamt kjörskránum, og sje hvorttveggja innsiglað.

4. gr. *Fyrir hvert kjördæmi, nema Reykjavík, skal setja yfirkjörstjórn. Skal sýslumaður vera oddviti yfirkjörstjórnarinnar, og eru í henni að auki 1 af sýslunefndarmönnum og 1 af kjósendum, sem sýslunefndin kýs.*

Yfirkjörstjórnin heldur bók, þar sem bókað skal það, sem gjörist á fundum hennar.

Eigi síðar en 10 dögum eptir kosninguna skal oddviti yfirkjörstjórnarinnar senda landshöfðingja staðfest eptirrit af fundarbók kjörstjórnarinnar, ásamt með atkvæðaskránum og afskriptum af kjörfundarbókum hreppanna.

Oddviti bæjarstjórnarinnar í Reykjavík skal senda landshöfðingja í síðasta lagi 10 dögum eptir kosninguna eptirrit af því, sem ritað hefur verið í kjörbókina um kosningu þá, sem fram hefur farið, ásamt atkvæðaskránum.

Landshöfðingi fær síðan alþingi eptirrit þessi ásamt þeim skýrslum, er honum hefur þótt ástæða til að útvega

Þingmannaefni.

5. gr *Enginn getur orðið fyrir kosningu, þegar kjósa á alþingismenn, nema hann hafi skriflega boðið sig fram til kosningar, og hafi auk þess fengið skrifleg meðmæli að minnsta kosti tveggja kjósenda úr meiri hluta hreppa þeirra og bæjarfjelaga, sem í kjördæminu eru. Framboðið og meðmælingarnar skal hann senda til oddvita yfirkjörstjórnarinnar 3 vikum áður en kosning á fram að fara.* Þessu framboði skal og fylgja yfirlýsing þess, að hann hafi eigi boðið sig fram til kosninga í nokkru kjördæmi, sem eigi hafi þá þegar hafnað framboði hans. *Framboðið, yfirlýsingin og meðmælin skulu vera í eins mörgu lagi og hreppar og bæjarfjelög eru í kjördæminu.*

6. gr. Það er eigi nauðsynlegt, að kjörgengi þingmannaefna sje sannað fyrir kjörstjórninni. Komi fram við kosninguna mótmæli gegn kjörgengi þeirra, má kjörstjórnin eigi banna umræður um það, nje heldur fyrir þá sök skorast undan að taka á móti atkvæðum til kosningar þeirra. Alþingi fellir úrskurð um kjörgengi þeirra, sem kosnir eru.

7. gr. Verði það uppvíst, að eitthvert þingmannsefni hafi gefið kost á sjer í fleiru en einu kjördæmi, er sú kosning eða þær kosningar ógildar, sem hann kann að verða fyrir, nema því að eins, að skilyrði því, sem sett er í 6. gr., sje fullnægt. *Ógild er og kosningin, ef það sannast, að þingmannsefnið sjálft, eða aðrir fyrir hans hönd, hafi heitið*

einhverjum kjósanda fje eða nokkru því, er til fjár getur metizt, til þess að fá atkvæði, eða hafi þeir beitt nokkurs konar hótunum í því skyni, sömuleiðis hafi þeir veitt kjósendum mat eða drykk kosningardaginn. Með ólögmætum loforðum eru eigi talin loforð um að bera bænarskrár manna fram á alþingi.

Kosningar.

8. gr. Hinar almennu kosningar á þjóðkjörnum alþingismönnum eiga vanalega fram að fara 6. hvert ár.

Þegar slíkar kosningar eiga fram að fara, annaðhvort fyrir þá sök, að kjörtíminn er á enda, eða vegna þess að alþingi er rofið, verður gefið út um það opið brjef, þar sem konungur skipar fyrir, að kosningar skuli fram fara.

Kosningarnar skulu venjulega haldnar í septembermánuði árið áður en alþingi skal koma saman.

9. gr. Kjörtíminn fyrir allar kosningar skal talinn frá 1. sept., ef ákveðið er samkvæmt greininni á undan, að kosningar skuli fram fara í þeim mánuði; en ef það kynni að verða ákveðið, að kosningarnar skuli fram fara á öðrum tíma árs, skal nákvæmar sagt fyrir um það í fyrnefndu opnu brjefi, frá hvaða degi kjörtíminn skuli talinn.

10. gr. Ef kjósa þarf einstakan þjóðkjörinn alþingismann, gildir hin nýja kosning fyrir svo langan tíma, sem sá átti eptir, er frá fór. Þegar einstakar kosningar skulu fram fara, gjörir landshöfðinginn fyrirskipun um það.

11. gr. *Kosningar fara fram á þingstað hvers hrepps eða bæjarfjelags í kjördæmi hverju, og má hver koma þar, er vill.*

12. gr. *Eigi síðar en 4 vikum áður en kosning á að fara fram, skal oddviti yfirkjörstjórnarinnar senda hverjum kjörstjórnaroddvita í kjördæminu tilkynningu um það, hvern dag kjörþing skuli haldið í hans hreppi. Kjörþing skulu haldin sama dag í öllum hreppum og bæjarfjelögum kjördæmisins, og skulu þau standa frá hádegi til miðaptans.*

Framboð og meðmælingar þingmannaefna skal oddviti yfirkjörstjórnarinnar senda hverjum kjörstjórnaroddvita í kjördæminu eigi síðar en viku á undan kjörþingisdeginum.

13. gr. Kjörstjórnaroddvitinn skal setja kjörþingið á hádegi. Er hann hefir lesið upp hið konunglega opna brjef, eða þann úrskurð landshöfðingja, er fyrirskipar kosninguna, leiðir hann athygli kjósendanna að því, hver tilgangurinn sé með kosninguna, og hve mikilsvarðandi hún sje. *Síðan les hann upp nöfn og framboð þingmannaefna þeirra, er hafa boðið sig fram, svo og meðmælingar þeirra.*

Kjósendur kjördæmisins hafa rjett til, að mæla með og móti þingmannaefnunum. Oddviti skal stýra þeim umræðum, sem um þetta efni verða. Hann skal og sjá um, að kjörþingið og öll kosningin fari fram í góðri reglu.

Oddviti skal slíta umræðunum 2 stundum fyrir miðaptan, ef þeim er þá ekki lokið; síðan skal skora á kjósendur, að ganga til kosningar með því að gefa atkvæði sitt einum, eða í þeim kjördæmum, þar sem kjósa skal 2 alþingismenn, tveimur af þeim þingmannaefnum, sem boðnir hafa verið fram til kosningar. Þótt eigi sjeu fleiri þingmannaefni en kjósa skal í kjördæminu, skal atkvæðagreiðsla samt fram fara.

14. gr. Oddviti kjörstjórnarinnar á eigi þátt í því, að taka við atkvæðum. Einn af hinum, sem í kjörstjórninni eru, ritar, eptir að hann hefur kannazt við kjósendurna, nafn þess, eða í þeim kjördæmum, þar sem kjósa skal 2 alþingismenn, nöfn þeirra tveggja þingmannaefna, sem kjósandi greiðir atkvæði sitt, við hliðina á hans eigin nafni í sjálfri kjörskránni. Annar úr kjörstjórninni ritar á sjerstaka atkvæðaskrá nafn kjósanda við hliðina á nafni þess eða þeirra þingmannaefna, sem hann hefir gefið atkvæði sitt. Áður en kjósandinn gengur frá, skal lesa upp fyrir honum bæði hans eigið nafn og þess eða þeirra nöfn, sem hann hefur kosið, til tryggingar því, að rjett sje ritað á báðar skrárnar, og að því beri hverju saman við annað.

Á miðaptni skal kjörstjórnin hætta að taka á móti atkvæðum til kosningarinnar, og

þá skulu kjörstjórar færa inn atkvæði sjálfra sín (ef þeir hafa atkvæðisrjett), og er þá atkvæðagreiðslu lokið.

Oddvitar kjörstjórnanna í Reykjavík, á Akureyri og á Ísafirði skulu eigi á kjörþinginu gefa nokkru þingmannsefni atkvæði sitt.

15. gr. Í kjörbókinni skal bóka það, sem fram hefur farið á kjörfundinum, og skal kjörstjórnin skrifa nöfn sín undir hana, *svo og undir atkvæðaskrárnar. Síðan tekur kjörstjórnin afskript af því, sem bókað hefur verið í kjörbókinni, og staðfestir það með undirskript sinni. Þá innsiglar kjörstjórnin afskriptina, atkvæðaskárnar og framboð þingmannaefna og meðmæli í einu lagi; og skal oddviti kjörstjórnarinnar senda mann með það til oddvita yfirkjörstjórnarinnar eigi síðar en næsta dag eptir kjörþingið.*

16. gr. *Eigi síðar en 8 dögum eptir hinar almennu kosningar skal oddviti yfirkjörstjórnarinnar kalla á fund með sjer hina 2 meðlimi yfirkjörstjórnarinnar; skal hann í viðurvist þeirra brjóta innsigli atkvæðaskráa þeirra, er sendar hafa verið frá hreppunum og bæjarfjelögunum. Skulu þá yfirkjörstjórarnir í sameiningu telja saman atkvæðin á atkvæðaskránum. Það þingmannsefni, eða þau þingmannaefni, þar sem kjósa skal 2 alþingismenn, er flest atkvæði hafa fengið, eru þá rjettkjörnir alþingismenn fyrir kjördæmið. Nú hafa 2 eða fleiri þingmannaefni jöfn atkvæði, og skal þá oddviti yfirkjörstjórnarinnar gefa öðrum þeirra eða einum þeirra atkvæði sitt, og er hann þá rjettkjörinn alþingismaður fyrir kjördæmið.*

Í Reykjavík skal kjörstjórnin hafa hin sömu afskipti af kosningunum og kjörstjórnir og yfirkjörstjórnir annarstaðar á landinu.

Heimilt er þingmannaefnum eða umboðsmönnum þeirra, ef þeir hafa skriflegt umboð, að vera við upptalningu atkvæðanna.

17. gr. Yfirkjörstjórnin fær hverjum þjóðkjörnum alþingismanni kosningarbrjef; skal það samið samkvæmt fyrirmynd, sem stjórnarráðið fyrir Ísland segir fyrir um. Skal oddviti yfirkjörstjórnarinnar senda þingmanninum það brjef, svo fljótt sem kostur er á.

Almennar ákvarðanir.

18. gr. Alþingismenn fá í endurgjald 6 krónur um hvern dag, bæði fyrir þann tíma, sem þeir þurfa til ferðarinnar til alþingis og frá því, og fyrir þann tíma, sem þeir eru á alþingi. Sömuleiðis fá þeir endurgoldinn ferðakostnað eptir reikningi, sem nefnd kosin af hinu sameinaða alþingi úrskurðar, og forseti í hlutaðeigandi þingdeild ávísar. Þessi útgjöld greiðast úr landssjóðnum.

19. gr. Yfirkjörstjórar mega reikna sjer fæðispeninga og endurgjald fyrir ferðakostnað, samkvæmt tilskipun um sveitastjórn á Íslandi 4. maí 1872, 23. gr., þannig, að útgjöldin greiðist úr sýslusjóðnum. *Annar kostnaður við kosningarnar, svo sem fyrir kjörbókum, sendiferðum milli yfirkjörstjórnarinnar og kjörstjórnanna, auglýsingum o. fl., skal greiddur úr sýslusjóði.* Í Reykjavík skal greiða gjöld þau, sem síðast voru nefnd, úr sjóði bæjarins.

20. gr. Vanræki nokkur störf þau, sem honum eru á hendur falin með lögum þessum, skal hann sæta 10—200 kr. sektum, ef þyngri hegning eigi liggur við samkvæmt lögum.

21. gr. *Með lögum þessum eru úr gildi felldar 19. grein til 40. greinar í lögum um kosningar til alþingis 14. sept. 1877.*

Nd. **29. Frumvarp**

til laga um löggilding verzlunarstaðar að Múlahöfn við Hjeraðsflóa—Flutningsmenn Þorvarður Kjerulf og Jón Jónsson.

Að Múlahöfn við Hjeraðsflóa skal vera löggiltur verzlunarstaður.

Nd. **30. Frumvarp**

til laga um tekjur og umsjón kirkna. — Flutningsmaður: Þórarinn Böðvarsson.

1. gr. Kirkjutíund af fasteign og lausafje, ljóstollur, kirkjugjald af húsum, sætisfiskar og hið svo nefnda gjald lausamanna skal vera afnumið.

2. gr. Hið almenna kirkjugjald skal vera 1½ al. á landsvísu fyrir hvern mann, sem er 15 ára að aldri og eigi hreppsómagi, og hefur lögheimili í sókninni á gjalddaga.

Nú tjáir sá, sem hefur aðsetur í sókninni á gjalddaga, sig eiga lögheimili í annari sókn, skal hann þá færa fullnægjandi sönnun fyrir því þá þegar, greiði ella gjaldið af hendi. Heimting á hann á, að fá það endurborgað, ef hann síðar sannar, að hann eigi lögheimili í annari sókn, og hafi greitt þar kirkjugjald.

3. gr. Hver einhleypur maður skal greiða af hendi kirkjugjaldið fyrir sjálfan sig. Hver húsráðandi skal greiða gjaldið fyrir sig, skyldulið sitt og heimilisfólk.

4. gr. Legkaup skal greiða 3 álnir fyrir hvert barn, sem er 2ja ára og yngra, fyrir hvern sem eldri er 6 álnir. Legkaup fyrir sveitarlimi og þá, sem eigi hafa efni til að greiða það, skal hreppsnefnd eða bæjarstjórn í því sveitarfjelagi greiða af hendi.

5. gr. Eindagi á hinu almenna kirkjugjaldi er 31. dagur desembermán, ár hvert; eindagi á legkaupi er sá dagur, þegar jarðað er.

6. gr. Rjett er að fjárhaldsmaður kirkju feli hlutaðeigandi sóknarnefnd, að heimta inn tekjur kirkju og koma þeim í peninga, gegn innheimtulaunum, 10 af hundraði.

Hin sömu innheimtulaun getur söfnuður, sem tekið hefur að sjer umsjón og fjárhald kirkju, veitt sóknarnefndinni.

7. gr. Gjöld til kirkju skal greiða í peningum eptir meðalverði allra meðalverða í verðlagsskrá, sem gildir í hverri kirkjusókn á gjalddaga. Ef gjaldanda brestur peninga, má hann greiða gjaldið í innskript hjá kaupmanni þeim, er innheimtumaður tekur gildan, eða þessum aurum: sauðfjenaði, hvítri ull, smjöri, fiski eða dún, eptir því verði, sem sett er á aura þessa í verðlagsskránni, enda sje það verð eigi hærra en gangverð á gjalddaga.

8. gr. Frá næsta nýjári eptir að lög þessi öðlast gildi og koma til framkvæmdar, skal reikningsár kirkna vera frá 1. janúar til 31. desember. Skal semja reikninga kirkna sem fyrst eptir nýjár. Skal hlutaðeigandi prestur, eða, ef hann er fjehirðir kirkjunnar, hlutaðeigandi safnaðarfulltrúi, fyrst rannsaka reikninginn og bera hann saman við hrepps- og kirkjubækur. Fyrir rannsókn þessa má greiða 2 kr. af tekjum kirkjunnar. Fyrir lok maímánaðar skulu kirkjureikningar vera komnir til hlutaðeigandi prófasts, er rannsakar þá og leggur fram á hjeraðsfundi. Nú álítur bæði hjeraðsprófastur og hjeraðsfundur reikning kirkju rjettan, er það þá fullnaðar-úrskurður, en greini prófast og hjeraðsfund á, leggur biskup á fullnaðar-úrskurð.

9. gr. Stofna skal almennan kirkjusjóð fyrir allar kirkjur á landinu. Stiptsyfirvöld Íslands hafa umsjón yfir kirkjusjóði þessum og ábyrgð á honum. Fje kirkjusjóðs skal ávaxta eptir sömu reglum og landssjóðsfje.

Heimilt er, að stofna kirkjusjóð fyrir hjerað hvert, er því verður við komið. Hlutaðeigandi hjeraðsprófastur og sá, sem til þess er kosinn á hjeraðsfundi í því hjeraði, hefur umsjón yfir og ábyrgð á þeim sjóði. Fje slíkra sjóða skal og ávaxta sem landssjóðsfje. Forgangsrjett til lána úr sjóðum þessum eiga kirkjur.

Auglýsa skal reikninga sjóða þessara í Stjórnartíð. deild B ár hvert.

10. gr. Allt það fje, sem kirkjur eiga afgangs útgjöldum, skal láta á vöxtu í hinum almenna eða sjerstökum kirkjusjóði. Heimilt er þó reikningshaldara, að halda

eptir vaxtalaust 100 kr. af tekjum kirkju. Rjett er og að kirkjur greiði vexti af fje því, sem þær hafa að láni.

11. gr. Þá er fjárhaldsmaður, er haft hefur kirkju til umsjónar og ábyrgðar og lánað henni fje, sleppir fjárhaldinu eða deyr, skal hann eða erfingjar hans eiga heimting á, að fá skuld þá borgaða með vöxtum, er afgangs er álagi, sem gjört var við afhendinguna. Vextina skal telja frá afhendingardegi. Borga skal skuldina af fje því, sem kirkjan hefur afgangs nauðsynlegum árs-útgjöldum. Og þótt enginn afgangur sje, skal $^1/_{10}$ skuldarinnar greiðast á ári.

12. gr. Kirkjuskoðunarlaun prófasta skulu vera afnumin. Í þeirra stað skal greiða hverjum hjeraðsprófasti árlega úr landssjóði 10 krónur fyrir hverja þá kirkju, sem er í prófastsdæmi hans.

13. gr. Með lögum þessum eru öll lagaákvæði um tíund til kirkju og ljóstolla og 4.–6. grein tilskipunar 27. janúar 1847, svo og öll ákvæði í lögum, sem koma í bága við lög þessi, úr gildi numin.

Nd. **31. Frumvarp**

til laga um löggilding verzlunarstaðar við Vogavík í Gullbringusýslu. — Flutningsmaður: Jón Þórarinsson.

Við Vogavík í Gullbringusýslu skal vera löggiltur verzlunarstaður.

Nd. **32. Frumvarp**

til laga um löggilding verzlunarstaðar við Hólmavík í Steingrímsfirði. — Flutningsmaður: Páll Ólafsson.

Við Hólmavík í Steingrímsfirði skal vera löggiltur verzlunarstaður.

Nd. **33. Frumvarp**

til laga um löggilding verzlunarstaðar að Svalbarðseyri við Eyjafjörð. — Flutningsmaður: Jón Jónsson, þingmaður Norður-Þingeyinga.

Að Svalbarðseyri við Eyjafjörð skal vera löggiltur verzlunarstaður.

Nd. **34. Frumvarp.**

til laga um útflutningsgjald af ull og tólg. — Flutningsmenn: Þórarinn Böðvarsson og Jón Þórarinsson.

1. gr. Af vörum þessum skal greiða útflutningsgjald til landssjóðs:

1. Af hverju pundi ullar 2 aura.
2. Af hverju tólgarpundi 2 aura.
3. Af hverju pundi af hreinsuðum æðardún 50 aura.

2. gr. Gjaldið skal greiða til sýslumanns eða bæjarfógeta í því lögsagnarumdæmi, sem skipið fer frá, áður en það er afgreitt frá þeirri höfn, er það leggur af stað frá, hvort heldur til annara staða á landinu eða beina leið til útlanda, og skal greiða það í peningum eða ávísunum til landsbankans eða á verzlunarhús í Kaupmannahöfn, er gjaldheimtumaður tekur gilt.

3. gr. Sjerhver sá, er sendir fyrnefndar vörur með skipi frá landinu, er skyld-

ur til, að fá hlutaðeigandi sýslumanni eða bæjarfógeta í hendur staðfest endurrit af, farmskrám þeim, eða öðrum hleðsluskjölum, er skipinu fylgja. Þar að auki er skipstjóri á hverju skipi, sem flytur út ull eða tólg, skyldur að láta í tje skriflega, upp á æru og samvizku, þær skýringar um farm skipsins, sem með þarf til að reikna út gjaldið.

Gjaldið skal talið eptir skýrslum þessum.

4. gr. Hafi lögreglustjóri grun um, að skýrsla til útflutningsgjalds sje röng, skal hann rannsaka farm skipsins, áður en það er afgreitt, eða leitast við, að útvega þær skýringar, sem með þarf, með því að halda próf yfir skipshöfninni eða öðrum, sem kynnu að geta gefið skýringar um þetta.

Kostnaðinn, sem af þessu flýtur, skal útflutningsmaður eða skipstjóri borga, ef það sannast, að skýrslur þeirra hafi verið rangar, en ella hið opinbera.

5. gr. Brot gegn lögum þessum varða sektum frá 50—500 kr., nema þyngri hegning liggi við eptir gildandi lögum; þar að auki skal sá útflutningsmaður eða skipstjóri, sem verður uppvís að því, að hafa sagt rangt til, greiða þrefalt útflutningsgjald af öllum þeim gjaldskyldu vörum, sem hann hafði undan dregið.

Sektirnar renni í landssjóð.

6. gr. Skip og farmur eru að veði fyrir útflutningsgjaldinu.

7. gr. Með mál, sem rísa af brotum gegn lögum þessum, skal fara sem opinber lögreglumál.

8. gr. Fyrir innheimtu útflutningsgjalds skal gjöra árlegan reikning eptir þeim reglum, sem landshöfðingi setur.

Af útflutningsgjaldinu samtöldu fær hlutaðeigandi gjaldheimtumaður 2 af hundraði.

Nd. **35. Frumvarp**

til laga um útflutningsgjald af hrossum og sauðfje. — Flutningsmenn: Þórarinn Böðvarsson og Jón Þórarinsson.

1. gr. Af hverju hrossi, sem flutt er til útlanda, skal greiða 2 kr. gjald til landssjóðs, og 50 aura af hverri útfluttri sauðkind.

2. gr. Gjaldið skal greiða til sýslumanns eða bæjarfógeta, í því lögsagnarumdæmi, sem skipið fer frá, áður en það er afgreitt frá þeirri höfn, er það leggur af stað frá, hvort heldur til annara staða á landinu eða beina leið til útlanda, og skal greiða það í peningum, eða ávísunum til landsbankans, eða á verzlunarhús í Kaupmannahöfn, er gjaldheimtumaður tekur gilt.

3. gr. Hver sem flytur eða lætur flytja hross eða sauðfje með skipi frá landinu, er skyldur til, að fá hlutaðeigandi sýslumanni eða bæjarfógeta í hendur staðfest endurrit af farmskrám þeim, eða öðrum hleðsluskjölum, er skipinu fylgja.

Þar að auki er skipstjóri á hverju skipi, sem flytur út hross eða sauðfje, skyldur að láta í tje skriflega upp á æru og samvizku, þær skýringar um farm skipsins, sem með þarf til að ákveða gjaldið.

Gjaldið skal talið eptir skýrslum þessum.

4. gr. Hafi lögreglustjóri grun um, að skýrsla útflytjanda eða skipstjóra sje röng, skal hann rannsaka farm skipsins, áður en það er afgreitt, eða leitast við að útvega þær skýringar, sem með þarf, með því að halda próf yfir skipshöfninni eða öðrum, sem kynnu að geta gefið skýringar um þetta.

Kostnaðinn, sem af þessu flýtur, skal útflytjandi eða skipstjóri borga, ef það sannast, að skýrslur þeirra hafi verið rangar, ella hið opinbera.

5. gr. Brot gegn lögum þessum varða sektum frá 50 -500 kr., nema þyngri hegning liggi við eptir gildandi lögum; þar að auki skal sá útflutningsmaður eða skipstjóri, sem verður uppvís að því, að hafa sagt rangt til, greiða þrefalt útflutningsgjald af öllum þeim gjaldskyldu vörum, er hann hafði undan dregið.

Sektirnar renni í landssjóð.

6. gr. Skip og farmur eru að veði fyrir útflutningsgjaldinu þangað til það er greitt af hendi.

7. gr. Með mál, er rísa af brotum gegn lögum þessum, skal fara sem opinber lögreglumál.

8. gr. Fyrir innheimtu útflutningsgjalds skal gjöra árlegan reikning eptir þeim reglum, sem landshöfðingi setur.

Af útflutningsgjaldinu samtöldu fær hlutaðeigandi gjaldheimtumaður 2 af hundraði.

Ed. **36. Frumvarp**

til laga um breyting á nokkrum prestaköllum í Dala og Barðastrandar prófastsdæmum.— Flutningsmaður: Jakob Guðmundsson.

1. gr.

Saurbæjarþingaprestakall skal vera Staðarhóls- og Hvolssóknir í Dalaprófastsdæmi og Garpsdalssókn í Barðastrandarprófastsdæmi. Hver hinna þriggja kirkna brauðsins skulu vera þriðjungakirkjur. Þessu brauði leggjast 300 kr. Garpsdalssóku í Barðastrandarprófastsdæmi leggist til Dalaprófastsdæmis.

2. gr.

Skarðsþingaprestakall skal vera Skarðs- og Dagverðarnessóknir. Skarðs og Dagverðarness kirkjur skulu vera helmingakirkjur. Þessu brauði leggjast 300 kr. meðan núverandi emerítprestur í brauðinu lifir.

3. gr.

Hvammsprestakall skal vera Hvamms- og Staðarfellssóknir. Hvamms og Staðarfells kirkjur skulu vera helmingakirkjur. Brauð þetta heldur kirkjujörðum þeim og prestsmötum, sem því tilheyrðu fyr meir.

4 gr.

Hjarðarholtsbrauð skal vera Hjarðarholtssókn. Brauð þetta bætist upp með 300 kr.

Athugasemdir.

Við 1. gr. Það virðast ekki vera önnur úrræði með Garpsdalsbrauðið en að sameina það til fullnustu Saurbæjarþingum, því að bújörðin, sem áður var helzti kostur brauðsins, er nú svo uppblásin og úr sjer gengin og jafnvel fleiri jarðir í sveitinni, að ekki eru líkindi til, að þangað fáist sjerstakur prestur, nema að brauði þessu væru lagðar 6—700 kr. úr landssjóði. Að sameina brauð þetta Stað á Reykjanesi hefur þótt með öllu ótiltækilegt sökum vegalengdar, enda kom upp mesta óánægja út úr því, þegar presturinn á Stað átti að þjóna Garpsdal hjer um árið. Þar á móti hefur brauði þessu verið þjónað nokkur ár af sama presti og Saurbæjarþingum og farið vel, og var það þó talsvert örðugra bæði fyrir prestinn og Saurbæinga, meðan presturinn sat í Garpsdal, heldur en síðan hann fluttist að Staðarhóli. Síðan presturinn fluttist í Saurbæinn, hefur jafnvel verið messað optar í Garpsdal en áður; frá næstliðnu nýjári til miðs júní voru fluttar í Garpsdal 13 messur, enda er ekki nema 3 tíma reið frá Staðarhóli að Garpsdal.

Ef Garpsdalur sameinast Saurbænum til frambúðar, virðist sjálfsagt, að Garpsdalssókn verði lögð til Dalaprófastsdæmis, svo hlutaðeigandi prestur þurfi ekki að senda skýrslur til tveggja prófasta.

Við 2. gr. Sameining Saurbæjar- og Skarðs-sóknar virðist ótiltækileg vegna þeirrar víðáttu, sem þá yrði á prestakalli þessu á landi, en sjer í lagi vegna þeirra byggðra eyja í Skarðssókn, sem þá lægju undir hið sameinaða prestakall, og sem hlytu að valda presti mikils erfiðleika, hvað vitjun sjúkra, barnaskírnir og húsvitjanir snertir, eins og það hlyti að valda eyjamönnum líttkleifra örðugleika, að vitja prests inn í Saurbæ, sem fara sjóveg í land, en eru þó hestlausir, þegar í land kemur, að vitja prestsins um langan landveg; það mun því ekki þurfa að búast við, að nokkur prestur vilji svo örðugt brauð með nokkru afgjaldi. Meðan núverandi emerít-prestur í Skarðsstrandarbrauðinu, sem mun hafa $^2/_5$ parta af tekjunum, lifir, er óumflýjanlegt að leggja því styrk, sem ekki virðist mega vera minni en 300 kr.

Við 3. og 4. gr. Hin ákveðna sameining Hjarðarholts- og Hvamms-sóknar þykir vera miklum örðugleikum bundin, þar sem frá Hjarðarholti fram í Laxárdalsbotn er um hálfa þingmannaleið, og talsvert langur vegur frá Hjarðarholti að syðsta bæ í Hjarðarholtssókn suður undir Haukadalsá, en að vestasta bæ í Hvammssókn mun vera frá Hjarðarholti yfir 4 mílur; þess utan er Laxárdalur framan til og öll Hvammssveit mjög snjósæl á vetrardag; milli Hjarðarholts og Hvamms eru 4 ár, opt illar yfirferðar. Enn fremur mundi enginn prestur sækja um þetta sameinaða brauð með 700 kr. frálagi, því flestir, sem til þekkja, mundu heldur vilja Hjarðarholt út af fyrir sig með, þó ekki væri nema 200 til 300 kr. tillagi, heldur en hið sameinaða brauð með, þó ekki væri nema 200 til 300 kr. frálagi.

Nd. **37. Frumvarp**

til laga um breyting á 42. gr. tilskipunar um sveitastjórn á Íslandi 4. maí 1872. — Flutningsmenn: Sigurður Stefánsson og Gunnar Halldórsson.

1. gr. Án samþykkis sýslunefndar má ekkert gjald greiða úr sýslusjóði nema lögákveðið sje; en heimilt er sýslunefnd án samþykkis amtsráðs að greiða úr sýslusjóði þótt ekki sjeu lögákveðin gjöld, ef þau ekki koma í bága við ákvæði laganna um álögurjett sýslunefndar á sýslufjelagið.

2. gr. Hjer með er úr gildi numin síðari málsgrein 42. gr. í tilskipun um sveitastjórn á Íslandi 4. maí 1872.

Nd. **38. Frumvarp**

til laga um þjóðjarðasölu. — Flutningsmaður: Ólafur Briem.

1. gr. Hver sá, er hefur þjóðjörð til ábúðar, skal hafa rjett til að fá jörðina keypta, enda sje hún eigi ætluð til embættisbústaðar, skólaseturs eða annara almenningsnota.

2. gr. Kaupverð jarðarinnar skal ákveða eptir sanngjörnum leigumála, er amtsráð metur, eptir tillögum sýslunefndar, þannig að verðið samsvari 25-földu eptirgjaldi hennar, landskuld og leigum. Til hliðsjónar við mat leigumálans skal hafa skýrslur um afgjald og allt ásigkomulag jarðarinnar, sem umboðsmaður er skyldur að láta í tje.

3. gr. Af andvirði jarðarinnar skal kaupandi borga $^1/_{10}$ hluta um leið og kaupin eru fullgjörð, en eptirstöðvarnar á þann hátt, að hann gefi út skuldabrjef fyrir þeim með fyrsta veðrjetti í jörðinni, og skal hann gjalda árlega í vexti og afborgun

lánsins 6% af hinni upphaflegu upphæð þess, þannig að allri skuldinni sje lokið á 28 árum.

4. gr. Ef þjóðjörð er í eyði, skal hverjum þeim, er falar jörðina til kaups, veittur kauprjettur með sömu skilmálum sem ábúanda.

5. gr. Þjóðjörð má að eins selja í heilu lagi, nema hún sje setin af fleiri ábúendum en einum, enda sje þá enginn hlutinn minni en svo, að eptirgjaldið nemi 50 kr. Nú er þjóðjörð byggð í smærri hlutum, og má selja hana einhverjum af ábúendunum alla.

6. gr. Þá er leiguliði á þjóðeign óskar að fá keypta ábúðarjörð sína, sendir hann sýslumanni brjeflega beiðni um það. Sýslumaður útvegar skýrslur hjá umboðsmanni; ber því næst málið upp fyrir sýslunefndinni á fyrsta fundi hennar, og sendir það síðan með öllum fylgiskjölum til amtsráðsins.

7. gr. Landshöfðingi gjörir þær ráðstafanir, sem með þarf, um sölu þjóðjarða, til tekur kaupverð þeirra og gefur út afsalsbrjef fyrir þeim.

8. gr. Fje það, er greiðist upp í andvirði þjóðjarða, skal leggja í sjerstakan sjóð. Reglur um meðferð sjóðsins skal setja með lögum.

Nd. **39. Frumvarp**

til laga um tollgreiðslu. — Flutningsmaður: Ólafur Briem.

1. gr. Þá er tollskyldar vörur flytjast til fastaverzlunar, getur kaupmaður sá, er tolli á að svara, komizt hjá að greiða meira en helming af hinum ákveðna tolli þá þegar, með því að fá lögreglustjóra í hendur öll umráð yfir vörum þeim, sem frestað er að greiða toll af. Vörur þessar eru veð fyrir eptirstöðvum tollsins, og skal lögreglustjóri innsigla þær, en kaupmaður geymir þær og hefur í sinni ábyrgð, og má hann hvorki taka þær til afnota eða útsölu, nje farga þeim á annan hátt.

2. gr. Nú vill kaupmaður fá umráð yfir hinum innsigluðu vörum, og getur hann þá krafizt, að lögreglustjóri afhendi sjer þær til fullra umráða, en jafnframt er hann skyldur til að greiða að fullu eptirstöðvar tollsins. Ef lögreglustjóri þarf að takast ferð á hendur til að afhenda hinar innsigluðu vörur, skal kaupmaður greiða honum ferðakostnað eptir reikningi.

3. gr. Aldrei má líða meira en 3 mánuðir frá því að vörur eru innsiglaðar, þangað til tollinum af þeim er að fullu lokið.

4. gr. Ef kaupmaður verður uppvís að því, að hafa tekið eitthvað af hinum innsigluðu vörum án leyfis lögreglustjóra, skal hann gjalda þar af þrefaldan toll, og auk þess sæta allt að 100 kr. sekt, er renni í landssjóð. Svo skal hann og hafa fyrirgjört rjetti sínum til frests á tollgreiðslu framvegis.

5. gr. Lögreglustjóri heldur bók yfir allar aðfluttar vörur, þær er tollskyldar eru, og skal rita þar í nákvæma skýrslu um greiðslu tollsins af hendi þeirra, er honum eiga að svara, svo og um vörur, sem teknar eru undir toll-innsigli og aptur leystar undan því. Bók þá löggildir amtmaður.

Ed. **40. Breytingar- og viðaukatillögur**

við frumvarp til laga um viðauka við lög 9. janúar 1880 um breyting á tilsk. um sveitastjórn á Íslandi 4. maí 1872. — Frá Skúla Þorvarðarsyni og Arnljóti Ólafssyni.

1. Fyrir orðin «skemmri tíma en 4 mánuði» komi: skemmri tíma en 3 mánuði.

2. Eptir orðin: «Sömuleiðis má leggja gjald á» bætist inn í: afnot af jörðu eða jarðarhluta og á.

3. Aptan við frumvarpið bætist: Lög þessi ná eigi til ákvæða 2. greinar í lögum 19. júní 1888 um bátfiski á fjörðum.

Ed. **41. Frumvarp**

til laga um friðun æðarfugla. — Flutningsmaður: Jakob Guðmundsson.

1. gr. Enginn má veiða eða drepa æðarfugl nokkurstaðar á Íslandi með skotum, netum eða nokkrum öðrum hætti, á sjó eða landi, á sinni jörð eða annara.

Brjóti nokkur af ásettu ráði hjer á móti, skal hann gjalda í sekt 25 krónur fyrir hvern æðarfugl, sem hann drepur. Fær uppljóstarmaður $^4/_5$ hluti sektafjárins en $^1/_5$ hluti rennur í fátækrasjóð þess hrepps eða kaupstaðar, þar sem brotið er framið. Ákveða má og að net og önnur veiðitól, er hinn seki hefur haft við veiðina, skuli upptæk gjörð og andvirði þeirra renna í fátækrasjóð ásamt $^1/_5$ hluta sektanna. Þar að auki skal hinn seki greiða skaðabætur, eptir því sem óvilhallir menn meta, ef fuglinn er drepinn eða veiddur nær friðhelgu æðarvarplandi en 400 faðma tólfræð.

2. gr. Enginn má kaupa nje selja, hirða eða hagnýta nokkurstaðar á Íslandi dauða æðarfugla eða hluti af þeim. Brjóti nokkur hjer á móti, skal hann gjalda 10 til 100 króna sekt og fær uppljóstarmaður $^4/_5$ en fátækrasjóður $^1/_5$ hluta sektafjárins eins og ákveðið er í 1. gr.

3 gr. Mál þau, er rísa útaf brotum gegn lögum þessum, skal farið með sem opinber lögreglumál.

4. gr. Með lögum þessum er numin úr lögum 11. 13. og 18. gr. í lögum um veiði á Íslandi 20. júní 1849 og 19. gr. nefndra laga, að því leyti, sem hún eigi samrýmist 3. gr. þessara laga.

Nd. **42. Breytingartillögur**

við frumvarp til laga um að bannaðar sjeu fiskiveiðar með botnvörpum. — Frá Sigurði Stefánssyni og Jóni Jónssyni þingm. Norður-Þingeyinga.

1. Við 1. gr. orðin: «þ. e. — veiðarfæri» falli burtu.
2. Fyrirsögn frumvarpsins orðist þannig:

Frumvarp
til laga um bann gegn botnvörpuveiðum.

Nd. **43. Frumvarp**

til laga um rjettindi kaupmanna búsettra á Íslandi. — Flutningsmenn: Grímur Thomsen, Ólafur Briem og Þorlákur Guðmundsson.

1. gr. Heimilt er kaupmönnum þeim, sem búsettir eru á Íslandi, og verzla þar fyrir reikning sjálfra sín, að selja allan varning smásölu.

Öðrum kaupmönnum, sem verzlun reka á Íslandi, annaðhvort sjálfir eða með verzlunarstjórum, skal að eins heimilt að selja:

a, þungavöru alla, (svo sem korn, kol, salt, tjöru, járn og þvíumlíkt) í þúsundum punda;

b, kaffi, kaffirót sykur, síróp, tóbak, hverju nafni, sem nefnist, í hundruðum punda, timbur og járnsmíði (Isenkram) í tylftum;

c, ljerept, klæði, dúka og vefnað allan, í hundruðum álna;
d, smávarning allan, í tylftum, þá talið er, í fimm tugum punda, þá vegið er, og í tylftum potta, þá mælt er.

2. gr. Brot gegn 1. gr. varða sektum, er nema söluverði hins selda. Rennur helmingur sekta í landssjóð, en helmingur ber uppljóstarmanni. Mál, er útaf þessum brotum rísa, eru opinber lögreglumál.

Ed. **44. Frumvarp**

til laga um að Dalasýsla og Bæjarhreppur í Strandasýslu verði læknisumdæmi. — Flutningsmaður: Jakob Guðmundsson.

Dalasýsla og Bæjarhreppur í Strandasýslu skal vera læknisumdæmi. Hjeraðslæknir þar fái í árslaun 1500 kr.

Ástæður.

Dalasýsla og Bæjarhreppur í Strandasýslu hafa nú um nokkur ár verið aukalæknishjerað með fyrirheiti um 1000 kr. laun. Dalamenn hafa á þessum tíma falað 4 læknisefni, en þeir hafa ekki fengizt, af því að þeim hafa þótt launin lítil, en búizt við lítilli aðsókn í svo fámennu hjeraði.

Á þessum tíma hafa þrjár konur dáið af barnsförum í Dölum, af því að ekki hefur orðið náð til læknis í tíma, en hinni fjórðu varð bjargað af lækni úr öðru læknisumdæmi, sem hægra var að ná til; auk þess hafa þar ýms slys orðið að tjóni sökum læknis-fjarlægðar.

Um stofnun þessa læknishjeraðs hafa komið eindregnar óskir almennings til þingsins bæði úr Dalasýslu og Bæjarhreppi í Strandasýslu.

Nd. **45. Frumvarp**

til laga um fátækramálefni. — Flutningsmaður: Þórarinn Böðvarsson.

I. Um stjórn fátækramálefna

1. gr. Hver hreppur og hver kaupstaður skal, að því er snertir stjórn fátækramálefna og framfærslu þurfalinga, vera fjelag út af fyrir sig.

2. gr. Í kaupstöðum hefur hlutaðeigandi bæjarstjórn á hendi stjórn fátækramálefna samkvæmt þar að lútandi lögum og samþykktum.

Í hreppi hverjum stýrir hlutaðeigandi hreppsnefnd fátækramálum, samkvæmt tilskipun 4. maí 1872. Fela skal hreppsnefnd einum nefndarmanni að vera fátækrastjóri og annast öll fátækramálefni, og má hún ákveða honum fyrir það þóknun úr hreppssjóði, allt að 300 kr. árlega. Fátækrastjóri ábyrgist gjörðir sínar fyrir nefndinni, en nefndin öll fyrir hreppsbúum.

3. gr. Hlutaðeigandi sýslumaður og sýslunefnd hefur umsjón um stjórn fátækramálefna í hreppum undir yfirstjórn hlutaðeigandi amtmanns. Ef ágreiningur verður milli sveita í sömu sýslu, fellir sýslumaður fyrsta úrskurð; skjóta má úrskurði sýslumanns til amtmanns og amtmanns-úrskurði til landshöfðingja. Ef ágreiningur er milli hreppa, sem eru sinn í hvorri sýslu eða milli hrepps og kaupstaðar, fellir amtmaður fyrsta úrskurð; skjóta má og þeim úrskurði til landshöfðingja. Ef ágreiningur er milli hreppa eða kaupstaða, sem eru sinn í hvoru amti, leggur landshöfðingi úrskurð á.

II. Um forsorgun skyldmenna.

4. gr. Foreldrar skulu forsorga og upp ala börn sín og stjúpbörn, svo og barna-

börn og aðra niðja. Börn skulu annast foreldra sína og barnabörn, afa og ömmur, svo og aðrir niðjar. Systkini skulu annast systkini, eptir mati hlutaðeigandi hreppsnefndar; áfrýja má því mati til sýslunefndar.

Eigi skal þurfalingur til sveitar koma, nema skyldmenni þau, sem skyld eru til, geti eigi forsorgað hann; um börn hjóna, er skilja, fer sem semur við skilnaðinn, en þau annast foreldra sína, eins og óskilin væru.

III. Um það, hverjum skuli veita sveitarstyrk, og hvar þá skuli forsorga.

5. gr. Sveitarstyrk skal veita þeim einum, sem eigi geta af sjálfs rammleik aflað sjer löglega nauðsynlegs viðurværis, og sem því, ef þeim er eigi veittur styrkur, verða að líða skort á fæði, fötum, húsnæði, aðhjúkrun eða öðru því, er nauðsynlegt er til að viðhalda lífi og heilsu. Sá, er lifir í ómennsku, eyðslusemi, ofdrykkju eða aðrir lestir eru orsök fátæktarinnar, og eigi hefur tekið aðvörunum fátækrastjórnarinnar, skal hafa fyrirgjört rjetti til fátækrastyrks og hlýða þeim reglum og ráðstöfunum, sem fátækrastjórinn setur honum, eða þeir, sem hann til þess setur. Kært getur þurfalingur meðferð á sjer fyrir hreppsnefndinni, svo og fyrir sýslunefnd, og eigi er hann háður yfirráðum fátækrastjóra lengur en hann þiggur sveitarstyrk.

6. gr. Hver, sem verður sveitarstyrksþurfi eptir að lög þessi öðlast gildi, skal eiga framfærslurjett í þeim hreppi, sem eptir lögum þessum er hans fæðingarhreppur.

Kona á framfærslurjett í fæðingarhreppi manns síns, meðan hún er gipt, en er hún er orðin ekkja, eða er skilin við mann sinn löglegum og fullum skilnaði, á hún framfærslurjett í fæðingarhreppi sínum. Ef kona elur barn á ferð, eða þar, er hún eigi á lögheimili, þá á það framfærslurjett í þeim hreppi, þar sem faðirinn á lögheimili á fæðingardegi, ef barnið er skilgetið, en þar sem móðirin á lögheimili, ef það er óskilgetið. Eigi faðir skilgetins barns eigi lögheimili á fæðingardegi þess, á það framfærslurjett í hans hreppi, og óskilgetið barn í hreppi móður sinnar, ef hún á hvergi lögheimili.

Nú elur gipt kona barn og á lögheimili í öðrum hreppi en maður hennar, skal þá telja heimilishrepp föðurins fæðingarhrepp þess.

Skilgetið barn á til 16 ára aldurs framfærslurjett í framfærsluhreppi föðurins, en óskilgetið barn á framfærslurjett í framfærsluhreppi móðurinnar.

7. gr. Eigi skal þurfaling flytja fyr en vissa er fengin fyrir, hvar hann eigi framfærslurjett. Þá er þurfaling skal flytja á framfærslusveit sína, skal hlutaðeigandi sýslumaður gefa honum vegabrjef. Skal flytja þurfaling frá hreppstjóra til hreppstjóra, svo að eigi sje gjörður langur krókur úr beinni leið, og skal því flytja þurfaling til þess hreppstjóra, sem næst er beinni leið, ef verulegur krókur er til þess, sem næstur er. Hlutaðeigandi hreppstjórar annast flutninginn hver til annars, gegn endurgjaldi, er greiðist fyrst um sinn úr sjóði þess hrepps, er hreppstjóri býr í, en hlutaðeigandi sýslumaður jafnar kostnaðinum síðan niður á milli hreppanna. Forsorgun veita hrepparnir þurfalingum ókeypis, meðan þeir eru fluttir.

Hreppstjórar ábyrgjast, að þurfalingar sjeu eigi fluttir á þeim árstíma, eða á þann hátt, er geti verið hættulegur fyrir líf þeirra eða heilsu.

Flytja má þurfaling sjóveg, ef það er beinna og kostnaðarminna fyrir hlutaðeigandi hreppa en flutningur landveg, og skal jafna þeim kostnaði niður, sem öðrum flutningskostnaði þurfalinga.

Ef þurfalingur er fluttur frá útlöndum, skal jafna flutningskostnaðinum niður á þá hreppa alla, sem eru í umdæmi því, sem þurfalingur á átthaga í.

Hver sá, er misbýður þurfaling, þá er hann er fluttur, skal sæta sektum eða fangelsi, ef meiri hegning er eigi við lögð.

IV. Um forsorgun þurfalinga.

8. gr. Þeir, er fátækramálum stjórna, skulu annast um, að bætt sje úr þörfum þurfalinga, svo að hreppum verði til sem minnstra þyngsla. Þá er þurfalingur beiðist styrks af fátækrafje, skal rannsaka ástæður hans og eigi veita styrk, nema nauðsyn beri til. Skal fátækrastjórn í tíma aðvara þann, sem líklegur er að verða þurfalingur, um, að hann geti eigi vænzt neins styrks af sveitarfje, ef hann er eigi reglusamur og neytir þeirra krapta, sem hann hefur, til að komast af án styrks. En hver sá, sem eigi kemst af án sveitarstyrks, skal vera háður lögum nr. 20, 4. nóv. 1887. Vera skal fátækrastjórn í sveitarfjelagi því, þar sem þurfalingur verður bjargþrota, honum til aðstoðar í því, að leita styrks skyldmenna þeirra, sem skyldir eru og megnugir að veita styrk.

Eigi má neita þurfaling um styrk fyrir þá sök, að hann á framfærslurjett í öðrum hreppi; skal sú sveit, sem þurfalingurinn verður bjargþrota í, veita hinn óumflýjanlega styrk, er endurgjaldist af náungum eða framfærsluhreppi þurfalingsins.

Rjett hefur fátækrastjórn til að ráðstafa sveitarlimum til þeirra búenda sveitarfjelagsins, þar sem sveitarlimunum er hentugast að vera og hreppnum kostnaðarminnst, og skal hún ákveða meðlagið með sanngirni og rjettum jöfnuði. Rjett er og að fátækrastjórn taki börn, sem eru illa upp alin hjá foreldrum og koma þeim í gott fóstur á kostnað sveitarinnar gegn endurgjaldi frá foreldrum; er það sem annar þeginn sveitarstyrkur, ef þeir geta eigi endurgoldið.

Um uppfræðingu í kristindómi og bóklestri og menntun barna hefur hlutaðeigandi prestur aðal-atkvæði, meðan öðruvísi er eigi ákveðið með lögum. Skal hlutaðeigandi fátækrastjórn fara eptir fyrirmælum hans í þeim efnum, en bera má þau mál undir hlutaðeigandi sýslunefnd; úrskurði hennar má áfrýja til hlutaðeigandi hjeraðsprófasts og leggur hann síðasta úrskurð á þau mál.

Vanræki fátækrastjórn eða prestur að sjá um, að sveitarbörn sjeu vel upp alin og vel menntuð, varðar það sektum eptir ástæðum. Þeir húsbændur, sem óhlýðnast boðum fátækrastjórnarinnar í þeim efnum, skulu og sektum sæta.

V. Um fátækrasjóði, tekjur og gjöld þeirra.

9. gr. Um reikninga sveitarfjelaga skal fara, sem ákveðið er í tilskipun um sveitarstjórn 4. maí 1872 og þar að lútandi lögum um stjórn fátækramálefna í kaupstöðum.

Tekjur fátækrasjóðs eru:

a, afgjöld af fasteignum, sem eru eign fátækrasjóðs;
b, tíundir af fasteign og lausafje;
c, aukaútsvör, samkv. áðurgr. tilsk.;
d, 1/6 hluti af allskonar fiskiafla á helgum dögum;
e, sektir eptir sættum og dómum:
f, eptirlátnir fjármunir fátækra, að því leyti er þarf til lúkningar því, er þeir hafa þegið;
g, fjenaður sá allur, er enginn sannar sig löglegan eiganda að, að frádregnum kostnaði;
h, gjafir, sem fátækrasjóðnum eru gefnar.

Fátækrastjóri varðveitir hreppssjóð og hefur ábyrgð á honum gagnvart hreppsnefndinni.

Hreppsnefndin öll hefur ábyrgð á stjórn fátækramálefna í sveitum en í kaupstöðum hlutaðeigandi bæjarstjórn.

10. gr. Í sveitum endurskoðar hlutaðeigandi sýslunefnd alla reikninga yfir fá-

tækrafje. Rjett hefur sýslunefndin til að heimta skýrslur um það, sem henni þykir óljóst og getur hún kært hlutaðeigandi hreppsnefnd til ábyrgðar, ef henni þykir það grunsamt, að óráðvandlega hafi verið farið með fátækrafje eða óforsvaranlega ráðlauslega. Bæta skal hreppsnefnd fátækrasjóði, ef sannað verður, að hún hafi gjört honum skaða með óforsvaranlegu hirðuleysi eða óráðvendni.

11. gr. Oddviti sýslunefndar semur yfirlit yfir hag sveitarsjóðanna í sýslunni og oddviti bæjarstjórnar yfir hag fátækramálefna í kaupstöðum, eptir fyrirmynd, sem amtmaður semur, og skal senda yfirlitið amtmanni, en hann semur yfirlit yfir hag allra fátækrafjelaga í amtinu og sendir landshöfðingja.

VI. Um eptirlit og löggæzlu fátækramálefna.

12. gr. Hreppanefndir øg bæjarstjórnir skulu hafa eptirlit með öllu því, er snertir fátækramálefni og á allan löglegan hátt reyna að koma í veg fyrir, að meðlimir fátækrafjelagsins verði því til byrði. Hafa þær rjett til, að ráðstafa þeim í vinnu, sem eru fátækir, hafa eigi atvinnu og eru líklegir til að verða fjelaginu til byrði; sýni hreppsnefnd eða bæjarstjórn sljóleik og hirðuleysi í þessu efni, geta hreppsbúar og bæjarbúar kært þær til sekta. Sýslunefndir skulu hafa eptirlit með allri stjórn á fátækramálefnum í hreppnum og geta þær kært hreppanefndir til ábyrgðar, ef þær sýna hirðuleysi í þeim efnum.

13. gr. Ef eigi er almennt hallæri, skal vergangur og ölmusubeiðslur vera stranglega bannað. Skal vísa farand- og ölmusumönnum tafarlaust þangað, sem þeir eiga framfærsluhrepp.

14. gr. Ef ölmusumaður eða þurfalingur sýnir þeim, er fátækramálum stýra, óhlýðni, varðar það einföldu fangelsi eða nauðungarvinnu, eptir úrskurði hlutaðeigandi yfirvalds.

15. gr. Öll brot á móti lögum þessum skal fara með sem opinber lögreglumál.

16. gr. Með lögum þessum er reglugjörð um fátækramálefni 8. jan. 1834 úr gildi numin.

Nd. **46. Frumvarp**

til laga um brúargjörð á Ölvesá og Þjórsá. — Flutningsmenn: Þórarinn Böðvarsson og Jón Þórarinsson.

1. gr. Til brúargjörðar á Ölvesá og Þjórsá má verja allt að 120,000 kr. úr landssjóði, og annast landstjórnin um, að brýrnar verði gjörðar svo fljótt, sem því verður við komið.

2. gr. Landshöfðingi hefur yfirumsjón yfir brúnum, eptir að þær eru komnar á, skipar brúarverði og ákveður laun þeirra.

3. gr. Brúartoll skal greiða eptir reglum, sem landshöfðingi setur, eptir að hann hefur leitað álits sýslunefndanna í Árness, Rangárvalla og Vesturskaptafells sýslum og amtsráðsins í Suðuramtinu um upphæð tollsins.

Eigi má tollurinn vera lægri en svo, að hann svari að minnsta kosti 4% vöxtum af fje því, sem lagt er úr landssjóði, auk árlegs kostnaðar við brúargæzluna.

Það af brúartollum, sem umfram er árlegan kostnað við brýrnar, greiðist í landssjóð.

4. gr. Heimilt er landstjórninni að taka lán á ábyrgð landssjóðs til brúargjörðarinnar, ef fje er eigi fyrir hendi í landssjóði.

5. gr. Með lögum þessum eru lög um brúargjörð á Ölvesá 3. maí 1889 úr gildi numin.

Ed. **47. Frumvarp**

til laga um niðurfærslu á skatti af ábúð og afnotum jarða og af lausafje.— Frá Friðriki Stefánssyni og Arnljóti Ólafssyni.

Í skatt af ábúð og afnotum jarða og af lausafje samkvæmt lögum 14. desbr. 1877 skal hjer eptir að eins greiða $^1/_5$ al. af jarðarhundraði hverju, og að eins $^1/_2$ al. af lausafjárhundraði hverju, hvorttveggja eptir verðlagsskrár-meðalverði í hverju lögsagnarumdæmi.

Ed. **48. Nefndarálit**

um frv. til laga um viðauka við lög 14. janúar 1876 um tilsjón með flutningum á þeim mönnum, er flytja sig úr landi í aðrar heimsálfur.

Nefndin hefur komizt að þeirri niðurstöðu, að ráða h. h. þingdeild til að samþykkja frumvarpið með nokkrum breytingum, og eru þetta nefndarinnar

Breytingar-tillögur:

1. við 3. gr.: á eptir orðunum (í 1. málsgrein): «áteiknaðan af lögreglustjóra» bætist við: «eða umsjónarmanni hans.»
2. við 3. gr.: á eptir orðunum (í 2. málsgrein): »400 kr.» bætist inn í: »fyrir hvern þann mann, er skipstjóri tekur á skip sitt gegn þessu banni, og greiðist sektarfjeð».
3. við 3. gr.: aptan við 2. málsgrein komi inn ný málsgrein: »Nú afhendir maður öðrum vegabrjef sitt til notkunar, og varðar það jafnháum sektum, sem áður er talið».
4. við 3. gr.: síðasta málsgreinin: »undanskilin . . . . . fleiri útfara en 10» falli niður.

Ástæðurnar fyrir tillögum þessum vonum vjer að sjeu auðsæjar, enda munu þær fram teknar við umræður málsins.

Alþingi, 9. júlí 1889.

Jón A. Hjaltalín,	Jón Ólafssson,	Skúli Þorvarðarson.
form. og framsögum.	ritari.	

Nd. **49. Frumvarp**

til laga um bann gegn botnvörpuveiðum. — Eptir 2. umr. í Nd.

1. gr. Í landhelgi við Ísland skulu bannaðar vera fiskiveiðar með botnvörpum (trawl).

2. gr. Ef brotið er á móti banni þessu, varðar það sektum 40—400 kr., er renna í landssjóð. Þau mál skal fara með sem opinber lögreglumál.

Ed. **50. Frumvarp**

til laga um viðauka við lög 9. janúar 1880 um breyting á tilskipun um sveitarstjórn á Íslandi 4. maí 1872. — Eptir 2. umr. í Ed.

Niðurjöfnun sú, eptir efnum og ástæðum, er ræðir um í 1. gr. í lögum 9. janúar 1880, um breyting á tilskipun um sveitarstjórn á Íslandi 4. maí 1872, nær til allra þeirra manna, er hafa fast aðsetur í hreppnum. Þeir skulu greiða þar fullt gjald eptir öllum efnahag sínum, nema þeir á gjaldárinu hafi líka haft fast aðsetur annarstað-

ar; sje svo, má ekki leggja hærra gjald á þá, en samsvari þeim tima, er þeir hafa haft fast aðsetur í hreppnum. Fast aðsetur í hreppnum skemmri tíma en 4 mánuði kemur ekki til greina. Sömuleiðis má leggja gjald á afnot af jörðu eða jarðarhluta og á fastar verzlanir og aðrar arðsamar stofnanir og fyrirtæki í hreppnum, er sjeu rekin að minnsta kosti 4 mánuði af gjaldárinu, þótt eigendur þeirra eigi hafi þar fast aðsetur. Á þessa stofna skal leggja gjald, er samsvari útsvarinu eptir efnum og ástandi, eptir því er hæfa þykir eptir árlegri veltu og arði, án þess að tillit sje haft til annara tekja eða eigna þess, sem í hlut á.

Lög þessi ná eigi til ákvæða 2. gr. í lögum 19. júní 1888 um bátfiski á fjörðum.

Nd. **51. Breytingartillaga**

við frumvarp til laga um bann gegn botnvörpuveiðum (49). — Frá Sigurði Stefánssyni, Þ. Kjerúlf, Þ. Guðmundssyni, Þorsteini Jónssyni, Gunnari Halldórssyni og Sigurði Jenssyni.

Við 2 gr. Í staðinn fyrir «400kr. »komi: 4000 kr

Nd. **52. Breytingartillaga**

við frv. til laga um löggilding verzlunarstaðar við Hólmavík í Steingrímsfirði (32).— Frá flutningsmanni.

Eptir orðið «Hólmavík» bætist inn: «hjá Skeljavík».

Ed. **53. Breytingartillaga**

við frv. til laga um viðauka við lög 9. janúar 1880, um breyting á tilsk. um sveitarstjórn á Íslandi 4. maí 1872 (50). — Frá Arnljóti Ólafssyni, Skúla Þorvarðarsyni, F. S. Stefánssyni, Sighvati Árnasyni og Jóni A. Hjaltalín.

Fyrir orðin: «afnot af jörðu» komi: ábúð á jörðu.

Nd. **54. Breytingartillaga**

við frumvarp til laga um bann gegn botnvörpuveiðum (49). — Frá Jóni Jónssyni (þm. N.-Þ.), Sigurði Stefánssyni, Jóni Jónssyni (1. þm. N.-M.), Árna Jónssyni, Gunnari Halldórssyni og Þ. Guðmundssyni.

Við 2. gr. Í staðinn fyrir «40—400» komi: 1000—5000.

Nd. **55. Frumvarp**

til laga um menntun alþýðu. — Flutningsmaður: Jón Þórarinsson.

1. kapituli. Um fræðsluskyldu.

1. gr. Hver, sem á barn eða hefur annars manns barn til uppfósturs um lengri eða skemmri tíma, er skyldur að veita því þá þekkingu, sem með lögum þessum er heimtuð.

2. gr. Kennsla barna fer fram í heimahúsum eingöngu eða jafnframt hjá umgangskennurum eða í skólum.

3. gr. Hvert barn, sem er fullra 11 ára, á að hafa lært:

1, að lesa prentað mál skýrt og skilmerkilega;

2, að skrifa læsilega rithönd;

3, margföldunartöfluna minni, samlagningu, frádrátt, margföldun og deiling í heilum eins konar tölum;

4, stutt ágrip af biflíusögum.

Frá því barnið er 11 ára, þangað til það er fullra 14 ára, á enn að æfa það í því, sem það þegar hefur lært, eptir því sem þörf er á, og kenna því:

1, í reikningi: margs konar tölur, tugabrot, almenn brot og einfalda þríliðu;

2, að skrifa íslenzku stórlýtalaust, og að setja skriflega fram hugsanir sínar;

3, kristindómsbókina alla;

4, valda kafla úr almennt menntandi lesbók, einkum þá, er almennt snerta náttúrufræði, heilbrigðisfræði, sögu Íslands og lýsingu þess, almennustu atriði landafræðinnar, yfirlit yfir stjórn landsins, sveita og safnaða. Enn fremur ber að æfa unglinga í söng, einkum kirkjusöng, og kenna þeim reglubundnar líkamsæfingar, eptir því sem verður við komið.

II. kapituli. Um eptirlit og próf.

4. gr. Skyldir eru prestar að hafa eptirlit með þeirri kennslu, sem nefnd er í 3. gr., hver í sinni sókn (eða sóknum), með aðstoð 2 manna, sem til þess eru kvaddir í hverri sókn, annar af prestinum sjálfum, en hinn af hlutaðeigandi sóknarnefnd. Þessir 3 menn eru kennslunefnd í sókninni, og er presturinn sjálfkjörinn framkvæmdarstjóri hennar.

5. gr. Í hverri sókn skal prestur árlega halda próf um kunnáttu barna í öllum þeim námsgreinum, sem nefndar eru í 3. gr., á þeim stað og tíma, sem hann tiltekur, og er að minnsta kosti annar kennslunefndarmaðurinn prófdómandi við prófið.

Til prófs eru skyld að koma öll börn í sókninni frá því þau eru 11 ára, allt þangað til þau eru fullra 14 ára, nema þau hafi tekið árspróf við skóla, sem fullnægir þeim skilyrðum, sem sett eru fyrir landssjóðsstyrk (sbr. 6. gr.).

6. gr. Í skólum þeim, sem njóta styrks úr landssjóði, skal halda próf við lok hvers skólaárs, að minnsta kosti í öllum þeim námsgreinum, sem nefndar eru í 3. gr., og skulu 2 af kennslunefndarmönnum vera prófdómendur.

7. gr. Hverju barni skal gefa vitnisburð um kunnáttu þess í hverri námsgrein, sem prófað er í, jafnóðum og prófið fer fram.

Meðaltal af vitnisburðum þeim, sem prófari og prófdómandi (prófdómendur) gefa í hverri námsgrein, svo og meðaltal allra hinna einstöku vitnisburða, skal rita í bók, sem til þess er ætluð, við nafn nemandans. Skal þar einnig tilgreina aldur hans og heimili, og þess látið við getið, hvort hann hafi notið kennslu í heimahúsum eingöngu, eða jafnframt hjá umgangskennara, eða í skóla. Að afloknu prófi, skrifar prófari og prófdómandi (prófdómendur) nöfn sín í prófbókina.

8. gr. Vitnisburður er gefinn í heilum tölum: 0, 1, 2, 3, 4, 5, 6, og hverri einingu skipt í 3 þriðjunga.

9. gr. Reynist barn, sem er yngra en 14 ára, svo vankunnandi, að kennslunefndinni virðist líkur til, að það geti ekki náð lögskipaðri þekkingu, þegar það er fullra 14 ára, ber prestinum að gjöra nauðsynlegar ráðstafanir til þess, að því sje veitt betri tilsögn eptirleiðis, svo lengi sem honum þykir nauðsynlegt, og eru foreldrar eða

vandamenn barnsins skyldir að greiða þann kostnað, sem af þessu leiðir, eða sveitarsjóður, ef barnið er alið upp á sveit. Kostnað þennan má taka lögtaki án undanfarins dóms.

10. gr. Unglingur, sem er fullra 14 ára, og hefur ekki náð aðaleinkunninni 4 (heilir) við síðasta árspróf, hefur ekki staðizt prófið, og er skyldugur að koma til prófs næsta ár, og svo ár eptir ár, þangað til hann hefur náð hinni lögskipuðu þekkingu, allt að 19. aldurs-ári.

11. gr. Nú kemur barn eða unglingur eigi til prófs, án gildra forfalla, og sæta þá hlutaðeigandi foreldrar eða fósturforeldrar, eða þeir, sem ganga barninu í foreldra eða fósturforeldra stað, sektum frá 2—25 kr. fyrir hvert barn, eptir ákvæði hlutaðeigandi kennslunefndar, og rennur sektin í fátækrasjóð þess hrepps eða bæjar, sem barnið á heima í.

12. gr. Ef prestur vanrækir þá eptirlitsskyldu, sem hann hefur samkvæmt þessum lögum, skal hann sæta sektum frá 10—50 kr., eptir ákvæði yfirstjórnar kennslunnar, og kveði mikið að, varðar það embættismissi.

Prófastar skulu hafa nákvæmt eptirlit með því, að prestar gæti þessarar skyldu.

III. kapituli. Um landssjóðsstyrk til kennslu.

13. gr. Fastir skólar fá styrk úr landssjóði, ef þeir fullnægja þeim skilyrðum, sem hjer segir:

1. Skólinn verður að standa að minnsta kosti 6 mánuði árlega, og veita kennslu í öllum þeim námsgreinum, sem nefndar eru í 3. gr.
2. Það ár, sem styrkurinn er veittur fyrir, verður að minnsta kosti helmingur allra þeirra barna á skólasvæðinu, sem eru á aldrinum 8—14 ára, að hafa sótt skólann allan þann tíma, sem skólinn var haldinn, þó ekki færri en 15.
3. Skólakennarinn — hvort heldur er karl eða kona — má ekki vera yngri en tvítugur, verður að hafa óflekkað mannorð og vera siðprúður í allri hegðun. Hann verður enn fremur að fullnægja þeim kröfum, sem yfirstjórn kennslunnar gjörir til menntunar barnaskólakennara.
4. Laun kennarans verða að vera að minnsta kosti 35 kr. á mánuði, auk fæðis þann tíma, sem skólinn stendur, eða í þess stað 75 a. á dag fyrir sama tíma —, ókeypis húsnæði fyrir hann sjálfan, ljós og eldsneyti í eitt herbergi, meðan skólinn stendur.
5. Skólahúsið verður að fullnægja þeim skilyrðum, sem yfirstjórn kennslunnar nákvæmar tiltekur.

14. gr. Skilyrði fyrir því, að hreppi veitist styrkur úr landssjóði til umgangskennslu, eru:

1. Vinnutími umgangskennarans verður að vera að minnsta kosti 6 mánuðir á ári, og verður hann að veita tilsögn í þeim námsgreinum, sem nefndar eru í 3. gr.
2. Meira en helmingur þeirra barna í hreppnum, sem eru á aldrinum 8—14 ára, verða að hafa notið góðs af kennslunni.
3. Umgangskennarinn verður að fullnægja sömu kröfum og gjörðar eru til kennara við fasta skóla, og hafa eigi minni laun en þeir.

15. gr. Landshöfðingi úthlutar samkvæmt tillögum yfirstjórnar kennslunnar þeim styrk, sem veittur er úr landssjóði til fastra barnaskóla og til umgangskennslu,

Við úthlutun til skóla skal fara eptir nemendafjölda og lengd skólaársins og öðrum ástæðum skólans.

Bónarbrjefi um landssjóðsstyrk skulu fylgja meðmæli hlutaðeigandi sýslunefndar eða bæjarstjórnar.

IV. kapítuli. Um stjórn og skýrslur.

16. gr. Yfirstjórn allra kennslumálefna alþýðu hafa stiptsyfirvöldin yfir Íslandi.

17. gr. Prestar senda próföstum árlega skýrslu um menntunarástand alþýðu í sóknum sínum, á prentuðum eyðublöðum, en prófastar koma þeim áleiðis til yfirstjórnar kennslunnar.

18. gr. Yfirstjórn kennslunnar heimtar, þegar hún vill, að sjer sjeu send sýnishorn af skriflegum úrlausnum verkefna við árspróf barna og unglinga, sem haldin eru samkvæmt 5. og 6. gr., og sömuleiðis skýrslur um ýmsa hagi skóla þeirra, er styrk hafa úr landssjóði, eptir því sem henni þykir ástæða til.

19. gr. Verði nokkur uppvís að því, að hafa vísvitandi gefið ranga skýrslu til yfirstjórnar kennslunnar, skal hann sæta sektum, er yfirstjórn kennslunnar ákveður eptir atvikum, frá 5—50 kr., og rennur sektin í sjóð þess hrepps, sem sá á heima í, sem gaf ranga skýrslu.

20. gr. Yfirstjórn kennslunnar semur árlega eina skýrslu fyrir allt land eptir þeim skýrslum, sem hún hefur fengið frá próföstunum, og auglýsir hana á þann hátt, sem henni þykir við eiga.

21. gr. Allur kostnaður við prentun og útsendingu eyðublaða, svo og póstflutning og auglýsing skýrslna, borgist úr landssjóði.

Nd. **56. Breytingartillaga**

við frv. til laga um bann gegn botnvörpuveiðum (49). Frá Þórarni Böðvarssyni, Jóni Þórarinssyni, Páli Ólafssyni, Þorsteini Jónssyni, Jónasi Jónassen og Gunnari Halldórssyni.

Við 2. gr. Í staðinn fyrir «40—400 kr.» komi: 5000—10000 kr.

Nd. **57. Tillaga**

til þingsályktunar um Spánarsamning. — Flutningsmenn: Sigurður Stefánsson, Þórarinn Böðvarsson, Jón Þórarinsson og Þorsteinn Jónsson.

Neðri deild alþingis ályktar, að skora á ráðgjafa Íslands, að gjöra allt, sem í hans valdi stendur, til þess að tollmunur sá, sem nú spillir markaðinum á Spáni fyrir íslenzkum saltfiski, og sem undanfarin ár hefur valdið landsbúum stórkostlegu fjártjóni, verði sem allra fyrst afnuminn.

Nd. **58. Frumvarp**

til viðaukalaga við lög nr. 2, 9. jan. 1880, um uppfræðing barna í skript og reikningi. — Flutningsmenn: Árni Jónsson og Sigurður Jensson.

1. gr. Í maímánuði ár hvert skal í hverju prestakalli hvert barn, sem þá er hálfsfjórtánda árs, ganga undir próf í skript og reikningi, samkvæmt lögum nr. 2, 9. jan. 1880, sömuleiðis í bóklestri og íslenzkri rjettritun. Fái barnið einkunnina *vel* í þessu prófi, má ferma það, ef það að öðru leyti fullnægir þeim ákvæðum, er gilda um barnafermingu. Nái barnið eigi þeirri einkunn, verður það ekki fermt það ár. Næsta ár gengur barnið aptur undir próf; nái það þá enn ekki einkunninni *vel*, skal enn fresta fermingunni til næsta árs. Nú gengur barnið enn undir próf og nær enn ekki einkunninni *vel*, skal þá vankunnátta í þessum greinum eigi lengur standa barninu fyrir fermingu.

2. gr. Presturinn heldur prófið og skal það haldið í heyranda hljóði. Sýslunefnd eða bæjarstjórn ákveður prófdaga og útnefnir 3 prófdómendur og skulu tveir þeirra jafnan vera við hvert próf. Borgun fá prófdómendur úr sýslusjóði eða bæjarsjóði eptir því, sem sýslunefnd eða bæjarstjórn ákveður. Í Grímsey skulu 2 sóknarnefndarmenn vera prófdómendur.

3. gr. Að afloknum prófum, senda prófdómendur stiptsyfirvöldunum nákvæma skýrslu um öll prófin, er sýni hina sjerstöku vitnisburði hvers barns, sem undir próf hefur gengið.

4. gr. Lög þessi öðlast gildi 1. maí 1891.

Ed. **59. Frumvarp**

til laga um brúargjörð á Þjórsá. — Flutningsmenn: Sighvatur Árnason og Skúli Þorvarðarson.

1. gr. Til brúargjörðar á Þjórsá má verja nægilegu fje úr landssjóði.

2. gr. Landsstjórnin annast um byggingu brúarinnar og gjörir allar nauðsynlegar ráðstafanir lögum þessum til framkvæmdar.

Þegar brúin er komin á, hefur landsstjórnin og umsjón yfir henni.

Um kostnað við eptirlit og viðhald á brúnni skal síðar ákveða með lögum.

3. gr. Heimilt er landsstjórninni, að taka lán á ábyrgð landssjóðs til brúargjörðarinnar, ef fje er eigi fyrir hendi í landssjóði.

Nd. **60. Frumvarp**

til laga um að meta til dýrleika nokkrar jarðir í Vestur-Skaptafellssýslu. — Flutningsmaður: Ólafur Pálsson.

1. gr. Allar þær jarðir í Vestur-Skaptafellssýslu, sem á næstliðnum árum hafa orðið fyrir stórkostlegum skemmdum af völdum náttúrunnar, skulu metast til dýrleika í hundraðatali. Sýslunefndin skal, þegar kveða á um, hverjar þær jarðir eru, er meta skal, eptir að hún hefur leitað um það álits hlutaðeigandi hreppsnefndar. Jarðamat þetta skal fara fram sem fyrst.

2. gr. Í sýslunni skulu 3 menn, sem til þess eru kvaddir af sýslunefndinni, er hún álítur bezt til þess fallna, framkvæma matið. Skulu þeir leysa starf þetta svo af hendi, að þeir geti verið við því búnir, að staðfesta gjörðir sínar með eiði. Sýslumaður stendur fyrir matinu og stjórnar því, en tekur eigi þátt í atkvæðagreiðslunni.

Sýslunefndin tilnefnir að minnsta kosti eina jörð í hverri sveit, sem matið fer fram í, er hún álítur hæfilegast metna að hundraðatali eptir jarðabókinni frá 1861, matsmönnum til fyrirmyndar. Jarðir þær, sem metast eiga, skulu miðaðar við fyrirmyndarjörðina, og metast til hundraða í því hlutfalli, sem matsmenn álíta, að notkunargildi hinnar skemmdu jarðar standi í við fyrirmyndarjörðina.

3. gr. Eiganda jarðar eða umboðsmanni skal tilkynnt, að mat eigi fram að fara svo tímanlega, að hann geti verið þar við staddur. Sje eigandi eða umboðsmaður óánægður með mat það, sem sett er á jörðina, getur hann borið matið upp fyrir sýslunefndinni, sem leggur úrskurð á málið, eptir að hún hefir leitað álits hlutaðeigandi hreppsnefndar, og gjört þær ráðstafanir, er hún álítur með þurfa.

4. gr. Sýslumaður skal hafa löggilta bók til að rita í matsgjörðirnar.

5. gr. Þegar mati þessu er lokið á fyrnefndan hátt, skal sýslumaður senda matsgjörðina í staðfestu eptirriti af matsbókinni, með áliti sýslunefndarinnar, til landshöfðingja, sem þá annast um, að hún komist svo tímanlega til ráðherrans, að honum gefist tækifæri til á alþingisárinu 1891, að hlutast til um, að mat þetta verði staðfest með lagaboði.

6. gr. Fyrir þá daga, sem ganga til matsgjörða þeirra, sem áður er getið, skal veita sýslumanni og hverjum matsmanni í fæðispeninga og ferðakostnað 4 kr. daglega, er greiðist úr landssjóði.

7. gr Lög þessi öðlast gildi 1. janúar 1892.

Nd. **61. Frumvarp**

til laga um aðflutningsgjald á vefnaðarvöru, fatnaði, sætindavöru, glysvarningi, tilbúnu viðmeti, m. m., og um afnám lausafjárskatts. — Flutningsmaður: Jón Jónsson, þingm. N.-Þ.

1. gr. Þegar eptirtaldar vörur eru fluttar til landsins, skal af þeim greiða í landssjóð aðflutningsgjald eptir útsöluverði þeirra, er frá er talinn tollur, sem hjer segir:

1, af alls konar vefnaðarvöru, fatnaði, alls konar sætindavöru að fráteknu sykri, 10 af hundraði;

2, af alls konar glysvarningi og annari óþarfavöru, 20 af hundraði;

3, af tilbúnu viðmeti, 8 af hundraði.

2. gr. Landshöfðingi lætur semja skrá yfir allar þær vörutegundir, er taldar skulu í hvern flokk hinna tollskyldu vara, og birtir hana í Stjórnartíðindunum ár hvert. Kostnaður við samningu vöruskránna greiðist úr landssjóði. Verði ágreiningur um tollskyldu einhverrar vörutegundar, er eigi stendur á tollskrá í Stjórnartíðindunum, sker landshöfðingi úr, og álítist hún tollskyld, greiðist tollur af henni eptirleiðis, er búið er að birta tollskyldu hennar í Stjórnartíðindunum.

3. gr. Gjaldið skal greiða lögreglustjóra í peningum eða ávísun, stíluðri upp á borgun við sýningu, á landsbankann eða á verzlunarhús í Kaupmannahöfn, er innheimtumaður tekur gilt. Eigi má afhenda vörurnar þeim, er við eiga að taka, fyr en gjaldið er greitt. Brot gegn þessum ákvæðum varða sektum allt að 1000 kr. á hendur skipstjóra eða afgreiðslumanni skipsins, ef hann er þar á staðnum. Hafi vörurnar afhentar verið þeim, er við á að taka, áður en hann hefur fengið kvittun innheimtumanns

fyrir því, að gjaldið sje þegar greitt, þá er hann skyldur til, að segja lögreglustjóra frá þessu innan þriggja daga frá því, að hann tók við vörunum, og greiði gjaldið um leið, ef það er eigi þegar gjört.

4. gr. Til þess að ákveða gjaldið, skal farið eptir vöruskrá skipsins eða tollskrá með hjásettu útsöluverði. Hinar tollskyldu vörur má eigi flytja í land fyr en skipstjóri eða afgreiðslumaður hefur skilað lögreglustjóra vöruskrá skipsins eða tollskrá með hjásettu útsöluverði á hinum tollskyldu vörum samkvæmt 1. gr., svo og hleðsluskjölum þeim, eða tilvísunarbrjefum, er snerta hinar tollskyldu vörur, og skal því fylgja skriflegt vottorð frá skipstjóra upp á æru og samvizku um það, að eigi sjeu í skipinu aðrar eða fleiri tollskyldar vörur, en þær, er tilfærðar eru á vöru- eða tollskránni, eða sem ætlaðar eru handa skipverjum sjálfum. Brot gegn þessum ákvæðum varða sektum allt að 1000 kr.

5. gr. Lögreglustjóri hefur vald til þess, hve nær sem vera skal, að heimta af hverjum búsettum manni í umdæmi sínu, er ástæða er til að ætla, að fái gjaldskyldar vörur frá útlöndum, skriflegt æru- og samvizkuvottorð um það, hvort hann hafi fengið þess konar vörur, og ef svo er, hverjar og hve mikið af þeim. Reynist þá svo, að eigi hafi greitt verið fullt gjald af þess konar vörum, þá skal sá, er við hefur tekið, þegar í stað gjalda það, er á vantar, enda sje eigi þyngri ábyrgð fallin á hann eptir lögum þessum.

6. gr. Sje ógreinilega sagt til um tollskyldar vörur á vöru- eða tollskránni, eður ef skýrslurnar þar að lútandi eru eigi fullnægjandi, eða sje ástæða til að rengja, að rjett sje skýrt frá, skal lögreglustjóri láta rannsaka farminn og hafa eptirlit með uppskipun, eins og með þarf. Kostnaður, er af þessu leiðir, greiðist úr landssjóði, ef skýrslurnar reynast sannar, en ella fellur sá kostnaður á skipstjóra, eða ef nauðsyn krefur, á þá, er við vörum tóku.

7. gr. Nú verður maður uppvís að því, að hafa sagt rangt til um gjaldskyldar vörur, sem hann hefur innflutt eða veitt móttöku, eða gjört ranga yfirlýsingu þar að lútandi, eða eigi skeytt því, samkvæmt lögum þessum, að segja frá vörum, er hann hefur tekið við, og skal hann þá, ef brotið varðar eigi þyngri hegningu að lögum, sæta sektum allt að 2000 kr., og gjaldi auk þess sekt, er sje tvöföld við þá upphæð gjaldsins, er hann hefur reynt að draga undan.

8. gr. Hinar aðfluttu tollskyldu vörur skulu vera að veði fyrir tollinum og sektunum, og hefur eigandi eða umráðamaður ekki rjett til að ráða yfir þeim, fyr en búið er að greiða gjöld þessi. Lögreglustjóri hefur vald til að gjöra þær ráðstafanir í þessu efni, sem með þarf, einkum með því að kyrsetja vörurnar, og ef ekki er borgað, selja þær til lúkningar tolli og sektum; þó má lögreglustjóri gegn fullu og tryggu veði, veita nokkurn frest áreiðanlegum gjaldendum.

9. gr. Amtmaður getur ákveðið sektirnar, ef hlutaðeigandi eigi krefst þess, að máli því sje vísað til dóms og laga. En verði því vísað til dóms og laga, skal meðhöndla það sem almennt lögreglumál.

Landshöfðingi hefur vald til þess að færa niður sektirnar, þegar honum þykir ástæða til þess í einstökum tilfellum.

10. gr. Sektir allar eptir 3. og 4. gr. renna í landssjóð. Hið sama er um sektir eptir 7. gr., nema einhver hafi komið því til leiðar með frásögn sinni, að tollsvikin komust upp, og fær hann þá þriðjung sekta.

11. gr. Fyrir tollheimtu og sektum eptir lögum þessum skal lögreglustjóri gjöra reikninga, samkvæmt reglum þeim, er gilda um reikninga fyrir tollum á brennivíni og öðrum áfengum drykkjum m. m.

Af upphæð tollsins fær innheimtumaður 2 af hundraði.

12. gr. Skattur af lausafje er hjer með úr lögum numinn.

Nd. **62. Frumvarp**

til laga um hundahald á Íslandi. — Flutningsmenn: J. Jónassen, Þorsteinn Jónsson og Þorvarður Kjerúlf.

1. gr. Sjerhver húsbóndi skal skýra frá á hverju ári, í kaupstöðunum um fardaga og í sveitunum á hreppaskilaþingum, hversu margir hundar sjeu á heimili hans, hvort sem hann á þá sjálfur eða einhver annar. Fjölgi hundarnir á árinu, er hann skyldur að segja lögreglustjóranum eða hreppstjóranum til þess, áður 3 vikur sjeu liðnar. Að því er snertir hunda þá, sem heima-aldir eru, skal frestur þessi talinn frá því, er þeir eru orðnir fullra 4 mánaða, og að því er snertir aðfengna hunda, frá þeim degi, er þeir komu á heimilið.

2. gr. Lögreglustjórar í kaupstöðum og hreppstjórar í sveitum skulu árlega á hreppaskilaþingum á vorin, ásamt allt að 4 mönnum, sem kaupstaðar- eða hreppsbúar kjósa, ákveða, hversu marga hunda hver húsbóndi þurfi til þess, að hirða nautpening sinn, hesta eða sauðfje, og til þess að verja tún og engjar. Skal greiða fyrir hvern slíkan hund 2 krónur í sveitarsjóð eða bæjarsjóð, en fyrir hvern hund, sem haldinn er fram yfir hina ákveðnu tölu, skal eigandi gjalda 10 krónur á ári, sömuleiðis í sveitarsjóð eða bæjarsjóð.

3. gr. Lögreglustjóri eða hreppstjóri, sem í hlut á, skal halda sjerstaka bók og rita þar í tölu og nöfn allra húsbænda í kaupstaðnum eða hreppnum, og skal þar um leið tilgreint, hversu marga hunda hann eða aðrir á heimili hans haldi og skýrt frá, hvort greiða eigi hið lægra eða hærra gjald fyrir hundana; svo skal hann og sjá vandlega um, að ekki sje neinstaðar í kaupstaðnum eða hreppnum haldnir aðrir hundar en þeir, sem taldir hafa verið fram. Fyrir hvern annan hund, sem hittist, skal eigandi gjalda 10 kr. fjesekt; fær uppljóstarmaður hálfa sektina en bæjarsjóður eða sveitarsjóður hinn helminginn, og ber eigandanum þar á ofan að greiða hið lögboðna gjald fyrir hundinn. Finnist enginn eigandi að slíkum hundi, skal hundurinn drepinn.

4. gr. Skyldur er hver sá, sem lætur slátra skepnu, er sullir finnast í, að grafa þegar í stað slátur það, sem sullmengað er, að meðtöldum hausum af höfuðsóttarkindum, svo djúpt í jörðu niður, að hundar geti eigi náð því, eða að brenna því. Brot gegn ákvörðun þessari varðar allt að 10 kr. sekt og fær sá annan helming sektarinnar, er uppljóstar, en bæjar- eða sveitarsjóður hinn.

5. gr. Af upphæð gjalds þess, sem um er rætt í 2. gr., skal fyrst taka kostnaðinn til að útvega bók þá, sem nefnd er í 3. gr. Af afganginum fær lögreglustjóri sá eða hreppstjóri, sem í hlut á, $\frac{1}{4}$ part en bæjarsjóður eða sveitarsjóður $\frac{3}{4}$ parta. Gjalddagi þess er hinn sami og annara bæjar- eða sveitargjalda og má taka það lögtaki, ef það ekki er greitt í tæka tíð.

6. gr. Fyrir tekjum þeim, sem kaupstaður eða sveit fær samkvæmt þessum lögum, skal gjörður sjerstakur reikningur á hverju ári, og skal fylgja honum til sönnunar eptirrit af bók þeirri, sem getið er um í 3. gr.; skal reikningur þessi vera fylgiskjal með aðalbæjarreikningnum eða aðalsveitarreikningnum

7. gr. Með mál þau, sem rísa út af brotum á móti lögum þessum, skal farið, sem almenn lögreglumál.

8. gr. Með lögum þessum er úr gildi numin tilskipun um hundahald á Íslandi 25. júní 1869.

Nd. **63. Frumvarp**

til laga um bann gegn eptirstæling peninga og peningaseðla og fl. Eptir 3. umr. í Ed.

1. gr. Það er bannað öllum öðrum en hlutaðeigendum rjettum, enda þótt eigi

búi nein svik undir, að búa til þesskonar hluti, er fyrir lögun sína og annan frágang eru verulega líkir að ytri ásýndum innlendum eða útlendum peningum eða peningaseðlum, ríkisskuldabrjefum eða öðrum skuldabrjefum eða hlutabrjefum, er hljóða upp á handhafa, og leigumiðum þeirra.

2. gr. Svo er og bannað að flytja til landsins eða láta ganga manna á meðal hluti þá, er eigi má búa til hjer á landi samkvæmt 1. gr.

3. gr. Brot gegn lögum þessum varða sektum, 10—200 kr., nema þyngri hegning sje viðlögð í almennum lögum. Sektirnar renna í landssjóð. Hlutir þeir, sem í banni laga þessara hafa gjörðir verið eða fluttir til landsins, skulu upptækir gjörðir og ónýttir.

Mál, er rísa út af brotum á lögum þessum, skal fara með sem almenn lögreglumál.

Nd. **64. Frumvarp**

til laga um löggilding verzlunarstaðar við Hólmavík í Steingrímsfirði. — Eptir 2. umræðu í Nd.

Við Hólmavík hjá Skeljavík í Steingrímsfirði skal vera löggiltur verzlunarstaður.

Ed. **65. Tillaga**

til þingsályktunar um, að mældur verði Húnaflói og uppsigling á Hvammsfjörð. — Flutningsmenn: E. Th. Jónassen, Júlíus Havsteen og Jakob Guðmundsson.

Efri deild alþingis skorar á ráðgjafa Íslands, að hlutast til um, að mældur verði Húnaflói og uppsigling á Hvammsfjörð sem fyrst, svo og hafnarstæði þau, er þar kynnu að þykja hentust, einkum við Borðeyri, Vestliðaeyri og Búðardal.

Ed. **66. Frumvarp**

til laga um bann gegn botnvörpuveiðum. — Eptir 3. umr. í Nd.

1. gr. Í landhelgi við Ísland skulu bannaðar vera fiskiveiðar með botnvörpum (trawl).

2. gr. Ef brotið er á móti banni þessu, varðar það sektum, 40—4000 kr., er renna í landssjóð. Þau mál skal fara með sem opinber lögreglumál.

Ed. **67. Nefndarálit**

um frumvarp til laga um lögreglusamþykktir fyrir kaupstaðina.

Nefnd sú, sem kosin hefur verið til þess að íhuga og segja álit sitt um frumvarp til laga um lögreglusamþykktir fyrir kaupstaðina, hefur nú rætt þetta mál og komizt að þeirri niðurstöðu, sem hjer skal skýrt frá.

Það er samhuga skoðun nefndarinnar, að frumvarp þetta hefur inni að halda mikla rjettarbót, enda eru lög, sem að því lúta, að setja megi lögreglusamþykktir fyrir kaupstaði landsins, mjög eptirþráð, ekki eingöngu í þeim kaupstað, sem hefur gefið tilefni til, að þessu máli, sem var rætt á alþingi 1885, hefur nú verið aptur hreift, heldur einnig í hinum tveimur kaupstöðum landsins, að því nefndinni frekast er kunnugt. Nefndin athugaði fyrst, hvort tiltækilegt mundi,

að taka upp í frumvarp þetta 2. og 3. þátt í frumvarpi stjórnarinnar frá 1885, en vegna þess, að alþingi 1885 vildi eigi aðhyllast þau lagafyrirmæli, sem spursmál var um, varð það úr, að nefndin vildi eigi fara út fyrir þau takmörk, sem hið fyrirliggjandi frumvarp er bundið við, enda er mest þörfin á þeim ákvæðum, sem tekin eru upp í frumvarpið, og sem í öllu verulegu eru þau sömu, sem 1. þáttur frumvarpsins frá 1885 hafði inni að halda. Að öðru leyti hefur nefndin fundið ástæðu til, að gjöra nokkrar breytingar við frumvarpið, sem hjer liggur fyrir, en þessar breytingar snerta að eins orðfæri og orðaskipun, að undanteknum viðaukanum við 2. gr.

Samkvæmt því, sem að framan er ritað, leyfir nefndin sjer að ráða hinni háttvirtu þingdeild til, að samþykkja frumvarpið með þeim breytingum, sem hjer skal skýrt frá:

1. gr. Í stað orðanna „Fyrir hvern af“ komi „Í“ og „lögreglusamþykktir“ í stað orðsins „lögreglusamþykkt“.

2. gr. Í stað orðanna: „Í lögreglusamþykktina skal setja ákvæði þau, er teljast mega nauðsynleg“, komi: „Í lögreglusamþykkt skal kveða á um það, sem þykir þurfa að skipa fyrir um“.

Stafliður a. orðist á þessa leið:

„um reglu og velsæmi á strætum, vegum og svæðum, er almenningur fer um; um allt, sem að því lýtur. að gjöra alla umferð greiða og afstýra farartálma og öllu því, sem hættu getur valdið; um friðun og vernd á almannagripum og eignum; um reglu á veitingahúsum og skemmtistöðum, er almenningur sækir, svo og um almennar skemmtanir, svo sem leiki“.

Í staflið b. bætist orðið „lifrarbræðslu“ milli orðanna „fiskiverkunar“ og „og“

Við greinina bætist sem stafliður d.:

„um allt eptirlit, sem lýtur að því, að fyrirbyggja brunahættu og eldsvoða, þar sem eigi þegar eru sett lög og samþykktir um slíkt efni“.

3. gr. Í stað orðanna: „og sendir það síðan landshöfðingja, er því næst gefur út samþykktir“, komi: „og leggur það síðan undir samþykki landshöfðingja“.

Í stað orðsins „og“ á eptir „ræðir um í 2. gr.“, komi: „að svo miklu leyti, sem þau“.

5. gr. Í stað orðanna: „yfirvofandi verk eða stöðva enn eigi framkvæmd verk, er bönnuð eru“, komi: „brot gegn því, sem bannað er“.

Alþingi, júlí 1889.

Á. Thorsteinsson, formaður. E. Th. Jónassen. J. Havsteen, skrifari og framsögum.

Nd. **68. Frumvarp**

til laga um viðauka við lög 9. janúar 1880 um, breyting á tilskipun um sveitarstjórn á Íslandi, 4. maí 1872. — Eptir 3. umr. í Ed.

Niðurjöfnun sú eptir efnum og ástæðum, er ræðir um í 1. gr. í lögum 9. janúar 1880, um breyting á tilskipun um sveitarstjórn á Íslandi, 4. maí 1872, nær til allra þeirra manna, er hafa fast aðsetur í hreppnum. Þeir skulu greiða þar

fullt gjald eptir öllum efnahag sínum, nema þeir á gjaldárinu hafi líka haft fast aðsetur annarstaðar; sje svo, má ekki leggja hærra gjald á þá, en samsvari þeim tíma, er þeir hafa haft fast aðsetur í hreppnum. Fast aðsetur í hreppnum skemmri tíma en 4 mánuði kemur ekki til greina. Sömuleiðis má leggja gjald á ábúð á jörðu eða jarðarhluta og á fastar verzlanir og aðrar arðsamar stofnanir og fyrirtæki í hreppnum, er sjeu rekin að minnsta kosti 4 mánuði af gjaldárinu, þótt eigendur þeirra eigi hafi þar fast aðsetur. Á þessa stofna skal leggja gjald, er samsvari útsvarinu eptir efnum og ástandi, eptir því er hæfa þykir eptir árlegri veltu og arði, án þess að tillit sje haft til annara tekja eða eigna þess, sem í hlut á.

Lög þessi ná eigi til ákvæða 2. gr. í lögum 19. júní 1888 um bátfiski á fjörðum.

Ed. **69. Frumvarp**

til laga um breyting á lögum nr. 16, 4. nóvbr. 1881, um útflutningsgjald á fiski og lýsi o. fl. — Flutningsmaður: Sighvatur Árnason.

1. gr. Útflutningsgjald á fiski og lýsi o. fl., samkvæmt lögum nr. 16., 4. nóvbr. 1881, skal greitt eins og hjer segir:

1. af hverjum 100 pd. af saltfiski eða hertum fiski	20 aur.
2. af fiski, sem flytzt út hálfhertur, saltaður eða nýr, af hverjum 100 fiskum	40 —
3. af hverjum 100 pd. af sundmaga	60 —
4. af hverri tunnu af hrognum	30 —
5. af síldartunnu (108 potta), í hverjum umbúðum sem hún flytzt . . .	50 —
6. af hverri tunnu lýsis	60 —
7. af laxi, hvort heldur söltuðum, reyktum eða niðursoðnum, af hverjum 100 pd.	60 —
8. af öllum fiski niðursoðnum, öðrum en laxi, af hverjum 100 pd. . . .	20 —

Af minni hlutum en helming af þeim vöru-upphæðum, sem nefndar voru, skal ekkert gjald greitt, en af helmingnum og þar fram yfir skal goldið eins og af fullri upphæð.

2. gr. Lög þessi öðlast gildi 1. dag janúarm. 1890. Frá sama tíma er úr gildi numin 2. gr. laga nr. 16, 4. nóvbr. 1881, um útflutningsgjald á fiski og lýsi o. fl.

Ed. **70. Frumvarp**

til laga um breyting á lögum nr. 21, 14. desbr. 1877, um skatt á ábúð og afnotum jarða og á lausafje. — Flutningsmaður: Sighvatur Árnason.

Í skatt af ábúð og afnotum jarða, samkvæmt lögum nr. 21, 14. desbr. 1877, skal hjer eptir greiða 1 al. af jarðarhundraði hverju, eptir verðlagsskrár-meðalverði í hverju lögsagnarumdæmi.

Skattur af lausafje, samkvæmt áðurnefndum lögum, skal hjer með úr lögum numinn.

Nd. **71. Frumvarp**

til stjórnarskipunarlaga um hin sjerstaklegu málefni Íslands. — Flutningsmenn: Sigurður Stefánsson, Jón Jónsson, þm. N.-Þ., Eiríkur Briem, Páll Briem og Þorvarður Kjerúlf.

1. gr. Í öllum þeim málefnum, sem varða Ísland sjerstaklega, hefur landið löggjöf sína, dómsvald og stjórn út af fyrir sig, á þann hátt, að löggjafarvaldið er hjá konungi og alþingi í sameiningu, framkvæmdarvaldið hjá konungi og dómsvaldið hjá dómendum.

2. gr. Hin sjerstaklegu málefni landsins eru þessi:

1. Hin borgaralegu lög, hegningarlögin og dómgæzlan, er hjer að lýtur.
2. Lögreglumálefni.
3. Kirkju- og kennslumálefni.
4. Lækna- og heilbrigðismálefni.
5. Sveita- og fátækramálefni.
6. Vegir og póstgöngur landsins.
7. Landbúnaður, fiskiveiðar, verzlun, siglingar og aðrir atvinnuvegir.
8. Skattamál, bein og óbein.
9. Þjóðeignir, alþjóðlegar stofnanir og sjóðir.

Meðan Ísland hefur ekki fulltrúa á ríkisþinginu, en það er komið bæði undir hinu sjerstaka löggjafarvaldi landsins, konungi og alþingi, og löggjafarvaldi ríkisins, leggur landið ekkert til almennra ríkisþarfa. En á hinn bóginn tekur það heldur engan þátt á meðan í löggjafarvaldinu um almenn ríkismál.

3. gr. *Konungur hefur hið æðsta vald í öllum hinum sjerstöku málefnum landsins með þeim takmörkunum, sem settar eru í stjórnarskrá þessari. Konungur tekur sjer ráðgjafa fyrir Ísland og víkur honum úr völdum. Undirskript konungs undir ályktanir þær, er snerta löggjöf og stjórn, veitir þeim gildi með þeim takmörkunum, sem settar eru í stjórnarskrá þessari, þá er ráðgjafi hans fyrir Ísland skrifar undir með honum. Ráðgjafi þessi ber ábyrgð á ályktunum þeim, er hann ritar undir með konungi. Alþingi kemur fyrir sitt leyti ábyrgð fram á hendur honum eptir þeim reglum, er nákvæmara verður skipað fyrir um með lögum.*

4. gr. Konungur skal vinna eið að stjórnarskrá Íslands. Af eiðstaf konungs skal gjöra 2 samhljóða frumrit, og skal senda alþingi annað þeirra til geymslu, en hitt skal geyma í leyndarskjalasafninu.

5. gr. Konungur er ábyrgðarlaus; hann er heilagur og friðhelgur.

6. gr. *Konungur skipar landstjóra, sem hefur aðsetur sitt í landinu, og víkur honum frá völdum. Konungur lætur landstjóra í nafni sínu og umboði framkvæma hið æðsta vald í hinum sjerstöku málefnum landsins, nema öðruvísi sje fyrir mælt í stjórnarskrá þessari (sbr. 3., 6., 16., 17., og 71. gr.). Landstjóri skal vinna eið að stjórnarskránni. Laun hans skal ákveða með lögum.*

7. gr. *Landstjóri tekur sjer ráðgjafa og víkur þeim úr völdum. Hvar sem ráðgjafar eru nefndir í stjórnarskrá þessari, er átt við ráðgjafa landstjórans, nema berlega sje nefndur „ráðgjafinn fyrir Ísland“. Ráðgjafarnir hafa á hendi stjórnarstörfin innanlands og bera ábyrgð á þeim. Ábyrgð þessa skal ákveða með lögum.*

Undirskript landstjóra undir ályktanir þær, er snerta löggjöf og stjórn,

veitir þeim gildi með þeim takmörkunum, sem settar eru í stjórnarskrá þessari, þá er einhver ráðgjafanna eða fleiri þeirra skrifa undir með honum. Ráðgjafi, sem undir ályktun ritar með landstjóra ber ábyrgð á henni.

8. gr. Ráðgjafar skulu eigi vera fleiri en þrír, og skal einn vera æðstur þeirra. Landstjóri og ráðgjafar er landsráð, og landstjóri forseti þess. Í landsráðinu skal ræða lagafrumvörp öll og mikilsverð stjórnarmálefni. Deyi landstjóri eða hindrist á annan hátt, stendur hinn æðsti ráðgjafi fyrir stjórn, þangað til konungur nefnir annan landstjóra, eða landstjóri tekur aptur við stjórninni.

9. gr. Landstjóri eða neðri deild alþingis getur kært ráðgjafana fyrir embættisrekstur þeirra. Í þeim málum dæmir landsdómur.

10. gr. Landstjóri veitir öll þess konar embætti, sem konungur hefur veitt hingað til. Breyting má á þessu gjöra með lögum. Engan má skipa embættismann í landinu, nema hann hafi hin almennu rjettindi innborinna manna, og þar á ofan hafi fært sönnur á, að hann hafi fullnægt hinum gildandi ákvæðum um kunnáttu í máli landsins. Hver embættismaður skal vinna eið að stjórnarskránni. — Landstjóri getur vikið embættismönnum frá, og fer þá um eptirlaun þeirra svo sem lög mæla fyrir. Landstjóri getur flutt embættismenn úr einu embætti í annað, þó svo, að þeir missi einskis í af embættistekjum, og að þeim sje gefinn kostur á að kjósa, hvort þeir vilji heldur embættaskiptin, eða þá lausn frá embætti með eptirlaunum þeim, sem almennar reglur ákveða. Með lögum má undan skilja ýmsa embættismannaflokka, auk embættismanna þeirra, sem nefndir eru í 53. grein.

11. gr. Landstjóri stefnir saman reglulegu alþingi annaðhvort ár. Án samþykkis landstjóra má þingið eigi setu eiga lengur en 10 vikur. Breyta má þessum ákvæðum með lögum.

12. gr. Landstjóri getur frestað fundum hins reglulega alþingis um tiltekinn tíma, en þó ekki lengur en 4 vikur, nema alþingi samþykki það, og ekki nema einu sinni á ári.

13. gr. Landstjóri getur rofið aðra eða báðar deildir alþingis, og skal þá stofna til nýrra kosninga, áður tveir mánuðir sjeu liðnir, frá því þingið var rofið, og skal þá stefna þinginu saman aptur næsta ár á eptir, að það var rofið. *Þó má landstjóri eigi rjúfa alþingi án þess samþykkis, eptir að hann hefur stefnt því saman, eða það er saman komið samkvæmt 24. gr., fyrri en það hefur saman verið 10 vikur.*

14. gr. Landstjóri getur stefnt alþingi saman til aukafunda, og ræður hann, hversu langa setu það þá skuli eiga.

15. gr. Landstjórnin getur lagt fyrir alþingi frumvörp til laga og ályktana.

16. gr. *Undirskript landstjóra þarf til þess að veita ályktunum alþingis lagagildi. Landstjóri annast um, að lögin verði birt og að þeim verði fullnægt. Sje lagafrumvarp, sem alþingi hefur samþykkt, eigi staðfest á undan næsta reglulegu alþingi, er það fallið niður.—Nú hefur landstjóri staðfest lög, sem konungi þykja viðsjárverð sakir sambands Íslands við Danmörku, og getur hann þá ónýtt staðfesting landstjórans á þeim lögum, ef hann gjörir það innan árs frá því er lögin hafa birt verið á lögboðinn hátt á Íslandi. Ónýting þessi fellir þá lögin úr gildi frá þeim tíma, er hún verður heyrum kunn á hverjum stað fyrir sig, þó hvergi*

síðar en 8 vikum eptir að hún hefir birt verið á þann hátt, sem lögboðið er um lagabirtingar. — Staðfestingar konungs þarf til breytingar á stjórnarskránni eða viðauka við hana, svo sem síðar er fyrir mælt í 71. gr.

17. gr. Þegar brýna nauðsyn ber til, getur konungur eða landstjóri gefið út bráðabirgðalög milli alþinga; þó mega slík lög eigi koma í bága við stjórnarskrána, enda falla þau úr gildi, nema næsta alþingi á eptir samþykki þau. *Eigi má gefa út bráðabirgða-fjárlög fyrir það fjárhagstímabil, er fjárlög eru samþykkt fyrir af alþingi.*

18. gr. Landstjóri veitir leyfi þau og undanþágur frá lögum, sem tíðkazt hafa, eptir reglum þeim, sem farið hefur verið eptir hingað til.

19. gr. Landstjóri náðar menn og veitir almenna uppgjöf á sökum. Ráðgjöfunum getur hann eigi gefið upp sakir fyrir brot á stjórnarskránni nje fyrir önnur brot, sem landsdómur hefur dæmt þá fyrir, nema því að eins, að neðri deild alþingis samþykki.

II.

20. gr. Á alþingi eiga setu 36 þjóðkjörnir menn. Kosning þeirra gildir venjulega fyrir 6 ára tímabil. Stytta má tímabil þetta með lögum. Deyi nokkur eða fari frá af þeim, sem kosnir eru til þingsetu, meðan á kjörtímanum stendur, skal kjósa annan í hans stað til þingsetu fyrir það tímabil, sem eptir er af kjörtímanum.

21. gr. Alþingi skiptist í tvær deildir, efri þingdeild og neðri þingdeild. Í efri þingdeild sitja 12 menn, er kjósa skal um land allt eptir ákvæðum þeim, er sett verða í kosningarlögunum. Í neðri deild sitja 24 þingmenn, kosnir í kjördæmum. Tölu þingmanna má breyta með lögum.

22. gr. Kosningarrjett til alþingis hafa:

a, allir búandi menn, húsmenn, borgarar, þurrabúðarmenn og aðrir húsráðendur, sem greiða gjald til almennra þarfa;

b, embættismenn;

c, þeir, sem tekið hafa lærdómspróf við háskólann, prestaskólann eða læknaskólann í Reykjavík, eða eitthvert annað þess háttar opinbert próf, sem nú er, eða kann að verða sett, þó ekki sjeu þeir í embætti, ef þeir eru ekki öðrum háðir.

Þó getur enginn átt kosningarrjett, nema hann sje orðinn fullra 25 ára að aldri, þegar kosningin fer fram, hafi óflekkað mannorð, hafi verið heimilisfastur í kjördæminu 1 ár, sje fjár síns ráðandi og honum sje ekki lagt af sveit, eða, hafi hann þegið sveitarstyrk, að hann þá hafi endurgoldið hann, eða honum hafi verið gefinn hann upp.

23. gr. Kjörgengur til alþingis er hver sá, sem hefur kosningarrjett samkvæmt því, sem nú var sagt, ef hann:

1, ekki er þegn annars ríkis eða er í þjónustu þess;

2, hefur að minnsta kosti síðustu 5 ár verið í löndum þeim í norðurálfunni, sem liggja undir Danaveldi.

Kjörgengi til efri deildar skal þó bundið við 35 ára aldur.

Kjósa má þann mann, sem á heima utan kjördæmis, eða hefur verið innan kjördæmis skemur en eitt ár.

Með lögum má veita konum kosningarrjett og kjörgengi til alþingis. Nákvæmari reglur um kosningarnar verða settar í kosningarlögum.

III.

24. gr. Alþingi skal koma saman fyrsta virkan dag í júlímánuði annaðhvort ár, hafi landstjóri ekki tiltekið annan samkomudag sama ár.

Með lögum má ákveða, að hið reglulega alþingi komi optar saman eður á öðrum tíma.

25. gr. Samkomustaður alþingis er í Reykjavík. Þó getur landstjóri eptir atvikum skipað fyrir um, að alþingi komi saman á öðrum stað í landinu.

26. gr. Alþingi er friðheilagt. Enginn má raska friði þess eða frelsi.

27. gr. Alþingi sker sjálft úr, hvort þingmenn þess sjeu löglega kosnir.

28. gr. Sjerhver nýr þingmaður skal vinna eið að stjórnarskránni, undireins og viðurkennt er, að kosning hans sje gild.

29. gr. Alþingismenn eru eingöngu bundnir við sannfæring sína og eigi við neinar reglur frá kjósendum sínum.

Embættismenn þeir, sem kosnir eru til alþingis, þurfa ekki leyfi stjórnarinnar til þess að þiggja kosninguna, en skyldir eru þeir til að annast um, að embættisstörfum þeirra verði gegnt án kostnaðar fyrir landsjóðinn.

30. gr. Hvor þingdeild á rjett á, að bera upp frumvörp til laga og ályktana og samþykkja þau fyrir sitt leyti; einnig má hvor þingdeildin fyrir sig senda konungi eða landstjóra ávörp.

31. gr. Hvor þingdeild getur sett nefndir af þingmönnum til þess, að rannsaka mikils-varðandi málefni. Þingdeildin getur veitt nefndum þessum rjett á, að heimta skýrslur, munnlegar og brjeflegar, bæði af embættismönnum og öðrum.

32. gr. Engan skatt má á leggja, nje breyta, nje af taka, nema með lögum; ekki má heldur án lagaákvæða taka lán, er skuldbindi landið, nje selja eða á annan hátt láta af hendi neina af fasteignum landsins, nje skerða þann hluta viðlagasjóðs, sem ákveðinn verður með lögum.

33. gr. Ekkert gjald má greiða af hendi, nema heimild sje til þess í fjárlögum eða fjáraukalögum

34. gr. Jafnskjótt sem hið reglulega alþingi er komið saman, skal leggja fyrir það frumvarp til fjárlaga fyrir fjárhagstímabilið, sem í hönd fer. Með tekjunum skal telja bæði hið fasta tillag og aukatillagið úr hinum almenna ríkissjóði.

Gjöld, sem ákveðin eru með eldri lögum, tilskipunum, konungsúrskurðum eða öðrum gildum ákvæðum, skal, þangað til breyting verður á því gjörð með lögum, til færa í fjárlögunum, svo sem gjöld þessi hafa ákveðin verið.

Frumvarpið til fjárlaganna og eins frumvörp til fjáraukalaga skal jafnan fyrst leggja fyrir neðri deild alþingis.

35. gr. Hvor þingdeild kýs yfirskoðunarmann, og skulu þeim veitt laun fyrir starfa sinn. Yfirskoðunarmenn þessir eiga að gagnskoða reikninga hvers árs um tekjur og gjöld landsins, og gæta þess, að tekjur landsins sjeu þar allar taldar og að ekkert hafi verið goldið út án heimildar. Þeir geta krafizt, að fá allar skýrslur þær og skjöl, sem þeim þykir þurfa. Síðan skal semja reikning fyrir fjár-

hagstímabilið, og leggja hann fyrir alþingi, ásamt með athugasemdum yfirskoðunarmanna, til fullnaðarúrslita.

36. gr. Ekkert lagafrumvarp má samþykkja til fullnaðar, fyr en það hefur verið rætt þrisvar í hvorri þingdeild.

37. gr. Þegar lagafrumvarp er samþykkt í annari hvorri þingdeildinni, skal það lagt fyrir hina þingdeildina í því formi, sem það er samþykkt í. Verði þar breytingar á gjörðar, gengur það aptur til hinnar fyrri þingdeildar. Verði hjer aptur gjörðar breytingar, fer frumvarpið af nýju til hinnar deildarinnar. Gangi þá enn eigi saman, ganga báðar deildirnar saman í eina málstofu, og leiðir alþingi þá málið til lykta eptir eina umræðu. Þegar alþingi þannig myndar eina málstofu, þarf til þess að gjörð verði fullnaðarályktun á máli, að tveir þriðjungar þingmanna úr hvorri deild sjeu á fundi og eigi þátt í atkvæðagreiðslunni; ræður þá atkvæðafjöldi úrslitum um hin einstöku málsatriði, en til þess að lagafrumvarp, að undanskildum frumvörpum til fjárlaga og fjáraukalaga, verði samþykkt í heild sinni, þarf aptur á móti að minnsta kosti, að tveir þriðjungar atkvæða þeirra, sem greidd eru, sjeu með frumvarpinu.

38. gr. Meðan alþingi stendur, má ekki taka neinn alþingismann fastan fyrir skuldir án samþykkis þeirrar deildar, er hann situr í, nje heldar setja hann í varðhald eða höfða mál á móti honum, nema hann sje staðinn að glæp.

Enginn alþingismaður verður krafinn til ábyrgðar utan þings fyrir það, sem hann hefur talað á þinginu, nema þingdeildin, sem hann á sæti í, leyfi.

39. gr. Ef sú breyting, er sviptir mann kjörgengi, verður á högum þess manns, er löglega er kosinn, missir hann rjett þann, er kosningunni fylgir.

40. gr. Ráðgjöfunum skal heimilt vegna embættisstöðu sinnar að sitja á alþingi, og eiga þeir rjett á að taka þátt í umræðunum, eins opt og þeir vilja, en gæta verða þeir þingskapa.

Atkvæðisrjett hafa ráðgjafar því að eins, að þeir sjeu kosnir alþingismenn.

41. gr. Hvor þingdeild og eins hið sameinaða alþingi kýs sjálft forseta sinn og varaforseta.

42. gr. Hvorug þingdeildin má gjöra ályktun um neitt, nema að minnsta kosti tveir þriðjungar þingmanna sjeu á fundi og greiði þar atkvæði.

43. gr. Heimilt er þingmanni að bera upp í þeirri þingdeild, er hann á sæti í, hvert það málefni, er almenning varðar, ef þingdeildin leyfir, og beiðast skýrslu um það.

44. gr. Hvorug þingdeildin má taka nokkurt málefni til meðferðar á þingi, nema einhver þingdeildarmanna taki það að sjer til flutnings.

45. gr. Þyki þingdeild ekki ástæða til að gjöra ályktun um eitthvert málefni, þá getur hún vísað því landstjórnarinnar.

46. gr. Fundi beggja þingdeilda og hins sameinaða alþingis skal halda í heyranda hljóði. Þó getur forseti eða svo margir þingmenn, sem til er tekið í þingsköpunum, krafizt, að öllum utanþingsmönnum sje vísað burt, og skal þá þingið eða þingdeild sú, er hlut á að máli, skera úr, hvort ræða skuli málefnið í heyranda hljóði eða eigi.

47. gr. Þingsköp hins sameinaða alþingis og beggja þingdeilda skal setja með lögum.

IV.

48. gr. Landsdómur skal skipaður dómendum hins æðsta dómstóls innanlands og öllum þingmönnum efri deildar. Ryðja má sá, er kærður er, allt að 5 menn úr dómi, þó svo, að jafnan sitji dóminn eigi færri en 2 dómendur hins æðsta dómstóls. Jafnan skal tala dómenda á stöku standa, og skal því, ef til kemur, einn úr víkja eptir hlutkesti. Landsdómur velur forseta sinn. Endi kjörtími, meðan á máli stendur í landsdómi, halda þó efrideildarmenn sæti sínu í dóminum. Rjettarfarið við dóm þennan skal ákveða með lögum.

49. gr. Landsdómur einn dæmir í þeim málum, er landstjóri eða neðri deild alþingis býr til á hendur ráðgjöfunum.

50. gr. Skipun dómsvaldsins skal ákveða með lögum.

51. gr. Dómendur skera úr öllum ágreiningi um embættistakmörk yfirvaldanna. Þó getur sá, sem þar um leitar úrskurðar, ekki komið sjer hjá að hlýða yfirvaldsboði í bráð, með því að skjóta málinu til dóms.

52. gr. Dómsvaldið skal greina frá umboðsvaldinu með lögum.

53. gr. Dómendur skulu í embættisverkum sínum fara einungis eptir lögunum. Þeim dómendum, sem ekki hafa að auki umboðsstörf á hendi, verður ekki vikið úr embætti nema með dómi, og ekki verða þeir heldur fluttir í annað embætti á móti vilja þeirra, nema þegar verið er að koma nýrri skipun á dómstólana. Þó má veita þeim dómara, sem orðinn er fullra 65 ára gamall, lausn frá embætti, en eigi skal hann missa neins í af launum sínum.

V.

54. gr. Hin evangelisk lúterska kirkja er þjóðkirkja landsins, og skal þjóðfjelagið því styðja hana og vernda.

Sambandinu milli þjóðkirkju og landstjórnar skal skipa með lögum.

55. gr. Landsmenn eiga rjett á að stofna fjelög til að þjóna guði með þeim hætti, sem bezt á við sannfæringu hvers eins. Þó má eigi kenna eða fremja neitt, sem er gagnstætt góðu siðferði og allsherjarreglu.

56. gr. Rjettindi trúarfjelaga þeirra, sem frábrugðin eru þjóðkirkjunni, skal ákveða með lagaboði.

57. gr. Enginn má missa neins í af þegnrjettindum sakir trúarbragða sinna, nje heldur þeirra vegna skorast undan almennum fjelagsskyldum.

VI.

58. gr. Hvern, sem tekinn er fastur, skal án undandráttar leiða fyrir dómara, og sje hann þá eigi þegar látinn laus, skal dómari, áður sólarhringur sje liðinn, leggja rökstuddan úrskurð á, hvort hann skuli í varðhald setja. Megi láta hann lausan móti veði, skal ákveða í úrskurðinum, hvert eða hversu mikið það skuli vera. Dómari og aðrir, sem viðriðnir eru, bera ábyrgð fyrir þeim, sem tekinn er fastur eða hindraður á annan hátt.

Úrskurði dómara má þegar skjóta til æðra dóms, og fer um birting og áfrýjun slíks úrskurðar sem um birting og áfrýjun dóms í sakamálum. Engan má setja í gæzluvarðhald fyrir sök, er að eins varðar fjársekt eða einföldu fangelsi.

59. gr. Heimilið er friðheilagt. Ekki má gjöra húsleit nje kyrrsetja brjef og önnur skjöl, nje rannsaka þau, án dómsúrskurðar, nema lög sjerstaklega leyfi.

60. gr. Eignarrjetturinn er friðhelgur. Engan má skylda til að láta af hendi eign sína, nema almenningsþörf krefji; þarf til þess lög og komi fullt verð fyrir.

61. gr. Öll bönd þau, sem hamla frelsi í atvinnuvegum og jafnrjetti manna til atvinnu, og eigi eru byggð á almenningsheillum, skal aftaka með lögum.

62. gr. Sá, sem ekki getur sjeð fyrir sjer og sínum, og sje hann ekki skyldu ómagi annars manns, skal eiga rjett á að fá styrk úr almennum sjóði, en þá skal hann háður vera takmörkunum þeim, er lögin áskilja.

63. gr. Hafi foreldri eigi efni á að fræða sjálf börn sín, eða sjeu börnin munaðarlaus og öreigar, er það skylda þjóðfjelagsins, að sjá þeim fyrir uppfræðingu og framfæri.

64. gr. Hver maður á rjett á, að láta í ljósi hugsanir sínar á prenti; en þó verður hann að ábyrgjast þær fyrir dómi. Ritskoðun og aðrar tálmanir fyrir prentfrelsi má aldrei lögleiða.

65. gr. Rjett eiga menn á að stofna fjelög í sjerhverjum löglegum tilgangi, án þess að leyfi þurfi að fá til þess. Ekkert fjelag má rjúfa með stjórnarráðstöfun. Þó má banna fjelag um stundarsakir, en þá verður þegar að búa mál til á hendur fjelaginu, til þess að það verði rofið.

66. gr. Rjett eiga menn á að safnast saman vopnlausir. Lögreglustjórninni er heimilt að vera við almennar samkomur. Banna má mannfundi undir berum himni, þegar uggvænt þykir, að af þeim leiði óspektir.

67. gr. Hver vopnfær maður er skyldur að taka sjálfur þátt í vörn landsins eptir því, sem nákvæmar verður ákveðið með lögum.

68. gr. Rjetti sveitarfjelaganna til að ráða málefnum sínum skal skipa með lögum.

69. gr. Skattgjaldamálum skal skipa með lögum.

70. gr. Öll sjerstakleg rjettindi, er lögin hafa bundið við nafnbætur og tign, skulu vera af tekin.

VII.

71. gr. Frumvörp, hvort heldur er til breytinga eða viðauka á stjórnarskrá þessari, má bera upp bæði á reglulegu alþingi og auka-alþingi. Nái frumvarpið um breyting á stjórnarskránni samþykki beggja þingdeildanna, skal rjúfa alþingi þá þegar og stofna til almennra kosninga af nýju. Samþykki hið nýkosna alþingi frumvarpið óbreytt, og nái það staðfesting konungs, þá hefur það gildi sem stjórnarlög.

72. gr. Þá er stjórnarskipunarlög þessi eru staðfest, og landstjórn skipuð samkvæmt 6. og 7. gr. þeirra, er stjórnarskrá um hin sjerstaklegu málefni Íslands 5. dag janúarmánaðar 1874 numin úr gildi.

Ákvæði um stundarsakir.

Í íslenzkum málum, þeim er eigi skal dæma í landsdómi samkvæmt þessum stjórnarskipunarlögum, verður engin breyting gjörð á stöðu hæstarjettar í Danmörku sem æðsta dóms, án þess að hið almenna löggjafarvald ríkisins taki þátt í því.

Nd.

72. Nefndarálit

í tollmálinu.

Neðri deild alþingis hefur kosið oss undirskrifaða í nefnd til að íhuga og segja álit vort um frumvarp til laga um aðflutningsgjald á kaffi og sykri, og síðar hefur deildin vísað til sömu nefndar lagafrumvörpum þeim, er hjer segir:

a, um breyting á lögum 11. febr. 1876 um aðflutningsgjald á tóbaki;
b, — útflutningsgjald af ull og tólg;
c, — útflutningsgjald af hrossum og sauðfje;
d, — aðflutningsgjald á vefnaðarvöru, fatnaði, sætindavöru, glysvarningi, tilbúnu viðmeti m. m., og um afnám lausafjárskatts.

Þegar litið er á fjárlagafrumvarp það, er stjórnin hefur lagt fyrir þingið, og á allar hinar mörgu bænarskrár og lagafrumvörp, sem þingið hefur til meðferðar, og sem hafa í för með sjer mikinn kostnað fyrir landssjóð, fram yfir það, sem fjárlagafrumvarpið gjörir ráð fyrir, og þegar enn fremur er haft tillit til ýmsra þeirra fyrirtækja, er þurfa að fá framgang til þess að þjóðinni geti orðið nokkurra verulegra framfara auðið, — mun engum blandast hugur um, að þarfir landsins sjeu svo miklar og margbrotnar, að brýna nauðsyn beri til að auka tekjur landssjóðs að miklum mun, til þess að hann geti fullnægt, þó ekki sje nema hinum allra nauðsynlegustu útgjöldum. Einnig ber að hafa það hugfast, að mörg af hinum lögákveðnu útgjöldum, er á landssjóði hvíla, eru þess eðlis, að þau fara vaxandi ár frá ári, svo að þó nokkurn sparnað mætti við hafa í einstökum greinum, þá getur sá sparnaður eigi orðið nema hverfandi í samanburði við hin auknu útgjöld, er ekki verður hjá komizt. Á hinn bóginn verður ekki búizt við, að tekjurnar aukist fyrst um sinn að neinum mun af tekjustofnum þeim, sem nú eru, þvert á móti er það vitanlegt, að ein af hinum vissustu tekjugreinum landssjóðs, tillagið úr ríkissjóði, fer árlega þverrandi. Enn fremur er þess að gæta, að á síðasta fjárhagstímabili (1886 og 1887) hefur vantað svo mikið á, að tekjur landsins hafi hrokkið fyrir útgjöldum þess, að numið hefur kr. 203,458,27, og að fjárhæð þessa hefur orðið að taka af arðberandi eign landsins, er veldur eigi all-litlum árlegum tekjumissi eptirleiðis, og sama hlýtur að verða niðurstaðan með þann tekjuhalla, sem vafalaust kemur fram á yfirstandanda fjárhagstímabili (1888 og 1889). Ef þetta fjárhagsástand er látið afskiptalaust, og þeirri stefnu fylgt, að eyða innstæðu viðlagasjóðs, án þess að bæta upp tekjuhallann, hlýtur innan skamms að reka að því, að landssjóður smámsaman sökkvi niður í þá skuldasúpu, sem örðugt verður upp úr að rísa.

Án þess að fara lengra út í þetta mál, eða rannsaka afstöðu þess við 23. gr. stjórnarskrárinnar, er skipar svo fyrir, að ekki megi taka lán handa landssjóði, nema slíkt sje með lagaboði ákveðið, vonum vjer að allir þeir, er láta sjer annt um fjárhag landsins, verði oss samdóma um, að ekki megi lengur svo búið standa, heldur sje það skylda löggjafarvaldsins að taka nú þegar röggsamlega í strenginn, og ekki hika við, að auka tekjur landssjóðs með nýjum álögum. Það vill líka svo vel til, að þingmálafundir þeir, sem haldnir hafa verið í flestum hjeruðum landsins til undirbúnings undir þetta þing, sýna ljóslega, að almenningur er fullkomlega farinn að sjá fram á nauðsynina á auknum tekjum til landsþarfa, og allstaðar hefur sú orðið niðurstaðan, að eini vegurinn til að auka tekjurnar, sje, að

leggja gjöld á verzlun landsins. Það er nú hvorttveggja, að þessu hinu sama er farið fram í öllum áðurnefndum lagafrumvörpum, er nefndin hefur haft til meðferðar, enda er það samhuga álit nefndarmanna, að eptir því sem til hagar, verði eigi, þegar á allt er litið, fundinn annar hentugri gjaldstofn fyrir nýjum álögum. Það, sem frumvörpin helzt greinir á um, er það, hvort haganlegra sje, að leggja toll á aðfluttar vörur eða útfluttar. Að vísu verður því ekki neitað, að þó útflutningstollar á afurðum landsins sjeu óeðlilegir í sjálfu sjer, þá hafa þeir þó ýmsa þá yfirburði fram yfir beina skatta, að komið gæti til tals, að leiða þá í lög, ef spurning væri um að breyta skattalögunum, t. d. að afnema skatt þann, er nú hvílir á ábúð og afnotum jarða og á lausafje, en nú er það kunnugt, að frumvarp í þá stefnu er nýlega fallið í efri deild. Og þar eð þetta liggur fyrir utan aðalverkefni nefndarinnar, finnur hún ekki ástæðu til að fara lengra út í það mál. Á hinn bóginn er nefndin einhuga á því, að þegar ræða er um nýjar álögur, þá sjeu aðflutningstollarnir miklu aðgengilegri, einkum ef þeir leggjast mestmegnis á þær vörur, sem annaðhvort eru ekki beinlínis nauðsynlegar eða að minnsta kosti brúkaðar um þarfir fram. Að þessu leyti eru tollar á vínföngum og tóbaki hin eðlilegustu og hagkvæmustu gjöld til almenningsþarfa. Tóbakstollurinn hefur hingað til verið svo lágur, að auðsætt er, að hann þolir mikla hækkun. Þær vörur, sem þá koma næst til álita, eru kaffi og sykur, enda hefur því margsinnis verið hreyft á undanfarandi þingum, að leggja aðflutningsgjald á þessar vörutegundir. Að því er kaffitollinn snertir, hefur því reyndar verið haldið fram, að hann kæmi þyngst niður á sjávarmönnum, af því að kaffi sje að tiltölu mest brúkað við sjávarsíðuna. Því verður heldur ekki neitað, að sveitafólk hefur almennt minni þörf fyrir kaffi en þurrabúðarmenn, en að kaffinautnin sje þeim mun meiri við sjóinn, er ef til vill ekki eins óyggjandi, og þó svo væri, þá yrði þetta atvik að eins til að bæta úr þeim ójöfnuði, sem nú á sjer stað, þar sem hinir beinu skattar og gjöld yfir höfuð eru miklu lægri á sjávarmönnum en sveitabændum. Um sykurtollinn er það að segja, að þó margir sjeu honum mótfallnir fyrir þá sök, að hann leggist á nauðsynjavöru, þá má á hinn bóginn telja honum það til gildis, að sökum hinnar almennu sykurnautnar, sem fremur fer vaxandi en minnkandi, bæði við sjó og til sveita, mun naumast verða fundin önnur jafnlegri eða vissari tekjugrein fyrir landssjóð. Enda álítur nefndin, að tollurinn á hvoru um sig, kaffi og sykri, megi vera talsvert hærri en stungið er upp á í frumvarpi því, er fyrir liggur, meðan hann þó er mun lægri en í flestum öðrum löndum, að því nefndinni er kunnugt.

Að vísu eru nokkrar fleiri aðflutningsvörur, er leggja mætti toll á, án þess að það þyrfti að valda neinum sjerlegum vandkvæðum, svo sem te og steinolía, en með því það er miður hagkvæmt, að tollurinn leggist á mjög margar vörutegundir, einkum ef hann jafnframt nemur að eins lítilli upphæð á hverri fyrir sig, virðist að svo stöddu ekki farandi fram á, að fjölga hinum tollskyldu vörum fram yfir það, sem áður er greint. Reyndar eru margir á því, að fremur flestum öðrum vörum beri að leggja toll á álnavöru og glysvarning, enda verður því ekki neitað, að innflutningur þessara vörutegunda er miklu meiri en góðu hófi gegnir, svo að frá því sjónarmiði kæmi hæfilegur aðflutningstollur á þeim haganlega niður. En í þessu efni er á það að líta, að mikill hluti af verzlunarkostnaði þeim,

er kaupmenn þurfa að hafa, er lagður einmitt á þessar vörutegundir, og í annan stað kemur hjer til skoðunar það, sem mestu varðar, að örðugra er að hafa eptirlit með þessum aðflutningum en nokkrum öðrum. Afleiðingin af því að tolla slíkar vörur yrði því annaðhvort sú, að tekjurnar yrðu næsta stopular fyrir eptirlitsskort, eða að stofna yrði tollgæzlu víðsvegur um landið, er bæði mundi tálma greiðum viðskiptum, og þar að auki hafa afarmikinn kostnað í för með sjer, ekki að eins til launa handa tollgæzlumönnum, heldur einnig til húsabygginga í flestum kauptúnum landsins. Með tilliti til þessa og að öðru leyti eptir því verksviði, sem nefndin hefur sett sjer, getur hún því ekki áðhyllzt hið fyrirliggjandi lagafrumvarp um aðflutningsgjald á vefnaðarvöru m m., jafnvel þó hún hins vegar viðurkenni, að frumvarpið sje að sumu leyti vel hugsað og innihaldi ýmsar bendingar til athugunar, ef spurning væri um, að endurskoða skattalöggjöfina í heild sinni.

Þegar þar næst kemur til skoðunar, hversu mikilli upphæð hin fyrirhugaða aukning á tekjunum þurfi að nema, þá hefur nefndin að vísu ekki í höndum nægileg gögn til að ákveða hana nákvæmlega, en eptir þeirri áætlun, sem hún hefur gjört í samráði við fjárlaganefnd neðri deildar, mun ekki veita af töluvert yfir 100 þús. kr. tekjuauka á ári. Til þess að ná þessari upphæð, telst svo til, eptir síðustu skýrslum um aðfluttar vörur, að tollurinn megi ekki vera öllu minni en hjer segir:

1. á pundi af kaffi . . . 10 aurar.
2. - — — sykri . . . 5 —
3. - — — tóbaki . . 35 —
4. - 100 vindlum . . 1 kr

Um leið og vjer látum þess getið, að vjer munum bera upp sjerstakt frumvarp til laga um breyting á lögum um gjald á brennivíni og öðrum áfengum drykkjum 7 nóv 1879, leyfir nefndin sjer að ráða hinni háttvirtu deild til að samþykkja:

a, frumvarp til laga um aðflutningsgjald á kaffi og sykri,
með þessum breytingum:
1, við 1 gr. 1. tölul. fyrir „5“ komi: 10;
2, — 1 — 2. — — „2“ — 5;
3, — 2 — Á eptir orðunum „skipstjóra eða“ bætist inn í: á hendur;
4, — 7 — Síðari málsgrein. Fyrir „sektirnar“ komi: sektir þær, er amtmaður hefur ákveðið;
5, —10. — Í stað „1. janúar 1890“ komi: 1 oktbr. 1889

b, frumvarp til laga um breyting á lögum 11 febr. 1876 um aðflutningsgjald á tóbaki,
með þessum breytingum:
1, við 1. gr fyrir „20“ komi: 35;
2, — 1. — — „skulu goldnir 50 aur.“ komi: skal goldin 1 kr.
3, — 3. — Í stað „1. janúar 1890“ komi: 1 oktbr 1889

Hin önnur lagafrumvörp, er nefndin hefur haft til meðferðar, getum vjer að svo stöddu ekki ráðið hinni háttvirtu deild til að samþykkja.

Neðri deild alþingis, 12 júlí 1889.

Grímur Thomsen, formaður. Árni Jónsson Eiríkur Briem Jón Jónsson,

Ólafur Briem, skrifari og framsögum. Þorl. Guðmundsson. Þorvarður Kjerúlf.

Nd. **73. Frumvarp**

til laga um breyting á lögum, 15. okt. 1875. um laun íslenzkra embættismanna. — Flutningsmenn: Sigurður Stefánsson, Sigurður Jensson, Þorlákur Guðmundsson, Jón Jónsson, þm. N-Þ., og Árni Jónsson.

1. gr. Biskupi skal veita í árslaun . . . . . kr. 5000
2. gr. Amtmönnum skal veita í árslaun, hvorum fyrir sig . — 5000
3. gr. Forstjóra landsyfirrjettarins skal veita í árslaun . — 4800

Öðrum dómendum í landsyfirrjettinum skal veita í árslaun, hvorum fyrir sig . . . . . — 3500

4. gr. Landfógetanum skal veita í árslaun . . . . . — 3500
5. gr. Forstöðumanni prestaskólans skal veita í árslaun . — 4000

Fyrsta kennara við prestaskólann skal veita í árslaun . — 2800

Öðrum kennara við prestaskólann skal veita í árslaun . — 2400

6. gr. Forstöðumanni lærða skólans skal veita í árslaun 3600 kr. og leigulausan bústað í skólahúsinu eða 400 kr. í húsaleigustyrk.

Yfirkennara lærða skólans skal veita í árslaun . . . . . kr. 3200

Fyrsta og öðrum kennara við lærða skólann skal veita í árslaun, hvorum fyrir sig . . . . . — 2800

Þriðja og fjórða kennara við lærða skólann skal veita í árslaun, hvorum fyrir sig . . . . . — 2400

Fimmta kennara við lærða skólann skal veita í árslaun . — 2000

7. gr. Embættismenn þeir, sem fengið hafa veitingu fyrir embættum þessum áður en lög þessi öðlast gildi, skulu einskis í missa, meðan þeir sitja í sama embætti.

8. gr. Lög þessi öðlast gildi 1. jan. 1890.

N.d **74. Frumvarp**

til laga um lausn frá árgjaldsgreiðslu frá prestakalli.—Flutningsmaður: Sigurður Stefánsson.

Frá fardögum 1888 veitist prestinum Magnúsi Jónssyni í Laufási lausn frá 400 króna árgjaldi því, sem samkvæmt lögum 27. febr. 1880 nú hvílir á Laufásprestakalli og í stað jarðarafgjalda þeirra, sem lögð hafa verið upp í þetta árgjald frá prestakallinu greiðist áðurnefndum presti 400 kr. úr landssjóði. Árgjaldseptirstöðvar þær, er nú hvíla á þessu prestakalli, skulu niðurfalla.

Ed. **75. Nefndarálit**

um frv. til viðaukalaga við lög 27. febr. 1880 um stjórn safnaðamála og skipun sóknarnefnda og hjeraðsnefnda.

Nefndin vill ráða h. h. þingdeild til að samþykkja frumvarpið með þessum breytingum og viðaukum:

1. við 1. gr. Fyrir niðurlagsorðin: „svo sem títt hefir verið“ komi: á sinn kostnað, nema kirkjan sje svo rík að hún geti, að áliti og með samþykki hjeraðsfundar, staðizt vel kostnaðinn að nokkru eður öllu.
2. — 2. — Fyrir upphafsorðin: „Heimilt skal sóknarnefndum . . . að jafna“ komi: Ef söfnuðurinn kostar kirkjusönginn að nokkru eður öllu, þá skal sóknarnefndin, með umráði prestsins, jafna
3. — 2. — Eptir orðið: „hljóðfæraslættinum“ bætist inn í: eður og söngnum, ef hljóðfæri er eigi haft
4. — 2. — Fyrir: „eptir efnum manna og ástæðum“, komi: eptir efnahag manna.
5. — 4. og 5. gr. 4. og 5. gr. sjeu felldar.

Alþingi, 11. júlí 1889.

Arnljótur Ólafsson, form. og framsögum. | Jakob Guðmundsson, skrifari. | Friðrik Stefánsson.

Ed. **76. Frumvarp**

til laga um breyting á þingsköpum alþingis. — Flutningsmenn: Fr. St. Stefánsson og Jón Ólafsson.

1. gr. Þingmaður sá, er fyrir aldurs sakir, skipar forsæti, hvort heldur í sameinuðu þingi eða í þingdeildunum, hefur á meðan allan sama rjett og skyldur sem forseti; hann tekur því eigi þátt í atkvæðagreiðslu.

2. gr. Ef 4 þingmenn í efri deild, 8 í neðri deild, eða 12 í sameinuðu alþingi óska þess, skal við hafa hlutfallskosningar-aðferð við nefndarkosningu.

Nd. **77. Tillaga**

til þingsályktunar um reikninga Arnarstapa-, Skógastrandar- og Hallbjarnareyrar umboðs. — Flutningsmaður: Páll Briem.

Neðri deild alþingis ályktar, að vísa áliti yfirskoðunarmanns neðri deildar alþingis um reikninga Arnarstapa-, Skógastrandar- og Hallbjarnareyrar-umboðs 1884 og 1885 til reikningslaganefndarinnar.

Ed. **78. Frumvarp**

til laga um löggilding verzlunarstaðar að Haukadal í Dýrafirði. — Eptir 3. umr. í Nd.

Að Haukadal í Dýrafirði skal vera löggiltur verzlunarstaður.

Ed. **79. Frumvarp**

til laga um löggilding verzlunarstaðar að Arngerðareyri við Ísafjarðardjúp.— Eptir 3. umr. í Nd.

Að Arngerðareyri við Ísafjarðardjúp skal vera löggiltur verzlunarstaður.

Ed. **80. Frumvarp**

til laga um löggilding verzlunarstaðar að Múlahöfn við Hjeraðsflóa — Eptir 3. umr. í Nd.

Að Múlahöfn við Hjeraðsflóa skal vera löggiltur verzlunarstaður.

Ed. **81. Frumvarp**

til laga um löggilding verzlunarstaðar við Vogavík í Gullbringusýslu. — Eptir 3. umr. í Nd.

Við Vogavík í Gullbringusýslu skal vera löggiltur verzlunarstaður.

Ed. **82. Frumvarp**

til laga um löggilding verzlunarstaðar við Hólmavík í Steingrímsfirði. — Eptir 3. umr. í Nd.

Við Hólmavík hjá Skeljavík í Steingrímsfirði skal vera löggiltur verzlunarstaður.

Ed. **83. Frumvarp**

til laga um löggilding verzlunarstaðar að Svalbarðseyri við Eyjafjörð. — Eptir 3 umr. í Nd.

Að Svalbarðseyri við Eyjafjörð skal vera löggiltur verzlunarstaður.

Ed. **84. Nefndarálit**

um frv. til laga um uppeldisstyrk óskilgetinna barna og fl.

Nefndinni fanst ástæða til að rita upp aptur mikinn hluta af frumvarpinu, fyrir því að orðfærið þurfti allvíða umbótar við, og svo þótti nefndinni ýmsar efnisbreytingar nauðsynlegar, einkum í 1. og 3. gr. frumvarpsins, til þess að það yrði í samkvæmni við lagareglur þær, er nú gilda hjer á landi, um framfærslu óskilgetinna barna. Aðrar efnisbreytingar hefur nefndin fáar gjört, og skal hjer drepið einungis á tvær þær helztu. Breyting nefndarinnar á 4. gr. er fólgin í því, að hún setur vistarhrepp barnsmóðurinnar í stað vistarhrepps föðurins. Aðferð frumvarpsins er vafningssöm og ósamkvæm vorum framfærslulögum. Fyrir því áleit nefndin rjettara, að vistarhreppur móðurinnar skyldi greiða henni barns fúlgu föðurins í bráð, í þá líking, sem nú er títt að vistarhreppur þurfalings veiti honum stundarstyrk. Hinar breytingar nefndarinnar á greininni eru einungis afleiðing af breyting þessari. Síðari málsgrein 5. gr. gat nefndin eigi fundið að væri rjettarbót, og ræður því til að sleppa henni.

Af þessum ástæðum vill nefndin ráða h. h. þingdeild til að samþykkja frumvarpið með þessum breytingum.

1. gr. Faðir að óskilgetnu barni er skyldur að lögum að framfæra barn sitt þar til það er 16 ára, og lengur, ef barn hans getur þá eigi unnið fyrir framfæri sínu. Ef þörf gjörist, skal amtmaður ákveða upphæð barnsfúlgunnar og tiltaka hversu lengi hún haldast skuli.

2. gr. Fyrir: á styrk þeim sem 1. gr. ræðir um komi: á fúlgu þeirri er ræðir um í 1. gr.

Fyrir: gengið eptir henni, komi: heimt hana.

3. gr. Nú deyr karlmaður og lætur eptir sig barn óskilgetið yngra en 16 ára og skal þá greiða af fjármunum dánarbúsins sem aðra skuld, er komin sje í gjalddaga, barnsfúlgu þá, er hinn dáni gjalda skyldi, svo framarlega sem beiðni um það kemur til skiptaráðanda áður en skuldlýsingarfrestur (Proclama) er liðinn eða 6 mánuðir frá láti hans, hafi skuldlýsingarfrestur eigi boðaður verið. Þó skal þess jafnan gætt, að meðgjöf sú, er ætluð er óskilgetnu barni til framfærslu, skal aldrei nema meiru fje en því, er barnið skyldi í arf taka, ef skilgetið væri. Nú situr ekkja barnsföður í óskiptu búi, og heldur hún þá áfram að greiða meðgjöf þá, er barnsfaðirinn lúka skyldi, ef á lífi væri, en þó eigi meiri upphæð nje um lengri tíma en amtmanni hæfa þykir eptir efnum hennar og með hliðsjón til fyrtjeðra fyrirmæla, og aldrei lengur en þartil barnið er orðið 14 vetra, ef hún á skilgetin börn á lífi, ella þar til barn er 16 vetra. Um barnsfúlgu, er þannig er greidd af hendi í einu eptir lát föðurins, skal fara sem um fje óforráðamanna, (ómyndugra), að verja má að eins hvers árs meðgjöf barninu til framfærslu jafnótt sem hún kemur í gjalddaga. Falli barnsfúlga niður að nokkru eða öllu, þá skal fje það, er óeytt er, koma til skipta meðal erfingja.

4. gr. Verði meðgjöf föður með óskilgetnu barni hans eigi náð með lögtaki nje á annan hátt, og móðirin fær vottorð um það frá sóknarpresti sínum eður frá tveim skilríkum og nákunnugum mönnum, að hún sje eigi einfær um að annast framfærslu og uppeldi barns síns, og er henni þá heimilt, ef hún á sveitfesti hjer á landi, að krefjast þess sjálf eða fyrir milligöngu annara, að meðgjöf föðurins verði greidd af dvalarhreppi hennar, en þó eigi nema síðasta ársmeðgjöf hvert sinn. Styrkur þessi skal eigi talinn sveitarstyrkur veittur móðurinni heldur föðurnum. Nú hefur vistarhreppur móðurinnar greitt henni barnsfúlgu föðurins og gjört síðan árangurslausa tilraun til að ná fúlgunni hjá föðurnum með eptirgangsmunum þeim, er lög heimila, og á hann þá rjett til endurgjalds hjá framfærsluhreppi föðurins enda sje hann sveitfastur hjer á landi. Framfærsluhreppur föðurins hefur á síðan allan hinn sama rjett, sem vistarhreppur móðurinnar áður hafði, til að ganga eptir hjá föðurnum meðgjöf þeirri, er hann goldið hefur fyrir hann, eður og að heimta að hann sje látinn afplána styrkinn. Ef barnsfaðir hefur eigi framfærslurjett hjer á landi, fellur kröfurjettur vistarhrepps móðurinnar niður.

5. gr. Þann hinn sama rjett, sem móðir að óskilgetnu barni hefur eptir 4. gr. laga þessara, hafa og þeir menn, er annast framfærslu og uppeldi barnsins eptir móðurina látna, burtfarna eður af öðrum orsökum; sama rjett hefur og sveitarstjórn, þá er barnið þiggur af sveit.

Síðari liður greinarinnar fellur úr.

6. gr. Hvenær sem sveitarstjórn, samkvæmt lögum þessum, spyrst fyrir um fóður óskilgetins barns, á hún, ef þörf gjörist, rjett á að krefjast fulltingis sýslumanns eður bæjarfógeta til að leita upp verustað hans.

Í fyrirsögn frumvarpsins komi orðið: framfærsla fyrir "uppeldisstyrk„.

Sighvatur Árnason, (formaður) Jakob Guðmundsson, (skrifari) Arnljótur Ólafsson, (framsögumaður)

Nd. **85. Breytingartillaga**

við frumvarp til laga um þjóðjarðasölu (38). — Frá Grími Thomsen, J. Jónassen, Þorsteini Jónssyni, Þórarni Böðvarssyni, Sigurði Jenssyni og Páli Ólafssyni.

8. gr. Falli burt.

Nd. **86. Tillaga**

til þingsályktunar viðvíkjandi samningi milli Danmerkur og Svíaríkis—Noregs 10. ág. 1883. — Flutningsmenn: Eiríkur Briem, Grímur Thomsen, J. Jónassen, Sigurður Stefánsson, Þ. Kjerúlf, Þorsteinn Jónsson og Þórarinn Böðvarsson.

Neðri deild alþingis skorar á stjórnina, að sjá svo um, að kostnaður af heimflutningi skipverja af gufuskipinu „Miaca" árið 1888, sem greiddur hefur verið úr jarðabókarsjóði, verði tjeðum sjóði endurgoldinn úr ríkissjóði, eða af öðrum rjettum hlutaðeigendum, og að samningurinn („Declarationen") milli Danmerkur og Svíaríkis—Noregs, frá 10. ágúst 1883, ekki eptirleiðis leggi neina byrði á landssjóð.

Ed. **87. Nefndarálit**

um frv. til laga um breyting á nokkrum prestaköllum í Dala og Barðastrandar prófastsdæmum.

Eptir að vjer, sem hin heiðraða deild kaus í nefnd til að íhuga breyting á nokkrum prestaköllum í Dala og Barðarstrandar prófastsdæmum, höfum yfirfarið frumvarp þetta, erum vjer komnir til þeirrar niðurstöðu, að Saurbæjar-þing ásamt Garpsdal sjeu viðunandi brauð, án nokkurs tillags, jafnvel þó Saurbæjarprestinum aukist nokkur erfiðleiki við það að þjóna Garpsdal. En hvað Skarðsstrandar-þingin snertir, vonum vjer, að sjeð verði um, að hinn þjónandi prestur í því brauði, fái einhverja hæfilega þóknun, meðan núverandi emeritprestur nýtur $^2/_5$ hluta af tekjunum, en sem nú er næstum 90 ára; ennfremur leggjum vjer það til, að brauði þessu verði lagðar 100 kr. til frambúðar. Við 3. gr. höfum vjer ekki fundið ástæðu til að gjöra neinar athugasemdir, heldur að brauð þetta komist í sitt forna lag, eins og frumvarpið ætlast til. Hvað Hjarðarholts-brauðið snertir, ætlum vjer, að það þurfi frekari uppbót heldur en Skarðsstrandar-þingin, þó það eptir brauðmatinu 6. júlí 1870 sje metið nokkuð meira eða 442 rdl. 62 sk., en Skarðsstrandar-þingin ekki metin nema 401 rdl. 58. sk., því undir Skarðsstrandar-þingin liggja nokkrar byggðar eyjar, sem ekki eru eins affallasamar í harð-

æri, eins og Laxárdalurinn. Þannig hefur nefndin komizt til þeirrar niðurstöðu, að þessi brauðabreyting hefur hvorki skaða nje hag í för með sjer fyrir landssjóð, því Skarðs-þingunum og Hjarðarholti leggjast að eins þær 300 kr., sem nú eru lagðar til Garpsdals; vjer ráðum því hinni heiðruðu deild til að samþykkja eptirfylgjandi breytingar:

1. 1. gr. breytist þannig, að orðin: "Þessu brauði leggjast 300 kr.„ falli burtu.
2. 2. gr. breytist þannig: í staðinn fyrir 300 kr. komi: "100 kr.„ og orðin: "meðan nú„ og til enda greinarinnar falli burtu,
3. 4. gr. í staðinn fyrir 300 kr. komi: "200 kr.„

Jakob Guðmundsson, F. S. Stefánsson, Sighvatur Árnason.
(formaður) (skrifari og framsögum).

Nd. **88. Frumvarp**

til laga um gjald af aðfluttu smjöri og öðru viðmeti. — Flutningsmenn: Arni Jónsson og Ólafur Briem.

1. gr. Þá er útlent smjör og annað viðmeti er flutt til Íslands skal greiða gjald í landssjóð, 20 aura af hverju pundi.

2. gr. Um innheimtu gjaldsins og eptirlit með aðflutningi hinnar tollskyldu vöru skal farið eptir ákvæðum tilskipunar 26. febr. 1872, um gjald á brennivíni og öðrum áfengum drykkjum.

3. gr. Lög þessi öðlast gildi 1. janúar 1890.

Nd. **89. Frumvarp**

til laga um löggilding verzlunarstaðar að Stapa í Snæfellsnessýslu. — Flutningsmaður: Páll Briem.

Að Stapa í Snæfellsnessýslu skal vera löggiltur verzlunarstaður.

Nd. **90. Nefndarálit**

í málinu: Frumvarp til laga um rjettindi kaupmanna búsettra á Íslandi.

Vjer, sem hin heiðraða neðri deild alþingis hefur kosið í nefnd, til að athuga «frumvarp til laga um rjettindi kaupmanna búsettra á Íslandi», höfum íhugað frumvarp þetta og ráðum til að samþykkja það með nokkrum smábreytingum og viðaukum.

Oss hefði að vísu þótt æskilegra að fá lög, sem færu lengra og gerðu kaupmönnum, sem reka fasta verzlun á Íslandi, að skyldu, að vera hjer búsettir, því að þá fyrst getum vjer haft vissar vonir um, að fá innlenda og þjóðlega kaupmannastjett, sem eigi láti arðinn af verzlun sinni ganga út úr landinu. En bæði er það, að frumvarp þetta miðar til, að hlynna eigi all-lítið að kaupmönnum, búsettum hjer á landi, og þannig bæta talsvert úr annmörkum þeim, sem landið hefur af «faktora»-verzluninni eða selstöðuverzluninni, og hinsvegar varla að óttast, að frumvarp þetta mæti nokkurri mótspyrnu frá stjórnarinnar hálfu, þar sem við því mætti heldur búast um frumvarp til laga um búsetu fastakaupmanna.

Breytingar- og viðaukatillögur við frv. til laga um rjettindi kaupmanna búsettra á Íslandi:

1. Við 1. gr. b. A eptir «kaffirót» komi: brauð.
2. — — — - Fyrir orðin: «í tylftum» komi: í tugum.
3. — — — d. Fyrir orðin: «í tylftum» á 2 stöðum komi á báðum stöðunum: í tugum.
4. Aptan við 1. gr. bætist: Sameigendur verzlunar mega því að eins selja smásölu, að þeir sjeu báðir eða allir búsettir á Íslandi.

Þeir kaupmenn, sem nú reka verzlun á landi hjer, þótt eigi sjeu þeir hjer búsettir, eru undanþegnir þessum ákvæðum.

5. Við 2. gr. Í stað orðanna: «sektum.....selda» komi: 100—1000 kr. sektum.

Alþingi, 13. júlí 1889.

Grímur Thomsen, form.	Sigurður Stefánsson, framsögum.	Þorleifur Jónsson, skrifari.

Nd. **91. Frumvarp**

til laga um breyting á lögum nr. 31, 8. nóv. 1883 um breyting á 2. og 3. gr. laga 11. febr. 1876 um stofnun læknaskóla. — Flutningsmaður: Þorsteinn Jónsson.

1. gr. Hinum fasta kennara við læknaskólann skal veita í árslaun 2,800 kr.
2. gr. Lög þessi öðlast gildi 1. jan. 1890.

Ed. **92. Frumvarp**

til laga um viðauka við lög 14. janúar 1876 um tilsjón með flutningum á þeim mönnum, er flytja sig úr landi í aðrar heimsálfur. — Eptir 2. umr. í Ed.

1. gr. Enginn útflutningastjóri eður umboðsmaður útflutningastjóra má taka við neinu innskriptargjaldi eða neinu fje undir nokkru öðru nafni sem borgun upp í væntanlegt fargjald eður meðalgöngu fyrir að útvega útförum far, nje heldur nokkurri skuldbindingu um gjald síðar í þessu skyni, nema hann jafnframt gefi útfaranum skriflegt loforð um flutning fyrir fastákveðið verð á tilteknum tíma og frá tilteknum stað.

Brotum gegn þessum ákvæðum hegnir landshöfðingi með úrskurði til sekta allt að 2000 kr. af upphæð þeirri, er útflutningastjóri hefur að veði lagt; útflutningaleyfið má og af honum taka, ef tilefni þykir til.

2. gr. Nú tekur útflutningastjóri eigi við útförum á þeim tíma og stað, er hann eður umboðsmenn hans hafa um samið eður auglýst, enda sje eigi lögmætum forföllum um að kenna, og getur þá útfari hver kært útflutningastjóra fyrir landshöfðingja; en hann ákveður bætur útförum til handa af veði því, er útflutningastjóri hefur sett, enda hafi útfarinn eigi vanhaldið sínar skuldbindingar.

3. gr. Skip, sem flytja útfara af landi, mega hvergi hjer við land taka neinn farþegja um borð, sem ekki hefur útfararsamning áteiknaðan af lögreglustjóra eða umboðsmanni hans, áður en hann fer á skip, nema hann hafi vegabrjef frá lögreglustjóra umdæmisins, þar sem hann fer á skip.

Brotum gegn ákvæði þessu hegnir landshöfðingi með úrskurði til sekta allt að 400 kr. fyrir hvern þann mann, er skipstjóri tekur á skip sitt gegn þessu banni, og greiðist sektarfjeð af upphæð þeirri, er útflutningastjóri hefur að veði

lagt. Nú afhendir maður öðrum vegabrjef sitt, og varðar það jafnháum sektum, sem áður er talið.

4. gr. Allar sektir eptir lögum þessum renna í landssjóð.

Ed. **93. Viðaukatillaga**

við frv. til laga um viðauka við lög 14. jan. 1876 (92). — Frá nefndinni.

Við 3. gr., 1. málsgrein. Á eptir «lögreglustjóra umdæmisins» komi: eða umboðsmanni hans.

Nd. **94. Frumvarp**

til laga um bann gegn því að ala upp refi. — Flutningsmaður: Þorl. Guðmundsson.

1. gr. Enginn má ala upp refi eða hafa þá undir umsjón sinni.

2. gr. Þó er hreppsnefndum leyfilegt að viðhalda svo mörgum melrökkum, sem þeim þykir nauðsynlegt til refaveiða í hreppnum, þó eigi lengur en til 30. júlí ár hvert.

3. gr. Belgi af öllum þeim vordýrum, yngri og eldri, sem unnin eru, og borgað er fyrir úr sveitarsjóði, eða eptir sjerstakri niðurjöfnun á fjáreigendur, skal afhenda hreppsnefndaroddvita í hverjum hreppi, og hann á haustþingi leggja belgina fram; skulu þeir síðan brenndir undir umsjón hreppsnefnda; skýrsla um þetta skal árlega fylgja hreppareikningum.

4. gr. Hreppsnefndir skulu nákvæmlega hafa eptirlit með, að lögum þessum sje hlýtt.

5. gr. Brot gegn lögum þessum varða sektum, 25—200 kr.

6. gr. Mál, sem rísa út af brotum gegn lögum þessum, skal fara með sem almenn lögreglumál.

7. gr. Lög þessi öðlast gildi 1. maí 1890.

Ed. **95. Frumvarp**

til laga um, að selir sjeu rjettdræpir í veiði-ám og veiði-vötnum.— Flutningsmaður: Skúli Þorvarðarson.

Selir eru rjettdræpir í öllum veiði-ám og veiði-vötnum og ósum þeirra á öllum tímum árs. Þó skal gæta fyrirmæla laganna um, að ekki megi skjóta nær friðlýstu æðarvarpi, en fjórðung úr mílu.

Ástæður.

Það er alkunnugt, að selur er mjög skaðvænn fyrir allar fiskiveiðar, og ekki sízt fyrir laxveiðina, þar sem hann opt hundruðum saman liggur fyrir laxinum í hinum stærstu og helztu veiði-ám landsins, og vitanlega jetur margfalt fleiri laxa, en veiðast. Það er til þess að útrýma þessari skaðlegu skepnu, að jeg hef leyft mjer að koma fram með þetta frumvarp, sem hefur einkar mikla þýðingu fyrir mjög arðsama atvinnu margra landsbúa, svo þótt að fáeinum mönnum, sem selalagnir eiga á þeim stöðum, sem nefndir eru í frumvarpinu, kunni að verða selveiðin hverfandi eða töpuð, virðist efasamt, hvort að fárra manna gagn eða atvinna, sem augljóslega drepur niður almennum og mjög arðsömum atvinnuveg, eins og laxveiðin er, hafi gildan rjett til skaðabóta. Enda myndi varla lengi þurfa að bíða þess, að slíkur skaði bættist með laxveiði, þegar selurinn væri henni ekki til fyrirstöðu.

Nd. **96. Nefndarálit**

í málinu: Frumvarp til laga um tollgreiðslu.

Vjer undirskrifaðir, sem höfum fengið frumvarp þetta til meðferðar, höfum tekið það til íhugunar, og viljum ráða hinni háttvirtu þingdeild til að samþykkja frumvarpið óbreytt.

Neðri deild alþingis, 13. júlí 1889.

Árni Jónsson. Eiríkur Briem. Grímur Thomsen, formaður. Jón Jónsson.

Ólafur Briem, skrifari og framsögum. Þ. Guðmundsson. Þorvarður Kjerulf.

Ed. **97. Breytingartillaga**

við frumvarp til laga um lögreglusamþykktir. — Frá Jóni Ólafssyni

Við 3. gr. Í stað: «Í samþykktina . . . . mótmælir»,

komi: »Nú gjörir amtmaður eða landshöfðingi breytingar við frumvarpið, og skal þá leggja þær fyrir bæjarstjórnina til álita. Geti hún eigi fallizt á þær, verður eigi af samþykkt fyrir kaupstaðinn í það sinn«.

Ed. **98. Nefndarálit**

um frv. til laga um gjaldheimtu til sýslusjóðs og sýsluvega.

Nefndin getur eigi annað en fallizt á þær tvær höfuðreglur frumvarpsins, að álögur þær, er hjer um ræðir, skuli greiddar eptir sama mælikvarða, sem þær eru álagðar, svo sem reglan er með allar aðrar beinar álögur, og í öðru lagi, að sýslumenn skuli heimta þær saman með öðrum gjöldum á manntalsþingum, einkum þar nefndin fær eigi sjeð, að heimta þessi baki sýslumönnum neinnar eiginlegrar fyrirhafnar, fyrir því að þeir þurfa alls ekki fyrir þessa sök að heimta gjöld þessi af nokkrum nýjum gjaldanda, og upphæð þessara gjalda nemur eigi meiru yfir land allt en milli 17000 og 18000 kr. Fyrir því fannst nefndinni eigi ástæða til, að ætla þeim nokkra aukapóknun fyrir starfsauka þennan.

Nefndin ræður því h. h. þingdeild til að samþykkja frumvarpið með þessum breytingum:

1. Við 1. gr. Fyrir «húsfaðir er skyldur.....gjaldskylda karlmenn» komi: húsfaðir er skyldur að lúka gjaldið fyrir sig, svo og ef gjaldheimtumaður svo vill, fyrir alla vinnumenn, lausamenn, húsmenn, búðsetumenn og aðra þá gjaldskylda karlmenn.
2. Við 4. gr. Orðin: «Hafa skulu sýslumenn 2 af 100 í heimtukaup» sjeu úr felld.
3. — fyrirsögnina: Fyrir «Frumvarp til laga um gjaldheimtu» komi: Frumvarp til laga um greiðslu og gjaldheimtu.

Arnljótur Ólafsson, form. og framsögum. Sighvatur Árnason, skrifari. Jón Ólafsson.

Ed. **99. Frumvarp**

til laga um þjóðjarðasölu. — Eptir 3. umr. í Nd.

1. gr. Hver sá, er hefur þjóðjörð til ábúðar, skal hafa rjett til að fá jörðina keypta, enda sje hún eigi ætluð til embættisbústaðar, skólaseturs eða annara almenningsnota.

2. gr. Kaupverð jarðarinnar skal ákveða eptir sanngjörnum leigumála, er amtsráð metur, eptir tillögum sýslunefndar, þannig að verðið samsvari 25-földu eptirgjaldi hennar, landskuld og leigum. Til hliðsjónar við mat leigumálans skal hafa skýrslur um afgjald og allt ásigkomulag jarðarinnar, sem umboðsmaður er skyldur að láta í tje.

3. gr. Af andvirði jarðarinnar skal kaupandi borga $^1/_{10}$ hluta um leið og kaupin eru fullgjörð, en eptirstöðvarnar á þann hátt, að hann gefi út skuldabrjef fyrir þeim með fyrsta veðrjetti í jörðinni, og skal hann gjalda árlega í vexti og afborgun lánsins 6% af hinni upphaflegu upphæð þess, þannig að allri skuldinni sje lokið á 28 árum.

4. gr. Ef þjóðjörð er í eyði, skal hverjum þeim, er falar jörðina til kaups, veittur kauprjettur með sömu skilmálum sem ábúanda.

5. gr. Þjóðjörð má að eins selja í heilu lagi, nema hún sje setin af fleiri ábúendum en einum, enda sje þá enginn hlutinn minni en svo, að eptirgjaldið nemi 50 kr. Nú er þjóðjörð byggð í smærri hlutum, og má selja hana einhverjum af ábúendunum alla.

6. gr. Þá er leiguliði á þjóðeign óskar að fá keypta ábúðarjörð sína, sendir hann sýslumanni brjeflega beiðni um það. Sýslumaður útvegar skýrslur hjá umboðsmanni; ber því næst málið upp fyrir sýslunefndinni á fyrsta fundi hennar, og sendir það síðan með öllum fylgiskjölum til amtsráðsins.

7. gr. Landshöfðingi gjörir þær ráðstafanir, sem með þarf, um sölu þjóðjarða, til tekur kaupverð þeirra og gefur út afsalsbrjef fyrir þeim.

Nd. **100. Frumvarp**

til laga um viðauka við lög 14. janúar 1876 um tilsjón með flutningum á þeim mönnum, er flytja sig úr landi í aðrar heimsálfur. — Eptir 3. umr. í Ed.

1. gr. Enginn útflutningastjóri eður umboðsmaður útflutningastjóra má taka við neinu innskriptargjaldi eða neinu fje undir nokkru öðru nafni sem borgun upp í væntanlegt fargjald eður meðalgöngu fyrir að útvega útförum far, nje heldur nokkurri skuldbindingu um gjald síðar í þessu skyni, nema hann jafnframt gefi útfaranum skriflegt loforð um flutning fyrir fastákveðið verð á tilteknum tíma og frá tilteknum stað.

Brotum gegn þessum ákvæðum hegnir landshöfðingi með úrskurði til sekta allt að 2000 kr. af upphæð þeirri, er útflutningastjóri hefur að veði lagt; útflutningaleyfið má og af honum taka, ef tilefni þykir til.

2. gr. Nú tekur útflutningastjóri eigi við útförum á þeim tíma og stað, er hann eður umboðsmenn hans hafa um samið eður auglýst, enda sje eigi lögmætum forföllum um að kenna, og getur þá útfari hver kært útflutningastjóra fyrir landshöfðingja; en hann ákveður bætur útförum til handa af veði því, er útflutningastjóri hefur sett, enda hafi útfarinn eigi vanhaldið sínar skuldbindingar.

3. gr. Skip, sem flytja útfara af landi, mega hvergi hjer við land taka neinn farþegja um borð, sem ekki hefur útfararsamning áteiknaðan af lögreglu-

stjóra eða umboðsmanni hans, áður en hann fer á skip, nema hann hafi vegabrjef frá lögreglustjóra umdæmisins eða umboðsmanni hans, þar sem hann fer á skip.

Brotum gegn ákvæði þessu hegnir landshöfðingi með úrskurði til sekta allt að 400 kr. fyrir hvern þann mann, er skipstjóri tekur á skip sitt gegn þessu banni, og greiðist sektarfjeð af upphæð þeirri, er útflutningastjóri hefur að veði lagt. Nú afhendir maður öðrum vegabrjef sitt, og varðar það jafnháum sektum, sem áður er talið.

4. gr. Allar sektir eptir lögum þessum renna í landssjóð.

Ed. **101. Breytingartillögur**

við breytingartillögur nefndarinnar í málinu: frv. til laga um uppeldisstyrk óskilgetinna barna og fl. — Frá nefndinni.

1. við 3. gr. Fyrir framan orðin: «Þó skal þess . .» bætist inn í: Ef ekkja hins dána eða skilgetin börn hans eru á lífi, þá skal eigi fje út leggja öðrum óskilgetnum börnum hans, en þeim, er getin voru fyrir hið síðasta hjónaband.

2. við 4. gr. Fyrir: «fellur kröfurjettur vistarhrepps móðurinnar niður» komi: Kemur í stað framfærsluhreppsins vistarhreppur hans á getnaðardegi barnsins.

Ed. **102. Frumvarp**

til laga um lögreglusamþykktir fyrir kaupstaðina. — Eptir 2. umr. í Ed.

1. gr. Í kaupstöðum landsins má gjöra lögreglusamþykktir.

2. gr. Í lögreglusamþykktinni skal kveða á um það, sem þykir þurfa að skipa fyrir um, eptir því, sem hagar til á hverjum stað:

a. um reglu og velsæmi á strætum, vegum og svæðum, er almenningur fer um; um allt, sem að því lýtur, að gjöra alla umferð greiða og afstýra farartálma og öllu því, sem hættu getur valdið; um friðun og vernd á almannagripum og eignum; um reglu á veitingahúsum og skemmtistöðum, er almenningur sækir, svo og um almennar skemmtanir, svo sem leiki.

b. um almennt hreinlæti, og takmarkanir á notkun opinna eða lokaðra svæða við stundun ýmsra atvinnuvega, t. a. m. fiskiverkunar, lifrarbræðslu og slátrunar, er heilbrigðis vegna eða af öðrum ástæðum mega teljast nauðsynlegar eða haganlegar o. fl.

c. um skipun lögregluliðs, er heldur uppi reglu, þá er eldsvoða eða önnur óvanaleg atvik ber að höndum, sem annaðhvort er sjerstaklega leigt til þessa eptir ákvæðum bæjarstjórnarinnar eða á annan hátt.

d. um allt eptirlit, sem lýtur að því, að fyrirbyggja brunahættu og eldsvoða, þar sem eigi þegar eru sett lög og samþykktir um slíkt efni.

3. gr. Hlutaðeigandi bæjarstjórn býr til frumvarp til samþykktarinnar og skulu vera í henni reglur um, hvernig greiða skuli útgjöld þau til lögreglunnar, er hin ýmsu ákvæði hafa í för með sjer, er gjörð eru. Frumvarpið skal senda amtmanni, og gjörir hann við það þær athugasemdir, er honum þykir við þurfa og sendir það síðan landshöfðingja, er því næst gefur út samþykktina. Í samþykktina má eigi setja nein ákvæði um það, er ræðir um í 2. gr. og hafa í för með sjer útgjöld fyrir bæjarsjóðinn, ef bæjarstjórnin mótmælir. Samþykktin skal prentuð á kostnað bæjarins og birt almenningi

með því að prentast í B.-deild stjórnartíðindanna. Breytingar á samþykktinni skal gjöra og birta á sama hátt sem hina upprunalegu samþykkt.

4. gr. Samþykktin gildir að öllum jafnaði um allt lögsagnarumdæmi kaupstaðarins. Ef rjett þykir vera að skipa svo fyrir, að ákvæði samþykktarinnar skuli eigi gilda á hlutum af landi því, er heyrir undir lögsagnarumdæmið, annaðhvort að nokkru eða öllu leyti, skal þess getið í samþykktinni, svo sem nauðsynlegt er.

5. gr. Brot gegn samþykktunum varða sektum allt að 100 kr. Börn eldri en 10 ára og yngri en 15 ára skulu sæta vandarhöggum, ef þau hafa áður, eptir að þau voru orðin fullra 10 ára, gjört sig sek í þessum brotum, eða gjört eitthvað, sem ber vott um einstaka ónáttúru, þó eigi fleirum vandarhöggum en 15, og sje að öðru leyti farið eptir 30. grein í almennum hegningarlögum, eða sæta einföldu fangelsi allt að 8 dögum. Ef kenna má yfirsjón, er barn drýgir, skorti á hæfilegri umsjón foreldra eða annara, er barninu ganga í foreldra stað, þá skal refsa þeim fyrir yfirsjónina, en eigi barninu.

Ef einhver lætur það ógjört, sem er skylda hans, samkvæmt samþykktinni, má lögreglustjórinn láta gjöra þetta, eða gjöra nauðsynlegar ráðstafanir til þess að hindra, að vanrækslan valdi tjóni. Kostnaður við þetta og kostnaður, sem leiðir af þeim ráðstöfunum, er lögreglustjórinn gjörir til þess að hindra brot gegn því, sem bannað er í samþykktunum, greiðist af afbrotamanninum eða, ef hann er eigi fær um það, af bæjarsjóði.

6. gr. Mál, er rísa út af brotum á samþykktunum, skal fara með sem almenn lögreglumál. Sektir allar fyrir brot á þeim renna í hlutaðeigandi bæjarsjóð.

Nd. **103. Breytingartillaga**

við frumvarp til laga um tollgreiðslu. Frá Þorsteini Jónssyni.

1. Við 2. gr., síðari málsgrein: «Ef lögreglustjóri» o. s. frv. til enda, falli burt.
2. Aptan við frumvarpið bætist svo látandi 6. gr.: Störf þau, er lögreglustjóra ber að framkvæma eptir lögum þessum, getur hann falið umboðsmanni sínum við skipa-afgreiðslu.

Ed. **104. Nefndarálit**

í málinu: frumvarp til laga um breyting á lögum um kosningar til alþingis 14. sept. 1877.

I. Álit meiri hluta nefndarinnar.

Eptir að nefnd sú, er hin heiðraða Ed. kaus til að íhuga frumvarp til laga um breytingu á lögum um kosningar til alþingis, 14. sept. 1877, hafði yfirfarið frumvarp þetta og borið það saman við kosningarlögin 14. sept. 1877, þá komst meiri hluti nefndarinnar (Árni Thorsteinsson og Jakob Guðmundsson) til þeirrar niðurstöðu, að breyta frumvarpinu í tveimur aðalatriðum.

Meiri hlutinn kannast við, að það sje nauðsynlegt, að gjöra kjósendum hægra fyrir að neyta kosningarrjettar síns, þar sem flest kjördæmi landsins eru bæði afar-víðlend og illa löguð til yfirferðar og ýmsar torfærur innan kjördæmanna, svo að allt þetta gjörir mörgum af kjósendunum næsta torvelt, og

stundum ókleyft, að sækja kjörfund á einum stað innan kjördæmis. — Úr þessum annmarka bætir nú frumvarpið með því að ákveða, að kosið skuli sjerstaklega í hverjum hreppi, en meiri hluti nefndarinnar álítur ekki þörf á, að hin sjerstöku kosningarumdæmi verði ákveðin jafnmörg hreppunum til þess að ávinna kjósendum viðunandi hægð að nota kosningarrjett sinn, enda er sumstaðar jafnhægt að sækja kosningarfund á einum stað úr jafnvel 3 eða 4 smáum nágrannahreppum, eins og úr einum hrepp af hinum víðlendustu. Meiri hlutinn er líka hræddur um, að það mundi valda enn meiri tvístringi á kosningunum, ef kosið væri sjerstaklega í hverjum hreppi, heldur en ef kosningarumdæmin væru nokkuð færri og stærri. Meiri hluti nefndarinnar stingur því upp á þeim meðalvegi, að landshöfðingi ákveði, eptir að tillögur sýslunefnda og amtsráða eru fengnar, 2 eða fleiri kosningarstaði fyrir kjördæmið, og er þá líklegt, að kosningarumdæmin verði ákveðin hæfilega mörg í hverju kjördæmi.

Önnur aðalbreyting meiri hlutans er sú, að sleppt sje úr frumvarpi þessu þeim greinum, sem teknar eru orðrjettar upp úr kosningarlögunum 14. sept. 1877. Þó menn kynnu að ætla, að það yrði óglöggara fyrir kjörstjórnirnar, að þurfa að hafa fyrir sjer tvenn lög við kosningarnar, ef þetta lagafrumvarp verður að lögum, bætist úr þessu með 9 gr. Vjer ráðum því hinni heiðruðu deild til að fallast á eptirfylgjandi breytingar á frumvarpinu:

Í stað 1. gr. frumv. komi ný 1. gr., sem hljóði þannig:

Eptir að fengnar eru tillögur sýslunefnda og amtsráða, ákveður landshöfðingi tvo eða fleiri kosningarstaði fyrir kjördæmi hvert, að fráskildri Reykjavík og Vestmanneyjum; kosningarumdæmi hvert skal ákveðið eptir hreppum.

Sýslunefnd kýs formann og tvo aðra menn, er sjeu í kjósendaflokki í nefnd, er á að stjórna kosningum í þessum kosningarumdæmum. Í nefnd þessari skal vera minnst einn sýslunefndarmaður.

Nú er kaupstaður lögsagnarumdæmi sjer í kjördæminu, og kýs þá bæjarstjórn tvo menn úr sínum flokki, er taki þátt í kosningum kjörnefnda ásamt sýslunefndinni. En sje kaupstaður kosningarumdæmi sjer, þá kýs bæjarstjórnin auk oddvita síns, sem skal vera oddviti kjörstjórnarinnar þar, 1 úr sínum flokki og 1 úr flokki kjósenda í kaupstaðnum í kjörstjórnina.

2. gr. falli burtu. í staðinn komi ný 2. gr. þannig:

Kjörstjórn kjördæmisins gengst á þann hátt, sem skipað er í lögum 14. sept. 1877, fyrir, að kjörskrár sjeu í reglu; hún skipar og fyrir um allt það, er lýtur að kosningum í kjördæminu, og að þær sjeu reglulega auglýstar. Hún ein, en eigi kjörþingsstjórnirnar, tekur á móti framboði þeirra, sem bjóða sig til þingmennsku og meðmælingum þeirra, og sendir kjörþingsstjórninni framboð þessi og meðmæli, eigi síðar en viku á undan kjördegi, en samt er kjörþingsstjórn skyld að taka þau framboð, er seinna kunna að koma frá aðalkjörstjórninni, ef þau eru komin áður en kjörþing byrjar.

3. gr. falli burtu, í staðinn komi ný 3. gr. þannig:

Kjörstjórnin eptir 1. gr. stendur fyrir kosningu á kjörfundi kosningarumdæmisins, og gætir við þær í öllu fyrirmæla í lögum 14. sept. 1877, að fráskildu því, að atkvæði, eptir að kosningu er lokið, að eins eru talin saman, og auglýst kjósendum til fróðleiks.

Deginum eptir kosningu eða svo fljótt, sem unnt er, skal oddviti kjörþingsstjórnarinnar senda oddvita kjörstjórnarinnar staðfest eptirrit af því, sem ritað er í kjörbókina um kosningu þá, er fram hefur farið ásamt kjörskránum, og sje hvorttveggja innsiglað.

4., 5., 6., 7., 8., 9. og 10. gr. falli í burtu.

11. gr. verði 4. gr., og orðist þannig:

Kosning fer fram í kosningarumdæmi hverju á þeim þingstað, sem næstur er miðju kosningarumdæmisins, en sje hann óhentugur, þá á öðrum stað, sem amtmaður tiltekur eptir uppástungu sýslunefndarinnar.

12. gr. verður 5. gr., og orðast þannig:

Eigi síðar en 4 vikum áður en kosning á að fara fram, skal oddviti kjörstjórnar senda hverjum kjörþingsoddvita í kjördæminu tilkynning um það, hvern dag kjörþing skuli haldið. Kjörþingin skulu haldin sama dag í öllum kosningarumdæmum aðalkjördæmisins.

13. og 14. gr. falli burtu.

15. gr. verði 6. gr.:

Á eptir „næsta dag eptir kjörþingið“ bætist: „eða svo fljótt sem unnt er“.

16. gr. verði 7. gr.:

Í stað „yfirkjörstjórnarinnar“ komi allstaðar í greininni: „kjörstjórnarinnar“.

Í stað „skulu þá yfirkjörstjórarnir“, komi: skal þá kjörstjórnin.

Í stað „skal þá — atkvæði sitt“, komi: skal sá kosinn, sem eldri er, en sjeu þeir alveg jafngamlir, skal hlutkesti ráða, hvor þeirra verður þingmaður.

„Í Reykjavík — landinu“ falli burtu.

17. og 18. gr. falli burtu.

19. gr. verði 8. gr. — „Yfirkjörstjórar — sýslusjóðnum“ falli burtu.

Í stað „Annar kostnaður — bæjarins“, falli burtu, í stað þess komi: kostnaður sá, er leiðir af kosningum eptir þessum lögum, greiðist á sama hátt og ákveðið er í 38. gr. laga 14. sept. 1877.

9. gr. ný:

Landshöfðingi semur reglugjörð til leiðbeiningar fyrir kjörstjórnir, og sje í þeim tekin fram ákvæði þessara laga og laga 14. sept. 1877.

20. gr. verði 10. gr., en 21. gr. falli burtu.

Á. Thorsteinsson. Jakob Guðmundsson,
framsögum.

II. Álit minni hluta nefndarinnar.

Öll nefndin var sammála um það, að gjöra ætti kjósendum hægra fyrir en nú er, að nota kosningarrjett sinn. En mig greinir á við meðnefndarmenn mína um það, hvernig þessu megi bezt fyrir koma. Þeir vilja láta sýslunefndir, amtsráð og landshöfðingja ákveða hægðaraukann, en jeg vil láta alþingið sjálft gjöra það.

Hið annað atriði, þar sem mig greinir á við meðnefndarmenn mína, er það, hvort taka skuli upp eða ekki í þetta frumvarp þær greinir í hinum síðari hluta kosningarlaganna 14. sept. 1877, er breytingar þessa frumvarps ná ekki til. Meðnefndarmenn mínir vilja láta hverja grein standa í hinum gömlu kosningar-

lögum, sem eigi er breytt í þessu frumvarpi. En jeg ætla, að hentugra verði fyrir þá, er beita eiga lögum þessum og nota þau, að hafa allan síðari hluta kosningarlaganna í einu lagi.

Af þessum ástæðum verð jeg að ráða hinni heiðruðu deild til að fallast á frumvarp mitt með þessum breytingum:

1. við 4. gr. Í stað orðanna: „Eigi síðar en 10 dögum“ komi: „Með næstu póstferð“.
2. — 7. — Orðin: „ógild — fram á alþingi“ falli burt.
3. — 12. — Á eptir orðunum: — „í hans hreppi“, bætist við: og skal hann auglýsa það á vanalegan hátt“.
4. — 13. — Á eptir orðunum í 2. málsgrein greinarinnar: „fari fram í góðri reglu“, bætist við: „Enginn kjörstjóranna má tala með eða móti kosningu nokkurs þingmannsefnis“.
5. — 14. — Síðasta málsgrein greinarinnar: „Oddvitar — atkvæði sitt“, falli burt.
6. — 16. — Í fyrstu málsgrein, í stað orðanna: „oddviti yfirkjörstjórnarinnar — kjördæmið“, komi: „sá rjettkjörinn alþingismaður fyrir kjördæmið, sem eldri eða elztur er; sjeu þeir alveg jafnir að aldri, skal hlutkesti ráða“.
7. — 16. — Í annari málsgrein bætist við á eptir „Reykjavík“: „og Vestmannaeyjum“.
8. — 21. — Bætist við enda greinarinnar: „Að því leyti sem þær eru ekki teknar upp í frumvarp þetta“.

Jón A. Hjaltalín.

Nd. **105. Nefndarálit**

um frumvarp til laga um styrktarsjóði handa alþýðufólki.

Vjer undirritaðir, sem hin heiðraða neðri deild alþingis hefur kosið til að segja álit vort um frumvarp til laga um styrktarsjóði handa alþýðufólki, höfum íhugað frumvarp þetta, og erum einhuga á, að það sje góð og þarfleg rjettarbót, ef það yrði að lögum, og mundi hafa happasæl áhrif fyrir þjóðina.

Það dylst engum, sem hugsar um landshag vorn, hve þungt framfærsluskylda þurfamanna hvílir á sveitarsjóðunum, hitt er ekki síður auðsætt, að gjöldin til sveitarsjóðanna koma ljettast á þá, sem líklegastir eru til að þurfa styrks úr þeim, því það er almennast eptir þeim reglum, sem sveitarútsvör eru lögð á, að nýtustu mennirnir gjalda mest í sveitarsjóðina. En ónytjungarnir, sem líklegastir eru til að verða sveitarbyrði, gjalda optast lítið, stundum ekkert, í sveitarsjóð. Úr þessum ójöfnuði bætir frumvarp þetta töluvert, ef það yrði að lögum, því það bindur skylduna til að gjalda í styrktarsjóðina nær því eingöngu við það, að maður hafi heilsu og krapta til að vinna. Það er líka kostur á frumvarpi þessu, að yrði það að lögum, mundi við það safnast í landinu fjárstofn, er með tímanum mundi nema miklu fje, en sem annars mundi mjög svo opt hafa orðið að eyðslueyri, og það er eitt af aðalskilyrðum fyrir framförum hverrar þjóðar, að peningar safnist fyrir í landinu, og sjeu þar í veltu, og á hinn bóginn verður ekki annað hægt að álíta, en að gjald þetta sje svo ljett, að engan einstakan muni um það.

Vjer viljum því eindregið ráða hinni heiðruðu deild til, að samþykkja frumvarpið, en álítum þó, að það þurfi að breyta því í ýmsu samkvæmt athugasemdum þeim, er komu fram við umræðu málsins.

Við aðra og þriðju grein frumvarpsins viljum vjer að eins gjöra orðabreyting.

Við 6. gr. ráðum vjer til að gjöra efnisbreyting; oss fannst rjettast að láta hreppstjóra og bæjarfógeta innheimta gjaldið, og koma því á vöxtu, og geyma eignarskilríki sjóðanna, en veita þeim svo aptur þóknun fyrir starfa sinn. Einnig fannst oss rjettast að koma sjóðunum á vöxtu í aðaldeild Söfnunarsjóðsins, því það er sá eini sjóður hjer á landi, er geymir peninga og ávaxtar á þann hátt, að ekki sje hægt að taka út höfuðstólinn, þó umráðendur þeirra kynnu að vilja það, eða kynnu að fara miður gætilega með eignarskilríki þeirra, og það er einmitt tilgangur styrktarsjóðanna, að safna þannig fje.

Við 8. gr. ráðum vjer til efnisbreytingar. Samkvæmt athugasemdum við 6. gr. ráðum vjer til, að hreppstjórar og bæjarfógetar hafi á hendi reikningshald sjóðanna. Vjer höfum líka aðhyllzt þá athugasemd, er kom fram við umræðu málsins, að kosnir væru 2 menn til að endurskoða reikningana, og álitum rjettast, að hreppsnefndir og bæjarstjórnir kjósi þá. Í stað landshöfðingja þótti oss rjettara, að setja amtmenn samhliða sýslunefndunum, til að úrskurða reikningana.

9. gr. ráðum vjer til að breyta þannig, að amtmönnum og sýslunefndum sje falið á hendur að sjá um, að framkvæmd sjeu ákvæði laga þessara, því hættan á því, að sjóðirnir sjeu illa tryggðir, hverfur að mestu við það, að honum er komið á vöxtu í Söfnunarsjóðinn.

Samkvæmt þessu leyfum vjer oss að ráða til, að hin heiðraða deild samþykki eptirfylgjandi

Breytingartillögur:

1. Í 2. grein falli burtu orðin: »sem leyst hafa lausamennskubrjef . . . . nýtilega atvinnu», en í þess stað komi: »eða þeir sem vinna fyrir sjer í lausamennsku». Í síðari hluta greinarinnar, á eptir orðunum: »undanþegnir gjaldi þessu» falli burtu: »þeir», en í þess stað komi: »fjelausir menn».
2. 3. gr. Í fyrri hluta greinarinnar falli burtu orðin: »er þeir í húsum hafa», en í þeirra stað komi: »er hjá honum hafa heimili haft það ár». Í síðari hluta greinarinnar falli burtu orðin: »en rjett er þeim . . . . hafa borgað fyrir þau», en í þess stað komi: » en rjett er húsbændum að halda gjaldi þessu eptir af kaupi þeirra, er vinna hjá þeim».
3. 6. gr. orðist þannig: »Í kaupstöðum skulu bæjarfógetar en í sveitum hreppstjórar innheimta gjaldið á framtalsþingum á vorin, og koma því á vöxtu í aðaldeild Söfnunarsjóðsins. Fyrir ómak sitt ber þeim 4% af hinu innheimta gjaldi».
4. 8. gr. orðist þannig: »Í kaupstöðum skulu bæjarfógetar, en í hreppunum hreppstjórar hafa á hendi reikningshald sjóðanna, og geyma eignarskilríki þeirra. Reikningar sjóðanna fyrir hvert ár skulu fyrir lok janúarmánaðar sendir hlutaðeigandi bæjarstjórn eða hreppsnefnd, og kýs bæjarstjórnin eða hreppsnefndin tvo menn til að endurskoða þá. Verði nokkur ágreiningur um athugasemdir endurskoðenda, fellir hlutaðeigandi amtmaður úrskurð um reikninginn, þar sem kaupstaðirnir eiga hlut að máli, en sýslunefnd úrskurðar reikningana úr hreppunum. Í kaupstöðum sendir bæjarstjórnin amtmanni árlega skýrslu um hag styrktarsjóðanna; samskonar skýrslu sendir hreppsnefndin til oddvita sýslunefndarinnar».

5. 9. gr. orðist þannig: »Amtmenn hafa í kaupstöðum og sýslunefnd í hreppunum eptirlit með, að lögum þessum sje hlýtt».
6. Í 10. gr. falli burt orðin: »sem önnur» o. s. frv. . . en í þeirra stað komi: »samkvæmt lögum 16. des. 1885».

Alþingi, 15. júlí 1889.

Eiríkur Briem. Jón Jónsson, skrifari og framsögum. Þorl. Guðmundsson, formaður.

Ed. **106. Frumvarp**

til laga um varnarþing í skuldamálum og um ýms viðskipta-skilyrði. — Flutningsmaður Jón Ólafsson.

1. gr. Ef skuld er stofnuð þar, sem heimilisfang hjerlends lánardrottins er, þá skal varnarþing skuldunauts vera á varnarþings-stað lánardrottins. Sje skuldin stofnuð við fasta verzlun eða aðra heimilisfasta atvinnu-stofnun, þá ræður varnarþing þess, sem henni stýrir, þótt eigandi sje þar eigi búsettur. Eigi raskar þetta þó gildandi ákvæðum um varnarþing, er bundið er við fasteign.

Því að eins gilda fyrirmæli þessarar greinar, að fyrirtöku-dagur málsins falli í sumar-kauptíð (15 júní—31. júlí) eða haust-kauptíð (15. sept.—31. okt.).

Með skuldamál þau, er um ræðir í þessum lögum, skal fara sem gestarjettarmál.— Sje skuldunautur ekki á fyrirkallsstaðnum, þá er honum er birt stefna, skal birta hana á lögheimili hans með sex vikna fresti.

2. gr. Nú hefur maður fengið reikning yfir viðskipti sín, og skal hann þá innan 6 mánaða frá því hann meðtók hann, hafa komið fram með ótvíræð mótmæli gegn hverju því í honum, er hann kannast ekki við; ella skal svo álíta sem hann viðurkenni reikninginn skilyrðislaust.

3. gr. Sje verzlunarbók sú, er skuldaskiptin eru fyrst í skráð, löggilt, og aðalbók slíkt hið sama, skulu þær bækur sönnun vera fyrir því, að reikningur, sem þeim er samhljóða, sje rjettur, nema annað sannist að lögum eða sá, er í hlut á, synji með eiði fyrir að hafa tekið út það, er í bókunum er skráð.

4. gr. Lög þessi ná til þeirra einna skuldaskipta, er skuldheimtumaður er kaupmaður eður hefur á annan hátt atvinnu sína af viðskiptum, svo sem lyfsalar, veitingamenn, iðnaðarmenn, kostnaðarmenn blaða og rita og aðrir, sem líkt stendur á með.

Nd. **107. Frumvarp**

til laga um myndugleika. — Flutningsmenn: Eiríkur Briem og Páll Briem.

1. gr. Framvegis skulu menn eigi verða hálfmyndugir í fjármálum.

2. gr. Hver karlmaður og hver ógiptur kvennmaður skal vera fullmyndugur 21 árs.

3. gr. Hver, sem er fullmyndugur, getur tekið að sjer ábyrgð í fjármálum, svo að gild sje.

ATHUGASEMD. Samskonar lög og hjer er um að ræða hafa verið sett í flestum siðuðum löndum, Englandi, Bandaríkjunum, Rússlandi, Frakklandi (1792), Þýzkalandi (1869 og 1875), Noregi (1869), Svisslandi (1881) og Svíþjóð (1881).

Nd. **108. Frumvarp**

til laga um vexti. — Flutningsmaður Páll Briem.

1. gr. Þegar samið er um vexti af peningaláni, en ekki tiltekin upphæð þeirra, skulu þeir vera 4 af hundraði á ári.

2. gr. Eptirleiðis skal vera frjálst, að taka allt að 6 af hundraði sem vexti af peningaláni gegn veði í fasteignum.

Ed. **109. Breytingar.illaga**

við frumvarp til viðaukalaga við lög nr. 5, 27. febr. 1880, um stjórn safnaðarmála og skipun sóknarnefnda og hjeraðsnefnda. — Frá Jóni A. Hjaltalín.

Síðari hluti 2. gr., sem byrjar með orðunum: „og skal — ástæðum“ falli burt.

Ed. **110. Breytingartillaga**

við frumvarp til laga um uppeldisstyrk óskilgetinna barna o. fl. — Frá Jóni A. Hjaltalín.

Á eptir orðunum í fyrstu línu 3. gr.: „og lætur eptir sig“ bætist inn í: „barn eða“.

Nd. **111. Frumvarp**

til laga um að meta til dýrleika nokkrar jarðir í Vestur-Skaptafellssýslu. — Eptir 2. umr. í Nd.

1. gr. Allar þær jarðir í Vestur-Skaptafellssýslu, sem á næstliðnum árum hafa orðið fyrir stórkostlegum skemmdum af völdum náttúrunnar, skulu metast til dýrleika í hundraðatali. Sýslunefndin skal þegar kveða á um, hverjar þær jarðir eru, er meta skal, eptir að hún hefur leitað um það álits hlutaðeigandi hreppsnefndar. Jarðamat þetta skal fara fram sem fyrst.

2. gr. Í sýslunni skulu 3 menn, sem til þess eru kvaddir af sýslunefndinni, er hún álítur bezt til þess fallna, framkvæma matið. Skulu þeir leysa starf þetta svo af hendi, að þeir geti verið við því búnir, að staðfesta gjörðir sínar með eiði. Sýslumaður stendur fyrir matinu og stjórnar því, en tekur eigi þátt í atkvæðagreiðslunni. Sýslunefndin tilnefnir að minnsta kosti eina jörð í hverri sveit, sem matið fer fram í, er hún álítur hæfilegast metna að hundraðatali eptir jarðabókinni frá 1861, matsmönnum til fyrirmyndar. Jarðir þær, sem metast eiga, skulu miðaðar við fyrirmyndarjörðina, og metast til hundraða í því hlutfalli, sem matsmenn álíta, að notkunargildi hinnar skemmdu jarðar standi í við fyrirmyndarjörðina.

3. gr. Eiganda jarðar eða umboðsmanni skal tilkynnt, að mat eigi fram að fara svo tímanlega, að hann geti verið þar við staddur. Sje eigandi eða umboðsmaður óánægður með mat það, sem sett er á jörðina, getur hann borið matið upp fyrir sýslunefndinni, sem leggur úrskurð á málið, eptir að hún hefir leitað álits hlutaðeigandi hreppsnefndar, og gjört þær ráðstafanir, er hún álítur með þurfa.

4. gr. Sýslumaður skal hafa löggilta bók til að rita í matsgjörðirnar.

5. gr. Þegar mati þessu er lokið á fyrnefndan hátt, skal sýslumaður senda

matsgjörðina í staðfestu eptirriti af matsbókinni, með áliti sýslunefndarinnar, til landshöfðingja, sem þá annast um, að hún komist svo tímanlega til ráðherrans, að honum gefist tækifæri til á alþingisárinu 1891, að hlutast til um, að mat þetta verði staðfest með lagaboði.

Nd. **112. Breytingartillögur**

við frumvarp til laga um tollgreiðslu. — Frá nefndinni.

Við 1. gr. Í staðinn fyrir orðin: »skal lögreglustjóri — og má hann» komi: skal kaupmaður geyma þær í sinni ábyrgð á þann hátt, er lögreglustjóri álítur fulltryggjandi, og má kaupmaður o. s. frv. til greinar endans.

— 2. — Fyrir: »innsigluðu» komi: veðsettu á 2 stöðum.

— 3. — Fyrir: »eru innsiglaðar» komi: flytjast til verzlunar.

— 4. — Fyrir: »innsigluðu» komi: veðsettu.

— 5. — Í staðinn fyrir orðin: »teknar eru undan því» komi: veðsettar eru fyrir tolli, og aptur leystar úr veðbandi.

Nd. **113. Breytingartillögur**

við frumvarp til laga um rjettindi kaupmanna búsettra á Íslandi. — Frá nefndinni.

1. Við 1. gr. Á eptir orðunum: »heimilt að selja« komi: »í stórkaupum og eigi minna af hverri vörutegund í hvert skipti en fyrir 100 kr.«

2. — — — Stafliðirnir a., b., c., d. falli burtu.

Nd. **114. Frumvarp**

til laga um afnám fastra eptirlauna. — Flutningsmenn: Jón Jónsson, 1. þm. N.-M., Árni Jónsson og Þorleifur Jónsson.

1. gr. Hjer eptir skulu engin eptirlaun veitt úr landssjóði, nema annaðhvort með sjerstökum lögum í hvert sinn, eða þá á fjárlögunum, og þá að eins fyrir hvert fjárhagstímabil.

2. gr. Með lögum þessum er felld úr gildi tilskipun 9. maí 1855, sem lögleiðir á Íslandi lög 5. jan. 1851, um eptirlaun, og einnig öll önnur laga-ákvæði, sem koma í bága við þessi lög.

3. gr. Þeir, sem eru í embættum, þegar lög þessi öðlast gildi, og hafa rjett til eptirlauna, samkvæmt eldri lögum, halda óskertum þeim rjetti sínum.

ÁSTÆÐUR.

Öllum, sem nokkuð hafa athugað fjárhag vorn, hlýtur að vera það ljóst, að upphæð sú, sem gengur til eptirlauna handa embættismönnum, fer töluvert vaxandi ár frá ári. Það mun nú mega telja það víst, að þau fari vaxandi í framtíðinni, ekki einungis eins og verið hefur, heldur tiltölulega meira, eptir því sem fram líða stundir. Fjárupphæð sú, sem gengur til eptirlauna, er nú þegar orðin svo há, að hún er langt ofvaxin hinum veiku kröptum þjóðarinnar; hún höggur svo tilfinnanlegt skarð í landssjóðinn á hverju ári, að ekki má svo búið lengur standa. Þegar þess er gætt, að allir menn aðrir hjer á landi eru skyldir að sjá fyrir sjer sjálfir á elliárunum, ef þeir eiga nokkuð sjer til framfæris, og þegar þess er enn fremur gætt, að eptirlaunin eru jöfn, hvort sem embættismaðurinn hefur staðið vel eða illa í stöðu sinni, hvort sem hann er þurfandi eða auðmaður, þá mun engum, sem hlutdrægnislaust lítur á, geta dulizt það, að eptirlaun,

sem föst regla, eru ósanngjörn, opt ómaklega veitt, og langt ofvaxin kröptum þjóðarinnar.

Ed. **115. Nefndarálit**

í málinu: frv til laga um friðun æðarfugla.

Vjer sem hin heiðraða Ed. kaus í nefnd til að íhuga frumvarp til laga um friðun æðarfugla, höfum nú yfirfarið frumvarp þetta og borið það saman við tilskipun um veiði á Íslandi frá 20. júní 1849. Þegar vjer aðgætum sektir þær, sem liggja við æðarfugladrápi, samkvæmt 5. 11. 12. 13. 14. og 18. gr. tjeðrar tilskipunar, þá getum vjer ekki annað sjeð, en að sektir þær, sem þar eru ákveðnar sjeu samtals svo háar, að þær mundu hamla mönnum frá að brjóta lögin, ef lögunum yrði nægilega framfylgt. En af því vjer erum sannfærðir um, að það sje miklu fremur örðugleikinn á að uppljósta lagabrotunum, heldur en hitt, að sektirnar sjeu mikið of lágar, sem því veldur, að lögin eru brotin, þá vill meiri hluti nefndarinnar ráða hinni heiðruðu deild til að samþykkja breytingu þá, er vjer stingum upp á við frumvarpið, því menn munu sækjast minna eptir, að stunda ólöglegt æðarfugladráp og ólöglega eggjatöku, þegar menn ekki mega nota það sjálfir — og verði menn varir við dauðan æðarfugl eða æðaregg hjá fátæklingum, þá er ætíð hægt að komast eptir, hvort þeir hafi fengið slíkt hjá hlutaðeigandi hreppsnefnd.

Breytingarnar verða þessar:

1. Í staðinn fyrir «Frumvarp til laga um friðun æðarfugla» komi: Frumvarp til viðaukalaga við tilsk. um veiði á Íslandi 20 júní 1849.
2. 1. gr. Falli burtu.
3. 2. gr. verði 1. gr. Á eptir «enginn» komi: hvorki varpeigendur nje aðrir; á eptir «hluti af þeim» komi: nje heldur æðaregg á annan hátt en að afhenda slíkt, ef nýtilegt virðist vera, hlutaðeigandi hreppsnefnd, sem þá útbýtir því meðal fátækra þurfamanna í hreppnum.

   Brjóti nokkur móti þessu, skal hann auk sekta þeirra, sem lagðar eru við æðarfugladrápi í tilsk. um veiði á Íslandi 20. júní 1849 gjalda 2 til 20 kr. sekt, fyrir ólöglega notkun æðarfugla og æðareggja, og fær uppljóstarmaður $\frac{4}{5}$ en hlutaðeigandi fátækrasjóður $\frac{1}{5}$ hluta sektarfjárins.
4. 3. gr. verði 2. gr. — óbreytt — 4. gr. falli burt.

Jakob Guðmundsson. F. S. Stefánsson,
skrifari og framsögumaður.

Jeg er samdóma meiri hlutanum um, að tilskipun 20. júní 1849 veiti næga tryggingu gegn æðarfugladrápi. En jeg er því allsendis mótfallinn, sem meiri hlutinn að öðru leyti hefur farið fram á, sem sje að banna að kaupa eða hagnýta dauðan æðarfugl eins og líka að banna eggjatöku, hvorutveggja af því, að þetta er ópraktiskt og eptirlitið með að því sje hlýtt, ómögulegt. Jeg legg því til, að hin heiðraða deild felli frumvarpið svo og frumvarp það til viðaukalaga við tilskip. 20. júní 1849, sem meiri hlutinn hefur komið fram með.

L. E. Sveinbjörnsson.

Nd. **116. Frumvarp.**

til laga um löggilding verzlunarstaðar við Þórshöfn í Gullbringusýslu — Flutningsmaður Þórarinn Böðvarsson.

Við Þórshöfn í Gullbringusýslu skal vera löggiltur verzlunarstaður.

Ed. **117. Breytingartillögur**

við málið: frv. til laga um uppeldisstyrk óskilgetinna barna og fl. — Frá nefndinni.

1. við 1. gr. 1. gr. frv. og nefndarinnar falli niður, og greinatalan breytist þar eptir.
2. — 2. gr. Fyrir: «á styrk þeim, sem 1. gr. ræðir um» komi: á meðgjöf með óskilgetnum börnum.
3. — — — Fyrir: «í 4. gr.» komi: í 3. gr.
4. — 4. gr. Fyrir orðin í frv.: «Þegar meðlag föður með óskilgetnu barni hans eigi greiðist á rjettum tíma», og fyrir orðin í nefndarálitinu: «Verði meðgjöf föður með óskilgetnu barni hans eigi náð með lögtaki eður á annan hátt» komi: Nú greiðir barnsfaðir eigi fúlguna góðfúslega.
5. — — — Fyrir orðin: «dvalarhreppi» og «vistarhreppur» komi: vistarsveit, og fyrir «framfærsluhreppi» og «framfærsluhreppur» komi: framfærslusveit.
6. — «breytingartillögu» (skjal 101.) fyrir: «vistarhreppur hans á getningardegi barnsins» komi: vistarhreppur sá, er faðirinn átti 40 vikum fyrir fæðing barnsins.
7. — 5. gr. nefndarálitsins fyrir: «af öðrum orsökum» komi: af öðrum líkum orsökum.
8. — — — orðin: «eptir 4. gr.» breytist í: eptir 3. gr.

Nd. **118. Frumvarp**

til laga um aðflutningsgjald á kaffi og sykri. — Eptir 2. umr. í Nd.

1. gr. Þegar neðan greindar vörur eru fluttar til Íslands, skal af þeim greiða í landssjóð gjöld þau, er hjer segir:

1, af kaffi og kaffibæti hverskonar, 10 aura af hverju pundi;

2, — sykri og sírópi 5 aura af hverju pundi.

2. gr. Gjaldið skal greiða lögreglustjóra í peningum eða með ávísun, stílaðri upp á borgun við sýningu, á landsbankann eða á verzlunarhús í Kaupmannahöfn, er innheimtumaður tekur gilt. Eigi má afhenda vörurnar þeim, er við eiga að taka, fyr en gjaldið er greitt. Brot gegn þessu fyrirmæli varða sektum, allt að 200 kr., á hendur skipstjóra eða á hendur afgreiðslumanni skipsins, ef vissa er fyrir, að sá maður sje þar á staðnum. Hafi vörurnar afhendar verið þeim, er við á að taka, áður en hann hefur fengið kvittun innheimtumanns fyrir því, að gjaldið sje þegar greitt, þá er hann skyldur til að segja lögreglustjóra frá þessu innan 3 daga frá því að hann tók við vörunum, og greiði gjaldið um leið, ef það er eigi þegar gjört.

3. gr. Til þess að ákveða gjaldið, skal farið eptir vöruskrá skipsins eða tollskrá, svo og hleðsluseðlum þeim eða tilvísunarbrjefum, er snerta hinar tollskyldu vörur.

Hinar tollskyldu vörur má eigi flytja í land, fyr en skipstjóri eða afgreiðslumaður hefur skilað lögreglustjóra öllum þessum skjölum og látið fylgja skriflegt vottorð frá skipstjóra upp á æru og samvizku um það, að eigi sjeu í skipinu aðrar eða fleiri tollskyldar vörur, en þær, er tilfærðar eru á vöru- eða tollskránni,

eða sem ætlaðar eru handa skipverjum sjálfum. Brot gegn þessu fyrirmæli varðar sektum allt að 200 kr.

Enn fremur hefur lögreglustjóri vald til þess, hve nær sem vera skal, að heimta af hverjum búsettum manni í umdæmi sínu, er ástæða er til að ætla, að fái gjaldskyldar vörur frá útlöndum, æru- og samvizkuvottorð skriflegt um það, hvort hann hafi fengið þess konar vörur, og ef svo er, hverjar og hve mikið af þeim Reynist þá svo, að eigi hafi greitt verið fullt gjald af þess konar vörum, skal sá, er við hefur tekið, þegar í stað gjalda það er á vantar, enda sje eigi þyngri ábyrgð fallin á hann eptir lögum þessum.

4. gr. Sje ógreinilega sagt til um tollskyldar vörur á vöru- eða tollskránni, eður ef skýrslurnar þar að lútandi eru eigi fullnægjandi eður sje ástæða til að rengja, að rjett sje skýrt frá, skal lögreglustjóri láta rannsaka farminn og hafa eptirlit með uppskipun svo sem með þarf. Kostnað þann, er af þessu leiðir, skal landssjóður greiða, ef skýrslurnar reynast nákvæmar, en ef þær reynast ónákvæmar, fellur kostnaður á skipstjóra, eða ef nauðsyn krefur, á þá, er við vörum tóku

5. gr. Nú verður maður uppvís að því, að hafa sagt rangt til um gjaldskyldar vörur, sem hann hefur innflutt eða veitt móttöku, eða gjört ranga yfirlýsing þar að lútandi, eður eigi skeytt því samkvæmt 2 gr., að segja frá vörum, er hann hefur tekið við, og skal hann þá, ef brotið varðar eigi þyngri hegning að lögum, sæta sektum, allt að 1000 kr, og gjaldi auk þess sekt, er sje tvöföld við þá upphæð gjaldsins, er hann hefur reynt að draga undan.

6. gr. Hinar aðfluttu tollskyldu vörur skulu vera að veði fyrir tollinum og sektunum, og hefur eigandi ekki rjett til að ráða yfir þeim, fyr en búið er að greiða gjöld þessi. Lögreglustjóri hefur vald til að gjöra þær ráðstafanir í þessu efni, sem með þarf, einkum með því að kyrsetja vörurnar, og ef ekki er borgað, selja þær til lúkningar tolli og sektum.

7. gr Amtmaður getur ákveðið sektirnar, ef hlutaðeigandi eigi krefst þess, að máli því sje vísað til dóms og laga. En verði því vísað til dóms og laga, skal fara með sem almennt lögreglumál.

Landshöfðingi hefur vald til þess að færa niður sektir þær, er amtmaður hefur ákveðið, þegar honum þykir ástæða til vera í einstökum tilfellum.

8. gr. Sektir allar eptir 2. og 3. gr renna í landssjóð. Hið sama er um sektir eptir 5. gr., nema einhver hafi komið því til leiðar með frásögn sinni, að tollsvikin komust upp, og fær hann þá annan helming sekta.

9. gr. Fyrir tollheimtum og sektum eptir lögum þessum skal lögreglustjóri gjöra reikninga, samkvæmt reglum þeim, er gilda um reikninga fyrir tollum á brennivíni og öðrum áfengum drykkjum m. m.

Af upphæð tolls og sekta fær innheimtumaður 2 af hundraði.

Lög þessi öðlast gildi 1. okt 1889.

Nd. **119. Frumvarp.**

til laga um breyting á lögum 11. febr. 1876 um aðflutningsgjald á tóbaki.— Eptir 2. umr. í Nd.

1. gr. Af allskonar tóbaki, hvort heldur reyktóbaki, munntóbaki (rullu) eða neftóbaki (rjóli), skal gjalda toll í landssjóð, 35 aura af hverju pundi. Af hverjum 100 vindlum skal goldin 1 kr.

2. gr. 1. og 2. gr. laga 11. febr. 1876 um aðflutningsgjald á tóbaki eru úr lögum numdar.

3. gr. Lög þessi öðlast gildi 1. okt. 1889.

Nd. **120. Frumvarp**

til laga um viðauka við lög um vegi 10. nóv. 1887. — Flutningsmaður: Sigurður Jensson.

Amtsráð geta eptir tillögum sýslunefnda veitt undanþágu frá ákvæðum laga 10. nóv. 1887 um breidd sýsluvega, og sýslunefndir eptir tillögum hreppsnefnda um breidd hreppavega, þegar landslagi er svo háttað á einhverjum stað, að sjerstakar ástæður mæla með því.

Nd. **121. Breytingartillaga**

við tillögu til þingsályktunar viðvíkjandi samningi milli Danmerkur og Svíaríkis — Noregs, 10. ágúst 1883. — Frá Grími Thomsen.

Eptir orðin: „frá 10. ágúst 1883", komi: sem og álíkir samningar við önnur ríki.

Nd. **122. Viðaukatillaga**

við frumvarp til laga um að meta til dýrleika nokkrar jarðir í Vestur-Skaptafellssýslu. — Frá Ól. Pálssyni, Þorl. Guðmundssyni, Gunnari Halldórssyni, Eiríki Briem, Sigurði Stefánssyni og Sigurði Jenssyni.

Eptir 5. gr. frumvarpsins komi 6. gr. svo hljóðandi: «Fyrir þá daga, sem ganga til matsgjörða þeirra, sem áður er getið, skal veita sýslumanni, og hverjum matsmanni í fæðispeninga og ferðakostnað 2 kr. daglega, er greiðist úr landssjóði, fyrir þær jarðir, sem landssjóður á, en fyrir einstakra manna jarðir borgi eigendurnir sjálfir».

Nd. **123. Frumvarp**

til laga um breyting á 4. gr. í lögum um laun sýslumanna og bæjarfógeta 14. desbr. 1877. — Frá fjárlaganefndinni.

Dalasýslu og Strandasýslu skal sameina í eitt lögsagnarumdæmi svo fljótt sem því verður við komið. Eptir að sameiningin er komin á, eru laun sýslumannsins í lögsagnarumdæmi þessu 3500 kr.

Nd. **124. Frumvarp**

til laga um breyting á tilskipun um póstmál 26. febr. 1872 og lögum 15. okt. 1875 um breyting á sömu tilskipun. —Frá fjárlaganefndinni.

1. gr. Sendingar, sem eru prentað mál í krossbandi eða einbrugðnu bandi,

mega vega allt að 5 pd. Burðareyrir fyrir þær skal vera 3 aurar fyrir hver 10 kvint eða minni punga.

2. gr. Böggulsendingar, sem sendar eru með póstskipunum hafna á milli á Íslandi og ekki þarf að senda neitt yfir land, mega vega allt að 10 pd. Burðareyrir fyrir þær sendingar skal vera 10 aurar fyrir hvert pund og 5 aurar að auki í ábyrgðargjald fyrir hverjar 100 kr. eða minna af verði sendingarinnar, ef verð er tiltekið. Undir tilvísunarbrjef við slíka böggla greiðist að auki venjulegt burðargjald, ef brjefið er lokað.

3. gr. Burðareyrir fyrir lokaða böggla, sem sendir eru með landpóstum frá veturnóttum til sumarmála, skal vera 25 aurar fyrir hver 25 kvint eða minni punga.

4. gr. Með lögum þessum eru lög nr. 21, 4. nóv. 1881, úr lögum numin.

Nd. **125. Tillaga**

til þingsályktunar um breytingu á afborgun af landssjóðsláni Lundarbrekkukirkju. —Frá fjárlaganefndinni.

Alþingi ályktar, að skora á landsstjórnina, að gefa Lundarbrekkukirkju í Suður-Þingeyjarprófastsdæmi kost á, að skuld sú, er kirkjan er í við viðlagasjóðinn við árslok 1889, ávaxtist og endurborgist frá þeim tíma með 6 % á ári í 28 ár.

ÁSTÆÐUR.

Árið 1878 brann kirkjan að Lundarbrekku til kaldra kola með öllum messuáhöldum, klukkum og kirkjuskrúða, án þess nokkru yrði bjargað. Sökum þess að eigandi kirkjunnar var ekki fær um að byggja hana upp, tóku sóknarmenn að sjer umsjón og fjárhald kirkjunnar, og byggðu hana upp úr íslenzkum steini á sinn kostnað, að því leyti, sem sjóður kirkjunnar hrökk eigi til. Til kirkjubyggingarinnar fengu þeir 2000 kr. lán úr landsjóði gegn 6 % leigu og afborgun í 28 ár, er nemur 120 kr. á ári. Nú hefur reynslan sýnt, að árstekjur kirkjunnar hafa ekki þessi síðari ár orðið nema 70—80 kr., svo sóknarmenn hafa orðið að bæta á sig, fram yfir lögákveðin skyldugjöld, 30 til 40 kr. á ári, til þess að geta staðið í skilum við landssjóðinn. Þykir þeim þungt að rísa undir þessu, og hafa því sent stiptsyfirvöldunum beiðni um, að fara fram á það við alþingi: «Að það frá byrjun næstkomandi fjárhagstímabils framlengi endurborgunarfrestinn á láni kirkjunnar um svo langan tíma, sem nægir til þess, að í stað 120 kr. árlegrar afborgunar hingað til, megi það af höfuðstóll og vextir greiðast með 80 til 90 krónum á ári.» Stiptsyfirvöldin hafa sent fjárlaganefndinni beiðni þessa og jafnframt mælt sem bezt fram með því, að hún vildi leggja það til við alþingi, að hið um sótta verði veitt.

Þar sem kirkja þessi er úr steini gjör og ekki er farið fram á neina eptirgjöf á skuldinni, en sóknarmönnum hinsvegar myndi veita næsta örðugt með að lána kirkjunni, ofan á það, er þeir eiga áður hjá henni, nægilegt fje til þess, að greiða 120 kr. á ári, þá styður fjárlaganefndin þá tillögu sína, sem hjer er farið fram á, við framangreindar ástæður.

Ed. **126. Breytingartillaga**

við frv. til viðaukalaga við lög 27. febr. 1880 um stjórn safnaðarmála og um skipun sóknarnefnda og hjeraðsnefnda. — Frá nefndinni.

Við 1. gr. Fyrir orðin: «svo sem títt hefur verið» komi: á sinn kostnað nema eigandi eða forráðamaður kirkju gefi samþykki sitt til að greiða megi kostnaðinn að nokkru eður öllu af kirkjunnar fje, og hjeraðsfundur síðan samþykki, að svo skuli vera.

Nd. **127. Frumvarp**

til laga um afnám amtmannaembættanna og stofnun fjórðungsráða. — Flutningsmenn: Sigurður Stefánsson og Sigurður Jensson.

1. gr. Amtmannaembættin skulu lögð niður. Málum þeim, sem nú eru lögð undir amtmennina, og eigi viðkoma þeim sem forsetum amtsráðanna, skal skipt milli landshöfðingja og sýslumanna eptir reglum þeim, er ráðgjafinn fyrir Ísland ákveður.

2. gr. Í stað amtsráðanna komi fjögur fjórðungsráð, sitt í hverjum fjórðungi. Í Sunnlendingafjórðungi skulu vera þessi sýslufjelög: Vestur-Skaptafellssýsla, Rangárvallasýsla, Vestmannaeyjasýsla, Árnessýsla, Gullbringu- og Kjósarsýsla og Borgarfjarðarsýsla. Í Vestfirðingafjórðungi: Mýrasýsla, Snæfellsnessýsla, Dalasýsla, Barðastrandarsýsla, Ísafjarðarsýsla og Strandasýsla. Í Norðlendingafjórðungi: Húnavatnssýsla, Skagafjarðarsýsla, Eyjafjarðarsýsla, Suður-Þingeyjarsýsla og Norður-Þingeyjarsýsla. Í Austfirðingafjórðungi: Norður-Múlasýsla, Suður-Múlasýsla og Austur Skaptafellssýsla.

Fjórðungsráðin hafa allan hinn sama starfa á hendi sem amtsráðin hafa haft.

3. gr. Í fjórðungsráði hverju skal vera einn fulltrúi úr hverju sýslufjelagi fjórðungsins; skal hann kosinn til 6 ára, á manntalsþingum sýslunnar, og atkvæði talin saman að afloknum þingum af sýslumanni og tveim mönnum, er sýslunefndin hefur til þess kvatt. Um kosningarrjett og kjörgengi til fjórðungsráðs gilda sömu ákvæði sem til sýslunefndar.

Þrem árum eptir að fjórðungsráð hefur verið sett í fyrsta skipti, gengur úr því eptir hlutkesti helmingur hinna kosnu fjórðungsfulltrúa, eður, ef tala þeirra stendur á stöku, þá meiri hlutinn, og skal kjósa aðra í staðinn. Að þrem árum liðnum ganga úr hinir, sem eptir eru, og svo framvegis, annar hluti ráðsins þriðja hvert ár.

Landshöfðingi skipar, auk hinna kosnu fjórðungsfulltrúa, forseta í fjórðungsráð hvert; hefur hann atkvæðisrjett í ráðinu, og að öllu sama ætlunarverk sem amtmenn hafa haft í amtsráðunum.

Eigi er fundur fjórðungsráðs lögmætur, nema meira en helmingur fjórðungsfulltrúa sje á fundi.

Forsetar og fulltrúar í fjórðungsráðunum hafa sömu fæðispeninga sem amtsráðsmenn hafa haft. Fyrir ferðakostnað og störf milli funda fá þeir og endurgjald, eptir reikningi, er fjórðungsráð samþykkir.

4. gr. Þar sem takmörk fjórðunganna verða önnur en takmörk amtanna

hafa verið, skal skipta jafnaðarsjóðum og öðrum sameiginlegum sjóðum amtanna milli fjórðunganna, eptir tiltölu við það, er goldið hefur verið til þeirra næstu 5 ár, áður en skiptingin fer fram. Um tekjur og gjöld fjórðungssjóðanna, er koma í staðinn fyrir jafnaðarsjóði amtanna, gilda hinar sömu ákvarðanir, sem gilt hafa fyrir þá.

5. gr. Þær lagaákvarðanir, er koma í bága við lög þessi, skulu úr lögum numdar.

Nd. **128. Frumvarp**

til laga um breyting á 1. gr. í lögum um skipun prestakalla 27. febr. 1880. — Flutningsmaður Þorvarður Kjerúlf.

Klippstaðar prestakall, sem áður var, Klippstaðar- og Húsavíkursóknir, skal hjer eptir vera sjerstakt prestakall. Brauði þessu leggjast 300 kr. úr landssjóði.

Ed. **129. Frumvarp**

til laga um að meta til dýrleika nokkrar jarðir í Vestur-Skaptafellssýslu. — Eptir 3. umr. í Nd.

1. gr. Allar þær jarðir í Vestur-Skaptafellssýslu, sem á næstliðnum árum hafa orðið fyrir stórkostlegum skemmdum af völdum náttúrunnar, skulu metast til dýrleika í hundraðatali. Sýslunefndin skal þegar kveða á um, hverjar þær jarðir eru, er meta skal, eptir að hún hefur leitað um það álits hlutaðeigandi hreppsnefndar. Jarðamat þetta skal fara fram sem fyrst.

2. gr. Í sýslunni skulu 3 menn, sem til þess eru kvaddir af sýslunefndinni, er hún álítur bezt til þess fallna, framkvæma matið. Skulu þeir leysa starf þetta svo af hendi, að þeir geti verið við því búnir, að staðfesta gjörðir sínar með eiði. Sýslumaður stendur fyrir matinu og stjórnar því, en tekur eigi þátt í atkvæðagreiðslunni. Sýslunefndin tilnefnir að minnsta kosti eina jörð í hverri sveit, sem matið fer fram í, er hún álítur hæfilegast metna að hundraðatali eptir jarðabókinni frá 1861, matsmönnum til fyrirmyndar. Jarðir þær, sem metast eiga, skulu miðaðar við fyrirmyndarjörðina, og metast til hundraða í því hlutfalli, sem matsmenn álíta, að notkunargildi hinnar skemmdu jarðar standi í við fyrirmyndarjörðina.

3. gr. Eiganda jarðar eða umboðsmanni skal tilkynnt, að mat eigi fram að fara svo tímanlega, að hann geti verið þar við staddur. Sje eigandi eða umboðsmaður óánægður með mat það, sem sett er á jörðina, getur hann borið matið upp fyrir sýslunefndinni, sem leggur úrskurð á málið, eptir að hún hefur leitað álits hlutaðeigandi hreppsnefndar, og gjört þær ráðstafanir, er hún álítur með þurfa.

4. gr. Sýslumaður skal hafa löggilta bók til að rita í matsgjörðirnar.

5. gr. Þegar mati þessu er lokið á fyrnefndan hátt, skal sýslumaður senda matsgjörðina í staðfestu eptirriti af matsbókinni, með áliti sýslunefndarinnar, til landshöfðingja, sem þá annast um, að hún komist svo tímanlega til ráðherrans, að honum gefist tækifæri til á alþingisárinu 1891, að hlutast til um, að mat þetta verði staðfest með lagaboði.

6. gr. Fyrir þá daga, sem ganga til matsgjörða þeirra, sem áður er getið, skal

veita sýslumanni og hverjum matsmanni í fæðispeninga og ferðakostnað 2 kr. daglega, er greiðist úr landssjóði, fyrir þær jarðir, sem landssjóður á, en fyrir einstakra manna jarðir borgi eigendurnir sjálfir.

Ed. **130. Frumvarp**

til laga um tollgreiðslu. — Eptir 3. umr. í Nd.

1. gr. Þá er tollskyldar vörur flytjast til fastaverzlunar, getur kaupmaður sá, er tolli á að svara, komizt hjá að greiða meira en helming af hinum ákveðna tolli þá þegar, með því að fá lögreglustjóra í hendur öll umráð yfir vörum þeim, sem frestað er að greiða toll af. Vörur þessar eru veð fyrir eptirstöðvum tollsins, og skal kaupmaður geyma þær í sinni ábyrgð á þann hátt, er lögreglustjóri álítur fulltryggjandi og má kaupmaður hvorki taka þær til afnota eða útsölu, nje farga þeim á annan hátt.

2. gr. Nú vill kaupmaður fá umráð yfir hinum veðsettu vörum, og getur hann þá krafizt, að lögreglustjóri afhendi sjer þær til fullra umráða, en jafnframt er hann skyldur til að greiða að fullu eptirstöðvar tollsins. Ef lögreglustjóri þarf að takast ferð á hendur til að afhenda hinar veðsettu vörur, skal kaupmaður greiða honum ferðakostnað eptir reikningi.

3. gr. Aldrei má líða meira en 3 mánuðir frá því, að vörur flytjast til verzlunar, þangað til tollinum af þeim er að fullu lokið.

4. gr. Ef kaupmaður verður uppvís að því, að hafa tekið eitthvað af hinum veðsettu vörum án leyfis lögreglustjóra, skal hann gjalda þar af þrefaldan toll, og auk þess sæta allt að 100 kr. sekt, er renni í landssjóð. Svo skal hann og hafa fyrirgjört rjetti sínum til frests á tollgreiðslu framvegis.

5. gr. Lögreglustjóri heldur bók yfir allar aðfluttar vörur, þær er tollskyldar eru, og skal rita þar í nákvæma skýrslu um greiðslu tollsins af hendi þeirra, er honum eiga að svara, svo og um vörur, sem veðsettar eru fyrir tolli, og aptur leystar úr veðbandi. Bók þá löggildir amtmaður.

Nd. **131. Frumvarp**

til laga um rjettindi kaupmanna búsettra á Íslandi. — Eptir 2. umr. í Nd.

1. gr. Heimilt er kaupmönnum þeim, sem búsettir eru á Íslandi, og verzla þar fyrir reikning sjálfra sín, að selja allan varning smásölu.

Öðrum kaupmönnum, sem verzlun reka á Íslandi, annaðhvort sjálfir eða með verzlunarstjórum, skal að eins heimilt að selja í stórkaupum og eigi minna af hverri vörutegund í hvert skipti en fyrir 100 kr.

Sameigendur verzlunar mega því að eins selja smásölu, að þeir sjeu báðir eða allir búsettir á Íslandi.

Þeir kaupmenn, sem nú reka verzlun á landi hjer, þótt eigi sjeu þeir hjer búsettir, eru undanþegnir þessum ákvæðum.

2. gr. Brot gegn 1. gr. varða 100—1000 kr. sektum. Rennur helmingur sekta í landssjóð, en helmingur ber uppljóstarmanni. Mál, er út af þessum brotum rísa, eru opinber lögreglumál.

Nd. **132. Frumvarp**

til laga um styrktarsjóði handa alþýðufólki. — Eptir 2. umr. í Nd.

1. gr. Í hverjum kaupstað og hreppi á landinu skal stofna styrktarsjóði handa heilsubiluðu og ellihrumu alþýðufólki.

2. gr. Sjóði þessa skal stofna á þann hátt, að allir karlar og konur, sem eru fullra 20 ára og ekki yfir 60 ára, og eru hjú, þar á meðal börn hjá foreldrum, eða þeir, sem vinna fyrir sjer í lausamennsku, skulu greiða á ári hverju, karlmaður 1 kr. og kvennmaður 30 a. Þó skulu undanþegnir gjaldi þessu fjelausir menn, sem fyrir ómaga eða ómögum hafa að sjá, sem og þeir, er fyrir heilsubrest eða af öðrum ástæðum eigi geta unnið fyrir kaupi; sömuleiðis þeir, sem á einhvern hátt hafa tryggt sjer fje til framfærslu eptir að þeir eru orðnir 65 ára að aldri.

3. gr. Gjald þetta greiðist fyrir hvert liðið vistarár, á þann hátt, að hver húsráðandi inni gjaldið af hendi fyrir alla, er hjá honum hafa heimili haft það ár og gjaldskyldir eru, en rjett er húsbændum að halda gjaldi þessu eptir af kaupi þeirra, er vinna hjá þeim.

4. gr. Hreppsnefndir skulu fyrir lok marzmánaðar ár hvert senda viðkomandi hreppstjóra skýrslu um alla þá, sem gjaldskyldir eru í hreppnum eptir lögum þessum, en í kaupstöðum semja 3 menn, er bæjarstjórnin kýs úr sínum flokki, skýrslur þessar og senda þær fyrir sama tíma til oddvita bæjarstjórnarinnar; gefa skal hlutaðeigendum kost á, að kynna sjer skýrslur þessar fyrri hluta aprílmánaðar.

5. gr. Nú álítur einhver sig ranglega talinn á gjaldskrá, er honum þá rjett að kæra það mál fyrir hlutaðeigandi hreppsnefnd eða bæjarstjórn, er hefur fullnaðar-úrskurð í því.

6. gr. Í kaupstöðum skulu bæjarfógetar en í sveitum hreppstjórar innheimta gjaldið á framtalsþingum á vorin, og koma því á vöxtu í aðaldeild Söfnunarsjóðsins. Fyrir ómak sitt ber þeim 4% af hinu innheimta gjaldi.

7. gr. Hin fyrstu 10 ár eptir að slíkur sjóður er stofnaður í hverju sveitarfjelagi, leggst hið árlega gjald allt við höfuðstólinn ásamt öllum vöxtum, en frá þeim tíma leggst það að eins hálft við höfuðstólinn og hálfir vextirnir, en hinum helmingnum af hinu árlega gjaldi og vöxtunum skal árlega úthluta; skulu bæjarstjórnir og hreppsnefndir úthluta upphæð þessari heilsulitlum eða ellihrumum fátæklingum, sem heimili eiga í sveitarfjelaginu og eigi þiggja sveitarstyrk, án tillits til, hvar þeir eiga framfærslusveit, enda sjeu þeir eða hafi einhverntíma verið í þeim stjettum, sem gjaldskyldar eru til styrktarsjóðanna.

8. gr. Í kaupstöðum skulu bæjarfógetar, en í hreppunum hreppstjórar, hafa á hendi reikningshald sjóðanna og geyma eignarskilríki þeirra. Reikningar sjóðanna fyrir hvert ár skulu fyrir lok janúarmánaðar sendir hlutaðeigandi bæjarstjórn eða hreppsnefnd, og kýs bæjarstjórnin eða hreppsnefndin tvo menn til að endurskoða þá. Verði nokkur ágreiningur um athugasemdir endurskoðenda, fellir hlutaðeigandi amtmaður úrskurð um reikninginn, þar sem kaupstaðirnir eiga hlut að máli, en sýslunefnd úrskurðar reikningana úr hreppunum. Í kaupstöðum sendir bæjarstjórnin amtmanni árlega skýrslu um hag styrktarsjóðanna; samskonar skýrslu sendir hreppsnefndin til oddvita sýslunefndarinnar.

9. gr. Amtmenn hafa í kaupstöðum og sýslunefnd í hreppunum eptirlit með, að lögum þessum sje hlýtt.

10. gr. Gjald þetta má taka lögtaki samkvæmt lögum 16. des. 1885.

Nd. **133. Breytingartillaga**

við frumvarp til laga um aðflutningsgjald á kaffi og sykri. — Frá Sigurði Jenssyni, Gunnari Halldórssyni, Þórarni Böðvarssyni, Jóni Þórarinssyni, J. Jónassen og S. Eiríkssyni.

Við 1. gr. 2 tölul. fyrir „5 aura“ komi „2 aura“.

Ed. **134. Frumvarp**

til viðaukalaga við lög nr. 5, 27. febr. 1880, um stjórn safnaðarmála og skipun sóknarnefnda og hjeraðsnefnda. — Eptir 2. umr. í Ed.

1. gr. Ef söfnuði og eiganda eður umráðamanni kirkju kemur saman um að taka upp og hafa hljóðfæri við tíðagjörð í kirkju sinni, þá er heimilt, ef hjeraðsfundur samþykkir, að kaupa hljóðfæri með kirkjunnar fje, og telst það síðan með áhöldum hennar. En söfnuðurinn skal kosta hljóðfæraslátttinn og halda söng uppi á sinn kostnað, nema eigandi eða forráðamaður kirkju gefi samþykki sitt til, að greiða megi kostnaðinn að nokkru eður öllu af kirkjunnar fje, og hjeraðsfundur síðan samþykki, að svo skuli vera.

2. gr. Ef söfnuðurinn kostar kirkjusönginn að nokkru eður öllu, þá skal sóknarnefndin, með umráði prestsins, jafna niður á sóknarmenn alla, þá er eigi eru skylduómagar nje sveitarómagar, kostnaðinum af söngkennslunni og hljóðfæraslættinum eður og söngnum, ef hljóðfæri er eigi haft, og skal það vera aðalreglan, að helmingur kostnaðarins komi jafnt á hvern tilskyldan mann, en annar helmingurinn fari eptir efnum manna og ástæðum.

Ed. **135. Frumvarp**

til laga um breyting á nokkrum prestaköllum í Dala og Barðastrandar prófastsdæmum. — Eptir 2. umr. í Ed.

1. gr. Saurbæjar-þingaprestakall skal vera Staðarhóls- og Hvolssóknir í Dalaprófastsdæmi og Garpsdalssókn í Barðastrandarprófastsdæmi. Hver hinna þriggja kirkna brauðsins skulu vera þriðjungakirkjur. Garpsdalssókn í Barðastrandarprófastsdæmi leggist til Dalaprófastsdæmis.

2. gr. Skarðs-þingaprestakall skal vera Skarðs- og Dagverðarness-sóknir. Skarðs og Dagverðarness kirkjur skulu vera helmingakirkjur. Þessu brauði leggjast 100 kr.

3. gr. Hvammsprestakall skal vera Hvamms- og Staðarfellssóknir. Hvamms og Staðarfells kirkjur skulu vera helmingakirkjur. Brauð þetta heldur kirkjujörðum þeim og prestsmötum, sem því tilheyrðu fyr meir.

4. gr. Hjarðarholtsbrauð skal vera Hjarðarholtssókn. Brauð þetta bætist upp með 200 kr

---

Nd. **136. Frumvarp**

til laga um stofnun ullarverksmiðju. — Flutningsmaður Jón Jónsson, þm. N-þ.

1. gr. Til þess að koma á fót ullarverksmiðju á Húsavíkur verzlunarstað skal veita lán úr landssjóði, 12,000 kr á ári í 10 ár, alls 120,000 kr.

2. gr. Afborgun og vextir af láni þessu skulu greiðast með 6 af hundraði í 28 ár og byrja árið 1900.

3. gr. Ullarverksmiðjan með byggingum, vjelum og öllu tilheyrandi, skal standa að veði fyrir láninu, enda sje hún vátryggð fyrir að minnsta kosti 120,000 kr.

4. gr. Landsstjórnin greiðir lánið, þegar er full trygging er fengin fyrir, að fyrirtækið komist á fót, og annist hún samninga og annað þess kyns, er af lögum þessum leiðir.

Nd. **137. Breytingartillögur**

við frv. til laga um gjald af aðfluttu smjöri og öðru viðmeti — Frá Árna Jónssyni, Sigurði Jenssyni, Jóni Jónssyni, þm. N-þ., Ólafi Pálssyni, Þ. Guðmundssyni og Þ. Bjarnarsyn.

1. Við 1. gr. Fyrir: „útlent smjör — viðmeti", komi: „smjörlíki (margarin)".
2. — — — Fyrir: „20 aura", komi: "10 aura".
3. Aptan við greinina bætist: „Vöru þessa má eigi flytja til landsins, nema hún sje einkennd með ákveðnu vörumerki. Brot gegn þessari ákvörðun varða sektum allt að 500 krónum".
4. Fyrirsögn frumvarpsins orðist svo: „Frumvarp til laga um gjald af aðfluttu smjörlíki".

Ed. **138. Atkvæðaskrá**

við 2. umr. í Ed. um frv. til laga um breytingu á lögum um kosningar til alþingis 14. sept. 1877 (I. = br.till. meiri hluta nefndarinnar, II. = br.till. minni hluta nefndarinnar).

1. Í stað 1. gr. komi ný gr., er hljóði þannig:

   Eptir að fengnar eru tillögur sýslunefnda og amtsráða, ákveður landshöfðingi tvo eða fleiri kosningarstaði fyrir kjördæmi hvert, að fráskildri Reykjavík og Vestmannaeyjum; kosningarumdæmi hvert skal ákveðið eptir hreppum.

   Sýslunefnd kýs formann og tvo aðra menn, er sjeu í kjósendaflokki, í nefnd, er á að stjórna kosningum í þessum kosningarumdæmum. Í nefnd þessari skal vera minnst einn sýslunefndarmaður.

   Nú er kaupstaður lögsagnarumdæmi sjer í kjördæminu, og kýs þá bæjarstjórn tvo menn úr sínum flokki, er taki þátt í kosningum kjörnefnda ásamt sýslunefndinni. En sje kaupstaður kosningarumdæmi sjer, þá kýs bæjarstjórnin auk oddvita síns, sem skal vera oddviti kjörstjórnarinnar þar, 1 úr sínum flokki og 1 úr flokki kjósenda í kaupstaðnum í kjörstjórnina. (I.)

2. Í stað 2. gr. komi ný gr., er hljóði þannig:

Kjörstjórn kjördæmisins gengst á þann hátt, sem skipað er í lögum 14. sept. 1877, fyrir, að kjörskrár sjeu í reglu; hún skipar og fyrir um allt það, er lýtur að kosningum í kjördæminu, og að þær sjeu reglulega auglýstar. Hún ein, en eigi kjörþingsstjórnirnar, tekur á móti framboði þeirra, sem bjóða sig til þingmennsku og meðmælingum þeirra, og sendir kjörþingsstjórninni framboð þessi og meðmæli, eigi síðar en viku á undan kjördegi, en samt er kjörþingsstjórn skyld að taka þau framboð, er seinna kunna að koma frá aðalkjörstjórninni, ef þau eru komin áður en kjörþing byrjar. (I.)

3. Í stað 3. gr. komi ný gr., er hljóði þannig:

Kjörstjórnin eptir 1. gr. stendur fyrir kosningum á kjörfundi kosningarumdæmisins, og gætir við þær í öllu fyrirmæla í lögum 14. sept. 1877, að fráskildu því, að atkvæði, eptir að kosningu er lokið, að eins eru talin saman, og auglýst kjósendum til fróðleiks.

Deginum eptir kosningu eða svo fljótt, sem unnt er, skal oddviti kjörþingsstjórnarinnar senda oddvita kjörstjórnarinnar staðfest eptirrit af því, sem ritað er í kjörbókina um kosningu þá, er fram hefur farið ásamt kjörskránum, og sje hvorttveggja innsiglað. (I.)

4. 4. gr. falli burtu (I.).
5. Við 4. gr, 3. málsgr.: Í stað orðanna: „Eigi síðar en 10 dögum", komi: með næstu póstferð. (II.).
6. 5. gr. falli burt. (I.).
7. 6. gr. falli burt (I.).
8. 7. gr. falli burt. (I.).
9. Við 7. gr. Síðari hluti greinarinnar: „Ógild — — fram á alþingi" falli burt. (II.).
10. 8. gr. falli burt. (I.).
11. 9. gr. falli burt. (I.).
12. 10. gr. falli burt. (I.).
13. 11. gr. verði 4. gr., og orðist þannig:

Kosning fer fram í kosningarumdæmi hverju á þeim þingstað, sem næstur er miðju kosningarumdæmisins, en sje hann óhentugur, þá á öðrum stað, sem amtmaður tiltekur eptir uppástungu sýslunefndarinnar. (I.).

14. 12. gr. verði 5. gr., og orðist þannig:

Eigi síðar en 4 vikum áður en kosning á að fara fram, skal oddviti kjörstjórnar senda hverjum kjörþingsoddvita í kjördæminu tilkynning um það, hvern dag kjörþing skuli haldið. Kjörþingin skulu haldin sama dag í öllum kosningarumdæmum aðalkjördæmisins. (I.).

15. Við 12. gr. Á eptir orðunum: „í hans hreppi" bætist við: og skal hann auglýsa það á vanalegan hátt. (II.).
16. 13. gr. falli burt. (I.).
17. Við 13. gr. Á eptir orðunum í enda 2. málsgreinar: „fari fram í góðri reglu" komi: Enginn kjörstjóranna má tala með eða móti kosningu nokkurs þingmannsefnis. (II.).
18. 14. gr. falli burt. (I.).

19. 15. gr. verði 6. gr. (I.).
20. Við 15. gr. Á eptir: „næsta dag eptir kjörþingið“ (í enda greinarinnar) bætist: eða svo fljótt sem unnt er. (I.).
21. 16. gr. verði 7. gr.
22. Við 16. gr., 1. málsgr.: Í stað „yfirkjörstjórnarinnar“ komi allstaðar í greininni: kjörstjórnarinnar (I.).
23. — 16. gr. Í stað „skulu þá yfirkjörstjórarnir“ komi: skal þá kjörstjórnin. (I.).
24. — 16. — Í stað „skal þá — — fyrir kjördæmið“ komi: skal sá kosinn, sem eldri er, en sjeu þeir alveg jafngamlir, skal hlutkesti ráða, hver þeirra verður þingmaður. (I.).
25. — 16. — Í stað (sömu orða) „skal þá — — fyrir kjördæmið“ komi: skal þá sá rjettkjörinn alþingismaður fyrir kjördæmið, sem eldri eða elztur er; sjeu þeir alveg jafnir að aldri, skal hlutkesti ráða. (II).
26. 16. — 2. málsgr.: „Í Reykjavík — — á landinu“ falli burt. (I.)
27. Við 16. gr., 2. málsgr. bætist við á eptir „Reykjavík“: og Vestmanneyj um. (II.).
28. 17. gr. falli burt. (I.),
29. 18. gr. falli burt. (I.).
30. 19. gr. verði 8. gr. (I.).
31. Við 19. gr: „Yfirkjörstjórar — — sýslusjóðnum“ falli burt. (I.).
32. — 19. — Í stað síðari hluta greinarinnar: „Annar kostnaður — — bæjarins“ komi: kostnaður sá, er leiðir af kosningum eptir þessum lögum, greiðist á sama hátt og ákveðið er í 38. gr. laga 14. sept. 1877. (I.).
33. Á eptir 19. gr. (8. gr.) komi ný gr. (9. gr.) svo hljóðandi:
Landshöfðingi semur reglugjörð til leiðbeiningar fyrir kjörstjórnir, og sje í þeim tekin fram ákvæði þessara laga og laga 14. sept. 1877. (I.).
34. 20. gr. verði 10. gr. (I).
35. 21. gr. falli burt. (I.).
36. Við 21. gr., við enda greinarinnar bætist við: að því leyti sem þær eru ekki teknar upp í frv. þetta.

Ed. **139. Frumvarp**

til laga um aðflutningsgjald á kaffi og sykri — Eptir 3. umr. í Nd

1. gr. Þegar neðan greindar vörur eru fluttar til Íslands, skal af þeim greiða í landssjóð gjöld þau, er hjer segir:

1, af kaffi og kaffibæti hverskonar, 10 aura af hverju pundi;
2, — sykri og sírópi 5 aura af hverju pundi.

2. gr. Gjaldið skal greiða lögreglustjóra í peningum eða með ávísun, stílaðri upp á borgun við sýningu, á landsbankann eða á verzlunarhús í Kaupmannahöfn, er innheimtumaður tekur gilt. Eigi má afhenda vörurnar þeim, er við eiga að taka, fyr en gjaldið er greitt. Brot gegn þessu fyrirmæli varða sektum, allt að 200 kr.. á hendur skipstjóra eða á hendur afgreiðslumanni skipsins, ef vissa er fyrir, að sá maður sje þar á staðnum. Hafi vörurnar afhendar verið þeim, er við á að taka, áður en hann hefur fengið kvittun innheimtumanns fyrir

því, að gjaldið sje þegar greitt, þá er hann skyldur til að segja lögreglustjóra frá þessu innan 3 daga frá því, að hann tók við vörunum, og greiði gjaldið um leið, ef það er eigi þegar gjört.

3. gr. Til þess að ákveða gjaldið, skal farið eptir vöruskrá skipsins eða tollskrá, svo og hleðsluseðlum þeim eða tilvísunarbrjefum, er snerta hinar tollskyldu vörur.

Hinar tollskyldu vörur má eigi flytja í land, fyr en skipstjóri eða afgreiðslumaður hefur skilað lögreglustjóra öllum þessum skjölum og látið fylgja skriflegt vottorð frá skipstjóra upp á æru og samvizku um það, að eigi sjeu í skipinu aðrar eða fleiri tollskyldar vörur, en þær, er tilfærðar eru á vöru- eða tollskránni, eða sem ætlaðar eru handa skipverjum sjálfum. Brot gegn þessu fyrirmæli varðar sektum allt að 200 kr.

Enn fremur hefur lögreglustjóri vald til þess, hve nær, sem vera skal, að heimta af hverjum búsettum manni í umdæmi sínu, er ástæða er til að ætla, að fái gjaldskyldar vörur frá útlöndum, æru- og samvizkuvottorð skriflegt um það, hvort hann hafi fengið þess konar vörur, og ef svo er, hverjar og hve mikið af þeim Reynist þá svo, að eigi hafi greitt verið fullt gjald af þess konar vörum, skal sá, er við hefur tekið, þegar í stað gjalda það, er á vantar, enda sje eigi þyngri ábyrgð fallin á hann eptir lögum þessum.

4. gr. Sje ógreinilega sagt til um tollskyldar vörur á vöru- eða tollskránni, eður ef skýrslurnar þar að lútandi eru eigi fullnægjandi eður sje ástæða til að rengja, að rjett sje skýrt frá, skal lögreglustjóri láta rannsaka farminn og hafa eptirlit með uppskipun svo sem með þarf. Kostnað þann, er af þessu leiðir, skal landssjóður greiða, ef skýrslurnar reynast nákvæmar, en ef þær reynast ónákvæmar, fellur kostnaður á skipstjóra, eða ef nauðsyn krefur, á þá, er við vörum tóku

5. gr. Nú verður maður uppvís að því, að hafa sagt rangt til um gjaldskyldar vörur, sem hann hefur innflutt eða veitt móttöku, eða gjört ranga yfirlýsing þar að lútandi, eður eigi skeytt því samkvæmt 2 gr., að segja frá vörum, er hann hefur tekið við, og skal hann þá, ef brotið varðar eigi þyngri hegning að lögum, sæta sektum, allt að 1000 kr, og gjaldi auk þess sekt, er sje tvöföld við þá upphæð gjaldsins, er hann hefur reynt að draga undan.

6. gr. Hinar aðfluttu tollskyldu vörur skulu vera að veði fyrir tollinum og sektunum, og hefur eigandi ekki rjett til að ráða yfir þeim, fyr en búið er að greiða gjöld þessi. Lögreglustjóri hefur vald til að gjöra þær ráðstafanir í þessu efni, sem með þarf, einkum með því að kyrsetja vörurnar, og ef ekki er borgað, selja þær til lúkningar tolli og sektum.

7. gr Amtmaður getur ákveðið sektirnar, ef hlutaðeigandi eigi krefst þess, að máli því sje vísað til dóms og laga. En verði því vísað til dóms og laga, skal fara með sem almennt lögreglumál.

Landshöfðingi hefur vald til þess að færa niður sektir þær, er amtmaður hefur ákveðið, þegar honum þykir ástæða til vera í einstökum tilfellum.

8. gr. Sektir allar eptir 2. og 3. gr. renna í landssjóð. Hið sama er um sektir eptir 5. gr., nema einhver hafi komið því til leiðar með frásögn sinni, að tollsvikin komust upp, og fær hann þá annan helming sekta.

9. gr. Fyrir tollheimtum og sektum eptir lögum þessum skal lögreglustjóri gjöra reikninga, samkvæmt reglum þeim, er gilda um reikninga fyrir tollum á brennivíni og öðrum áfengum drykkjum m. m.

Af upphæð tolls og sekta fær innheimtumaður 2 af hundraði.

Lög þessi öðlast gildi 1 okt. 1889.

Ed. **140. Frumvarp**

til laga um breyting á lögum 11. febr. 1876 um aðflutningsgjald á tóbaki.— Eptir 3. umr. í Nd.

1. gr. Af allskonar tóbaki, hvort heldur reyktóbaki, munntóbaki (rullu) eða neftóbaki (rjóli), skal gjalda toll í landssjóð, 35 aura af hverju pundi. Af hverjum 100 vindlum skal goldin 1 kr.

2. gr. 1. og 2. gr. laga 11. febr. 1876 um aðflutningsgjald á tóbaki eru úr lögum numdar.

3. gr. Lög þessi öðlast gildi 1. okt. 1889.

Ed. **141. Frumvarp**

til laga um framfærslu óskilgetinna barna og fl. — Eptir 2 umr. í Ed.

1. gr. Heimilt er móður óskilgetins barns að krefjast þess, að föður þess verði gjört að skyldu að greiða að minnsta kosti helming þess kostnaðar, er af barnsförunum leiddu fyrir hana, og ef þörf gjörist, þröngvað til þess, svo sem heimilað er í lögum til greiðslu á meðgjöf með óskilgetnum börnum. Yfirvöldin til taka upphæð þessarar fjárreiðslu, og getur móðir barnsins heimt hana eptir reglum þeim, sem segir í 3. gr.

2. gr. Nú deyr karlmaður og lætur eptir sig barn óskilgetið yngra en 16 ára, og skal þá greiða af fjármunum dánarbúsins sem aðra skuld, er komin sje í gjalddaga, barnsfúlgu þá, er hinn dáni gjalda skyldi, svo framarlega sem beiðni um það kemur til skiptaráðanda áður en skuldlýsingarfrestur (Proclama) er liðinn eða 6 mánuðir frá láti hans, hafi skuldlýsingarfrestur eigi boðaður verið. Ef ekkja hins dána eða skilgetin börn hans eru á lífi, þá skal eigi fje út leggja öðrum óskilgetnum börnum hans, en þeim, er getin voru fyrir hið síðasta hjónaband. Þó skal þess jafnan gætt, að meðgjöf sú, er ætluð er óskilgetnu barni til framfærslu, skal aldrei nema meiru fje en því, er barnið skyldi í arf taka, ef skilgetið væri. Nú situr ekkja barnsföður í óskiptu búi, og heldur hún þá áfram að greiða meðgjöf þá, er barnsfaðirinn lúka skyldi, ef á lífi væri, en þó eigi meiri upphæð nje um lengri tíma en amtmanni hæfa þykir eptir efnum hennar og með hliðsjón til fyrtjeðra fyrirmæla, og aldrei lengur en þartil barnið er orðið 14 vetra, ef hún á skilgetin börn á lífi, ella þar til barn er 16 vetra. Um barnsfúlgu, er þannig er greidd af hendi í einu eptir lát föðurins, skal fara sem um fje óforráðamanna (ómyndugra), að verja má að eins hvers árs meðgjöf barninu til framfærslu jafnótt, sem hún kemur í gjalddaga. Falli barnsfúlga niður að nokkru eða öllu, þá skal fje það, er óeytt er, koma til skipta meðal erfingja.

3. gr. Nú greiðir barnsfaðir eigi fúlguna góðfúslega, og móðirin fær vottorð um það frá sóknarpresti sínum eður frá tveim skilríkum og nákunnugum mönnum, að hún sje eigi einfær um að annast framfærslu og uppeldi barns síns, og er henni þá heimilt, ef hún á sveitfesti hjer á landi, að krefjast þess sjálf eða fyrir milligöngu annara, að meðgjöf föðurins verði greidd af vistarsveit hennar, en þó eigi nema síðasta ársmeðgjöf hvert

sinn. Styrkur þessi skal eigi talinn sveitarstyrkur veittur móðurinni heldur föðurnum. Nú hefur vistarhreppur móðurinnar greitt henni barnsfúlgu föðurins og gjört síðan árangurslausa tilraun til að ná fúlgunni hjá föðurnum með eptirgangsmunum þeim, er lög heimila, og á hann þá rjett til endurgjalds hjá framfærsluhreppi föðurins enda sje hann sveitfastur hjer á landi. Framfærsluhreppur föðurins hefur á síðan allan hinn sama rjett, sem vistarhreppur móðurinnar áður hafði, til að ganga eptir hjá föðurnum meðgjöf þeirri, er hann goldið hefur fyrir hann, eður og að heimta, að hann sje látinn afplána styrkinn. Ef barnsfaðir hefur eigi framfærslurjett hjer á landi, kemur í stað framfærslusveitarinnar vistarsveit sú, er faðirinn átti 40 vikum fyrir fæðingu barnsins.

4. gr. Þann hinn sama rjett, sem móðir að óskilgetnu barni hefur eptir 3. gr. laga þessara, hafa og þeir menn, er annast framfærslu og uppeldi barnsins eptir móðurina látna, burtfarna eður af öðrum líkum orsökum; sama rjett hefur og sveitarstjórn, þá er barnið þiggur af sveit.

Faðir óskilgetins barns getur eptir lát móður þess því að eins krafizt þess, að fá barnið til sín til uppeldis, að hann annaðhvort ættleiði það eða fái til þess leyfi yfirvaldsins, þar sem barnið hefur alizt upp.

5. gr. Hvenær sem sveitarstjórn, samkvæmt lögum þessum, spyrzt fyrir um föður óskilgetins barns, á hún, ef þörf gjörist, rjett á að krefjast fulltingis sýslumanns eður bæjarfógeta til að leita upp verustað hans.

Ed. **142. Frumvarp**

til laga um greiðslu og gjaldheimtu til sýslusjóðs og sýsluvega. — Eptir 2. umr. í Ed.

1. gr. Kostnaður til sýsluvega lúkist þannig af hverju sýslufjelagi, að hálft dagsverk greiðist fyrir hvern verkfæran karlmann frá tvítugu til sextugs, í hverri stöðu sem hann er. Bóndi hver og húsfaðir er skyldur að lúka gjaldið fyrir sig, svo og, ef gjaldheimtumaður svo vill, fyrir alla vinnumenn, lausamenn, húsmenn, búðsetumenn og aðra þá gjaldskylda karlmenn, er voru til heimilis hjá honum eður á hans vegum það ár, er nafnaskrá sú var samin, er getur um í næstu grein. Upphæð gjaldsins skal talin eptir verðlagsskrá þeirri, er gildir á sama tíma.

2. gr. Hreppstjórar skulu, hver þeirra í sínum hreppi, senda sýslumanni, ár hvert fyrir lok marzmánaðar, nafnaskrá yfir alla verkfæra karlmenn frá tvítugu til sextugs, niðurraðaða eptir heimilum. Hreppstjórar skulu og jafnframt tilgreina hverrar stöðu maður er, og sje hann eigi húsbóndi eða húsfaðir, skal þess getið, hjá hverjum hann sje til heimilis eður á hvers vegum hann sje.

3. gr. Sýslumenn skulu jafna því, er með þarf til sýslusjóðs, samkv. 40. gr. tilsk. 4. maí 1872, niður á hvern ábúanda og tíundanda í sýslunni, jafnmiklu á hvert hundrað ábúðar- og lausafjár, hver sem ábúandi er eður tíundandi, og er hver þeirra skyldur að greiða honum gjald sitt af hendi.

4. gr. Á manntalsþingum ár hvert skulu sýslumenn heimta saman gjöld þau, er nefnd eru í 1. og 3. gr., og gjöra grein fyrir þeim svo sem nú er títt. Frá þeim tíma, er lög þessi öðlast gildi, eru hreppsnefndir lausar við að heimta gjaldið til sýslusjóðs og sýsluvega, samkv. 10. gr. laga um vegi 10. nóvbr. 1887 og 16. og 40. gr. sveitarstjórnartilsk. 4. maí 1872.

Ed. **143. Frumvarp**

til laga um rjettindi kaupmanna búsettra á Íslandi. — Eptir 3. umr. í Nd.

1. gr. Heimilt er kaupmönnum þeim, sem búsettir eru á Íslandi, og verzla þar fyrir reikning sjálfra sín, að selja allan varning smásölu.

Öðrum kaupmönnum, sem verzlun reka á Íslandi, annaðhvort sjálfir eða með verzlunarstjórum, skal að eins heimilt að selja í stórkaupum og eigi minna af hverri vörutegund í hvert skipti en fyrir 100 kr.

Sameigendur verzlunar mega því að eins selja smásölu, að þeir sjeu báðir eða allir búsettir á Íslandi.

Þeir kaupmenn, sem nú reka verzlun á landi hjer, þótt eigi sjeu þeir hjer búsettir, eru undanþegnir þessum ákvæðum.

2. gr. Brot gegn 1. gr. varða 100—1000 kr. sektum. Rennur helmingur sekta í landssjóð, en helmingur ber uppljóstarmanni. Mál, er út af þessum brotum rísa, eru opinber lögreglumál.

Ed. **144. Frumvarp.**

til laga um breyting á lögum 15. okt. 1875, um laun íslenzkra embættismanna. — Eptir 3. umr. í Nd.

1. gr. Biskupi skal veita í árslaun . . . . . kr. 5000
2. gr. Amtmönnum skal veita í árslaun, hvorum fyrir sig — 5000
3. gr. Forstjóra landsyfirrjettarins skal veita í árslaun . — 4800

Öðrum dómendum í landsyfirrjettinum skal veita í árslaun, hvorum um sig . . . . . — 3500

4. gr. Landfógetanum skal veita í árslaun . . . . . — 3500
5. gr. Forstöðumanni prestaskólans skal veita í árslaun . — 4000

Fyrsta kennara við prestaskólann skal veita í árslaun . . — 2800

Öðrum kennara við prestaskólann skal veita í árslaun . — 2400

6. gr. Forstöðumanni lærða skólans skal veita í árslaun 3600 kr., og leigulausan bústað í skólahúsinu eða 400 kr. í húsaleigustyrk.

Yfirkennara lærða skólans skal veita í árslaun . . . . . — 3200

Fyrsta og öðrum kennara við lærða skólann skal veita í árslaun, hvorum fyrir sig . . . . . — 2800

Þriðja og fjórða kennara við lærða skólann skal veita í árslaun, hvorum fyrir sig . . . . . — 2400

Fimmta kennara við lærða skólann skal veita í árslaun . — 2000

7. gr. Embættismenn þeir, sem fengið hafa veitingu fyrir embættum þessum áður en lög þessi öðlast gildi, skulu einskis í missa, meðan þeir sitja í sama embætti.

8. gr. Lög þessi öðlast gildi 1. jan. 1890.

Ed. **145. Frumvarp**

til laga um gjald af aðfluttu smjörlíki, — Eptir 3. umr. í Nd.

1. gr. Þá er smjörlíki (margarin) er flutt til Íslands, skal greiða gjald í landssjóð, 10 aura af hverju pundi.

Vöru þessa má eigi flytja til landsins, nema hún sje einkennd með ákveðnu vörumerki. Brot gegn þessari ákvörðun varða sektum allt að 500 krónum.

2. gr. Um innheimtu gjaldsins og eptirlit með aðflutningi hinnar tollskyldu vöru, skal farið eptir ákvæðum tilskipunar 26. febr. 1872, um gjald á brennivíni og öðrum áfengum drykkjum.

3. gr. Lög þessi öðlast gildi 1. janúar 1890.

Ed. **146. Frumvarp**

til laga um löggilding verzlunarstaðar að Stapa í Snæfellsnessýslu. — Eptir 3. umr. í Nd.

Að Stapa í Snæfellsnessýslu skal vera löggiltur verzlunarstaður.

Ed. **147. Frumvarp**

til laga um styrktarsjóði handa alþýðufólki. — Eptir 3. umr. í Nd.

1. gr. Í hverjum kaupstað og hreppi á landinu skal stofna styrktarsjóði handa heilsubiluðu og ellihrumu alþýðufólki.

2. gr. Sjóði þessa skal stofna á þann hátt, að allir karlar og konur, sem eru fullra 20 ára og ekki yfir 60 ára, og eru hjú, þar á meðal börn hjá foreldrum, eða þeir, sem vinna fyrir sjer í lausamennsku, skulu greiða á ári hverju, karlmaður 1 kr. og kvennmaður 30 a. Þó skulu undanþegnir gjaldi þessu fjelausir menn, sem fyrir ómaga eða ómögum hafa að sjá, sem og þeir, er fyrir heilsubrest eða af öðrum ástæðum eigi geta unnið fyrir kaupi; sömuleiðis þeir, sem á einhvern hátt hafa tryggt sjer fje til framfærslu eptir að þeir eru orðnir 65 ára að aldri.

3. gr. Gjald þetta greiðist fyrir hvert liðið vistarár, á þann hátt, að hver húsráðandi inni gjaldið af hendi fyrir alla, er hjá honum hafa heimili haft það ár og gjaldskyldir eru, en rjett er húsbændum að halda gjaldi þessu eptir af kaupi þeirra, er vinna hjá þeim.

4. gr. Hreppsnefndir skulu fyrir lok marzmánaðar ár hvert senda viðkomandi hreppstjóra skýrslu um alla þá, sem gjaldskyldir eru í hreppnum eptir lögum þessum, en í kaupstöðum semja 3 menn, er bæjarstjórnin kýs úr sínum flokki, skýrslur þessar og senda þær fyrir sama tíma til oddvita bæjarstjórnarinnar; gefa skal hlutaðeigendum kost á, að kynna sjer skýrslur þessar fyrri hluta aprílmánaðar.

5. gr. Nú álítur einhver sig ranglega talinn á gjaldskrá, er honum þá rjett að kæra það mál fyrir hlutaðeigandi hreppsnefnd eða bæjarstjórn, er hefur fullnaðar-úrskurð í því.

6. gr. Í kaupstöðum skulu bæjarfógetar en í sveitum hreppstjórar inn-

heimta gjaldið á framtalsþingum á vorin, og koma því á vöxtu í aðaldeild Söfnunarsjóðsins. Fyrir ómak sitt ber þeim 4% af hinu innheimta gjaldi.

7. gr. Hin fyrstu 10 ár eptir að slíkur sjóður er stofnaður í hverju sveitarfjelagi, leggst hið árlega gjald allt við höfuðstólinn ásamt öllum vöxtum, en frá þeim tíma leggst það að eins hálft við höfuðstólinn og hálfir vextirnir, en hinum helmingnum af hinu árlega gjaldi og vöxtunum skal árlega úthluta; skulu bæjarstjórnir og hreppsnefndir úthluta upphæð þessari heilsulitlum eða ellihrumum fátæklingum, sem heimili eiga í sveitarfjelaginu og eigi þiggja sveitarstyrk, án tillits til, hvar þeir eiga framfærslusveit, enda sjeu þeir eða hafi einhverntíma verið í þeim stjettum, sem gjaldskyldar eru til styrktarsjóðanna.

8. gr. Í kaupstöðum skulu bæjarfógetar, en í hreppunum hreppstjórar, hafa á hendi reikningshald sjóðanna og geyma eignarskilríki þeirra. Reikningar sjóðanna fyrir hvert ár skulu fyrir lok janúarmánaðar sendir hlutaðeigandi bæjarstjórn eða hreppsnefnd, og kýs bæjarstjórnin eða hreppsnefndin tvo menn til að endurskoða þá. Verði nokkur ágreiningur um athugasemdir endurskoðenda, fellir hlutaðeigandi amtmaður úrskurð um reikninginn, þar sem kaupstaðirnir eiga hlut að máli, en sýslunefnd úrskurðar reikningana úr hreppunum. Í kaupstöðum sendir bæjarstjórnin amtmanni árlega skýrslu um hag styrktarsjóðanna; samskonar skýrslu sendir hreppsnefndin til oddvita sýslunefndarinnar.

9. gr. Amtmenn hafa í kaupstöðum og sýslunefnd í hreppunum eptirlit með, að lögum þessum sje hlýtt.

10. gr. Gjald þetta má taka lögtaki samkvæmt lögum 16. des. 1885.

Ed. **148. Frumvarp**

til laga um breytingu á lögum um kosningar til alþingis 14. sept. 1877. — Eptir 2. umr. í Ed.

1. gr. *Í hverjum hreppi skal setja kjörstjórn. Hreppstjórinn skal vera oddviti hennar; með honum skulu vera í kjörstjórninni 2 menn, annar sá, er hreppsnefndin kveður til þess úr sínum flokki, og hinn kjósi hreppsbúar, sem atkvæði hafa í sveitarmálum, á hreppaskilum til 6 ára.* Í Reykjavík, á Akureyri og á Ísafirði skal oddviti bæjarstjórnarinnar vera oddviti kjörstjórnar; með honum skulu vera í henni 2 menn, annar sá, er bæjarstjórnin kveður til þess úr sínum flokki, og hinn kjósi bæjarbúar, sem atkvæði hafa í bæjarmálum til 6 ára.

2. gr. Oddviti kjörstjórnarinnar stendur fyrir öllum undirbúningi undir sjálfa kosninguna, og sjer um, að kjörskráin sje við á kjörþinginu.

3. gr. Kjörstjórnin heldur kjörbók, þar sem bókað skal, að kjörskráin hafi verið fram lögð, og þau brjef, sem til hennar eru komin. Í kjörbókina skal rita það helzta, sem fram fer á kjörþinginu, en þar með skal þó eigi telja ræður þær, sem haldnar verða. Kjörstjórnin skal rita nöfn sín undir kjörbókina og atkvæðaskrárnar, og skal í Reykjavík bæjarstjórnin geyma hana, en annarstaðar hreppstjórarnir.

Deginum eptir kosninguna skal oddviti kjörstjórnarinnar senda oddvita yfirkjörstjórnarinnar staðfest eptirrit af því, sem ritað er í kjörbókina um kosningu þá, sem fram hefur farið, ásamt kjörskránum, og sje hvorttveggja innsiglað.

4. gr. *Fyrir hvert kjördæmi, nema Reykjavík, skal setja yfirkjörstjórn. Skal sýslumaður vera oddviti yfirkjörstjórnarinnar, og eru í henni að auki 1 af sýslunefndarmönnum og 1 af kjósendum, sem sýslunefndin kýs.*

Yfirkjörstjórnin heldur bók, þar sem bókað skal það, sem gjörist á fundum hennar.

Með næstu póstferð eptir kosninguna skal oddviti yfirkjörstjórnarinnar senda landshöfðingja staðfest eptirrit af fundarbók kjörstjórnarinnar, ásamt með atkvæðaskránum og afskriptum af kjörfundarbókum hreppanna.

Oddviti bæjarstjórnarinnar í Reykjavík skal senda landshöfðingja í síðasta lagi 10 dögum eptir kosninguna eptirrit af því, sem ritað hefur verið í kjörbókina um kosningu þá, sem fram hefur farið, ásamt atkvæðaskránum.

Landshöfðingi fær síðan alþingi eptirrit þessi ásamt þeim skýrslum, er honum hefur þótt ástæða til að útvega.

Þingmannaefni.

5. gr. *Enginn getur orðið fyrir kosningu, þegar kjósa á alþingismenn, nema hann hafi skriflega boðið sig fram til kosningar, og hafi auk þess fengið skrifleg meðmæli að minnsta kosti tveggja kjósenda úr meiri hluta hreppa þeirra og bæjarfjelaga, sem í kjördæminu eru. Framboðið og meðmælingarnar skal hann senda til oddvita yfirkjörstjórnarinnar 3 vikum áður en kosning á fram að fara.* Þessu framboði skal og fylgja yfirlýsing þess, að hann hafi eigi boðið sig fram til kosninga í nokkru kjördæmi, sem eigi hafi þá þegar hafnað framboði hans. *Framboðið, yfirlýsingin og meðmælin skulu vera í eins mörgu lagi og hreppar og bæjarfjelög eru í kjördæminu.*

6. gr. Það er eigi nauðsynlegt, að kjörgengi þingmannaefna sje sannað fyrir kjörstjórninni. Komi fram við kosninguna mótmæli gegn kjörgengi þeirra, má kjörstjórnin eigi banna umræður um það, nje heldur fyrir þá sök skorast undan að taka á móti atkvæðum til kosningar þeirra. Alþingi fellir úrskurð um kjörgengi þeirra, sem kosnir eru.

7. gr. Verði það uppvíst, að eitthvert þingmannsefni hafi gefið kost á sjer í fleiru en einu kjördæmi, er sú kosning eða þær kosningar ógildar, sem hann kann að verða fyrir, nema því að eins, að skilyrði því, sem sett er í 5. gr., sje fullnægt.

Kosningar.

8. gr. Hinar almennu kosningar á þjóðkjörnum alþingismönnum eiga vanalega fram að fara 6. hvert ár.

Þegar slíkar kosningar eiga fram að fara, annaðhvort fyrir þá sök, að kjörtíminn er á enda, eða vegna þess að alþingi er rofið, verður gefið út um það opið brjef, þar sem konungur skipar fyrir, að kosningar skuli fram fara.

Kosningarnar skulu venjulega haldnar í septembermánuði árið áður en alþingi skal koma saman.

9. gr. Kjörtíminn fyrir allar kosningar skal talinn frá 1. sept., ef ákveðið er samkvæmt greininni á undan, að kosningar skuli fram fara í þeim mánuði; en ef það kynni að verða ákveðið, að kosningarnar skuli fram fara á öðrum tíma árs, skal nákvæmar sagt fyrir um það í fyrnefndu opnu brjefi, frá hvaða degi kjörtíminn skuli talinn.

10. gr. Ef kjósa þarf einstakan þjóðkjörinn alþingismann, gildir hin nýja kosning fyrir svo langan tíma, sem sá átti eptir, er frá fór. Þegar einstakar kosningar skulu fram fara, gjörir landshöfðinginn fyrirskipun um það.

11. gr. *Kosningar fara fram á þingstað hvers hrepps eða bæjarfjelags í kjördæmi hverju, og má hver koma þar, er vill.*

12. gr. *Eigi síðar en 4 vikum áður en kosning á að fara fram, skal oddviti yfirkjörstjórnarinnar senda hverjum kjörstjórnaroddvita í kjördæminu tilkynningu um það, hvern dag kjörþing skuli haldið í hans hreppi, og skal hann auglýsa það á vanalegan hátt. Kjörþing skulu haldin sama dag í öllum hreppum og bæjarfjelögum kjördæmisins, og skulu þau standa frá hádegi til miðaptans.*

Framboð og meðmælingar þingmannaefna skal oddviti yfirkjörstjórnarinnar senda hverjum kjörstjórnaroddvita í kjördæminu eigi síðar en viku á undan kjörþingisdeginum.

13. gr. Kjörstjórnaroddvitinn skal setja kjörþingið á hádegi. Er hann hefir

lesið upp hið konunglega opna brjef, eða þann úrskurð landshöfðingja, er fyrirskipar kosninguna, leiðir hann athygli kjósendanna að því, hver tilgangurinn sje með kosninguna, og hve mikilsvarðandi hún sje. *Síðan les hann upp nöfn og framboð þingmannaefna þeirra, er hafa boðið sig fram, svo og meðmælingar þeirra.*

Kjósendur kjördæmisins hafa rjett til, að mæla með og móti þingmannaefnunum. Oddviti skal stýra þeim umræðum, sem um þetta efni verða. Hann skal og sjá um, að kjörþingið og öll kosningin fari fram í góðri reglu. Enginn kjörstjóranna má tala með eða móti kosningu nokkurs þingmannsefnis.

Oddviti skal slíta umræðunum 2 stundum fyrir miðaptan, ef þeim er þá ekki lokið; síðan skal skora á kjósendur, að ganga til kosningar með því að gefa atkvæði sitt einum, eða í þeim kjördæmum, þar sem kjósa skal 2 alþingismenn, tveimur af þeim þingmannaefnum, sem boðnir hafa verið fram til kosningar. Þótt eigi sjeu fleiri þingmannaefni en kjósa skal í kjördæminu, skal atkvæðagreiðsla samt fram fara.

14. gr. Oddviti kjörstjórnarinnar á eigi þátt í því, að taka við atkvæðum. Einn af hinum, sem í kjörstjórninni eru, ritar, eptir að hann hefur kannazt við kjósendurna, nafn þess, eða í þeim kjördæmum, þar sem kjósa skal 2 alþingismenn, nöfn þeirra tveggja þingmannaefna, sem kjósandi greiðir atkvæði sitt, við hliðina á hans eigin nafni í sjálfri kjörskránni. Annar úr kjörstjórninni ritar á sjerstaka atkvæðaskrá nafn kjósanda við hliðina á nafni þess eða þeirra þingmannaefna, sem hann hefur gefið atkvæði sitt. Áður en kjósandinn gengur frá, skal lesa upp fyrir honum bæði hans eigið nafn og þess eða þeirra nöfn, sem hann hefur kosið, til tryggingar því, að rjett sje ritað á báðar skrárnar, og að því beri hverju saman við annað.

Á miðaptni skal kjörstjórnin hætta að taka á móti atkvæðum til kosningarinnar, og þá skulu kjörstjórar færa inn atkvæði sjálfra sín (ef þeir hafa atkvæðisrjett), og er þá atkvæðagreiðslu lokið.

Oddvitar kjörstjórnanna í Reykjavík, á Akureyri og á Ísafirði skulu eigi á kjörþinginu gefa nokkru þingmannsefni atkvæði sitt.

15. gr. Í kjörbókinni skal bóka það, sem fram hefur farið á kjörfundinum, og skal kjörstjórnin skrifa nöfn sín undir hana, *svo og undir atkvæðaskrárnar. Síðan tekur kjörstjórnin afskript af því, sem bókað hefur verið í kjörbókinni, og staðfestir það með undirskript sinni. Þá innsiglar kjörstjórnin afskriptina, atkvæðaskrárnar og framboð þingmannaefna og meðmæli í einu lagi; og skal oddviti kjörstjórnarinnar senda mann með það til oddvita yfirkjörstjórnarinnar eigi síðar en næsta dag eptir kjörþingið.*

16. gr. *Eigi síðar en 8 dögum eptir hinar almennu kosningar skal oddviti yfirkjörstjórnarinnar kalla á fund með sjer hina 2 meðlimi yfirkjörstjórnarinnar; skal hann í viðurvist þeirra brjóta innsigli atkvæðaskráa þeirra, er sendar hafa verið frá hreppunum og bæjarfjelögunum. Skulu þá yfirkjörstjórarnir í sameiningu telja saman atkvæðin á atkvæðaskránum. Það þingmannsefni, eða þau þingmannaefni, þar sem kjósa skal 2 alþingismenn, er flest atkvæði hafa fengið, eru þá rjettkjörnir alþingismenn fyrir kjördæmið. Nú hafa 2 eða fleiri þingmannaefni jöfn atkvæði, og skal þá sá rjettkjörinn alþingismaður fyrir kjördæmið, sem eldri eða elztur er; sjeu þeir alveg jafnir að aldri, skal hlutkesti ráða.*

Í Reykjavík og Vestmannaeyjum skal kjörstjórnin hafa hin sömu afskipti af kosningunum og kjörstjórnir og yfirkjörstjórnir annarstaðar á landinu.

Heimilt er þingmannaefnum eða umboðsmönnum þeirra, ef þeir hafa skriflegt umboð, að vera við upptalningu atkvæðanna.

17. gr. Yfirkjörstjórnin fær hverjum þjóðkjörnum alþingismanni kosningarbrjef; skal það samið samkvæmt fyrirmynd, sem stjórnarráðið fyrir Ísland segir fyrir um. Skal oddviti yfirkjörstjórnarinnar senda þingmanninum það brjef, svo fljótt sem kostur er á.

Almennar ákvarðanir.

18. gr. Alþingismenn fá í endurgjald 6 krónur um hvern dag, bæði fyrir þann tíma, sem þeir þurfa til ferðarinnar til alþingis og frá því, og fyrir þann tíma, sem þeir

eru á alþingi. Sömuleiðis fá þeir endurgoldinn ferðakostnað eptir reikningi, sem nefnd kosin af hinu sameinaða alþingi úrskurðar, og forseti í hlutaðeigandi þingdeild ávísar. Þessi útgjöld greiðast úr landssjóðnum.

19. gr. Yfirkjörstjórar mega reikna sjer fæðispeninga og endurgjald fyrir ferðakostnað, samkvæmt tilskipun um sveitarstjórn á Íslandi 4. maí 1872, 33. gr., þannig, að útgjöldin greiðist úr sýslusjóðnum. *Annar kostnaður við kosningarnar, svo sem fyrir kjörbókum, sendiferðum milli yfirkjörstjórnarinnar og kjörstjórnanna, auglýsingum o. fl., skal greiddur úr sýslusjóði.* Í Reykjavík skal greiða gjöld þau, sem síðast voru nefnd, úr sjóði bæjarins.

20. gr. Vanræki nokkur störf þau, sem honum eru á hendur falin með lögum þessum, skal hann sæta 10—200 kr. sektum, ef þyngri hegning eigi liggur við samkvæmt lögum.

21. gr. *Með lögum þessum eru úr gildi felldar 19. grein til 40. greinar í lögum um kosningar til alþingis 14. sept. 1877.*

Nd. **149. Frumvarp**

til laga um breyting á þingsköpum alþingis. — Eptir 3. umr. í Ed.

1. gr. Þingmaður sá, er fyrir aldurs sakir, skipar forsæti, hvort heldur í sameinuðu þingi eða í þingdeildunum, hefur á meðan allan sama rjett og skyldur sem forseti; hann tekur því eigi þátt í atkvæðagreiðslu.

2. gr. Ef 4 þingmenn í efri deild, 8 í neðri deild, eða 12 í sameinuðu alþingi óska þess, skal við hafa hlutfallskosningar-aðferð við nefndarkosningu.

Nd. **150. Frumvarp**

til laga um breyting á nokkrum prestaköllum í Dala og Barðastrandar prófastsdæmum. — Eptir 3. umr. í Ed.

1. gr. Saurbæjar-þingaprestakall skal vera Staðarhóls- og Hvolssóknir í Dalaprófastsdæmi og Garpsdalssókn í Barðastrandarprófastsdæmi. Hver hinna þriggja kirkna brauðsins skulu vera þriðjungakirkjur. Garpsdalssókn í Barðastrandarprófastsdæmi leggist til Dalaprófastsdæmis.

2. gr. Skarðs-þingaprestakall skal vera Skarðs- og Dagverðarness-sóknir. Skarðs og Dagverðarness kirkjur skulu vera helmingakirkjur. Þessu brauði leggjast 100 kr.

3. gr. Hvammsprestakall skal vera Hvamms- og Staðarfellssóknir. Hvamms og Staðarfells kirkjur skulu vera helmingakirkjur. Brauð þetta heldur kirkjujörðum þeim og prestsmötum, sem því tilheyrðu fyr meir.

4. gr. Hjarðarholtsbrauð skal vera Hjarðarholtssókn. Brauð þetta bætist upp með 200 kr

---

Nd. **151. Frumvarp**

til viðaukalaga við lög nr. 5, 27. febr. 1880, um stjórn safnaðarmála og skipun sóknarnefnda og hjeraðsnefnda. — Eptir 3. umr. í Ed.

1. gr. Ef söfnuði og eiganda eður umráðamanni kirkju kemur saman um að taka upp og hafa hljóðfæri við tíðagjörð í kirkju sinni, þá er heimilt, ef hjeraðsfundur sam-

þykkir, að kaupa hljóðfæri með kirkjunnar fje, og telst það síðan með áhöldum hennar. En sóknuðurinn skal kosta hljóðfæraslátttinn og halda söng uppi á sinn kostnað, nema eigandi eða forráðamaður kirkju gefi samþykki sitt til, að greiða megi kostnaðinn að nokkru eður öllu af kirkjunnar fje, og hjeraðsfundur síðan samþykki, að svo skuli vera.

2. gr. Ef sóknuðurinn kostar kirkjusönginn að nokkru eður öllu, þá skal sóknarnefndin, með umráði prestsins, jafna niður á sóknarmenn alla, þá er eigi eru skylduómagar nje sveitarómagar, kostnaðinum af söngkennslunni og hljóðfæraslættinum eður og söngnum, ef hljóðfæri er eigi haft, og skal það vera aðalreglan, að helmingur kostnaðarins komi jafnt á hvern tilskyldan mann, en annar helmingurinn fari eptir efnum manna og ástæðum.

Ed. **152. Breytingartillaga**

við frumvarp til laga um aðflutningsgjald á kaffi og sykri (139). — Frá Jóni A. Hjaltalín, Arnljóti Ólafssyni og Sighvati Árnasyni.

Við 1. gr. 1. tölul.: Í stað „10 aura“ komi: „5 aura“.
— - — 2. — Í stað „5 aura“ komi: „2 aura“.
— 9. — síðustu málsgrein, í stað „1. okt. 1889“ komi: „1. janúar 1890“.

Ed. **153. Breytingartillaga**

við frumvarp til laga um breyting á lögum 11. febr. 1876 um aðflutningsgjald á tóbaki. — Frá Jóni A. Hjaltalín, Arnljóti Ólafssyni og Sighv. Árnasyni.

Við 1. gr.: í stað »35 aura» komi: »20 aura» og í stað »skal goldin 1 kr.» komi: »skulu goldnir 75 aurar».
— 3. — í stað »1. okt. 1889» komi: »1. janúar 1890».

Ed. **154. Breytingartillögur**

við frv. til laga um friðun æðarfugla og breytingartillögur meiri hluta nefndarinnar í málinu. — Frá meiri hluta nefndarinnar.

1. Á undan 1. grein frumv. komi ný 1. gr., sem orðist þannig:
„Hver sá, sem drepur æðarfugl af ásettu ráði, skal auk sekta þeirra, er getur um í 11. gr. tilsk. um veiði á Íslandi 20. júní 1849, gjalda í sekt fyrir hvern fugl 10—100 kr.; sje brotið ítrekað, tvöfaldast sektin.
2. 1. grein verði 2. grein og orðist þannig:
„Engir, hvorki varpeigendur nje aðrir, mega selja nje kaupa æðaregg. Brjóti nokkur móti þessu, skal hann gjalda 10—100 kr. sekt.; sje brotið ítrekað, tvöfaldast sektin“.
3. Ný 3. grein orðist þannig:
Sektir þær, sem ákveðnar eru í 1. og 2. gr. renna að $^1/_3$ hluta í sveitarsjóð eða bæjarsjóð, þar sem brotið er framið en $^2/_3$ til uppljóstarmanns.
4. 2. gr. óbreytt verði 4. gr.

Ed. **155. Breytingartillögur.**

við frumvarp til laga um framfærslu óskilgetinna barna o. fl (141). — Frá landshöfðingja.

1, Við 2. gr.: Í staðinn fyrir orðið „getin“ í 2. málsgr. komi: „fædd“.

2, Við 3. gr.:

a, Fyrir orðin í 1. málsgr. „frá sóknarpresti sínum eður frá tveim skilríkum og nákunnugum mönnum“ komi: „frá sveitarstjórninni í dvalarsveit sinni“.

b, Fyrir orðin í sömu málsgr. „eða fyrir milligöngu annara“ komi: „eða fyrir milligöngu sveitarstjórnarinnar“.

c, Fyrir „vistarsveit hennar“ í sömu málsgr. komi: „vistarsveit hans“.

d, Fyrir orðin í 2. málsgr.: „Styrkur þessi skal eigi talinn„ komi: „og skal meðgjöfin eigi talin“.

e, Í stað orðanna í 2. málsgr.: „Nú hefur vistarhreppur móðurinnar greitt henni barnsfúlgu föðurins“ komi: „Nú hefur vistarsveit föðurins greitt barnsfúlgu hans“.

f, Fyrir „framfærsluhreppur föðurins“ í upphafi 4. málsgr., komi: „framfærslusveit föðurins“.

g, Í stað „vistarhreppur móðurinnar“ í sömu málsgr.: komi: „vistarsveit hans“, og fyrir: „er hann goldið hefur“ í sömu málsgr. komi: „er hún goldið hefur“.

3. Við fyrirsögnina: Í staðinn fyrir: „framfærslu óskilgetinna barna“ komi: „meðgjöf með óskilgetnum börnum“.

Ed. **156. Breytingartillaga**

við frumvarp til laga um varnarþing í skuldamálum o. s. frv. (106). — Frá Jóni Ólafssyni.

Við 3. málsgr. 1. gr.: í stað orðanna: „með sex vikna fresti“ *komi:* „með þriggja vikna fresti ef það er innan sama lögsagnarumdæmis sem fyrirtökustaðurinn, með sex vikna fresti ef það er utan lögsagnarumdæmisins en þó í sama amti, en með níu vikna fresti, ef það er í öðru amti“.

Ed. **157. Breytingartillaga**

við frumvarp til laga um framfærslu óskilgetinna barna (141). — Frá nefndinni og Jóni Ólafssyni.

1. Við 2. gr.: Fyrir „getin“ komi: „fædd“.

2. Fyrir síðari málsgr. 4. gr. komi: Nú deyr móðir óskilgetins barns, er hún hefur ráðstafað eptir sinn dag, og er þá rjett, að faðir barnsins fái það til sín, til framfærslu og uppeldis, ef hann annaðhvort ættleiðir það, eður hann fær til þess leyfi yfirvaldsins á þeim stað, er barnið er.

3. Aptan við greinina bætist: En sje móðirin á lífi, þá er barnsföðurnum því að eins rjett, að fá barnið til framfærslu og uppeldis, að það sje fullra 7 vetra að aldri og yfirvaldið leyfi þar sem barnið er, enda standi faðirinn þá einn straum af barninu upp frá því.

Ed. **158. Nefndarálit**

í málinu: frumvarp til laga um að fá útmældar lóðir á löggiltum kauptúnum og fl.

I. Álit meiri hlutans.

Nefnd sú, er hin heiðraða efri deild kaus til þess að íhuga og segja álit sitt um frumvarp til laga um að fá útmældar lóðir á löggiltum kauptúnum o. fl., hefur ítarlega rætt þetta frumvarp, er stjórnin hefur lagt fyrir alþingi, og viðurkennir, að það hafi að geyma mikla rjettarbót og mjög nauðsynlega, en álítur þó jafnframt, að sumpart þyrfti að breyta nokkuð innihaldi þess, og sumpart að auka það, svo lögin næðu tilgangi sínum að öllu, en þar sem nú nefndin ekki hefur getað orðið á eitt sátt um það efni, hefur hún skipzt í meiri og minni hluta. Það, sem nefndina hefur einkum greint á um, er, að minni hlutinn hefur eigi viljað 1) að frumvarpið næði til kaupstaðanna, 2) vill minni hlutinn gjöra þær breytingar á 3. gr. frumvarpsins, sem meiri hlutinn eigi vill aðhyllast, og 3) hefur minni hlutinn eigi getað fallizt á, að nýrri grein væri bætt inn í frumvarpið þess efnis, að það skuli með öllu bannað að leggja þá kvöð á lóðir eða húseignir í löggiltum kauptúnum eða í kaupstöðum, að ekki megi nota þau til verzlunar eða annarar tiltekinnar atvinnu.

Með því að skotið hefur verið inn í frumvarpið nýjum greinum, og því sumstaðar hefur verið breytt af meiri hlutanum, þótti honum það fyrir glöggleika sakir betra að rita upp frumvarpið, eins og meiri hlutinn hefur komið sjer saman um að hafa það, og verður það þá á þessa leið:

Frumvarp til laga um að fá útmældar lóðir í kaupstöðum og á löggiltum kauptúnum o. fl.

1. gr. (ný grein). Í kauptúnum, sem nú eru löggilt og þar sem búið er að reisa verzlun, og í kauptúnum, sem síðar kunna að verða löggilt, skal lögreglustjóri, þegar einhver vill reisa þar verzlun, með 2 kunnugum og óvilhöllum mönnum, er hann sjálfur til kveður, ákveða ummerki þess svæðis, er kauptúnið má ná yfir. Ef brýn nauðsyn er til, má lögreglustjóri með 2 mönnum, eins og áður segir, stækka þetta svæði með nýrri merkjasetning. En greini hlutaðeigendur á um, hvort þörf beri til þess, eru amtmanni falin síðustu úrslit þessa máls.

Á sama hátt skal tiltekin hafnarlega fyrir hvert löggilt kauptún, þar sem búið er að reisa verzlun eða eptirleiðis verður reist verzlun.

Kostnaður við þessa merkjasetningu og við að tiltaka hafnarlegu fyrir kauptún, greiðist úr landssjóði með þeirri upphæð, er landshöfðingi samþykkir.

2. gr. (1. gr. frumv.). Nú vill maður fá óbyggða lóð sjer útmælda í kaupstað eða löggiltu kauptúni til þess að hefja þar verzlun, enda er honum heimilt að lögum að reka verzlun á Íslandi, og skal hann þá brjeflega beiðast útmælingar hjá þeim lögreglustjóra, er hlut á að máli, ef það er í löggiltu kauptúni, en lögreglustjóri kveður með sjer 2 menn kunnuga og óvilhalla og tiltekur ásamt þeim lóð þá, er þörf er á til verzlunar þeirrar, er beiðandi útmælingarinnar ætlar að reka, en sje slíkrar útmælingar, sem nú var nefnd, beiðst í kaupstað, þar sem svo hagar til, að mikill hluti kaupstaðarlóðarinnar er eign einstakra manna eða fjelaga, á byggingarnefnd kaupstaðarins að framkvæma hana.

3. gr. (2. gr. frv.). Bæði þeir, sem landið eiga, þar sem löggilt hefur verið kauptún eða í kaupstað, þar sem eins er ástatt og segir í 2. gr., og aðrir, er lögmæt rjettindi hafa eignazt yfir landinu, eru skyldir til þess, gegn hæfilegu endurgjaldi, er lögreglustjóri ákveður ásamt þeim mönnum, sem hann kvaddi með sjer til útmælingarinnar, eða byggingarnefnd í kaupstöðum eptir áðursögðu ákveður, ef málsaðilar koma sjer

eigi saman um endurgjaldið, að láta af hendi óbyggðar lóðir, svo sem útmælendum þykir þörf á til hinna fyrirhuguðu verzlunarafnota og sem ekki eru nauðsynlegar við rekstur verzlunar eða annarar atvinnu, sem áður er þar fyrir.

Nú vill annarhvor málsaðila ekki una við ákvæði útmælenda um endurgjaldið fyrir hina útmældu lóð, og er þá rjett, að hlutaðeigandi amtmaður gjöri endilega út um málið.

4. gr. (ný gr.). Það skal með öllu bannað, að leggja þá kvöð á lóðir eða húseignir í löggiltum kauptúnum og í kaupstöðum, að ekki megi nota þær til verzlunar eða annarar tiltekinnar atvinnu.

5. gr. (3. gr. frv.). Þótt einstakir menn kunni að eiga höfn þá, sem löggilt kauptún er við, mega þeir ekki bægja neinum frá að leggja skipum sínum þar við akkeri nje frá aðgangi að höfninni til þess að ferma eða afferma skip, að svo miklu leyti sem það kemur ekki í bága við þeirra eigin bryggjuafnot, og ekki heldur getur landeigandi varnað hinu opinbera eða einstökum mönnum að gjöra hringa, landfestar eða önnur skipsfesta-áhöld fyrir skip þar á höfninni, þar sem svo til hagar, að þess konar áhöld eru nauðsynleg, þó má að eins gjöra það eptir tilvísun lögreglustjóra, er kveður með sjer 2 óvilhalla menn, sem kunnugir eru hafnarlegu, og eiga þeir jafnframt að ákveða það endurgjald, er landeiganda beri, ef hlutaðeigendur verða ekki á eitt sáttir um það mál.

Að öðru leyti skulu ákvæðin í opnu brjefi 28. des. 1836, 11.gr., í gildi vera, þó svo, að hvor eigi forgangsrjett að notkun þeirra skipsfesta, er hann á eður hefur eignarhald yfir og aðlæginu við þessar festar sínar.

Nú notar einhver hringa, landfestar eða önnur skipsfestaráhöld, sem hann ekki á; ber honum þá tafarlaust að láta áhöldin laus við eiganda þeirra, þegar skip þeirra koma að og þurfa á þeim að halda að viðlögðum 20 kr. sektum fyrir hvern dag, er hann lætur farast fyrir að sleppa áhöldunum, og bæti hann að auki allt það tjón, er af því kann að leiða, að hann ljet þau ekki laus við eiganda þegar í stað.

Sá sem eigi rekur fasta verzlun á einhverju kauptúni, en á þar þó skipsfestar, á einnig forgangsrjett að notkun þeirra, nema svo sje, að allar festar á höfninni sjeu notaðar af verzlunarskipum eða fiskiskipum þeim, sem haldið er úti til fiskiveiða, þá er skip hans kemur til.

6. gr. (4. gr. frv.). Fyrir útmælingar eptir 2. og 5. gr. skal beiðandi auk ferðakostnaðar greiða lögreglustjóra 3 kr. um daginn, og eins hverjum þeirra, er til voru kvaddir með honum.

Þetta frumvarp [illegible]um vjer hinni heiðruðu deild til þess að fallast á eins og það er orðað hjer að framan.

Alþingi, 20. júlí 1889.

E. Th. Jónassen, skrifari og framsögum. J. Havsteen, formaður. Arnljótur Ólafsson.

II. Álit minni hlutans.

Minni hlutinn getur alls ekki fallizt á, að frumvarpið verði einnig látið ná til kaupstaðanna, því til þess virðist ekki vera nein þörf, að minnsta kosti ekki að því kemur til Reykjavíkur; í öðru lagi virðist það koma í bága við fyrirkomulagið á stjórn bæjarmálefna, einkum meðferð og útmæling á lóðum þar, og loks virðist rjettast, að bæjarstjórnir kaupstaðanna stigi hið fyrsta stig til að breyta því fyrirkomulagi, sem þar er nú, eða að minnsta kosti, að þeim sje gefinn kostur á, að láta uppi álit sitt um þær breytingar á því, sem löggjafarvaldinu kynni að þykja æskilegar. Önnur ágreinings-

atriði milli meiri og minni hlutans munu hinni heiðruðu deild ljós af frumvarpi minni hlutans, sem hjer fer á eptir, og sem hann ræður deildinni til að aðhyllast.

FRUMVARP

til laga um að fá mældar út lóðir á löggiltum kauptúnum o. fl.

1. gr. Í kauptúnum þeim, sem nú eru löggild, og síðar kunna að verða löggild, skal lögreglustjóri með tveim kunnugum, óvilhöllum mönnum, er hann sjálfur til kveður, ákveða ummerki þess svæðis, er kauptúnið má ná yfir. Ef brýn nauðsyn er til, má lögreglustjóri með tveim mönnum, eins og áður segir, stækka þetta svæði með nýrri merkjasetning. En greini hlutaðeigendur á um, hvort þörf beri til þess, eru amtmanni falin síðustu úrslit þess máls. — Á sama hátt skal til taka með ummerkjum hafnarlegu fyrir hvert kauptún.

Kostnaður sá, er leiðir af því að ákveða ummerki kauptúns og hafnarlegu þess, greiðist úr landssjóði með þeirri upphæð, sem landshöfðingi samþykkir.

2. gr. Nú vill maður fá sjer lóð út mælda á löggiltu kauptúni, er honum að lögum er heimilt að reka verzlun á, til þess að hefja þar verzlun, og skal hann þá brjeflega beiðast útmælingar hjá þeim lögreglustjóra, er hlut á að máli, en hann kveður með sjer tvo menn, er skyn bera á, og til tekur ásamt þeim lóð þá, sem þörf er á til verzlunarinnar.

3. gr. Bæði þeir, er landið eiga, þar sem löggilt hefur verið kauptún, og aðrir, er með samningum hafa öðlazt afnot landsins eða einhvers hluta þess — ef eigi eru önnur svæði hentug til verzlunarstæðis — eru skyldir til þess, gegn hæfilegu endurgjaldi, er lögreglustjóri ásamt þeim mönnum, er hann kvaddi með sjer til útmælingarinnar, ákveður, ef málsaðilar koma sjer eigi saman um endurgjaldið, að láta af hendi óbyggðar lóðir, svo sem útmælendum þykir þurfa til hinna fyrhuguðu verzlunarafnota, og sem ekki eru nauðsynlegar við rekstur einhverrar atvinnu, er áður er þar fyrir, enda sjeu þær lóðir ekki áður af rjettu yfirvaldi öðrum útmældar eða heimilaðar, nema liðin sjeu 2 ár frá því sú útmæling eða heimilun fór fram, án þess að sá, sem hana fjekk, hafi notað hana.

Nú vill annarhvor málsaðila ekki una við ákvæði útmælanda um endurgjaldið fyrir hina útmældu lóð, og er þá rjett, að hlutaðeigandi amtmaður gjöri endilega út um málið.

4. gr. Þótt einstakir menn kunni að eiga höfn þá, sem löggilt kauptún er við, mega þeir þó ekki bægja neinum frá að leggja skipum sínum við akkeri á höfninni nje meina neinum nauðsynlegan aðgang að henni frá landi sínu, og heldur ekki getur landeigandi varnað neinum að festa hringjum, landfestum eða öðrum skipfestaáhöldum í landið eða skerin í eða við höfnina, þar sem svo hagar til, að slík áhöld eru nauðsynleg, og þeim verður komið fyrir án þess að þau ríði í bága við skipsfestar, sem áður eru á höfninni; þó má að eins gjöra það eptir tilvísun lögreglustjóra, er kveður með sjer tvo menn, er kunnugir eru hafnarlegunni, og eiga þeir jafnframt að (meta) ákveða endurgjald það, er landeigandi á heimtingu á, ef hlutaðeigendur verða eigi á eitt sáttir um það mál. Málsaðilar, hvor um sig, mega skjóta ákvæði lögreglustjóra og tilkvaddra manna um endurgjaldið undir úrskurð amtmanns þess, sem hlut á að máli, og gjörir hann endilega út um málið. Að öðru leyti skal óraskað ákvæðunum í 11. gr. opins brjefs 28. desembermán. 1836, þó þannig, að hver og einn hinna föstu verzlunarmanna í kauptúnum eigi forgangsrjett að notkun þeirra skipsfesta, er hann á á höfninni og að lægi því, þar sem festarnar eru. Láti sá, sem notar festarnar, þær ekki lausar þegar í stað við eiganda þeirra, þegar hann þarf á þeim að halda, greiði hann eiganda skaðabætur fyrir allt það tjón, er af kann að leiða. Þegar hlutaðeigandi fest-

areigandi fer fram á það, er lögreglustjóra skylt að leggja fyrir hlutaðeigendur (kaupmann og skipstjóra) að sleppa festunum að viðlagðri daglegri sekt, er ekki sje minni en 100 kr., og er skip það, sem heimildarlaust notar festar annars manns, svo og farmur þess, að veði fyrir dagsektum og öllum skaðabótum. — Sá, sem ekki rekur fasta verzlun á einhverju kauptúni, en á þar þó skipsfestar, á einnig forgangsrjett að notkun þeirra, nema svo sje, að allar festar á höfninni sjeu notaðar, þegar skip hans kemur til.

5. gr. Fyrir útmælingargjörðir eptir 2. og 4. gr. skal beiðandi greiða lögreglustjóra 3 kr. um daginn og eins hverjum hinna, er hann kvaddi með sjer.

Alþingi 20. júlí 1889

L. E. Sveinbjörnsson, framsögum. minni hl. Á. Thorsteinsson.

Nd. **159. Nefndarálit**

um frumvarp til laga um varúðarreglur til þess að forðast ásiglingar.

Frumvarp þetta, er þingdeildin hefur vísað til undirskrifaðrar nefndar í málinu um stofnun sjómannaskóla, ráðum vjer hinni háttvirtu deild til að samþykkja óbreytt.

Alþingi, 22. júlí 1889.

Eiríkur Briem, skrifari og framsögum. Sigurður Stefánsson, formaður. Þorsteinn Jónsson.

Nd. **160. Nefndarálit**

um frumvarp til laga um fátækramálefni.

I. Álit meiri hluta nefndarinnar.

Nefnd sú, sem kosin var til að íhuga og láta í ljósi álit sitt um frv. til laga um fátækramálefni, hefur íhugað og rætt frv. þetta og komizt til þeirrar niðurstöðu, sem nú skal skýrt frá.

Það er álit nefndarinnar, að þótt í frv. þessu sjeu eigi mörg nýmæli, þá hafi það fyrst og fremst þann kost, að það, að því er snertir fátækramálefni, verður þeim, sem við þau fást, ljósara, er það er tekið fram í nýjum lögum, en aptur á móti eru mörg ákvæði í hinni núgildandi reglugjörð úrelt, og þau ákvæði, sem eru í frumvarpinu hin sömu og í reglugjörðinni eru enn skýrara og ljósara orðuð. Auk þessa eru í frv. nokkur ákvæði ný, sem nefndin verður að álíta, að sjeu til verulegra bóta.

Samkvæmt þessu verður nefndin að ráða hinni háttvirtu þingdeild til að samþykkja frumvarpið með þeim breytingum, sem hjer segir:

1. Við 2. gr. Í stað: „300 kr.“ komi: „100 kr.“.
2. — 4. — „og aðra niðja“, “svo og aðrir niðjar“, falli burt.
3. — — — „en þau annast foreldra sína eins og óskilin væru“, falli burt.
4. — 5. — „hafa fyrirgjört rjetti til fátækrastyrks og“, falli burt.
5. — 6. — Á eptir „fæðingarhreppur“ komi: „Rjett til framfærslu geta menn þó öðlazt, með því að vera samfleytt í sama hreppi í löglegri stöðu 10 ár, án þess að þiggja sveitarstyrk frá 20. til 60. aldursárs. Hafi maður verið 10 ár í fleiri hreppum, veita hin síðustu 10 ár rjett til framfærslu“.

6. 6. gr., 2. málsgr. orðist þannig: „Kona á framfærslurjett í hreppi manns síns, þangað til hún eptir dauða hans vinnur sjer framfærslurjett í öðrum hreppi. Ef kona“ o. s. frv. eins og í frumvarpinu.
7. Við 7. gr. 4. —— “í umdæmi“ breytist í “í lögsagnarumdæmi“.
8. — 8. — 4. —— „úrskurði hennar má áfrýja til hlutaðeigandi hjeraðsprófasts“ falli burt, og samkvæmt því breytist: „og leggur hann“ í „og leggur hún“ o. s. frv.
9. —10. — Á eptir „óráðvandlega“ bætist „eða ráðlauslega“.
10. ——— „eða óforsvaranlega ráðlauslega“ falli burt.
11. ——— „óforsvaranlega“ falli burt.
12. — 12.— Í stað: „að meðlimir fátækrafjelagsins“ komi: „að meðlimir hreppseða bæjarfjelagsins“.

Alþingi, 17. júlí 1889.

Þórarinn Böðvarsson, form. og framsögum. J. Jónassen, skrifari. Sv. Eiríksson. Ólafur Pálsson.

II. Álit minni hluta nefndarinnar.

Frumvarp það, sem hjer liggur fyrir, er að fullu og nær öllu sniðið eptir hinni núgildandi reglugjörð um fátækramálefni 8. janúar 1834, og það svo, að kapítulaskipti og innihald þeirra fara alveg saman. Með því nú reglugjörð 8. jan. 1834 þykir vera eitt af hinum beztu lagaboðum, sem komið hefur út fyrir Ísland, og er fyrir löngu komin inn í rjettarmeðvitund þjóðarinnar, þá virðist engin þörf á, að fara að prenta hana upp aptur, með málalengingum og miður orðaða. Að því er snertir hin fáu nýmæli, sem finnast í frumvarpinu, þá virðist minni hlutanum þau langt frá vera til bóta, og það þó mikið hafi verið bætt úr frumvarpinu með nefndaráliti og breytingartillögum meiri hlutans.

Minni hlutinn getur því engan veginn fallizt á álit meiri hluta nefndarinnar, en ræður hinni heiðruðu þingdeild til að fella frumvarpið.

Alþingi, 20. júlí 1889.

Þ. Bjarnarson.

Nd. **161. Frumvarp**

til laga um að meta til dýrleika býlið Garða í Reykjavíkur kaupstaðar umdæmi. — Flutningsmaður: J. Jónassen

1. gr. Meta skal til dýrleika býlið Garða í umdæmi Reykjavíkur kaupstaðar.

2. gr. Mat þetta skulu framkvæma 3 menn þar til hæfir, er bæjarstjórn Reykjavíkur kveður til þessa starfa Verk þetta ber þeim að leysa þannig af hendi, að þeir geti verið við því búnir, að staðfesta gjörðir sínar með eiði. Bæjarfógetinn í Reykjavík stendur fyrir matinu og stjórnar því, en tekur ekki þátt í atkvæðagreiðslunni. Bæjarstjórnin tilnefnir eitthvert býli eða land í umdæmi bæjarins, er hún álítur hæfilega metið að hundraðatali eptir jarðabókinni frá 1861, matsmönnum til fyrirmyndar.

3. gr. Eiganda tjeðs býlis skal birt, að matið eigi að fara fram svo tímanlega, að hann geti verið þar við staddur, Sje eigandi óánægður með mat það,

sem sett er á býlið, getur hann borið matið upp fyrir amtmanni, sem leggur úrskurð á málið, eptir að hann hefur leitað álits bæjarstjórnar Reykjavíkur um það.

4. gr. Bæjarfógeti skal rita matsgjörðina í sjerstaka bók, er sje löggilt af amtmanni.

5. gr. Þegar mati þessu er lokið á fyrgreindan hátt, skal bæjarfógetinn í Reykjavík senda matsgjörðina í staðfestu eptirriti af matsbókinni, með áliti bæjarstjórnarinnar, til landshöfðingja, sem þá annast um, að hún komist til ráðgjafa Íslands, til þess að hann hlutist til um, að mál þetta verði staðfest með lagaboði.

6. gr. Fyrir mat þetta ber bæjarfógeta og hverjum matsmanni 3 kr. á dag þann tíma, er þeir starfa að þessu mati, og greiðist sá kostnaður af eiganda býlisins.

Nd. **162. Nefndarálit**

í málinu: frv. til laga um stofnun sjómannaskóla á Íslandi.

Neðri deild alþingis hefur kosið oss undirskrifaða í nefnd til að íhuga og segja álit vort um frumvarp það til laga um stofnun sjómannaskóla á Íslandi, er stjórnin hefur að þessu sinni lagt fyrir þingið.

Nefndin er einhuga á því, að stofnun sjómannaskóla, eða sem oss þykir betur eiga við að nefna stýrimannaskóla, á Íslandi, sje næsta þarflegt fyrirtæki, en hún álítur jafnframt, að frumvarp stjórnarinnar fari of skammt, með því að það að eins miðar til að gjöra mönnum ljettara en hingað til að ná þeirri þekkingu í stýrimannafræði, sem nauðsynleg er fyrir þá, er stjórna þilskipum hjer við land Fyrir því vill hún ráða til að auka kennsluna við skólann og jafnframt ákveða 2 stýrimannapróf; annað minna fyrir menn á siglingum hjer við land, og hitt meira fyrir menn, er vilja vera stýrimenn eða skipstjórar á seglskipum, er fara milli landa, eins og einnig er vikið á í ástæðum stjórnarfrumvarpsins.

Að því er snertir kröfurnar við hið minna stýrimannapróf, þá leggur nefndin til, að halda sjer í öllu verulegu við frumvarpið, en vill að eins bæta við kunnáttu í siglingareglum, en að því er snertir hið meira stýrimannapróf, þá vill nefndin að áskilin sje sama kunnátta í stærðafræði og siglingafræði, sem áskilin er við hið almenna stýrimannapróf í Danmörku, en auk kunnáttu í móðurmálinu, þykir henni ástæða til að áskilja kunnáttu nokkra í dönsku og ensku og þekkingu á hinum helztu laga-ákvæðum, er snerta rjett og skyldur skipstjóra. Sem skilyrði fyrir að mega ganga undir hið meira stýrimannapróf, leggur nefndin til, að heimtuð sje sönnun fyrir að hlutaðeigandi hafi svo fullkomna sjón, sem nauðsynlegt er fyrir stýrimenn; þótt þetta sje enn eigi haft sem skilyrði fyrir að ganga undir stýrimannapróf í Danmörku, þá virðist það í sjálfu sjer nauðsynlegt, og verður einnig að líkindum tekið upp innan skamms. Að því er prófið að öðru leyti snertir, þá leggjum vjer til, að stjórnarráðið velji prófdómendurna við það, og ætlumst vjer til, að það í öllu tilliti verði svo tryggilegt, að eigi verði nein ástæða til að ætla að kunnátta þeirra, er prófið standast, standi á baki kunnáttu þeirra, er taka stýrimannapróf í Danmörku; en þá viljum vjer og, að frá laganna hálfu sje ekkert því til fyrirstöðu, að þeir geti orðið stýrimenn og eptir frekari æfingu skipstjórar á seglskipum, sem eru í förum landa á milli.

En jafnframt því, sem vjer leggjum það til, að við skólann verði veitt fullkomnari kennsla, en farið er fram á í frumvarpi stjórnarinnar, þá verður og nauðsyn-

legt að veita nokkurt fje til tímakennslu við skólann og stingum vjer í því tilliti upp á 600 kr. á ári, og ef þingið að öðru leyti fellst á greinda uppástungu vora, þá viljum vjer einnig leggja það til, að á fjárlögum þeim, er nú liggja fyrir þinginu, verði veittur í eitt skipti styrkur hinum fyrirhugaða kennara við skólann til að sigla til útlanda og fullkomna sig í kunnáttu sinni.

Í stað þess að frumvarpið gjörir ráð fyrir, að hinn fasti kennari fái íveruhús ókeypis, eða 600 kr. fyrir húsnæði handa sjálfum sjer og skólanum, þykir oss rjettara að liða þetta sundur og bæta húsaleigu kennarans við laun hans. Auk þeirra breytinga, sem vjer þannig höfum minnzt á, gjörum vjer ýmsar aðrar breytingartillögur, en sem að mestu leyti eru að eins orðabreytingar.

Samkvæmt þessu viljum vjer ráða hinni heiðruðu deild til að samþykkja frumvarpið með þeim breytingum, er nú skal greina:

1. Við 1. gr. fyrir: «sjómannaskóla» komi: «stýrimannaskóla».
2. — — fyrir: «íslenzkt stýrimannspróf» komi: «íslenzk stýrimannspróf, hið minna og hið meira».
3. — — fyrir: «1200 kr. — 600 kr. alls» komi: «1500 kr. launum á ári. Til húsnæðis fyrir skólann með eldivið og ljósi veitast 300 kr. Til tímakennslu við skólann veitast allt að 600 kr.»
4. — — orðin: «í siglingar — » til enda greinarinnar falli burt.
5. — 2. gr. Á eptir: «íslenzka» bætist inn í: «minna».
6. — — 1. fyrir: «mælingafræðinnar» komi: «flatarmálsfræðinnar».
7. — — 3. fyrir: «leiðarsteininum» komi: «áttavitanum».
8. — — — fyrir: «og halla leiðarsteinsins, á óreglu á honum» komi: «inklination og deviation».
9. — — 5. fyrir: «á því hvernig halda eigi dagbók, að kunna að gera leiðarreikning» komi: «á dagbókarhaldi og leiðarreikningi».
   fyrir: «afstöðu» komi: «stað».
   fyrir: «að breidd» komi: «eptir breidd».
   fyrir: «fast mið» komi: «mið».
   fyrir: «hefir rekið» komi: «borið af leið».
   fyrir: «afstöðu frá tilteknum stað» komi: «vegalengd til tiltekins staðar».
10. Við 2. gr. 9. Orðin: «til þess að finna hæð miðpúnkts hennar» falli burt.
11. — — 10. fyrir: «þá klukkustund, er» komi: «hvenær»
12. — — 11. fyrir: «sólskoðun» komi: «sólmiðun».
13. — — 13. fyrir: «þá klukkustund, er» komi: «hvenær».
14. Aptan við 2. gr. bætist:
    14. Þekking á reglum þeim, er fylgja skal til að komast hjá ásiglingum.
15. Eptir 2. gr. bætist inn í ný grein, er verði 3. gr., svohljóðandi:

Til hins meira íslenzka stýrimannsprófs útheimtist allt það, sem útheimtist til *hins minna prófs*, og enn fremur:

1. Þekking á veldi og rót, á logarithmum, á reikningi með játandi og neitandi stærðum, á þríhyrningum, er falla saman eða eru eins lagaðir, á mælikvörðum lína og horna, á því hvernig teikna skal hinar almennustu myndir rúmmálsfræðinnar, á mælingu flata og líkama og á stærðum þríhyrningafræðinnar.
2. Þekking á himintunglunum yfir höfuð.
3. Að kunna að finna breiddina með því að mæla hæð sólarinnar fyrir utan hádegisbaug.

4. Að kunna að fara með sjó-úr og nota það, að ákveða stöðu þess eptir hæð sólar, eptir tímamerki eða eptir öðru úri, er staða þess er kunn, og að ákveða hinn daglega gang sjó-úrsins.
5. Að kunna að ákveða stað skips með staðarlínum, byggðum á athugun sólar.
6. Að kunna að finna lengdina með sjó-úrinu og hæð sólarinnar.
7. Að þekkja björgunarverkfærin og notkun þeirra.
8. Að kunna að nota hina alþjóðlegu merkjabók og hin alþjóðlegu veðurmerki.
9. Að geta samið grein á íslenzku með glöggu orðfæri um tiltekið efni, er snertir sjóferðir, og ritað hana með skýrri rithönd og sæmilegri rjettritun.
10. Að hafa lesið kafla í danskri bók, eigi minni en 200 bls., og geta útlagt hana munnlega á íslenzku, að geta gjört ljettan danskan stíl og geta talað um hversdagsefni á dönsku svo skiljanlegt sje.
11. Að hafa lesið kafla í enskri bók, eigi minna en 100 bls., og geta útlagt hana munnlega á íslenzku.
12. Að þekkja hin helztu lagaákvæði, er snerta rjett og skyldur skipstjóra.

16. 3. gr., er verði 4. gr., hljóði svo:

Prófin eru bæði munnleg og skrifleg. Þau skulu haldin opinberlega af prófnefnd. Við hið minna stýrimannspróf eru í henni hinn fasti kennari við skólann og tveir aðrir menn, er landshöfðingi setur til þess í hvert skipti, annan eptir uppástungu stiptsyfirvaldanna, en hinn eptir uppástungu bæjarstjórnarinnar í Reykjavík; skal fyrir prófinu standa sá af nefndarmönnum, er landshöfðingi skipar sem oddvita. Við hið meira stýrimannspróf eru í prófnefndinni hinn fasti kennari við skólann og tveir menn aðrir, er stjórnarráð Íslands setur til þess í hvert skipti; til að eiga þátt í að dæma um kunnáttu í atriðum þeim, sem nefnd eru í 4 síðustu töluliðum 3. greinar, getur þó landshöfðingi sett tvo aðra menn. Kennarinn í hverri grein heldur hið munnlega próf, en verkefnin til skriflega prófsins skal stýrimannakennsluforstjórinn í Kaupmannahöfn búa til og senda landshöfðingja í umslagi, sem innsigli er sett fyrir.

17. Við 4. gr., er verði 5. gr.

Á eptir: «sem gefin er» bætist inn í: «og jafnframt bæði hina lægstu tölu, er útheimtist til að standast prófið, og hina hæstu tölu, er unnt er að ná við það».

18. Við 5. gr., er verði 6. gr.

fyrir: «hið íslenzka» komi: «hin íslenzku».

19. Í staðinn fyrir orðin: «Enginn getur» o. s. frv. til enda greinarinnar, komi: Enginn getur gengið undir hið minna próf nema hann hafi verið háseti á þiljuskipi í 4 mánuði að minnsta kosti. Undir hið meira próf getur enginn gengið, nema hann hafi verið háseti eða yfirmaður á þiljuskipi eigi skemur en 15 mánuði og að minnsta kosti að hafa þriðjunginn af þeim tíma verið í förum milli landa; svo verður hann og að sanna, að sjón hans sje svo fullkomin, sem nauðsynlegt er fyrir stýrimenn.

20. Seinast bætist við ný grein, er verði 7. gr. svohljóðandi:

Íslenzkur maður, sem staðizt hefur hið meira íslenzka stýrimannspróf og er fullmyndugur, hefur rjett til að mega vera stýrimaður á seglskipum, sem eru í förum milli landa, og sje hann búinn sem stýrimaður á seglskipi að vera í förum 2 ár, og á þeim tíma fara að minnsta kosti tvisvar milli landa, þá hefur hann rjett til að mega vera skipstjóri á seglskipi, er fer milli landa.

21. Fyrirsögn frumvarpsins orðist þannig:

Frumvarp til laga um stofnun stýrimannaskóla á Íslandi.

Alþingi 22. júlí 1889.

Eiríkur Briem,	Sigurður Stefánsson,	Þorsteinn Jónsson.
skrifari og framsögumaður.	formaður.	

Ed. **163. Tillaga**

til þingsályktunar um breytingu á afborgun af landssjóðsláni Lundarbrekkukirkju. — Eptir eina umr. í Nd.

Alþingi ályktar, að skora á landsstjórnina, að gefa Lundarbrekkukirkju í Suður-Þingeyjarprófastsdæmi kost á, að skuld sú, er kirkjan er í við viðlagasjóðinn við árslok 1889, ávaxtist og endurborgist frá þeim tíma með 6% á ári í 28 ár.

Ed. **164. Viðaukatillaga**

við frv. til laga um breyting á lögum um kosningar til alþingis 14. sept. 1877.— Frá Arnljóti Ólafssyni, F. S. Stefánssyni, Jakob Guðmundssyni og Sighvati Árnasyni.

Eptir orðin í 1. gr. frv. „til 6 ára“ bætist inn í: „Þó er rjett, að amtmaður leyfi, ef um það koma fram tilmæli frá tveimur eða þremur nágrannahreppum, og sýslunefndin styður þau tilmæli með tillögum sínum, að nágrannahreppar þessir kjósi í fjelagi saman, og fyrirskipar þá amtmaður, hvernig kosið skal í kjörstjórnina, og hver vera skuli oddviti hennar“.

Nd. **165. Frumvarp**

til laga um greiðslu og gjaldheimtu til sýslusjóðs og sýsluvega. — Eptir 3. umr. í Ed.

1. gr. Kostnaður til sýsluvega lúkist þannig af hverju sýslufjelagi, að hálft dagsverk greiðist fyrir hvern verkfæran karlmann frá tvítugu til sextugs, í hverri stöðu sem hann er. Bóndi hver og húsfaðir er skyldur að lúka gjaldið fyrir sig, svo og, ef gjaldheimtumaður svo vill, fyrir alla vinnumenn, lausamenn, húsmenn, búðsetumenn og aðra þá gjaldskylda karlmenn, er voru til heimilis hjá honum eður á hans vegum það ár, er nafnaskrá sú var samin, er getur um í næstu grein. Upphæð gjaldsins skal talin eptir verðlagsskrá þeirri, er gildir á sama tíma.

2. gr. Hreppstjórar skulu, hver þeirra í sínum hreppi, senda sýslumanni, ár hvert fyrir lok marzmánaðar, nafnaskrá yfir alla verkfæra karlmenn frá tvítugu til sextugs, niðurraðaða eptir heimilum. Hreppstjórar skulu jafnframt tilgreina hverrar stöðu maður er, og sje hann eigi húsbóndi eða húsfaðir, skal þess getið, hjá hverjum hann sje til heimilis eður á hvers vegum hann sje.

3. gr. Sýslumenn skulu jafna því, er með þarf til sýslusjóðs, samkv. 40. gr. tilsk. 4. maí 1872, niður á hvern ábúanda og tíundanda í sýslunni, jafnmiklu á hvert hundrað ábúðar- og lausafjár, hver sem ábúandi er eður tíundandi, og er hver þeirra skyldur að greiða honum gjald sitt af hendi.

4. gr. Á manntalsþingum ár hvert skulu sýslumenn heimta saman gjöld þau, er nefnd eru í 1. og 3. gr., og gjöra grein fyrir þeim svo sem nú er títt. Frá þeim tíma er lög þessi öðlast gildi, eru hreppsnefndir lausar við að heimta gjaldið til sýslusjóðs og sýsluvega, samkv. 10. gr. laga um vegi 10. nóvbr. 1887 og 16. og 40 gr. sveitarstjórnartilsk. 4. maí 1872.

Nd. **166. Nefndarálit**

í málinu : frv. til laga um bann gegn því að ala upp refi.

Vjer, sem hin heiðraða neðri deild alþingis kaus í nefnd til að athuga frumv. til laga um bann gegn því að upp ala refi, höfum nú athugað mál þetta og finnst það svo þýðingarmikið fyrir sauðfjárræktina hjer á landi, að, eins og frumvarpið fer fram á, þungar sektir verði við því lagðar að upp ala refi og máske sleppa þeim, eins og dæmi eru til að gjört hefur verið; enn fremur finnst oss nauðsynlegt, að skerpa aðhaldið og eptirlitið með refaveiðum í heild sinni, til þess að sem mest fylgi og samhljóðan geti komizt á um land allt í þessu efni, og sem vænta mætti að með tímanum mundi hafa þau áhrif, að refum yrði að mestu eða öllu útrýmt úr landinu, og með tilliti til, að þetta gæti orðið, höfum vjer sett föst ákvæði um það, með hverju eitra skal og sömuleiðis um það, að sýslunefndir semji nákvæmar reglugjörðir fyrir hjerað hvert og reglugjörðirnar verði lagðar undir álit og staðfesting amtsráðanna. Þessu samkvæmt höfum vjer samið að mestu nýtt frv., er vjer ráðum hinni heiðruðu deild til að samþykkja í stað hins upphaflega frumvarps.

Alþingi 22. júlí 1889.

Þorlákur Guðmundsson, formaður og framsögumaður.	Þorvarður Kjerúlf, skrifari.	Þorvaldur Bjarnarson.

FRUMVARP

til laga um eyðing refa.

1. gr. Enginn má ala upp refi eða hafa þá undir umsjón sinni, enda eru slíkir refir rjettdræpir fyrir þeim mönnum, er slíkt gjöra. Þó er grenjaskyttum leyfilegt, að hafa yrðlinga undir umsjón sinni fram til 15. júlí ár hvert.

Brot gegn þessu fyrirmæli varðar sektum, 20 til 200 kr.

2. gr. Sýslunefndir skulu semja reglugjörðir fyrir alla hreppa í sýslu hverri um eyðing refa, bæði í heimahögum og afrjettarlöndum, svo og þeim afrjettarlöndum utan sýslutakmarka, er sýslubúar einir nota.

Samrit af reglugjörðum þessum skulu sendar amtsráði til staðfestingar.

3. gr. Í reglugjörðum hreppanna skulu teknar fram nákvæmar fyrirskipanir um eyðing refa; þar skal og tekið fram, að til eitrunar skuli við hafa saltpjetur-súrt stryknin (Nitras strychnicus). Kostnaður við framkvæmdir þær í þessu efni, er hreppsnefnd annast, greiðist úr sveitarsjóði. — Nú vill sýslunefnd gjöra sjerstakar ráðstafanir til eyðingar refum, og er henni það heimilt; kostnaður við framkvæmd á slíku greiðist úr sýslusjóði.

4. gr. Oddviti sýslunefndar, eða einhver maður innansýslu, skal jafnan hafa nægar byrgðir ár hvert af eitri því, sem nefnt er í 2. gr., til sölu í hreppana, og ákveður sýslunefnd hversu mikið talið skuli nægilegt í þessu efni.

5. gr. Sje verðlaunum heitið fyrir eyðing refa, skal veiðimaður afhenda hreppsnefndaroddvita belgi af öllum þeim dýrum, sem unnin eru á annan hátt en með eitri, og skal oddviti selja þá fyrir eiganda. Nú afhendir maður belg af dýri, sem unnið er með eitri, og varðar það sektum, 100 til 200 kr., enda skal belgurinn þegar brenndur.

6. gr. Reikningur yfir kostnað við eyðing refa í hreppi hverjum skal lagður fyrir sýslunefnd ár hvert til endurskoðunar og úrskurðar.

Reikningi þessum skal og fylgja skýrsla um framkvæmdir hreppsbúa viðvíkjandi eyðing refa það ár.

7. gr. Vanræki hreppsnefnd skyldur þær, sem henni eru á herðar lagðar í reglugjörð þeirri, er nefnd er í 2. gr., skal hún sæta sektum, 20 til 200 kr.

8. gr. Sektir þær, sem nefndar eru í lögum þessum, renna $^1/_4$ til uppljóstarmanns og $^3/_4$ í sýslusjóð.

9. gr. Amtsráð skulu ganga ríkt eptir því, að sýslunefndir semji reglugjörðir þær, sem nefndar eru í 2. gr., og þyki þeim nokkrar misfellur vera á reglugjörðunum, skulu þær endursendar sýslunefndum með athugasemdum amtsráðsins, og skulu þá sýslunefndir semja nýjar reglugjörðir, þar sem nauðsynlegar tilögur amtsráðsins eru teknar til greina.

10. gr. Mál, sem rísa af brotum gegn lögum þessum, skal farið með sem almenn lögreglumál.

11. gr. Lög þessi öðlast gildi 1. jan. 1890.

Ed. **167. Frumvarp**

til viðaukalaga við tilsk. um veiði á Íslandi 20. júní 1849. — Eptir 2. umr. í Ed.

1. gr. Hver sá, sem drepur æðarfugl af ásettu ráði, skal auk sekta þeirra, er getur um í 11. gr. tilsk. um veiði á Íslandi 20. júní 1849, gjalda í sekt fyrir hvern fugl 10—100 kr.; sje brotið ítrekað, tvöfaldast sektin.

2. gr. Engir, hvorki varpeigendur nje aðrir, mega selja nje kaupa æðaregg. Brjóti nokkur móti þessu, skal hann gjalda 10—100 kr. sekt; sje brotið ítrekað, tvöfaldast sektin.

3. gr. Sektir þær, sem ákveðnar eru í 1. og 2. gr. renna að $^1/_3$ hluta í sveitar- eða bæjarsjóð, þar sem brotið er framið, en $^2/_3$ til uppljóstarmanns.

4. gr. Mál þau, er rísa út af brotum gegn lögum þessum, skal farið með sem opinber lögreglumál.

Ed. **168. Breytingartillaga**

við frumvarp til laga um gjald af aðfluttu smjörlíki (145) — Frá Sighvati Arnasyni,

Við 1. gr., í staðinn fyrir »10 aura« komi: 5 aura.

Nd. **169. Frumvarp**

til laga um endurreisn Kjalarnesþinga prestakalls. — Flutningsmaður: Jón Þórarinsson.

1. gr. Þá er prestaskipti verða í Reynivalla og Mosfells prestaköllum, eða þegar annað þessara brauða losnar og presturinn í hinu lýsir skilyrðislaust yfir því, að hann afsali sjer með öllu þeirri sókn, er áður tilheyrði hinu forna Kjalarnesþinga prestakalli, skal auglýsa hið forna Kjalarnesþinga prestakall óveitt, og veita það sem sjerstakt brauð með öllum eignum og tekjum hins forna Kjalarnesþinga prestakalls, ef sótt er um það á hinum venjulega sex vikna fresti.

2. gr. 1. gr. í lögum um skipun prestakalla 27. febr. 1880 52. og 53. töl. breytist samkvæmt þessu.

Ed. **170. Frumvarp**

til laga um vexti. — Eptir 3. umr. í Nd.

1. gr. Þegar samið er um vexti af peningaláni, en ekki tiltekin upphæð þeirra, skulu þeir vera 4 af hundraði á ári.

2. gr. Eptirleiðis skal vera frjálst, að taka allt að 6 af hundraði sem vexti af peningaláni gegn veði í fasteignum.

Ed. **171. Frumvarp**

til laga um myndugleika. — Eptir 3. umr. í Nd.

1. gr. Framvegis skulu menn eigi verða hálfmyndugir í fjármálum.

2. gr. Hver karlmaður og hver ógiptur kvennmaður skal vera fullmyndugur 21 árs.

3. gr. Hver, sem er fullmyndugur, getur tekið að sjer ábyrgð í fjármálum, svo að gild sje.

Ed. **172. Breytingartillaga**

við frv. til laga um aðflutningsgjald á kaffi og sykri. — Frá Jóni A. Hjaltalín, Arnljóti Olafssyni, Sighvati Árnasyni og Á. Thorsteinsson.

1. Við 1. gr. Fyrir „10 aura“ komi: „7 aura“,
2. — — — Fyrir „5 aura“ komi: „3 aura“.

Ed. **173. Breytingartillaga**

við frv. til laga um breytingu á lögum um kosningar til alþingis 14. sept. 1877. — Frá Jóni A. Hjaltalín, Jóni Olafssyni, J. Havsteen og Jakob Guðmundssyni.

Síðasta málsgrein 14. gr.: „Oddvitar — atkvæði sitt“, falli burt.

Nd. **174. Breytingartillögur**

við frv. til laga um breyting á 1. gr. í lögum um skipun prestakalla 27. febr. 1880 (128). — Frá Þorvarði Kjerúlf, Jóni Þórarinssyni, Páli Ólafssyni, Sigurði Stefánssyni, Jóni Jónssyni, 1. þm. N-Múlas., og Árna Jónssyni.

1. Í stað «300 kr.» komi: 200 kr.

2. Aptan við frv. bætist: Þessi breyting á prestakallalögunum kemur eigi til framkvæmdar fyr en við næstu prestaskipti í Dvergasteins og Desjarmýrar prestaköllum, eða þegar prestarnir í þessum prestaköllum samþykkja breytinguna, án nokkurs tilkalls til uppbótar úr landssjóði.

Nd. **175. Frumvarp**

til laga um breyting á konungsúrskurði 25. ág. 1853 viðvíkjandi Ásmundarstaðakirkju í Presthólaprestakalli. — Flutningsmaður: Jón Jónsson, þm. N.-Þ.

Konungsúrskurður 25. ág. 1853, viðvíkjandi Ásmundarstaðarkirkju, skal, að því er snertir 15 rdl. aukaborgun frá sóknarbændum til prestsins, vera úr lögum numinn.

Tekjumissir sá, er af þessu leiðir, skal bættur upp presti þeim, er nú þjónar sókninni, með 30 krónum úr landssjóði árlega, meðan hann þjónar Presthólaprestakalli

---

Nd. **176. Frumvarp**

til laga um meðgjöf með óskilgetnum börnum og fl. — Eptir 3. umr. í Ed.

1. gr. Heimilt er móður óskilgetins barns að krefjast þess, að föður þess verði gjört að skyldu að greiða að minnsta kosti helming þess kostnaðar, er af barnsförunum leiddu fyrir hana, og ef þörf gjörist, þröngvað til þess, svo sem heimilað er í lögum til greiðslu á meðgjöf með óskilgetnum börnum. Yfirvöldin til taka upphæð þessarar fjárreiðslu, og getur móðir barnsins heimt hana eptir reglum þeim, sem segir í 3. gr.

2. gr. Nú deyr karlmaður og lætur eptir sig barn óskilgetið yngra en 16 ára, og skal þá greiða af fjármunum dánarbúsins sem aðra skuld, er komin sje í gjalddaga, barnsfúlgu þá, er hinn dáni gjalda skyldi, svo framarlega sem beiðni um það kemur til skiptaráðanda áður en skuldlýsingarfrestur (Proclama) er liðinn eða 6 mánuðir frá láti hans, hafi skuldlýsingarfrestur eigi boðaður verið. Ef ekkja hins dána eða skilgetin börn hans eru á lífi, þá skal eigi fje út leggja öðrum óskilgetnum börnum hans, en þeim, er fædd voru fyrir hið síðasta hjónaband. Þó skal þess jafnan gætt, að meðgjöf sú, er ætluð er óskilgetnu barni til framfærslu, skal aldrei nema meiru fje en því, er barnið skyldi í arf taka, ef skilgetið væri. Nú situr ekkja barnsföður í óskiptu búi, og heldur hún þá áfram að greiða meðgjöf þá, er barnsfaðirinn lúka skyldi, ef á lífi væri, en þó eigi meiri upphæð nje um lengri tíma en amtmanni hæfa þykir eptir efnum hennar og með hliðsjón til fyrtjeðra fyrirmæla, og aldrei lengur en þartil barnið er orðið 14 vetra, ef hún á skilgetin börn á lífi, ella þar til barn er 16 vetra. Um barnsfúlgu, er þannig er greidd af hendi í einu eptir lát föðurins, skal fara sem um fje óforráðamanna (ómyndugra), að verja má að eins hvers árs meðgjöf barninu til framfærslu jafnótt, sem hún kemur í gjalddaga. Falli barnsfúlga niður að nokkru eða öllu, þá skal fje það, er óeytt er, koma til skipta meðal erfingja.

3. gr. Nú greiðir barnsfaðir eigi fúlguna góðfúslega, og móðirin fær vottorð um það frá sveitarstjórninni í dvalarsveit sinni, að hún sje eigi einfær um að annast framfærslu og uppeldi barns síns, og er henni þá heimilt, ef hún á sveitfesti hjer á landi, að krefjast þess sjálf eða fyrir milligöngu sveitarstjórnarinnar, að meðgjöf föðurins verði greidd af vistarsveit hennar, en þó eigi nema síðasta ársmeðgjöf hvert sinn. Styrkur þessi skal eigi talinn sveitarstyrkur veittur móðurinni heldur föðurnum. Nú hefur vistarhreppur móðurinnar greitt henni barnsfúlgu föðurins og gjört síðan árangurslausa tilraun til að ná fúlgunni hjá föðurnum með eptirgangsmunum þeim, er lög heimila, og á hann þá rjett til endurgjalds hjá framfærsluhreppi föðurins enda sje hann sveitfastur hjer á landi. Framfærsluhreppur föðurins hefur á síðan allan hinn sama rjett, sem vistarhreppur móðurinnar áður hafði, til að ganga eptir hjá föðurnum meðgjöf þeirri, er hann goldið hefur fyrir hann, eður og að heimta, að hann sje látinn afplána styrkinn. Ef barnsfaðir hefur eigi framfærslurjett hjer á landi, kemur í stað framfærslusveitarinnar vistarsveit sú, er faðirinn átti 40 vikum fyrir fæðingu barnsins.

4. gr. Þann hinn sama rjett, sem móðir að óskilgetnu barni hefur eptir 3. gr. laga þessara, hafa og þeir menn, er annast framfærslu og uppeldi barnsins eptir móðurina látna, burtfarna eður af öðrum líkum orsökum; sama rjett hefur og sveitarstjórn, þá er barnið þiggur af sveit.

Nú deyr móðir óskilgetins barns, er hún hefur ráðstafað eptir sinn dag, og er þá

rjett, að faðir barnsins fái það til sín, til framfærslu og uppeldis, ef hann annaðhvort ættleiðir það, eður hann fær til þess leyfi yfirvaldsins á þeim stað, er barnið er.

En sje móðirin á lífi, þá er barnsföðurnum því að eins rjett, að fá barnið til framfærslu og uppeldis, að það sje fullra 7 vetra að aldri og yfirvaldið leyfi þar, sem barnið er, enda standi faðirinn þá einn straum af barninu upp frá því.

5. gr. Hvenær sem sveitarstjórn, samkvæmt lögum þessum, spyrzt fyrir um föður óskilgetins barns, á hún, ef þörf gjörist, rjett á að krefjast fulltingis sýslumanns eður bæjarfógeta til að leita upp verustað hans.

Ed. **177. Breytingartillögur**

við frv. til viðaukalaga við tilsk. um veiði á Íslandi 20. júní 1849 (167). — Frá Fr. S. Stefánssyni, Jóni A. Hjaltalín, Jóni Ólafssyni og Jakob Guðmundssyni.

1. Á eptir 2. gr. komi ný gr. (3. gr.) þannig orðuð:
„Enginn má kaupa eða selja, hirða eða hagnýta, nokkurstaðar á Íslandi, dauða æðarfugla eða hluti af þeim. Brjóti nokkur hjer á móti, skal hann gjalda 10—100 kr. sekt".
2. 3. gr. verði 4. gr.
3. Í staðinn fyrir (í 3. gr. frv.) „ákveðnar eru í 1. og 2. gr." komi: „ákveðnar eru í 1., 2. og 3. gr.".
4. 4. gr. verði 5. gr.

Nd. **178. Nefndarálit**

í málinu: Frumvarp til laga um hundahald á Íslandi.

Nefndin hefur íhugað mál þetta vandlega og telur mjög þýðingarmikið, að skattur sje lagður á *alla* hunda, hvort sem þeir eru nauðsynlegir eða ekki. Það mundi kenna mönnum að hafa hundana svo fáa, sem hægt er að komast af með, en það er eitt af aðalatriðunum til varnar gegn sullaveikinni. Af því að hundar í kaupstöðum og verzlunarstöðum eru víðast með öllu ónauðsynlegir, telur nefndin rjett, að skattur á þeim sje miklu hærri en á öðrum hundum.

Um framtal á hundum og vanrækslu í því efni teljum vjer óbrotnast að fylgja ákvæðunum um framtal á tíundbæru lausafje.

Vjer höllumst fremur að því, að láta skattinn renna í sýslusjóð en sveitarsjóð. Sýslusjóðsgjaldið, sem nú er jafnað niður á hreppana, yrði þá miklu minna, og gæti jafnvel horfið, að minnsta kosti stundum eða sumstaðar, ef skatturinn er 2 kr. á hverjum hundi. Það kemur þannig að miklu leyti í sama stað niður fyrir sveitarsjóðina, þótt skatturinn renni í sýslusjóð, en ljettir innheimtu sýslusjóðsgjaldsins á hreppsnefndum, ef sýslumenn innheimta skattinn á manntalsþingum. Vjer teljum enn fremur rjett að gefa sýslunefndum og bæjarstjórnum heimild til að gjöra ýmsar ráðstafanir til varnar gegn sullaveikinni, og taka fje úr sýslusjóði og bæjarsjóði til að standast kostnað við það, en þá er eðlilegast, að skatturinn renni í þann sjóð, sem leggur fram fje til borgunar á þeim kostnaði.

Frumvarp það, sem nefndin hefur tengið til íhugunar, ákveður að vísu skatt á öllum hundum, en fer fram á að skipa þessu máli að öðru leyti á nokkuð annan veg, en nefndinni þykir tiltækilegt. Vjer ráðum því frá að samþykkja það frumvarp, en leyfum oss að koma með nýtt frumvarp, sem hjer fer á eptir.

Alþingi 24. júlí 1889.

J. Jónassen, formaður. Þorlákur Guðmundsson. Þorleifur Jónsson, framsögumaður.

FRUMVARP

til laga um hundaskatt og fleira.

1. gr. Hver heimilisráðandi skal á hreppaskilaþingi því, er hann á sókn að, vor hvert telja fram fyrir hreppstjóra eða bæjarfógeta alla hunda, sem eru á heimili hans í fardögum og skal það framtal rita í sveitarbókina. En á hausthreppaskilum skal telja frá þá hunda, sem farizt hafa um sumarið.

2. gr. Ef einhver vanrækir að telja fram hunda, eða telur þá rangt fram, eða framtal hans þykir tortryggilegt, gilda um það sömu ákvæði, sem um framtal á tíundbæru lausafje eptir 5., 6. og 7. gr. í lögum 12. júlí 1878 um lausafjártíund.

3. gr. Hreppstjóri skal senda oddvita sýslunefndarinnar skýrslu um framtal hunda um leið og hann sendir sýslumanni skýrslu um framtal til lausafjártíundar.

4. gr. Af hverjum hundi í kaupstöðum og verzlunarstöðum skal greiða 15 kr. skatt, en 2 kr. af hverjum hundi utan kaupstaða og verzlunarstaða. Hver heimilisráðandi ábyrgist greiðslu skattsins af þeim hundum, sem hann hefur framtalið, en rjett hefur hann til að fá skattinn borgaðan hjá lausamönnum, húsmönnum eða öðrum mönnum í sjálfstæðri stöðu af þeim hundum, sem þeir eiga á heimili hans. Sýslumenn og bæjarfógetar skulu innheimta skattinn á manntalsþingum ár hvert, í fyrsta skipti á manntalsþingum 1891. Skatturinn rennur í sýslusjóð og bæjarsjóð.

5. gr. Alla hunda, sem aðfluttir eru frá útlöndum, skal hafa með múl, svo þeir ekki geti bitið menn eða fjenað; ennfremur skal hafa ól um hálsinn á öllum slíkum hundum og sje þar áfestur skjöldur með nafni eigandans. Sje þessa eigi gætt, eru þeir rjettdræpir og á eigandinn ekki heimting á neinu endurgjaldi.

6. gr. Skyldur er hver sá, sem lætur slátra skepnu, er sullir finnast í, að grafa þegar í stað slátur það, sem sullmengað er, að meðtöldum hausum af höfuðsóttarkindum, svo djúpt í jörð niður, að hundar geti eigi náð því, eða að brenna það. Brot gegn ákvörðun þessari varðar allt að 10 kr. sekt, og fær sá annan helming sektarinnar, er uppljóstar, en bæjar- eða sveitarsjóður hinn.

7. gr. Heimilt er sýslunefnd og bæjarstjórn með samráði við hlutaðeigandi hjeraðslækni að semja reglur um lækning á hundum af bandormum, meðferð á sullum úr sauðfje, og gjöra aðrar ráðstafanir, sem henni þurfa þykir, til varnar gegn sullaveikinni og leggja við sektir ef út af þeim ráðstöfunum er brugðið. Af sýslusjóði og bæjarsjóði má taka fje til framkvæmdar slíkum ráðstöfunum.

8. gr. Með mál, sem rísa útaf brotum á móti lögum þessum, skal fara sem almenn lögreglumál.

9. gr. Með lögum þessum er úr gildi numin tilskipun um hundahald á Íslandi 25. júní 1869.

Ed. **179. Nefndarálit**

í málinu: frv. til laga um varnarþing í skuldamálum og um ýms viðskipta-skilyrði.

Nefnd sú, sem hin heiðraða efri deild kaus í málinu: frumvarp til laga um varnarþing í skuldamálum og um ýms viðskipta-skilyrði, hefur samhuga komizt að þeirri niðurstöðu, að frumvarp þetta sje mikil rjettarbót. Nokkrar breytingar hefur nefndin þó gjört á því, og leyfir nefndin sjer að ráða hinni heiðruðu deild, til að fallast á hið þannig breytta frumvarp, en það er svo hljóðandi:

FRUMVARP

til laga um varnarþing í skuldamálum og um ýms viðskipta-skilyrði.

1. gr. Ef skuld er stofnuð þar, sem heimilisfang hjerlends lánardrottins er, á skuldheimtumaður rjett á, ef hann vill, að sækja mál til greiðslu skuldarinnar á hendur skuldunaut í þinghá þeirri, er skuldin er stofnuð í, eins og væri þar varnarþing hans. Sje skuldin stofnuð við fasta verzlun eða aðra heimilisfasta atvinnu-stofnun, þá ræður varnarþing þess, sem henni stýrir, þótt eigandi sje þar eigi búsettur. Eigi raskar þetta þó gildandi ákvæðum um varnarþing, er bundið er við fasteign.

Lög þessi ná til þeirra einna skuldaskipta, er skuldheimtumaður er kaupmaður eður hefur á annan hátt atvinnu sína af viðskiptum, svo sem lyfsalar, bóksalar, veitingamenn, iðnaðarmenn, kostnaðarmenn blaða og rita og aðrir, sem líkt stendur á með.

Því að eins gilda fyrirmæli þessarar greinar, að fyrirtökudagur málsins falli í sumarkauptíð (15. júní — 31. júlí, að báðum þeim dögum meðtöldum) eða í haustkauptíð (15. sept. — 31. okt. að báðum þeim dögum meðtöldum).

2. gr. (Óbreytt eins og á þingskjali 106).

3. gr. (Óbreytt eins og á þingskjali 106).

4. gr. Mál þau, er um er rætt í þessum lögum, skulu rekin fyrir gestarjetti. Nú er skuldunautur staddur í dómþinghá þeirri, er málið eptir þessum lögum má sækja í, og má þá birta honum stefnu þar, sem hann er staddur, til að mæta með næturfresti, og sama er, ef skuldunautur á heimili í þinghánni. Annars skal birta stefnuna á lögheimili hans með þriggja vikna fresti, ef það er innan sama lögsagnarumdæmis sem fyrirtökustaðurinn, með sex vikna fresti, ef það er utan lögsagnarumdæmis en þó í sama amti, en með níu vikna fresti, ef það er í öðru amti.

Alþingi 24. júlí 1889.

Jón Ólafsson, form. og framsögum. L. E. Sveinbjörnsson, skrifari. E. Th Jónassen.

Nd. **180. Frumvarp**

til stjórnarskipunarlaga um afnám fastra eptirlauna. — Flutningsmenn: Jón Jónsson, 1. þm. N.-M., Árni Jónsson og Þorleifur Jónsson.

1. gr. Hjer eptir skulu engin eptirlaun veitt úr landssjóði, nema annaðhvort með sjerstökum lögum í hvert sinn, eða þá á fjárlögunum, og þá að eins fyrir hvert fjárhagstímabil.

2. gr. Með lögum þessum er felld úr gildi tilskipun 9. maí 1855, sem lögleiðir á Íslandi lög 5. jan. 1851, um eptirlaun, og einnig öll önnur laga-ákvæði, sem koma í bága við þessi lög.

3. gr. Þeir, sem eru í embættum, þegar lög þessi öðlast gildi, og hafa rjett til eptirlauna samkvæmt eldri lögum, halda óskertum þeim rjetti sínum.

ÁSTÆÐUR.

Öllum, sem nokkuð hafa athugað fjárhag vorn, hlýtur að vera það ljóst, að upphæð sú, sem gengur til eptirlauna handa embættismönnum, fer töluvert vaxandi ár frá ári. Það mun nú mega telja það víst, að þau fari vaxandi í framtíðinni, ekki einungis eins og verið hefur, heldur tiltölulega meira, eptir því sem framlíða stundir. Fjárupphæð sú, sem gengur til eptirlauna, er nú þegar orðin svo há, að hún er langt ofvaxin hinum veiku kröptum þjóðarinnar; hún höggur svo tilfinnanlegt skarð í landssjóðinn á hverju ári, að ekki má svo búið lengur standa. Þegar þess er gætt, að allir menn aðrir hjer á landi eru skyldir að sjá fyrir sjer sjálfir á elliárunum, ef þeir eiga nokkuð sjer til framfæris, og þegar þess er enn fremur gætt, að eptirlaunin eru jöfn, hvort sem embættismaðurinn hefur staðið vel eða illa í stöðu sinni, hvort sem hann er þurfandi eða auðmaður, þá mun engum, sem hlutdrægnislaust lítur á, geta dulizt það, að eptirlaun, sem föst regla, eru ósanngjörn, opt ómaklega veitt, og langt ofvaxin kröptum þjóðarinnar.

Nd. **181. Breytingartillögur**

við frv. til viðaukalaga við lög nr. 5, 27. febr. 1880, um stjórn safnaðarmála og skipun sóknarnefnda og hjeraðsnefnda. — Frá Þórarni Böðvarssyni, Grími Thomsen, Sigurði Stefánssyni, Jóni Þórarinssyni, Sigurði Jenssyni og Ólafi Pálssyni.

1. Við 1. gr. Fyrri hluti greinarinnar («Ef söfnuði ... og áhöldum hennar») orðist þannig:

Ef meiri hluti þeirra sóknarmanna, er safnaðarfund sækja og atkvæðisrjett hafa á safnaðarfundi, samþykkir að taka upp og hafa hljóðfæri við tíðagjörð í kirkju sinni, þá ber eiganda eða umráðamanni kirkjunnar að annast um, að hljóðfæri sje keypt fyrir kirkjunnar fje, svo framarlega sem fje er fyrir hendi, sem kirkjan getur án verið, og hjeraðsfundur samþykkir. Hljóðfærið telst síðan með áhöldum kirkjunnar.

2. — — — Í stað orðanna: «En söfnuðurinn skal» komi: En hvort sem hljóðfæri er keypt fyrir fje kirkju eða eigi, skal söfnuðurinn (o. s. frv.).

3. Eptir 2. gr. komi ný grein, sem verði 3. grein svo hljóðandi:
Sóknarnefndir innheimta gjaldið, og skal hver húsráðandi inna það af hendi fyrir sig og skyldulið sitt. Gjalddagi er 31. des. Taka má gjald þetta lögtaki samkv. lögum 16. des. 1885.

4. Greinatalan breytist þessu samkvæmt.

Nd. **182. Frumvarp**

til laga um breytingu á 4. gr. í lögum 18. sept. 1885 um stofnun landsbanka. — Flutningsmenn: Grímur Thomsen, Árni Jónsson, Gunnar Halldórsson, Þorleifur Jónsson, Þorlákur Guðmundsson, Þorvarður Kjerúlf og Sigurður Stefánsson.

Seðlarnir skulu gjaldgengir í landssjóð og aðra almannasjóði hjer á landi og eru hjer manna á milli gjaldeyrir með fullu ákvæðisverði. Engum öðrum en landssjóði er heimilt að gefa út brjefpeninga hjer á landi. Allajafna skal bankinn hafa til taks í gulli og silfri $\frac{1}{5}$ af andvirði þeirra seðla, sem í veltu eru meðal manna. Svo má og í bankanum fá seðlum skipt gegn öðrum seðlum, eður og gegn gulli og silfri.

Ed. **183. Frumvarp**

til laga um löggilding verzlunarstaðar við Þórshöfn í Gullbringusýslu — Eptir 3. umr. í Nd.

Við Þórshöfn í Gullbringusýslu skal vera löggiltur verzlunarstaður.

Ed. **184. Frumvarp**

til laga um breyting á 4. gr. í lögum um laun sýslumanna og bæjarfógeta 14 desbr. 1877. — Eptir 3. umr. í Nd.

Dalasýslu og Strandasýslu skal sameina í eitt lögsagnarumdæmi svo fljótt, sem því verður viðkomið. Eptir að sameiningin er komin á, eru laun sýslumannsins í lögsagnarumdæmi þessu 3500 kr.

Ed. **185. Frumvarp**

til laga um breyting á tilskipun um póstmál 26. febr. 1872 og lögum 15. okt. 1875 um breyting á sömu tilskipun. — Eptir 3. umr. í Nd.

1. gr. Sendingar, sem eru prentað mál í krossbandi eða einbrugðnu bandi, mega vega allt að 5 pd. Burðareyrir fyrir þær skal vera 3 aurar fyrir hver 10 kvint eða minni þunga.

2. gr. Böggulsendingar, sem sendar eru með póstskipunum hafna á milli á Íslandi og ekki þarf að senda neitt yfir land, mega vega allt að 10 pd. Burðareyrir

fyrir þær sendingar skal vera 10 aurar fyrir hvert pund og 5 aurar að auki í ábyrgðargjald fyrir hverjar 100 kr. eða minna af verði sendingarinnar, ef verð er tiltekið. Undir tilvísunarbrjef við slíka böggla greiðist að auki venjulegt burðargjald, ef brjefið er lokað.

3. gr. Burðareyrir fyrir lokaða böggla, sem sendir eru með landpóstum frá veturnóttum til sumarmála, skal vera 25 aurar fyrir hver 25 kvint eða minni þunga.

4. gr. Með lögum þessum eru lög nr 21, 4. nóv. 1881, úr lögum numin.

Ed. **186. Viðaukatillaga**

við frv. til laga um breyting á lögum 15. okt. 1875 um laun íslenzkra embættismanna. — Frá Arnljóti Ólafssyni.

1. Aptan við 2. gr. bætist: Landritaranum skal veita í árslaun . . . . . kr. 2600
2. Aptan við 5. gr. bætist: Fyrsta kennara við læknaskólann skal veita í árslaun . . . . . — 2800

Nd. **187. Frumvarp**

til laga um breytingu á lögum um kosningar til alþingis 14. sept. 1877. — Eptir 3. umr. í Ed.

1. gr. *Í hverjum hreppi skal setja kjörstjórn. Hreppstjórinn skal vera oddviti hennar; með honum skulu vera í kjörstjórninni 2 menn, annar sá, er hreppsnefndin kveður til þess úr sínum flokki, og hinn kjósi hreppsbúar, sem atkvæði hafa í sveitarmálum, á hreppaskilum til 6 ára.* Þó er rjett, að amtmaður leyfi, ef um það koma fram tilmæli frá tveimur eða þremur nágrannahreppum, og sýslunefndin styður þau tilmæli með tillögum sínum, að nágrannahreppar þessir kjósi í fjelagi saman, og fyrirskipar þá amtmaður, hvernig kosið skal í kjörstjórnina, og hver vera skuli oddviti hennar. Í Reykjavík, á Akureyri og á Ísafirði skal oddviti bæjarstjórnarinnar vera oddviti kjörstjórnar; með honum skulu vera í henni 2 menn, annar sá, er bæjarstjórnin kveður til þess úr sínum flokki, og hinn kjósi bæjarbúar, sem atkvæði hafa í bæjarmálum til 6 ára.

2. gr. Oddviti kjörstjórnarinnar stendur fyrir öllum undirbúningi undir sjálfa kosninguna, og sjer um, að kjörskráin sje við á kjörþinginu.

3. gr. Kjörstjórnin heldur kjörbók, þar sem bókað skal, að kjörskráin hafi verið fram lögð, og þau brjef, sem til hennar eru komin. Í kjörbókina skal rita það helzta, sem fram fer á kjörþinginu, en þar með skal þó eigi telja ræður þær, sem haldnar verða. Kjörstjórnin skal rita nöfn sín undir kjörbókina og atkvæðaskrárnar, og skal í Reykjavík bæjarstjórnin geyma hana, en annarstaðar hreppstjórarnir.

Deginum eptir kosninguna skal oddviti kjörstjórnarinnar senda oddvita yfirkjörstjórnarinnar staðfest eptirrit af því, sem ritað er í kjörbókina um kosningu þá, sem fram hefur farið, ásamt kjörskránum, og sje hvorttveggja innsiglað.

4. gr. *Fyrir hvert kjördæmi, nema Reykjavík, skal setja yfirkjörstjórn. Skal sýslumaður vera oddviti yfirkjörstjórnarinnar, og eru í henni að auki 1 af sýslunefndarmönnum og 1 af kjósendum, sem sýslunefndin kýs.*

Yfirkjörstjórnin heldur bók, þar sem bókað skal það, sem gjörist á fundum hennar.

Með næstu póstferð eptir kosninguna skal oddviti yfirkjörstjórnarinnar senda landshöfðingja staðfest eptirrit af fundarbók kjörstjórnarinnar, ásamt með atkvæðaskránum og afskriptum af kjörfundarbókum hreppanna.

Oddviti bæjarstjórnarinnar í Reykjavík skal senda landshöfðingja í síðasta lagi 10

dögum eptir kosninguna eptirrit af því, sem ritað hefur verið í kjörbókina um kosningu þá, sem fram hefur farið, ásamt atkvæðaskránum.

Landshöfðingi fær síðan alþingi eptirrit þessi ásamt þeim skýrslum, er honum hefur þótt ástæða til að útvega.

Þingmannaefni.

5. gr. *Enginn getur orðið fyrir kosningu, þegar kjósa á alþingismenn, nema hann hafi skriflega boðið sig fram til kosningar, og hafi auk þess fengið skrifleg meðmæli að minnsta kosti tveggja kjósenda úr meiri hluta hreppa þeirra og bæjarfjelaga, sem í kjördæminu eru. Framboðið og meðmælingarnar skal hann senda til oddvita yfirkjörstjórnarinnar 3 vikum áður en kosning á fram að fara.* Þessu framboði skal og fylgja yfirlýsing þess, að hann hafi eigi boðið sig fram til kosninga í nokkru kjördæmi, sem eigi hafi þá þegar hafnað framboði hans. *Framboðið, yfirlýsingin og meðmælin skulu vera í eins mörgu lagi og hreppar og bæjarfjelög eru í kjördæminu.*

6. gr. Það er eigi nauðsynlegt, að kjörgengi þingmannaefna sje sannað fyrir kjörstjórninni. Komi fram við kosninguna mótmæli gegn kjörgengi þeirra, má kjörstjórnin eigi banna umræður um það, nje heldur fyrir þá sök skorast undan að taka á móti atkvæðum til kosningar þeirra. Alþingi fellir úrskurð um kjörgengi þeirra, sem kosnir eru.

7. gr. Verði það uppvíst, að eitthvert þingmannsefni hafi gefið kost á sjer í fleiru en einu kjördæmi, er sú kosning eða þær kosningar ógildar, sem hann kann að verða fyrir, nema því að eins, að skilyrði því, sem sett er í 5. gr., sje fullnægt.

Kosningar.

8. gr. Hinar almennu kosningar á þjóðkjörnum alþingismönnum eiga vanalega fram að fara 6. hvert ár.

Þegar slíkar kosningar eiga fram að fara, annaðhvort fyrir þá sök, að kjörtíminn er á enda, eða vegna þess að alþingi er rofið, verður gefið út um það opið brjef, þar sem konungur skipar fyrir, að kosningar skuli fram fara.

Kosningarnar skulu venjulega haldnar í septembermánuði árið áður en alþingi skal koma saman.

9. gr. Kjörtíminn fyrir allar kosningar skal talinn frá 1. sept., ef ákveðið er samkvæmt greininni á undan, að kosningar skuli fram fara í þeim mánuði; en ef það kynni að verða ákveðið, að kosningarnar skuli fram fara á öðrum tíma árs, skal nákvæmar sagt fyrir um það í fyrnefndu opnu brjefi, frá hvaða degi kjörtíminn skuli talinn.

10. gr. Ef kjósa þarf einstakan þjóðkjörinn alþingismann, gildir hin nýja kosning fyrir svo langan tíma, sem sá átti eptir, er frá fór. Þegar einstakar kosningar skulu fram fara, gjörir landshöfðinginn fyrirskipun um það.

11. gr. *Kosningar fara fram á þingstað hvers hrepps eða bæjarfjelags í kjördæmi hverju, og má hver koma þar, er vill.*

12. gr. *Eigi síðar en 4 vikum áður en kosning á að fara fram, skal oddviti yfirkjörstjórnarinnar senda hverjum kjörstjórnaroddvita í kjördæminu tilkynningu um það, hvern dag kjörþing skuli haldið í hans hreppi, og skal hann auglýsa það á vanalegan hátt. Kjörþing skulu haldin sama dag í öllum hreppum og bæjarfjelögum kjördæmisins, og skulu þau standa frá hádegi til miðaptans.*

Framboð og meðmælingar þingmannaefna skal oddviti yfirkjörstjórnarinnar senda hverjum kjörstjórnaroddvita í kjördæminu eigi síðar en viku á undan kjörþingisdeginum.

13. gr. Kjörstjórnaroddvitinn skal setja kjörþingið á hádegi. Er hann hefur lesið upp hið konunglega opna brjef, eða þann úrskurð landshöfðingja, er fyrirskipar kosninguna, leiðir hann athygli kjósendanna að því, hver tilgangurinn sje með kosninguna, og hve mikilsvarðandi hún sje. *Síðan les hann upp nöfn og framboð þingmannaefna þeirra, er hafa boðið sig fram, svo og meðmælingar þeirra.*

Kjósendur kjördæmisins hafa rjett til, að mæla með og móti þingmannaefnunum. Oddviti skal stýra þeim umræðum, sem um þetta efni verða. Hann skal og sjá um, að kjörþingið og öll kosningin fari fram í góðri reglu. Enginn kjörstjóranna má tala með eða móti kosningu nokkurs þingmannsefnis.

Oddviti skal slíta umræðunum 2 stundum fyrir miðaptan, ef þeim er þá ekki lokið; síðan skal skora á kjósendur, að ganga til kosningar með því að gefa atkvæði sitt einum, eða í þeim kjördæmum, þar sem kjósa skal 2 alþingismenn, tveimur af þeim þingmannaefnum, sem boðnir hafa verið fram til kosningar. Þótt eigi sjeu fleiri þingmannaefni en kjósa skal í kjördæminu, skal atkvæðagreiðsla samt fram fara.

14. gr. Oddviti kjörstjórnarinnar á eigi þátt í því, að taka við atkvæðum. Einn af hinum, sem í kjörstjórninni eru, ritar, eptir að hann hefur kannazt við kjósendurna, nafn þess, eða í þeim kjördæmum, þar sem kjósa skal 2 alþingismenn, nöfn þeirra tveggja þingmannaefna, sem kjósandi greiðir atkvæði sitt, við hliðina á hans eigin nafni í sjálfri kjörskránni. Annar úr kjörstjórninni ritar á sjerstaka atkvæðaskrá nafn kjósanda við hliðina á nafni þess eða þeirra þingmannaefna, sem hann hefur gefið atkvæði sitt. Áður en kjósandinn gengur frá, skal lesa upp fyrir honum bæði hans eigið nafn og þess eða þeirra nöfn, sem hann hefur kosið, til tryggingar því, að rjett sje ritað á báðar skrárnar, og að því beri hverju saman við annað.

Á miðaptni skal kjörstjórnin hætta að taka á móti atkvæðum til kosningarinnar, og þá skulu kjörstjórar færa inn atkvæði sjálfra sín (ef þeir hafa atkvæðisrjett), og er þá atkvæðagreiðslu lokið.

15. gr. Í kjörbókinni skal bóka það, sem fram hefur farið á kjörfundinum, og skal kjörstjórnin skrifa nöfn sín undir hana, *svo og undir atkvæðaskrárnar. Síðan tekur kjörstjórnin afskript af því, sem bókað hefur verið í kjörbókinni, og staðfestir það með undirskript sinni. Þá innsiglar kjörstjórnin afskriptina, atkvæðaskrárnar og framboð þingmannaefna og meðmæli í einu lagi; og skal oddviti kjörstjórnarinnar senda mann með það til oddvita yfirkjörstjórnarinnar eigi síðar en næsta dag eptir kjörþingið.*

16. gr. *Eigi síðar en 8 dögum eptir hinar almennu kosningar skal oddviti yfirkjörstjórnarinnar kalla á fund með sjer hina 2 meðlimi yfirkjörstjórnarinnar; skal hann í viðurvist þeirra brjóta innsigli atkvæðaskráa þeirra, er sendar hafa verið frá hreppunum og bæjarfjelögunum. Skulu þá yfirkjörstjórarnir í sameiningu telja saman atkvæðin á atkvæðaskránum. Það þingmannsefni, eða þau þingmannaefni, þar sem kjósa skal 2 alþingismenn, er flest atkvæði hafa fengið, eru þá rjettkjörnir alþingismenn fyrir kjördæmið. Nú hafa 2 eða fleiri þingmannaefni jöfn atkvæði, og skal þá sá rjettkjörinn alþingismaður fyrir kjördæmið, sem eldri eða elztur er; sjeu þeir alveg jafnir að aldri, skal hlutkesti ráða.*

Í Reykjavík og Vestmannaeyjum skal kjörstjórnin hafa hin sömu afskipti af kosningunum og kjörstjórnir og yfirkjörstjórnir annarstaðar á landinu.

Heimilt er þingmannaefnum eða umboðsmönnum þeirra, ef þeir hafa skriflegt umboð, að vera við upptalningu atkvæðanna.

17. gr. Yfirkjörstjórnin fær hverjum þjóðkjörnum alþingismanni kosningarbrjef; skal það samið samkvæmt fyrirmynd, sem stjórnarráðið fyrir Ísland segir fyrir um. Skal oddviti yfirkjörstjórnarinnar senda þingmanninum það brjef, svo fljótt sem kostur er á.

Almennar ákvarðanir.

18. gr. Alþingismenn fá í endurgjald 6 krónur um hvern dag, bæði fyrir þann tíma, sem þeir þurfa til ferðarinnar til alþingis og frá því, og fyrir þann tíma, sem þeir eru á alþingi. Sömuleiðis fá þeir endurgoldinn ferðakostnað eptir reikningi, sem nefnd kosin af hinu sameinaða alþingi úrskurðar, og forseti í hlutaðeigandi þingdeild ávísar. Þessi útgjöld greiðast úr landssjóðnum.

19. gr. Yfirkjörstjórar mega reikna sjer fæðispeninga og endurgjald fyrir ferðakostnað, samkvæmt tilskipun um sveitarstjórn á Íslandi 4. maí 1872, 33. gr., þannig, að útgjöldin greiðist úr sýslusjóðnum. *Annar kostnaður við kosningarnar, svo sem fyrir kjör-*

bókum, sendiferðum milli yfirkjörstjórnarinnar og kjörstjórnanna, auglýsingum o. fl., skal greiddur úr sýslusjóði. Í Reykjavík skal greiða gjöld þau, sem síðast voru nefnd, úr sjóði bæjarins.

20. gr. Vanræki nokkur störf þau, sem honum eru á hendur falin með lögum þessum, skal hann sæta 10—200 kr. sektum, ef þyngri hegning eigi liggur við samkvæmt lögum.

21. gr. *Með lögum þessum eru úr gildi felldar 19. grein til 40. greinar í lögum um kosningar til alþingis 14. sept. 1877.*

Nd. **188. Nefndarálit**

um athugasemdir og tillögur yfirskoðunarmanna alþingis við landsreikningana fyrir árin 1886 og 1887.

I. Reikningurinn 1886.

Inngangurinn.

1.

Jafnvel þó yfirskoðunarmenn viðurkenni, eins og landsreikningarnir sýna ljóslega, að tekju-eptirstöðvarnar í heild sinni minnki ár frá ári, hafa þeir þó vakið athygli á, að eptirstöðvar af umboðstekjum Kirkjubæjar og Þykkvabæjarklausturs hafi farið vaxandi hin síðustu ár. Í svari sínu hefur landshöfðingi meðal annars skýrt frá, að eptirstöðvar þær, sem taldar eru innistandandi hjá umboðsmanni, sjeu í raun rjettri útistandandi hjá leiguliðum, þó umboðsreikningurinn beri það ekki með sjer Til glöggara yfirlits framvegis virðist haganlegt, að þegar hinir sjerstöku reikningar fyrir tekjum landssjóðs til færa einhverjar upphæðir sem eptirstöðvar, þá fylgi þar með skýrsla um, hvar þær standi, og hverjar ráðstafanir hafi verið gjörðar til að innheimta þær.

2.

Þar sem yfirskoðunarmenn hafa tekið fram, að greiðsla þess, sem borgað er í jarðabókarsjóð af eptirstöðvum frá fyrra ári, dragist stundum fram undir lok næsta árs, hefur landshöfðingi í svari sínu bent á fyrirmæli 6. gr. reglugj. 13. febr. 1873, og 5. gr. reglugj. 25. maí 1878, sem ástæðu fyrir því, að ekki verði búizt við, að allar tekjur hvers árs sjeu borgaðar í landssjóð fyrir næsta nýjár. En auk þess, sem tjeðar lagagreinir lúta ekki að eptirstöðvum frá fyrra ári, sem átt er við í athugasemdinni, skal þess getið, að frestur sá á gjaldgreiðslunni, er reglugjörðirnar heimila, hefur ekki þá verkun, að tekjur þær, sem greiddar eru í jarðabókarsjóð samkvæmt þeim, verði taldar með eptirstöðvum, með því það er vitanlegt, að allar tekjur frá fyrra ári, sem landfógeti veitir móttöku fyrir marzmánaðarlok næsta ár, eru inn færðar í fyrra árs reikninga, og koma því inn í landsreikninginn á rjettum tíma,

3.

Yfirskoðunarmenn hafa athugað, að reikningsbók ráðgjafans sje eigi til hlítar endurskoðuð hjer á landi. Þó landshöfðingi sje á öðru máli, hafa þeir látið sjer nægja að benda á, hvað til þess útheimtist, að slík endurskoðun geti verið nógu nákvæm, en þar á móti hafa þeir ekki gjört neina tillögu um að fá því framgengt. Nefndin finnur heldur ekki ástæðu til að koma fram með slíka tillögu, en verður að álíta æskilegt, að yfirskoðunarmenn landsreikninganna 1888 og 1889 taki þetta atriði til íhugunar.

Tekjubálkurinn.

1.—4. og 14. 3

Hinar umræddu tekju-eptirstöðvar:

a. úr Dalasýslu . . . . . kr. 265 51
b. — Suður-Múlasýslu . . . . . — 0,10
c. af Möðruvallaklausturs umboði . . . — 0,06

koma til athugunar við yfirskoðun landsreikninganna 1888 og 1889.

15. og 12.

Samkvæmt tillögu yfirskoðunarmannanna væri æskilegt, að alþingi yrði skýrt frá, hvort brennisteinsnámarnir í Þingeyjarsýslu og silfurbergsnámurinn í Helgustaðafjalli hafi verið seldir á leigu.

18.

3. a. Áhrærandi þá tillögu yfirskoðunarmannanna, að sá hluti landssjóðslánsins til vatnsveitinga á Staðarbyggðarmýrum, er hvílir á umboðsjörðinni Munkaþverá, verði numinn úr innstæðu viðlagasjóðs, og hið lögákveðna gjald, 4% af hinni upphaflegu upphæð, verði innheimt saman við eptirgjald jarðarinnar, er þess að geta, að landshöfðingi hefur í brjefi, dags. 8. þ. m., skýrt frá, að hundraðsgjaldi því,sem leiguliðanum á tjeðri umboðsjörð ber að greiða, verði eigi breytt í hækkað jarðarafgjald, fyr en við ábúandaskipti, og getur því áðurnefnd tillaga að svo stöddu eigi fengið framgang.

b. Að því er snertir borgunarskilmála Staðarbyggðarmýra-lánsins, hafa yfirskoðunarmenn tekið fram, að þar eð lánið hafi verið veitt gegn 4% vöxtum, og árgjald það, sem upphaflega var áskilið, 6% í vexti og afborgun í 28 ár (sbr. fjáraukalög 10. okt. 1879 fyrir árin 1878 og 1879, 9. gr.) hafi verið greitt til ársloka 1895. svo að upphæð þess hafi þá verið orðin þeim mun lægri, sem afborguninni svaraði, þá leiði þar af, að árgjald það, sem þá var ákveðið, 4% af hinni upphaflegu upphæð (sbr. fjárlögin fyrir árin 1886 og 1887, 4. gr.) hljóti að skoðast sumpart sem vextir (þ. e. 4% af eptirstöðvum lánsins), og sumpart sem afborgun (þ. e. sá hlutinn, sem er fram yfir 4% af höfuðstólnum, eins og hann er í hvert skipti). Að vísu verður nefndin að aðhyllast þennan skilning á ákvæðum þeim, er hjer að lúta, þrátt fyrir það, þó 4. gr. fjárlaganna fyrir 1888 og 1889 gefi tilefni til þeirrar skýringar, að það sje ekki tilætlun löggjafarvaldsins, að neinn hluti af áminnstum 4% eigi að skoðast sem afborgun, eins og landshöfðingi hefur tekið fram, en samt sem áður finnst eigi ástæða til, að bera tillögu yfirskoðunarmanna upp til samþykktar, þar eð fjárlaganefnd neðri deildar hefur tekið hana til greina í fjárlagafrumvarpinu fyrir 1890 og 1891.

c. Samkvæmt tillögu yfirskoðunarmannanna væri æskilegt, að alþingi fengi skýrslu um, hver árangur hafi orðið af umræddum vatnsveitingum á Staðarbyggðarmýrum, og hvort jarðabótum þeim, sem þar hafa verið gjörðar, sje við haldið svo sem vera ber.

4. a. Eins og tekið var fram á alþingi 1885 og yfirskoðunarmenn hafa leitt athygli að, virðist liggja beint við, að þær kr. 966,85, sem í reikningum Reykjavíkurkirkju eru tilfærðar sem inneign í jarðabókarsjóði, verði dregnar frá skuld kirkjunnar til viðlagasjóðs.

b. Hvort ástæða sje til þess að sleppa að reikna landssjóði vexti af skuld Reykjavíkurkirkju, vísast til fjárlaganefndarinnar.

6. Eins og yfirskoðunarmenn taka fram, virðist það leiða af sjálfu sjer, að lán til þilskipakaupa, verði eigi veitt nema gegn fullu veði, hvort heldur í húsum eða jörðum.

7. Að því er snertir lán gegn húsveðum, hafa yfirskoðunarmenn bent á, að hús, sjer í lagi timburhús, hljóti að hrörna með aldrinum, svo að þau geti eigi til langframa verið eins tryggileg og jarðarveð, og því hafa þeir lagt það til, að slíkum lánum verði breytt í afborgunarlán. Þessu er nefndin að vísu fyllilega samdóma, en samt sem áður finnst eigi næg ástæða til, eptir þeirri skýrslu, sem landshöfðingi hefur gefið um ásigkomulag húsveða í Reykjavík og Hafnarfirði, að gjöra að svo stöddu sjerstaka undantekningu í tilliti til þeirra. Á hinn bóginn verður að álíta það einkar vel til fallið, að öllum landssjóðslánum til einstakra manna verði smámsaman eptir atvikum breytt í afborgunarlán, og að engin slík lán verði framvegis veitt úr viðlagasjóði, nema gegn árlegri afborgun, í lengsta lagi til 28 ára.

8. Eins og yfirskoðunarmenn hafa lagt til, virðist haganlegt, að brunabótagjald fyrir hús embættismanna utan Reykjavíkur, sem veðsett eru landssjóði, verði greitt af launum þeirra.

Gjaldabálkurinnn.

23.

Að vísu er nefndin eindregið á því, að alþingismenn hafi eigi heimild til að reikna sjer hærri fæðispeninga en hina lögákveðnu, 6 kr. um daginn, þó þeir fari sjóleiðis með strandferðaskipi, en með því hjer er að eins um litla upphæð að ræða, og einkum af því, að þingmenn þeir, er hlut eiga að máli, hafa í ferðakostnaðarreikningum sínum 1887 sleppt hinni umræddu viðbót við fæðispeningana, svo að telja má víst, að slíkt eigi sjer ekki stað framvegis, virðist þetta eigi þurfa að koma frekara til greina.

28.

1. Hinar umræddu kr. 417,02, sem eru eptirstöðvar af prentunarkostnaði stjórnartíðinda 1885, eru teknar í fjáraukalagafrumvarp fyrir 1886 og 1887, 2. gr.

Að hve miklu leyti það sje hagfellt, að útsala Stjórnartíðindanna verði falin bóksölumanni, vísast til fjárlaganefndarinnar.

5. Sú tillaga yfirskoðunarmanna, að fæðispeningar landshöfðingja, biskups og landlæknis á embættisferðum þeirra, verði til færðir í sama gjaldlið sem annar ferðakostnaður, er tekin til greina í fjárlagafrumvarpinu fyrir 1890 og 1891, 10. gr. C. 9.

29.

Hinar umræddu kr. 792,00, sem er kostnaður við útgáfu kennslubókar í yfisetufræði, eru teknar í fjáraukalagafrumvarp fyrir 1886 og 1887, 3. gr.

30.

1. Upphæðir þær, sem greiddar eru fram yfir fjárveitingu:

a. til póstflutninga	kr.	3101,85
b. fyrir prentun á ýmsu	—	528,51
c. til óvissra útgjalda	—	156,95

eru teknar í sama frumvarp, 4. gr.

2. Þar eð yfirskoðunarmenn álíta, að eptir sje að gjöra grein fyrir kr. 1321,03, er sjeu ofborgaðar upp í póstávísanir, leiðir það af sjálfu sjer, að yfirskoðunarmenn landsreikninganna 1888 og 1889 verða að ganga eptir fullnægjandi skýrteinum þar að lútandi.

31.

Umræddar kr. 103,20, sem eru ýmisleg útgjöld við gagnfræðaskólann á Möðruvöllum, eru teknar í fjáraukalagafrumvarp fyrir 1886 og 1887, 5. gr.

34.

Þar eð nú er svo langur tími liðinn, síðan hinn umræddi 200 kr. styrkur til að gefa út kirkjurjett var útborgaður, virðist tilhlýðilegt, að útgefandanum verði settur hæfilegur frestur til að ljúka við útgáfuna, ella verði honum gjört að skyldu að endurborga styrkinn.

35.

3. Yfirskoðunarmenn hafa fundið að því, að úr landssjóði hafi verið greiddur kostnaður við ferð hins núverandi landshöfðingja til Kaupmannahafnar 1886, kr. 560,00, er þeir álíta, að ekki megi færa landssjóði til útgjalds, nema eptir sjerstakri ályktun fjárveitingarvaldsins. Aptur á móti hefur landshöfðingi í svari sínu haldið því fram, að næg heimild fyrir þessari útborgun sje fólgin í því, að hann hafi verið boðaður af ráðgjafanum á hans fund í landsins þarfir.

Eptir því fyrirkomulagi, sem nú er á hinni æðstu stjórn landsins, má búast við, að það komi iðulega fyrir, að landshöfðingi eða fulltrúi stjórnarinnar á alþingi, ef það er annar maður búsettur hjer á landi, þurfi að fara á fund ráðgjafans, til að bera sig saman við hann um frumvörp til nýrra laga og önnur landsmál. Virðist það leiða af sjálfu sjer, að kostnaðurinn við slíkar ferðir verði að greiðast úr landssjóði, án tillits til þess, hvort ferðin er framkvæmd eptir boði ráðgjafans, eða landshöfðingi sjálfkrafa tekst ferðina á hendur, af því að hann álítur hana nauðsynlega eða þarflega fyrir landið. Í annan stað þykir bezt til fallið, að slíkur kostnaður sje færður til reiknings á því ári, sem hann á fellur, en þurfi ekki að bíða þess, að útborgunin sje samþykkt í næstu fjárlögum á eptir, og með því umræddur kostnaður á ekki annarstaðar fremur heima, en í óvissum gjöldum, virðist það heldur ekki eiga við, að taka hann upp í fjáraukalög, þegar ekki er að ræða um neina umframgreiðslu á þessari gjaldgrein.

II. Reikningurinn 1887.

Inngangurinn.

2.

Þar eð alþingi hefur til meðferðar ýms lagafrumvörp, er miða til að auka tekjur landssjóðs, verður eigi annað álitið, en að því máli sje vel borgið.

Tekjubálkurinn

1.—5. og 14. 4.—5.

Tekjueptirstöðvar þær, sem hjer er átt við:

a. úr Dalasýslu	kr.	265,51
b. — Snæfellsnessýslu	—	0,42
c. — Barðastrandarsýslu	—	22,11
d. — Norður-Múlasýslu	—	518,83
e. — Árnessýslu	—	90,00
f. — Reykjavík	—	3,20
g. af Strandasýslujörðum	—	792,12
h. — Möðruvallaklausturs umboði	—	0,06

koma til athugunar við yfirskoðun landsreikninganna 1888 og 1889.

13.

Hinar umræddu kr. 7,70, sem eru oftaldar greiðslur eptir reikningsúrskurðum úr Barðastrandarsýslu, eru dregnar frá óvissum tekjum í reikningslagafrumvarpinu fyrir 1886 og 1887, I. 13.

Aptur er bætt við sömu tekjugrein vantöldum greiðslum eptir reikningsúrskurðum frá Arnarstapa- og Skógarstrandar umboði, kr. 33,50, svo og ágóða af endurborgunum á fyrirframgreiðslum, kr. 19,60.

14.

2. Í sama frumvarpi I. 14. eru dregnar frá tekjum af fasteignum kr. 33,50, sem um er rætt í 13. tölul.

Að því er snertir athugasemdina að öðru leyti, skal skýrskotað til nefndarálitsins um reikninga Arnarstapa-, Skógarstrandar- og Hallbjarnareyrar umboðs 1884 og 1885.

19.

Í sama frumvarpi, I. 21., eru dregnar frá endurborgunum á fyrirframgreiðslum kr. 19,60, sem á er minnst í 13. tölul.

Gjaldabálkurinn.

25.

3. Sú tillaga yfirskoðunarmannanna, að við fjárveitinguna til vegabóta sje nákvæmar en að undanförnu gjört ráð fyrir því, hvernig fjenu skuli varið, er tekin til greina í athugasemdum við fjárlagafrumvarpið fyrir 1890 og 1891, 10. gr. C. 5.
5. Umframgreiðslan til aðgjörðar á Munkaþverárkirkju, kr. 226,66, er tekin í fjáraukalagafrumvarp fyrir 1886 og 1887, 2. gr.

27.

1. Upphæðir þær, sem greiddar eru fram yfir fjárveitingu:
   a. til póstflutninga ..... kr. 3130,63
   b. fyrir prentun á ýmsu..... — 242,20
   c. til áhalda..... — 360,51
   eru teknar í sama frumvarp, 4. gr.
3. Tillögu yfirskoðunarmannanna um, að hækkað verði landburðargjald böggulsendinga, hefur fjárlaganefndin tekið til greina í frumvarpi sínu um breyting á póstlögunum.
4. Að hve miklu leyti það sje hagfellt, að spara kostnað við aukapóstferðir með undirboði, vísast til fjárlaganefndarinnar.

28.

1. Umræddar kr. 67,80, sem eru ýmisleg útgjöld við gagnfræðaskólann á Möðruvöllum, eru teknar í fjárlagafrumvarp fyrir 1886 og 1887, 5. gr.

Samkvæmt framanrituðu, leyfum vjer oss að bera upp eptirfylgjandi

TILLÖGUR

til þingsályktunar í landsreikningamálinu.

Alþingi ályktar, að skora á landsstjórnina, að hlutast til um:

1. Að framvegis, þegar hinir sjerstöku reikningar fyrir tekjum landssjóðs tilfæra einhverjar upphæðir sem eptirstöðvar, þá fylgi þar með skýrsla um, hvar þær standi og hverjar ráðstafanir hafi verið gjörðar til að innheimta þær.
2. Að skuld Reykjavíkurkirkju til viðlagasjóðs verði færð niður um þær kr. 966,85, sem talið er að kirkjan eigi inni í jarðabókarsjóði.
3. Að öllum landssjóðslánum til einstakra manna verði smámsaman eptir atvikum breytt í afborgunarlán, og að engin slík lán verði framvegis veitt úr viðlagasjóði, nema gegn árlegri afborgun, í lengsta lagi til 28 ára.
4. Að brunabótagjald fyrir hús embættismanna utan Reykjavíkur, sem veðsett eru landssjóði, verði til tryggingar fyrir hann greitt af embættislaunum þeirra.
5. Að fyrv. háyfirdómara Jóni Pjeturssyni, er fengið hefur 200 kr. styrk til að gefa

út kirkjurjett, verði settur hæfilegur frestur til að ljúka við útgáfuna, ella verði honum gjört að skyldu, að endurborga styrkinn.

Neðri deild alþingis, 24. júlí 1889.

Ólafur Briem,	Páll Ólafsson,	Þorvarður Kjerúlf,
framsögumaður.	formaður.	skrifari.

Nd. **189. Nefndarálit**

í málinu: *Frumvarp til fjáraukalaga fyrir árin 1886 og 1887.*

Um 2. gr.

Þó prentunarkostnaður stjórnartíðinda stigi fram úr hinni áætluðu fjárveitingu, virðist þar fyrir engin ástæða til að leita aukafjárveitingar fyrir slíkri umframgreiðslu, en orsökin til þess, að umræddur kostnaðarauki, kr. 417,02, er tekinn í frumvarpið, er sú, að hann við kemur fyrra fjárhagstímabili.

Aðgjörðin á Múnkaþverár kirkju, alls kr. 626,66, var fólgin í því, að leggja á hana járnþak og setja í hana nýja glugga.

Um 3. gr.

Hinn umræddi kostnaður við að gefa út kennslubók í yfirsetufræði, kr. 792,00, virðist eiga mjög skylt við námskostnað yfirsetukvenna, sem eptir lögum 17. desbr. 1875 á að greiðast úr landssjóði.

Um 4. gr.

Umframgreiðsluna til póstflutninga og annara útgjalda við póststjórnina, 1886 kr. 3787,31 og 1887 kr. 3733,34, álítur nefndin sjálfsagt að samþykkja.

Um 5. gr.

Jafnvel þó eigi hafi fram komið fullnægjandi skýrteini fyrir því, í hverju fólgin sjeu ýmisleg útgjöld við gagnfræðaskólann á Möðruvöllum, 1886 kr. 353,20 og 1887 kr. 317,80, verður að álíta, að umframgreiðslunni hafi verið varið til nauðsynlegra gjalda.

Samkvæmt þessu viljum vjer ráða hinni háttvirtu þingdeild til að samþykkja frumvarpið óbreytt.

Neðri deild alþingis, 24. júlí 1889.

Ólafur Briem,	Páll Ólafsson,	Þorvarður Kjerúlf,
framsögumaður.	formaður.	skrifari.

Nd. **190. Nefndarálit**

í málinu: *Frumvarp til laga um samþykkt á landsreikningnum fyrir 1886 og 1887.*

Þau atriði, sem reikningsfrumvarpið greinir á við yfirlit yfirskoðunarmanna, eru þessi:

I. Tekjur.

13.	Óvissar tekjur: í frumvarpinu			kr.	7152,54
	í yfirlitinu			—	7107,14
	Og stafar mismunurinn			kr.	45,40
	a. af vantöldum greiðslum eptir reikningsúrskurðum (oftöldum í fasteignartekjum)	kr. 33,50			
	b. af ágóða af endurborgunum á fyrirframgreiðslum (oftöldum í þeirri tekjugrein)	— 19,60	kr. 53,10		
	÷ oftöldum greiðslum eptir reikningsúrskurðum		— 7,70	—	45,40
14.	Tekjur af fasteignum: í frumvarpinu			—	56870,87
	í yfirlitinu			—	56904,37
	Um mismuninn sjá að ofan 13. a.			kr.	33,50
21.	Endurborganir á fyrirframgreiðslum: í frumvarpinu			—	12268,05
	í yfirlitinu			—	12287,65
	Um mismuninn sjá að ofan 13. b.			kr.	19,60

I þessum greinum eru tekjurnar í frumvarpinu leiðrjettar samkvæmt athugasemd-

um yfirskoðunarmanna við landsreikninginn 1887, 13., 14. og 19. tölul., og með því það að öðru leyti er samið eptir reikningum þeim, er yfirskoðunarmenn hafa haft til rannsóknar, viljum vjer ráða hinni háttvirtu þingdeild til að samþykkja frumvarpið óbreytt.

Neðri deild alþingis, 24. júlí 1889.

Ólafur Briem,	Páll Ólafsson,	Þorvarður Kjerúlf,
framsögumaður.	form.	skrifari.

Nd. **191. Nefndarálit**

um álit yfirskoðunarmanns neðri deildar alþingis um reikninga Arnarstapa, Skógarstrandar og Hallbjarnareyrar umboðs 1884 og 1885.

1.

Í álitsskjalinu undir tölul. I. (bls. 1—3) hefur yfirskoðunarmaður athugað um rýrnun á leignaeptirstöðvunum frá 1882 og 1883, sem í landsreikningnum 1884 er talin . . . . . kr. 1286,29
og hefur hann komizt að þeirri niðurstöðu, að hún rjett reiknuð sje . — 1244,43
og að eptirstöðvarnar frá þeim árum sjeu því vantaldar um . . . . kr. 41,86
En undir tölul. II. stafl. B. (bls. 4—5) er sýnt fram á, að tekjurnar 1884 og þess vegna líka eptirstöðvar þess árs sjeu oftaldar um sömu upphæð . . . . . — 41,86
svo þetta jafni sig þannig, að eptirstöðvarnar við árslok 1884 sjeu rjett taldar . . . . . — 7593,64

2.

Undir stafl. C. (bls. 7—8) er þess getið, að í 5. og 6. gr. athugasemdanna við umboðsreikninginn 1884, telji hinn umboðslegi endurskoðandi reikningshaldara til ábyrgðar kr. 70,80+kr. 37,00, er hann hafði útborgað þeim Gísla Sigurðssyni á Saurum og Sigurði Guðmundssyni á Svelgsá, en svo stóð á, að þeim hafði með ráðgjafabrjefi 8. nóvbr. 1884 verið gefið eptir af leignagjaldi þeirra, Sigurði í 3 ár 50 pd. hvert ár, og Gísla í 2 ár 20 pd. hvort ár, en áður en brjef ráðgjafans var gefið út, var gjört lögtak hjá þeim fyrir leigunum 1883, samtals 270 pd. eða . . . . . kr. 166,80
en upp í það fjekkst ekki nema . . . . . — 1,85
og álítur yfirskoðunarmaður, að þeir eptir sem áður hafi verið í skuld um mismuninn . . . . . kr. 164,95
en þar frá hefði mátt draga eptirgjöfina . . . . . — 107,80
og nema svo afganginn burt úr eptirstöðvum sem ófáanlegan . . . kr. 57,15
En reikningshaldari hefur farið því fram, að leigur þær, sem lögtak var gjört fyrir, verði að álíta goldnar í umboðssjóð, enda þótt eigi væri með smjörverði, en þar af fljóti, að hann hafi átt að endurgjalda þeim Gísla og Sigurði það, sem þeim var gefið eptir af leigunum. Og er svo nefndri ábyrgð sleppt.

Nefndin getur eigi fallizt á þessa röksemdaleiðslu, og álítur, að slík útborgun megi ekki eiga sjer stað.

3.

Í 13. gr. athugasemdanna við umboðsreikninginn 1884 er hreift spurningu um ábyrgð reikningshaldara fyrir tjón, er landssjóður varð fyrir af sölu leignasmjörsins við uppboð 22. nóvbr. 1884, kr. 1739,32, og í 18. athugagrein er rætt um útborgun vantandi ofanálags á nokkrar þjóðjarðir, kr. 897,09. Um báðar þessar athugagreinir hefur landshöfðingi úrskurðað, að málin sjeu útkljáð og ábyrgð reikningshaldara fallin burt með lögunum um samþykkt á landsreikningnum 1884 og 1885.

Af ástæðum þeim, sem til eru greindar í álitsskjalinu (bls. 8—9), getur nefndin eigi viðurkennt, að reikningssamþykktarlög útiloki síðari leiðrjettingar samkvæmt athugasemdum hins umboðslega endurskoðanda við hina sjerstöku reikninga.

4.

Undir tölulið III. stafl. B. (bls. 10—11) er tekið fram, að í landsreikningnum 1885 sjeu

1. tekjurnar vantaldar um (sbr. bls. 16—17) . . . . . kr. 54,79
2. útgjöldin oftalin um . . . . . — 57,40
3. borgun í landssjóð oftalin um . . . . . — 19,19
og árseptirstöðvarnar því vantaldar um . . . . . kr. 131,38

Og getur þessi vantala, það sem hún nær, bætt upp vanhöld þau á eptirstöðvum frá 1885 og fyrri árum, er síðar koma fram.

5.

Undir stafl. C. (bls. 11—16) er rætt um kúgildi umboðsins, sem 1879 voru . . . . . $238\frac{1}{2}$
en 1882 voru fallin og sum seld . . . . . $16\frac{1}{2}$
1884 voru þau þannig að eins 222
1885 og 1886 voru fallin eða horfin af jörðunum, að meðtöldu 1 kúgildi, er var selt . . . . . $14\frac{1}{2}$
en það er eigi enn gjörð fullkomin grein fyrir því, hvað af sumum þeirra er orðið, nje fyrir þeim kúgildum . . . . . $9\frac{1}{6}$
sem ennfremur eru horfin úr afgjaldaskránum 1887 og 1888 (bls. 25 neðanmáls).

6.

Undir stafl. D. (bls. 18—24) er rætt um eptirstöðvar frá árunum 1882—1885, og eru þær, eptir landsreikningunum og skýrslum þeim, er yfirskoðunarmaður hafði undir hendi, taldar að vera þessar:

A. Hjá leiguliðum.

1. Leigur.

	pd.	Kr. a.	Talið greitt til Asm. Sv. pd.	Von um frá leiguliðum pd.	Ófáanlegt pd.	Skýringu vantar um pd.
1882	$132\frac{1}{6}$	78 08	$45\frac{1}{2}$	$86\frac{2}{3}$	»	»
1883	160	118 40	»	40	120	»
1884	$812\frac{3}{4}$	601 44	$537\frac{1}{4}$	»	»	250
	$1104\frac{11}{12}$	797 92				
Goldið 1885	$25\frac{1}{2}$	15 87				
Eptir	$1079\frac{5}{12}$	782 05				
1885 við bætt	1289	940 48	$53\frac{1}{3}$	122	$327\frac{1}{2}$	$792\frac{1}{6}$
	$2368\frac{5}{12}$	1722 53	$636\frac{1}{12}$	$248\frac{2}{3}$	$447\frac{1}{2}$	$1042\frac{1}{6}$

2. Landskuldir.

	Kr. a.	Kr. a.	Kr. a.	Kr. a.	Kr. a.
1883	714 30	296 97	74 49	342 84	»
1884	1129 16	462 52	43 86	448 22	174 56
	1843 46				
Goldið 1885	328 47				
Eptir	1514 99				
1885 við bætt	1243 16	182 32	233 21	431 53	396 10
	2758 15	941 81	351 56	1222 59	570 66
Leigur og landskuldir samtals	4480 68				

B. Hjá reikningshöldurum.

	Kr. a.	Kr. a.
1882—1884		4952 26
Borgað 1885	911 40	
Innheimt frá f. á.	344 34	
Mismunurinn dregst frá		567 06
Eptir		4385 20
1885 við bætt	2305 65	
Borgað 1886	2012 83	292 82
		4678 02
Skuldir leiguliða		4480 68
Alls		9158 70

Þessar eptirstöðvar eru nefndar í svörum landshöfðingja upp á 14. athugagrein við landsreikninginn 1885, en þeim er þar ekki skipt rjett milli leiguliða og reikningshaldara.

Skrár þær, er yfirskoðunarmaður bjó til yfir eptirstöðvar, sem skýringar vantaði um, hefur núverandi umboðsmaður endursent með árituðum svörum, en þó mun þurfa að leita umsagnar fyrverandi umboðsmanns og fleiri upplýsinga þar að lútandi, og álítur nefndin nauðsynlegt, að yfirskoðunarmenn landsreikninganna 1888 og 1889 haldi þessu reikningamáli fram til endilegra úrslita.

7.

Samkvæmt IV. kafla álitsskjalsins (bls. 24—26) leyfum vjer oss að bera upp eptirfylgjandi

TILLÖGUR

til þingsályktunar í reikningamáli Arnarstapa umboðs.

Alþingi ályktar, að skora á landsstjórnina, að hlutast til um:

1. Að ef nokkur maður skuldar nokkuð í haust af leigum eða landsskuldum eptir jarðir í Arnarstapa, Skógarstrandar og Hallbjarnareyrar umboði frá 1882—1885, sem eigi eru fullnægjandi skilríki fyrir, að ófáanlegt sje, þá verði tafarlaust kyrsett svo mikið af eigum hans, er nemi skuldinni og áfallandi kostnaði, og síðan verði málinu fram fylgt með kæru til sáttanefndar og, gangi eigi saman, með lögsókn.
2. Að undir sömu skilyrðum verði farið eins að, að því er snertir eptirstöðvar frá 1886 og 1887 og landskuldir 1888, svo og leigur frá sama ári, ef þær verða eigi teknar lögtaki í tæka tíð.
3. Að þeirri reglu verði fylgt eptirleiðis, að beita lögtaksrjettinum við jarðarafgjöld, að undanteknum þeim sjerstöku tilfellum, að bæði umboðsmaður og hreppstjóri sjeu fullvissir um, að lögtak yrði árangurslaust, og að rökstutt vottorð þeirra um það verði innsent, en annars verði umboðsmaður látinn sæta ábyrgð á því, ef lögtak er dregið svo lengi, að skuldin missi lögtaksrjett.
4. Að ef einhver flosnar upp af umboðsjörð, eða það að öðru leyti sje fyrirsjáanlegt, að einhver standi ekki í skilum, að því er snertir jarðarkúgildi eða álag á jörðina, þá bregði umboðsmaður við og beiti sömu reglu til þess að ná því, sem unnt er, í skuldir leiguliðans til umboðsins.
5. Að það sje brýnt fyrir umboðsmanni, að hann skuli leitast við, að fá duglega ábúendur á jarðir þær, sem lausar eru eða lausar verða.

Neðri deild alþingis 24. júlí 1889.

Ólafur Briem,	Páll Ólafsson,	Þorvarður Kjerúlf,
framsögumaður.	formaður.	skrifari.

Nd. **192. Frumvarp**

til laga um breyting á lögum um gjald af brennivíni og öðrum áfengum drykkjum frá 7. nóv. 1879, 11. febr. 1876, og tilsk. 26. febr. 1872. — Frá tollanefndinni.

1. gr. Hjer eptir skal greiða aðflutningsgjald af alls konar öli, sem til Íslands flytzt, 10 aura fyrir hvern pott.

Af brennivíni eða vínanda skal greiða af hverjum potti:

með 8° styrkleika eða minna 30 aura
yfir 8° og allt að 12° styrkleika 45 —
yfir 12° styrkleika . . . . . 60 —

Af rauðavíni og messuvíni skal greiða 15 aura af hverjum potti, í hverju íláti, sem það er flutt.

Af öllum öðrum vínföngum skal greiða 60 aura af hverjum potti, ef þau eru flutt í ílátum, stærri en svo, að þau rúmi 2 merkur, en sjeu þau flutt í minni ílátum, skal greiða sama gjald af hverjum 3 pelum, sem af potti í stærri ílátum.

Gjald þetta rennur í landssjóð.

2. gr. Skyldur er hver sá, er frá útlöndum flytur eða fær öl og önnur vínföng tilflutt, til þess upp á æru og samvizku, að segja til, hvort og hve mikið af öli eður vínföngum hann með hverri ferð frá útlöndum hefur meðtekið, og skal hann jafnframt greiða aðflutningsgjaldið annaðhvort í peningum út í hönd, eða með ávísun, er borgast við framvísun (sigt) á landsbankann eður á áreiðanlegt verzlunarhús í Kaupmannahöfn, er reikningshaldari tekur gilt.

3. gr. Verði nokkur uppvís að því, að hafa leynt sannleikanum í þessu efni, skal hann sæta sektum frá 200—2000 kr.; ber uppljóstarmanni helmingur sekta, ef þrotið sannast. Hinn helmingur rennur í landssjóð.

4. gr. Hjer með er úr lögum numin 1. og 2. gr. laga 7. nóv. 1879, um breyting á lögum um gjald á brennivíni og öðrum áfengum drykkjum frá 11. febr. 1876.

Ástæður.

Tollar þeir, sem nefndin í öðrum frumvörpum hefur stungið upp á, að lagðir sjeu á kaffi, sykur og tóbak, munu, ef þeir komast á, að tiltölu leggjast þyngst á hina efnaminni meðal landsbúa. Virðist nefndinni því, samkvæmt þeim áskorunum, sem víða að hafa komið til þingsins, sanngjarnt, að hækkað sje gjaldið á þeirri munaðarvöru, sem helzt er notið af hinum efnameiri og munaðarvandari meðal landsbúa. Þessi varningur er öl og „önnur vínföng", sem, sjer í lagi hin síðarnefndu (svo sem dýr vín, romm, cognac whisky, o. s. frv.) virðast þola hærra gjald, en það, sem hingað til hefur á þeim hvílt. Hefur nefndin álitið hæfilegt, að setja tollinn á þessum vínföngum jafnhátt og tollinn á sterkasta vínanda, og það þess heldur, sem sum af þessum vínföngum ástundum hafa yfir 12° vínanda inni að halda. Með þessari gjaldhækkun mundi landssjóður, eptir sömu aðflutningsupphæð, sem átti sjer stað 1886 og 1887, fá 5700 kr. tekjuauka.

Sökum þess, hversu aðflutningurinn, eptir verzlunarskýrslunum, hefur færzt niður frá 1885, er hann á öli nam 106,126 pottum og á öðrum vínföngum 58,404 pottum, til 1886 og 1887, er hann eigi náði nema 45,537 og 60,474 p. á öli, og á öðrum vínföngum eigi nema 19,103, og 18001 p. hefur nefndin álitið nauðsynlegt í 2. gr. frv. að taka upp álíka ákvæði, eins og í tóbakslögunum um drengskaparvottorð, og í 3. gr. um sektir. Nefndinni er sem sje óskiljanlegt, að aðflutningurinn á þessum vörutegundum hafi á jafnstuttum tíma getað minnkað svo mikið, nema svo sje, að hjer hafi eigi komið öll kurl til grafar. Um öl má reyndar segja, að það sje hollur drykkur, í hófi notið, en nefndin hefur ástæðu til að halda að ölnautn fari stórum vaxandi hjer á landi, sjer í lagi í kauptúnum, svo það þoli tollhækkun, frá því sem nú er, enda er 10 aura tollur eigi hærri en í Danmörku (5 sk. eptir tolllögunum frá 1863), og stendur þar til að hækka hann að mun.

Nd. **193. Nefndarálit**

frá tollanefndinni um frv. til laga um aðflutningsgjald á vefnaðarvöru, fatnaði, sætindavöru o. fl.

Af ástæðum þeim, sem fram eru teknar í áliti nefndarinnar, um frv. til laga um aðflutningsgjald af kaffi og sykri, getur nefndin eigi ráðið hinni h. Nd. til þess að aðhyllast það frv., sem hjer ræðir um.

Nd. **194. Nefndarálit**

frá tollanefndinni um frv. til laga um útflutningsgjald á hrossum og sauðfje.

Með því nefndin ekki vill fara lengra en óhjákvæmilegt er í því, að íþyngja landsbúum með nýjum álögum, ræður hún hinni h. Nd. frá því, að aðhyllast þetta frv., og það þess heldur, sem í fjárhagslegu tilliti mundi lítið muna um afraksturinn af þessum tolli.

Nd. **195. Nefndarálit**

fra tollanefndinni í málinu um frv. til laga um útflutningsgjald af ull og tólg.

Sökum þess, að nefndin, að svo stöddu, vill hlífast við, að leggja það til, að fleiri tollar sjeu í lög leiddir, en þeir, sem þegar eru ráðgjörðir, getur hún ekki ráðið hinni h. Nd. til þess að samþykkja þetta frv.

Nd. **196. Nefndarálit**

í málinu: frv. til viðaukalaga við lög um uppfræðing barna í skript og reikningi 9. jan. 1880.

Neðri deild alþingis hefur kosið oss undirskrifaða í nefnd til að íhuga frv. til viðaukalaga við lög um uppfræðing barna í skript og reikningi 9. jan. 1880, og hefur deildin einnig vísað til nefndarinnar frv. til laga um menntun alþýðu.

Nefndin hefur nú íhugað bæði þessi frumvörp vandlega og komizt að þeirri niðurstöðu, að heppilegra sje, að byggja á hinu fyrnefnda frumvarpi, þar eð ákvæði þess eru einfaldari og framkvæmilegri eptir því, sem hjer hagar. Þó fundum vjer ástæðu til að breyta nokkrum ákvæðum frumvarpsins; þannig höfum vjer lagt það til, að vankunnátta í skript, rjettritun og reikningi, standi ekki barni fyrir fermingu lengur en um eitt ár; sömuleiðis höfum vjer lagt það til, að haga kosningu prófdómenda á annan hátt, en frumvarpið gjörir ráð fyrir, til þess að komast hjá, að leggja tilfinnanlega gjaldabyrði á sýslusjóðina. Að endingu hefur oss þótt tilhlýðilegra, að láta ekki þessi lög koma fram sem viðauka við önnur eldri lög, heldur leggjum vjer það til, að ákvæði laganna 9. jan. 1880 verði tekin upp í þessi nýju lög, því að vjer teljum mjög nauðsynlegt, að lög sem hafa jafnalmenna þýðingu og þessi, sjeu svo ljós og aðgengileg, að alþýðu verði auðvelt að skilja þau rjett.

Flutningsmenn frv. til viðaukalaga við lög 9. jan 1880, um uppfræðing barna í skript og reikningi, taka því þetta frumvarp aptur.

Sömuleiðis tekur flutningsmaður frumvarpsins til laga um menntun alþýðu aptur frumvarp sitt.

Allir nefndarmenn eru einhuga í því, að ráða deildinni til að samþykkja eptirfylgjandi frumvarp.

Alþingi 24. júlí 1889.

Árni Jónsson, formaður.	Sigurður Stefánsson. framsögumaður.	Jón Þórarinsson, Sigurður Jensson, Ólafur Briem. skrifari.

FRUMVARP

til laga um uppfræðing barna.

1. gr. Öllum börnum skal kennt, auk kristindóms og bóklesturs: skript, rjettritun og í reikningi að minnsta kosti samlagning, frádragning, margföldun og deiling í heilum tölum og tugabrotum.

2. gr. Prestar skulu sjá um, að kennsla fari fram í námsgreinum þeim, sem nefndar eru í 1. gr. Komist þeir að raun um, að börn á einhverju heimili njóti eigi fullnægjandi uppfræðingar samkvæmt lögum þessum, annhvort fyrir hirðuleysi eða mótþróa foreldra eða húsbænda, ber þeim í sameiningu við hreppsnefnd eða bæjarstjórn að gjöra ráðstöfun til, að börnunum sje veitt betri tilsögn eptirleiðis, svo lengi sem þurfa þykir. Kostnað þann, sem af þessu leiðir, eru foreldrar eða fósturforeldrar skyldir að greiða, en borga má hann fyrir fram úr sveitarsjóði, og getur hreppsnefnd heimtað hann endurgoldinn af þeim, er uppfóstursskyldan hvílir á. Kostnað þennan má taka lögtaki. Fyrir börn, sem eru á sveit, skal borga kostnaðinn úr sveitarsjóði.

3. gr. Í hverju prestakalli skal árlega haldið próf að vorinu, og skulu öll börn, sem eru á fermingaraldri, prófuð í námsgreinum þeim, sem nefndar eru í 1. gr. Fái eitthvert barn ekki aðaleinkunina *vel* í prófi þessu, verður það ekki fermt það ár. Næsta ár gengur barnið aptur undir próf og nær enn ekki aðaleinkuninni *vel*, skal þá

vankunnátta í skript, rjettritun og reikningi, eigi standa barninu fyrir fermingu, ef það að öðru leyti fullnægir þeim ákvæðum, er gilda um barnafermingu.

4. gr. Presturinn heldur prófið, og skal það haldið í heyranda hljóði. Við hvert próf skulu vera 2 prófdómendur, annar kosinn af sýslunefnd eða bæjarstjórn, en hinn af hlutaðeigandi sóknarnefndum. Hverju barni skal gefa vitnisburð um kunnáttu þess í hverri námsgrein, og skulu vitnisburðirnir ritaðir í bók, er prófastur löggildir. Að loknu prófi rita prestur og prófdómendur nöfn sín í prófbókina. Skýrslu um prófið skal prestur senda prófasti með öðrum ársskýrslum áleiðis til stiptsyfirvaldanna.

5. gr. Að lokinni fermingu skal prestur gefa hverju barni fermingarvottorð, og skal þar tilgreina einkunnir þær, er barnið hefur fengið við prófið, og auk þess álit prestsins um hegðun þess.

6. gr. Lög þessi öðlast gildi 1. janúar 1891, og frá sama tíma eru úr gildi numin lög 9. janúar 1880, um uppfræðing barna í skript og reikningi.

Nd. **197. Nefndarálit**

í málinu: frv. til stjórnarskipunarlaga um hin sjerstaklegu málefni Íslands.

Neðri deild alþingis hefur kosið oss undirritaða, til þess, að segja álit vort um frv. til stjórnarskipunarlaga um hin sjerstaklegu málefni Íslands. Þetta frv. miðar til þess, að gjöra stjórn landsins innlenda, og kemur það þannig heim við óskir og kröfur Íslendinga, frá því, er þeir fyrst fengu von um, að fá eitthvert stjórnfrelsi. Stjórnarskipunarmálið er nú búið að standa á dagskrá þjóðarinnar um 40 ár, og þrátt fyrir marga og mikla erfiðleika, hefur þjóðin stöðugt haldið því fast fram, að framkvæmdarstjórnin yrði falin á hendur mönnum, er hefðu aðsetur í landinu sjálfu, og alþing hefði færi á, að semja sjálft um löggjafarmálefni landsins við ráðgjafa, er með málið fer.

Þessar óskir og kröfur landsmanna komu fram á þjóðfundinum 1851 og síðan mörgum sinnum á alþingi.

Þegar stjórnarskráin 5. jan. 1874 var gefin, hafði þjóðin fullan vilja á, að una vel við hana, en reynslan hefur sýnt, að það fyrirkomulag, sem komst á með henni, hefur að mörgu leyti sömu galla, sem áður voru á stjórn landsins. Eptir stjórnarskránni 1874 er fyrirkomulagið þannig, að æðsta framkvæmdarvald í málefnum landsins, er falið á hendur ráðgjafa, sem er búsettur í Danmörku, og sem hefur enga ábyrgð gagnvart alþingi á því, hvernig framkvæmdarvaldinu er beitt, þar sem ábyrgð hans gagnvart alþingi er í stjórnarskránni takmörkuð við stjórnarskrárbrot. Í löggjafarmálum er fyrirkomulagið ekki hagfeldara, þar sem ráðgjafinn ekki kemur við alþingi sjálft. Þetta fyrirkomulag hefur reynslan sýnt hjer á landi, að er ekki viðunandi og líkt fyrirkomulag hefur hvergi getað heppnazt. Fyrir fjarlægð landsins frá Danmörku, aðra tungu, ólíka landshætti, mjög ólíkt framfarastig og allt aðra atvinnuvegi þarf hið æðsta vald að vera í landinu sjálfu; þetta er nauðsynlegt, til þess að stjórn landsins geti haft næga þekkingu og kunnugleika til að efla hag þess og velmegun.

Þegar alþingi 1885 samþykkti frv. til endurskoðaðra stjórnarskipunarlaga um hin sjerstaklegu málefni Íslands, ljet stjórnin í ljósi, að ef það frv. fengi gildi, mundi Ísland í raun og veru verða leyst úr öllu sambandi við ríkið, en þetta var hvorki tilætlun alþingis eða hinnar íslenzku þjóðar. Það, sem Íslendingar óska, er að koma betra og haganlegra fyrirkomulagi á stjórn landsins, en þeir vilja eigi í neinu rýra eða takmarka vald hans hátignar konungsins, eða leysa sig úr sambandi við ríkið.

Vjer fáum eigi sjeð, að þau grundvallarskilyrði, er stjórnin getur um, verði eigi fullkomlega samrýmd við það fyrirkomulag á stjórn landsins, sem Íslendingar óska, því að oss virðist það liggja í augum uppi, að hagur Íslands verði fullkomlega samrýmdur

við hag ríkisins, og vjer verðum að telja það víst, að það, sem Islandi verði til sannrar hagsældar, verði ríkinu einnig til hagsmuna.

Það er hlutverk alþingis að samrýma þetta í því stjórnarskrárfrumvarpi, er það samþykkir. En þetta finnst oss einmitt vera gjört í frv. því, er hjer liggur fyrir. Þessu frv. hefur verið breytt frá frv. því, er alþing samþykkti 1885, í þá stefnu, er miðar til að tryggja rjett og vald hans hátignar konungsins; að vísu er farið hjer fram á, að hið æðsta framkvæmdarvald sje falið á hendur landstjóra, sem hafi fast aðsetur í landinu sjálfu, og að hann staðfesti almenn lög, en hinsvegar er ákveðið, að konungur skipi landstjórann með ráðgjafa sínum fyrir Ísland, sem sje í Kaupmannahöfn, og getur hann þannig valið þann mann, sem hann má treysta; það er enn fremur ákveðið, að konungur einn staðfesti breytingar á stjórnarskránni, og að endingu getur hann apturkallað þau almennu lög, er landstjóri kann að staðfesta, og sem honum kunna að þykja viðsjárverð sakir sambands Íslands við Danmörku. Vjer fáum eigi sjeð annað, en rjettur og vald konungs sje fullkomlega tryggður með þessu og hag ríkisins sje vel borgið. Hins vegar fulltreystum vjer því, að þetta fyrirkomulag verði Íslandi til hagsmuna, með því að landstjórinn verður að vera búsettur hjer á landi og lærir því að þekkja hag landsins og þarfir þess. Að öðru leyti er stjórn landsins eptir frv. komið fyrir á líkan hátt og á sjer stað, þar sem er þingbundin (constitutionel) stjórn þannig, að landstjórinn tekur sjer ráðgjafa, sem hafa ábyrgð gagnvart alþingi á embættisrekstri sínum, en ekki eins og nú á sjer stað um ráðgjafann fyrir Ísland, að eins á því, að stjórnarskránni sje fylgt.

Vjer viljum því ráða hinni háttvirtu neðri deild til þess, að samþykkja frv. að þessu leyti með nokkrum orðabreytingum, sem miða til að skýra betur, hvernig fyrirkomulagið skuli vera á hinni æðstu stjórn landsins.

Aptur á móti viljum vjer ráða hinni háttvirtu deild til að breyta frumv. að því, er snertir skipun efri deildar. Eptir hinni núgildandi stjórnarskrá er helmingur deildarinnar kosinn af stjórninni til sex ára, en hinn helmingurinn kosinn af neðri deild. Þetta fyrirkomulag er í sjálfu sjer eigi heppilegt, enda fullnægir það alls eigi þeim kröfum, sem almennt eru gjörðar, þar sem efri deildir eru hafðar.

Það er tilgangur með efri deild, að halda í við neðri deild og veita löggjafarvaldinu meiri festu, en annars myndi verða. Til þess að fá þessu framgengt, hefur efri deild víða verið mynduð af einhverri stjett, eða að auðmenn hafa að meiru og minna leyti haft rjett til að kjósa menn til hennar, eða þá að menn hafa sæti í efri deild um langan tíma eða jafnvel ævilangt. En þar sem hjer á landi er hvorki nein stjett eða auðmenn, sem miðað verður við, þá hefur oss virzt eðlilegast og rjettast, að hafa síðustu aðferðina, og að hafa ákvæði um, að menn skuli kosnir til efri deildar um langan tíma; hins vegar hefur oss eigi þótt tiltækilegt að þingmenn sætu ævilangt í efri deild, því að slíkt mundi hafa í för með sjer óheppilegar afleiðingar fyrir deildina. Þar sem þingmenn í deildinni eru að eins 12 að tölu, dugir eigi, að ef til vill meiri hlutinn sje háaldraðir menn, heldur verða þeir flestir að vera menn með fullum vinnukrapti. Fyrir því hefur oss þótt ráðlegast, að ákveðið yrði, að þingmenn í efri deild ættu þar sæti að eins til sjötugs aldurs. Enn fremur hefur oss þótt heppilegast, að fulltrúar þjóðarinnar í neðri deild kjósi til efri deildarinnar, en jafnframt höfum vjer lagt það til, að í fyrsta skipti kveddi landstjóri þriðjung deildarinnar til þingsetu.

Auk þeirra breytinga, er vjer höfum minnzt á, gjörum vjer nokkrar breytingar, sem eru að mestu leyti orðabreytingar.

Samkvæmt þessu viljum vjer ráða hinni heiðruðu deild til að samþykkja frv. með þeim breytingum, sem nú skal greina:

1. Við 6. gr. Í stað «16» komi «7».
2. — 7. — Aptan við 7. gr. bætist orðin úr 16. gr.: «Nú hefur landstjóri staðfest lög, sem konungi þykja viðsjárverð sakir sambands Íslands við Danmörku, og

getur hann þá ónýtt staðfesting landstjórans á þeim lögum, ef hann gjörir það innan árs, frá því er lögin hafa birt verið á lögboðin hátt á Íslandi. Ónýting þessi fellir þá lögin úr gildi frá þeim tíma, er hún verður heyrum kunn á hverjum stað fyrir sig, þó hvergi síðar en 8 vikum, eptir að hún hefur birt verið á þann hátt, sem lögboðið er um lagabirtingar. — Staðfestingar konungs þarf til breytingar á stjórnarskránni eða viðauka við hana, svo sem síðar er fyrir mælt í 71. gr.»

3. 13. gr. orðist svo: «Landstjóri getur rofið neðri deild alþingis, og skal þá stofna til nýrra kosninga, áður 2 mánuðir sjeu liðnir, frá því deildin var rofin, og skal þá stefna alþingi saman næsta ár á eptir, að deildin var rofin. Þó má landstjóri eigi rjúfa neðri deild reglulegs alþingis án samþykkis deildarinnar, eptir að hann hefur stefnt reglulegu alþingi saman, eða það er saman komið samkvæmt 24. gr. fyrri en það hefur saman verið 10 vikur.»

4. Við 16. — Orðin í upphafi greinarinnar: «Undirskript landstjóra þarf til þess að veita ályktunum alþingis lagagildi» falli burt.

5. — — — Orðin í niðurlagi greinarinnar: «Nú hefur landstjóri staðfest lög ..... er fyrir mælt í 71. gr.» falli burt.

6. Í stað 20. gr. komi svo hljóðandi grein:

Á alþingi eiga sæti 36 menn; í fyrsta skipti, sem alþingi kemur saman samkvæmt stjórnarskrá þessari, taka sæti í því 32 þjóðkjörnir alþingismenn og 4 alþingismenn, er landstjóri kveður til þingsetu.

Alþingi skiptist í tvær deildir, efri þingdeild og neðri þingdeild. Í efri deildinni sitja 12 þingmenn, en 24 í neðri deildinni. Tölu alþingismanna og tölu þingmanna í deildunum má breyta með lögum. Alþingismenn þeir, er landstjóri kveður til þingsetu, eiga allir sæti í efri deildinni, en hina þingmennina í efri deildina kjósa hinir þjóðkjörnu þingmenn úr sínum flokki með óbundnum kosningum.

7. Í stað 21. gr. komi svohljóðandi grein:

Alþingismenn í efri deildinni eiga sæti í deildinni, þangað til þeir eru sjötugir að aldri. Verði nokkurt sæti laust í efri deildinni, kýs neðri deild með óbundnum kosningum mann úr sínum flokki í hið lausa sæti.

Kosning alþingismanna í neðri deild gildir venjulega fyrir 6 ára tímabil. Stytta má tímabil þetta með lögum. Deyi nokkur alþingismaður í neðri deild eða fari frá, meðan á kjörtíma neðri deildar stendur, skal kjósa mann til þingsetu fyrir það tímabil, sem eptir er af kjörtímanum.

8. — 23. gr. Í stað orðanna: «Kjörgengi til efri deildar skal þó bundið við 35 ára aldur» komi: Engan má kjósa í autt sæti í efri deild, nema hann hafi setið á tveimur reglulegum alþingum.

9. — 39. — Á eptir orðunum: «Er löglega er kosinn», komi: hvort sem er til efri eða neðri deildar.

10. — 71. — I stað orðanna: «skal rjúfa alþingi þá þegar», komi: skal rjúfa neðri deild þá þegar.

Alþingi 24. júlí 1889.

Eiríkur Briem, forsetaður. Páll Briem, skrifari og framsögumaður. Jón Jónsson. Jón Jónsson.

Sigurður Stefánsson. Þorleifur Jónsson. Þorvarður Kjerúlf.

Nd. **198. Breytingartillaga**

við frumvarp til laga um afnám amtmannaembættanna og stofnun fjórðungsráða. — Frá Sigurði Stefánssyni og Sigurði Jenssyni.

Í stað 1. gr. komi svohljóðandi grein:

Amtmannaembættin og landritaraembættið skulu lögð niður. Undir landshöfðingja skulu skipaðir 2 skrifstofustjórar, hvor með 2400 kr. árslaunum, er vaxa um 200 kr. við hver 3 embættisár, þar til launin eru 3000 kr. Auka skal skrifstofufje landshöfðingja um 1000 kr. árlega.

Málum þeim, sem nú eru lögð undir amtmennina, og eigi við koma þeim, sem forsetum amtsráðanna, skal skipt milli landshöfðingja og sýslumanna eptir reglum þeim, er ráðgjafinn fyrir Ísland ákveður.

Mál þau, sem nú liggja undir stiptsyfirvöldin, skulu lögð undir biskupinn einan, en skjóta má úrskurði biskups í þeim málum til landshöfðingja.

Sþ. **199. Skýrsla**

til alþingis 1889 frá nefndinni um verðlaun af «Gjöf Jóns Sigurðssonar».

Undirskrifuð nefnd, sem kosin var á alþingi 1887, samkvæmt 3. gr. í reglum um «Gjöf Jóns Sigurðssonar» 24. ágúst 1881, gaf samkvæmt erindisbrjefi sínu út auglýsingu, er birt var í Ísafold, þar sem þeim, sem óskuðu eptir að vinna verðlaun af tjeðum sjóði var boðið að senda til vor fyrir lok marzmánaðar 1889 rit þau, er þeir óskuðu verðlauna fyrir.

Samkvæmt þessu bárust nefndinni innan hins ákveðna tíma ritgjörðir þær, er nú skal greina:

1. Þekking manna og hugmyndir um Ísland frá elztu tímum fram að siðabót.
   Einkunn: Not enjoyment, and not sorrow,
   Is our destined end or way;
   But to act, that each to-morrow
   Find us farther than to-day.
   Longfellow.
2. Bókmenntasaga Íslands.
   Einkunn: Varðar mest til allra orða
   undirstaðan rjett sje fundin.
3. Ferðir Íslendinga erlendis í fornöld.
4. Ártöl yfir merkustu atburði í sögu Íslands frá 874—1874.
   Einkunn: Heyrið hvað þúsund ár
   farandi fram hjá oss tala.
   (Lj.b. Matth. J. bls. 1.).

Fyrir hina fyrstnefndu ritgjörð kom oss saman um, að dæma verðlaun, að upphæð 400 kr., en fyrir þrjár hinar síðastnefndu ritgjörðir sá nefndin sjer eigi fært að dæma verðlaun, og heldur eigi þótti henni ástæða til að nota heimild þá, er hún hafði samkvæmt niðurlagi 3. greinar í erindisbrjefi sínu, til að veita verðlaun fyrir ritgjörð, er komið hefur á prent, síðan alþing síðast var haldið.

Þegar opnað var hið lokaða brjef, er fylgdi ritgjörð þeirri, er verðlaunin voru dæmd fyrir, kom í ljós, að höfundur hennar var skólakennari Þorvaldur Thoroddsen og

í brjefi dags. 28. f. m. tilkynntum vjer landshöfðingjanum, hver verðlaun vjer hefðum dæmt nefndum höfundi.

Skýrslu þessa um gjörðir vorar njótum vjer hjermeð þess heiðurs að gefa hinu heiðraða alþingi.

Reykjavík 25. júlí 1889.

Eiríkur Briem. Kristján Jónsson. Steingrímur Thorsteinsson.

Til
Alþingis 1889.

Ed. **200. Frumvarp**

til laga um viðauka við lög um vegi 10. nóv. 1887. — Eptir 3. umr. í Nd.

Amtsráð geta eptir tillögum sýslunefnda veitt undanþágu frá ákvæðum laga 10. nóv. 1887 um breidd sýsluvega, og sýslunefndir eptir tillögum hreppsnefnda um breidd hreppavega, þegar landslagi er svo háttað á einhverjum stað, að sjerstakar ástæður mæla með því.

Ed. **201. Frumvarp.**

til laga um breyting á 1. gr. í lögum um skipun prestakalla 27. febr. 1880. — Eptir 3. umr. í Nd.

Klippstaðar prestakall, sem áður var, Klippstaðar- og Húsavíkursóknir, skal hjer eptir vera sjerstakt prestakall. Brauði þessu leggjast 200 kr. úr landssjóði.

Þessi breyting á prestakallalögunum kemur eigi til framkvæmdar fyr en við næstu prestaskipti í Dvergasteins og Desjarmýrar prestaköllum, eða þegar prestarnir í þessum prestaköllum samþykkja breytinguna, án nokkurs tilkalls til uppbótar úr landssjóði.

Nd. **202. Viðaukatillaga**

við frumvarp til laga um eyðing refa. — Frá nefndinni.

Við 4. gr.: Á eptir «innansýslu», komi: «er sýslunefndin kýs til þess».

Nd. **203. Frumvarp.**

til laga um breyting á þingsköpum alþingis. — Eptir 2. umr. í Nd.

Þingmaður sá, er fyrir aldurs sakir, skipar forsæti, hvort heldur í sameinuðu þingi eða í þingdeildunum, hefur á meðan allan sama rjett og skyldur sem forseti; hann tekur því eigi þátt í atkvæðagreiðslu.

Nd. **204. Frumvarp**

til viðaukalaga við lög nr. 5, 27. febr. 1880, um stjórn safnaðarmála og skipun sóknarnefnda og hjeraðsnefnda. — Eptir 2. umr. í Nd.

1. gr. Ef meiri hluti þeirra sóknarmanna, er safnaðarfund sækja og atkvæðisrjett hafa á safnaðarfundi, samþykkir að taka upp og hafa hljóðfæri við tíðagjörð

í kirkju sinni, þá ber eiganda eða umráðamanni kirkjunnar að annast um, að hljóðfæri sje keypt fyrir kirkjunnar fje, svo framarlega sem fje er fyrir hendi, sem kirkjan getur án verið, og hjeraðsfundur samþykkir. Hljóðfærið telst síðan með áhöldum kirkjunnar. En hvort sem hljóðfæri er keypt fyrir fje kirkju eða eigi, skal söfnuðurinn kosta hljóðfæraslátttinn og halda söng uppi á sinn kostnað, nema eigandi eða forráðamaður kirkju gefi samþykki sitt til, að greiða megi kostnaðinn að nokkru eður öllu af kirkjunnar fje, og hjeraðsfundur síðan samþykki, að svo skuli vera.

2. gr. Ef söfnuðurinn kostar kirkjusönginn að nokkru eður öllu, þá skal sóknarnefndin, með umráði prestsins, jafna niður á sóknarmenn alla, þá er eigi eru skylduómagar nje sveitarómagar, kostnaðinum af söngkennslunni og hljóðfæraslættinum eður og söngnum, ef hljóðfæri er eigi haft, og skal það vera aðalreglan, að helmingur kostnaðarins komi jafnt á hvern tilskyldan mann, en annar helmingurinn fari eptir efnum manna og ástæðum.

3. gr. Sóknarnefndir innheimta gjaldið, og skal hver húsráðandi inna það af hendi fyrir sig og skyldulið sitt. Gjalddagi er 31. des. Taka má gjald þetta lögtaki samkv. lögum 16. des. 1885.

Nd. **205. Nefndarálit**

um frumvarp til laga um stofnun ullarverksmiðju.

Hin háttvirta neðri deild alþingis hefur kosið oss undirskrifaða til að íhuga og láta í ljós álit vort um frumvarp þetta.

Eptir að vjer nú höfum íhugað þetta mál og rætt á fundum í nefndinni eptir því, sem föng voru á, höfum vjer komizt til þeirrar niðurstöðu, sem hjer segir.

Vjer erum allir á sama máli um það, að æskilegt væri, að iðnaður í landinu kæmist á það stig, að ekki þyrfti að flytja helztu afurðir þess óunnar út frá því, eins og nú á sjer stað. En hins vegar verðum vjer að játa, að vjer erum ekki svo kunnugir ullarverksmiðjum, eða skilyrðunum fyrir því, að þær geti staðizt og komið að tilætluðum notum, að vjer treystumst til að fullyrða, að slíkar verksmiðjur gætu staðizt hjer á landi, enda þó að oss virðist ærið margt mæla með því, að slík verkleg stofnun mundi verða landi voru til mikilla hagsmuna, ef hún kæmist á fót.

Vjer viljum því ráða hinni háttvirtu deild til að styðja stofnun ullarverksmiðju hjer á landi, í líka átt og frumvarp það fer, sem oss var falið til meðferðar. En þar sem það er tekið fram í frumvarpinu, að ullarverksmiðjan eigi að standa á Húsavíkur verzlunarstað, þykir ekki við eiga, að binda í því tilliti hendur þess manns, sem vildi ráðast í þetta fyrirtæki. Það virðist þvert á móti eðlilegt, að honum sjeu látnar frjálsar hendur um það, hvar á landinu hann vill setja sig niður, enda er honum bezt til þess treystandi, að velja þann stað á landinu, sem hentugastur er, eptir öllum atvikum. Aðrar verulegar breytingar finnur nefndin ekki ástæðu til að gjöra á frumvarpinu, og vill hún því ráða hinni háttvirtu deild til að samþykkja það, þó með þessum breytingum:

1. Við 1. gr Í stað orðanna: „Húsavíkur verzlunarstað“ komi: „Íslandi“.
2. — - — Í stað: „12000 kr. á ári í 10 ár, alls 120,000 kr.“ komi: „allt að 120,000 kr., 12000 kr. á ári í 10 ár“.

3. 2. gr. orðist þannig:

„Lánið veitist vaxtalaust fyrstu 10 árin, en síðan endurborgist það með 6% á ári í 28 ár“.

4. Við 3. gr. Orðin: „vátryggð fyrir að minnsta kosti 120,000 kr.“ falli aptan af greininni, en í þeirra stað komi: „eptir löglegri virðingu metin að minnsta kosti 120,000 kr., og vátryggð fyrir sömu upphæð“.

Alþingi, 25. júlí 1889.

Jón Jónsson, form. og framsögum. | Jón Þórarinsson, skrifari. | Gunnar Halldórsson. Ólafur Briem. Þorvarður Kjerúlf.

Nd. **206. Breytingartillaga**

við frv. til viðaukalaga við lög nr. 5, 27. febr. 1880, um stjórn safnaðarmála og skipun sóknarnefnda og hjeraðsnefnda. —Frá Sigurði Jenssyni, Páli Briem, Þorláki Guðmundssyni, Þ. Bjarnarsyni, Þorvarði Kjerúlf og Árna Jónssyni.

Við 1. gr. Í stað orðanna: «Ef meiri hluti þeirra sóknarmanna.....samþykkir.» komi: Ef meiri hluti allra sóknarmanna, er atkvæðisrjett hafa, samþykkja á safnaðarfundi o. s. frv.

Ed. **207. Breytingartillaga**

við frv. til laga um myndugleika. — Frá Jóni Ólafssyni og Jakob Guðmundssyni.

1. Við 1. gr. Í stað: «hálfmyndugir í fjármálum» komi: «fjár síns ráðandi með tilsjónarmanni».
2. — 2. — Í stað: «fullmyndugur» komi: «fullráður fjár síns».
3. — 3. — Í stað: «fullmyndugur» komi: «fjár síns ráðandi».
4. — fyrirsögnina: Í stað: «myndugleika» komi: «lögaldur».

Nd. **208. Breytingartillaga**

við frumvarp til laga um breyting á kgsúrsk. 25. ág. 1853, viðvíkjandi Ásmundarstaðakirkju. — Frá Árna Jónssyni, Sigurði Jenssyni og Þorleifi Jónssyni.

Frumvarpsgreinin orðist þannig:

Sú 15 rdl. aukaþóknun, er sóknarbændum Ásmundarstaðakirkju hefur verið skylt að greiða prestinum á Presthólum, samkvæmt konungsúrskurði 25. ág. 1853, skal niður falla við næstu prestaskipti.

Nd. **209. Breytingartillögur**

við breytingartillögur nefndarinnar í málinu um stofnun sjómannaskóla. — Frá nefndinni.

1 Við 15. br.till., undirlið 1. Fyrir: «rúmmálsfræðinnar» komi: «flatamálsfræðinnar».
2. — 16. — Á eptir orðinu: «prófnefnd» komi: «og skal fyrir þeim standa sá af nefndarmönnum, sem landshöfðingi skipar sem oddvita».
3. — — — Sömu orð seinna í greininni falli burt.

4. — — — Á eptir: «til skriflega prófsins» bætist inn í: «í stærðafræði og siglingafræði».
5. — 19. — Orðin: «að hafa» falli burt.
6. — 20. — Eptir: «stýrimannspróf» bætist inn í: «og eptir það verið í förum í 8 mánuði».

Ed. **210. Frumvarp**

til laga um eignrjett á sömdu máli. — Flutningsmaður: Jón Ólafsson.

1. gr. Höfundur hver á eignrjett á því, er hann hefur samið og eigi út gefið; þannig að enginn annar má án hans leyfis gefa það út á prenti eður margfalda það á annan því líkan hátt. Sama rjett öðlast sá, er við gjöf, arf, kaup eða annan löglegan hátt hefur fengið útgáfurjettinn.

2. gr. Hafi höfundur gefið út hjer á landi rit á íslenzku, þá má enginn annar en hann eða sá, sem þann rjett hefur öðlazt samkvæmt þessum lögum, gefa það út aptur. Nú gefur höfundur út hjer á landi rit á öðru máli en íslenzku, og á þá hver maður rjett á að gefa út þýðing á íslenzku af því, nema höfundur gefi út sjálfur slíka þýðing innan árs, enda hafi á titilblaði rits síns áskilið sjer slíkan rjett eða lýst því, að hann mundi neyta hans.

3. gr. Rit, sem prentuð eru erlendis, njóta engrar verndar hjer á landi að því er til eignrjettar kemur, þó að höfundur þeirra, útgefandi eða kostnaðarmaður sjeu hjerlendir. En útlendir menn, er gefa út hjerlendis rit á íslenzku máli, njóta verndar á eignrjetti sínum eptir lögum þessum.

4. gr. Nú selur maður prentrjett að riti sínu, og nær þá eignrjettur kaupanda til einnrar prentunar (útgáfu) að eins, nema berlega sje öðruvísi um samið. Enginn samningur eða gjörningur um kaup eða sölu á útgáfurjetti rits er gildur, nema skriflegur sje og við vitundarvotta gjör.

5. gr. Nú hefur höfundur birt ritgjörð í blaði, tímariti eður ritsafni, enda sje ritgjörðin eigi að vöxtum verulegasti hluti safnsins, og á þá kostnaðarmaður eður útgefandi eignrjett á ritgjörðinni í 5 ár, nema öðruvísi sje um samið, nema blað það, tímarit eður ritsafn eður sá hluti þess, sem ritgjörðin er í, verði fyrr uppseldur eður ófáanlegur við upphaflegu verði hjá útgefanda. En þá hverfur eignrjettur aptur til höfundar.

6. gr. Eignrjettur að sömdu máli gengur í arf til ekkju höfundar, eður ekkils, ef höfundurinn var kona, en hafi höfundur ókvæntur verið eður ógipt, þá gangi rjetturinn að erfðum til lífserfingja hans, ef hann á nokkurn, en ella til annara lögarfa.

7. gr. Arfleiða má höfundur hvern, er hann vill, að eignrjetti samins máls eður og selja eður gefa eignrjettinn eptir sig látinn. Ef hann arfleiðir annan að eignrjettinum eða gefur hann sem dánargjöf, þá skal rjetturinn eigi til verðs metinn gagnvart öðrum eptirlátnum eigum hans, nema hann hafi sjálfur svo til skilið.

8. gr. Eignrjettur að sömdu máli, svo sem nú var greint, helzt lífstíð höfundar alla, og 50 ár eptir hann látinn. Nú er rit eða ritgjörð eptir höfund eigi gefin út fyr en að honum látnum og helzt þá eignrjettur á ritinu í 50 ár frá því, er það kom út fyrsta sinn. Eptir þennan tíma er hverjum frjálst, er vill, að gefa út ritin. — Rit, sem út koma án nafns höfundar, njóta sömu verndar í 50 ár frá því þau koma út í fyrsta sinn. Nú gefur höfundur sjálfur nafn sitt til kynna, eður einhver annar nefnir hann, er til þess hefur umboð hans, annaðhvort á nýrri prentun (útgáfu) ritsins eður með auglýsingu, sem birt er á sama hátt, sem lögboðinn er eða verður fyrir auglýsingar, er al-

menning varðar, og fer þá um eignrjett á ritinu eins og höfundur hefði nafngreint sig þegar í fyrstu, er ritið kom út.

9. gr. Nú hefur rit, sem áður kom út, eigi verið fáanlegt hjá kostnaðarmanni þess við frumverði í 5 ár, og má þá hver, sem vill, gefa það rit út á ný.

10. gr. Þýðingar af öðru máli á íslenzku njóta sama rjettar sem frumrit. En heimilt er að gefa út nýja, sjálfstæða þýðing á riti, þótt annar höfundur hafi áður þýtt hið sama rit.

Viðbætur, athugasemdir og skýringar við eldri rit skoðast sem frumrit, þannig að ef eignrjettur að aðalritinn er undir lok liðinn, má þó enginn gefa það út með þessum skýringum, viðbótum eða athugasemdum, nema höfundur þeirra, meðan eignrjettur helzt á þeim.

11. gr. Það er brot gegn lögum þessum að prenta upp rit, er annar á eignrjett á, þótt á því sjeu gjörðar óverulegar eður þýðingarlausar breytingar, hvort heldur breytingarnar eru fólgnar í efni eða orðfæri. En ágrip af annars manns riti, sem bersýnilega eru samin í sjálfstæðum og rjettmætum tilgangi — *bona fide* — (en eigi þeim einum tilgangi að seilast til hagsmuna af starfi hans án þess að ríða í bága við eignrjett hans), verður eigi talið brot gegn þessum lögum, hve mjög sem það kann að skaða rit það, er ágripið er eptir samið.

12. gr. Heimilt er blöðum eða tímaritum að taka upp greinar úr blöðum eða öðrum tímaritum, án þess að varði við lög þessi, nema við þær greinir hafi prentað verið, að eptirprentun væri bönnuð; en tilgreina skal þá blað það eður tímarit, er greinin er úr tekin, ella varði við lög sem eptirprentun.

13. gr. Eigi er það saknæm eptirprentun að tilfæra orð eða setningar úr annars manns riti. Sama er um það, að heimilt er að taka einstök kvæði, ritgjörðir eður ritgjörðar-kafla upp í sýnisbækur af bókmenntum (*anthologíur* og *chrestomatíur*), alþýðlegar lesbækur eður önnur slík ritsöfn, eður sem sýnishorn í bókmenntasögur, ritdómlegar bækur eður ritgjörðir eður því um líkt, en aldrei má í sýnisbókum taka eptir einn höfund meira en nemi sjöttungi ritsafnsins, án samþykkis þess eður þeirra, er rjettan hlut eiga að máli.

14. gr. Nú kemur rit út í fleiri bindum en einu, og skal þá það, sem á einu ári kemur út af því, skoðast sem eitt rit, að því er til ákvæða þessara laga kemur.

15. gr. Að því er til þeirra rita kemur, sem eldri eru en gildi laga þessara, skulu allir frestir teljast frá gildisdegi laganna, nema fresturinn í 9. gr.; hann gildir jafnt um eldri rit sem nýrri.

16. gr. Þá er það skal meta, hvort rit sje þess eðlis, að útgáfa þess sje brot gegn 11. eða 13. gr. laga þessara, skal dómarinn kveðja til 3 menn eður 5, er til þess mega helzt þykja hæfir, að meta það mál. Eigi þurfa þeir menn að vera innan lögsagnarumdæmis þess, sem málið er rekið í; en allir skulu þeir vera í einu lögsagnarumdæmi, og skal dómari þess lögsagnarumdæmis eiðfesta þá og láta þá kveða upp álit sitt fyrir rjetti, og senda það þeim dómara, er í hlut á. Landshöfðingi hefur vald til að úrskurða þessum mönnum hæfilega borgun fyrir ómak þeirra í hvert sinn. Greiðist fje það úr landssjóði fyrir fram gegn endurgjaldi frá hlutaðeigandi málsaðila.

17. gr. Sá, sem hjer á landi selur rit, sem erlendis er út komið, og skerðir eignrjett annars eptir lögum þessum, er sjálfur jafnsekur sem hefði hann látið prenta það hjer.

18. gr. Þá er brot gegn lögum þessum fullkomnað, er eitt eintak er fullprentað.

19. gr. Ræður á alþingi, í amtsráðum, sýslunefndum, hreppsnefndum, kjörþingum

og hvers kyns samkomum um almenn mál, má hver prenta er vill, nema höfundurinn hafi sjálfur gefið hana út á undan öðrum.

Lög, dóma, dómsskjöl og önnur skjöl, er fyrir rjett hafa lögð verið eður þinglesin, eður hvers konar skjöl, er í embættisnafni eður almennri þjónustu hafa skráð verið, má hver prenta, er vill; dómskjöl í einka-málum þó að eins með samþykki annarshvors málsaðila.

20. gr. Brot gegn 12. gr. laga þessara varðar sektum frá 1—20 krónum, hvort heldur það er af ásetningi eður vangá orðið.

21. gr. Brot gegn öðrum ákvæðum laga þessara sæti 10 – 1000 kr. sektum. Bæta skal höfundi eður eiganda prentrjettar fullum bótum allt tjón, er af þessu leiðir fyrir hann eptir mati óvilhallra dómkvaddra manna; hafi ritið áður verið út gefið, skal meta bæturnar með hliðsjón af bóksöluverði því, er áður var á því og tölu þeirra eintaka, er líklegt má ætla að seld hafi verið. Eintök þau, er ólöglega eru prentuð og eigi eru seld, skulu upptæk vera og falla til þess, er útgáfurjettinn átti ef hann vill, nema rjetti þriðja manns verði með því hallað. En eigi skal tillit taka til þess, þá er bætur eru ákveðnar, þó að eigandi útgáfurjettar fái eintök þessi sjer afhent.

22. gr. Lög þessi öðlast gildi 1. jan. 1890.

Ed. **211. Frumvarp**

til laga um amtsráð í Austur-amtinu. — Flutningsmaður: Jón Ólafsson.

1. gr. Norður-Múlasýsla og Suður-Múlasýsla skulu hafa amtsráð út af fyrir sig.

2. gr. Þá er sýslunefndirnar í Austur-Skaptafellssýslu og Norður-Þingeyjarsýslu, önnurhvor eða báðar, óska þess, skulu þær amtsráð eiga saman með Múlasýslum. Rjett er, ef Norður-Þingeyjarsýsla óskar þess, að Kelduneshreppur leggist til Suður-Þingeyjarsýslu, ef Norður-Þingeyjarsýsla leggst til Austur-amtsins.

3. gr. Í amtsráði Austur-amtsins eiga sæti einn maður úr sýslu hverri, er sýslunefndin til þess kýs, og amtmaðurinn sem forseti að auki.

4. gr. Ráðstafanir og ákvæði um allt það skiptum þessum viðkomandi, er af lögum þessum leiðir, er rjett að landshöfðingi gjöri með ráði amtmannsins norðan og austan.

Nd. **212. Nefndarálit**

í málinu: frv. til laga um tekjur presta.

Neðri deild alþingis kaus oss undirskrifaða í nefnd til að íhuga og láta í ljós álit vort um frv. til laga um tekjur presta.

Nefndinni þótti nauðsynlegt að rannsaka, hvernig tekjur presta, byggðar á gjaldstofni þeim, er frv. byggir á, kæmu heim við tekjur presta, eins og þær eru nú, eptir núgildandi gjaldstofni. Þótt rannsókn þessi væri miklum erfiðleikum bundin, þar sem skýrslur um ýmislegt voru ekki fáanlegar, þá vann nefndin að því svo, sem henni var unnt, og komst að þeirri niðurstöðu, að gjöldin mundu breytast eigi alllítið. Mundu þau á landinu öllu hækka um $^1/_5$ eptir þeim mælikvarða, sem settur er í frv. Nefndin varð að álíta, að það hefði eigi verið tilgangur synodus-nefndarinnar nje heldur stjórnarinnar, að hækka tekjur presta stórkostlega, heldur hitt, að gjöra þær ákveðnari og hagkvæmari fyrir gjaldendur og presta og rjettsýnari; en til að rannsaka, hver áhrif

hinn nýi gjaldmáti hefði á tekjur presta, hafði synodus-nefndin hvorki haft tíma nje áhöld, nema að eins í fáum prestaköllum, og vildi svo til, að í þeim var munurinn lítill.

Þessa hækkun gjaldanna hefði nú mátt færa niður með því að láta gjaldhæðina fyrir hvern mann vera lægri, eða með því að setja annað aldurstakmark t.d. 20—60 ár. En þá kæmi enn meira fram sá aðalgalli, að tekjurnar minnkuðu enn meira á sumum fátækum brauðum; en á sumum þeirra mundu þær, eptir frv., minnka eigi alllítið, um og yfir 100 kr. Það er einkum rýrnun á sumum hinum fátæku brauðum, sem nefndinni þótti erfitt úr að ráða, og sá jafnvel eigi ráð til að bæta úr svo vel væri, ef gjaldstofni þeim, sem frv. fer fram á, er haldið.

Auk þess voru margir nefndarmenn á því, að gjaldstofn sá, sem frv. leggur til grundvallar, væri eigi hagkvæmur og eðlilegur, og mundi eigi koma sjer vel. Einn nefndarmanna hjelt því þó fram, að það væri rjett hugsun að láta prestsgjaldið vera persónugjald á sóknarmenn yfir höfuð, með því hin almenna embættisþjónusta prestsins nái til allra sóknarmanna, en gjaldið hefði að hinu leytinu þann kost, að það væri einfalt og öllum gjaldendum ljóst, hversu hátt gjaldið sje og hverjir gjaldskyldir sjeu.

Þegar nefndin hafði nú komizt til þeirrar niðurstöðu, með meira hluta atkvæða, að ráða frá að aðhyllast hið persónulega gjald, sem frv. fer fram á, íhugaði hún, hinar núverandi tekjugreinir. Verður hún öll að játa, að um þær þurfi ný ákvæði, þar sem fasteignartíundin hefur þann galla, að hún kemur ærið misjafnt niður sökum þess gjaldfrelsis, sem kirkjujarðir og fornar stólsjarðir njóta, lausafjártíundin er misjöfn, af því misjafnlega rjett er talið fram, og jöfn af fje því, sem allt er í skuld og því, sem engin skuld hvílir á. Lambsfóðrin með miklum ójöfnuði, þar sem hinn auðugasti bóndi greiðir það gjald jafnt og sá, sem hefur litla ábúð og er öreigi; offrið einnig með mörgum göllum þar sem sá, er á mörg hundruð hundraða í föstu og lausu, greiðir nú venjulega jafnt og sá, sem á að eins 20 hndr.; dagsverksgjaldið þó umfram allt óákveðið og kemur niður með litlum jöfnuði.

En þótt nefndin yrði að viðurkenna alla þessa galla, gat hún ekki sjeð ráð til að bæta úr þeim, því nægilegar skýrslur vantar til þess, að gjörð verði sú breyting á gjöldunum, er byggð væri á nægum rökum og í nokkurri samkvæmni við þær tekjur, sem prestar hafa nú. Enn fremur þótti nefndinni skylt að gæta þess, að frá ýmsum málfundum víðsvegar um land, hafa komið mótmæli gegn frv. þessu, og að fundarskýrslur þær, sem synodus-nefndin byggði á, voru sumar málinu alveg mótfallnar, en þær, sem vildu sinna því, næsta sundurleitar, uppástungurnar til breytinga ólíkar og óákveðnar.

Verður því meiri hluti nefndarinnar að ráða hinni heiðruðu deild frá að aðhyllast hinar 3 fyrstu greinar frv., um hinar almennu tekjur presta og 8.—11. gr., sem eru í sambandi við hinar 3 fyrstu greinar, og getur ekki að svo stöddu ráðið deildinni til að koma fram með ný ákvæði um hinar föstu tekjur presta. Álítur nefndin, að hversu miklir agnúar, sem hjer eru á, þá verði umbót á þeim að bíða betri tíma.

Að því er snertir 4.—7. gr. frv., sem er um borgun fyrir sjerstök prestsverk, var nefndin öll á einu máli um það, að ákvæði þau, sem eru í þessum greinum, sjeu rjettsýn og sanngjörn, og hafi þann kost, að þau eru ákveðnari, en þau, sem eru í tilsk. 27. jan. 1847 um sama. Ræður nefndin hinni heiðruðu deild því til að samþykkja ofannefndar greinir með þeim breytingum, sem hjer fara á eptir, og að nema úr gildi 1., 2. og 7. gr. í tilsk. 27. jan. 1847.

Tillögur nefndarinnar verða því þessar:

1. 1.—3. gr. falli burt.
2. 4. gr. verði 1. gr.
3. 5. gr. verði 2. gr., og þar breytt orðum svo, að fyrir orðin »prests er vitjað til», komi: »prestur er beðinn».
4. 6. gr. verði 3. gr. og orðist þannig:
   Borgun fyrir aukaverk eptir 1. og 2. gr., sem unnin eru fyrir sveitarómaga og þá, sem þiggja af sveit, skal greiða úr hreppssjóði eða bæjarsjóði, þar sem maðurinn á heimili, gegn endurgjaldi frá framfærsluhreppi hans, sje hann annar en dvalarhreppurinn. Gjald þetta greiðist þó eigi fyrir skírn og greptrun, þá er presturinn vinnur verkið við kirkjur þá daga, er guðsþjónusta fer þar fram.
5. 7. gr., sem verði 4. gr. orðist þannig:
   Eindagi á gjöldum þessum er sá dagur, sem verkið er unnið á.
6. 5. gr. bætist við, þannig orðuð:
   Með lögum þessum eru 1., 2. og 7. gr. í tilsk. 27. jan. 1847, felldar úr gildi.
7. 8.—11. gr. frv. falli burt.
8. Fyrirsögn frumv. breytist þannig:
   Frv. til laga um borgun fyrir aukaverk presta.

Alþingi, 25. júlí 1889.

Þórarinn Böðvarsson, form. og framsögum. Gunnar Halldórsson. Páll Ólafsson, skrifari. Árni Jónsson.

Þorl. Guðmundsson.

Ed. **213. Frumvarp**

til laga um breyting á lögum 14. jan. 1876 um tilsjón með útflutningum. — Flutningsmaður: Jón Ólafsson.

Hin konunglegu póst-gufuskip eru hjer eptir undirgefin sömu tilsjón og skilyrðum að öllu leyti sem önnur skip, þá er þau flytja útfara hjeðan frá landi.

Nd. **214. Frumvarp**

til laga um búsetu fastakaupmanna á Íslandi. — Flutningsmaður: Sigurður Stefánsson.

1. gr. Enginn má framvegis stofna nje reka fasta verzlun hjer á landi, nema hann sje hjer búsettur, haldi hjer dúk og disk. Svo er og lausakaup-mönnum þeim, sem eigi heyra fastri verzlun til, bönnuð smáverzlun öll, en smáverzlun skal það talin, ef selt er fyrir minna af nokkurri vörutegund í einu, en 200 kr.

2. gr. Kaupmenn þeir, sem nú eiga fastar verzlanir hjer á landi, en eru búsettir erlendis, skulu þó, meðan þeir eiga þær, mega reka slíkar verzlanir á þann hátt, sem lög hingað til hafa leyft.

3. gr. Sá, sem gjörir sig sekan í broti eða yfirhylmingu gegn lögum þessum, skal sæta 50—5000 kr. sektum, er renna í landssjóð.

4. gr. Með mál út af brotum gegn lögum þessum skal farið sem opinber lögreglumál.

5. gr. Ákvarðanir þær í opnu brjefi 1. júní 1792 og öðrum lagaboðum, sem koma í bága við lög þessi, eru úr gildi felldar.

Nd. **215. Breytingartillaga**

við frv. til viðaukalaga við lög nr. 5, 27. febr. 1880, um stjórn safnaðarmála og skipun sóknarnefnda og hjeraðsnefnda. — Frá Þorsteini Jónssyni, Ólafi Briem, Páli Briem, Jóni Jónssyni, þm. N.-Þ., Jóni Þórarinssyni og Jóni Jónssyni, þm. N.-M.

2. gr. orðist þannig: Ef söfnuðurinn kostar kirkjusönginn að nokkru eður öllu, þá skal sóknarnefndin jafna niður kostnaðinum af söngkennslunni og hljóðfæraslættinum eður og söngnum, ef hljóðfæri er eigi haft, þannig, að sama upphæð komi á hvern sóknarmanna, að undanteknum skylduómögum og sveitarómögum.

Nd. **216. Tillögur**

til þingsályktunar um skilyrði fyrir landssjóðsstyrk til barnakennslu. — Frá nefndinni í alþýðumenntamálinu.

Alþingi ályktar, að skilyrðin fyrir styrkveitingu úr landssjóði til barnakennslu skuli vera þessi:

I. Til barnaskóla í sjóþorpum og verzlunarstöðum öðrum en kaupstöðum:

1. Að kennarinn sje ráðinn með samþykki hlutaðeigandi prófasts.
2. Að kennt sje auk þess, sem krafizt er til fermingar að minnsta kosti, meginatriði landafræðinnar, einkum Íslands, og helztu grundvallaratriði náttúrufræðinnar, samkvæmt reglugjörð, er stiptsyfirvöldin samþykkja.
3. Að skólinn standi ekki skemur en 6 mánuði, og að minnsta kosti 15 nemendur njóti þar tilsagnar allan skólatímann, og gangi undir árspróf í öllum þeim námsgreinum, sem skylt er að kenna samkvæmt reglugjörð skólans.
4. Að við lok hvers skólaárs sje haldið opinbert próf yfir börnum þeim, er kennslunnar hafa notið. Prófdómendur sjeu hlutaðeigandi sóknarprestur og annar maður, er sýslunefnd kýs, og taki þeir til spurningarnar við prófið.
5. Að skólinn njóti jafnmikils styrks annarsstaðar frá og þess, er honum veitist úr landssjóði.
6. Styrkbeiðslum frá skólunum skal jafnan fylgja nákvæm skýrsla um árspróf skólans, svo og endurrit af síðasta ársreikningi um tekjur hans og gjöld.

II. Til sveitakennara:

1. Að kennarinn hafi vottorð frá hlutaðeigandi sóknarpresti um, að hann sje hæfur til að gegna kennslustörfum.
2. Að hann sje ráðinn til þeirra starfa af hreppsnefnd eða sóknarnefnd, og hagi störfum sínum eptir samkomulagi við nefndina.
3. Umsóknarbrjefum um styrk til sveitakennara skal jafnan fylgja nákvæm skýrsla um kennsluna (tölu nemenda, hvað hverjum þeim hafi verið kennt, og hve lengi hver þeirra hafi notið kennslunnar), svo og vottorð hlutaðeigandi prests um framfarir nemendanna, og enn fremur meðmæli hlutaðeigandi sýslunefndar.

Nd. **217. Frumvarp**

til laga um stækkun verzlunarlóðarinnar í kaupstaðnum Reykjavík.— Flutningsmaður: J. Jónassen.

Hjer eptir skal land það, sem reisa má á verzlunarhús í kaupstaðnum Reykjavík, aukið þannig, að það nái yfir allt lögsagnarumdæmi Reykjavíkur.

Nd. **218. Tillaga**

til þingsályktunar um breytingar á reglugjörð fyrir landsbankann 5. júní. 1886. — Flutningsmenn: Árni Jónsson, Gunnar Halldórsson, Grímur Thomsen, Sigurður Stefánsson, Þorleifur Jónsson, Þorlákur Guðmundsson og Þorvarður Kjerúlf.

Neðri deild alþingis skorar á landshöfðingja, að hlutast til um, að þær breytingar verði gjörðar á reglugjörð landsbankans, sem nú segir.

1. við 13. gr. að burt verði fellt ákvæði um að sjálfsábyrgðarmenn sjeu búsettir í Reykjavík eða þar í grennd.
2. að 17. gr. falli burt.
3. við 22. gr., að fyrir fram greiddir vextir verði endurgoldnir þeim, sem borga skuld sína fyrir gjalddaga.
4. að bankastjórninni sje heimilt eptirleiðis að lengja lánsfrestinn allt að 20 árum, en geti þá einnig tekið hærri vöxtu að tiltölu.
5. að varasjóði bankans megi verja eigi að eins í kgl. skuldabrjef, heldur og í önnur handhæg veðbrjef, er á skömmum tíma má koma í peninga.
6. að bankinn, samkvæmt 9. gr. bankalaganna, sem allra fyrst stofni útibú.

Nd. **219. Frumvarp**

til laga um stofnun stýrimannaskóla á Íslandi. Eptir 2. umr. í Nd.

1. gr. Í Reykjavík skal stofna stýrimannaskóla, til þess að gefa mönnum kost á kennslu í siglingarfræði og til þess að búa lærisveina skólans undir íslenzk stýrimannspróf, hið minna og hið meira. Við skóla þennan setur stjórnarráð Íslands fastan kennara með 1500 kr. launum á ári. Til húsnæðis fyrir skólann með eldivið og ljósi veitast 300 kr. Til tímakennslu við skólann veitast allt að 600 kr.

Stiptsyfirvöldin skulu hafa umsjón yfir kennslunni, og skipa fyrir það, sem með þarf, um tilhögun á henni, niðurskipun kennslu-stunda, inntöku lærisveina í skólann o. fl. Kennsluna skal veita lærisveinum ókeypis.

Skólanum skal á kostnað landssjóðs fengin áhöld þau, er þörf er á við kennsluna.

2. gr. Til hins íslenzka minna stýrimannsprófs útheimtist:

1. kunnátta í fræðinni um almenn brot, tugabrot, hlutföll talna, notkun logarithma, í grundvallaratriðum flatamálsfræðinnar, og útreikningi hins rjetthyrnda þríhyrnings eptir þríhyrningafræðinni;
2. þekking á jarðarhnettinum, lögun hans og stærð, línum á yfirborði hans, breidd og lengd;
3. þekking á tilhöguninni á áttavitanum og notkun hans, á misvísun, inklination og deviation og hvernig hún verður fundin, á tilhögun og notkun skiphraðamælisins og grunnsökkunnar;

4. skyn á sjávaruppdráttum yfir höfuð;
5. þekking á dagbókarhaldi og leiðarreikningi eptir töflum þeim, sem til þess eru gjörðar, að kunna að marka stað skips á uppdrættinum, bæði eptir breidd og lengd, og með því að taka mið á landi; þekking á straumi, og á því, hvað skip hefur borið af leið, og að kunna að ákveða stefnu til og vegalengd til tiltekins staðar;
6. þekking á himinhvolfinu og hinni daglegu hreifingu, á mælistigakerfi himinhvolfsins, á því, að ákveða afstöðu himintungla, á sólinni og hreifingu hennar sjálfrar;
7. þekking á áttungs- eða sjöttungsmæli og að kunna að prófa og leiðrjetta stöðu speglanna; að kunna að mæla hæð himintungls og horn milli hluta á jörðunni;
8. þekking á mælingu og skiptingu tímans;
9. þekking á leiðrjettingum þeim, sem við eru hafðar við hina mældu hæð sólarinnar;
10. að kunna að finna hvenær sólin rennur upp eða gengur undir;
11. að kunna að finna misvísun með sólmiðun;
12. að kunna að finna breiddina með því að mæla hæð sólarinnar í hádegisbaug;
13. að kunna að finna hvenær flóð verður og fjara;
14. þekking á reglum þeim, er fylgja skal, til að komast hjá ásiglingum.

3. gr. Til hins meira íslenzka stýrimannsprófs útheimtist allt það, sem útheimtist til hins minna prófs, og enn fremur:

1. þekking á veldi og rót, á logarithmum, á reikningi með játandi og neitandi stærðum, á þríhyrningum, er falla saman eða eru eins lagaðir, á mælikvörðum lína og horna, á því, hvernig teikna skal hinar almennustu myndir flatamálsfræðinnar, á mælingu flata og líkama og á stærðum þríhyrningafræðinnar;
2. þekking á himintunglum yfir höfuð;
3. að kunna að finna breiddina með því að mæla hæð sólarinnar fyrir utan hádegisbaug;
4. að kunna að fara með sjó-úr og nota það, að ákveða stöðu þess eptir hæð sólar, eptir tímamerki eða eptir öðru úri, er staða þess er kunn, og að ákveða hinn daglega gang sjó-úrsins;
5. að kunna að ákveða stað skips með staðarlínum, byggðum á athugun sólar;
6. að kunna að finna lengdina með sjó-úrinu og hæð sólarinnar;
7. að þekkja björgunarverkfærin og notkun þeirra;
8. að kunna að nota hina alþjóðlegu merkjabók og hin alþjóðlegu veðurmerki;
9. að geta samið grein á íslenzku með glöggu orðfæri um tiltekið efni, er snertir sjóferðir, og ritað hana með skýrri rithönd og sæmilegri rjettritun;
10. að hafa lesið kafla í danskri bók, eigi minni en 200 bls., og geta útlagt

hann munnlega á íslenzku, að geta gjört ljettan danskan stýl og geta talað um hversdagsefni á dönsku svo skiljanlegt sje;

11. að hafa lesið kafla í enskri bók, eigi minna en 100 bls., og geta útlagt hann munnlega á íslenzku;

12. að þekkja hin helztu lagaákvæði, er snerta rjett og skyldur skipstjóra.

4. gr. Prófin eru bæði munnleg og skrifleg. Þau skulu haldin opinberlega af prófnefnd, og skal fyrir þeim standa sá af nefndarmönnum, sem landshöfðingi skipar sem oddvita. Við hið minna stýrimannspróf eru í henni hinn fasti kennari við skólann og tveir aðrir menn, er landshöfðingi setur til þess í hvert skipti, annan eptir uppástungu stiptsyfirvaldanna, en hinn eptir uppástungu bæjarstjórnarinnar í Reykjavík. Við hið meira stýrimannspróf eru í prófnefndinni hinn fasti kennari við skólann og tveir menn aðrir, er stjórnarráð Íslands setur til þess í hvert skipti; til að eiga þátt í að dæma um kunnáttu í atriðum þeim, sem nefnd eru í 4 síðustu töluliðum 3. greinar, getur þó landshöfðingi sett tvo aðra menn. Kennarinn í hverri grein heldur hið munnlega próf, en verkefnin til skriflega prófsins í stærðafræði og siglingafræði skal stýrimannakennslu-forstjórinn í Kaupmannahöfn búa til og senda landshöfðingja í umslagi, sem innsigli er sett fyrir.

5. gr. Stjórnarráð Íslands setur ákvarðanir þær, sem með þarf, viðvíkjandi tilhögun á prófinu.

Þeim, sem prófið hefur tekið, skal veitt skýrteini um það, og skal þar telja þær kennslugreinir, sem hann hefur verið reyndur í, og tilgreina í tölum einkunn þá, sem gefin er, og jafnframt bæði hina lægstu tölu, er útheimtist til að standast prófið, og hina hæstu tölu, sem unnt er að ná við það, og skulu allir nefndarmennirnir undirskrifa skýrteinið.

Nöfn þeirra, sem undir próf ganga, skal rita í bók, sem til þess er löguð, og sem stiptsyfirvöldin geyma; skal í henni skýrt frá fullu nafni hvers eins, fæðingarstað, fæðingar-degi og ári, svo og frá einkunn þeirri, sem gefin var við prófið.

6. gr. Rjett til þess að ganga undir hin íslenzku stýrimannspróf eptir reglum þeim, sem settar eru að framan, eiga ekki að eins lærisveinar sjómannaskólans, heldur og hver sá, sem 3 mánuðum áður en prófið er haldið, sendir til stiptsyfirvaldanna beiðni um að mega ganga undir próf, og skal henni fylgja vottorð um kunnáttu hans frá þeim manni eða þeim mönnum, sem hafa kennt honum siglingafræði. Enginn getur gengið undir hið minna próf, nema hann hafi verið háseti á þiljuskipi í 4 mánuði að minnsta kosti. Undir hið meira próf getur enginn gengið nema hann hafi verið háseti eða yfirmaður á þiljuskipi eigi skemur en 15 mánuði og að minnsta kosti þriðjunginn af þeim tíma verið í förum milli landa; svo verður hann og að sanna, að sjón hans sje svo fullkomin, sem nauðsynlegt er fyrir stýrimenn.

Íslenzkur maður, sem staðizt hefur hið meira íslenzka stýrimannspróf

og eptir það verið í förum í 8 mánuði og er fullmyndugur, hefur rjett til að að mega vera stýrimaður á seglskipum, sem eru í förum á milli landa, og sje hann búinn sem stýrimaður að vera í förum 2 ár, og á þeim tíma fara að minnsta kosti tvisvar milli landa, þá hefur hann rjett til að mega vera skipstjóri á seglskipi, er fer milli landa.

Nd. **220. Frumvarp**

til laga um afnám amtmannaembættanna og stofnun fjórðungsráða. — Eptir 2 umr. í Nd.

1. gr. Amtmannaembættin og landritaraembættið skulu lögð niður. Undir landshöfðingja skulu skipaðir 2 skrifstofustjórar, hvor með 2400 kr. árslaunum, er vaxa um 200 kr. við hver 3 embættisár, þar til launin eru 3000 kr. Auka skal skrifstofufje landshöfðingja um 1000 kr. árlega.

Málum þeim, sem nú eru lögð undir amtmennina, og eigi við koma þeim sem forsetum amtsráðanna, skal skipt milli landshöfðinga og sýslumanna eptir reglum þeim, er ráðgjafinn fyrir Ísland ákveður.

Mál þau, sem nú liggja undir stiptsyfirvöldin, skulu lögð undir biskupinn einan, en skjóta má úrskurði biskups í þeim málum til landshöfðingja.

2. gr. Í stað amtsráðanna komi fjögur fjórðungsráð, sitt í hverjum fjórðungi. Í Sunnlendingafjórðungi skulu vera þessi sýslufjelög: Vestur-Skaptafellssýsla, Rangárvallasýsla, Vestmannaeyjasýsla, Árnessýsla, Gullbringu- og Kjósarsýsla og Borgafjarðarsýsla. Í Vestfirðingafjórðungi: Mýrasýsla, Snæfellsnessýsla, Dalasýsla, Barðastrandarsýsla, Ísafjarðarsýsla og Strandasýsla. Í Norðlendingafjórðungi: Húnavatnssýsla, Skagafjarðarsýsla, Eyjafjarðarsýsla, Suður-Þingeyjarsýsla og Norður-Þingeyjarsýsla. Í Austfirðingafjórðungi: Norður-Múlasýsla, Suður-Múlasýsla og Austur-Skaptafellssýsla.

Fjórðungsráðin hafa allan hinn sama starfa á hendi sem amtsráðin hafa haft.

3. gr. Í fjórðungsráði hverju skal vera einn fulltrúi úr hverju sýslufjelagi fjórðungsins; skal hann kosinn til 6 ára, á manntalsþingum sýslunnar, og atkvæði talin saman að afloknum þingum af sýslumanni og tveim mönnum, er sýslunefnd hefur til þess kvatt. Um kosningarrjett og kjörgengi til fjórðungsráðs gilda sömu ákvæði sem til sýslunefndar.

Þrem árum eptir að fjórðungsráð hefur verið sett í fyrsta skipti gengur úr því eptir hlutkesti helmingur hinna kosnu fjórðungsfulltrúa, eður, ef tala þeirra stendur á stöku, þá meiri hlutinn, og skal kjósa aðra í staðinn. Að þrem árum liðnum ganga úr hinir, sem eptir eru, og svo framvegis annar hluti ráðsins þriðja hvert ár.

Landshöfðingi skipar, auk hinna kosnu fjórðungsfulltrúa, forseta í fjórðungsráð hvert; hefur hann atkvæðisrjett í ráðinu, og að öllu sama ætlunarverk sem amtmenn hafa haft í amtsráðunum.

Eigi er fundur fjórðungsráðs lögmætur, nema meira en helmingur fjórðungsfulltrúa sje á fundi.

Forsetar og fulltrúar í fjórðungsráðunum hafa sömu fæðispeninga sem amtsráðsmenn hafa haft. Fyrir ferðakostnað og störf milli funda fá þeir og endurgjald eptir reikningi, er fjórðungsráð samþykkir.

4. gr. Þar sem takmörk fjórðunganna verða önnur en takmörk amtanna hafa verið, skal skipta jafnaðarsjóðum og öðrum sameiginlegum sjóðum amtanna milli fjórðung-

anna, eptir tiltölu við það, er goldið hefur verið til þeirra næstu 5 ár, áður en skiptingin fer fram. Um tekjur og gjöld fjórðungssjóðanna, er koma í staðinn fyrir jafnaðarsjóði amtanna, gilda hinar sömu ákvarðanir, sem gilt hafa fyrir þá.

5. gr. Þær lagaákvarðanir, er koma í bága við lög þessi, skulu úr lögum numdar.

Ed. **221. Frumvarp**

til laga um að fá útmældar lóðir í kaupstöðum og á löggiltum kauptúnum o. fl. — Eptir 2. umr. í Ed.

1. gr. Nú vill maður fá óbyggða lóð sjer útmælda í kaupstað eða löggiltu kauptúni til þess að hefja þar verzlun, enda er honum heimilt að lögum að reka verzlun á Íslandi, og skal hann þá brjeflega beiðast útmælingar hjá þeim lögreglustjóra, er hlut á að máli, ef það er í löggiltu kauptúni, en lögreglustjóri kveður með sjer 2 menn kunnuga og óvilhalla og tiltekur ásamt þeim lóð þá, er þörf er á til verzlunar þeirrar, er beiðandi útmælingarinnar ætlar að reka, en sje slíkrar útmælingar, sem nú var nefnd, beiðst í kaupstað, þar sem svo hagar til, að mikill hluti kaupstaðarlóðarinnar er eign einstakra manna eða fjelaga, á byggingarnefnd kaupstaðarins að framkvæma hana.

2. gr. Bæði þeir, sem landið eiga, þar sem löggilt hefur verið kauptún eða í kaupstað, þar sem eins er ástatt og segir í 2. gr., og aðrir, er lögmæt rjettindi hafa eignazt yfir landinu, eru skyldir til þess, gegn hæfilegu endurgjaldi, er lögreglustjóri ákveður ásamt þeim mönnum, sem hann kvaddi með sjer til útmælingarinnar, eða byggingarnefnd í kaupstöðum eptir áðursögðu ákveður, ef málsaðilar koma sjer eigi saman um endurgjaldið, að láta af hendi óbyggðar lóðir, svo sem útmælendum þykir þörf á til hinna fyrirhuguðu verzlunarafnota, og sem ekki eru nauðsynlegar við rekstur verzlunar eða annarar atvinnu, sem áður er þar fyrir.

Nú vill annarhvor málsaðila ekki una við ákvæði útmælenda um endurgjaldið fyrir hina útmældu lóð, og er þá rjett, að hlutaðeigandi amtmaður gjöri endilega út um málið.

3. gr. Það skal með öllu bannað, að leggja þá kvöð á lóðir eða húseignir í löggiltum kauptúnum og í kaupstöðum, að ekki megi nota þær til verzlunar eða annarar tiltekinnar atvinnu.

4. gr. Þótt einstakir menn kunni að eiga höfn þá, sem löggilt kauptún er við, mega þeir ekki bægja neinum frá að leggja skipum sínum þar við akkeri nje frá aðgangi að höfninni til þess að ferma eða afferma skip, að svo miklu leyti sem það kemur ekki í bága við þeirra eigin bryggjuafnot, og ekki heldur getur landeigandi varnað hinu opinbera eða einstökum mönnum að gjöra hringa, landfestar eða önnur skipsfesta-áhöld fyrir skip þar á höfninni, þar sem svo til hagar, að þess konar áhöld eru nauðsynleg, þó má að eins gjöra það eptir tilvísun lögreglustjóra, er kveður með sjer 2 óvilhalla menn, sem kunnugir eru hafnarlegu, og eiga þeir jafnframt að ákveða það endurgjald, er landeiganda beri, ef hlutaðeigendur verða ekki á eitt sáttir um það mál.

Að öðru leyti skulu ákvæðin í opnu brjefi 28. des. 1836, 11. gr., í gildi vera, þó svo, að hver eigi forgangsrjett að notkun þeirra skipsfesta, er hann á eður hefur eignarhald yfir, og aðlæginu við þessar festar sínar.

Nú notar einhver hringa, landfestar eða önnur skipsfestaáhöld, sem hann ekki

á; ber honum þá tafarlaust að láta áhöldin laus við eiganda þeirra, þegar skip þeirra koma að og þurfa á þeim að halda, að viðlögðum 20 kr. sektum fyrir hvern dag, er hann lætur farast fyrir að sleppa áhöldunum, og bæti hann að auki allt það tjón, er af því kann að leiða, að hann ljet þau ekki laus við eiganda þegar í stað.

Sá sem eigi rekur fasta verzlun á einhverju kauptúni, en á þar þó skipsfestar, á einnig forgangsrjett að notkun þeirra, nema svo sje, að allar festar á höfninni sjeu notaðar af verzlunarskipum eða fiskiskipum þeim, sem haldið er úti til fiskiveiða, þá er skip hans kemur til.

5. gr. Fyrir útmælingar eptir 2. og 5. gr. skal beiðandi auk ferðakostnaðar greiða lögreglustjóra 3 kr. um daginn, og eins hverjum þeirra, er til voru kvaddir með honum.

Nd. **222. Frumvarp**

til viðaukalaga við tilsk. um veiði á Íslandi 20. júní 1849. — Eptir 3. umr. í Ed.

1. gr. Hver sá, sem drepur æðarfugl af ásettu ráði, skal auk sekta þeirra, er getur um í 11. gr. tilsk. um veiði á Íslandi 20. júní 1849, gjalda í sekt fyrir hvern fugl 10—100 kr.; sje brotið ítrekað, tvöfaldast sektin.

2. gr. Engir, hvorki varpeigendur nje aðrir, mega selja nje kaupa æðaregg. Brjóti nokkur móti þessu, skal hann gjalda 10—100 kr. sekt; sje brotið ítrekað, tvöfaldast sektin.

3. gr. Enginn má kaupa eða selja, hirða eða hagnýta, nokkurstaðar á Íslandi, dauða æðarfugla eða hluti af þeim. Brjóti nokkur hjer á móti, skal hann gjalda 10—100 kr. sekt.

4. gr. Sektir þær, sem ákveðnar eru í 1., 2. og 3. gr. renna að $^1/_3$ hluta í sveitar- eða bæjarsjóð, þar sem brotið er framið, en $^2/_3$ til uppljóstarmanns.

5. gr. Mál þau, er rísa út af brotum gegn lögum þessum, skal farið með sem opinber lögreglumál.

Nd. **223. Breytingartillögur**

við frumvarp til laga um afnám amtmannaembættanna og stofnun fjórðungsráða. — Frá Sigurði Stefánssyni, Sigurði Jenssyni, Gunnari Halldórssyni, Árna Jónssyni, Jóni Jónssyni, þm. N-þ., og Þorleifi Jónssyni.

1. Við 1. gr., orðið „árlega“ í niðurlagi fyrstu málsgreinar falli burt.
2. Fyrirsögn frumvarpsins orðist þannig:
   „Frumvarp til laga um afnám amtmannaembættanna og landritaraembættisins, sem og um stofnun fjórðungsráða“.

Nd. **224. Viðaukatillögur**

við frumvarp til laga um breyting á þingsköpum alþingis. — Frá Páli Briem, Jóni Jónssyni, þm. N.-Múlas., Þorleifi Jónssyni, Þorvarði Kjerúlf, Sveini Eiríkssyni og Páli Ólafssyni.

1, Aptan við frv. bætist ný grein svohljóðandi:

2. gr. Þá er $^1/_3$ þingmanna í sameinuðu þingi eða þingdeildarmanna í annari hvorri deildinni óskar þess, skal hlutfallskosningar-aðferð við hafa við nefndarkosningar. Aðferðin skal vera þessi:

Tölu atkvæðaseðlanna skal deilt með tölu nefndarmanna; töluna, sem þá kemur út, að broti frá töldu, skal leggja til grundvallar fyrir kosningunni (hlutfallstala).

Seðlunum skal vandlega blandað í hylki, og dregur forseti einn og einn upp í einu og les upp það nafn, er efst stendur á seðli hverjum, en skrifararnir skrá það. Þá seðla, sem sama nafn stendur efst á, skal saman leggja í bunka, og þegar er sama nafn hefur svo opt upp lesið verið, að það nær hlutfallstölunni, skal hlje gjöra á upplestrinum Forseti og skrifarar bera seðlana saman við það sem ritarar hafa bókað, og gæta þess, að það sje rjett. Lýsir forseti þann svo rjett kjörinn, sem hlutfallstölunni hefur náð. Síðan er haldið áfram upplestri á þeim seðlum, sem eptir eru, en þó svo, að standi nafn þingmanns, sem þegar er kosinn, efst á seðli, skal stryka það út og lesa upp hið næsta nafn á eptir á þeim seðli, og skal að öllu með fara sem áður er sagt, og svo koll af kolli, unz allir seðlarnir eru upp lesnir eða allir nefndarmenn kosnir.

Nú er nafn eigi svo glöggt táknað, að víst sje, eða nafn er með öllu skakkt, og fellur það þá úr, en eigi er seðill ógildur að heldur. Eigi er seðill ógildur, þótt fleiri nöfn eða færri, en þörf er á, sjeu á hann rituð.

Verði nefnd eigi fullkosin eptir þessari aðferð, skal kjósa þá, er til vantar, einfaldri meiri hluta kosningu, en hafa skal sá meira en helming atkvæða þeirra, er greidd eru.

2, Frumvarpsgreinin (»Þingmaður sá..... þátt í atkvæðagreiðslu») verði 1. gr.

3, Fyrirsögn frv. orðist þannig: frumvarp til laga um viðauka og breyting á þingsköpum alþingis.

Ed. **225. Frumvarp**

til laga um varnarþing í skuldamálum og um ýms viðskipta-skilyrði. — Eptir 2. umr. í Ed.

1. gr. Ef skuld er stofnuð þar, sem heimilisfang hjerlends lánardrottins er, á skuldheimtumaður rjett á, ef hann vill, að sækja mál til greiðslu skuldarinnar á hendur skuldunaut í þinghá þeirri, er skuldin er stofnuð í, eins og væri þar varnarþing hans. Sje skuldin stofnuð við fasta verzlun eða aðra heimilisfasta atvinnu-stofnun, þá ræður varnarþing þess, sem henni stýrir, þótt eigandi sje þar eigi búsettur. Eigi raskar þetta þó gildandi ákvæðum um varnarþing, er bundið er við fasteign.

Lög þessi ná til þeirra einna skuldaskipta, er skuldheimtumaður er kaupmaður eður hefur á annan hátt atvinnu sína af viðskiptum, svo sem lyfsalar, bóksalar, veitingamenn, iðnaðarmenn, kostnaðarmenn blaða og rita og aðrir, sem líkt stendur á með.

Því að eins gilda fyrirmæli þessarar greinar, að fyrirtökudagur málsins falli í sumarkauptíð (15. júní — 31. júlí, að báðum þeim dögum meðtöldum) eða í haustkauptíð (15. sept.— 31. okt. að báðum þeim dögum meðtöldum).

2. gr. Nú hefur maður fengið reikning yfir viðskipti sín, og skal hann þá innan 6 mánaða frá því hann meðtók hann, hafa komið fram með ótvíræð mótmæli gegn hverju því í honum, er hann kannast ekki við; ella skal svo álíta sem hann viðurkenni reikninginn skilyrðislaust.

3. gr. Sje verzlunarbók sú, er skuldaskiptin eru fyrst í skráð, löggilt, og aðalbók slíkt hið sama, skulu þær bækur sönnun vera fyrir því, að reikningur, sem þeim er samhljóða, sje rjettur, nema annað sannist að lögum, eða sá, er í hlut á, synji með eiði fyrir, að hafa tekið út það, er í bókunum er skráð.

4. gr. Mál þau, er um er rætt í þessum lögum, skulu rekin fyrir gestarjetti.

Nú er skuldunautur staddur í dómþinghá þeirri, er málið eptir þessum lögum má sækja í, og má þá birta honum stefnu þar, sem hann er staddur, til að mæta með næturfresti, og sama er, ef skuldunautur á heimili í þinghánni. Annars skal birta stefnuna á lögheimili hans með þriggja vikna fresti, ef það er innan sama lögsagnarumdæmis sem fyrirtökustaðurinn, með 6 vikna fresti, ef það er utan lögsagnarumdæmis en þó í sama amti, en með níu vikna fresti, ef það er í öðru amti.

Ed. **226. Breytingartillaga**

við frumvarp til laga um breyting á tilskipun um póstmál 26. febr. 1872 og lögum 15. okt. 1875 um breyting á sömu tilskipun. — Frá Sighvati Árnasyni.

Við 3. gr. Í staðinn fyrir „25“ komi „15“ á báðum stöðunum.

Ed. **227. Breytingartillögur**

við frumvarp til laga um að fá útmældar lóðir í kaupstöðum og á löggiltum kauptúnum o. fl. (221). — Frá meiri hluta nefndarinnar.

1. Við 1. gr. Í stað orðanna í upphafi greinarinnar: „Nú vill maður fá“ komi: „Ef maður vill fá“.
2. — 3. — Í stað „í 2. gr.“ komi: „í 1. gr.“
3. — 4. — 3. málsgrein. Fyrir „þegar skip þeirra“ o. s. frv. komi: „þegar kaupskip þeirra“.
4. — 5. — Í stað “2. og 5. gr.“ komi: „1. og 4. gr.“.

Ed. **228. Nefndarálit**

í málinu: Frumvarp til laga um að selir sjeu rjettdræpir í veiði-ám og veiði-vötnum.

Nefndin hefur vandlega hugleitt þetta mál, og fær ekki betur sjeð, en að bráða nauðsyn beri til að útrýma sem allra fyrst hinum skaðlega vargi, *selnum*, úr öllum veiði-ám og veiði-vötnum landsins, því reynslan er fullkomlega búin að sýna, að selur er lax-og silungsveiðum hið mesta tjón. Og þar sem laxveiðin er svo þýðingarmikil og arðberandi atvinna fyrir æðimarga landsbúa, virðist nefndinni nokkuð vafasamt, hvort þeir fáu selveiðamenn, sem kynnu að bíða meiri eða minni skaða á þeirri veiði, um lítinn tíma, þangað til laxveiði færi að aukast við eyðing selsins, hafi sanngjarnan rjett til skaðabóta. En til þess að greiða fyrir framgangi þessa máls, og til að sjá við því, að ekki verði sagt, að raskað sje bótalaust rjetti einstakra manna með ákvæðum frumvarpsins, þá hefur nefndin komizt að þeirri niðurstöðu, að leggja til að bæta við frumvarpið nýrri grein, sem verði 2. gr., og leyfum vjer oss að ráða hinni heiðruðu efri deild til, að samþykkja frumvarpið með eptirfylgjandi viðaukagrein.

2. gr. Þeir, sem búa við veiði-ár og veiði-vötn og hafa laxveiði, eru skyldir að greiða selalagna eigendum þeim, er veiði missa í sömu ám eða vötnum, skaðabætur eptir því, sem þrír óvilhallir dómkvaddir menn meta; enda sanni lagnaeigendur fyrir matsmönnum, að þeir hafi gjört alvarlega tilraun til að veiða lax. Þó skulu skaðabætur þessar ekki lengur greiddar en að eins um næstu 5 ár, eptir að lög þessi öðlast gildi. Eigi prestakall selalögn í veiði-ám eða veiði-vötnum, skal einungis sá prestur, sem í brauðinu er, þegar lög þessi koma í gildi, eiga rjett til skaðabóta. Þegar matsmenn hafa metið skaðabæturnar, skulu þeir afhenda matsgjörðina sýslunefndaroddvita, en sýslunefndin jafnar niður skaðabóta- gjaldinu á hina einstöku greiðendur þess eptir veiðimagni þeirra. Sýslumaður annast inn-

heimtu skaðabótagjaldsins og skiptir því milli selalagna eigenda eptir ákvæðum matsmanna fyrir lok júlímánaðar ár hvert. Gjald þetta má taka lögtaki samkvæmt lögum 16. desember 1885. Sýslunefndin semur reglugjörð, eptir hverri matsmennirnir skuli fara, þá er þeir meta skaðabæturnar. Amtmaður samþykkir þá reglugjörð. Þóknun til matsmanna ber laxveiðamönnum að greiða eptir sanngjörnum reikningi, sem sýslunefndin úrskurðar.

Alþingi 27. júlí 1889.

L. E. Sveinbjörnsson, formaður. Skúli Þorvarðarson, skrifari og framsögumaður.

Jeg er samþykkur ofanskrifuðu nefndaráliti að öðru leyti en því, að jeg álít það ekki vafasamt, að þeim eigendum eða umráðendum jarða, sem hafa selveiði í veiði-ám eða veiði-vötnum, beri skaðabætur fyrir það tjón, er þeir verða fyrir, ef selir verða gjörðir rjettdræpir á nefndum stöðum.

E. Th. Jónassen.

Nd. **229. Nefndarálit**

í málinu: frv. til laga um að stjórninni veitist heimild til að selja jörðina Á í Kleifahreppi.

Nefndin hefur rannsakað skjöl þau, sem henni voru afhent viðvíkjandi jörðinni Á í Kleifahreppi, og álítur hana hæfilega selda á 850 kr.

Auk þess hefur nefndin fengið til meðferðar skjöl um 6 aðrar jarðir:

1. Meiðastaði í Gullbringusýslu, og fellst hún á samhljóða álit virðingarmanna, umboðsmanns og sýslunefndar, að jörð sú sje hæfilega seld á 2500 kr.
2. Hrútsholt í Eyjahreppi, eyðijörð, sem við er að búast, er jörð sú eigi föluð af ábúanda, heldur af dugandi bónda, en hann hefur hana til afnota, og ræður nefndin til að gjöra jörð þessa fala fyrir það verð, sem sýslunefndin stingur upp á, 550 kr. án kúgilda, þar sem ætla má, að miklu þyrfti að kosta til jarðar þessarar, til að gjöra hana byggilega.
3. Hálfan Þykkvabæ í Kleifahreppi í Vestur-Skaptafellssýslu. Ár 1887 var samþykkt, að selja jörð þessa fyrir 1800 kr., og álítur nefndin það fyllsta verð, og ræður til að gjöra jörðina fala fyrir það.
4. Feigsdal í Barðastrandarsýslu. Að vísu eru skjöl jarðar þessarar eigi sem skipulegust, en vottorð er frá sýslumanni, sem líka er umboðsmaður, um að sýslunefndin hafi álitið jörð þessa hæfilega metna á 1500 kr, en hlutaðeigandi amtmaður álítur, að jörð þessi sje, eptir skýrslum þeim, sem liggja við matsskjölin, hæfilega seld á 1600 kr. Nefndin ætlar, að hún sje hæfilega seld á 1700 kr., og ræður til, að hún sje gjörð föl við því verði.
5. Stóra-Langadal í Skógarstrandarhreppi í Snæfellsnessýslu, helzt án Klettakots. Ræður nefndin frá, að gjöra jörð þessa fala fyrir ákvæðisverð sökum ófullkominna skýrslna.
6. Horn í Nesjahreppi; sömuleiðis ráðið frá af sömu ástæðum, því skýrsla umboðsmannsins er mjög óákveðin.

Samkvæmt því, sem að framan er greint, ræður nefndin deildinni til að gjöra þennan viðauka og breyting við 1. gr. frv.:

1. 1. gr. orðist þannig:

Ráðgjafanum fyrir Ísland veitist heimild til að selja ábúendunum þjóðjarðirnar:

1. Á í Kleifahreppi fyrir verð, er nemi að minnsta kosti 850 kr.
2. Meiðastaði í Rosmhvalaneshreppi sömuleiðis . . . 2500 —
3. Hrútsholt í Eyjahreppi . . . . . 550 —
4. Feigsdal í Dalahreppi . . . . . 1700 —
5. Hálfan Þykkvabæ í Kleifahreppi . . . . . 1800 —

2. 2. og 3. gr. óbreytt.
3. Fyrirsögnin breytist samkvæmt þessu og verði:

Frumvarp til laga um sölu nokkurra þjóðjarða.

Alþingi, 27. júlí 1889.

Þórarinn Böðvarsson, form. og framsögum. Þorl. Guðmundsson, skrifari. Ólafur Pálsson.

Ed. **230. Frumvarp**

til viðaukalaga við lög nr. 5, 27. febr. 1880. um stjórn safnaðarmála og skipun sóknarnefnda og hjeraðsnefnda. — Eptir 3. umr. í Nd.

1. gr. Ef meiri hluti þeirra sóknarmanna, er safnaðarfund sækja og atkvæðisrjett hafa á safnaðarfundi, samþykkir að taka upp og hafa hljóðfæri við tíðagjörð í kirkju sinni, þá ber eiganda eða umráðamanni kirkjunnar að annast um, að hljóðfæri sje keypt fyrir kirkjunnar fje, svo framarlega, sem fje er fyrir hendi, sem kirkjan getur án verið, og hjeraðsfundur samþykkir. Hljóðfærið telst síðan með áhöldum kirkjunnar. En hvort sem hljóðfæri er keypt fyrir fje kirkju eða eigi, skal söfnuðurinn kosta hljóðfæraslättinn og halda söng uppi á sinn kostnað, nema eigandi eða forráðamaður kirkju gefi samþykki sitt til, að greiða megi kostnaðinn að nokkru eða öllu af kirkjunnar fje, og hjeraðsfundur síðan samþykki, að svo skuli vera.

2. gr. Ef söfnuðurinn kostar kirkjusönginn að nokkru eða öllu, þá skal sóknarnefndin, með umráði prestsins, jafna niður á sóknarmenn alla, þá er eigi eru skylduómagar eða sveitarómagar, kostnaðinum af söngkennslunni og hljóðfæraslættinum, eður og söngnum, ef hljóðfæri er eigi haft, og skal það vera aðalreglan, að helmingur kostnaðarins komi jafnt á hvern tilskyldan mann, en annar helmingurinn fari eptir efnum manna og ástæðum.

3. gr. Sóknarnefndir innheimta gjaldið, og skal hver húsráðandi inna það af hendi fyrir sig og skyldulið sitt. Gjalddagi er 31. des. Taka má gjald þetta lögtaki samkv. lögum 16. des. 1885.

Nd. **231. Frumvarp**

til laga um breyting á konungsúrskurði 25. ág. 1853 viðvíkjandi Ásmundarstaðakirkju í Presthóla prestakalli. — Eptir 2. umr. í Nd.

Sú 15 rdl. aukapóknun, er sóknarbændum Ásmundarstaðakirkju hefur verið skylt að greiða prestinum á Presthólum, samkvæmt konungsúrskurði 25. ág. 1853, skal niður falla við næstu prestaskipti.

Nd. **232. Frumvarp**

til laga um að meta til dýrleika yrkta lóð í kaupstöðum. — Flutningsmaður: Þórarinn Böðvarsson.

1. gr. Hver sá, er á lóð í kaupstað með túni og kálgörðum svo stórum, að hlutaðeigandi bæjarstjórn álítur, að hún hafi stærð til að metast til hundraðatals, á rjett á, að mat fari fram á sjálfs hans kostnað, ef hann æskir þess.

2. gr. Mat þetta skulu framkvæma 3 menn, er bæjarstjórnin kveður til þess starfa. Matið skulu þeir þannig af hendi leysa, að þeir sjeu við búnir að staðfesta gjörðir sínar með eiði.

Bæjarfógetinn stendur fyrir matinu, en tekur ekki þátt í atkvæðagreiðslu.

3. gr. Bæjarstjórnin tilnefnir býli í umdæmi bæjarins, eða grennd við hann, er hún telur hæfilega metið að hundraðatali eptir jarðabókinni 1861, matsmönnum til fyrirmyndar.

4. gr. Birta skal eiganda þeirrar lóðar, sem meta á, að matið eigi að fara fram svo tímanlega, að hann geti verið við það staddur.

Nú er eigandi óánægður með matið, og getur hann þá kært það fyrir hlutaðeigandi amtmanni, er leggur úrskurð á málið, eptir að hann hefur leitað álits bæjarstjórnar.

5. gr. Bæjarfógeti skal rita matið í sjerstaka bók, er sje löggilt af amtmanni.

6. gr. Þegar mati þessu er lokið, skal hlutaðeigandi bæjarfógeti senda staðfest eptirrit af matsbókinni með áliti bæjarstjórnarinnar til landshöfðingja, en hann sendir ráðgjafa Íslands matið, og ber ráðgjafinn það undir konung til staðfestingar.

7. gr. Bæjarfógeta og matsmönnum bera 3. kr. á dag, hverjum, meðan þeir starfa að matinu.

Ed. **233. Frumvarp**

til laga um lögaldur. — Eptir 2. umr. í Ed.

1. gr. Framvegis skulu menn eigi verða fjár síns ráðandi með tilsjónarmanni.

2. gr. Hver karlmaður og hver ógiptur kvennmaður skal fullráður fjár síns 21 árs.

3. gr. Hver, sem er fjár síns ráðandi, getur tekið að sjer ábyrgð í fjármálum, svo að gild sje.

Ed. **234. Breytingartillögur**

við frumvarp til laga um að fá útmældar lóðir í kaupstöðum og á löggiltum kauptúnum o. fl. (221). — Frá Á. Thorsteinsson, L. E. Sveinbjörnson, Jóni Ólafssyni og Sighvati Árnasyni.

1. Við 1. grein »þar sem svo hagar til að mikill hluti kaupstaðarlóðarinnar er eign einstakra manna eða fjelaga« falli burt.
2. — 3. grein. Á eptir: »það skal með öllu bannað«, bætist við: »án samþykkis bæjarstjórnar eða sýslunefndar«.

3. . Á eptir 5. gr. bætist við ný 6. grein :
«Lög þessi gilda eigi fyrir Reykjavíkurkaupstað».

Ed. **235. Breytingartillaga**

við frv. til laga um breyting á 1. gr. í lögum um skipun prestakalla 27. febr. 1880 (201.). — Frá Jóni Ólafssyni.

Orðin: «Brauði þessu leggjast 200 kr. úr landssjóði» *falli niður.*

Nd. **236. Nefndarálit**

um frv. til fjáraukalaga fyrir árin 1888 og 1889.

Hin heiðraða neðri deild alþingis hefur vísað til undirskrifaðra nefndarmanna ofannefndu frumvarpi, til þess að vjer gjörðum tillögur vorar því viðvíkjandi, og viljum vjer hjer með gjöra það á þessa leið:

Að því er snertir hinn eina gjaldlið, er frumvarp stjórnarinnar ræðir um, þá viljum vjer eigi neita því, að hinn núverandi prestur Hólma prestakalls, hafi tilkall til að fá bætur fyrir skaða þann, er hann hefur beðið við ákvörðun 16. gr. í lögum 19. febr. 1886 um utanþjóðkirkjumenn, en þegar sá skaði er metinn, þykir oss sjálfsagt að taka tillit til kostnaðar, er presturinn kemst hjá, við það að þjónusta utanþjóðkirkjusafnaðarins í Reyðarfirði hefur verið falin sjerstökum presti, og það því heldur, sem eigi verður gjört ráð fyrir, að prestsgjöldin frá tjeðum söfnuði hefðu komið hlutaðeigandi presti í hendur eins fyrirhafnarlítið og afdráttarlaust, eins og þegar upphæð þeirra er greidd úr landssjóði. Samkvæmt þessu þykir oss eigi mega minna draga frá upphæð tekjanna, en að minnsta kosti borgunina fyrir aukaverkin, er presturinn er alveg laus við, og nemur hún fyrir $^1/_6$ af fardagaárinu 1886—87, 5 kr. 44 a., en fyrir fardagaárið 1887—88, 16 kr. 43 a.; það verður því 21 kr. 87 a., er að voru áliti á að draga frá þeim 322 kr. 28 a., er frumvarpið ræðir um.

Til fjárlaganefndarinnar hefur komið bænarskrá frá yfirsetukonu Þorbjörgu Sveinsdóttur um að fá fyrir tímabilið frá 1. júlí 1884 til ársloka 1887 borgun þá úr landssjóði, að upphæð 24 kr. á ári, er hún nú hefur og að undanförnu hafði haft síðan hún varð yfirsetukona í Reykjavík. Fje þetta var eigi útborgað sakir þess, að hún fór haustið 1884 til Kaupmannahafnar sjer til heilsubótar, og á þingi 1885 var hjerumræddri upphæð sleppt í fjárlögunum fyrir 1886 og 1887, með því að ætlun manna var, að hún mundi vera búin að sleppa stöðu sinni fyrir fullt og allt, en árið eptir kom hún aptur hingað til lands, og tók þá við stöðu sinni, og í fjárlögunum fyrir 1888 og 1889 var upphæð þessi tekin upp aptur. Það virðist sannngirni mæla með því, sem hjer er farið fram á, og samkvæmt því vill nefndin leggja það til, að veittar sjeu þær 84 kr., sem hjer er um að ræða. Að vísu dvaldi umsækjandinn alllengi í Kaupmannahöfn sjer til heilsubótar, en nefndinni þykir eigi ástæða til að draga neitt frá sakir þess, með því og að um lítilræði eitt er að ræða.

Fjárlaganefndin hefur fengið bænarskrá frá síra Jóni Jónssyni á Stað á Reykjanesi, sem þjónað hefur um sinn Gufudalsprestakalli í Barðastrandarsýslu um, að svo framarlega, sem beiðni hans um afnám árgjaldsins af Stað á Reykjanesi, eigi fái áheyrn,

þá fái hann veitta uppbót þá, sem Gufudalsbrauði er lögð í prestakallalögunum frá 27. febr. 1880 fyrir þann tíma, sem hann hefur þjónað því eða frá fardögum 1884. Að því er snertir afnám árgjaldsins af Stað, er nemur 400 kr. á ári, þá getum vjer eigi mælt með því, enda var fellt lagafrumvarp þar að lútandi 1887, en að því er hina beiðnina snertir, þá viljum vjer taka fram, að prestur sá, er þjónaði Gufudal, skildi svo 5. gr. í tjeðum lögum, að Gufudals prestakalli bæri uppbótin frá þeim tíma að brauðið losnaði 1889, en ráðgjafinn hefur haldið þeim skilningi fram á tjeðri lagagrein, að uppbótin byrjaði þá fyrst, er brauðið væri veitt næst á eptir, en síðan hefur enginn sótt um brauðið. Nefndin vill eigi vefengja þennan skilning, þótt svo sje að orði komizt í nefndri grein, að tillagið skuli greiðast jafnótt og brauðin losna, en eptir því, sem hjer stendur á, þykir henni þó eptir atvikum ástæða til, að tjeð bænarskrá sje tekin til greina, sumpart af því, að þjónusta brauðsins er erfið, en tekjur þess í sjálfu sjer litlar, sumpart af því, að hinn þjónandi prestur hefur, eptir skýrslu hlutaðeigandi prófasts, orðið að fara á mis við allt eptirgjald eptir prestssetrið Gufudal, og enn fremur eptir samningi síðastliðið haust fengið sóknarnefndinni tíundir allar og dagsverk, er verja skal til að byggja upp eitthvað af hinum niðurföllnu húsum á staðnum.

Enn fremur leggjum vjer til, að borgun til hæstarjettarmálaflutningsmanns Octavíusar Hansens fyrir aðstoð hans í Fensmarksmálinu í þarfir alþingis, að upphæð 1000 kr., sje tekin upp á fjáraukalög þau, er hjer ræðir um.

Samkvæmt þessu verða tillögur vorar þessar:

1. Framan við frv. bætist ný grein er verði 1. gr. svohljóðandi:
   Sem viðbót við útgjöld þau, sem talin eru í fjárlögunum fyrir 1888 og 1889 veitast 2,384 kr. 41 eyr. til útgjalda þeirra, sem nefnd eru í eptirfarandi 2.—4. gr.
2. Ný grein bætist við, er verði 2. gr. svo hljóðandi:
   Sem viðbót við útgjöldin við læknaskipunina í 11. gr. 3 (önnur útgjöld) veitast: 84 kr. til yfirsetukonu Þorbjargar Sveinsdóttur fyrir seinni helming ársins 1884 og árin 1885, 1886 og 1887.
3. Í frumvarpsgreininni er verði 3. gr. falli burt orðin: »á fjárlögunum fyrir 1888 og 1889», og fyrir »322 kr. 28 a.» komi: »300 kr. 41 eyr.»
4. Aptan við greinina bætist:
   1000 kr. uppbót til prests þess, er þjónað hefur Gufudals prestakalli frá fardögum 1884 til fardaga 1889.
5. Ný grein bætist við, er verði 4. gr. svo hljóðandi:
   Sem viðbót við gjöld þau, sem veitt eru í 17. gr. fjárlaganna veitast:
   1000 kr. til hæstarjettarmálaflutningsmanns Octavíusar Hansens fyrir aðstoð í Fensmarksmálinu í þarfir alþingis.

Alþingi, 27. júlí 1889.

Árni Jónsson. skrifari
Eiríkur Briem, framsögum.
Páll Briem, formaður.
Sigurður Stefánsson.
Jón Jónsson.
Þorleifur Jónsson.
Sigurður Jensson.

Ed. 237. Nefndarálit

um frv. til l. um dagbókarhald á ísl. skipum;
— — — - um að ráða menn á skip;
— — — - um könnun skipshafna;
— — — - um stjórn og aga á ísl. verzlunar- og fiskiskipum o. s. fr.

Nefndinni þykir bezt við eiga, að steypa öllum þessum frumvörpum í eitt lagaboð, í fjórum bálkum og nefna þau lög farmannalög.

Frumvörp þau, er stjórnin hefur lagt fyrir þingið um þetta efni, eru að málinu til svo úr garði gjörð, að vjer höfum neyðzt til að rita þau upp aptur öll á íslenzku.

Efnisbreytingar höfum vjer að eins farið fram á á tveim stöðum, og eru þær einkenndar breyttu letri; hin fyrri þeirra ætlum vjer sje til sýnna bóta, en hin síðari alveg nauðsynleg, af því að lögin eru *íslenzk* lög en *eigi dönsk*.

Vjer ráðum því h. h. deild í stað ofannefndra 4 frumvarpa stjórnarinnar, að samþykkja frumvarp það til farmannalaga, er vjer hjer með leggjum fram fyrir h. h. deild.

Efri deild Alþingis, 22. júlí 1889.

Árni Thorsteinsson,	Jón Ólafsson,	Fr. S. Stefánsson.
formaður.	skrifari og framsögumaður.	

Farmannalög.

I.

Dagbókar-bálkur.

1. gr. Nú er hjerlent skip í förum landa á milli og skal skipstjóri þá jafnan hafa leiðarbók á skipinu og skal henni svo hagað, sem hjer segir.

2. gr. Leiðarbók þessa skal mega nota á öllum þeim ferðum, er skipið fer; skal hún vera úr góðum sterkum pappír, í haldgóðu bandi, blaðsíður tölusettar, og bókin gegnþrædd traustum streng. Lögreglustjóri á þeim stað, er skipið hefur ferð sína frá, löggildir hana og innsiglar. Fyrir löggildinguna skal greiða 2 kr., ef skipið er 100 smálestir eða minna, ella 4 kr. — Nú er skip afgreitt til ferðar landa milli, og skal þá lögreglustjóri gæta þess, að skipstjóri hafi leiðarbók með sjer, og skal lögreglustjóri í því skyni, rita vottorð sitt á bókina um, að hún hafi verið honum sýnd, en eigi ber honum borgun fyrir þá áritun. Nú ber svo til á langferð, að dagbók verður fullrituð og getur skipstjóri þá snúið sjer til næsta danska verzlunar-ræðismanns eða vara-ræðismanns á hafnarstað utan ríkis, eður til lögreglustjóra á dönskum hafnarstað — í Kaupmannahöfn til dómsmálaritarans í farmanna- og verzlunarrjettinum og á Færeyjum utan Þórshafnar til sýslumanns næsta — og skal sá þessara manna, er skipstjóri snýr sjer til, löggilda fyrir hann nýja leiðarbók, en geti þess þá jafnframt með áritun á hina gömlu leiðarbók, beint neðan við það, er síðast var í hana skráð. Eigi gildir þó slík leiðarbók, nema fyrir það, sem eptir er ferðarinnar, og þarf skipstjóri enga borgun að greiða fyrir þá löggilding.

3. gr. Frá þeim degi, er mateldur er á skipi kveyktur, skal sá, er verði stýrir, hvort heldur er skipstjóri, stýrimaður eða undir-stýrimaður, rita í leiðarbókina undir eins og hann er af verði leystur, hvað eina það, er fram fór meðan hann stýrði verði, það er til siglingar eður stefnu kom, svo og sjerhvern atburð annan þann, er á nokkurn hátt kynni að geta þýðing haft fyrir útgjörðarmenn skips eða sendendur farms eður og fyrir vátryggjendur. Nú verður eitthvað misritað í leiðarbókina, og má þá hvorki útskafa það, er rangt er, nje á annan hátt gjöra það ólæsilegt, heldur á að stryka eða púnkta þannig

yfir það, að lesa megi, hvað þar var ritað áður. Í bókunum sínum eiga allir skipstjórar og stýrimenn að fara eptir fyrirmyndar-blaði því, er hjer fer á eptir í 12. gr.

4. gr. Nú býður skip á ferð sinni tjón, það er mótmælum ber á að lýsa og nær skipstjóri höfn hjer á landi eður í Danmörku eður og utan ríkis á nokkrum þeim stað, er danskur verzlunar-ræðismaður er skipaður eða vara-ræðismaður, og skal hann þá í síðasta lagi innan sólarhrings skila leiðarbók sinni lögreglustjóranum, ef það er hjer á landi og lögreglustjóri er búsettur þar, sem hann nær höfn eður þar í grenndinni, ella umboðsmanni hans löggiltum, í Danmörku lögreglustjóra — í Kaupmannahöfn þó dómsmálaritara farmanna- og verzlunarrjettarins, og í Færeyjum utan Þórshafnar sýslumanni í því umdæmi —, en utanríkis ræðismanninum eður vara-ræðismanninum. Embættismenn þessir eiga að skrifa rjett neðan undir það, er síðast var innfært í bókina, vottorð sitt að tilgreindum stað og stund um, að bókin hafi sjer sýnd verið innan 24 stunda frá því, að skipið kom; skulu þeir jafnframt geta þess, hvort skipulega hafi reynzt ritað í bókina á hverjum degi að undanförnu. Nú er bókinni eigi skilað innan sólarhrings, og skal þess þá getið í árituninni, svo og þess, hversu lengi þetta hafi dregizt fyrir skipstjóra. Fyrir vottorð þessi á erlendis ekkert gjald að greiða, en hjer á landi hálft gjald það, er í 2. grein er ákveðið. Bókinni skal tafarlaust skila skipstjóra aptur, þá er ofangreindum fyrirmælum er fullnusta gjör.

5. gr. Nú leggur skipstjóri skipi sínu á höfn hjer í landi og er ferð hans þar talið lokið, þá skal hann á sama hátt skila lögreglustjóra eða umboðsmanni hans leiðarbókinni innan sólarhrings. Embættismaður þessi á að rita vottorð sitt í bókina, rjett neðan undir það, er síðast var í hana skráð, um að bókinni hafi í rjetta tíð skilað verið og hvort í hana hafi verið ritað á hverjum degi eður ekki. Fyrir þetta vottorð skal borgun greiða fyrir skip, sem stærra er en 100 smálestir, 3 krónur, ef ferðin hefur eigi yfirstaðið missiri lengur; 4 krónur, ef hún hefur stað missiri lengur en eigi ári lengur; en 5 krónur, ef hún hefur staðið ári lengur. Nú er skip minna, og skal þá jafnan hálft gjald greiða við það, sem áður er tiltekið. Nú verður ferð lokið í danskri höfn eða utanríkis höfn, og fer þá með eptirlit þetta, svo sem í 4. grein er ákveðið um skip þau, er slysfjón bíða og í slíka höfn koma. Nú verður það eigi sjeð af skjölum skipsins, hvenær ferð er á enda, og skulu það þá ferðalok talin, er skip kemur aptur á hjerlenda höfn og affermir þar að mestu leyti eða að öllu, eða ef skipshöfnin er lögskráð úr vist.

6. gr. Skylt er skipstjóra að leggja fram leiðarbók sína þegar í stað, hvenær sem útgjörðamenn, farmsendendur eða vátryggjendur æskja þess, málstað til sönnunar. Nú hefur skip eigi lokið ferð sinni, svo að frumbókin verður eigi framlögð, og skal þá skipstjóri láta í tje endurrit af henni, staðfest af notarius.

7. gr. Nú verður sú raun á að skipstjóri eða stýrimaður hafa vanrækt að rita í leiðarbókina, samkvæmt því, er þessi lög mæla fyrir og skal hann þá, er hann verður í slíku sekur í fyrsta sinn, sæta 20 — 50 kr. sektum, annað sinn 50 — 200 kr. sektum og í þriðja sinn hafi fyrirgjört rjetti sínum til skipstjórnar eða til að ráðast á skip sem stýrimaður. Nú hefur skipstjóri eða stýrimaður ritað ósannindi í leiðarbókina eða falsað hana, þá sæti hann þeirri hegningu, er lög kunna að ákveða fyrir það og hefur auk þess fyrirgjört rjetti sínum til að vera í förum sem skipstjóri eða stýrimaður; svo er hann og skyldur til skaðabótum að svara. Nú verður sú raun á, að skipstjóri eða stýrimaður hefur skafið út ritað mál í leiðarbók sinni eða strykað yfir nokkuð það, er í hana er skráð og gjört það ólæsilegt, en hefur þó eigi gjört þetta í saknæmum tilgangi, sæti sömu hegningu, sem í þessari grein er ákveðin fyrir vanrækt á að skrifa í leiðarbókina; en sýni atvik málsins, að út sje skafið eða yfir strykað í þeim tilgangi að dylja

það, er fyrir hefur komið á ferðinni, sæti sömu hegningu, sem ákveðin er fyrir fölsun bókarinnar.

8. gr. Nú kemur skipstjóri í höfn með þeim atvikum, sem í 4. grein er skráð eða ferð hans er á enda og vanrækir hann að sýna leiðarbókina og fá vottorð í hana skráð, sæti sektum frá 2 — 5 kr. fyrir sólarhring hvern, er hann þetta vanrækir. Mál, sem af þessari vanrækt rísa, skal sækja sem lögreglumál.

9. gr. Allir skipstjórar og stýrimenn skulu við því búnir, ef slys ber að höndum, að bjarga leiðarbókinni ásamt öðrum skjölum skipsins. Nú verður skipsskjölum bjargað, en leiðarbókina vantar, og skal þá skipstjóri með framburði skipshafnar sinnar færa sönnur á, hvað til þess bar, að bókinni varði eigi bjargað. Nú fær hann eigi skýrlega sannað, að honum sje eigi sök á gefandi hvarfi bókarinnar, sæti sektum frá 10 — 100 kr.; en reynist það, að hann hafi af ásettu ráði látið fyrirfarast að bjarga bókinni, sæti refsingu sem fyrir bókfölsun eptir 7. grein.

10. gr. Eigi má skipstjóri fyrirfara leiðarbókinni fyr en öll mál eru á enda kljáð, þau er skylt eiga við ferðina, milli útgjörðamanna, farmsendenda og vátryggjenda; sæti ella ábyrgð eptir atvikum og með hliðsjón af 7. og 9. grein þessara laga. Nú kemur skip til hafnar hjer á landi að aflokinni ferð og leggur skipstjóri í haf á ný, áður en öll mál þau, er skylt eiga við hina fyrri ferð, eru á enda kljáð milli allra þeirra, er hlut eiga að máli, þá má hann eigi með sjer taka leiðarbók skipsins, heldur á hann að kaupa nýja leiðarbók til ferðarinnar á kostnað útgjörðamanna.

11. gr. Öll gjöld og bækur samkvæmt þessum bálki laga þessara, renna í landssjóð.

12. gr. Fyrirmyndarblað við dagbækur skipa.

Ar	Mánuður	Hvar skipið er

Dagsetning	Stund	Stefna, er stýrt er í	Vegarlengd k. f.	Haldin stefna	Vindur	Veður	Dýpt	Botn	Athugavert:
	1								**E. h.**
	2								
	3								Kl. 1½ tók mið af í ' mílur
	4								
	5								
	6								Kl. tók mið af ⊙ við sólarlag ° ' frá til ' fann með því misvísun ° ' til nvesturs.
	7								
	8								
	9								
	10								Kl. tók saman segl
	11								
daginn	12								**F. h.**
þann	1								
	2								
	3								Kl. mældi ⊙ hæð: ° ' og tók mið af henni ° frá til fann misvísun ° ' til nvesturs.
	4								
	5								
	6								
	7								Kl. ausið
	8								
	9								
	10								Kl. st. ' mældi ⊙ hæð: ° ' og tók mið af ⊙ í s. s. au.
	11								
	12								Kl. st ' mældi ⊙ hæð: ° ', fann með þessum 2 mælingum breidd að vera ° ' nbr. Á hádegi mæld ⊙ hæð: ° '

Aðalstefna eptir leiðarsteini: ° frá til
leiðrjett með: ° til nvesturs
Rjett aðalstefna er: ° frá til
Vegarlengd alls: mílur.

Norðl. breidd eptir leiðarreikn. ° '
Lengd ° '
Mæld norðl. breidd ° '

Þegar skipið er þar í sjó, er eigi þarf grunnsökku við, ganga 2 síðustu dálkarnir úr.

II.
Vistráðabálkur.

1. gr. Þá er skipstjóri ræður mann á skip með sjer, skal hann fá honum viðskiptabók. Í bók þessari skal skipstjóri ljóst og skilmerkilega tiltaka ferð þá eða farleið, sem sjómaðurinn er tilráðinn, rita fullt nafn sjómannsins, aldur og fæðingarstað, stöðu hans á skipinu og vistarkjör, kaup það, er honum er heitið annaðhvort fyrir ferðina eða um mánuðinn, tilgreina hvort það skuli í peningum goldið eða öðrum eyri og eins, hve mikið honum er fyrirfram greitt af kaupinu; undir þetta skal skipstjóri rita nafn sitt. Sje kaup ákveðið fyrir alla ferðina með tiltekinni upphæð í peningum eða öðrum gjaldeyri, skal þess getið jafnframt, hve lengi á er ætlað, að ferðin muni standa, og eins, hve hátt mánaðarkaup megi algengt telja á þeim stað og tíma, er samningurinn er gjörður.

2. gr. Í viðskiptabókina skal skipstjóri rita hvað eina, er hann greiðir sjómanninum meðan þeir eru í förum, eða þá er þeir lúka viðskiptum sínum. Skyldur er sjómaður til, ef skipstjóri krefst þess, að gefa ritaða viðurkenningu fyrir sjerhverri upphæð, er honum er greidd, bæði sjerstaka og sömuleiðis ritaða í viðskiptabókina. Nú verður eigi hlje á förum skipsins og engin breyting á gjörðum samningi, en sjómaður verður lögskráður á skipið á ný, og þarf skipstjóri þá ekki, ef sjómaður er því samþykkur, að leggja til nýja viðskiptabók, meðan hin gamla endist til.

3. gr. Landshöfðingi sjer um, að viðskiptabækur fáist hjá sjerhverjum lögskráningarstjóra og ákveður verð þeirra. Í viðskiptabókinni skulu prentaðar vera hinar 6 fyrstu greinar úr þessum vistráðabálki, eyðublað undir samning þann, er um getur í 1. grein, hin helztu ákvæði úr skipsaga-bálki og úr reglugjörð fyrir danska verzlunarræðismenn, þau er til farmanna taka.

4. gr. Það er skylda skipstjóra að láta semja skipshafnarskrána þannig, að í henni sjeu þær hinar sömu skýrslur, sem 1. grein ákveður, og láta skipverja rita nöfn sín undir hana. Nú ber skipshafnarskrá og viðskiptabók eigi saman, þá er skipverjar skulu lögskráðir til skiprúms og gilda þá þau ákvæðin, er skipverja eru hagkvæmari.

5. gr. Í hvert sinn, er skipshöfn er lögskráð til skiprúms eða úr skiprúmi, skal lögskráningarstjóri gæta þess, að fylgt sje fyrirmælum þeim, sem nú hafa nefnd verið um viðskiptabækur og skipshafnarskrár.

Nú er ferð skipsins heitið til útlanda, og skal þá skipstjóri og skipshöfnin játa samninginn eins og hann er ritaður í viðskiptabók og á skipshafnarskrá fyrir skipskráningarstjóra, áður en hann lögskráir skipshöfnina til skiprúms. Nú lögskráir skipskráningarstjóri menn úr skiprúmi, og skal hann þá gjöra upp viðskiptareikninginn, ef skipstjóri óskar þess eða ef einhver af skipshöfninni fyrir sitt leyti. Skyldur er hann og til að fylla út viðskiptabækur og skipshafnarskrá fyrir skipstjóra hönd. Gjald fyrir þessi störf skal ákveðið í leiðarvísi þeim, er nefndur er í 7. grein, og inna það af hendi sá eða þeir, er þessa starfs beiðast. Nú verður skipstjóri og einhver af skipverjum eigi á eitt sáttir, er reikningar skulu uppgjörðir eða og skipskráningarstjóra þykir tilefni til að hafa á móti samningi þeim, er gjörður hefur verið og skal hann þá reyna að jafna ágreininginn með fortölum, en takist það ekki, skal hann leiðbeina þeim, er honum þykir áhallað um það, hvernig hann skuli að fara til að ná rjetti sínum.

Skyldur er skipskráningarstjóri til að rita ókeypis í viðskiptabækurnar og á skipshafnarskrána athugasemd um, að hann hafi gætt skyldu þeirrar, er á honum hvílir eptir þessari grein, og geta þess jafnframt, hvort hann í því efni hafi fundið nokkuð athugavert.

6. gr. Skipstjóri, er sekur reynist við ákvæði þessa lagabálks, skal útlægur

gjör 10 kr. eða meiru allt að 100 kr. og skal sú sekt falla til einhverrar stofnunar fyrir farmenn eða í siglinga þarfir eptir því, sem landshöfðingi mælir fyrir um það efni.

7. gr. Landshöfðingi semur leiðarvísi fyrir skráningarstjóra um framkvæmd starfa þeirra, er um ræðir í þessum lagabálki, og skal þar fyrirskipað um snið það, er skipshafnarskráin (4. gr.) á að hafa. Kostnaðinn við útvegun viðskiptabókanna og skipshafnaskránna, leggur landssjóður fram.

III.

Lögskráningar-bálkur.

1. gr. Sjerhver skipstjóri á hjerlendu skipi, er ræður nýja menn á skip sitt hjerlendis, hvort heldur einn eða fleiri eða alla skipshöfn, skal láta skráningarstjóra lögskrá menn sína til skiprúms. Nú byrjar hjerlent skip fyrstu ferð sína á almanaksárinu frá einhverri höfn innanlands, eða það er fermt hjer eða affermt og skal þá lögskrá skipshöfn til skiprúms, þó að engin breyting hafi á skipshöfn orðið meðan skipið dvaldi hjer.

Nú hefur skipstjóri á hjerlendu skipi ráðið nýja menn á skip, einn eða fleiri, meðan skipið var í förum erlendis, eða hann hefur misst nokkurn mann af skipshöfn sinni, er látizt hefur, leystur verið úr vist, strokið eða á annan hátt af skipi farið og skal hann þá láta skráningarstjóra lögskrá skipshöfn sína til skiprúms, þá er hann fær afgreiðslu frá hinni fyrstu höfn hjerlendis, þar sem hann hafði fermt skip eða affermt, eptir að hann kom hingað til lands.

2. gr. Nú leysir skipstjóri á hjerlendu skipi skipshöfn sína úr vist, eða nokkurn hluta hennar, þá er hann er hjer við land, og skal hann þá láta skráningarstjóra lögskrá þá úr skiprúmi, er frá honum fara.

3. gr. Í kaupstöðum eru bæjarfógetar skráningarstjórar, en annarstaðar sýslumenn.

4. gr. Nú skal lögskrá menn til skiprúms og skal það gjöra skráningarstjórinn í því lögsagnarumdæmi, þar sem skipið þá liggur. Nú er sýslumaður þar eigi búsettur nje þar í nánd og kemur þá í hans stað umboðsmaður hans, sá er amtmaður hefur skipað samkvæmt o. br. 28. des. 1836, 9. gr.

5. gr. Þá er menn eru lögskráðir til skiprúms, skal skipstjóri sýna skráningarstjóra viðskiptabækur skipverja og önnur skilríki.

6. gr. Þá er menn eru lögskráðir til skiprúms, skal skipstjóri jafnframt leggja fram 2 samhljóða skrár yfir skipshöfnina (skipshafnarskrár) samdar með fyrirskipuðu sniði. Öðru eintaki skrárinnar heldur skráningarstjóri, en á hitt ritar hann vottorð sitt og skilar skipstjóra því aptur. Nú hefur skipstjóri áður, á því almanaksári látið hjerlendan skráningarstjóra lögskrá skipshöfn sína til skiprúms, en þarf nú að láta lögskrá einn mann eða fleiri til skiprúms, en þó eigi skipshöfn alla og er þá rjett, að hann leggi fram skipshafnarskrá þá, er hann hefur þangað til notað, en þá skulu á hana skráðir þeir menn, er hann bætir nýjum við, eða og þeir eru ritaðir á aukaskrá og skal hennar þá getið á hinni eldri skrá. Hvenær sem maður er lögskráður úr skiprúmi skal sýna skráningarstjóra skipshafnarskrána.

Þá er skipstjóri beiðist þess, er skráningarstjóri skyldur að útvega skipshafnarskrár eða aukaskrár og rita allt á þær, það er með þarf, og eins að rita nýráðna menn á eldri skrána, allt gegn ákveðnu gjaldi.

7. gr. Nú hefur skipstjóri ráðið nýja menn á skip, og skulu þeir þá sjálfir ganga fyrir skráningarstjóra, þá er þeir eru lögskráðir til skiprúms. Endrarnær er venjulega ekki þörf á því, að skipshöfn sje látin ganga fyrir skráningarstjóra, þá er menn eru

til skiprúms skráðir; þó er skipstjóri skyldur að hlýða fyrmælum skráningarstjóra, ef hann eptir atvikum krefst þess, að einn eða fleiri af skipverjum eða þeir allir sjeu látnir ganga fyrir sig.

8. gr. Sjerhver skipstjóri á útlendu skipi, er ræður mann á skip eða sleppir manni úr skipsvist meðan skipið liggur í höfn hjer við land, skal að öllum jafnaði láta skráningarstjóra lögskrá menn sína til skiprúms eptir fyrirmælum 4. — 7. gr. hjer að framan. Nú eru skipverjar þeir, er hann rjeði eða ljet úr vist fara, menn útlendir og getur hann þá, ef hann kýs það heldur, látið verzlunar-ræðismann þjóðar sinnar, ef til er á þeim stað, rita breytingu þá, sem á er orðin, á skipshafnarskrána, og sýni síðan skráningarstjóra hana eða staðfest eptirrit af henni. Skráningarstjóri ritar síðan á skrána eða eptirritið og skilar henni síðan aptur til skipstjóra. Ei má valdsmaður afgreiða skipið fyr en þessu er fullnægt.

9. gr. Þá er skráningarstjóri skal lögskrá menn til skiprúms eða úr skiprúmi skal hann rannsaka, hvort skipshafnarskrárnar eru rjettar og hvort skipstjóri hafi í nokkru brotið fyrirmæli þessa lagabálks. Við lögskráningu til skiprúms skal hann jafnframt rannsaka, hvort nokkuð sje því til fyrirstöðu, að menn þeir, er á skránni standa, megi í förum vera með skipinu og reynist svo, skal hann neita að lögskrá þá til skiprúms.

Fyrir lögskráningarnar og rannsókn og áritun skiphafnarskránna greiðist engin borgun.

10. gr. Nánari fyrirmæli um það, hvernig skráningarstjórar skuli framkvæma störf þau, er lögbálkur þessi leggur þeim á herðar, skulu gefin í leiðarvísi, er landshöfðingi semur.

11. gr. Nú lætur skipstjóri fyrirfarast að láta skráningarstjóra lögskrá menn sína til skiprúms, þá er honum er skylt eptir lögum þessum að láta gjöra það, eða hann fær skráningarstjóra ranghermda skipshafnarskrá, eða gefur honum rangar skýrslur við samningu skránna, eða áritun á þær, eða hann tekur aðra menn á skip sitt en þá, er á skránum standa eða breytir þeim eptir að skráning er fram farin, og skal hann þá sæta sektum eða fangelsi.

12. gr. Mál, sem rísa af brotum gegn lögum þessum, skal með fara sem almenn lögreglumál. Sektir renni í landssjóð.

IV.

Skipsaga-bálkur.

1. kap. Um stjórn og aga á íslenzkum skipum.

1. gr. Skipverjar skulu sýna skipstjóra og öðrum yfirmönnum tilhlýðilega virðingu, hlýða með athygli á boð þeirra, og láta í ljósi með skýru svari, að þeir hafi skilið þau. Þeir skulu vinna að öllu því, sem þeim er boðið, í þarfir skips og farms, hvort heldur í landi eða á skipsfjöl, hvort heldur tjón hefur að höndum borið eður endrarnær og yfir höfuð skulu þeir tafarlaust hlýða hverju því, er skipstjóri býður þeim í þjónustu skipsins eður til viðhalds reglu á skipinu.

Sömu hlýðni eru þeir skyldir að sýna bæði þeim, sem að öllu leyti gengur í skipstjóra stað í fjærveru hans eður sjúkdómi, svo og hverjum þeim, sem á hendur er falið sjerstakt umboð eða forstaða sjerstakra verka, allt innan takmarka þess valds, sem slíkum manni kann að vera í hendur fengið.

Sömu skyldu hefur sjerhver óæðri yfirmaður gagnvart þeim, sem yfir hann eru boðnir og sjerstaklega gagnvart skipstjóra sjálfum.

2. gr. Hins vegar á skipstjóri og aðrir yfirmenn að fara sómasamlega með þá, sem þeir eru yfirboðnir og annast velmegnun þeirra eptir megni. Sjer í lagi má eigi beita við þá líkamlegum refsingum; (sbr. þó 3. gr.).

3. gr. Nú neitar einhver af skipverjum að hlýða því, sem fyrir hann er lagt, eður sýnir þrjósku eður mótþróa yfirboðurum sínum, og hefur þá skipstjóri, eður sá, er í forföllum hans eður fjærveru gengur í hans stað, rjett til að beita valdi og þvingun til að þröngva honum til hlýðni.

Ef í nauðir rekur og einkum ef skip er í háska statt, eður skipverjar gjöra samblástur eður sýna mótþróa með ofbeldi, þá er jafnvel leyfilegt að taka til sjerhverra þeirra úrræða, er nauðsyn kann til að bera, til að koma á reglu eður hlýðni og er sjerhver af skipverjum skyldur til, þegar þannig er ástatt, að veita lið þeim, sem stjórn hefur á hendi, jafnvel án þess á hann sje skorað.

Bíði þeir tjón við þetta, sem mótþróann sýndu, skulu þeir þó engan kost eiga á að koma ábyrgð fram fyrir það, nema það sannist, að vald eða þvingunarúrræði, er beitt hefur verið, hafi harðari verið eður frekari, en atvik gátu rjettlætt.

4. gr. Nú er maður lögskráður til skiprúms og neitar hann að ganga á skip, eður kemur eigi til skips í ákveðna tíð eður strýkur af skipi, eður gengur af skipi í leyfisleysi, og getur skipstjóri þá á sína ábyrgð látið þröngva honum með lögreglu valdi til að uppfylla skuldbindingu sína.

Nú gjörir einhver skipverja sig sekan í slíku framferði, þá er skipið liggur í höfn utan-ríkis og skal þá danskur verzlunar-ræðismaður, ef hann er þar nokkur til, skyldur að veita skipstjóra liðveizlu sína, til þess að fá tilstyrk yfirvaldsins þar, til að þröngva til hlýðni hinum brotlega manni.

2. kap. Um yfirsjónir farmanna.

5. gr. Fyrir yfirsjónir þær, er farmanni kunna á að verða, hefur skipstjóri vald til að veita þeim refsingar, er hjer skulu taldar, en gæti þess jafnframt, sem fyrir er mælt í 6. gr.

1. Fyrir ósæmilegt framferði gegn skipstjóra eður öðrum yfirmönnum, missir fjögra daga kaups; slíkt hið sama fyrir óhlýðni, nema þeim, sem brotlegur varð, hafi þegar í stað verið til hlýðni þröngvað samkvæmt fyrirmælum 3. greinar.
2. Nú kemur farmaður eigi til skips í ákveðna tíð, þá er hann hefur fengið landgönguleyfi, en kemur þó samdægurs, verði útlægur tveggja daga kaupi, en fjórðungi mánaðarkaups, ef síðar kemur. Nú gengur farmaður í land í óleyfi,, en kemur þó samdægurs aptur, varðar það fjögra daga kaupi, en hálfs mánaðar ef síðar kemur.
3. Nú er maður í land sendur með bát og yfirgefur hann í óleyfi, varðar fjögra daga kaupi.
4. Ef farmaður flytur fatnað sinn allan eður nokkuð til muna af honum af skipi í óleyfi, varðar fjórðungi mánaðarkaups.
5. Nú er maður við stýri settur eður á vörð til útsjónar, og gengur hann frá í óleyfi eður hann finnst þar sofandi eður ölvaður, fyrirgjörir hálfsmánaðar kaupi.
6. Vanræki maður varðstöðu sína, eður annað verk, sem honum er á herðar lagt eður hann finnst sofandi við hana eða ölvaður, varðar fjögra daga kaupmissi.
7. Flytji maður í óleyfi brennivín á skip eður annan áfengan drykk, missir fjórðung mánaðarkaups, *og fyrirgjörir ölföngunum.*
8. Hálfs mánaðar kaupmissi varðar, að fara ógætilega með eld eður ljós.
9. Að hafa brennisteinsspýtur undir þilfari, eður ljós kveykt eða lampa í hásetabyrgi eptir þann tíma, er skipstjóri hefur tiltekið, varðar tveggja daga kaupmissi.

10. Fjögra daga kaupmissi varðar það, að vekja illindi eður annan ófrið á skipi úti eður við vinnu í skipsins þjónustu.
11. Eins dags kaupmissi varðar að leyfa ókunnum mönnum að koma á skip í leyfisleysi; en þriggja daga kaupmissi að leyna ókunnum manni á skipi úti.

Verði stýrimanni einhver af þessum yfirsjónum á, má þyngja sektirnar allt að helmingi, en allt að ferföldu, ef brot er ítrekað. Þyngja má og sektirnar á öðrum skipverjum allt að helmingi, ef brot er ítrekað.

Eigi mega sektir farmanns, sem teknar eru af kaupi hans og dregnar frá því, þá er reikningur er upp gjörður, nema samtals meiru en hálfu því kaupi, er hann hefur fyrir unnið á ferðinni.

Nú hefur kaupsamningur hljóðað um ákveðna upphæð fyrir alla ferðina, eður um hlut af aflanum eður kaup hefur verið ákveðið eptir aflahæð (afla- verðlaun) og skulu þá sektir miðaðar við mánaðarkaup það, er tíðkanlegt var, þar sem farmaður rjeðist á skip um það leyti, er hann rjeðist.

Nú er brot farmanns þess eðlis, að hann ætti opinberri málsókn fyrir að sæta að almennum lögum, og fellur hún eigi niður að heldur, þótt skipstjóri hafi beitt hegningarvaldi sínu.

6. gr. Nú vill skipstjóri beita hegningarvaldi sínu samkvæmt 5. gr., og á hann þá í viðurvist skipshafnar, eður sje hún fjölmenn, þá í viðurvist að minnsta kosti tveggja hinna helztu manna á skipinu að leiða stillilega þeim, sem brotið hefur, ávirðing hans honum fyrir sjónir og refsing þá, er hann ætlar að láta hann sæta og því næst veita áheyrn, því er hinn kann fram að bera til varnar sjer eður málsbóta. Þetta skal þó venjulega ekki gjört fyr en 12 stundum eptir að yfirsjónin var drýgð. Nú þykir skipstjóra vörn hans ónóg, eður hann hefur ekkert fyrir sig að bera, og á hann þá þegar, meðan vottarnir og hinn seki maður eru enn viðstaddir, að lesa upp skýrt þessa 6. gr. þessa lagabálks og skrifa í leiðarbókina (ef nokkur er á skipinu, en ella í aðra bók, er rjettur dómari hefur til þess löggilt) skýrslu um yfirsjónina og hegningu þá, er hann leggur á hinn seka mann, og skal þess jafnframt getið, hvort hann hafi kannazt við yfirsjónina og hvað hann hafi framfært til varnar sjer. Skýrslu þessa skal hann þvínæst skýrt upplesa og bæði skipstjóri og sá, er dæmdur var, rita nöfn sín undir, og síðan vottarnir, sem staðfesta það með undirskript sinni, að þeir hafi viðstaddir verið alla þessa gjörð og að allt það sje rjett bókað, er fram fór. Nú vill sá, er fyrir sektum varð, eigi undirskrifa, og skulu þá vottarnir taka það skýlaust fram, að hann hafi undan því færzt, þótt á hann hafi verið skorað.

Nú þykir skipstjóra, fyrir sjerstakar orsakir eigi ráðlegt að láta frest þann líða, er áður var tiltekinn, og skal þá frá þeim orsökum skýrt í bókinni.

7. gr. Nú vill skipstjóri eigi neyta hegningarvalds þess, er lög þessi veita honum eður og hann hefur þegar beitt þeirri hegning allri, er 5. gr. heimilar honum frekast, og er honum þá heimilt, þá hann er heim kominn úr ferð sinni að draga þann, er misgjörði, fyrir lög og dóm fyrir athæfi hans, og sætir hann þá sektum allt að 100 krónum ef sekur reynist, enda sje athæfi hans eigi þess eðlis, að þyngri hegning liggi við að almennum lögum.

8. gr. Nú vill farmaður bera sig upp undan hegning þeirri, er skipstjóri hefur á hann lagt, og skal hann þá kæra mál sitt fyrir rjetti, áður en 3 sólir eru af lopti frá því, er hann kom með skipinu á einhverja þá höfn hjerlenda, þar sem afferma skal, og má skipstjóri eigi neita honum um landgöngu-leyfi svo sem þörf er á í þessu skyni. Nú reynist svo fyrir rjetti, að eigi hefur gætt verið fyrirmæla 6. gr. eður að refsing sú, er

skipstjóri hefur álagt, fer fram yfir takmörk þau, er 5. gr. heimilar fyrir brotið, og skal þá úr gildi fella úrskurð skipstjóra, hvort sem kærandi hefur bent á þessa ágalla eður ekki; en heimilt er þá skipstjóra að koma ábyrgð fram á hendur kæranda fyrir brot hans, svo sem fyrir er mælt í 7. gr., en reynist svo að fullnægt hafi verið ákvæðum 6. gr. og að eigi hafi beitt verið meiri refsing, en heimilað er í 5. gr., þá skal skipstjóri sýkn og úrskurður hans standa, nema kærandi sanni eður færi líkindi til þess, að eigi hafi næg ástæða verið til hegningu að beita, því að þá skal úrskurðinn úr gildi fella.

Nú fer sá, er sektaður hefur verið af skipi áður en skipið hefur affermt hjer á landi og skal þá hinn danski verzlunar-ræðismaður, ef nokkur slíkur er til á þeirri höfn skera úr því til bráðabirgða, hvort fylgt hafi verið fyrirmælum 6. gr., og hvort refsing sú, er skipstjóri hefur ákveðið, fari út yfir takmörk þau, er valdi hans eru sett í 5. gr. Nú þykir ræðismanni refsingin rjett á lögð af skipstjóra og skal þá farið eptir úrskurði skipstjóra, þá er reikningar eru uppgjörðir; svo skal og með fara ef enginn verzlunar-ræðismaður er til á þeim stað, þar sem maðurinn fer af skipi; en rjett á þó farmaður á, engu að síður, að lögsækja skipstjóra við dómstóla hjer á landi, til ónýtingar úrskurði hans og endurgreiðslu því, er inni var haldið af kaupinu. *Sje það í danskri höfn, að farmaður fer af skipi, skal skipskráningarstjóri sama hlutverk hafa í þessu efni sem verzlunar-ræðismaður við utanríkishöfn.* — Nú fellir verzlunar-ræðismaður *eða skipskráningarstjóri* úrskurð skipstjóra fyrst um sinn úr gildi og skal þá reikninginn uppgjöra eptir því, en rjett á þá skipstjóri á, þá er hann kemur hingað heim til lands, að skjóta því undir úrskurð rjetts dómstóls, hver fullnaðarúrslit þess máls skulu vera, og skal þá með það mál fara eins og segir í upphafi þessarar greinar.

9. gr. Með mál þau, er um ræðir í 7. og 8. gr., skal fara eptir þeim ákvæðum, er gilda um einka-lögreglumál, nema mál sje svo vaxið, að opinberri málssókn eigi að sæta eptir almennum lögum; því þá skal eptir þeim reglum farið, sem um þau mál gilda.

10. gr. Allar sektir eptir 5. gr., svo og eptir 12. gr. og 41. gr. hjer á eptir, skulu, eptir ákvæðum landshöfðingja, falla til einhverrar stofnunar, sem gjörð er til hagsmuna farmönnum eður í þarfir siglinga. Þá er reikningar eru uppgjörðir, skal skipskráningarstjóri (utanríkis-ræðismaður) halda eptir sektum eptir 5. gr. af kaupi farmanns, en þó skal fyrst fullnægt kröfum skipstjóra, þeim er af ferðinni eru tilkomnar. Fjeð skulu þeir því næst senda til sjóðs þess, er það á í að renna.

11. gr. Nú verður sú raun á, að skipstjóri, eður sá, er í hans mál gekk, hefur misbeitt valdi því, er honum er heimilað í 3. og 5. gr., t. d. með því, að beita óþarfa hörku, ákveða hegning án þess að gæta fyrirmæla 6. gr., eður án þess að hafa kynnt sjer yfirsjónina nægilega, eður jafnvel að hann hefur vísvitandi einhverjum rangt til gjört og skal honum þá refsað með sektum eður fangelsi, nema þyngri hegning liggi við eptir öðrum lögum.

3. kap. Um glæpi farmanna.

12. gr. Fyrir að strjúka af skipi, skal farmanni venjulega refsað með einföldu fangelsi eigi skemur en 14 daga og eigi lengur en 3 mánuði. Nú snýr strokumaður aptur til skips ótilknúður áður en skipið leggur út þaðan, er hann strauk, og má þá færa hegninguna niður í sektir eigi lægri en 20 kr. og eigi hærri en 100 kr.

13. gr. Nú strjúka fleiri menn saman af skipi eða eptir undirlögðu samráði og skal þá eptir atvikum beita einföldu fangelsi í lengri tíma en í 12. gr. segir, eða þá fangelsi við vatn og brauð. Nú leiðir sýnilega hættu eða tjón fyrir skipið af strokinu, hvort heldur það eru heilar eða hálfar skipshafnir, sem strjúka, eða einstakur maður að

eins, og getur þá hegningin orðið allt að þyngsta vatns og brauðs fangelsi, eða eins árs betrunarhús-vinnu.

14. gr. Nú er maður eigi til skips kominn, er það leggur af stað, eða hann er frá skipi meira en tvo sólarhringa í óleyfi, eða fram yfir þann tíma, er honum var leyft, skoðist hann þá sem strokumaður og sæti hegning eptir því, nema hann sýni fram á þau atvik, er gjöri það sennilegt, að hann hafi ekki ætlað að svíkjast úr þjónustu sinni.

15. gr. Nú strýkur maður með kaup sitt, það er hann hefur eigi fyrir unnið, og skal honum hegnt sem fyrir svik, hvort sem hann var áður í vist kominn á skip eða ekki, nema málavextir gjöri það sennilegt, að hann hafi ekki ætlað að draga undir sig kaup það, er honum var fyrirfram greitt, en hann hafði enn eigi fyrir unnið

16. gr. Auk þess, sem strokumanni er hegnt svo sem áður segir, fyrirgjörir hann og kaupi því, er hann kann inni að eiga og fjármunum sínum öllum, þeim er hann skilur eptir á skipi og eignast það útgjörðamenn skipsins. Nægi þetta ekki til að bæta þeim tjón það, er þeir hafa af strokinu beðið, er strokumaður ennfremur skyldur að bæta þeim að fullu það, er ávantar.

Nú er skip í höfn utanríkis og þykir skipstjóra grunsamt um, að einn eða fleiri af skipshöfninni muni gjöra tilraun til að strjúka, og er honum þá heimilt að taka fatnað skipverja í sínar vörzlur sjerstaklega til þess að afstýra strokinu.

17. gr. Farmenn þeir, er af skipi strjúka með kaup það, er þeir eigi hafa fyrir unnið, skulu sakamáls-höfðun sæta. Ella láta valdsmenn eigi strokumál til sín taka í embættisnafni, nema skipstjóri eða útgjörðamaður beiðist þess; en þá skal með þau mál farið svo sem lögreglumál í embættisnafni rekin, þó svo, að ef til þess kemur að dæma strokumann í fangelsi við vatn og brauð eða í betrunarhús-vinnu, skal hann að spurður, hvort hann óski sjer sakverjanda skipaðan, og skal það gjört, ef hann æskir þess.

18. gr. Nú gjörir skipshöfn eða nokkur hluti hennar uppreisn til þess að ná stjórn skipsins á vald sitt, eða til að þröngva skipstjóra til að breyta stefnu skips eða að öðru leyti gjöra nokkuð eða ógjört láta, og skal þá forgöngumönnunum refsað, ef ofbeldi hefur beitt verið við menn eða fjármuni með hegningar-vinnu allt að 6 árum, nema þyngri hegning liggi við eptir málavöxtum, og hinum öðrum hluttakendum uppreisnarinnar með fangelsi, ekki vægara en 3 mánaða einföldu fangelsi eða með betrunarhúsvinnu allt að 2 árum. Sama varðar, ef skipshöfnin eða nokkrir menn af henni í sameiningu setja sig með valdi á móti framkvæmd einhverra fyrirmæla skipstjóra eða þess, sem í hans stað hefur stjórn á hendi. Nú hafa hvorki menn nje fjármunir verið ofbeldi beittir og varðar þá brot forgöngumanna fangelsi ekki vægara en 3 mánaða einföldu fangelsi eða betrunarhús-vinnu allt að 2 árum; öðrum hluttakendum brotsins skal með fangelsi hegnt. Nú hafa hluttakendur uppreisnar, annaðhvort af sjálfsdáðum eða eptir áskorun skipstjóra eða staðgöngumanns hans, horfið frá samblástrinum, án þess, að óskundi hafi gjörður verið mönnum eða fjármunum, og skal þá forgöngumönnum einum refsað með fangelsi eða betrunarhús-vinnu allt að því árlangt.

19. gr. Nú ræðst einhver af skipshöfninni á skipstjóra, á skipi úti eða í landi, með ofbeldi eða ofbeldishótun, þá skal hann fangelsi sæta eða sektum, nema þyngri hegning liggi við glæpnum eptir málavöxtum.

Sje slík árás gjör á skipstjóra eða staðgöngumann hans, þegar þeir eru að gegna köllun sinni eða í því tilefni, eða sje hún gjör til að þröngva þeim að gjöra eða ógjört láta eitthvað það, er að köllun þeirra lýtur, þá skal hinum seku refsað með hegningar-vinnu allt að 6 árum eða fangelsi, ef málsbætur eru, þó eigi vægara en 3 mánaða

einföldu fangelsi, nema afbrot sje svo vaxið, að þyngri hegning liggi við því eptir öðrum lögum.

Nú gjörir annars einhver af skipshöfninni skipstjóra eða staðgöngumanni hans tálmanir í að gegna köllun sinni, og varðar það fangelsi eða sektum.

20. gr. Fyrir aðra glæpi, en þá er nú voru taldir skal, þá er þeir eru á skipi drýgðir, refsing yfir höfuð að tala álögð eptir almennum lögum.

21. gr. Nú drýgir einhver skipverja glæp á skipi og skipið er ekki í höfn á Íslandi, og skal skipstjóri þá, svo fljótt sem auðið er, halda bráðabirgða-rannsókn yfir hinum seka og yfir þeim af skipverjum eða farþegjum, er borið geta um verkið. Ef afbrotið er framið í höfn, en ekki á Íslandi, skal þetta þó því að eins gjört, að því sje jafnframt samfara brot á skyldum hans í þjónustu skipsins. Rannsóknina skal rita í bók þá, er ræðir um í 6. gr. eptir reglum þeim, er þar segir.

Skipstjóri skal þvínæst, eptir því, sem kostur er á, annast um það, að afbrotamaðurinn verði kyrr á skipinu, og getur hann byrgt hann inni eptir málavöxtum eða beitt öðrum ráðum til þess að halda honum á skipinu, en hann hefur ábyrgð á því, að eigi verði verr með hann farið, en nauðsyn krefur.

Þegar skipið, eptir að glæpurinn hefur drýgður verið, kemur til danskrar hafnar eða í utanríkis höfn, þar sem skipaður er danskur verzlunar-ræðismaður, skal skipstjóri þegar eptir komu sína skýra lögreglustjóra eða ræðismanni frá glæpaverkinu, og fá þeim staðfest eptirrit af bráðabirgða-rannsókninni. Lögreglustjóri eða ræðismaður rannsakar þá málið og sker úr því, hvort afbrotamaður skuli laus látinn eða sendur heim, og ef það verður ofan á, skal hann sjá svo um, að hann verði sendur svo fljótt, sem verða má annað hvort með sama skipi eða á annan hátt eptir málavöxtum.

Þegar öðruvísi stendur á en nú var sagt, að hægt hefur verið að fá glæpamann í hendur hlutaðeiganda yfirvaldi í útlendri höfn, skal skipstjóri þegar eptir heimkomu sína skýra valdsmanni frá afbroti því, er framið hefur verið og láta fylgja staðfest eptirrit af bráðabirgða-rannsókninni.

Fyrir brot á fyrirmælum þessarar greinar skal skipstjóri sæta sektum, allt að 100 kr., nema athæfi hans sje svo vaxið, að þyngri hegning liggi við eptir öðrum ákvæðum.

4. kapituli. Um kaup skipverja, rjett til að ganga úr skiprúmi, heimsending, sjúkdómskostnað og ýmislegt fleira.

22. gr. Nú er maður ráðinn á skip fyrir tiltekna ferð, þá er hann skyldur til að halda áfram að vera með því skipi, enda þótt það breyti ferð sinni eða lengi hana. En þegar liðin eru tvö ár að minnsta kosti, frá því er skiprúms-samningar voru gjörðir, og skipið er enn ókomið aptur til þess staðar, er menn voru á það ráðnir, eða þar sem samningar heimila þeim að ganga frá því, þá skal þeim heimilt vera, að fyrirláta skipið í hverri höfn eða tryggu skipalægi, þar sem skipað er upp úr því, nema það eigi að fara þaðan beina leið heim til áður greindra staða. Sama rjett hafa og skipverjar, sem ekki hafa ráðnir verið til ákveðinnar ferðar, til þess að yfirgefa skipið, þegar tvö ár eru liðin.

Hins vegar getur skipstjóri ekki, nema svo sje tilskilið í skiprúms-samningnum, sagt neinum skipverja upp vist mót vilja hans fyrir þá eina sök, að tvö ár sjeu liðin frá því, er samningur var gjörður, nema hann kosti heimför hans og borgi honum kaup, þar til er hann er heim kominn.

Eigi heimilar það neinum að fara úr skiprúmi, að skipið skiptir um skipstjóra.

23. gr. Nú sannar einhver skipverja það, að hann geti sjálfur fengið skip að ráða fyrir, og má hann þá þegar ganga úr skiprúmi, en setja skal hann annan í sinn

stað, er vaxinn sje stöðu þeirri, sem hann hafði, eða borga aptur kaup það, er hann hefur unnið fyrir, þó ekki meira en 6 mánaða kaup.

Stýrimaður, sem ráðizt hefur sem háseti á skip, getur gengið úr skiprúmi þegar í stað, ef hann sannar, að hann geti ráðinn orðið sem fyrsti stýrimaður á öðru skipi, en setja skal hann annan í sinn stað, er vaxinn sje stöðu hans.

24. gr. Sá, sem verður að vera með skipi á ferð, sem eigi var ákveðin fyrr en eptir að hann var ráðinn á það, hefur rjett á, þegar hann er búinn að vera ár í vist á skipinu, og þaðan af hvert missiri, að fá allt að því tvo þriðjunga af kaupi því, er álitið verður, að hann hafi unnið fyrir, enda þótt vist hans sje enn þá eigi á enda; og skal hálft kaupið borgað honum í peningum og hinn helmingurinn annað hvort í peningum eða með ávísun á útgjörðarmenn, og ræður skipstjóri, hvorn kostinn hann kýs.

25. gr. Þegar samið hefur verið um ákveðna upphæð í kaup fyrir tiltekna ferð og henni verður breytt svo, að hún stendur lengur en gjört var ráð fyrir í skiprúmssamningnum, þá á skipverji sá, nema öðru vísi standi með berum orðum í samningnum, heimting á, að fá jafnframt hinu tilskilda kaupi, uppbót fyrir ferðarlenginguna, er talin sje eptir því mánaðarkaupi, sem algengt var á þeim stað og tíma, er skiprúmssamningur var gjörður.

26. gr. Sömu uppbót á og skipshöfn heimting á, þegar um tiltekna upphæð er samið í kaup, fyrir þann tíma, er skipinu dvelst ferð, og hættir þó eigi við, fyrir sakir kyrsetningar, herkvíunar eða halds á skipi, eða fyrir þá sök, að skipið hefur orðið að hleypa í höfn til aðgjörðar eða uppskipunar, nema ferðin standi eigi fyrir það lengur en gjört var ráð fyrir, þá er gjörðir voru skiprúms-samningar. Hið sama er um, þegar svo stendur á, að borga skal skipstjóra dvalauka-bót; telst þá uppbótin fyrir þann tíma, er skipstjóri fær dvalauka-bót fyrir.

27. gr. Nú er skipverja sagt úr vist á þeim stað, er ferðin skyldi frá hafin, fyrir því að hætt er við hana eða önnur ákvörðun tekin, þá á hann að fá kaup fyrir þann tíma, er hann hefur unnið fyrir kaupi, og eins mánaðar- kaup að auki, og skal um hvorttveggja farið eptir því kaupi, er um var samið eða venjulegu mánaðarkaupi á þeim stað, er samningur var gjörður á. En ef hætt er við ferðina af því að skipið er fyrir slys orðið ósjófært eða fyrir stríð, herkvíun eða hald, þá fær skipshöfnin ekki nema um samið kaup eða venjulegt mánaðar-kaup fyrir þann tíma, er hún hefur unnið fyrir kaupi.

Það, sem borgað kann að hafa verið skipverjum, áður en hætt var við ferð, fram yfir það, sem nú var talið, er ekki apturkræft.

28. gr. Nú hefur samið verið um ákveðna upphæð í kaup fyrir tiltekna ferð, og verður ferðin skemmri en í skiprúmssamningnum til tekið, þá verður eigi kaup niður sett af þeirri ástæðu.

29. gr. Nú hefur breytt verið ferðalagi og lýkur skipið fyrir það ekki ferð sinni á þeim stað, er til var ætlazt, og á þá skipshöfnin heimting á að fá ókeypis heimferð á kostnað útgjörðarmanns, fæði eða hæfilega fæðispeninga þar í talið. Sá, sem ráðinn er með mánaðarkaupi, fær það jafnframt, þangað til heim er kominn; en þeir, sem ráðnir eru fyrir ákveðna upphæð í kaup fyrir alla ferðina, fá kaup eptir því, sem segir í 25., 26. og 28. gr., þannig að vist er að álíta lokið, er heim er komið.

30. gr. Nú hlekkist skipi á eða það verður hernumið og upptækt gjört, og á skipshöfnin þá heimting á kaupi til þess dags, er því hlekktist á eða varð gjört upptækt þ. e. umsömdu mánaðarkaupi, eða, hafi samið verið um til tekna upphæð fyrir alla ferðina, þá svo miklu, sem þeir hefðu átt kost á, ef um venjulegt mánaðarkaup hefði verið samið, þó ekki meiru en því, er um samið var fyrir ferðina, nema það leiði af því, sem segir í 25. og 26. gr.

Svo á skipshöfnin og heimting á að fá ókeypis far heim, þar með talið fæði eða fæðispeningar, á kostnað útgjörðarmanna, og hæfilega þóknun fyrir það, er hún hefur unnið að björgun.

Þegar skip hefur verið hernumið, hefur skipstjóri þó rjett á, að senda skipshöfnina heim, án þess að bíða þess, hvað af skipinu verði gjört, en hún á þá heimting á kaupi, þangað til heim er komið, nema skipið hafi áður verið gjört upptækt.

31. gr. Nú hefur skipi hlekkzt á og það hættir við ferð sína, án þess að ná heimleiðis, fyrir því, að það hefur laskazt svo mjög, að annaðhvort verður eigi við það gjört eða að kostnaður við aðgjörðina mundi nema meiru en skipið yrði vert á eptir, þá á skipshöfnin að eins heimting á að fá ókeypis heimferð, og kaup eins og hefði skipið strandað þann dag, þá er skipshöfninni er sagt upp vist, fyrir því að skipið sje ófært til áframhalds.

32. gr. Nú sýkist eða slasast einhver skipverja, og er sjálfum eigi um að kenna, og er hann eigi ferðafær, og fær hann þá umsamið kaup eða venjulegt mánaðarkaup fyrir þá daga, er hann hefur unnið fyrir kaupi. Ef hann sýkist eða slasast við vinnu sína í þarfir skipsins, á hann ennfremur að fá lækning og hjúkrun á spítala á kostnað útgjörðarmanna, þó ekki lengur en um 4 vikur. Það, sem honum hefur þegar greitt verið upp í kaup, er þá eigi apturkræft.

Nú sýkist maður eða slasast á leiðinni, og er honum eigi um að kenna, og skal honum þá hjúkrað á skipi, eða hann sendur í land til lækningar og hjúkrunar, ef það er gjörandi og á því þörf. Nú er hann eigi orðinn svo ferðafær, er skipið fer þaðan, sem hann var fluttur í land, að hann verði hafður með, og skal skipstjóri þá annast um, að haldið verði áfram að veita honum aðhjúkrun í landi, og að hann verði, þegar þar að kemur, sendur heim, hvorttveggja á kostnað útgjörðarmanna. Hinn sjúki maður skal halda kaupi sínu meðan hann er við skipið. En verði að skilja hann eptir í landi, fær hann umsamið eða venjulegt mánaðarkaup, eptir því, hvort hann er ráðinn með mánaðarkaupi eða fyrir tiltekna upphæð, til þess dags, er skipið fer frá þeim stað, þar sem hann verður eptir, en þó ekki meira en um var samið fyrir ferðina, nema það sje heimilað í 25. og 26. gr.

33. gr. Nú deyr einhver skipverja á ferðinni, og annast þá skipstjóri útför hans. Kaup hans til dauðadags, sem fer eptir því, er umsamið var eða venjulegu mánaðarkaupi, skal borga búi hans eða erfingjum að frádregnum nauðsynlegum útfararkostnaði.

34. gr. Nú sýkist maður og er sjálfur valdur að, og er skipstjóri engu að síður skyldur til að útvega honum lækning og hjúkrun, hvort heldur er á skipi eða á ókunnum stað, og borga út fje fyrirfram til þess á ókunnum stað, eins og þörf er á; en kostnað af þessu, svo og af því, að orðið hefur að fá annan í hans stað, má borga af kaupi hans, meðan það hrekkur.

35. gr. Nú er maður sjúkur, er skipið kemur heim og er eigi sjálfur valdur að, og á hann þá að fá lækning og aðhjúkrun á spítala í allt að 4 vikur á kostnað útgjörðarmanna.

36. gr. Nú reynist einhver úr skipshöfninni ónýtur til þess starfa, er hann hefur ráðizt til, og getur skipstjóri, ef það sannast með áliti tveggja hinna helztu af skipverjum að svo sje, minnkað kaup hans allt að helmingi, en þess skal jafnframt gætt, að ástæður fyrir áliti þeirra og úrskurður skipstjóra verði með nákvæmni ritaður í bók þá, er 6. gr. ræðir um, og það síðan upplesið fyrir hlutaðeiganda í áheyrn vottanna, og riti þeir því næst allir undir það nöfn sín. Nú vill sá eigi undirskrifa, er úrskurðurinn er um, og eiga þá vottarnir að geta þess í bókinni, að honum hafi verið veittur kostur á því.

Um það, hvernig hlutaðeigandi geti borið sig upp undan þessum úrskurði, og um afleiðingar af þeirri kæru fer eptir því, sem segir í 8. gr., þannig að það, sem þar segir um afleiðingar af því, að brotið hefur verið gegn fyrirmælum 6. gr., á líka við þegar fyrirmælum þessarar 36. greinar hefur eigi fylgt verið tilhlýðilega.

37. gr. Því, sem sparast af kaupi við það, að skipverjum fækkar á leiðinni, skal skipt milli hinna annara í skipshöfninni (að skipstjóra undanskildum), að tiltölu við kaup hvers. Þó á þetta sjer eigi stað, þegar strok veldur fækkun.

38. gr. Þegar skip liggur við land, og skipverjum er fengið starf á sunnudögum og öðrum helgidögum, um fram venjulega vinnu að því að halda skipinu hreinu, þurka segl, gegna nauðsynlegum bátstörfum, tilbúa mat og hagræða eptir þörfum skipinu, svo að óhult sje, þá skal borga þeim það með ½ dags kaupi fyrir hverja tveggja stunda vinnu.

39. gr. Þá er í undanförnum greinum ræðir um heimför skipverja eða heimsending, þá á skipstjóri kost á að velja, hvort heldur hann vill þann stað, þar sem skiprúms-samningar fóru fram, eða annan stað, þar sem hann eptir samningnum átti kost á að láta þann, er heim skal fara eða sendast, fara úr skiprúmi.

5. kapituli. Almenn ákvæði.

40. gr. Landshöfðingi semur reglugjörð um viðurværi skipshafnar.

Landshöfðingi segir og fyrir um, hver læknislyf skuli vera á skipi og hve mikið af þeim.

41. gr. Lög þessi prentuð og reglugjörðin um viðurværi skipshafnar skulu vera á hverju íslenzku skipi til leiðbeiningar og eptirbreytni fyrir alla þá, er hlut eiga að máli.

Ef skipstjóri sýnir af sjer skeytingarleysi í þessum greinum, sætir hann sektum, 10 til 100 kr.

Nd. **238. Breytingartillaga**

við frv. til laga um stofnun ullarverksmiðju.—Frá Jóni Jónssyni, 1. þm. N.-Múlas.

Á eptir 1. gr. komi ný grein, sem verði 2. gr., og orðist þannig:

1. „Sá, sem lánið er veitt, skal vera búsettur á Íslandi“.
2. Greinatala frumvarpsins breytist samkvæmt þessu.

Nd. **239. Frumvarp**

til laga um breyting á lögum um sveitarstyrk og fúlgu. — Flutningsmaður: Árni Jónsson.

1. gr. Nú vill maður flytja af landi burt, en hefur vandamenn, sem eigi eru sjálfbjarga og honum ber fram að færa að lögum, og skal hann því, áður en hann byrjar ferð sína, ef sveitarstjórnin í framfærsluhreppi þeirra heimtar, skyldur að setja viðunanlega trygging fyrir því, að vandamenn hans, er eptir verða, verði eigi sveitarfjelaginu til þyngsla, að minnsta kosti um næstu 3 ár, nema veikindi eða önnur ófyrirsjáanleg óhöpp valdi, enda banni sýslumaður eða bæjarfógeti utanförina, nema þessum skilyrðum sje fullnægt.

2. gr. Með lögum þessum er 7. gr. laga um sveitarstyrk og fúlgu úr gildi numin.

Ed. **240. Breytingartillögur**

við frumvarp til laga um að fá útmældar lóðir í kaupstöðum og á löggiltum kauptúnum o. fl. (221). Frá landshöfðingja.

1. Við 1. gr Í stað orðanna: «og skal hann» til enda greinarinnar komi: «skal hann, ef það er í löggiltu kauptúni, brjeflega beiðast útmælingar hjá lögreglustjóra, sem kveður með sjer 2 kunnuga og óvilhalla menn og tiltekur með þeim lóð þá, sem þörf er á til verzlunarinnar, en sje það í kaupstað, framkvæmir byggingarnefndin útmælinguna».
2. Við. 2. grein.
   a. Fyrri kafli orðist þannig:
   Bæði þeir sem eiga lóðina í löggiltu kauptúni eða stórar óbyggðar lóðir í kaupstöðum, og aðrir, er lögmæt rjettindi hafa eignazt yfir landinu eða lóðunum, eru skyldir að láta af hendi gegn hæfilegu endurgjaldi, er lögreglustjóri með hinum tilkvöddu mönnum eða í kaupstöðum byggingarnefndin ákveður, ef málsaðilar koma sjer eigi saman um endurgjaldið, svo mikla óbyggða lóð, sem útmælendum þykir þörf á til hinnar fyrirhuguðu verzlunar, enda sje lóðin eigi nauðsynleg við rekstur verzlunar eða annarar atvinnu, sem þar er fyrir.
   b. Síðari kafli greinarinnar falli burt.
3. Við 4. gr.:
   a. Fyrir orðin í 2. kafla «að hver eigi forgangsrjett» komi: «að hver fastakaupmaður í kauptúninu eða kaupstaðnum eigi forgangsrjett».
   b. Aptan við 3. kafla bætist:
   Skip það, er þannig notar heimildarlaust festar annars manns, og farmur þess er að veði fyrir sektum og skaðabótum».
4. Aptan við frv. bætist ný grein er verði 6. grein, svo látandi:
   Lög þessi ná ekki til Reykjavíkur kaupstaðar.

Nd. **241. Frumvarp**

til laga um borgun á láni til brúargjörðar á Skjálfandafljóti. — Flutningsmenn: Jón Jónsson, þm. N.-Þ., og Arni Jónsson.

1. gr. Það, sem eptir er óborgað 1. jan. 1890, af láni því, er veitt var úr landssjóði til brúargjörðar á Skjálfandafljóti, samkvæmt lögum nr. 6., 27. febr. 1880, endurborgist frá þeim tíma þannig, að einn níundi hluti greiðist úr sýslusjóði Suður-Þingeyjarsýslu, einn níundi hluti úr sýsluvegasjóði Suður- og Norður-Þingeyjarsýslu, eptir hlutfalli rjettu, og einn níundi hluti úr jafnaðarsjóði Norður- og Austuramtsins. — Að öðru leyti skal lánið gefið upp.

2. gr. Sá hluti lánsins, er endurborgast skal, samkvæmt 1. gr., borgist landssjóði með 6% í 28 ár.

3. gr. Landsstjórnin hefur umsjón yfir brúnni.

4. gr. Hjer með eru úr gildi numin lög 27. febr. 1880 um brúargjörð á Skjálfandafljóti.

Nd. **242. Nefndarálit**

um frv. til laga um tekjur og umsjón kirkna.

Eptir að hin heiðraða Nd. hafði falið oss, að láta í ljósi álit vort um tekjur presta, fól hún oss einnig að segja álit vort um frv. til laga um tekjur og umsjón kirkna.

Nefndin gat eigi að öllu leyti orðið sammála. Flestum nefndarmönnunum finnst gjaldstofn sá, er frv. heldur fram, hafa alla hina sömu ókosti að því er snertir tekjur kirkna, sem tekjur presta, og telja þeir víst, þó engar skýrslur liggi fyrir því máli til sönnunar, því þær er ekki unnt að fá, nema með löngum undirbúningstíma, að tekjurnar muni alls eigi koma jafnara niður á kirkjur og gjaldendur. Að vísu játa þeir, að gjöldin til kirkna hafa sína galla, sjerstaklega að því er snertir fasteignartíundina, þar sem fjöldi jarða er tíundarfrjáls, og um þetta tíundarfrelsi er fylgt, að kalla má, sinni reglunni, eða óreglunni, í hverjum landsfjórðungi. En allt um það virðist þeim alls eigi gjörlegt að afnema forn gjöld, sem almenningur er orðinn vanur við, og hefur ekki borið sig upp undan, og setja í staðinn gjald, sem ekki er byggt á neinni vissu um, að meiri jöfnuður fáist á tekjur kirkna eptir en áður, eða ekki íþyngi gjaldendum um of. Þar að auki þykir þeim óviðkunnanlegt að afnema öll hin fornu kirknagjöld að undanskildu legkaupinu, einmitt því gjaldinu, sem öllum finnst óeðlilegt og ógeðfellt. Þeir geta heldur eigi viðurkennt, að hjá almenningi sje nein sjerleg óánægja ríkjandi út af ójöfnuði kirkjugjaldanna, eða að kirkjurnar hafi nokkra þörf á tekjuauka, sje vel farið með fje þeirra, og telja þeir það ráðið muni verða vinsælla og kirkjunum eins affarasælt, að betra skipulagi sje komið á meðferð kirknafjárins, svo að þær fái að njóta þess sjálfar, sem þær eiga, en að breyta fornum gjöldum, ef til vill móti vilja almennings og án þess að nýjar álögur í þeirra stað verði byggðar á fullöruggum rökum. Þar á móti álítur einn nefndarmaður í þessu máli mjög svo öðru máli að skipta, þar sem breytingin á tekjunum mundi verða miklu minni en í frv. til laga um tekjur presta, og telur hann gjaldstofninn eiga hjer við, svo framarlega, sem hann eigi nokkurstaðar við og þótt hann ætti hvergi við annarstaðar. Telur hann það til, að önnur aðalgrein hinna núverandi kirkjutekna, kirkjutíundin, sje með enn meiri undanþágum en preststíundin; ljóstollarnir komi svo mjög misjafnt niður á gjaldendum, þar sem sá, sem hefur að eins fá hundruð til ábúðar, og 2 eða 3 menn í heimili, gjaldi jafnt og sá, sem hefur fjölda manna í heimili og stóra jörð til ábúðar; en er til þeirra komi, sem eigi hafi jörð til ábúðar, sjeu ákvæðin í mörgum tilfellum svo óljós, að fyllsta þörf væri á, að setja um það ný lagaákvæði; en hjá þeim, sem eigi eru bændur, eru ljóstollarnir einmitt byggðir á manntali, þess vegna á sama gjaldstofni og frv. heldur fram.

Ræður því nefndin, með flestum atkvæðum hinni heiðruðu deild frá að samþykkja hinar 5 fyrstu greinir frv. og 13. gr. Um 12. gr. varð það samkomulag í nefndinni, að fella hana eigi burtu nú þegar, jafnvel þó flestum nefndarmönnum væri óljóst, hvort sú breyting, sem þar er farið fram á, yrði til bóta, eða að vinsælla yrði, að laun prófasta greiðist af landssjóði, heldur en af

kirknafje, eins og nú er. Telja þeir og víst, að komist ákvæði frv. um meðferð kirknafjárins á, þá muni kirkjurnar vel geta borið þetta gjald, sem að jafnaði mun ekki nema meiru en 5—6 kr. á ári.

Þótt nefndin væri öll á því, að rjett væri að fella úr gildi hin núgildandi ákvæði um legkaup, sá hún sjer eigi fært að leggja það til, þar sem það mundi rýra um of tekjur kirkna, ef öðrum gjöldum væri eigi breytt um leið.

Hinar aðrar gr. frv. 6.—11. gr., áleit nefndin öll mjög mikla rjettarbót, og ræður hún deildinni í einu hljóði til að samþykkja þær, með þeim breytingum og viðaukum, er hjer fara á eptir.

Tillögur nefndarinnar verða því á þessa leið:

1. 1.—5. gr. falli burt.
2. 6. og 7. gr. verði 1. og 2. gr. Aptan við 7. gr. bætist: Eindagi á kirkjugjöldum er 31. des.
3. 8. gr. verði 3. gr. Eptir orðin: „skulu kirkjureikningar“ bætist inn í: „með fullnægjandi fylgiskjölum“.
4. 9. gr. verði 4. gr. og orðist þannig: „Stofna skal almennan kirkjusjóð fyrir allar kirkjur í landinu, og skal hver kirkja hafa sína viðskiptabók við sjóðinn. Stiptsyfirvöld Íslands hafa umsjón yfir kirkjusjóði þessum og ábyrgð á honum. Fje kirkjusjóðs skal ávaxta eptir sömu reglum og landssjóðsfje. Forgangsrjett til lána úr sjóði þessum eiga kirkjur.

   Auglýsa skal reikninga sjóðs þessa í Stjórnartíð., deildinni B. ár hvert.
5. 10. gr. verði 5. gr. Orðin „eða sjerstökum“ falli burt.
6. Aptan við gr. bætist svolátandi málsgrein: „Af sjóðum þeim, sem kirkjur eiga, þá er lög þessi öðlast gildi, skal sá, er sjóðinn hefur undir höndum, greiða í hinn almenna kirkjusjóð $^1/_{15}$ á ári, unz sjóðurinn er allur greiddur af hendi, enda þurfi hans eigi kirkjunni til aðgjörðar eða endurbyggingar á því tímabili.
7. 11. gr. verði 6. gr. Orðin „er afgangs er álagi — afhendinguna“ falli burt.
8. Orðin: „og þótt enginn“ til enda gr. falli burt.
9. 12. gr. verði 7. gr.
10. 13. gr. falli burt.
11. Fyrirsögn frv. orðist þannig: „Frv. til laga um innheimtu og meðferð á kirknafje“.

Alþingi, 27. júlí 1889.

Þórarinn Böðvarsson, form. og framsögum. Gunnar Halldórsson. Páll Ólafsson, skrifari. Árni Jónsson.

Þorl. Guðmundsson.

Nd. **243. Frumvarp**

til laga um samþykktir um silungsveiði í ám og vötnum. — Flutningsmenn: **Páll Briem**, Árni Jónsson og Jón Jónsson, þm. N.-Þ.

Þegar meiri hluti eigenda að silungsveiði í ám og vötnum vill fá reglur settar um friðun á silungi í þeim, er heimilt þeim, er friðunina vilja fram hafa, að leggja málið fyrir hlutaðeigandi sýslunefnd. Skal sýslunefnd þá kynna sjer, hvernig veiði þessari er háttað, og telji hún einskis rjetti hallað, skal hún semja reglur um veiðitíma, veiðarfæri og um friðun silungsins, og eru allir hlutaðeigendur skyldir því að hlýta. Þessar reglugjörðir sýslunefndar skal amtmaður staðfesta, og gilda að öðru leyti um þær ákvæði þau, sem sett eru um reglugjörðir sýslunefnda í lögum 19. febr. 1886 um friðun á laxi.

Nd. **244. Breytingartillögur**

við frumvarp til laga um eyðing refa. — Frá nefndinni.

Við 2. gr. Síðari hluti greinarinnar: „svo og . . . . staðfestingar“ falli burt.
— 3. gr. Fyrri hluti greinarinnar: „Í reglugjörðum . . . fram, að“ falli burt.
— — — Fyrir: „skuli“ komi: „skal“.
— — — A eptir orðunum, „til eyðingar refum“, komi: „er hún álítur óhagfellt, að hreppsnefnd framkvæmi“
4. gr. orðist svo:
„þeim einum, er sýslunefnd gefur heimild til, skal afhent eitur það til eitrunar fyrir refi, sem nefnt er í 3. gr., enda sjái nefndin um, að af eitri þessu sje jafnan nægilega mikið hjá hjeraðslækni eða lyfsala.“
— 5. gr. Fyrir „100 til 200“ komi „5 til 100“
— 7. — Fyrir „20 til 200“ komi „5 til 100“

Aptan við 9. gr. bætist ný málsgrein: “Amtsráðin staðfesta reglugjörðirnar.“

Nd. **245. Frumvarp**

til stjórnarskipunarlaga um hin sjerstaklegu málefni Íslands. — Eptir 2. umr. í Nd.

I.

1. gr. Í öllum þeim málefnum, sem varða Ísland sjerstaklega, hefur landið lög-

gjöf sína, dómsvald og stjórn út af fyrir sig, á þann hátt, að löggjafarvaldið er hjá konungi og alþingi í sameiningu, framkvæmdarvaldið hjá konungi og dómsvaldið hjá dómendum.

2. gr. Hin sjerstaklegu málefni landsins eru þessi:

1. Hin borgaralegu lög, hegningarlögin og dómgæzlan, er hjer að lýtur.
2. Lögreglumálefni.
3. Kirkju- og kennslumálefni.
4. Lækna- og heilbrigðismálefni.
5. Sveita- og fátækramálefni.
6. Vegir og póstgöngur landsins.
7. Landbúnaður, fiskiveiðar, verzlun, siglingar og aðrir atvinnuvegir.
8. Skattamál, bein og óbein.
9. Þjóðeignir, alþjóðlegar stofnanir og sjóðir.

Meðan Ísland hefur ekki fulltrúa á ríkisþinginu, en það er komið bæði undir hinu sjerstaka löggjafarvaldi landsins, konungi og alþingi, og löggjafarvaldi ríkisins, leggur landið ekkert til almennra ríkisþarfa. En á hinn bóginn tekur það heldur engan þátt á meðan í löggjafarvaldinu um almenn ríkismál.

3. gr. *Konungur hefur hið æðsta vald í öllum hinum sjerstöku málefnum landsins með þeim takmörkunum, sem settar eru í stjórnarskrá þessari. Konungur tekur sjer ráðgjafa fyrir Ísland og víkur honum úr völdum. Undirskript konungs undir ályktanir þær, er snerta löggjöf og stjórn, veitir þeim gildi með þeim takmörkunum, sem settar eru í stjórnarskrá þessari, þá er ráðgjafi hans fyrir Ísland skrifar undir með honum. Ráðgjafi þessi ber ábyrgð á ályktunum þeim, er hann ritar undir með konungi. Alþingi kemur fyrir sitt leyti ábyrgð fram á hendur honum eptir þeim reglum, er nákvæmara verður skipað fyrir um með lögum.*

4. gr. Konungur skal vinna eið að stjórnarskrá Íslands. Af eiðstaf konungs skal gjöra 2 samhljóða frumrit, og skal senda alþingi annað þeirra til geymslu, en hitt skal geyma í leyndarskjalasafninu.

5. gr. Konungur er ábyrgðarlaus; hann er heilagur og friðhelgur.

6. gr. *Konungur skipar landstjóra, sem hefur aðsetur sitt í landinu, og víkur honum frá völdum. Konungur lætur landstjóra í nafni sínu og umboði framkvæma hið æðsta vald í hinum sjerstöku málefnum landsins, nema öðruvísi sje fyrir mælt í stjórnarskrá þessari (sbr. 3., 6., 7., 17. og 71. gr.). Landstjóri skal vinna eið að stjórnarskránni. Laun hans skal ákveða með lögum.*

7. gr. *Landstjóri tekur sjer ráðgjafa og víkur þeim úr völdum. Hvar sem ráðgjafar eru nefndir í stjórnarskrá þessari, er átt við ráðgjafa landstjórans, nema berlega sje nefndur „ráðgjafinn fyrir Ísland“. Ráðgjafarnir hafa á hendi stjórnarstörfin innanlands og bera ábyrgð á þeim. Ábyrgð þessa skal ákveða með lögum.*

Undirskript landstjóra undir ályktanir þær, er snerta löggjöf og stjórn,

veitir þeim gildi með þeim takmörkunum, sem settar eru í stjórnarskrá þessari, þá er einhver ráðgjafanna eða fleiri þeirra skrifa undir með honum. Ráðgjafi, sem undir ályktun ritar með landstjóra, ber ábyrgð á henni.

Nú hefur landstjóri staðfest lög, sem konungi þykja viðsjárverð sakir sambands Íslands við Danmörku, og getur hann þá ónýtt staðfesting landstjórans á þeim lögum, ef hann gjörir það innan árs, frá því er lögin hafa birt verið á lögboðinn hátt á Íslandi. Ónýting þessi fellir þá lögin úr gildi frá þeim tíma, er hún verður heyrum kunn á hverjum stað fyrir sig, þó hvergi síðar en 8 vikum eptir að hún hefur birt verið á þann hátt, sem lögboðið er um lagabirtingar. — Staðfestingar konungs þarf til breytingar á stjórnarskránni eða viðauka við hana, svo sem síðar er fyrir mælt í 71. gr.

8. gr. Ráðgjafar skulu eigi vera fleiri en þrír, og skal einn vera æðstur þeirra. Landstjóri og ráðgjafar eru landsráð, og landstjóri forseti þess. Í landsráðinu skal ræða lagafrumvörp öll og mikilsverð stjórnarmálefni. Deyi landstjóri eða hindrist á annan hátt, stendur hinn æðsti ráðgjafi fyrir stjórn, þangað til konungur nefnir annan landstjóra, eða landstjóri tekur aptur við stjórninni.

9. gr. Landstjóri eða neðri deild alþingis getur kært ráðgjafana fyrir embættisrekstur þeirra. Í þeim málum dæmir landsdómur.

10. gr. Landstjóri veitir öll þess konar embætti, sem konungur hefur veitt hingað til. Breyting má á þessu gjöra með lögum. Engan má skipa embættismann í landinu, nema hann hafi hin almennu rjettindi innborinna manna, og þar á ofan hafi fært sönnur á, að hann hafi fullnægt hinum gildandi ákvæðum um kunnáttu í máli landsins. Hver embættismaður skal vinna eið að stjórnarskránni. — Landstjóri getur vikið embættismönnum frá, og fer þá um eptirlaun þeirra, svo sem lög mæla fyrir. Landstjóri getur flutt embættismenn úr einu embætti í annað, þó svo, að þeir missi einskis í af embættistekjum, og að þeim sje gefinn kostur á að kjósa, hvort þeir vilji heldur embættaskiptin, eða þá lausn frá embætti með eptirlaunum þeim, sem almennar reglur ákveða. Með lögum má undan skilja ýmsa embættismannaflokka, auk embættismanna þeirra, sem nefndir eru í 53. grein.

11. gr. Landstjóri stefnir saman reglulegu alþingi annaðhvort ár. Án samþykkis landstjóra má þingið eigi setu eiga lengur en 10 vikur. Breyta má þessum ákvæðum með lögum.

12. gr. Landstjóri getur frestað fundum hins reglulega alþingis um tiltekinn tíma, en þó ekki lengur en 4 vikur, nema alþingi samþykki það, og ekki nema einu sinni á ári.

13. gr. *Landstjóri getur rofið neðri deild alþingis, og skal þá stofna til nýrra kosninga, áður 2 mánuðir sjeu liðnir, frá því deildin var rofin, og skal þá stefna alþingi saman næsta ár á eptir, að deildin var rofin. Þó má landstjóri eigi rjúfa neðri deild reglulegs alþingis án sampykkis deildarinnar, eptir að hann hefur stefnt reglulegu alþingi saman, eða það er saman komið samkvæmt 24. gr., fyrri en það hefur saman verið 10 vikur.*

14. gr. Landstjóri getur stefnt alþingi saman til aukafunda, og ræður hann, hversu langa setu það þá skuli eiga.

15. gr. Landstjórnin getur lagt fyrir alþingi frumvörp til laga og ályktana.

16. gr. *Landstjóri annast um, að lögin verði birt og að þeim verði fullnægt. Sje lagafrumvarp, sem alþingi hefur samþykkt, eigi staðfest á undan næsta reglulegu alþingi, er það fallið niður.*

17. gr. Þegar brýna nauðsyn ber til, getur konungur eða landstjóri gefið út bráðabirgðalög milli alþinga; þó mega slík lög eigi koma í bága við stjórnarskrána, enda falla þau úr gildi, nema næsta alþingi á eptir samþykki þau. *Eigi má gefa út bráðabirgða-fjárlög fyrir það fjárhagstímabil, er fjárlög eru samþykkt fyrir af alþingi.*

18. gr. Landstjóri veitir leyfi þau og undanþágur frá lögum, sem tíðkazt hafa, eptir reglum þeim, sem farið hefur verið eptir hingað til.

19. gr. *Landstjóri* náðar menn og veitir almenna uppgjöf á sökum. Ráðgjöfunum getur hann eigi gefið upp sakir fyrir brot á stjórnarskránni nje fyrir önnur brot, sem landsdómur hefur dæmt þá fyrir, nema því að eins, að neðri deild alþingis samþykki.

II.

20. gr. *Á alþingi eiga sæti 36 menn; í fyrsta skipti, sem alþingi kemur saman samkvæmt stjórnarskrá þessari, taka sæti 32 þjóðkjörnir alþingismenn og 4 alþingismenn, er landstjóri kveður til þingsetu.*

Alþingi skiptist í tvær deildir, efri þingdeild og neðri þingdeild. Í efri deildinni sitja 12 þingmenn, en 24 í neðri deildinni. Tölu alþingismanna og tölu þingmanna í deildunum má breyta með lögum. Alþingismenn þeir, er landstjóri kveður til þingsetu, eiga allir sæti í efri deildinni, en hina þingmennina í efri deildina kjósa hinir þjóðkjörnu þingmenn úr sínum flokki með óbundnum kosningum.

21. gr. *Alþingismenn í efri deildinni eiga sæti í deildinni, þangað til þeir eru sjötugir að aldri. Verði nokkurt sæti laust í efri deildinni, kýs neðri deild með óbundnum kosningum mann úr sínum flokki í hið lausa sæti.*

Kosning alþingismanna í neðri deild gildir venjulega fyrir 6 ára tímabil. Slytta má tímabil þetta með lögum. Deyi nokkur alþingismaður í neðri deild eða fari frá, meðan á kjörtíma neðri deildar stendur, skal kjósa mann til þingsetu fyrir það tímabil, sem eptir er af kjörtímanum.

22. gr. Kosningarrjett til alþingis hafa:

a. allir búandi menn, húsmenn, borgarar, þurrabúðarmenn og aðrir húsráðendur, sem greiða gjald til almennra þarfa;
b. embættismenn;
c. þeir, sem tekið hafa lærdómspróf við háskólann, prestaskólann eða læknaskólann í Reykjavík, eða eitthvert annað þess háttar opinbert próf, sem nú er, eða kann að verða sett, þó ekki sjeu þeir í embætti, ef þeir eru ekki öðrum háðir.

Þó getur enginn átt kosningarrjett, nema hann sje orðinn fullra 25 ára að aldri, þegar kosningin fer fram, hafi óflekkað mannorð, hafi verið heimilisfastur í kjördæminu 1 ár, sje fjár síns ráðandi og honum sje ekki lagt af sveit, eða, hafi

hann þegið sveitarstyrk, að hann þá hafi endurgoldið hann, eða honum hafi verið gefinn hann upp.

23. gr. Kjörgengur til alþingis er hver sá, sem hefur kosningarrjett samkvæmt því, sem nú var sagt, ef hann:

1. ekki er þegn annars ríkis eða er í þjónustu þess;
2. hefur að minnsta kosti síðustu 5 ár verið í löndum þeim í norðurálfunni, sem liggja undir Danaveldi.

Engan má kjósa í autt sæti í efri deild, nema hann hafi setið á tveimur reglulegum alþingum.

Kjósa má þann mann, sem á heima utan kjördæmis, eða hefur verið innan kjördæmis skemur en eitt ár.

Með lögum má veita konum kosningarrjett og kjörgengi til alþingis.

Nákvæmari reglur um kosningarnar verða settar í kosningarlögum.

III.

24. gr. Alþingi skal koma saman fyrsta virkan dag í júlímánuði annaðhvort ár, hafi landstjóri ekki tiltekið annan samkomudag sama ár.

Með lögum má ákveða, að hið reglulega alþingi komi optar saman eður á öðrum tíma.

25. gr. Samkomustaður alþingis er í Reykjavík. Þó getur landstjóri eptir atvikum skipað fyrir um, að alþingi komi saman á öðrum stað í landinu.

26. gr. Alþingi er friðheilagt. Enginn má raska friði þess eða frelsi.

27. gr. Alþingi sker sjálft úr, hvort þingmenn þess sjeu löglega kosnir.

28. gr. Sjerhver nýr þingmaður skal vinna eið að stjórnarskránni, undireins og viðurkennt er, að kosning hans sje gild.

29. gr. Alþingismenn eru eingöngu bundnir við sannfæring sína og eigi við neinar reglur frá kjósendum sínum.

Embættismenn þeir, sem kosnir eru til alþingis, þurfa ekki leyfi stjórnarinnar til þess að þiggja kosninguna, en skyldir eru þeir til að annast um, að embættisstörfum þeirra verði gegnt án kostnaðar fyrir landssjóðinn.

30. gr. Hvor þingdeild á rjett á, að bera upp frumvörp til laga og ályktana og samþykkja þau fyrir sitt leyti; einnig má hvor þingdeildin fyrir sig senda konungi eða landstjóra ávörp.

31. gr. Hvor þingdeild getur sett nefndir af þingmönnum til þess, að rannsaka mikils-varðandi málefni. Þingdeildin getur veitt nefndum þessum rjett á, að heimta skýrslur, munnlegar og brjeflegar, bæði af embættismönnum og öðrum.

32. gr. Engan skatt má á leggja, nje breyta, nje af taka, nema með lögum; ekki má heldur án lagaákvæða taka lán, er skuldbindi landið, nje selja eða á annan hátt láta af hendi neina af fasteignum landsins, nje skerða þann hluta viðlagasjóðs, sem ákveðinn verður með lögum.

33. gr. Ekkert gjald má greiða af hendi, nema heimild sje til þess í fjárlögum eða fjáraukalögum.

34. gr. Jafnskjótt sem hið reglulega alþingi er komið saman, skal leggja fyrir það frumvarp til fjárlaga fyrir fjárhagstímabilið, sem í hönd fer. Með tekjunum skal telja bæði hið fasta tillag og aukatillagið úr hinum almenna ríkissjóði.

Gjöld, sem ákveðin eru með eldri lögum, tilskipunum, konungsúrskurðum eða öðrum gildum ákvæðum, skal, þangað til breyting verður á því gjörð með lögum, til færa í fjárlögunum, svo sem gjöld þessi hafa ákveðin verið.

Frumvarpið til fjárlaganna og eins frumvörp til fjáraukalaga skal jafnan fyrst leggja fyrir neðri deild alþingis.

35. gr. Hvor þingdeild kýs yfirskoðunarmann, og skulu þeim veitt laun fyrir starfa sinn. Yfirskoðunarmenn þessir eiga að gagnskoða reikninga hvers árs um tekjur og gjöld landsins, og gæta þess, að tekjur landsins sjeu þar allar taldar og að ekkert hafi verið goldið út án heimildar. Þeir geta krafizt, að fá allar skýrslur þær og skjöl, sem þeim þykir þurfa. Síðan skal semja reikning fyrir fjárhagstímabilið, og leggja hann fyrir alþingi, ásamt með athugasemdum yfirskoðunarmanna, til fullnaðarúrslita.

36. gr. Ekkert lagafrumvarp má samþykkja til fullnaðar, fyr en það hefur verið rætt þrisvar í hvorri þingdeild.

37. gr. Þegar lagafrumvarp er samþykkt í annari hvorri þingdeildinni, skal það lagt fyrir hina þingdeildina í því formi, sem það er samþykkt í. Verði þar breytingar á gjörðar, gengur það aptur til hinnar fyrri þingdeildar. Verði hjer aptur gjörðar breytingar, fer frumvarpið af nýju til hinnar deildarinnar. Gangi þá enn eigi saman, ganga báðar deildirnar saman í eina málstofu, og leiðir alþingi þá málið til lykta eptir eina umræðu. Þegar alþingi þannig myndar eina málstofu, þarf til þess að gjörð verði fullnaðarályktun á máli, að tveir þriðjungar þingmanna úr hvorri deild sjeu á fundi og eigi þátt í atkvæðagreiðslunni; ræður þá atkvæðafjöldi úrslitum um hin einstöku málsatriði, en til þess að lagafrumvarp, að undanskildum frumvörpum til fjárlaga og fjáraukalaga, verði samþykkt í heild sinni, þarf aptur á móti að minnsta kosti, að tveir þriðjungar atkvæða þeirra, sem greidd eru, sjeu með frumvarpinu.

38. gr. Meðan alþingi stendur, má ekki taka neinn alþingismann fastan fyrir skuldir án samþykkis þeirrar deildar, er hann situr í, nje heldar setja hann í varðhald eða höfða mál á móti honum, nema hann sje staðinn að glæp.

Enginn alþingismaður verður krafinn til ábyrgðar utan þings fyrir það, sem hann hefur talað á þinginu, nema þingdeildin, sem hann á sæti í, leyfi.

39. gr. Ef sú breyting, er sviptir mann kjörgengi, verður á högum þess manns, er löglega er kosinn, *hvort sem er til efri eða neðri deildar*, missir hann rjett þann, er kosningunni fylgir.

40. gr. Ráðgjöfunum skal heimilt vegna embættisstöðu sinnar að sitja á alþingi, og eiga þeir rjett á að taka þátt í umræðunum, eins opt og þeir vilja, en gæta verða þeir þingskapa.

Atkvæðisrjett hafa ráðgjafar því að eins, að þeir sjeu kosnir alþingismenn.

41. gr. Hvor þingdeild og eins hið sameinaða alþingi kýs sjálft forseta sinn og varaforseta.

42. gr. Hvorug þingdeildin má gjöra ályktun um neitt, nema að minnsta kosti tveir þriðjungar þingmanna sjeu á fundi og greiði þar atkvæði.

43. gr. Heimilt er þingmanni að bera upp í þeirri þingdeild, er hann á sæti

í, hvert það málefni, er almenning varðar, ef þingdeildin leyfir, og beiðast skýrslu um það.

44. gr. Hvorug þingdeildin má taka nokkurt málefni til meðferðar á þingi, nema einhver þingdeildarmanna taki það að sjer til flutnings.

45. gr. Þyki þingdeild ekki ástæða til að gjöra ályktun um eitthvert málefni, þá getur hún vísað því til landstjórnarinnar.

46. gr. Fundi beggja þingdeilda og hins sameinaða alþingis skal halda í heyranda hljóði. Þó getur forseti eða svo margir þingmenn, sem til er tekið í þingsköpunum, krafizt, að öllum utanþingsmönnum sje vísað burt, og skal þá þingið eða þingdeild sú, er hlut á að máli, skera úr, hvort ræða skuli málefnið í heyranda hljóði eða eigi.

47. gr. Þingsköp hins sameinaða alþingis og beggja þingdeilda skal setja með lögum.

IV.

48. gr. Landsdómur skal skipaður dómendum hins æðsta dómstóls innanlands og öllum þingmönnum efri deildar. Ryðja má sá, er kærður er, allt að 5 menn úr dómi, þó svo, að jafnan sitji dóminn eigi færri en 2 dómendur hins æðsta dómstóls. Jafnan skal tala dómenda á stöku standa, og skal því, ef til kemur, einn úr víkja eptir hlutkesti. Landsdómur velur forseta sinn. Endi kjörtími, meðan á máli stendur í landsdómi, halda þó efrideildarmenn sæti sínu í dóminum. Rjettarfarið við dóm þennan skal ákveða með lögum.

49. gr. Landsdómur einn dæmir í þeim málum, er landstjóri eða neðri deild alþingis býr til á hendur ráðgjöfunum.

50. gr. Skipun dómsvaldsins skal ákveða með lögum.

51. gr. Dómendur skera úr öllum ágreiningi um embættistakmörk yfirvaldanna. Þó getur sá, sem þar um leitar úrskurðar, ekki komið sjer hjá að hlýða yfirvaldsboði í bráð, með því að skjóta málinu til dóms.

52. gr. Dómsvaldið skal greina frá umboðsvaldinu með lögum.

53. gr. Dómendur skulu í embættisverkum sínum fara einungis eptir lögunum. Þeim dómendum, sem ekki hafa að auki umboðsstörf á hendi, verður ekki vikið úr embætti nema með dómi, og ekki verða þeir heldur fluttir í annað embætti á móti vilja þeirra, nema þegar verið er að koma nýrri skipun á dómstólana. Þó má veita þeim dómara, sem orðinn er fullra 65 ára gamall, lausn frá embætti, en eigi skal hann missa neins í af launum sínum.

V.

54. gr. Hin evangelisk-lúterska kirkja er þjóðkirkja landsins, og skal þjóðfjelagið því styðja hana og vernda.

Sambandinu milli þjóðkirkju og landstjórnar skal skipa með lögum.

55. gr. Landsmenn eiga rjett á að stofna fjelög til að þjóna guði með þeim hætti, sem bezt á við sannfæringu hvers eins. Þó má eigi kenna eða fremja neitt, sem er gagnstætt góðu siðferði og allsherjarreglu.

56. gr. Rjettindi trúarfjelaga þeirra, sem frábrugðin eru þjóðkirkjunni, skal ákveða með lagaboði.

57. gr. Enginn má missa neins í af þegnrjettindum sakir trúarbragða sinna, nje heldur þeirra vegna skorast undan almennum fjelagsskyldum.

VI.

58. gr. Hvern, sem tekinn er fastur, skal án undandráttar leiða fyrir dómara, og sje hann þá eigi þegar látinn laus, skal dómari, áður sólarhringur sje liðinn, leggja rökstuddan úrskurð á, hvort hann skuli í varðhald setja. Megi láta hann lausan móti veði, skal ákveða í úrskurðinum, hvert eða hversu mikið það skuli vera. Dómari og aðrir, sem viðriðnir eru, bera ábyrgð fyrir þeim, sem tekinn er fastur eða hindraður á annan hátt.

Úrskurði dómara má þegar skjóta til æðra dóms, og fer um birting og áfrýjun slíks úrskurðar sem um birting og áfrýjun dóms í sakamálum. Engan má setja í gæzluvarðhald fyrir sök, er að eins varðar fjársekt eða einföldu fangelsi.

59. gr. Heimilið er friðheilagt. Ekki má gjöra húsleit nje kyrrsetja brjef og önnur skjöl, nje rannsaka þau, án dómsúrskurðar, nema lög sjerstaklega leyfi.

60. gr. Eignarrjetturinn er friðhelgur. Engan má skylda til að láta af hendi eign sína, nema almenningsþörf krefji; þarf til þess lög og komi fullt verð fyrir.

61. gr. Öll bönd þau, sem hamla frelsi í atvinnuvegum og jafnrjetti manna til atvinnu, og eigi eru byggð á almenningsheillum, skal aftaka með lögum.

62. gr. Sá, sem ekki getur sjeð fyrir sjer og sínum, og sje hann ekki skyldu ómagi annars manns, skal eiga rjett á að fá styrk úr almennum sjóði, en þá skal hann háður vera takmörkunum þeim, er lögin áskilja.

63. gr. Hafi foreldri eigi efni á að fræða sjálf börn sín, eða sjeu börnin munaðarlaus og öreigar, er það skylda þjóðfjelagsins, að sjá þeim fyrir uppfræðingu og framfæri.

64. gr. Hver maður á rjett á, að láta í ljósi hugsanir sínar á prenti; en þó verður hann að ábyrgjast þær fyrir dómi. Ritskoðun og aðrar tálmanir fyrir prentfrelsi má aldrei lögleiða.

65. gr. Rjett eiga menn á að stofna fjelög í sjerhverjum löglegum tilgangi, án þess að leyfi þurfi að fá til þess. Ekkert fjelag má rjúfa með stjórnarráðstöfun. Þó má banna fjelag um stundarsakir, en þá verður þegar að búa mál til á hendur fjelaginu, til þess að það verði rofið.

66. gr. Rjett eiga menn á að safnast saman vopnlausir. Lögreglustjórninni er heimilt að vera við almennar samkomur. Banna má mannfundi undir berum himni, þegar uggvænt þykir, að af þeim leiði óspektir.

67. gr. Hver vopnfær maður er skyldur að taka sjálfur þátt í vörn landsins eptir því, sem nákvæmar verður ákveðið með lögum.

68. gr. Rjetti sveitarfjelaganna til að ráða málefnum sínum skal skipa með lögum.

69. gr. Skattgjaldamálum skal skipa með lögum.

70. gr. Öll sjerstakleg rjettindi, er lögin hafa bundið við nafnbætur og tign, skulu vera af tekin.

VII.

71. gr. Frumvörp, hvort heldur er til breytinga eða viðauka á stjórnarskrá þessari, má bera upp bæði á reglulegu alþingi og auka-alþingi. Nái frumvarpið um breyting á stjórnarskránni samþykki beggja þingdeildanna, skal rjúfa *neðri deild þá þegar* og stofna til almennra kosninga af nýju. Samþykki hið nýkosna alþingi frumvarpið óbreytt, og nái það staðfesting konungs, þá hefur það gildi sem stjórnarlög.

72. gr. Þá er stjórnarskipunarlög þessi eru staðfest, og landstjórn skipuð samkvæmt 6. og 7. gr. þeirra, er stjórnarskrá um hin sjerstaklegu málefni Íslands 5. dag janúarmánaðar 1874 numin úr gildi.

Ákvæði um stundarsakir.

Í íslenzkum málum, þeim er eigi skal dæma í landsdómi samkvæmt þessum stjórnarskipunarlögum, verður engin breyting gjörð á stöðu hæstarjettar í Danmörku sem æðsta dóms, án þess að hið almenna löggjafarvald ríkisins taki þátt í því.

Ed. **246. Frumvarp**

til laga um afnám amtmannaembættanna og landritaraembættisins sem og um stofnun fjórðungsráða. — Eptir 3. umr. í Nd.

1. gr. Amtmannaembættin og landritaraembættið skulu lögð niður. Undir landshöfðingja skulu skipaðir 2 skrifstofustjórar, hvor með 2400 kr. árslaunum, er vaxa um 200 kr. við hver 3 embættisár, þar til launin eru 3000 kr. Auka skal skrifstofufje landshöfðingja um 1000 kr.

Málum þeim, sem nú eru lögð undir amtmennina, og eigi við koma þeim sem forsetum amtsráðanna, skal skipt milli landshöfðingja og sýslumanna eptir reglum þeim, er ráðgjafinn fyrir Ísland ákveður.

Mál þau, sem nú liggja undir stiptsyfirvöldin, skulu lögð undir biskupinn einan, en skjóta má úrskurði biskups í þeim málum til landshöfðingja.

2. gr. Í stað amtsráðanna komi fjögur fjórðungsráð, sitt í hverjum fjórðungi. Í Sunnlendingafjórðungi skulu vera þessi sýslufjelög: Vestur-Skaptafellssýsla, Rangárvallasýsla, Vestmannaeyjasýsla, Árnessýsla, Gullbringu- og Kjósarsýsla og Borgarfjarðarsýsla. Í Vestfirðingafjórðungi: Mýrasýsla, Snæfellsnessýsla, Dalasýsla, Barðastrandarsýsla, Ísafjarðarsýsla og Strandasýsla. Í Norðlendingafjórðungi: Húnavatnssýsla, Skagafjarðarsýsla, Eyjafjarðarsýsla, Suður-Þingeyjarsýsla og Norður-Þingeyjarsýsla. Í Austfirðingafjórðungi: Norður-Múlasýsla, Suður-Múlasýsla og Austur-Skaptafellssýsla.

Fjórðungsráðin hafa allan hinn sama starfa á hendi, sem amtsráðin hafa haft.

3. gr. Í fjórðungsráði hverju skal vera einn fulltrúi úr hverju sýslufjelagi fjórðungsins; skal hann kosinn til 6 ára, á manntalsþingum sýslunnar, og atkvæði talin saman að afloknum þingum af sýslumanni og tveim mönnum, er sýslunefnd hefur til þess kvatt. Um kosningarrjett og kjörgengi til fjórðungsráðs gilda sömu ákvæði sem til sýslunefndar.

Þrem árum eptir að fjórðungsráð hefur verið sett í fyrsta skipti gengur úr því eptir hlutkesti helmingur hinna kosnu fjórðungsfulltrúa, eður, ef tala þeirra stendur á stöku, þá meiri hlutinn, og skal kjósa aðra í staðinn. Að þrem árum liðnum ganga úr hinir, sem eptir eru, og svo framvegis, annar hluti ráðsins þriðja hvert ár.

Landshöfðingi skipar, auk hinna kosnu fjórðungsfulltrúa, forseta í fjórðungsráð hvert; hefur hann atkvæðisrjett í ráðinu, og að öllu sama ætlunarverk, sem amtmenn hafa haft í amtsráðunum.

Eigi er fundur fjórðungsráðs lögmætur, nema meira en helmingur fjórðungsfulltrúa sje á fundi.

Forsetar og fulltrúar í fjórðungsráðunum hafa sömu fæðispeninga, sem amtsráðsmenn hafa haft. Fyrir ferðakostnað og störf milli funda fá þeir og endurgjald eptir reikningi, er fjórðungsráð samþykkir.

4. gr. Þar sem takmörk fjórðunganna verða önnur en takmörk amtanna hafa verið, skal skipta jafnaðarsjóðum og öðrum sameiginlegum sjóðum amtanna milli fjórðunganna, eptir tiltölu við það, er goldið hefur verið til þeirra næstu 5 ár, áður en skiptingin fer fram. Um tekjur og gjöld fjórðungssjóðanna, er koma í staðinn fyrir jafnaðarsjóði amtanna, gilda hinar sömu ákvarðanir, sem gilt hafa fyrir þá.

5. gr. Þær lagaákvarðanir, er koma í bága við lög þessi, skulu úr lögum numdar.

Nd. **247. Nefndarálit**

í málinu: frumvarp til laga um breytingar á 42. gr. tilskipunar um sveitarstjórn á Íslandi 4. maí 1872.

Vjer, sem hin háttvirta neðri deild kaus í nefnd til að segja álit vort um frumvarp til laga um breyting á 42. gr. tilskipunar um sveitarstjórn á Íslandi 4. maí 1872 höfum íhugað mál þetta, og er álit vort á þessa leið:

Frumvarp þetta miðar að vísu til þess, að auka vald sýslunefnda í hjeraðsstjórninni, sem mjög er af skornum skammti samkvæmt sveitarstjórnar-tilskipuninni, en þar sem það einungis bindur ákvæði sín við sýslunefndirnar, þá virðist oss það fara allt of skammt. En á hinn bóginn eru ákvæði sveitarstjórnar-tilskipunarinnar svo nátengd hvert öðru, að erfitt er að koma við breytingum á henni svo vel fari, nema henni væri breytt í heild sinni, og þótt það í raun og veru væri hið æskilegasta, þá þarf meiri tíma til þess, en nú er kostur á. Vjer höfum því talið rjettast, að fara að þessu sinni ekki út í breytingar á einstökum greinum sveitarstjórnar-tilskipunarinnar, heldur höfum vjer samið nýtt frumvarp til viðaukalaga við nefnda tilskipun, er hjer kemur á eptir.

Frumvarp þetta fer fram á, að veita hreppsnefndum og sýslunefndum heimild til að greiða úr sveitar- og sýslusjóði þau gjöld, er að einhverju leyti miða sveitar- og sýslufjelögunum til gagns. Heimildina til þessara útgjalda veita gjaldendur sjálfir að því leyti, sem þeir samþykkja áætlunina, sem gjöldin byggjast á. Áætlun þessi verður samkvæmt frumvarpi voru sem nokkurs konar fjárlög fyrir sveitar- og sýslufjelögin, sem sveitar- og sýslunefndir mega ekki víkja frá, nema með sjerstöku leyfi gjaldendanna. Með þessu er gjaldendum sjálfum veitt nokkur hlutdeild í hjeraðsstjórninni, sem að voru áliti hlýtur að vekja hjá þeim meiri áhuga á því, að hjeraðsstjórnin fari vel fram, en hingað til hefur átt sjer stað, og jafnframt gjöra sveitarstjórnina árvakra og ötula.

Í stað hins upphaflega frumvarps, sem flutningsmaður mun taka aptur, ráðum vjer hinni háttvirtu deild til að samþykkja eptirfylgjandi frumvarp.

Alþingi, 29. júlí 1889.

Þórarinn Böðvarsson, formaður. Sigurður Stefánsson, skrifari og framsögum. Páll Briem.

FRUMVARP

til viðaukalaga við tilskipun um sveitarstjórn á Íslandi 4. maí 1872.

1. gr. Heimilt er að greiða úr sveitarsjóði fje til að efla menntun og búnað til lands og sjávar, og sjerhvað annað, er sveitarfjelaginu horfir til framfara.

2. gr. Áætlun þá, sem hreppsnefnd skal gjöra á ári hverju um tekjur og gjöld hreppsins samkvæmt 1. gr. laga 9. jan. 1880 um breyting á tilskipun um sveitarstjórn á Íslandi 4. maí 1872, skal hún leggja fyrir hreppskilafund á vorin, og samþykki meiri hluti hreppsbúa, er á fundi mæta, og kosningarrjett hafa til hreppsnefndar, áætlun þessa, má hreppsnefndin greiða úr sveitarsjóði öll gjöld í sveitarþarfir samkvæmt henni. Nú þykir hreppsnefnd nauðsyn bera til að greiða gjöld úr sveitarsjóði umfram áætlun, og skal hún þá einnig leita samþykkis hreppsfundar til þeirrar umframgreiðslu.

3. gr. Heimilt er að greiða úr sýslusjóði fje til eflingar menntun, búnaði til lands og sjávar, samgöngum og öðru því, er sýslufjelaginu er til þarfa.

4. gr. Áætlun þá, sem sýslunefnd skal semja á ári hverju um tekjur og gjöld sýslunnar næsta ár á eptir, samkvæmt tilskipun um sveitarstjórn á Íslandi 4. maí 1872, 40. gr., skal hún senda innan tveggja mánaða til allra hreppsnefnda í sýslunni. Nú þykir hreppsnefnd einhver gjaldliður á áætlun of hár eður óþarfur, skal hún þá innan tveggja mánaða frá því áætlunin var henni send, senda oddvita sýslunefndarinnar yfirlýsingu um það; skal hann, ef meiri hluti allra hreppsnefnda í sýslunni hefur sent slíka yfirlýsing um sömu gjaldliði í áætluninni, bera málið undir sýslunefndarfund, og tekur sýslunefndin kvartanir hreppsnefndanna til greina, nema tveir þriðju hlutar sýslunefndarmanna þeirra, sem á fundi eru, samþykki gjaldliðinn óbreyttan að nýju. Samkvæmt áætlun þessari má greiða útgjöld úr sýslusjóði í þarfir sýslufjelagsins, en umframgreiðslur eru óheimilar, nema tveir þriðju hlutar sýslunefndarmanna, sem á fundi eru, samþykki þær.

Nd. **248. Breytingartillögur**

við frv. til laga um uppfræðing barna. — Frá nefndinni.

1. Við 1. gr. Í stað orðsins: „frádragning“ komi: frádráttur.
2. — 2. — Eptir orðin: „Kostnað þennan má taka lögtaki“ komi: samkvæmt lögum 16. des. 1885.
3. — 3. — Eptir orðin: „að vorinu“ í upphafi gr. komi: á þeim stað og tíma, sem prestur tiltekur.
4. — 4. — Greinin orðist þannig:
   Presturinn heldur prófið, og skal það haldið í heyranda hljóði. Við hvert próf skulu vera tveir prófdómendur, annar kos-

inn af sýslunefnd, eða bæjarstjórn, en hinn af hlutaðeigandi sóknarnefndum; kosningin gildir til eins árs.

Nú þarf prófdómandi sá, er sýslunefnd kýs, að takast ferð á hendur út fyrir þann hrepp, sem hann er búsettur í, og ber þá að greiða honum dagpeninga úr sýslusjóði, að minnsta kosti 2 kr. á dag fyrir hvern dag, sem hann er heiman í prófdómara-erindum.

Hverju barni skal gefa vitnisburð um kunnáttu þess í hverri námsgrein, og skulu vitnisburðirnir ritaðir í bók, er prófastur löggildir. Að loknu prófi ritar prestur og prófdómendur nöfn sín í prófbókina. Skýrslu um prófið skal prestur senda prófasti með öðrum ársskýrslum áleiðis til stiptsyfirvaldanna.

Nd. **249. Breytingartillaga**

við frv. til laga um stofnun ullarverksmiðju. — Frá Grími Thomsen, Þórarni Böðvarssyni og Þorl. Guðmundssyni.

1. Við 3. gr. fyrir „120,000 kr.“ komi: 200,000 kr.
2. — 4. — í stað orðanna: „full trygging er fengin fyrir, að fyrirtækið komist á fót“ komi: fyrirtækið er komið á fót.

Nd. **250. Breytingartillögur**

við frumvarp til laga um breyting á 4. gr. í lögum 18. sept. 1885 um stofnun landsbanka á Íslandi. — Frá Grími Thomsen, Þ. Bjarnarsyni og Gunnari Halldórssyni.

1. Við 1. gr. Í staðinn fyrir „allajafna“ komi: „jafnan“.
2. — 1. — Í stað síðustu málsgreinar „svo má — silfri“ komi: „og má í bankanum fá seðlum skipt gegn öðrum seðlum, gulli og silfri“.
3. Ný grein bætist við, sem verði 2. gr.

Lög þessi öðlast gildi 1. jan. 1891.

Nd. **251. Breytingartillögur**

við frv. til laga um hundaskatt o. fl. — Frá Þórarni Böðvarssyni, Þ. Bjarnarsyni, Grími Thomsen, Þorsteini Jónssyni, Gunnari Halldórssyni og Sigurði Stefánssyni.

1. Við 4. gr. fyrir „15 kr.“ komi: 10 kr.
2. — — — — „skatturinn rennur í sýslusjóð“, komi: skatturinn rennur í sveitum og verzlunarstöðum hálfur í sýslusjóð en hálfur í hreppssjóð, en í kaupstöðum í bæjarsjóð.

Nd. **252. Tillaga**

til þingsályktunar um ábyrgðargjald fyrir póstsendingar með tilgreindu verði.— Frá Grími Thomsen, Þórarni Böðvarssyni og Þ. Kjerúlf.

Neðri deild alþingis skorar á ráðgjafa Íslands, að hlutast til um með samningi við hina dönsku póststjórn, að ábyrgðargjald fyrir sendingar, sem verð er

tilgreint á, og látnar eru á pósthús á Íslandi til að flytjast til Danmerkur, verði hið sama, sem borgun sú, er greiða þarf fyrir sendingar á sömu upphæðum með póstávísunum.

Nd. **253. Breytingartillaga**

við frumvarp til laga um hundaskatt o fl. — Frá nefndinni.

Við 4. gr. Í stað orðanna: „Af hverjum hundi . . . . verzlunarstaða", komi: Af hverjum hundi skal skatt greiða, 2 kr. á ári, nema í kaupstöðum, verzlunarstöðum og þurrabúðum utan kaupstaða og verzlunarstaða 10 kr. af hundi hverjum. Þó þarf eigi á þessum stöðum að greiða nema 2 kr. af þeim hundum, sem hlutaðeigandi hreppsnefnd og bæjarstjórn telur nauðsynlega.

Nd. **254. Frumvarp**

til laga um samþykktir í landbúnaðarmálum. — Flutningsmaður: Páll Briem.

1. gr. Heimilt er að gjöra samþykktir, þar sem reglur eru settar um heyásetning, heyskoðun og eptirlit með heyásetningi og hirðing á öllum búpeningi manna, svo má og gjöra samþykktir um stofnun heyforðabúrs og kornforðabúrs á kostnað sýslusjóðs eða sveitarsjóðs, um notkun forðabúrsins, stjórn þess og allt fyrirkomulag, og um það, að skuldir við forðabúrið fyrir hey og korn megi taka lögtaki.

2. gr. Heimilt er að gjöra samþykktir um helgi lands fyrir ágangi af skepnum, ágangsbætur, innsetning á skepnum, hald á uslafjenaði og sölu hans.

3. gr. Samþykktir þessar skal gjöra á þann hátt, er segir í lögum 14. des. 1877, um ýmisleg atriði, er snerta fiskiveiðar á opnum skipum, og skulu að öðru leyti ákvæði tjeðra laga gilda um slíkar samþykktir.

Nd. **255. Frumvarp**

til laga um lausamenn. — Flutningsmenn: Páll Briem og Þorlákur Guðmundsson.

1. gr. Hverjum manni, sem er fjár síns ráðandi, er heimilt að leysa sig undan vistarskyldunnni, með því að fá lausamennskuleyfi hjá hreppsnefnd eða bæjarstjórn, þar sem lögheimili hans er, enda hefur hann rjett til að fá lausamennskuleyfið, ef hann sannar fyrir hreppsnefndinni eða bæjarstjórninni, að hann eigi víst heimili hjá einhverjum húsráðanda í hreppnum eða bænum, sem eigi er á sveit. Lausamennskuleyfið skal veitt brjeflega, og ritar oddviti undir og innsiglar það fyrir hönd hreppsnefndarinnar eða bæjarstjórnarinnar, og skal honum greitt fyrir brjefið eina krónu af karlmanni, en 50 aura af kvennmanni, í ómaks laun.

Lausamennskuleyfið gildir, meðan hlutaðeigandi hefur sama heimili, en breyti hann um heimili og vilji halda áfram lausamennskunni, verður hann að fá lausamennskuleyfi af nýju.

2. gr. Ef sá, sem hefur lausamennskuleyfi, greiðir eigi lögboðin gjöld,

svo sem honum ber, er húsráðandi sá, er veitir honum húsnæði, skyldur að inna þau af hendi fyrir hann.

3. gr. Hver, sem er heimildarlaust í lausamennsku, eða gjörir sig sekan í flakki, skal sæta sektum allt að 100 kr. Sömu sektum skal sá sæta, sem hylmir yfir með lausamanni, til þess hann komist hjá að greiða lögboðin gjöld.

4. gr. Þeir menn, sem fengið hafa leyfisbrjef til lausamennsku eptir tilsk. 26. maí 1863, halda þeim rjettindum, er leyfisbrjef þau veittu þeim.

5. gr. Hreppsnefndir og bæjarstjórnir skulu halda skrá yfir alla þá, er hafa lausamennskuleyfi í hreppnum eða bænum, og skal þess getið við hvern einn, hve nær leyfið er dagsett.

6. gr. Með brot gegn lögum þessum skal fara sem almenn lögreglumál.

7. gr. Tilskipun 26. maí 1663 er hjer með úr lögum numin, að því er snertir lausamenn.

Nd. **256. Nefndarálit**

í málinu: frv. til laga um meðgjöf með óskilgetnum börnum o. fl.

Nefnd sú, sem kosin var til að íhuga frumvarp það til laga um meðgjöf með óskilgetnum börnum o. fl., er sent hefur verið frá h. h. efri deild, leggur til, að frumvarpið sje samþykkt með þeim breytingum er nú segir:

1, Í stað 3. greinar komi ný grein svo látandi:

3. gr. Nú greiðir barnsfaðir eigi fúlguna góðfúslega, og móðirin fær vottorð um það frá sveitarstjórninni í dvalarsveit sinni, að hún sje eigi einfær um að annast framfærslu og uppeldi barns síns, og er henni þá heimilt, ef hún á sveitfesti hjer á landi, að krefjast þess sjálf eða fyrir milligöngu sveitarstjórnarinnar, að meðgjöf föðurins verði greidd af vistarsveit hans, en þó eigi nema síðasta ársmeðgjöf hvert sinn, og skal meðgjöfin eigi talin sveitarstyrkur veittur móðurinni, heldur föðurnum. Nú hefur vistarsveit föðurins greitt barnsfúlgu hans og gjört síðan árangurslaust tilraun til að ná fúlgunni hjá föðurnum á þann hátt, er lög leyfa, og á hún þá rjett til endurgjalds hjá framfærslusveit föðurins, enda sje hann sveitfastur hjer á landi. Framfærslusveit föðurins hefur á síðan allan hinn sama rjett, sem vistarsveit hans áður hafði, til að ganga eptir hjá föðurnum meðgjöf þeirri, er hún goldið hefur fyrir hann, eður og að heimta, að hann sje látinn afplána styrkinn. Ef barnsfaðir á eigi framfærslurjett hjer á landi, kemur í stað framfærslusveitarinnar vistarsveit sú, er faðirinn átti 40 vikum fyrir fæðingu barnsins.

2, við 4. gr. orðin »er hún hefur ráðstafað eptir sinn dag« falli burt.

Alþingi, 29. júlí 1889.

Þórarinn Böðvarsson, form. og framsögumaður. Grímur Thomsen, skrifari. Þorlákur Guðmundsson.

Ed. **257. Frumvarp**

til laga um löggilding verzlunarstaðar á Búðareyri við Reyðarfjörð og um afnám löggildingar Hrúteyrar við sama fjörð. — Flutningsmaður: Jón Ólafsson.

1. gr. Á Búðareyri við Reyðarfjörð skal vera löggiltur verzlunarstaður.

2. gr. Löggilding Hrúteyrar við Reyðarfjörð skal úr lögum numin.

3. gr. Verði engin föst verzlun reist á Búðareyri, innan tveggja ára frá því, er lög þessi öðlast gildi, fellur 1. gr. þeirra aptur úr gildi.

Nd. **258. Frumvarp**

til laga um uppfræðing barna. — Eptir 2. umr. í Nd.

1. gr. Öllum börnum skal kennt, auk kristindóms og bóklesturs: skript, rjettritun og í reikningi að minnsta kosti samlagning, frádráttur, margföldun og deiling í heilum tölum og tugabrotum.

2. gr. Prestar skulu sjá um, að kennsla fari fram í námsgreinum þeim, sem nefndar eru í 1. gr. Komist þeir að raun um, að börn á einhverju heimili njóti eigi fullnægjandi uppfræðingar samkvæmt lögum þessum, annaðhvort fyrir hirðuleysi eða mótþróa foreldra eða húsbænda, ber þeim í sameiningu við hreppsnefnd eða bæjarstjórn að gjöra ráðstöfun til, að börnunum sje veitt betri tilsögn eptirleiðis, svo lengi sem þurfa þykir. Kostnað þann, sem af þessu leiðir, eru foreldrar eða fósturforeldrar skyldir að greiða, en borga má hann fyrir fram úr sveitarsjóði, og getur hreppsnefnd heimtað hann endurgoldinn af þeim, er uppfóstursskyldan hvílir á. Kostnað þennan má taka lögtaki samkvæmt lögum 16. desbr. 1885. Fyrir börn, sem eru á sveit, skal borga kostnaðinn úr sveitarsjóði.

3. gr. Í hverju prestakalli skal árlega haldið próf að vorinu á þeim stað og tíma, sem prestur tiltekur, og skulu öll börn, sem eru á fermingaraldri, prófuð í námsgreinum þeim, sem nefndar eru í 1. gr. Fái eitthvert barn ekki aðaleinkunnina *vel* í prófi þessu, verður það ekki fermt það ár. Næsta ár gengur barnið aptur undir próf og nær enn ekki aðaleinkunninni *vel*, skal þá vankunnátta í skript, rjettritun og reikningi eigi standa barninu fyrir fermingu, ef það að öðru leyti fullnægir þeim ákvæðum, er gilda um barnafermingu.

4. gr. Presturinn heldur prófið, og skal það haldið í heyranda hljóði. Við hvert próf skulu vera tveir prófdómendur, annar kosinn af sýslunefnd eða bæjarstjórn, en hinn af hlutaðeigandi sóknarnefndum; kosningin gildir til eins árs.

Nú þarf prófdómandi sá, er sýslunefnd kýs, að takast ferð á hendur út fyrir þann hrepp, sem hann er búsettur í, og ber þá að greiða honum dagpeninga úr sýslusjóði, að minnsta kosti 2 kr. á dag fyrir hvern dag, sem hann er heiman í prófdómara-erindum.

Hverju barni skal gefa vitnisburð um kunnáttu þess í hverri námsgrein, og skulu vitnisburðirnir ritaðir í bók, er prófastur löggildir. Að loknu prófi ritar prestur og prófdómendur nöfn sín í prófbókina. Skýrslu um prófið skal prestur senda prófasti með öðrum ársskýrslum áleiðis til stiptsyfirvaldanna.

5. gr. Að lokinni fermingu skal prestur gefa hverju barni fermingarvottorð, og skal þar tilgreina einkunnir þær, er barnið hefur fengið við prófið, og auk þess álit prestsins um hegðun þess.

6. gr. Lög þessi öðlast gildi 1. janúar 1891, og frá sama tíma eru úr gildi numin lög 9. janúar 1880 um uppfræðing barna í skript og reikningi.

Ed. **259. Frumvarp**

til laga um eyðing refa. — Eptir 3. umr. í Nd.

1. gr. Enginn má ala upp refi eða hafa þá undir umsjón sinni, enda eru slíkir

refir rjettdræpir fyrir þeim mönnum, er slíkt gjöra. Þó er grenjaskyttum leyfilegt, að hafa yrðlinga undir umsjón sinni fram til 15. júlí ár hvert.

Brot gegn þessu fyrirmæli varðar sektum, 20 til 200 kr.

2. gr. Sýslunefndir skulu semja reglugjörðir fyrir alla hreppa í sýslu hverri um eyðing refa, bæði í heimahögum og afrjettarlöndum.

3. gr. Til eitrunar skal við hafa saltpjetur-súrt stryknin (Nitras strychnicus). Kostnaður við framkvæmdir þær í þessu efni, er hreppsnefnd annast, greiðist úr sveitarsjóði. — Nú vill sýslunefnd gjöra sjerstakar ráðstafanir til eyðingar refum, er hún álítur óhagfellt, að hreppsnefnd framkvæmi, og er henni það heimilt; kostnaður við framkvæmd á slíku greiðist úr sýslusjóði.

4. gr. Þeim einum, er sýslunefnd gefur heimild til, skal afhent eitur það til eitrunar fyrir refi, sem nefnt er í 3. gr., enda sjái nefndin um, að af eitri þessu sje jafnan nægilega mikið hjá hjeraðslækni eða lyfsala.

5. gr. Sje verðlaunum heitið fyrir eyðing refa, skal veiðimaður afhenda hreppsnefndaroddvita belgi af öllum þeim dýrum, sem unnin eru á annan hátt en með eitri, og skal oddviti selja þá fyrir eiganda. Nú afhendir maður belg af dýri, sem unnið er með eitri, og varðar það sektum, 5 til 100 kr., enda skal belgurinn þegar brenndur

6. gr. Reikningur yfir kostnað við eyðing refa í hreppi hverjum, skal lagður fyrir sýslunefnd ár hvert til endurskoðunar og úrskurðar.

Reikningi þessum skal og fylgja skýrsla um framkvæmdir hreppsbúa viðvíkjandi eyðing refa það ár.

7. gr. Vanræki hreppsnefnd skyldur þær, sem henni eru á herðar lagðar í reglugjörð þeirri, er nefnd er í 2. gr., skal hún sæta sektum, 5 til 100 kr.

8. gr. Sektir þær, sem nefndar eru í lögum þessum, renna $^1/_4$ til uppljóstarmanns og $^3/_4$ í sýslusjóð.

9. gr. Amtsráð skulu ganga ríkt eptir því, að sýslunefndir semji reglugjörðir þær, sem nefndar eru í 2. gr. og þyki þeim nokkrar misfellur vera á reglugjörðunum, skulu þær endursendar sýslunefndum með athugasemdum amtsráðsins, og skulu þá sýslunefndir semja nýjar reglugjörðir, þar sem nauðsynlegar tillögur amtsráðsins eru teknar til greina.

Amtsráðin staðfesta reglugjörðirnar.

10. gr. Mál, sem rísa af brotum gegn lögum þessum, skal farið með sem almenn lögreglumál.

11. gr. Lög þessi öðlast gildi 1. jan. 1890.

Ed. **260. Frumvarp**

til laga um viðauka og breyting á þingsköpum alþingis. — Eptir 3. umr. í Nd.

1. gr. Þingmaður sá, er fyrir aldurs sakir, skipar forsæti, hvort heldur í sameinuðu þingi eða í þingdeildunum, hefur á meðan allan sama rjett og skyldur sem forseti; hann tekur því eigi þátt í atkvæðagreiðslu.

2. gr. Þá er $^1/_3$ þingmanna í sameinuðu þingi eða þingdeildarmanna í annari hvorri deildinni óskar þess, skal hlutfallskosningar-aðferð við hafa við nefndarkosningar. Aðferðin skal vera þessi:

Tölu atkvæðaseðlanna skal deilt með tölu nefndarmanna; töluna, sem þá kemur út, að broti frá töldu, skal leggja til grundvallar fyrir kosningunni (hlutfallstala).

Seðlunum skal vandlega blandað í hylki, og dregur forseti einn og einn upp í

einu og les upp það nafn, er efst stendur á seðli hverjum, en skrifararnir skrá það. Þá seðla, sem sama nafn stendur efst á, skal saman leggja í bunka, og þegar er sama nafn hefur svo opt upp lesið verið, að það nær hlutfallstölunni, skal hlje gjöra á upplestrinum. Forseti og skrifarar bera seðlana saman við það, sem ritarar hafa bókað, og gæta þess, að það sje rjett. Lýsir forseti þann svo rjett kjörinn, sem hlutfallstölunni hefur náð. Síðan er haldið áfram upplestri á þeim seðlum, sem eptir eru, en þó svo, að standi nafn þingmanns, sem þegar er kosinn, efst á seðli, skal stryka það út og lesa upp hið næsta nafn á eptir á þeim seðli, og skal að öllu með fara sem áður er sagt, og svo koll af kolli, unz allir seðlarnir eru upp lesnir eða allir nefndarmenn kosnir.

Nú er nafn eigi svo glöggt táknað, að víst sje, eða nafn er með öllu skakkt, og fellur það þá úr, en eigi er seðill ógildur að heldur. Eigi er seðill ógildur, þótt fleiri nöfn eða færri, en þörf er á, sjeu á hann rituð.

Verði nefnd eigi fullkosin eptir þessari aðferð, skal kjósa þá, er til vantar, einfaldri meiri hluta kosningu, en hafa skal sá meira en helming atkvæða þeirra, er greidd eru.

Nd. **261. Frumvarp**

til laga um að fá útmældar lóðir í kaupstöðum og á löggiltum kauptúnum o. fl.—Eptir 3. umr. í Ed.

1. gr. Ef maður vill fá óbyggða lóð sjer útmælda í kaupstað eða löggiltu kauptúni til þess að hefja þar verzlun, enda er honum heimilt að lögum að reka verzlun á Íslandi, skal hann, ef það er í löggiltu kauptúni, brjeflega beiðast útmælingar hjá lögreglustjóra, sem kveður með sjer 2 kunnuga og óvilhalla menn og tiltekur með þeim lóð þá, sem þörf er á til verzlunarinnar, en sje það í kaupstað, framkvæmir byggingarnefndin útmælinguna.

2. gr. Bæði þeir, sem eiga lóðina í löggiltu kauptúni eða stórar óbyggðar lóðir í kaupstöðum, og aðrir, er lögmæt rjettindi hafa eignazt yfir landinu eða lóðunum, eru skyldir að láta af hendi gegn hæfilegu endurgjaldi, er lögreglustjóri með hinum tilkvöddu mönnum eða í kaupstöðum byggingarnefndin ákveður, ef málsaðilar koma sjer eigi saman um endurgjaldið, svo mikla óbyggða lóð, sem útmælendum þykir þörf á til hinnar fyrirhuguðu verzlunar, enda sje lóðin eigi nauðsynleg við rekstur verzlunar eða annarar atvinnu, sem þar er fyrir.

3. gr. Það skal með öllu bannað, að leggja þá kvöð á lóðir eða húseignir í löggiltum kauptúnum og í kaupstöðum, að ekki megi nota þær til verzlunar eða annarar tiltekinnar atvinnnu.

4. gr. Þótt einstakir menn kunni að eiga höfn þá, sem löggilt kauptún er við, mega þeir ekki bægja neinum frá að leggja skipum sínum þar við akkeri nje frá aðgangi að höfninni til þess að ferma eða afferma skip, að svo miklu leyti, sem það kemur ekki í bága við þeirra eigin bryggjuafnot, og ekki heldur getur landeigandi varnað hinu opinbera eða einstökum mönnum að gjöra hringa, landfestar eða önnur skipsfesta-áhöld fyrir skip þar á höfninni, þar sem svo til hagar, að þess konar áhöld eru nauðsynleg, þó má að eins gjöra það eptir tilvísun lögreglustjóra, er kveður með sjer 2 óvilhalla menn, sem kunnugir eru hafnarlegu, og eiga þeir jafnframt að á-

kveða það endurgjald, er landeiganda beri, ef hlutaðeigendur verða ekki á eitt sáttir um það mál.

Að öðru leyti skulu ákvæðin í opnu brjefi 28. des. 1836, 11. gr., í gildi vera, þó svo, að hver fastakaupmaður í kauptúninu eða kaupstaðnum eigi forgangsrjett að notkun þeirra skipsfesta, er hann á eður hefur eignarhald yfir, og aðlæginu við þessar festar sínar.

Nú notar einhver hringa, landfestar eða önnur skipsfestaráhöld, sem hann ekki á; ber honum þá tafarlaust að láta áhöldin laus við eiganda þeirra, þegar kaupskip þeirra koma að og þurfa á þeim að halda, að viðlögðum 20 kr. sektum fyrir hvern dag, er hann lætur farast fyrir að sleppa áhöldunum, og bæti hann að auki allt það tjón, er af því kann að leiða, að hann ljet þau ekki laus við eiganda þegar í stað.

Skip það, er þannig notar heimildarlaust festar annars manns, og farmur þess, er að veði fyrir sektum og skaðabótum.

Sá, sem eigi rekur fasta verzlun á einhverju kauptúni, en á þar þó skipsfestar, á einnig forgangsrjett að notkun þeirra, nema svo sje, að allar festar á höfninni sjeu notaðar af verzlunarskipum eða fiskiskipum þeim, sem haldið er úti til fiskiveiða, þá er skip hans kemur til.

5. gr. Fyrir útmælingar eptir 1. og 4. gr. skal beiðandi auk ferðakostnaðar, greiða lögreglustjóra 3 kr. um daginn, og eins hverjum þeirra, er til voru kvaddir með honum.

6. gr. Lög þessi ná ekki til Reykjavíkurkaupstaðar.

Nd. **262. Frumvarp.**

til laga um stofnun ullarverksmiðju.—Eptir 2. umr. í Nd.

1. gr. Til þess að koma á fót ullarverksmiðju á Íslandi skal veita lán úr landssjóði, allt að 120,000 kr., 12000 kr. á ári í 10 ár.

2. gr. Lánið veitist vaxtalaust fyrstu 10 árin, en síðan endurborgist það með 6% á ári í 28 ár.

3. gr. Ullarverksmiðjan með byggingum, vjelum og öllu tilheyrandi, skal standa að veði fyrir láninu, enda sje hún eptir löglegri virðingu metin að minnsta kosti 120,000 kr. og vátryggð fyrir sömu upphæð.

4. gr. Landsstjórnin greiðir lánið, þegar er fyrirtækið er komið á fót, og annist hún samninga og annað þess kyns, er af lögum þessum leiðir.

Nd. **263. Frumvarp**

til laga um vínverzlunarsamþykktir. — Flutningsmaður: Ólafur Briem.

1. gr. Sýslunefndum veitist vald til að gjöra samþykktir um, að banna eða takmarka verzlun með áfenga drykki, á þann hátt og með þeim skilyrðum, er segir í lögum þessum.

2. gr. Nú kemur beiðni til sýslunefndar frá meiri hluta hreppsnefnda í sýslunni um, að leggja það undir atkvæði sýslubúa, hvort banna skuli eða takmarka sölu áfengra drykkja, og skal hún þá semja frumvarp til slíkrar samþykktar, senda það öllum hreppsnefndum í sýslunni og leggja fyrir þær, að bera það undir atkvæði hreppsbúa. Hreppsnefndin skal kveðja til almenns fundar í hreppnum, og ákveður hún fundarstað og fundardag með nægum fyrirvara. Oddviti hreppsnefndar stýrir fundi eða annar hreppsnefndar-

maður, er nefndin til þess kveður. Atkvæðisrjett á þeim fundi hafa allir þeir, er annars eiga atkvæði um sveitarmál að lögum. Fundarstjóri bókar og telur saman atkvæði, en þau sjeu greidd með nafnakalli. Þegar eptir fund sendir hann sýslunefndinni staðfest eptirrit af atkvæðaskránni.

3. gr. Sje kaupstaður innan sýslutakmarka, skoðast hann í þessum málum sem 1 hreppur í sýslunni. Eigi verður samþykkt gjörð nema kaupstaðurinn, svo og hver sá hreppur, þar sem er löggiltur verzlunarstaður, sje meðal þeirra hreppa, er atkvæði greiða fyrir frumvarpinu.

4. gr. Nú er frumvarp það, sem um er rætt í 2. gr., samþykkt með meiri hluta atkvæða í $^2/_3$ hreppanna, enda sjeu atkvæðin fyrir því í öllum hreppunum samtals að minnsta kosti meiri hluti atkvæða þeirra, er greidd hafa verið, og skal þá sýslunefndin senda amtmanni samþykktina til staðfestingar. En amtmaður staðfestir hana, nema honum þyki fullsannað, að eigi hafi verið fullnægt skilyrðum laga þessara. Hann lætur síðan birta samþykktina í B-deild Stjórnartíðindanna. Samþykktin öðlast gildi sem lög fyrir sýsluna 6 mánuðum eptir að hún er birt á tjeðan hátt.

5. gr. Frumvarp það, er eigi hefur verið samþykkt á þennan hátt, er fallið, og má eigi það mál upp taka að nýju fyr en að 2 árum liðnum.

6. gr. Samþykkt þeirri, er amtmaður hefur staðfest, verður eigi breytt á annan hátt en með þeirri aðferð, er hún var stofnuð.

7. gr. Fyrir brot móti löggiltri samþykkt má ákveða sektir í fyrsta sinni allt að 100 kr., er renni í sveitarsjóð eða bæjarsjóð, þar sem brotið er framið. Við ítrekun brots skal takmark sektarinnar tvöfaldast.

8. gr. Mál út af brotum gegn löggiltri samþykkt skal farið með sem almenn lögreglumál.

Ed. **264. Frumvarp**

til laga um breyting á konungsúrskurði 25. ág. 1853 viðvíkjandi Ásmundarstaðakirkju í Presthóla prestakalli. — Eptir 3. umr. í Nd.

Sú 15 rdl. aukaþóknun, er sóknarbændum Ásmundarstaðakirkju hefur verið skylt að greiða prestinum á Presthólum, samkvæmt konungsúrskurði 25. ág. 1853, skal niður falla við næstu prestaskipti.

Ed. **265. Frumvarp**

til laga um varúðarreglur til þess að forðast ásiglingar. — Eptir 3. umr. í Nd.

Með konunglegri tilskipun má setja reglur, er skipstjórar á gufu- og seglskipum skulu fylgja til þess að komast hjá ásiglingum. Ef vikið er frá reglum, er þannig hafa settar verið og birtar, varðar það sektum til landssjóðs allt að 200 kr., auk þess, sem af því getur leitt eptir atvikum, skaðabætur á hendur þeim, er brýtur, samkvæmt almennum skaðabótareglum. Sektamálin skal fara með sem almenn lögreglumál.

Nd. **266. Tillaga**

til þingsályktunar um að einungis hinn íslenzki texti laganna verði staðfestur af konungi.—Frá Sigurði Stefánssyni.

Alþingi skorar á ráðherrann, að hlutast til um, að einungis hinn íslenzki texti af lögum alþingis verði hjer eptir staðfestur af konungi.

Nd. **267. Frumvarp**

til laga um lögaldur. — Eptir 3. umr. í Ed.

1. gr. Framvegis skulu menn eigi verða fjár síns ráðandi með tilsjónarmanni.

2. gr. Hver karlmaður og hver ógiptur kvennmaður skal fullráður fjár síns 21 árs.

3. gr. Hver, sem er fjár síns ráðandi, getur tekið að sjer ábyrgð í fjármálum, svo að gild sje.

Nd. **268. Breytingartillaga**

við frumvarp til fjáraukalaga fyrir árin 1888 og 1889. — Frá Árna Jónssyni.

Ný grein bætist við, svo hljóðandi:

„Sem viðbót við gjöld þau, sem veitt eru í 15. gr. fjárlaganna, veitist til Solveigar Jónsdóttur, ekkju alþingismanns Jóns Sigurðssonar, 1000 kr.“

Nd. **269. Frumvarp**

til laga um bann gegn því, að búa til áfengisdrykki. — Flutningsmaður: Ólafur Briem.

1. gr. Enginn má á Íslandi búa til nokkurn áfengisdrykk, svo sem vínanda, brennivín, bjór eða nein önnur drykkjarföng, er blönduð sjeu vínanda.

2. gr. Brot gegn lögum þessum varða sektum allt að 2000 kr., er renni að hálfu í landssjóð, en að hálfu til uppljóstarmanns. Drykkjarföng þau, er búin hafa verið til, skulu upptæk vera, svo og áhöld þau, er notuð hafa verið við tilbúninginn, og rennur andvirði þeirra í landssjóð.

3. gr. Mál út af brotum gegn lögum þessum skal höfða og reka sem almenn lögreglumál.

Nd. **270. Breytingartillaga**

við frv. til laga um stofnun ullarverksmiðju. — Frá Grími Thomsen, Páli Briem, Jóni Jónssyni, þm. N.-M., Þorsteini Jónssyni, Sveini Eiríkssyni, Sigurði Jenssyni, Þorl. Guðmundssyni og Jónasi Jónassen.

1. Við 1. gr. Í staðinn fyrir orðið »skal», komi: »má».
2. — 3. gr. Við enda greinarinnar bætist: »svo skal og að auk annað veð sett, er nemi að minnsta kosti 80,000 kr.«

Ed. **271. Frumvarp**

til laga um hundaskatt og fleira. Eptir 3. umr. í Nd.

1. gr. Hver heimilisráðandi skal á hreppaskilaþingi því, er hann á sókn að, vor hvert telja fram fyrir hreppstjóra eða bæjarfógeta alla hunda, sem eru á heimili hans í

fardögum og skal það framtal rita í sveitarbókina. En á hausthreppaskilum skal telja frá þá hunda, sem farizt hafa um sumarið.

2. gr. Ef einhver vanrækir að telja fram hunda, eða telur þá rangt fram, eða framtal hans þykir tortryggilegt, gilda um það sömu ákvæði, sem um framtal á tíundbæru lausafje eptir 5., 6. og 7. gr. í lögum 12. júlí 1878 um lausafjártíund.

3. gr. Hreppstjóri skal senda oddvita sýslunefndarinnar skýrslu um framtal hunda um leið og hann sendir sýslumanni skýrslu um framtal til lausafjártíundar.

4. gr. Af hverjum hundi skal skatt greiða, 2 kr. á ári, nema í kaupstöðum, verzlunarstöðum og þurrabúðum utan kaupstaða og verzlunarstaða 10 kr. af hundi hverjum. Hver heimilisráðandi ábyrgist greiðslu skattsins af þeim hundum, sem hann hefur framtalið, en rjett hefur hann til ,að fá skattinn borgaðan hjá lausamönnum, húsmönnum eða öðrum mönnum í sjálfstæðri stöðu af þeim hundum, sem þeir eiga á heimili hans. Sýslumenn og bæjarfógetar skulu innheimta skattinn á manntalsþingum ár hvert, í fyrsta skipti á manntalsþingum 1891. Skatturinn rennur í sveitum og verzlunarstöðum hálfur í sýslusjóð en hálfur í hreppssjóð, en í kaupstöðum í bæjarsjóð.

5. gr. Alla hunda, sem aðfluttir eru frá útlöndum, skal hafa með múl, svo þeir ekki geti bitið menn eða fjenað; ennfremur skal hafa ól um hálsinn á öllum slíkum hundum og sje þar áfestur skjöldur með nafni eigandans. Sje þessa eigi gætt, eru þeir rjettdræpir og á eigandinn ekki heimting á neinu endurgjaldi.

6. gr. Skyldur er hver sá, sem lætur slátra skepnu, er sullir finnast í, að grafa þegar í stað slátur það, sem sullmengað er, að meðtöldum hausum af höfuðsóttarkindum, svo djúpt í jörð niður, að hundar geti eigi náð því, eða að brenna það. Brot gegn ákvörðun þessari varðar allt að 10 kr. sekt, og fær sá annan helming sektarinnar, er uppljóstar, en bæjar- eða sveitarsjóður hinn.

7. gr. Heimilt er sýslunefnd og bæjarstjórn með samráði við hlutaðeigandi hjeraðslækni að semja reglur um lækning á hundum af bandormum, meðferð á sullum úr sauðfje, og gjöra aðrar ráðstafanir, sem henni þurfa þykir, til varnar gegn sullaveikinni og leggja við sektir ef út af þeim ráðstöfunum er brugðið. Af sýslusjóði og bæjarsjóði má taka fje til framkvæmdar slíkum ráðstöfunum.

8. gr. Með mál, sem rísa útaf brotum á móti lögum þessum, skal fara sem almenn lögreglumál.

9. gr. Með lögum þessum er úr gildi numin tilskipun um hundahald á Íslandi 25. júní 1869.

Ed. **272. Frumvarp**

til laga um breyting á lögum um gjald af brennivíni og öðrum áfengum drykkjum frá 7. nóv. 1879, 11. febr. 1876, og tilsk. 26. febr. 1872. — Eptir 3. umr. í Nd.

1. gr. Hjer eptir skal greiða aðflutningsgjald af alls konar öli, sem til Íslands flyzt, 10 aura fyrir hvern pott.

Af brennivíni eða vínanda skal greiða af hverjum potti:

með 8° styrkleika eða minna	30 aura
yfir 8° og allt að 12° styrkleika	45 —
yfir 12° styrkleika	60 —

Af rauðvíni og messuvíni skal greiða 15 aura af hverjum potti í hverju íláti, sem það er flutt.

Af öllum öðrum vínföngum skal greiða 60 aura af hverjum potti, ef þau eru flutt í ílátum, stærri en svo, að þau rúmi 2 merkur, en sjeu þau flutt í minni ílátum, skal greiða sama gjald af hverjum 3 pelum, sem af potti í stærri ílátum.

Gjald þetta rennur í landssjóð.

2. gr. Skyldur er hver sá, er frá útlöndum flytur eða fær öl og önnur vínföng tilflutt, til þess upp á æru og samvizku, að segja til, hvort og hve mikið af öli eður vínföngum hann með hverri ferð frá útlöndum hefur meðtekið, og skal hann jafnframt greiða aðflutningsgjaldið annaðhvort í peningum út í hönd, eða með ávísun, er borgast við framvísun (sigt) á landsbankann eður á áreiðanlegt verzlunarhús í Kaupmannahöfn, er reikningshaldari tekur gilt.

3. gr. Verði nokkur uppvís að því, að hafa leynt sannleikanum í þessu efni, skal hann sæta sektum frá 200—2000 kr.; ber uppljóstrarmanni helmingur ef brotið sannast. Hinn helmingur rennur í landssjóð.

4. gr. Hjer með er úr lögum numin 1. og 2. gr. laga 7. nóv. 1879, um breyting á lögum um gjald á brennivíni og öðrum áfengum drykkjum frá 11. febr. 1876

Ed. **273. Frumvarp**

til fjáraukalaga fyrir árin 1886 og 1887. — Eptir 3. umr. í Nd.

1. gr. Sem viðbót við gjöldin í fjárlögunum fyrir 1886 og 1887 veitast 9127 kr. 33 a. til gjalda þeirra, er nefnd eru í 2.—5. gr. hjer á eptir.

2. gr. Sem viðbót við gjöldin í 10. gr. C. til ýmislegra útgjalda, er snerta umboðsstjórnina m fl., veitast:

undir I. lið: til þess að gefa út Stjórnartíðindi 1885 . .	417 kr.	02 a.
— II. lið a.: til aðgjörðar á Munkaþverárkirkju . .	226 —	66 —
	643 kr.	68 a.

3. gr. Sem viðbót við upphæð 11. gr. 3. d. til náms yfirsetukvenna veitast fyrir 1886 792 kr. til þess að gefa út kennslubók í yfirsetufræði.

4. gr. Sem viðbót við útgjöldin við póststjórnina í 12. gr. veitast:

undir 2. lið: póstflutningur		
1886	3101 kr.	85 a.
1887	3130 —	63 —
undir 3. lið: önnur útgjöld		
d. fyrir prentun á ýmsu		
1886	528 —	51 —
1887	242 —	20 —
e. til áhalda 1887	360 —	51 —
g. til óvissra útgjalda 1886	156 —	95 —
	7520 kr.	65 a.

5. gr. Sem viðbót við gjöldin í 13. gr. B. IV. til gagnfræðaskólans á Möðruvöllum veitast:

undir lið b 4: ýmisleg útgjöld		
1886	103 kr.	20 a.
1887	67 —	80 —
	171 kr.	„ a.

Nd. **274. Breytingartillögur**

við frv. til laga um stofnun stýrimannaskóla á Íslandi (219). — Frá nefndinni.

Við 6. gr. Fyrir „sjómannaskólans“ komi: „stýrimannaskólans“.
Við síðustu málsgreinaskiptin í frumvarpinu komi: „7. gr.“.
Fyrir orðin: „Íslenzkur maður . . . . . fullmyndugur“ komi: “Hver, sem staðizt hefur hið meira íslenzka stýrimannspróf og eptir það verið í förum í 8 mánuði“.

Ed. **275. Nefndarálit**

í málinu: frv. til viðaukalaga við lög 27. febr. 1880 um stjórn safnaðarmála o. s. frv., svo sem það var samþykkt við 3. umr. í Nd.

Nefndin hefur athugað frumvarpið rækilega. Hún telur 3. gr. frv., sem er viðauki við frv. Ed., vera til bóta. En breyting Nd. á fyrri hluta 1. gr. álítur nefndin að vísu fremur nærgöngula eignrjetti kirkjubænda (kirkjueigenda), en henni þykir þó eigi full ástæða til, að hafna þessari breytingu, fyrir því, að svo sem kirkjubændur hljóta nú að byggja kirkjur sínar talsvert betur og dýrari en áður var, jafnvel þótt nægilegt fje sje eigi fyrir hendi, svo heimti og kröfur tímans, að hljóðfæri sje viðhaft við tíðagjörð, þá er þau skilyrði eru til staðar, er frumvarpið tilnefnir: 1., að meiri hluti atkvæðisbærra sóknarmanna samþykki það á safnaðarfundi; 2., að fje það sje fyrir hendi, er kirkjan má missa, og 3., að hjeraðsfundur samþykki.

Nefndin verður því að ráða hinni heiðruðu deild til, að samþykkja frumvarpið, svo sem það nú er orðað.

Arnljótur Ólafsson, framsögumaður. Friðrik Stefánsson. Jakob Guðmundsson.

Ed. **276. Frumvarp**

til laga um samþykkt á landsreikningnum fyrir 1886 og 1887. Eptir 3. umr. í Nd.

	Fjárveiting. kr.	a.	Reikningur. kr.	a.
I. Tekjur:				
1. Skattur á ábúð og afnotum jarða og á lausafje	35,000.	»	53,320.	60
2. Húsaskattur	5,000.	»	7,283.	40
3. Tekjuskattur	30,000.	»	26,394.	52
4. Aukatekjur	44,000.	»	44,342.	63
5. Erfðafjárskattur	5,000.	»	3,624.	75
6. Gjöld af fasteignasölum	1,300.	»	3,232.	83
7. Vitagjald	10,000.	»	11,941.	44
8. Gjöld fyrir leyfisbrjef	3,000.	»	3,568.	67
9. Útflutningsgjald af fiski og lýsi að frá dregnum 2 % í innheimtulaun	72,000.	»	46,502.	20
10. Aðflutningsgjald af áfengum drykkjum að frá dregnum 2 % í innheimtulaun	260,000.	»	151,884.	67
11. Aðflutningsgjald af tóbaki að frá dregnum 2 % í innheimtulaun	36,000.	»	32,983.	70
12. Tekjur af póstferðum	34,000.	»	33,741.	13
Flyt	535,300.	00	418,820.	54

	Fjárveiting.	Reikningur.
Fluttar	535,300. 00	418,820. 54
13. Óvissar tekjur	4,000. »	7,152. 54
14. Tekjur af fasteignum landssjóðs að frá dregnum umboðskostnaði, prestsmötu m. m.	60,000. »	56,870. 87
15. Leigugjöld af brennisteinsnámunum í Þingeyjarsýslu	3,600. »	»
16. Tekjur af kirkjum	1,000. »	794. 82
17. Tekjur af silfurbergsnámunum í Helgustaðafjalli	200. »	1,623. 01
18. Leigur af innstæðufje viðlagasjóðs	69,800. »	75,176. 55
Borgað upp í lán, veiting: 25,869 kr. 51 e., reikningur: 98,462 kr. 64 a.		
19. Innborganir frá brauðum samkv. lögum 27. febr. 1880	3,300. »	5,649. »
20. Endurborganir skyndilána til embættismanna	1,200. »	3,090. 60
21. Endurborganir á öðrum fyrirframgreiðslum	4,000. »	12,268. 05
22. Tillag úr ríkissjóði	175,000. »	175,000. »
23. Tekjuhalli		203,458. 27
alls...	857,400. »	959,904. 25

	Fjárveiting. kr. a.	Reikningur. kr. a.
II. Gjöld:		
1. Til hinnar æðstu stjórnar innanlands og fulltrúa stjórnarinnar á alþingi	26,800. »	26,800. »
2. Til alþingis og kostnaðar við yfirskoðun landsreikninganna	33,600. »	52,448. 59
3. Til útgjalda við umboðsstjórnina, gjaldheimtur og reikningsmál, svo og við dómgæzlu og lögreglustjórn:		
A. Umboðsstjórn, gjaldheimtur og reikningsmál	50,916.66	50,952. 11
B. Dómgæzla og lögreglustjórn	169,850.18	168,316. 14
C. Ymisleg útgjöld	147,184. »	142,874. 62
4. Til útgjalda við læknaskipunina	89,700. »	93,569. 58
5. Til útgjalda við póststjórnina	56,800. »	64,414. 07
6. Til kirkju og kennslumála:		
A. Í þarfir andlegu stjettarinnar	52,304. »	55,555. 50
B. Til kennslumálefna	151,784. »	149,476. 64
C. Yms útgjöld	15,000. »	14,544. 57
7. Til skyndilána handa embættismönnum og lögboðinna bráðabirgða-lána	5,200. »	17,375. 37
8. Eptirlaun og styrktarfje	60,000. »	71,069. 90
9. Til vísindalegra og verklegra fyrirtækja	24,700. »	20,879. 21
10. Til óvissra útgjalda	4,000. »	3,810. 12
11. Tillag til landsbankans og til kostnaðar við tilbúning seðla		16,627. 72
12. Fjáraukaveitingar	12,343.69	11,190. 11
13. Afgangur	4,561.16	»
alls...	904,743.69	959,904. 25

Eignir viðlagasjóðs voru 31. desember 1887	936,656 kr.	12 aur.
Tekjueptirstöðvar landssjóðs 31. desember 1887	49,702 —	68 —
Reikningshalli landssjóðs 31. desember 1887	48,741 —	93 —

Nd. **277. Frumvarp**

til laga um friðun á laxi. — Flutningsm.: Sigurður Stefánsson og Árni Jónsson.

1. gr. Eigi má lax veiða í sjó, ám eða vötnum á nokkurn hátt, nema 3 mánuði af sumri hverju. Þó má á öllum tímum árs veiða lax til vísindalegra þarfa og laxaklaks. Sýslunefnd- eða -nefndir skulu í hjeraði hverju setja fastar reglur um, eða ákveða, hvenær veiðitími skuli byrja og enda, eptir að hafa kynnt sjer með beztu manna ráði, hvernig ám og vötnum er háttað og laxgöngu í þeim hjeruðum, er í hlut eiga.

Á þessum veiðitíma skal þó lax friðaður 36 stundir í viku hverri, frá náttmál-

um á laugardögum til dagmála á mánudögum. Skulu þá laxanet tekin upp og fastar veiðivjelar standa opnar, svo lax hafi frjálsa göngu. Í stórvötnum, þar sem veitt er með króknetum, skal það nægja, að ásinn sje úr þeim tekinn og oddinn bundinn saman.

2. gr. Ekki má leggja net, setja garða eða aðrar fastar veiðivjelar lengra út í nokkra á, en í hana miðja, og þó því að eins svo langt út, að djúp árinnar sje eigi minna fyrir utan netið eða veiðivjelina.

Nú vilja menn leggja net eða setja garða eða veiðivjel út frá báðum löndum, og skal þá svo leggja, að jafnan sje 30 faðma bil eptir endilangri ánni, milli veiðivjela, nema svo sje, að þvermál árinnar á milli þeirra sje eigi mjórra en sá hluti hennar, er þær taka yfir.

3. gr. Eigi má leggja net eða veiðivjel úti fyrir ósamynnum, í stöðuvötn eða sjó, þar sem lax gengur, svo för hans sje hindruð; ádráttarveiði má viðhafa í ám og vötnum 4 stundir á sólarhring, þó eigi í árósum eða svo nálægt þeim, að laxaför upp eptir ánni hindrist, nema með útfalli sjávar. Þar sem lax bíður til hrygningar, má ekki við hafa ádráttarveiði, hvorki með netum nje öðrum veiðarfærum, er geta raskað botni fljótanna.

Sýslunefndir skulu ákveða, hvenær og hvar ádráttarveiði megi við hafa, eptir því sem til hagar á hverjum stað.

Heimilt skal að veiða lax á stöng, með ýmsu agni á öngul, sem lax tekur, en enginn má hafa neinskonar sting eða krók, sem lax verði stunginn með eða kræktur, nema ífæru við stangaveiði. Aurriða skal á öllum tíma árs vera leyft að veiða í ám, þar sem laxför er, og skal hann þar ófriðhelgur.

4. gr. Hverjum manni er heimilt að skjóta sel og styggja í ám, árósum og fyrir ósamynnum, þar sem lax fer um; þó má ekki raska þinglesinni friðun eggvera, nema fullt gjald komi fyrir, slíkt er dómkvaddir menn meta.

5. gr. Engin veiðarfæri nje veiðivjelar má við hafa, er taka smálax. Skulu möskvar á laxanetjum eigi minni vera, þá votir eru, en 9 þuml. ummáls. Net, hvort sem eru lagnet eða ádráttarnet, skulu að eins einföld vera.

Á hverri laxveiðivjel skulu vera svo stór op, að enginn lax, sem ekki er meiri en 9 þuml. ummáls, þar sem hann er gildastur, staðnæmist í vjelinni. Sjeu grindur í vjelinni, skulu spelar standa lóðrjett upp og ofan og sje eigi skemmra bil milli þeirra en $1^1/_2$ þuml.

6. gr. Nú vill meiri hluti veiðieigenda í á, sem lax gengur í, veiða eða leigja í fjelagi, til þess að koma á meiri friðun, en lög þessi ákveða, en fá því ekki framgengt, og skulu þá þeir, sem friðunina vilja fram hafa, leggja málið fyrir hlutaðeigandi sýslunefnd. Álíti sýslunefndin rjetti einskis hallað, skal hún semja reglur um veiði-aðferð, og sje áin leigð, þá einnig um skiptingu leigunnar, og skulu allir hlutaðeigendur hlýta því. Þegar svona stendur á, skal höfuðáin og allar laxgengar ár, sem í hana renna, álítast sem ein á.

7. gr. Nú er svo háttað á einhverjum stað, að nauðsyn þykir til bera, að kveða skýrar á um eitthvað það, sem fyrir er mælt í lögum þessum, og er sýslunefnd einni eða fleirum heimilt að setja reglur um það, en þó svo, að grundvallarreglum laga þessara um friðun laxins og frjálsa göngu sje í engu haggað eptir því, sem við á í á hverri.

Reglugjörðir sýslunefnda, sem getið er í þessari grein og 6. gr., skal amtmaður staðfesta og fá þær þá fullt lagagildi um næstu 5 ár.

8. gr. Brot gegn lögum þessum varða allt að 100 kr. sekt eptir málavöxtum. Allt ólöglegt veiðifang og öll ólögleg veiðiáhöld skulu upptæk, og skal lögreglustjóri tafarlaust taka slík veiðarfæri upp og nema burt allar ólögmætar girðingar.

Sektir eptir lögum þessum renna að helmingi í fátækrasjóð hrepps þess, er brotið er framið í, og að helmingi til uppljóstarmanns. Svo fer og um andvirði ólöglegra veiðarfæra og veiðifangs.

9. gr. Mál, er rísa út af brotum gegn lögum þessum eða staðfestum samþykktum, skal fara með sem almenn lögreglumál. Þó getur sá, er fyrir sök er hafður, komizt hjá málsókn, ef hann játar brot sitt og greiðir sektir og skaðabætur að fullu, eptir því sem amtmaður ákveður. Rjett er að sá, sem fyrir skaða hefur orðið af ólöglegri veiði annara, reki málið sem einkalögreglumál.

10. gr. Ákvarðanir í Jónsbókar landsleigubálki 56. kap. um veiðar í ám, sem og lög um friðun á laxi 19. febr. 1886, eru hjer með úr lögum numin.

Nd. **278. Breytingartillaga**

við frv. til laga um að stjórninni veitist heimild til að selja jörðina Á í Kleifahreppi. — Frá nefndinni.

Fyrsta grein orðist þannig:

„Ráðgjafanum fyrir Ísland veitist heimild til, að selja ábúendunum eptirfylgjandi þjóðjarðir fyrir það andvirði, er að minnsta kosti nemi þeirri upphæð, sem greind er við hverja þeirra:

1. Á í Kleifahreppi	850 kr.
2. Meiðastaði í Rosmhvalaneshreppi	2500 —
3. Hrútsholt í Eyjahreppi	550 —
4. Feigsdal í Dalahreppi	1700 —
5. Hálfan Þykkvabæ í Kleifahreppi	1800 —

Nd. **279. Breytingartillögur**

við frv. til laga um tekjur presta. — Frá Þórarni Böðvarssyni.

1. Við 2. gr. Fyrir »3 álnir» komi: 2½ al.
2. Eptir 3. gr. komi ný grein, sem verður 4. gr., svo hljóðandi:
   Í þeim prestaköllum, þar sem tekjur minnka vegna ákvæða í 2. gr. laga þessara, skulu sóknarnefndir, þangað til öðruvísi verður ákveðið með lögum, jafna mismuninum niður árlega, í fyrsta sinn eptir 3 ára meðaltali á gjaldendur eptir efnum og ástæðum.
3. — 4. gr. komi ný grein, sem verður 5. gr., svo látandi:
   Sjerhver embættismaður, sem nýtur launa, eða eptirlauna, eigi minni en 1200 kr., svo og hver kaupmaður og verzlunarstjóri, skal auk prestgjalds eptir 2. gr. greiða sóknarpresti sínum offur, eigi minna en 10 kr. á ári hverju.
4. — 5. gr. komi ný grein, sem verður 6. gr., svo látandi:
   Sýslunarmenn, aðstoðarmenn við verzlun og aðrir menn í ápekkri stöðu, skulu auk prestgjalds eptir 2. gr. greiða sóknarpresti sínum offur, eigi minna en 4 kr. á ári, hafi þeir í árleg laun 800 kr., eða meira, og sjeu einhleypir.
5. Við 8. gr. frv., sem verði 11. gr., bætist aptan við orðin: »gangverð á gjalddaga», »og lambsfóðrum».

Nd. **280. Nefndarálit**

um frumvarp til fjárlaga fyrir árin 1890 og 1891.

Hin heiðraða neðri deild alþingis hefur kosið oss undirskrifaða í nefnd til að íhuga og gjöra tillögur um frumvarp stjórnarinnar til fjárlaga fyrir næstkomandi fjárhagstímabil, og viljum vjer því hjermeð skýra frá áliti voru og tillögum á þessa leið:

Tekjukaflinn.

Við 2. gr. höfum vjer ekkert að athuga, nema oss þykir mega setja ábúðar- og lausafjárskattinn ögn hærra en gjört er í stjórnarfrumvarpinu, sumpart vegna hækkandi verðlags, er mun hafa áhrif á verðlagsskrána, að minnsta kosti næsta ár, og sumpart vegna þess, að telja má víst, að lausafjárhundruð verði í haust nokkru fleiri en að undanförnu, sakir hinna ágætu skepnuhalda næstliðið vor. Með því að oss einnig þykir betur fara, að telja skattinn í heilum þúsundum, þá leggjum vjer til, að ábúðarskatturinn sje talinn 17000 kr. hvort árið og lausafjárskatturinn sömuleiðis 23000 kr.

Við 3. gr. höfum vjer ekkert að athuga.

Við 4. gr. Hina ásetluðu tekju-upphæð höfum vjer ekkert að athuga við.

Töluliðurinn »1« er óþarfur og má því falla burt.

Að því er snertir fyrri athugasemdina, um lánið til Staðarbyggðarmýrar, þá leggur nefndin til, að á eptir orðinu «leigur» sje bætt inn í orðinu «afborgun», eins og tekið var fram í fjárlögunum fyrir 1886 og 1887; það mun að áliti nefndarinnar hafa verið fyrir vangá eina, að þessu orði var sleppt í frumvarpi því til fjárlaga, er lagt var fyrir þingið 1887 og komst það eigi síðar inn í fjárlögin. Sbr. tillögur yfirskoðunarmanna viðvíkjandi landsreikningnum fyrir 1886 bls. 126—128.

Að því er síðari athugasemdina snertir, þá þykir nefndinni næsta viðurhluta-mikið, að leggja nokkur útgjöld á landssjóð, til að ljetta ábyrgð þá, er prestar hafa af ljenskirkjum, og það því fremur, sem slíkt slys eins og það, sem gefið hefur tilefni til þess, að hjer er farið fram á eptirgjöf á vöxtum, mun alloptast standa í mannanna valdi að koma í veg fyrir. Á hinn bóginn viðurkennum vjer það, sem tekið er fram í ástæðum stjórnarfrumvarpsins, að eptir því, sem hjer stendur á, er sanngjarnt, að lán það, er hjer ræðir um, sje veitt með vægari kjörum en þeim, sem annars eru og eiga að vera algeng á lánum til kirkna og prestakalla, en nefndin álítur, að þetta mætti verða, án þess nokkuð þurfi að gefa eptir af landssjóði. Eptir því, sem í stjórnarfrumvarpinu er tekið fram, ber Holts prestakalli að *b*orga 1890 í vexti og afborgun af hinu fyrra láni 144 kr., er fer minnkandi á ári um 4 kr. 80 a., þangað til 1895 að kemur til borgunar á vöxtum og afborgun af hinu síðara láni, er þá nemur 180 kr., og því láni verður svo lokið 1914. Í stað þessa viljum vjer skjóta því til landsstjórnarinnar, hvort hún eigi vilji gefa hlutaðeigandi prestakalli kost á, að bæði lánin sjeu lögð saman og að borgað verði árlega í 28 ár 6% á ári uppí vexti og afborgun af þeim frá 5. maí þ. á. Með þessu móti þarf prestakallið aldrei að borga meira en 156 kr. á ári, og láninu er lokið 1917. Að því undanskildu, að afborgun lánsins dregst þremur árum lengur, ætlum vjer, að kjör þessi sjeu engu erfiðari, fyrir hlutaðeigandi prestakall, en tilhögun sú, sem nefnd er í frumvarpi stjórnarinnar, og þar sem farið er fram á 400 kr. fjárveiting af landssjóði. En með því að slík tilhögun, sem vjer höfum bent á, eigi hefur neina fjárveiting í för með sjer, þykir oss óþarft, að taka, nokkuð um þetta efni uppí fjárlögin, og ráðum því til, að sleppa hinni síðari athugasemd við 4. gr.

Til þingsins hefur komið að þessu sinni bænarskrá frá sýslunefnd Húnavatnssýslu, um að losast um nokkur ár við að borga afborgun af hallærisláni því, er sýslan hefur

fengið. Að vísu er hjer eigi farið fram á neina fjárveiting eða eptirgjöf, og landssjóður mundi þannig útaf fyrir sig einskis í missa, við að hið umbeðna væri veitt, en nefndin er eindregið á því, að lán, sem tekin eru til að ljetta útgjöld þau, sem hinn yfirstandandi tími hefur í för með sjer, eigi að borgast sem allra fyrst aptur, svo að endurborgunin lendi sem mest á þeim sömu mönnum, sem lánin hafa tekið, og þau hafa notað, og hún álítur, að sem almenn regla sje það jafnvel helzt til mikið, að láta afborgun slíkra lána dragast um 10 ár. Vjer getum því með engu móti mælt með hinni umræddu beiðni, eins og hún liggur fyrir, en vegna þess, hvað þungt hallærið hefur lagzt á Húnavatnssýslu undanfarin ár, þar sem lausafjártíund hefur á fáum árum minnkað meir en um helming, og ennfremur þess, að mönnum getur verið bagalegt að skerða lítinn bústofn, þegar búast má við, að þeir hafi meira en nóg fóður fyrir hann, þá viljum vjer þó leggja til, að veittur verði frestur næsta ár á afborgun af hallærisláni Húnavatnssýslu.

Við 5. og 6. gr. höfum vjer ekkert að athuga.

Gjaldakaflinn.

Við 8. og 9. grein höfum vjer ekkert að athuga.

Við 10. gr. A. 3. Hinn umboðslegi endurskoðandi hefur sent oss bænarskrá um 600 kr. viðbót á ári við borgun þá, er hann fær, með tilliti til þess, hve mikið störf hans aukast, þegar til þess kemur, að fara þarf að endurskoða reikninga yfir toll á kaffi og sykri, þar sem störf hans nú þegar sjeu svo mikil, að eigi sje ábætandi, nema bætt sje við skrifstofufje. Nefndin, sem hefur borið sig um þetta efni saman við landshöfðingja, álítur ástæðu til, að nokkuð sje ljett undir með hinum umboðslega endurskoðanda, þegar störfin vaxa að mun, og vill því leggja til, að nokkurt fje sje veitt til þess, að landshöfðingi geti sett mann honum til aðstoðar, er taki að sjer endurskoðun sjerstakra reikninga, eða ljetti undir með honum á annan hátt, en þótt lög þau um innflutningsgjald af kaffi og sykri, er þingið hefur samþykkt, öðlist staðfestingu, þá vaxa eigi störf endurskoðanda við þau að mun fyrri en 1891 og því er það fyrst fyrir það ár, að vjer leggjum til að veittar sjeu 500 kr. til aðstoðarmanns við hina umboðslegu endurskoðun.

Við 10. gr. B. 4. e. Kostnaður við sakamál og lögreglumál hefur verið svo mikill næstliðin ár (1887 2598 kr., 1888 3621 kr.) að oss þykir ástæða til, að áætla hann eigi minni en 1500 kr. á ári.

Við 10. gr. C. 1. Yfirskoðunarmenn landsreikninganna hafa lagt það til, að andvirði seldra eintaka Stjórnartíðindanna verði fært til 2. gr. 13. í fjárlögunum, og virðist oss það eiga vel við. Samkvæmt því leggjum vjer það til, að tekjugrein þessi hverfi á þessum stað.

Ennfremur hafa þeir lagt það til, að reynt verði að semja við bóksölumann um sölu á Stjórnartíðindunum, og að sölukostnaðinum sje bætt við söluverð þeirra. Þar sem vandkvæði kunna að vera á þessu fyrirkomulagi, meðan hver árgangur er að koma út, þá virðist það vera hagfellt, að þegar hver árgangur er fullprentaður, þá verði hann hafður á boðstólum hjá bóksölumanni, og að sölukostnaðinum sje þá bætt við söluverð það sem nú er. Landsstjórnin hefur lausar hendur til að gjöra í þessu efni það, sem bezt virðist eiga við, eptir að fellt er úr fjárlögunum að tilgreina söluverð tíðindanna.

Við 10. gr. C. 4. Vjer föllumst á þá upphæð, sem í stjórnarfrumvarpinu er

ætluð til búnaðarskóla á landinu, og sömuleiðis á það, sem ætlað er búnaðarskólunum á Hólum og í Ólafsdal, eptir því sem tekið er fram í ástæðunum fyrir frumvarpinu. En þar sem gjört er ráð fyrir, að skipta þeim 4000 kr., sem eptir eru svo, að Hvanneyrarskólinn fái 2500 kr., en Eyðaskólinn aðeins 1500 kr., þá getum vjer eigi verið á því að gjöra þeirra mikinn mun. Að vísu fær Eyðaskólinn 1000 kr. styrk á ári úr styrktarsjóði þeirra, er búa tjón af jarðeldi, eins og tekið er fram í ástæðum stjórnarfrumvarpsins, en það má álíta nokkuð nærri gengið Austfirðingum, að leggja skóla þeirra að sama skapi minni styrk úr landssjóði, sem þeir vilja meira til leggja af öðru fje, sem eigi er beinlínis ætlað til að styrkja búnaðarskóla. Á hinn bóginn hefur Hvanneyrarskólinn að bakjarli búnaðarskólasjóð alls Suðuramtsins og hið árlega búnaðarskólagjald úr öllum sýslum þess, þar sem Eyðaskólinn hefur að eins búnaðarskólagjaldið úr Múlasýslum. Það virðist því eigi ósanngjarnt, að skipta nefndum 4000 kr. til helminga milli þessara tveggja skóla. Þótt búnaðarskólarnir hafi ekki hvað minnsta þörf fyrir álitlegan styrk, þegar þeir eru að komast á fót, þá mó þó segja, að þeir sjeu í byrjun sinni eins og nokkurskonar óráðin gáta, og það hefur einnig verið regla að undanförnu, að fara varlega í að veita þeim í byrjuninni mikinn styrk. Eptir uppástungu vorri fær þó Hvanneyrarskólinn hjer um bil helmingi meiri styrk úr landssjóði, heldur en hinir skólarnir hafa fengið fyrstu árin. Í samkvæmni við undanfarin fjárlög þykir oss betur eiga við, að taka inn í fjárlögin upphæð þá, sem hverjum búnaðarskóla er ætluð.

Vjer fölhumst á þá uppástungu stjórnarfrumvarpsins, að sleppa fje því til eflingar búnaði, sem á fyrri fjárlögum hefur verið veitt sýslunefndum til ráðstöfunar, og sömuleiðis erum vjer því samdóma um upphæð þá, sem ætluð er til búnaðarfjelaga. Einungis viljum vjer taka það fram, að oss þykir á miklu standa, að styrknum sje úthlutað til búnaðarfjelaganna með sjerlegu tilliti til þess, hve miklu menn afkasta í hverju búnaðarfjelagi fyrir sig, sem og, að komið yrði á nokkurnveginn samkvæmni um land allt í því, hvernig jarðabótastörf eru lögð í dagsverk. Vjer treystum því, að þetta verði tekið til greina, ef það eigi mætir neinum sjerlegum mótmælum í þinginu, sem vjer eigi getum ímyndað oss, að komi fyrir.

Að styrknum til útgáfu á búnaðarriti Hermanns Jónassonar sje tilfærður á þessum stað, sjáum vjer ekkert á móti, en leggjum að eins til, að stafliðurinn verði orðaður öðruvísi.

Nefndinni hefur borizt bænarskrá frá Oddi presti Gíslasyni á Stað í Grindavík um 1000 kr. styrk á ári til að ferðast um og leiðbeina mönnum í ýmsu, er lýtur að sjósóknum og fiskiveiðum. Það er kunnugt, hvern áhuga umsækjandinn hefur sýnt í þessu efni, sem og að viðleitni hans og framkvæmdir þar að lútandi hafa töluverðan árangur haft. Vjer viljum því leggja það til, að honum sjeu veittar í þessu skyni 500 kr. af landssjóði hvort árið; að vjer eigi stingum upp á hærri upphæð kemur til af því, að vjer treystum því, að hlutaðeigandi amtsráð og búnaðarfjelög muni að sínu leyti vilja veita honum samtals eigi öllu minni styrk en hann fær úr landssjóði, og hefur amtsráð Suðuramtsins þegar byrjað á því að styrkja hann til nefndra framkvæmda sinna.

Frá skipasmið Edílon Grímssyni höfum vjer fengið bænarskrá um 300 kr., sumpart til að standast kostnað, er hann hefur haft til að fullkomna sig í þilskipasmíði og sumpart sem styrk til þess að geta keypt sjer ýms nauðsynleg verkfæri við það. Umsækjandi er sagður duglegur maður, og væntir nefndin, að störf hans geti komið að góðum notum, ef hann eigi sakir efnaskorts vantar verkfæri þau, er hann þarf á að halda; fyrir því leggur nefndin til, að honum í því skyni sjeu veittar hinar umbeðnu 300 kr.

Þeir tveir nýir útgjaldaliðir, er nefndin þannig leggur til, að bætist við, þykir henni bezt við eiga að tilfæra á 10. gr. C. 4.

10. gr. C. 5. Útgjöldum þeim, er standa undir þessum tölulið, erum vjer samþykkir, og sömuleiðis því, sem tekið er fram þar að lútandi í athugasemdunum, að því undanteknu, að oss þykir mikið skoðunarmál, hvort vert er að verja fje svo teljandi sje til áframhalds vegagjörð þeirri, sem byrjað hefur verið á yfir Grímstunguheiði, heldur láta sjer nægja að gjöra við sjerstakar torfærur á einstökum stöðum. Að öðru leyti viljum vjer láta í ljósi, að oss virðist mjög æskilegt, að fyrir næsta þing væri lögð glögg áætlun vegfræðings um þá aðalvegagjörð, sem fyrirhuguð væri á fjárhagstímabili því, er þá færi í hönd. Svo viljum vjer og vekja athygli á því, hve áríðandi væri, að sjerstakir menn hefðu eptirlit með vegum þeim, er landssjóður kostar, og sem falið væri á hendur að láta gjöra að, þar sem vegur fyrir einhver atvik lægi undir skemmdum, og það eru þá hreppstjórarnir, sem næst lægi að fela slíkt á hendur, og að þeir gæfu skýrslu um ástand veganna.

Erlendur Zakaríasson á Bergi við Reykjavík, er um undanfarin ár hefur unnið að vegabótum hjá hinum norsku vegagjörðarmönnum, hefur sent þinginu bænarskrá um 1000 kr. styrk til að sigla til Noregs og dvelja þar rúmlega 1½ ár til að læra vegagjörð, svo hann geti staðið fyrir að leggja veg, þar sem vegfræðingur hefur markað fyrir. Oss þykir ástæða til að taka bænarskrá þessa til greina, því þar sem landssjóður þarf að láta árlega framkvæma mikil vegabótastörf, þá er og áríðandi að hafa til þess menn, er kunna að verkinu. Umsækjandi hefur vottorð frá yfirmanni sínum og samverkamönnum um, að hann sje duglegur og áreiðanlegur maður. Að því er upphæð styrksins snertir, ætlum vjer að 800 kr. muni nægja, og þykir oss rjettast, að helmingur þeirra sje greiddur þegar hann er byrjaður á námi sínu í Norvegi, en hinn helmingurinn eptir að hann er kominn aptur með góðum vitnisburði og ráðinn til vegagjörðar hjer á landi.

10. gr. C. 6. Þær 9000 kr. hvort árið, sem í frumvarpinu eru nefndar undir þessum tölulið föllumst vjer á, að veittar verði til að halda uppi strandferðum gufuskipa, slíkum sem nú eiga sjer stað; en jafnframt þykir oss ástæða til, að taka tillit til þeirra óska um auknar strandferðir, er víða hafa komið fram, og því viljum vjer leggja til, að veittar sjeu aðrar 9000 kr. til aukinna gufuskipaferða með ströndum landsins. Vjer treystumst eigi til, að búa til reglulega áætlun um, hvernig lagaðar gufuskipaferðir oss þætti kostandi svo miklu fje til, en viljum að eins geta þess, að oss þykir þær eigi mættu minni vera en svo, að gufuskipið færi 5 sinnum norðan um landið; að öðru leyti verðum vjer að treysta landsstjórninni til, að semja svo að eins um útborgun á hinu viðbætta fje, að gufuskipaferðirnar yrðu svo auknar, að það væri tilvinnandi og að áætluninni yrði hagað svo, að meira tillit væri tekið til, að almenningur gæti haft sem mest gagn af ferðunum, heldur en til þess, hvar útgjörðamenn skipanna kynnu að fá mest flutningsgjald. Einungis vildum vjer taka fram, að oss þykir mjög svo áríðandi, að hin fyrsta ferð norðan um land til Reykjavíkur gæti, ef ís er eigi til fyrirstöðu, orðið eigi síðar en í apríl, og að hin síðasta ferð þess þá leið yrði eigi fyr en í októbermánuði, sem og að um mánaðamótin júní og júlí yrði ferð til og frá Reykjavík umhverfis landið.

Til nefndarinnar hefur komið beiðni frá Ísfirðingum um 4000 kr. styrk á ári til gufubátsferða á Vestfjörðum. Það er vitaskuld, að það getur brugðið nokkuð til beggja vona með, hvernig slíkt fyrirtæki kann að heppnast eða hver not að því kynnu að verða, en oss þykir þó nauðsyn bera til, að styðja viðleitni þeirra, er kynnu að vilja gjöra slíka tilraun, er eigi að eins getur orðið hlutaðeigandi hjeruðum til verulegra hagsmuna, ef vel vill til, heldur getur einnig bent á, hvernig slíkar tilraunir mundu heppnast annarsstaðar, og gefið leiðbeiningu um, hvernig þeim skyldi haga. Fyrir því leggjum vjer til, að 3000 kr. sjeu veittar á ári í þessu augnamiði.

Við greinina leggjum vjer til, að bætt sje nýjum tölulið «til aðgjörðar á Prestsbakka kirkju 200 kr.» fyrra árið. Bænarskrá þessu viðvíkjandi hefur komið til fjárlaganefndarinnar, er fer fram á allt að 1000 kr. fjárveiting, sumpart í þessu skyni og sumpart til að mála kirkjuna innan. En áætlun um aðgjörðina gjörir sumpart ráð fyrir svo miklu efni og sumpart svo löngum vinnutíma, að vjer skiljum með engu móti, hvernig þörf getur verið á slíku, til að bæta þá galla, sem tilgreindir eru á kirkjunni, sem yfir höfuð er lýst svo, að hún sje í dágóðu standi, og hvað málunina snertir, þá sýnist oss, að hún megi dragast, þangað til kostur er í Skaptafellssýslu á mönnum, sem gætu tveir saman lokið því starfi á skemmri tíma en heilum mánuði, eins og ráð er fyrir gjört í áætluninni.

Við 11. gr. Hvað upphæðir þær snertir, sem tilfærðar eru í þessari grein, þá leggjum vjer að eins til, að stafliðurinn 3. d. «til náms yfirsetakvenna» sje færður upp í 2000 kr.; kostnaður þessi hefur næstliðin 3 ár verið að meðaltali 2465 kr. Þar sem stjórnin tekur fram, að óþarft hafi þótt að endurtaka athugasemd síðustu fjárlaga viðvíkjandi launum landlæknisins, þá skiljum vjer það svo, að henni þyki samt sem áður sjálfsagt, að hún sje í fullu gildi, og með þeim fyrirvara getum vjer einnig fallizt á, að sleppt sje að endurtaka hana í þessu frumvarpi.

Þótt búið sje að fjölga svo aukalæknishjeruðum, að þau sjeu orðin 5 að tölu, þá vill nefndin þó leggja það til, að bætt sje við einu aukalæknishjeraði í 4 nyrztu hreppum Norður-Þingeyjarsýslu. Hvergi annarsstaðar á landinu er nú jafnvíðlent og fjölmennt svæði, sem á eins langan og erfiðan veg að sækja lækni.

Til fjárlaganefndarinnar hefur komið umkvörtun frá þingmönnum Rangæinga yfir því, að aukalæknirinn í Dyrhólahreppi og Eystri- og Vestri-Eyjafjallahreppum sitji austarlega í hinum eystri hluta þessa svæðis, og sje því svo erfitt að ná til hans fyrir marga menn í vesturhluta þess, að þeir eigi erfiðara með það, heldur en að ná til hjeraðslæknisins. Þetta erum vjer nefndum þingmönnum samdóma um, að megi ekki eiga sjer stað, því vjer verðum að skoða það sem sjálfsagt skilyrði fyrir að fá styrk þann, sem í fjárlögunum er ætlaður til aukalæknis á einu svæði, að læknirinn sitji á haganlegum stað; en með því að vjer vonum, að hinn hæstvirti landshöfðingi muni vera oss samdóma í þessu efni, og muni gjöra það, sem í því efni er nauðsynlegt, þegar málið kemur til hans, þá hefur oss þótt óþarft, að stinga upp á, að skilyrði þessu viðvíkjandi væri sett í fjárlögin, eins og nefndir þingmenn hafa farið fram á.

Við 12. gr. Til nefndarinnar hafa komið margar bænarskrár um auknar aukapóstferð-

ir. Nefndin ætlar, að óskir manna í þessu efni, hafi sumstaðar við góð rök að styðjast, og því vill hún leggja til, að laun handa brjefhirðingarmönnum verði færð upp í 1900 kr. (næstliðið ár gengu til þeirra 1671 kr.), sem og að 1000 kr. sje bætt við fje það, sem ætlað er til póstflutnings. En nefndina brestur nægan kunnugleika til þess, að gjöra ákveðnar tillögur um, hverjum aukapóstferðum skuli við bæta, en þó vill hún sjerstaklega taka fram, að henni virðist þörf á, að Keflavíkurpósturinn hjeldi áfram um Hafnir til Grindavíkur, að aukapóstur gengi frá Saurbæ á Hvalfjarðarströnd út á Akranesskaga og að póstgöngum í Norður-Múlasýslu yrði hagað líkt og farið er fram á í þar að lútandi bænarskrá. Að því er snertir bænarskrá um aukapóst til Skútustaða frá Akureyri, jafnskjótt og sunnanpósturinn er þangað kominn, þá ætlum vjer að tilganginum mætti ná með því, að aðalpósturinn færi frá Akureyri til Austurlands sem fyrst eptir að sunnanpósturinn er kominn til Akureyrar, og að það að öðru leyti væri haganlegra.

Yfirskoðunarmenn landsreikninganna hafa í athugasemdum sínum við reikninginn fyrir 1887, bls. 121 og 122, bent á, hve mikið kostnaðurinn við ýmsar aukapóstferðirnar hefur farið vaxandi og út af því gjört tillögu um, að reynt yrði, að ráða bót á þessu með því, að almenningi yrði gefinn kostur á, að taka að sjer aukapóstferðirnar með undirboði. Vjer ætlum og að þetta mundi víða vera hagfellt, þó að sjálfsögðu svo, að boð þeirra einna væru tekin til greina, sem ætla mætti, að trúandi væri fyrir póstflutningnum og viljum svo skjóta því máli til landsstjórnarinnar.

Við 13. gr. A. a. Samkvæmt prestakallalögunum falla nú við prestaskiptin burtu þær 800 kr. til dómkirkjuprestsins, sem hingað til hafa verið greiddar úr landssjóði.

— — — A. b. 4. Viðvíkjandi Gufudalsprestakalli skýrir hlutaðeigandi prófastur, sem er einn af nefndarmönnum svo frá, að það, sem hvað mest muni fæla menn frá, að sækja um tjeð brauð, sje það, að staðarhúsin eru fallin. Jafnframt því sem vjer eptir tillögum hans leggjum til, að töluliðurinn sje hækkaður um 100 kr. hvort árið, þá viljum vjer takmarka fjárveitinguna við, að fjenu sje varið til húsabygginga á staðnum.

— — — A. b. 8. Að því er þennan tölulið snertir, þá viljum vjer minna á það, sem vjer höfum tekið fram viðvíkjandi samskonar fjárveitingu í fjáraukalögunum fyrir 1888 og 1889 um að borgun fyrir aukaverk komi eigi til greina, en þykir þó eigi ástæða til, að gjöra tillögu um, að breyta hinni tilfærðu áætluðu upphæð.

Við 13. gr. B. I. Höfum vjer ekkert að athuga.

Í B. II. 7. er í frumvarpinu farið fram á, að veita helmingi meira en nú til ókeypis klinikur við læknaskólann, af því, hvað aðsóknin hafi verið mikil, en þegar fjárlaganefndin 1887 lagði til, að þessi útgjaldagrein væri veitt, hafði hún fyrir augum, að útvega læknaefnunum meiri æfingu en þeir annars ættu kost á, en eigi það, að útvega almenningi í Reykjavík ókeypis umbúðir um sár og meðul; hin mikla aðsókn sýnir því, að eigi þarf að hækka töluliðinn til að ná tilganginum.

Við B. III. c. 5. Vjer föllumst á lækkun þá á ölmusufjenu við hinn lærða skóla, sem hjer er gjört ráð fyrir, en viljum jafnframt taka fram, að lengra þykir oss eigi

fært að fara í því efni. Jafnframt viljum vjer taka fram, að vel sýnist eiga við, að uppástungur um veiting ölmusanna væri borin undir kennarafund og honum gefinn kostur á, að láta í ljósi álit sitt um hana; það má gjöra ráð fyrir, að hinir ýmsu kennarar kynnu að vera kunnugri högum einstakra pilta en skólastjóri einn.

Við B. IV. Höfum vjer ekkert að athuga.

Við B. V. a. Kvennaskólarnir hafa allir óskað eptir, að styrkur sá, sem þeim er veittur, væri aukinn. Af því að vjer verðum að álíta, að stofnanir þessar sjeu mjög nytsamar, og það er tiltölulega lítið fje, er þær hafa við að styðjast, þá viljum vjer leggja til, að 300 kr. sje bætt við styrk þann, sem hverjum skóla er veittur.

Við B. V. b. 1. (Styrkur til barnaskóla.) Að því, er snertir breytinguna á athugasemdinni frá því, sem er í núgildandi fjárlögum, þá erum vjer henni eigi nema að nokkru leyti samþykkir. Þótt vjer getum fallizt á, að upphæð styrksins skuli eigi fara eingöngu eptir nemendafjöldanum, þá þykir oss hann jafnhliða kennslutímanum vera það, sem sjer í lagi á að taka tillit til, og leggjum því til, að athugasemdinni sje breytt í þá átt.

Við B. V. b. 2. Styrk sveitakennara erum vjer frumvarpinu samdóma um, að ástæða sje til að hækka frá því, sem veitt er í núgildandi fjárlögum, og viljum jafnvel fara lengra í því efni, svo að jafnmikið fje sje veitt í þessu skyni eins og til barnaskólanna. En vjer viljum þó um leið taka fram, að það er enganveginn skoðun vor, að barnakennsla eigi nokkurn tíma að miklum mun að kostast af landssjóði. Athugasemdinni, sem stendur í núgildandi fjárlögum um, að styrkurinn veitist eptir tillögum sýslunefnda, sýnist óþarft að sleppa. Þótt þær eigi hafi beinlínis færi á, að kynna sjer störf kennaranna, þá geta þær byggt tillögur sínar á vottorðum kunnugra manna, er þær taka trúanlega.

Við B. V. c. 2. Með því að vjer eigi vitum betur en skólinn í Hljeskógum sje hættur, þá má sleppa fjárveitingunni til hans.

Við 13. gr. C. 1. Eptir ósk formannsins í forstöðunefnd landsbókasafsins viljum vjer bæta 100 kr. við stafliðinn d., og orða hann svo, að af honum megi kosta prentun á skrá yfir bækur þær, er safninu bætast árlega.

Við 13. gr. C. 2. Vjer förum eigi fram á neina breytingu í upphæð þeirri, sem ætluð er amtsbókasöfnunum á Akureyri og Stykkishólmi, en viljum að eins taka fram, að æskilegt væri, að fá einhverja upplýsingu um ástand þeirra og hvað þau eru notuð.

C. 4. c. Oss þykir rjett, að það sje tekið fram með berum orðum, að fjárveiting sú, sem hjer ræðir um til rannsóknar fornmenja, sje ætluð fornfræðingi Sigurði Vigfússyni. Eins og hann einn hefur notið þessa fjár, svo hefur það einnig frá upphafi verið meining þingsins, að fjárveiting þessi væri fyrir hann einan.

Til þingsins hefur að þessu sinni komið bænarskrá frá forseta Þjóðvinafjelagsins um styrk handa því. Árin 1886 og 1887 hafði það styrk nokkurn af landssjóði, en á þingi 1887 var sleppt að veita þann styrk, af því að bænarskrá um hann og upplýsingar um hag fjelagsins komu eigi fyr en nokkuð seint á þingtímanum. Með því almenningur á kost á, í

fjelagi þessu að fá fyrir lítið tillag eigi alllítið af góðum bókum, leggjum vjer til, að því sje veittur 400 kr. styrkur á ári. Undanfarin harðindaár hafa tillög til þess goldizt miður vel, og á það því erfitt með að standast kostnað þann, er það hefur við bókaútgáfur sínar.

Hið nýstofnaða náttúrufræðisfjelag hefur sent oss bænarskrá um styrk til að koma á fót náttúrugripasafni handa almenningi hjer á landi, sem á að vera eign landsins. Vjer álítum vert að styðja þetta fyrirtæki, og leggjum til, að til þessa sjeu veittar 400 kr. hvort árið.

Bóksali Sigfús Eymundsson hefur sent oss bænarskrá um allt að 1200 kr. styrk á ári, til að halda áfram útgáfu sinni á Sjálfsfræðaranum. Vjer verðum að vera á því máli, að slík fræðirit geti haft mikla þýðingu fyrir menntun og þekkingu almennings, ef þau ná almennri útbreiðslu, en til þess útheimtist, að þau sjeu seld með góði verði; en með því að óvíst er, að nokkur vildi fást við að gefa slíkt rit út styrklaust, þá viljum vjer leggja til, að útgefandanum sje veittur 20 kr. styrkur fyrir hverja örk, allt að 600 kr. á ári næsta fjárhagstímabil, en með því skilyrði, að ritin sjeu eigi seld dýrari en 10 a. hver örk óinnbundin.

Við 14. gr. höfum vjer ekkert að athuga.

Við 15. gr. Upphæð sú, sem til er tekin, er alltof lítil. Eptirlaun þau, er nú sem stendur hvíla á landssjóði, eru um árið þessi:

1.	Til embættismanna auk presta	26147 kr.	61 e.
2.	— ekkna þeirra og barna	8565 —	94 a.
3.	— uppgjafapresta	6839 —	69 -
4.	— prestsekkna	3588 —	96 -
	Samtals	45142 —	20 -

Það er því auðsætt, að eigi veitir af, að ætla að minnsta kosti 90000 kr. á þessari gjaldagrein fyrir fjárhagstímabilið.

Með því að sjera Árni Böðvarsson er dáinn, falla úr athugasemdinni við grein þessa þær 100 kr. sem honum eru ætlaðar.

Með tilliti til þess, að Katrín Þorvaldsdóttir, ekkja fyrverandi bókavarðar Jóns Árnasonar, hefur efni nokkur, þá leggjum vjer það til, að styrkur sá, sem henni er ætlaður, sje settur 200 kr.

Á eptir 17. gr. leggjum vjer til, að bætt verði við nýrri grein, er verður 18. gr., um breytingar, er leiða af því, að ný lög ná gildi á fjárhagstímabilinu, og þar þykir oss einnig rjett að minnast á útgjöld þau, er leiða af, að lög um brúargjörð á Ölfusá koma væntanlega til framkvæmdar á næsta fjárhagstímabili.

Samkvæmt því, sem nú hefur sagt verið, leyfum vjer oss að ráða hinni heiðruðu deild til að samþykkja eptirfylgjandi

BREYTINGARTILLÖGUR

við frumvarp til fjárlaga fyrir árin 1888 og 1889.

1. Við 2. gr. 1. a. Fyrir: »á ábúð og afnotum jarða 16500 — 16500 — 33000« komi: á ábúð og afnotum jarða 17000 — 17000 — 34000.
2. — - — 1. b. Fyrir: »á lausafje 21500 — 21500 — 43000« komi: á lausafje 23000 — 23000 — 46000.

3. Við 4. gr. Tölustafurinn »1« fyrir framan »Leigur« falli burt.
4. — - — Í fyrri athugasemdinni bætist inn í á eptir orðinu »leigu« orðin »og afborgun«.
5. — - — Síðari athugasemdin falli burt.
6. — - — Ný athugasemd bætist við svohljóðandi: »Árið 1890 veitist frestur á afborgun af hallærisláni Húnavatnssýslu«.
7. Við 10. gr. A. 3. Nýr stafliður bætist við svohljóðandi:
»c. til aðstoðarmanns við hina umboðslegu endurskoðun . . . — » —500.
8. — — — B. 4. e. Fyrir: »kostnaður við sakamál og lögreglumál 1000 —« komi: kostnaður við sakamál og lögreglumál 1500—.
9. — — — C. 1. Orðin: »borgun fyrir seld eintök á 1 kr. hvert, er dregst frá . . . 150—« falli burt.
10. — — — C. 4. a. Fyrir: »til búnaðarskóla 10000 kr.« komi: til búnaðarskóla:
1. til skólans í Ólafsdal . . . . 2500 kr.
2. — — á Hólum . . . . 3500 —
3. — — - Eyðum . . . . 2000 —
4. — — - Hvanneyri . . . 2000 — 10000 kr.
11. — — — — - c. Stafliðurinn orðist svo:
styrkur til Hermanns Jónassonar til að gefa út búnaðarrit, 20 kr. fyrir örkina . . . 240 kr.
12. — — — — - Nýir stafliðir bætast við svohljóðandi:
d. styrkur til Edilons Grímssonar til að útvega sjer verkfæri til þilskipasmíða árið 1890 . . . 300 kr.
13. — — — — - e. styrkur til síra Odds Gíslasonar til að ferðast um og leiðbeina mönnum í ýmsu, er lýtur að sjósóknum og fiskiveiðum . . . 500 kr.
14. — — — C. 5. Nýr stafliður bætist við svohljóðandi:
d. Styrkur til Erlendar Zakaríassonar til að læra vegagjörð í Noregi 400 — 400.
15. — — — C. 6. Töluliðurinn orðist svo:
a. til gufuskipsferða slíkra sem nú eru . . 9000 —
b. til aukinna strandferða . . . . . 9000 —
c. styrkur til Ísfirðinga til að halda uppi gufubátsferðum á Vestfjörðum . . . . . 3000 — 21000
16. — 11. gr. 2. Nýr stafliður bætist við svohljóðandi:
f. til læknis í Þingeyjarsýslu fyrir austan Jökulsá.
17. — — — 3. d. Fyrir: »til náms yfirsetukvenna 1000 - « komi: til náms yfirsetukvenna 2000.
18. — 12. gr. 1. c. Fyrir: »brjefhirðingarmönnum 1750« komi: brjefhirðingamönnum 1900.
19. — — — 2. Fyrir: »póstflutningur 21000 — 21000 — 42000« komi: póstflutningur 22000 — 22000 — 44000 «
20. Við 13. gr. A. a. Fyrir: »laun 7800 — 7800« komi: laun 7000 — 7000.
21. — — — — b. 4. Töluliðurinn orðist svo:
»bráðabirgðaruppbót á Gufudals prestakalli í Barðastrandarprófastsdæmi til húsabygginga á staðnum 300 — 300.«
22. — — — — Nýr liður bætist við svohljóðandi:
»til aðgjörðar á Prestsbakka-kirkju 200 —».

23. — — — B. II. b 7. (ókeypis »klinik«) fyrir: »200 — 200« komi: »100 — 100«.
24. — — — B. V. a. 1. Fyrir: »til kvennaskólans í Reykjavík 1500 kr.« komi: »til kvennaskólans í Reykjavík 1800 kr.«
25. — — — — — - 2. Fyrir: »til kvennaskólans á Ytri-ey 700« komi: til kvennaskólans á Ytri-ey 1000.
26. — — — — — - 3. Fyrir: »til kvennaskólans á Laugalandi 700« komi: til kvennaskólans á Laugalandi 1000.
27. — — — — — b. 1. Inn í athugasemdina bætist á eptir orðinu »veitist« þessi orð: »einkum eptir kennslutíma og nemendafjölda og.«
28. — — — — — - 2. Töluliðurinn orðist svo: »til sveitakennara allt að 50 kr. til hvers 2500 —2500.«
29. — — — — — - Athugasemd bætist við svohljóðandi:
»Styrkur þessi veitist eptir tillögum sýslunefnda«.
30. — — — — — c. Stafliðurinn orðist svo:
»til gagnfræða- og alþýðuskólans í Flensborg 2500 — 2500.«
31. — — — C. 1. d. Stafliðurinn orðist svo:
»til þess að kaupa bækur og handrit, fyrir bókband og prentun á ritaukaskrá 1300 —1300 —«.
32. Aptan við C. 3. bætist við nýr töluliður svohljóðandi:
»til þjóðvinafjelagsins 400 — 400«.
33. Við 13. gr. C. 4. c. Stafliðurinn orðist svo:
»til Sigurðar Vigfússonar til rannsóknar fornmenja 1000—«.
34. Aptan við C. 5. bætist inn í nýr töluliður svohljóðandi:
»til hins íslenzka náttúrufræðisfjelags til að koma á fót náttúrugripasafni handa almenningi 400 — 400—«.
35. Aptan við 13. gr. C. bætist nýr töluliður svohljóðandi:
»Styrkur til Sigfúsar Eymundssonar til að halda áfram útgáfu ritsafnsins »Sjálfsfræðari«, 20 kr. fyrir örkina, með því skilyrði, að örkin óbundin seljist eigi meira en 10 a., allt að 600 kr. hvort árið ... 600—600«.
36. Við 15. gr. Fyrir: »70000 kr« komi: 90000 kr.
37. — — — Orðin: «til síra Árna Böðvarssonar 100 kr.« falli burt.
38. — — — Fyrir: »til Katrínar Þorvaldsdóttur, ekkju fyrverandi bókavarðar Jóns Árnasonar, 300 kr.« komi: til Katrínar Þorvaldsdóttur, ekkju fyrverandi bókavarðar Jóns Árnasonar, 200 kr.
39. Við 17. gr. Í staðinn fyrir: »92488 kr. 84 a.» komi: »146088 kr. 84 a».
40. Á eptir 17. gr. bætist inn í ný grein svo hljóðandi:

Ef lög um brúargjörð á Ölfusá koma til framkvæmdar á fjárhagstímabilinu eða ef frumvarp til laga
um aðflutningsgjald á kaffi og sykri
um breyting á lögum 11. febr. 1876 um aðflutningsgjald á tóbaki
ná gildi á fjárhagstímabilinu, breytast upphæðirnar tekju- og gjaldamegin samkvæmt nefndum lögum og frumvörpum.

Samlagning talnanna í frumvarpinu, tala á liðum og greinum, breytist eptir breytingartillögum þeim, er samþykktar verða.

Alþingi, 30. júlí 1889.

Árni Jónsson. skrifari og framsögum. Eiríkur Briem, Jón Jónsson. Páll Briem, formaður. Sigurður Jensson.
Sigurður Stefánsson. Þorleifur Jónsson.

Nd. **281. Fylgiskjal**

með nefndaráliti fjárlaganefndarinnar í neðri deild: Skrá yfir bænarskrár afhentar fjárlaganefndinni.

A. Bænarskrár, sem nefndin hefur að einhverju leyti tekið til greina:

1. Frá yfirsetukonu Þorbjörgu Sveinsdóttur um 84 kr. borgun til hennar úr landssjóði.
2. — sjera Jóni Jónssyni á Stað á Reykjanesi um borgun á 200 kr. uppbót, sem ákveðin er í lögum 27. febr. 1880 til Gufudalsprestakalls.
3. — sýslunefnd Húnavatnssýslu um frest á afborgun á hallærislánum sýslunnar um næstu 5 ár.
4. — endurskoðanda um 600 kr. viðbót (skrifstofufje) um árið fyrir aukinn starfa.
5. — stjórnarnefnd búnaðarskólans á Hólum um 4000 kr. styrk á ári til skólans.
6. — alþingismanni Þorvarði Kjerúlf um 2500 eða 3000 kr. styrk á ári til búnaðarskólans á Eyðum.
7. — amtmanninum í suðuramtinu um styrk til búnaðarskólans á Hvanneyri 3000 kr. árið 1890 og 2500 kr árið 1891.
8. — sjera Oddi Gíslasyni um 1000 kr. styrk á ári til að ferðast til helztu fiskistöðva og leiðbeina mönnum í ýmsu, er að sjósóknum og fiskiveiðum lýtur.
9. — Erlendi Zakaríassyni um 1000 kr. styrk til þess að fara til Norvegs til að fullkomnast í vegagjörð.
10. — skipstjóra Edílon Grímssyni um 300 kr. styrk til að standast kostnað af utanför til að læra þilskipasmíði og til verkfærakaupa.
11. — sýslunefnd Ísafjarðarsýslu um 4000 kr. styrk á ári til gufubátsferða á Vestfjörðum.
12. — Snæfellingum um strandferðir til Ólafsvíkur.
13. — þingmönnum Rangæinga um að binda veitingu á styrk til aukalæknis í Dyrhóla- og Eyjafjallahreppum því skilyrði, að læknirinn sitji á haganlegum stað.
14. — Grindvíkingum um póstferðir milli Reykjavíkur og Eyrarbakka, um Keflavík, Hafnir, Grindavík o. fl.
15. — Eyfirðingum um aukapóstferð frá Akureyri að Saurbæ í Eyjafirði.
16. — prestinum að Stað í Aðalvík um, að póstferðin yfir Ísafjarðardjúp verði lengd að Stað í Aðalvík.
17. — þingmönnum í Norðurmúlasýslu um breytingar á póstgöngum þar í sýslunni.
18. — prestinum að Þönglabakka, um að framlengja þangað aukapóstferðina að austanverðu við Eyjafjörð.
19. — sýslunefnd Suður-Þingeyinga um aukapóstferð frá Akureyri að Skútustöðum.
20. — sýslunefnd Skagfirðinga um aukapóstferð frá Víðimýri um Mælifell að Brúnastöðum, og að brjefhirðingarstaðir verði settir að Brúnastöðum, Miklabæ í Blönduhlíð og Lóni í Viðvíkursveit.
21. — sýslunefnd Árnesinga um, að aukapóstferðin frá Hraungerði að Arnarbæli verði lengd að Mosfelli í Grímsnesi.
22. — Barðstrendingum um aukapóstferðir milli Brjámslækjar og Flateyjar að minnsta kosti 4 sinnum að vetrinum, og að settur verði brjefhirðingarstaður að Vattarnesi við Skálmarfjörð.
23. — póstafgreiðslumanninum í Bæ í Króksfirði um aukapóstferð frá þeim bæ um Prestsbakka og Borðeyri að Stað í Hrútafirði.
24. — alþingismanni Vestur-Skaptfellinga um 1000 kr. fjárveitingu til aðgjörðar á kirkju landssjóðsins að Prestsbakka í Vestur-Skaptafellssýslu.
25. — forstöðunefnd kvennaskólans í Reykjavík um aukinn styrk til skólans.
26. — forstöðunefnd kvennaskólans að Ytri-Ey um 1800 kr. styrk til skólans, og 300 kr. styrk til námsmeyja á ári.
27. — stjórnarnefnd landsbókasafnsins um, að auka styrkinn til safnsins um 100 kr. til prentunar á skrá yfir allar bækur og handrit, er safnið kaupir eða fær að gjöf.
28. — formanni Þjóðvinafjelagsins um 1200 kr. styrk til fjelagsins um næsta fjárhagstímabil.

29. — stjórn hins íslenzka náttúrufræðisfjelags um 400 kr. styrk á ári til fjelagsins til að koma á fót náttúrugripasafni handa almenningi.
30. — Benedikt Gröndal um, að hann fái 800 kr. styrk á ári, eins og að undanförnu.
31. — bóksala Sigfúsi Eymundssyni um 1200 kr. styrk á ári til að gefa út »Sjálfsfræðarann».
32. — sóknarnefnd Lundarbrekkusóknar um, að greiða að eins 80—90 kr. upp í vexti og afborgun af láni úr landssjóði í stað 120 kr. árlegrar afborgunar hingað til. Sbr. þingsályktun þar að lútandi.

B. Bænarskrár, sem nefndin hefur eigi sjeð sjer fært að taka til greina:

33. Frá prestinum í Holtsprestakalli um uppgjöf á 2000 kr. láni úr landssjóði til prestakallsins.
34. — sýslunefnd Húnavatnssýslu um uppgjöf á 2250 kr. eptirstöðvum af 4000 kr. láni úr landssjóði, er varið hefur verið til sýsluvega á aðalpóstleið.
35. — landlækni Schierbeck um 400 kr. styrk á ári handa aðstoðarmanni við garðyrkju.
36. — sjera Þorkeli Bjarnasyni á Reynivöllum um 100 kr. styrk á ári til að halda áfram laxaklaki.
37. — Alberti Jónssyni um 5—600 kr. styrk á ári, til að koma á fót innlendri skinnaverkun.
38. — Snæfellingum um aukalækni í Olafsvík.
39. — Mýramönnum um aukalækni í vestustu hreppum Mýrasýslu og austasta hreppi Hnappadalssýslu.
40. — Arnesingum um aukalækni á Eyrarbakka.
41. — tannlækni O. Nickolin um einhvern lítinn styrk, til að geta haldið áfram tannlækningum.
42. — sóknarnefndinni í Helgastaðasókn um uppbót úr landssjóði til Helgastaðaprestakalls, þannig að brauðið fái allt að 1200 kr. tekjur á ári.
43. — Sóknarmönnum í Dýrafjarðarþingum um 3000 kr. fjárveiting til brauðsins, til að kaupa jörðina Gerðhamra.
44. — safnaðarfundi í Stóruvallaprestakalli um 300—400 kr. uppbót til prestakallsins.
45. — sjera Jóni Jónssyni um uppgjöf á 400 kr. árgjaldi frá Stað á Reykjanesi.
46. — sóknarnefndunum í Grundarþingaprestakalli í Eyjafirði um að prestakall þetta verði bætt upp.
47. — sóknarnefndinni í Hvammssókn í Laxárdal í Skagafjarðarsýslu um 5—600 kr. styrk úr landssjóði til að kaupa 5 kúgildi handa Hvammsprestakalli og hressa við staðarhúsin.
48. — forstöðukonu kvennaskólans í Reykjavík um að hækka styrk til námsmeyja úr 300 kr. upp í 500 kr.
49. — nokkrum mönnum á Akureyri um styrk til barnaskólans þar.
50. — hinu íslenzka kennarafjelagi um 200 kr. styrk á ári.
51. — yfirkennara H. Kr. Friðrikssyni um 250 kr. styrk til nýrrar útgáfu hinnar þýzku málmyndarlýsingar hans.
52. — fangaverði S. Jónssyni um 300 kr. fyrir olíumynd af Sigurði Guðmundssyni, málara handa forngripasafninu.
53. — stud. mag. Boga Th. Melsteð um 1000 kr. styrk til að stunda Íslandssögu.
54. — cand. phil. Gesti Pálssyni um 600 kr. styrk á ári, tvö árin hin næstu, til ritstarfa.
55. — Dr. phil. Jóni Þorkelssyni í Khöfn um, að styrkveitingin til fornbrjefasafnsins yrði að eins bundin við, að gefnar væru út árlega 16 arkir í staðinn fyrir 24.
56. — organleikara Magnúsi Einarssyni um 5—600 kr. styrk til utanferðar, til þess að fullkomnast í sönglist.
57. — Skúla Skúlasyni á Akureyri um styrk til að nema málaralist.
58. — fyrver. umboðsmanni A. O. Thorlacius í Stykkishólmi, um 300 kr. styrk á ári í elli hans.

Nd. **282. Frumvarp**

til laga um heimild stjórnarinnar til að leggja niður gagnfræðaskólann á Möðruvöllum, og koma á fót gagnfræðakennslu í Reykjavík. — Flutningsmaður: Páll Briem.

1. gr. Stjórninni veitist heimild til, að leggja niður gagnfræðaskólann á Möðruvöllum, og koma á fót gagnfræðakennslu í Reykjavík á þann hátt, að kennararnir við gagnfræðaskólann á Möðruvöllum taki að sjer gagnfræðakennsluna í Reykjavík. Gagnfræðakennslan skal fara fram í húsi hins lærða skóla, en jafnframt má afnema heimavist lærisveina þess skóla. Gagnfræðakennslan skal ná yfir sömu fræðigreinir og ákveðið er í lögum nr. 19, 4. nóvbr. 1881, að kenna skuli í gagnfræðaskólanum á Möðruvöllum.

Landshöfðingi semur reglugjörð um gagnfræðakennsluna.

2. gr. Allur kostnaður við að koma gagnfræðakennslunni á fót í Reykjavík, og flutning kennaranna til Reykjavíkur, greiðist úr landssjóði. Kennararnir halda launum sínum, og enn fremur veitast hinum núverandi skólastjóra í stað ókeypis húsnæðis á Möðruvöllum 400 kr. á ári í húsaleigustyrk.

3. gr. Stjórninni veitist heimild til, að afhenda skólahúsið á Möðruvöllum til afnota fyrir kvennaskóla á Norðurlandi.

Nd. **283. Frumvarp**

til laga um lögreglusamþykktir fyrir kaupstaðina. — Eptir 3. umr. í Ed.

1. gr. Í kaupstöðum landsins má gjöra lögreglusamþykktir.

2. gr. Í lögreglusamþykktinni skal kveða á um það, sem þykir þurfa að skipa fyrir um, eptir því, sem hagar til á hverjum stað.

a. um reglu og velsæmi á strætum, vegum og svæðum, er almenningur fer um; um allt, sem að því lýtur, að gjöra alla umferð greiða og afstýra farartálma og öllu því, sem hættu getur valdið; um friðun og vernd á almannagripum og eignum; um reglu á veitingahúsum og skemmtistöðum, er almenningur sækir, svo og um almennar skemmtanir, svo sem leiki.

b. um almennt hreinlæti, og takmarkanir á notkun opinna eða lokaðra svæða við stundun ýmsra atvinnuvega, t. a. m. fiskiverkunar, lifrarbræðslu og slátrunar, er heilbrigðis vegna eða af öðrum ástæðum mega teljast nauðsynlegar eða haganlegar o. fl.

c. um skipun lögregluliðs, er heldur uppi reglu, þá er eldsvoða eða önnur óvanaleg atvik ber að höndum, sem annaðhvort er sjerstaklega leigt til þessa eptir ákvæðum bæjarstjórnarinnar eða á annan hátt.

d. um allt eptirlit, sem lýtur að því, að fyrirbyggja brunahættu og eldsvoða, þar sem eigi þegar eru sett lög og samþykktir um slíkt efni.

3. gr. Hlutaðeigandi bæjarstjórn býr til frumvarp til samþykktarinnar, og skulu vera í henni reglur um, hvernig greiða skuli útgjöld þau til lögreglunnar, er hin ýmsu ákvæði hafa í för með sjer, er gjörð eru. Frumvarpið skal senda amtmanni, og gjörir hann við það þær athugasemdir, er honum þykir við þurfa og sendir það síðan landshöfðingja, er því næst gefur út samþykktina. Í samþykktina má eigi setja nein ákvæði um það, er ræðir um í 2. gr., og hafa í för með sjer útgjöld fyrir bæjarsjóðinn, ef bæjarstjórnin mótmælir. Samþykktin skal prentuð á kostnað bæjarins og birt almenningi með því að prentast í B.-deild stjórnartíðindanna. Breytingar á samþykktinni skal gjöra og birta á sama hátt, sem hina upprunalegu samþykkt.

4. gr. Samþykktin gildir að öllum jafnaði um allt lögsagnarumdæmi kaupstaðarins. Ef rjett þykir vera að skipa svo fyrir, að ákvæði samþykktarinnar skuli eigi gilda á hlutum af landi því, er heyrir undir lögsagnarumdæmið, annaðhvort að nokkru eða öllu leyti, skal þess getið í samþykktinni, svo sem nauðsynlegt er.

5. gr. Brot gegn samþykktunum varða sektum allt að 100 kr. Börn eldri en 10 ára og yngri en 15 ára skulu sæta vandarhöggum, ef þau hafa áður, eptir að þau voru orðin fullra 10 ára, gjört sig sek í þessum brotum, eða gjört eitthvað, sem ber vott um einstaka ónáttúru, þó eigi fleirum vandarhöggum en 15, og sje að öðru leyti farið eptir 30. grein í almennum hegningarlögum, eða sæta einföldu fangelsi allt að 8

dögum. Ef kenna má yfirsjón, er barn drýgir, skorti á hæfilegri umsjón foreldra eða annara, er barninu ganga í foreldra stað, þá skal refsa þeim fyrir yfirsjónina, en eigi barninu.

Ef einhver lætur það ógjört, sem er skylda hans, samkvæmt samþykktinni, má lögreglustjórinn láta gjöra þetta, eða gjöra nauðsynlegar ráðstafanir til þess að hindra, að vanrækslan valdi tjóni. Kostnaður við þetta og kostnaður, sem leiðir af þeim ráðstöfunum, er lögreglustjórinn gjörir til þess að hindra brot gegn því, sem bannað er í samþykktunum, greiðist af afbrotamanninum, eða, ef hann er eigi fær um það, af bæjarsjóði.

6. gr. Mál, er rísa út af brotum á samþykktunum, skal fara með sem almenn lögreglumál. Sektir allar fyrir brot á þeim renna í hlutaðeigandi bæjarsjóð.

Ed. **284. Breytingartillögur**

við frv. til laga um, að selir sjeu rjettdræpir í veiði-ám og veiði-vötnum. — Frá Arnljóti Ólafssyni og F. S. Stefánssyni.

Í stað frv. (þingskjal 95) og viðauka nefndarinnar (228) komi svo látandi frumvarp:

1. Í öllum veiði-ám og veiði-vötnum, svo og í ósum þeirra skal eyða sel á þann hátt, er hjer segir: Þrjú ár hin næstu frá því, er lög þessi eru gengin í gildi, skal hver landeigandi að veiði-ám, veiði-vötnum og ósum þeirra eyða sel fyrir sínu landi með skotum og á annan þann hátt, er hagfelldastur er til eyðingar selnum. En síðan skal selur á tjeðum stöðum rjettdræpur vera hverjum manni. Þó skal jafnan gætt þeirra fyrirmæla laganna, að skjóta eigi nær friðlýstu eggveri en fjórðung úr mílu.
2. Fyrirsögnin orðist þannig: «Frumvarp til laga um eyðing sels í veiði-ám og veiði-vötnum».

Ed. **285. Frumvarp**

til stjórnarskipunarlaga um hin sjerstaklegu málefni Íslands. — Eptir 3. umr. í Nd.

I.

1. gr. Í öllum þeim málefnum, sem varða Ísland sjerstaklega, hefur landið löggjöf sína, dómsvald og stjórn út af fyrir sig, á þann hátt, að löggjafarvaldið er hjá konungi og alþingi í sameiningu, framkvæmdarvaldið hjá konungi og dómsvaldið hjá dómendum.

2. gr. Hin sjerstaklegu málefni landsins eru þessi:

1. Hin borgaralegu lög, hegningarlögin og dómgæzlan, er hjer að lýtur.
2. Lögreglumálefni.
3. Kirkju- og kennslumálefni.
4. Lækna- og heilbrigðismálefni.
5. Sveita- og fátækramálefni.
6. Vegir og póstgöngur landsins.
7. Landbúnaður, fiskiveiðar, verzlun, siglingar og aðrir atvinnuvegir.
8. Skattamál, bein og óbein.
9. Þjóðeignir, alþjóðlegar stofnanir og sjóðir.

Meðan Ísland hefur ekki fulltrúa á ríkisþinginu, en það er komið bæði

undir hinu sjerstaka löggjafarvaldi landsins, konungi og alþingi, og löggjafarvaldi ríkisins, leggur landið ekkert til almennra ríkisþarfa. En á hinn bóginn tekur það heldur engan þátt á meðan í löggjafarvaldinu um almenn ríkismál.

3. gr. *Konungur hefur hið æðsta vald í öllum hinum sjerstöku málefnum landsins með þeim takmörkunum, sem settar eru í stjórnarskrá þessari. Konungur tekur sjer ráðgjafa fyrir Ísland og víkur honum úr völdum. Undirskript konungs undir ályktanir þær, er snerta löggjöf og stjórn, veitir þeim gildi með þeim takmörkunum, sem settar eru í stjórnarskrá þessari, þá er ráðgjafi hans fyrir Ísland skrifar undir með honum. Ráðgjafi þessi ber ábyrgð á ályktunum þeim, er hann ritar undir með konungi. Alþingi kemur fyrir sitt leyti ábyrgð fram á hendur honum eptir þeim reglum, er nákvæmara verður skipað fyrir um með lögum.*

4. gr. Konungur skal vinna eið að stjórnarskrá Íslands. Af eiðstaf konungs skal gjöra 2 samhljóða frumrit, og skal senda alþingi annað þeirra til geymslu, en hitt skal geyma í leyndarskjalasafninu.

5. gr. Konungur er ábyrgðarlaus; hann er heilagur og friðhelgur.

6. gr. *Konungur skipar landstjóra, sem hefur aðsetur sitt í landinu, og víkur honum frá völdum. Konungur lætur landstjóra í nafni sínu og umboði framkvæma hið æðsta vald í hinum sjerstöku málefnum landsins, nema öðruvísi sje fyrir mælt í stjórnarskrá þessari (sbr. 3., 6., 7., 17. og 71. gr.). Landstjóri skal vinna eið að stjórnarskránni. Laun hans skal ákveða með lögum.*

7. gr. *Landstjóri tekur sjer ráðgjafa og víkur þeim úr völdum. Hvar sem ráðgjafar eru nefndir í stjórnarskrá þessari, er átt við ráðgjafa landstjórans, nema berlega sje nefndur „ráðgjafinn fyrir Ísland“. Ráðgjafarnir hafa á hendi stjórnarstörfin innanlands og bera ábyrgð á þeim. Ábyrgð þessa skal ákveða með lögum.*

Undirskript landstjóra undir ályktanir þær, er snerta löggjöf og stjórn, veitir þeim gildi með þeim takmörkunum, sem settar eru í stjórnarskrá þessari, þá er einhver ráðgjafanna eða fleiri þeirra skrifa undir með honum. Ráðgjafi, sem undir ályktun ritar með landstjóra, ber ábyrgð á henni.

Nú hefur landstjóri staðfest lög, sem konungi þykja viðsjárverð sakir sambands Íslands við Danmörku, og getur hann þá ónýtt staðfesting landstjórans á þeim lögum, ef hann gjörir það innan árs, frá því er lögin hafa birt verið á lögboðinn hátt á Íslandi. Ónýting þessi fellir þá lögin úr gildi frá þeim tíma, er hún verður heyrum kunn á hverjum stað fyrir sig, þó hvergi síðar en 8 vikum eptir að hún hefur birt verið á þann hátt, sem lögboðið er um lagabirtingar. — Staðfestingar konungs þarf til breytingar á stjórnarskránni eða viðauka við hana, svo sem síðar er fyrir mælt í 71. gr.

8. gr. Ráðgjafar skulu eigi vera fleiri en þrír, og skal einn vera æðstur þeirra. Landstjóri og ráðgjafar eru landsráð, og landstjóri forseti þess. Í landsráðinu skal ræða lagafrumvörp öll og mikilsverð stjórnarmálefni. Deyi landstjóri eða hindrist á annan hátt, stendur hinn æðsti ráðgjafi fyrir stjórn, þangað til konungur nefnir annan landstjóra, eða landstjóri tekur aptur við stjórninni.

9. gr. Landstjóri eða neðri deild alþingis getur kært ráðgjafana fyrir embættisrekstur þeirra. Í þeim málum dæmir landsdómur.

10. gr. Landstjóri veitir öll þess konar embætti, sem konungur hefur veitt hing-

að til. Breyting má á þessu gjöra með lögum. Engan má skipa embættismann í landinu, nema hann hafi hin almennu rjettindi innborinna manna, og þar á ofan hafi fært sönnur á, að hann hafi fullnægt hinum gildandi ákvæðum um kunnáttu í máli landsins. Hver embættismaður skal vinna eið að stjórnarskránni. — Landstjóri getur vikið embættismönnum frá, og fer þá um eptirlaun þeirra, svo sem lög mæla fyrir. Landstjóri getur flutt embættismenn úr einu embætti í annað, þó svo, að þeir missi einskis í af embættistekjum, og að þeim sje gefinn kostur á að kjósa, hvort þeir vilji heldur embættaskiptin, eða þá lausn frá embætti með eptirlaunum þeim, sem almennar reglur ákveða. Með lögum má undan skilja ýmsa embættismannaflokka, auk embættismanna þeirra, sem nefndir eru í 53. grein.

11. gr. Landstjóri stefnir saman reglulegu alþingi annaðhvort ár. Án samþykkis landstjóra má þingið eigi setu eiga lengur en 10 vikur. Breyta má þessum ákvæðum með lögum.

12. gr. Landstjóri getur frestað fundum hins reglulega alþingis um tiltekinn tíma, en þó ekki lengur en 4 vikur, nema alþingi samþykki það, og ekki nema einu sinni á ári.

13. gr. *Landstjóri getur rofið neðri deild alþingis, og skal þá stofna til nýrra kosninga, áður 2 mánuðir sjeu liðnir, frá því deildin var rofin, og skal þá stefna alþingi saman næsta ár á eptir, að deildin var rofin. Þó má landstjóri eigi rjúfa neðri deild reglulegs alþingis án samþykkis deildarinnar, eptir að hann hefur stefnt reglulegu alþingi saman, eða það er saman komið samkvæmt 24. gr., fyrri en það hefur saman verið 10 vikur.*

14. gr. Landstjóri getur stefnt alþingi saman til aukafunda, og ræður hann, hversu langa setu það þá skuli eiga.

15. gr. Landstjórnin getur lagt fyrir alþingi frumvörp til laga og ályktana.

16. gr. *Landstjóri annast um, að lögin verði birt og að þeim verði fullnægt. Sje lagafrumvarp, sem alþingi hefur samþykkt, eigi staðfest á undan næsta reglulegu alþingi, er það fallið niður.*

17. gr. Þegar brýna nauðsyn ber til, getur konungur eða landstjóri gefið út bráðabirgðalög milli alþinga; þó mega slík lög eigi koma í bága við stjórnarskrána, enda falla þau úr gildi, nema næsta alþingi á eptir samþykki þau. *Eigi má gefa út bráðabirgða-fjárlög fyrir það fjárhagstímabil, er fjárlög eru samþykkt fyrir af alþingi.*

18. gr. Landstjóri veitir leyfi þau og undanþágur frá lögum, sem tíðkazt hafa, eptir reglum þeim, sem farið hefur verið eptir hingað til.

19. gr. *Landstjóri* náðar menn og veitir almenna uppgjöf á sökum. Ráðgjöfunum getur hann eigi gefið upp sakir fyrir brot á stjórnarskránni nje fyrir önnur brot, sem landsdómur hefur dæmt þá fyrir, nema því að eins, að neðri deild alþingis samþykki.

II.

20. gr. *Á alþingi eiga sæti 36 menn; í fyrsta skipti, sem alþingi kemur saman samkvæmt stjórnarskrá þessari, taka sæti 32 þjóðkjörnir alþingismenn og 4 alþingismenn, er landstjóri kveður til þingsetu.*

Alþingi skiptist í tvær deildir, efri þingdeild og neðri þingdeild. Í efri

deildinni sitja 12 þingmenn, en 24 í neðri deildinni. Tölu alþingismanna og tölu þingmanna í deildunum má breyta með lögum. Alþingismenn þeir, er landstjóri kveður til þingsetu, eiga allir sæti í efri deildinni, en hina þingmennina í efri deildina kjósa hinir þjóðkjörnu þingmenn úr sínum flokki með óbundnum kosningum.

21. gr. *Alþingismenn í efri deildinni eiga sæti í deildinni, þangað til þeir eru sjötugir að aldri. Verði nokkurt sæti laust í efri deildinni, kýs neðri deild með óbundnum kosningum mann úr sínum flokki í hið lausa sæti.*

Kosning alþingismanna í neðri deild gildir venjulega fyrir 6 ára tímabil. Stytta má tímabil þetta með lögum. Deyi nokkur alþingismaður í neðri deild eða fari frá, meðan á kjörtíma neðri deildar stendur, skal kjósa mann til þingsetu fyrir það tímabil, sem eptir er af kjörtímanum.

22. gr. Kosningarrjett til alþingis hafa:

a. allir búandi menn, húsmenn, borgarar, þurrabúðarmenn og aðrir húsráðendur, sem greiða gjald til almennra þarfa;
b. embættismenn;
c. þeir, sem tekið hafa lærdómspróf við háskólann, prestaskólann eða læknaskólann í Reykjavík, eða eitthvert annað þess háttar opinbert próf, sem nú er, eða kann að verða sett, þó ekki sjeu þeir í embætti, ef þeir eru ekki öðrum háðir.

Þó getur enginn átt kosningarrjett, nema hann sje orðinn fullra 25 ára að aldri, þegar kosningin fer fram, hafi óflekkað mannorð, hafi verið heimilisfastur í kjördæminu 1 ár, sje fjár síns ráðandi og honum sje ekki lagt af sveit, eða, hafi hann þegið sveitarstyrk, að hann þá hafi endurgoldið hann, eða honum hafi verið gefinn hann upp.

23. gr. Kjörgengur til alþingis er hver sá, sem hefur kosningarrjett samkvæmt því, sem nú var sagt, ef hann:

1. ekki er þegn annars ríkis eða er í þjónustu þess;
2. hefur að minnsta kosti síðustu 5 ár verið í löndum þeim í norðurálfunni, sem liggja undir Danaveldi.

Engan má kjósa í autt sæti í efri deild, nema hann hafi setið á tveimur reglulegum alþingum.

Kjósa má þann mann, sem á heima utan kjördæmis, eða hefur verið innan kjördæmis skemur en eitt ár.

Með lögum má veita konum kosningarrjett og kjörgengi til alþingis.

Nákvæmari reglur um kosningarnar verða settar í kosningarlögum.

III.

24. gr. Alþingi skal koma saman fyrsta virkan dag í júlímánuði annaðhvort ár, hafi landstjóri ekki tiltekið annan samkomudag sama ár.

Með lögum má ákveða, að hið reglulega alþingi komi optar saman eður á öðrum tíma.

25. gr. Samkomustaður alþingis er í Reykjavík. Þó getur landstjóri eptir atvikum skipað fyrir um, að alþingi komi saman á öðrum stað í landinu.

26. gr. Alþingi er friðheilagt. Enginn má raska friði þess eða frelsi.

27. gr. Alþingi sker sjálft úr, hvort þingmenn þess sjeu löglega kosnir.

28 gr. Sjerhver nýr þingmaður skal vinna eið að stjórnarskránni, undireins og viðurkennt er, að kosning hans sje gild.

29. gr. Alþingismenn eru eingöngu bundnir við sannfæring sína og eigi við neinar reglur frá kjósendum sínum.

Embættismenn þeir, sem kosnir eru til alþingis, þurfa ekki leyfi stjórnarinnar til þess að þiggja kosninguna, en skyldir eru þeir til að annast um, að embættisstörfum þeirra verði gegnt án kostnaðar fyrir landssjóðinn.

30. gr. Hvor þingdeild á rjett á, að bera upp frumvörp til laga og ályktana og samþykkja þau fyrir sitt leyti; einnig má hvor þingdeildin fyrir sig senda konungi eða landstjóra ávörp.

31. gr. Hvor þingdeild getur sett nefndir af þingmönnum til þess, að rannsaka mikils-varðandi málefni. Þingdeildin getur veitt nefndum þessum rjett á, að heimta skýrslur, munnlegar og brjeflegar, bæði af embættismönnum og öðrum.

32. gr. Engan skatt má á leggja, nje breyta, nje af taka, nema með lögum; ekki má heldur án lagaákvæða taka lán, er skuldbindi landið, nje selja eða á annan hátt láta af hendi neina af fasteignum landsins, nje skerða þann hluta viðlagasjóðs, sem ákveðinn verður með lögum.

33. gr. Ekkert gjald má greiða af hendi, nema heimild sje til þess í fjárlögum eða fjáraukalögum.

34. gr. Jafnskjótt sem hið reglulega alþingi er komið saman, skal leggja fyrir það frumvarp til fjárlaga fyrir fjárhagstímabilið, sem í hönd fer. Með tekjunum skal telja bæði hið fasta tillag og aukatillagið úr hinum almenna ríkissjóði.

Gjöld, sem ákveðin eru með eldri lögum, tilskipunum, konungsúrskurðum eða öðrum gildum ákvæðum, skal, þangað til breyting verður á því gjörð með lögum, til færa í fjárlögunum, svo sem gjöld þessi hafa ákveðin verið.

Frumvarpið til fjárlaganna og eins frumvörp til fjáraukalaga skal jafnan fyrst leggja fyrir neðri deild alþingis.

35. gr. Hvor þingdeild kýs yfirskoðunarmann, og skulu þeim veitt laun fyrir starfa sinn. Yfirskoðunarmenn þessir eiga að gagnskoða reikninga hvers árs um tekjur og gjöld landsins, og gæta þess, að tekjur landsins sjeu þar allar taldar og að ekkert hafi verið goldið út án heimildar. Þeir geta krafizt, að fá allar skýrslur þær og skjöl, sem þeim þykir þurfa. Síðan skal semja reikning fyrir fjárhagstímabilið, og leggja hann fyrir alþingi, ásamt með athugasemdum yfirskoðunarmanna, til fullnaðarúrslita.

36. gr. Ekkert lagafrumvarp má samþykkja til fullnaðar, fyr en það hefur verið rætt þrisvar í hvorri þingdeild.

37. gr. Þegar lagafrumvarp er samþykkt í annari hvorri þingdeildinni, skal það lagt fyrir hina þingdeildina í því formi, sem það er samþykkt í. Verði þar breytingar á gjörðar, gengur það aptur til hinnar fyrri þingdeildar. Verði hjer aptur gjörðar breytingar, fer frumvarpið af nýju til hinnar deildarinnar. Gangi þá enn eigi saman, ganga báðar deildirnar saman í eina málstofu, og leiðir alþingi þá málið til lykta eptir eina umræðu. Þegar alþingi þannig myndar eina málstofu, þarf til þess, að gjörð verði fullnaðarályktun á máli, að tveir þriðjungar þingmanna úr hvorri deild sjeu á fundi og eigi þátt í atkvæðagreiðslunni; ræður þá atkvæðafjöldi úrslitum um hin einstöku málsatriði, en til þess að lagafrumvarp, að undanskildum frumvörpum til fjárlaga og fjáraukalaga, verði samþykkt í heild

sinni, þarf aptur á móti að minnsta kosti, að tveir þriðjungar atkvæða þeirra, sem greidd eru, sjeu með frumvarpinu.

38. gr. Meðan alþingi stendur, má ekki taka neinn alþingismann fastan fyrir skuldir án samþykkis þeirrar deildar, er hann situr í, nje heldar setja hann í varðhald eða höfða mál á móti honum, nema hann sje staðinn að glæp.

Enginn alþingismaður verður krafinn til ábyrgðar utan þings fyrir það, sem hann hefur talað á þinginu, nema þingdeildin, sem hann á sæti í, leyfi.

39. gr. Ef sú breyting, er sviptir mann kjörgengi, verður á högum þess manns, er löglega er kosinn, *hvort sem er til efri eða neðri deildar*, missir hann rjett þann, er kosningunni fylgir.

40. gr. Ráðgjöfunum skal heimilt vegna embættisstöðu sinnar að sitja á alþingi, og eiga þeir rjett á að taka þátt í umræðunum, eins opt og þeir vilja, en gæta verða þeir þingskapa.

Atkvæðisrjett hafa ráðgjafar því að eins, að þeir sjeu kosnir alþingismenn.

41. gr. Hvor þingdeild og eins hið sameinaða alþingi kýs sjálft forseta sinn og varaforseta.

42. gr. Hvorug þingdeildin má gjöra ályktun um neitt, nema að minnsta kosti tveir þriðjungar þingmanna sjeu á fundi og greiði þar atkvæði.

43. gr. Heimilt er þingmanni að bera upp í þeirri þingdeild, er hann á sæti í, hvert það málefni, er almenning varðar, ef þingdeildin leyfir, og beiðast skýrslu um það.

44. gr. Hvorug þingdeildin má taka nokkurt málefni til meðferðar á þingi, nema einhver þingdeildarmanna taki það að sjer til flutnings.

45. gr. Þyki þingdeild ekki ástæða til að gjöra ályktun um eitthvert málefni, þá getur hún vísað því til landstjórnarinnar.

46. gr. Fundi beggja þingdeilda og hins sameinaða alþingis skal halda í heyranda hljóði. Þó getur forseti eða svo margir þingmenn, sem til er tekið í þingsköpunum, krafizt, að öllum utanþingsmönnum sje vísað burt, og skal þá þingið eða þingdeild sú, er hlut á að máli, skera úr, hvort ræða skuli málefnið í heyranda hljóði eða eigi.

47. gr. Þingsköp hins sameinaða alþingis og beggja þingdeilda skal setja með lögum.

IV.

48. gr. Landsdómur skal skipaður dómendum hins æðsta dómstóls innanlands og öllum þingmönnum efri deildar. Ryðja má sá, er kærður er, allt að 5 menn úr dómi, þó svo, að jafnan sitji dóminn eigi færri en 2 dómendur hins æðsta dómstóls. Jafnan skal tala dómenda á stöku standa, og skal því, ef til kemur, einn úr víkja eptir hlutkesti. Landsdómur velur forseta sinn. Endi kjörtími, meðan á máli stendur í landsdómi, halda þó efrideildarmenn sæti sínu í dóminum. Rjettarfarið við dóm þennan skal ákveða með lögum.

49. gr. Landsdómur einn dæmir í þeim málum, er landstjóri eða neðri deild alþingis býr til á hendur ráðgjöfunum.

50. gr. Skipun dómsvaldsins skal ákveða með lögum.

51. gr. Dómendur skera úr öllum ágreiningi um embættistakmörk yfirvald-

anna. Þó getur sá, sem þar um leitar úrskurðar, ekki komið sjer hjá að hlýða yfirvaldsboði í bráð, með því að skjóta málinu til dóms.

52. gr. Dómsvaldið skal greina frá umboðsvaldinu með lögum.

53. gr. Dómendur skulu í embættisverkum sínum fara einungis eptir lögunum. Þeim dómendum, sem ekki hafa að auki umboðsstörf á hendi, verður ekki vikið úr embætti nema með dómi, og ekki verða þeir heldur fluttir í annað embætti á móti vilja þeirra, nema þegar verið er að koma nýrri skipun á dómstólana. Þó má veita þeim dómara, sem orðinn er fullra 65 ára gamall, lausn frá embætti, en eigi skal hann missa neins í af launum sínum.

V.

54. gr. Hin evangelisk-lúterska kirkja er þjóðkirkja landsins, og skal þjóðfjelagið því styðja hana og vernda.

Sambandinu milli þjóðkirkju og landstjórnar skal skipa með lögum.

55. gr. Landsmenn eiga rjett á að stofna fjelög til að þjóna guði með þeim hætti, sem bezt á við sannfæringu hvers eins. Þó má eigi kenna eða fremja neitt, sem er gagnstætt góðu siðferði og allsherjarreglu.

56. gr. Rjettindi trúarfjelaga þeirra, sem frábrugðin eru þjóðkirkjunni, skal ákveða með lagaboði.

57. gr. Enginn má missa neins í af þegnrjettindum sakir trúarbragða sinna, nje heldur þeirra vegna skorast undan almennum fjelagsskyldum.

VI.

58. gr. Hvern, sem tekinn er fastur, skal án undandráttar leiða fyrir dómara, og sje hann þá eigi þegar látinn laus, skal dómari, áður sólarhringur sje liðinn, leggja rökstuddan úrskurð á, hvort hann skuli í varðhald setja. Megi láta hann lausan móti veði, skal ákveða í úrskurðinum, hvert eða hversu mikið það skuli vera. Dómari og aðrir, sem viðriðnir eru, bera ábyrgð fyrir þeim, sem tekinn er fastur eða hindraður á annan hátt.

Úrskurði dómara má þegar skjóta til æðra dóms, og fer um birting og áfrýjun slíks úrskurðar sem um birting og áfrýjun dóms í sakamálum. Engan má setja í gæzluvarðhald fyrir sök, er að eins varðar fjársekt eða einföldu fangelsi.

59. gr. Heimilið er friðheilagt. Ekki má gjöra húsleit nje kyrrsetja brjef og önnur skjöl, nje rannsaka þau, án dómsúrskurðar, nema lög sjerstaklega leyfi.

60. gr. Eignarrjetturinn er friðhelgur. Engan má skylda til að láta af hendi eign sína, nema almenningsþörf krefji; þarf til þess lög og komi fullt verð fyrir.

61. gr. Öll bönd þau, sem hamla frelsi í atvinnuvegum og jafnrjetti manna til atvinnu, og eigi eru byggð á almenningsheillum, skal aftaka með lögum.

62. gr. Sá, sem ekki getur sjeð fyrir sjer og sínum, og sje hann ekki skyldu ómagi annars manns, skal eiga rjett á að fá styrk úr almennum sjóði, en þá skal hann háður vera takmörkunum þeim, er lögin áskilja.

63. gr. Hafi foreldri eigi efni á að fræða sjálf börn sín, eða sjeu börnin munaðarlaus og öreigar, er það skylda þjóðfjelagsins, að sjá þeim fyrir uppfræðingu og framfæri.

64. gr. Hver maður á rjett á, að láta í ljósi hugsanir sínar á prenti; en þó verður hann að ábyrgjast þær fyrir dómi. Ritskoðun og aðrar tálmanir fyrir prentfrelsi má aldrei lögleiða.

65. gr. Rjett eiga menn á að stofna fjelög í sjerhverjum löglegum tilgangi, án þess að leyfi þurfi að fá til þess. Ekkert fjelag má rjúfa með stjórnarráðstöfun. Þó má banna fjelag um stundarsakir, en þá verður þegar að búa mál til á hendur fjelaginu, til þess að það verði rofið.

66. gr. Rjett eiga menn á að safnast saman vopnlausir. Lögreglustjórninni er heimilt að vera við almennar samkomur. Banna má mannfundi undir berum himni, þegar uggvænt þykir, að af þeim leiði óspektir.

67. gr. Hver vopnfær maður er skyldur að taka sjálfur þátt í vörn landsins eptir því, sem nákvæmar verður ákveðið með lögum.

68. gr. Rjetti sveitarfjelaganna til að ráða málefnum sínum skal skipa með lögum.

69. gr. Skattgjaldamálum skal skipa með lögum.

70. gr. Öll sjerstakleg rjettindi, er lögin hafa bundið við nafnbætur og tign, skulu vera af tekin.

VII.

71. gr. Frumvörp, hvort heldur er til breytinga eða viðauka á stjórnarskrá þessari, má bera upp bæði á reglulegu alþingi og auka-alþingi. Nái frumvarpið um breyting á stjórnarskránni samþykki beggja þingdeildanna, skal rjúfa *neðri deild þá þegar* og stofna til almennra kosninga af nýju. Samþykki hið nýkosna alþingi frumvarpið óbreytt, og nái það staðfesting konungs, þá hefur það gildi sem stjórnarlög.

72. gr. Þá er stjórnarskipunarlög þessi eru staðfest, og landstjórn skipuð samkvæmt 6. og 7. gr. þeirra, er stjórnarskrá um hin sjerstaklegu málefni Íslands 5. dag janúarmánaðar 1874 numin úr gildi.

Ákvæði um stundarsakir.

Í íslenzkum málum, þeim er eigi skal dæma í landsdómi samkvæmt þessum stjórnarskipunarlögum, verður engin breyting gjörð á stöðu hæstarjettar í Danmörku sem æðsta dóms, án þess að hið almenna löggjafarvald ríkisins taki þátt í því.

Nd. **286. Frumvarp**

til laga um breyting á lögum 14. jan. 1876 um tilsjón með útflutningum. — Eptir 3. umr. í Ed.

Hin konunglegu póstgufuskip eru hjer eptir undirgefin sömu tilsjón og skilyrðum að öllu leyti sem önnur skip, þá er þau flytja útfara hjeðan frá landi.

Ed. **287. Frumvarp**

til laga um eignrjett á sömdu máli. — Eptir 2. umr. í Ed.

1. gr. Höfundur hver á eignrjett á því, er hann hefur samið og eigi út gefið; þannig að enginn annar má án hans leyfis gefa það út á prenti eður margfalda það á

annan því líkan hátt. Sama rjett öðlast sá, er við gjöf, arf, kaup eða annan löglegan hátt hefur fengið útgáfurjettinn.

2. gr. Hafi höfundur gefið út hjer á landi rit á íslenzku, þá má enginn annar en hann eða sá, sem þann rjett hefur öðlazt samkvæmt þessum lögum, gefa það út aptur. Nú gefur höfundur út hjer á landi rit á öðru máli en íslenzku, og á þá hver maður rjett á að gefa út þýðing á íslenzku af því, nema höfundur gefi út sjálfur slíka þýðing innan árs, enda hafi á titilblaði rits síns áskilið sjer slíkan rjett eða lýst því, að hann mundi neyta hans.

3. gr. Rit, sem prentuð eru erlendis, njóta engrar verndar hjer á landi að því er til eignrjettar kemur, þó að höfundur þeirra, útgefandi eða kostnaðarmaður sjeu hjerlendir. En útlendir menn, er gefa út hjerlendis rit á íslenzku máli, njóta verndar á eignrjetti sínum eptir lögum þessum.

4. gr. Nú selur maður prentrjett að riti sínu, og nær þá eignrjettur kaupanda til einnrar prentunar (útgáfu) að eins, nema berlega sje öðruvísi um samið. Enginn samningur eða gjörningur um kaup eða sölu á útgáfurjetti rits er gildur, nema skriflegur sje og við vitundarvotta gjör.

5. gr. Nú hefur höfundur birt ritgjörð í blaði, tímariti eður ritsafni, enda sje ritgjörðin eigi að vöxtum verulegasti hluti safnsins, og á þá kostnaðarmaður eður útgefandi eignrjett á ritgjörðinni í 5 ár, nema öðruvísi sje um samið, nema blað það, tímarit eður ritsafn eður sá hluti þess, sem ritgjörðin er í, verði fyrr uppseldur eður ófáanlegur við upphaflegu verði hjá útgefanda. En þá hverfur eignrjettur aptur til höfundar.

6. gr. Eignrjettur að sömdu máli gengur í arf til ekkju höfundar, eður ekkils, ef höfundurinn var kona, en hafi höfundur ókvæntur verið eður ógipt, þá gangi rjetturinn að erfðum til lífserfingja hans, ef hann á nokkurn, en ella til annara lögarfa.

7. gr. Arfleiða má höfundur hvern, er hann vill, að eignrjetti samins máls eður og selja eður gefa eignrjettinn eptir sig látinn. Ef hann arfleiðir annan að eignrjettinum eða gefur hann sem dánargjöf, þá skal rjetturinn eigi til verðs metinn gagnvart öðrum eptirlátnum eigum hans, nema hann hafi sjálfur svo til skilið.

8. gr. Eignrjettur að sömdu máli, svo sem nú var greint, helzt lífstíð höfundar alla, og 50 ár eptir hann látinn. Nú er rit eða ritgjörð eptir höfund eigi gefin út fyr en að honum látnum og helzt þá eignrjettur á ritinu í 50 ár frá því, er það kom út fyrsta sinn. Eptir þennan tíma er hverjum frjálst, er vill, að gefa út ritin. — Rit, sem út koma án nafns höfundar, njóta sömu verndar í 50 ár frá því þau koma út í fyrsta sinn. Nú gefur höfundur sjálfur nafn sitt til kynna, eður einhver annar nefnir hann, er til þess hefur umboð hans, annaðhvort á nýrri prentun (útgáfu) ritsins eður með auglýsingu, sem birt er á sama hátt, sem lögboðinn er eða verður fyrir auglýsingar, er almenning varðar, og fer þá um eignrjett á ritinu eins og höfundur hefði nafngreint sig þegar í fyrstu, er ritið kom út.

9. gr. Nú hefur rit, sem áður kom út, eigi verið fáanlegt hjá kostnaðarmanni þess við frumverði í 5 ár, og má þá hver, sem vill, gefa það rit út á ný.

10. gr. Þýðingar af öðru máli á íslenzku njóta sama rjettar sem frumrit. En heimilt er að gefa út nýja, sjálfstæða þýðing á riti, þótt annar höfundur hafi áður þýtt hið sama rit.

Viðbætur, athugasemdir og skýringar við eldri rit skoðast sem frumrit, þannig að ef eignrjettur að aðalritinu er undir lok liðinn, má þó enginn gefa það út með þessum skýringum, viðbótum eða athugasemdum, nema höfundur þeirra, meðan eignrjettur helzt á þeim.

11. gr. Það er brot gegn lögum þessum að prenta upp rit, er annar á eignrjett á, þótt á því sjeu gjörðar óverulegar eður þýðingarlausar breytingar, hvort heldur breytingarnar eru fólgnar í efni eða orðfæri.

12. gr. Heimilt er blöðum eða tímaritum að taka upp greinar úr blöðum eða öðrum tímaritum, án þess að varði við lög þessi, nema við þær greinir hafi prentað verið, að eptirprentun væri bönnuð; en tilgreina skal þá blað það eður tímarit, er greinin er úr tekin, ella varði við lög sem eptirprentun.

13. gr. Eigi er það saknæm eptirprentun að tilfæra orð eða setningar úr annars manns riti. Sama er um það, að heimilt er að taka einstök kvæði, ritgjörðir eður ritgjörðar-kafla upp í sýnisbækur af bókmenntum (*anthologíur* og *chrestomatíur*), alþýðlegar lesbækur eður önnur slík ritsöfn, eður sem sýnishorn í bókmenntasögur, ritdómlegar bækur eður ritgjörðir eður því um líkt, en aldrei má í sýnisbókum taka eptir einn höfund meira en nemi sjöttungi ritsafnsins, án samþykkis þess eður þeirra, er rjettan hlut eiga að máli.

14. gr. Nú kemur rit út í fleiri bindum en einu, og skal þá það, sem á einu ári kemur út af því, skoðast sem eitt rit, að því er til ákvæða þessara laga kemur.

15. gr. Að því er til þeirra rita kemur, sem eldri eru en gildi laga þessara, skulu allir frestir teljast frá gildisdegi laganna, nema fresturinn í 9. gr.; hann gildir jafnt um eldri rit sem nýrri.

16. gr. Sá, sem hjer á landi selur rit, sem erlendis er út komið, og skerðir eignrjett annars eptir lögum þessum, er sjálfur jafnsekur sem hefði hann látið prenta það hjer.

17. gr. Þá er brot gegn lögum þessum fullkomnað, er eitt eintak er fullprentað.

18. gr. Ræður á alþingi, í amtsráðum, sýslunefndum, hreppsnefndum, kjörþingum og hvers kyns samkomum um almenn mál, má hver prenta er vill, nema höfundurinn hafi sjálfur gefið hana út á undan öðrum.

Lög, dóma, dómskjöl og önnur skjöl, er fyrir rjett hafa lögð verið eður þinglesin, eður hvers konar skjöl, er í embættisnafni eður almennri þjónustu hafa skráð verið, má hver prenta, er vill; dómskjöl í einka-málum þó að eins með samþykki annarshvors málsaðila.

19. gr. Brot gegn 12. gr. laga þessara varðar sektum frá 1—20 krónum, hvort heldur það er af ásetningi eður vangá orðið.

20. gr. Brot gegn öðrum ákvæðum laga þessara sæti 10 – 1000 kr. sektum. Bæta skal höfundi eður eiganda prentrjettar fullum bótum allt tjón, er af þessu leiðir fyrir hann eptir mati óvilhallra dómkvaddra manna; hafi ritið áður verið út gefið, skal meta bæturnar með hliðsjón af bóksöluverði því, er áður var á því og tölu þeirra eintaka, er líklegt má ætla að seld hafi verið. Eintök þau, er ólöglega eru prentuð og eigi eru seld, skulu upptæk vera og falla til þess, er útgáfurjettinn átti ef hann vill, nema rjetti þriðja manns verði með því hallað. En eigi skal tillit taka til þess, þá er bætur eru ákveðnar, þó að eigandi útgáfurjettar fái eintök þessi sjer afhent.

21. gr. Lög þessi öðlast gildi 1. jan. 1890.

Nd. **288. Frumvarp**

til laga um breytingu á 4. gr. í lögum 18. sept. 1885 um stofnun landsbanka. — Eptir 2. umr. í Nd.

Seðlarnir skulu gjaldgengir í landssjóð og aðra almannasjóði hjer á landi, og eru

hjer manna á milli gjaldeyrir með fullu ákvæðisverði. Engum öðrum en landssjóði er heimilt að gefa út brjefpeninga hjer á landi. Jafnan skal bankinn hafa til taks í gulli og silfri $^1/_5$ af andvirði þeirra seðla, sem í veltu eru meðal manna, og má í bankanum fá seðlum skipt gegn öðrum seðlum, gulli og silfri.

Ed. **289. Frumvarp**

til laga um stofnun stýrimannaskóla á Íslandi. Eptir 3. umr. í Nd.

1. gr. Í Reykjavík skal stofna stýrimannaskóla, til þess að gefa mönnum kost á kennslu í siglingafræði og til þess að búa lærisveina skólans undir íslenzk stýrimannspróf, hið minna og hið meira. Við skóla þennan setur stjórnarráð Íslands fastan kennara með 1500 kr. launum á ári. Til húsnæðis fyrir skólann með eldivið og ljósi veitast 300 kr. Til tímakennslu við skólann veitast allt að 600 kr.

Stiptsyfirvöldin skulu hafa umsjón yfir kennslunni, og skipa fyrir það, sem með þarf, um tilhögun á henni, niðurskipun kennslu-stunda, inntöku lærisveina í skólann o. fl. Kennsluna skal veita lærisveinum ókeypis.

Skólanum skal á kostnað landssjóðs fengin áhöld þau, er þörf er á við kennsluna.

2. gr. Til hins íslenzka minna stýrimannsprófs útheimtist:

1. kunnátta í fræðinni um almenn brot, tugabrot, hlutföll talna, notkun logarithma, í grundvallaratriðum flatamálsfræðinnar, og útreikningi hins rjetthyrnda þríhyrnings eptir þríhyrningafræðinni;
2. þekking á jarðarhnettinum, lögun hans og stærð, línum á yfirborði hans, breidd og lengd;
3. þekking á tilhöguninni á áttavitanum og notkun hans, á misvísun, inklination og deviation og hvernig hún verður fundin, á tilhögun og notkun skiphraðamælisins og grunnsökkunnar;
4. skyn á sjávaruppdráttum yfir höfuð;
5. þekking á dagbókarhaldi og leiðarreikningi eptir töflum þeim, sem til þess eru gjörðar, að kunna að marka stað skips á uppdrættinum, bæði eptir breidd og lengd, og með því að taka mið á landi; þekking á straumi, og á því, hvað skip hefur borið af leið, og að kunna að ákveða stefnu til og vegalengd til tiltekins staðar;
6. þekking á himinhvolfinu og hinni daglegu hreifingu, á mælistigakerfi himinhvolfsins, á því, að ákveða afstöðu himintungla, á sólinni og hreifingu hennar sjálfrar;
7. þekking á áttungs- eða sjöttungsmæli, og að kunna að prófa og leiðrjetta stöðu speglanna; að kunna að mæla hæð himintungls og horn milli hluta á jörðunni;
8. þekking á mælingu og skiptingu tímans;

9. Þekking á leiðrjettingum þeim, sem við eru hafðar við hina mældu hæð sólarinnar;
10. að kunna að finna hvenær sólin rennur upp eða gengur undir;
11. að kunna að finna misvísun með sólmiðun;
12. að kunna að finna breiddina með því að mæla hæð sólarinnar í hádegisbaug;
13. að kunna að finna hvenær flóð verður og fjara;
14. Þekking á reglum þeim, er fylgja skal, til að komast hjá ásiglingum.

3. gr. Til hins meira íslenzka stýrimannsprófs útheimtist allt það, sem útheimtist til hins minna prófs, og enn fremur:

1. Þekking á veldi og rót, á logarithmum, á reikningi með játandi og neitandi stærðum, á þríhyrningum, er falla saman eða eru eins lagaðir, á mælikvörðum lína og horna, á því, hvernig teikna skal hinar almennustu myndir flatamálsfræðinnar, á mælingu flata og líkama og á stærðum þríhyrningafræðinnar;
2. Þekking á himintunglum yfir höfuð;
3. að kunna að finna breiddina með því að mæla hæð sólarinnar fyrir utan hádegisbaug;
4. að kunna að fara með sjó-úr og nota það, að ákveða stöðu þess eptir hæð sólar, eptir tímamerki eða eptir öðru úri, er staða þess er kunn, og að ákveða hinn daglega gang sjó-úrsins;
5. að kunna að ákveða stað skips með staðarlínum, byggðum á athugun sólar;
6. að kunna að finna lengdina með sjó-úrinu og hæð sólarinnar;
7. að þekkja björgunarverkfærin og notkun þeirra;
8. að kunna að nota hina alþjóðlegu merkjabók og hin alþjóðlegu veðurmerki;
9. að geta samið grein á íslenzku með glöggu orðfæri um tiltekið efni, er snertir sjóferðir, og ritað hana með skýrri rithönd og sæmilegri rjettritun;
10. að hafa lesið kafla í danskri bók, eigi minni en 200 bls., og geta útlagt hann munnlega á íslenzku, að geta gjört ljettan danskan stýl og geta talað um hversdagsefni á dönsku svo skiljanlegt sje;
11. að hafa lesið kafla í enskri bók, eigi minna en 100 bls., og geta útlagt hann munnlega á íslenzku;
12. að þekkja hin helztu lagaákvæði, er snerta rjett og skyldur skipstjóra.

4. gr. Prófin eru bæði munnleg og skrifleg. Þau skulu haldin opinberlega af prófnefnd, og skal fyrir þeim standa sá af nefndarmönnum, sem landshöfðingi skipar sem oddvita. Við hið minna stýrimannspróf eru í henni hinn fasti kennari við skólann og tveir aðrir menn, er landshöfðingi setur til þess í hvert skipti, annan eptir uppástungu stiptsyfirvaldanna, en hinn eptir uppástungu bæjarstjórnarinnar í Reykjavík. Við hið meira stýrimannspróf eru í prófnefndinni hinn fasti kennari við skólann og tveir menn aðrir, er stjórnarráð Íslands setur til þess í hvert skipti; til að eiga þátt í að dæma um kunnáttu í atriðum þeim, sem nefnd eru í 4 síðustu töluliðum 3. greinar, getur þó landshöfðingi sett tvo

aðra menn. Kennarinn í hverri grein heldur hið munnlega próf, en verkefnin til skriflega prófsins í stærðafræði og siglingafræði skal stýrimannakennslu-forstjórinn í Kaupmannahöfn búa til og senda landshöfðingja í umslagi, sem innsigli er sett fyrir.

5. gr. Stjórnarráð Íslands setur ákvarðanir þær, sem með þarf, viðvíkjandi tilhögun á prófinu.

Þeim, sem prófið hefur tekið, skal veitt skýrteini um það, og skal þar telja þær kennslugreinir, sem hann hefur verið reyndur í, og tilgreina í tölum einkunn þá, sem gefin er, og jafnframt bæði hina lægstu tölu, er útheimtist til að standast prófið, og hina hæstu tölu, sem unnt er að ná við það, og skulu allir nefndarmennirnir undirskrifa skýrteinið.

Nöfn þeirra, sem undir próf ganga, skal rita í bók, sem til þess er löguð, og sem stiptsyfirvöldin geyma; skal í henni skýrt frá fullu nafni hvers eins, fæðingarstað, fæðingar-degi og ári, svo og frá einkunn þeirri, sem gefin var við prófið.

6. gr. Rjett til þess að ganga undir hin íslenzku stýrimannspróf eptir reglum þeim, sem settar eru að framan, eiga ekki að eins lærisveinar stýrimannaskólans, heldur og hver sá, sem 3 mánuðum áður en prófið er haldið, sendir til stiptsyfirvaldanna beiðni um að mega ganga undir próf, og skal henni fylgja vottorð um kunnáttu hans frá þeim manni eða þeim mönnum, sem hafa kennt honum siglingafræði Enginn getur gengið undir hið minna próf, nema hann hafi verið háseti á þiljuskipi í 4 mánuði að minnsta kosti. Undir hið meira próf getur enginn gengið nema hann hafi verið háseti eða yfirmaður á þiljuskipi eigi skemur en 15 mánuði og að minnsta kosti þriðjunginn af þeim tíma verið í förum milli landa; svo verður hann og að sanna, að sjón hans sje svo fullkomin, sem nauðsynlegt er fyrir stýrimenn.

7. gr. Hver, sem staðizt hefur hið meira íslenzka stýrimannspróf og eptir það verið í förum í 8 mánuði, hefur rjett til að mega vera stýrimaður á seglskipum, sem eru í förum á milli landa, og sje hann búinn sem stýrimaður að vera í förum 2 ár, og á þeim tíma fara að minnsta kosti tvisvar milli landa, þá hefur hann rjett til að mega vera skipstjóri á seglskipi, er fer milli landa.

Nd. 290. Viðaukatillaga

við tillögu til þingsályktunar í reikningamáli Arnarstapa umboðs (191). — Frá Þorl. Guðmundssyni.

Aptan við 5. tölulið bætist: »Þó á annan hátt en þann, að aðrar jarðir umboðsins leggist í eyði«.

Nd. **291. Viðaukatillaga**

við breytingartillögu nefndarinnar (278) við frv. til laga um, að stjórninni veitist heimild til að selja jörðina Á í Kleifahreppi. — Frá Páli Briem.

Aptan við breytingartillöguna bætist nýr liður svohljóðandi:

6. Stóra-Langadal með hjáleigunni Klettakoti í Skógastrandarhreppi . . . 1600 kr.

Sþ. **292. Skýrsla**

um Gjöf Jóns Sigurðssonar.

Tekjur.

Eptir skýrslu, dagsettri 23. júlí 1887 átti sjóðurinn:

a.	Innritunarskírteini Ltra A fol. 93 . .	kr. 8400,00		
b.	Í landsbankanum með sparisjóðskjörum .	— 1021,50	kr. 9421	50
	Síðan hafa sjóðnum bætzt þessar tekjur:			
a.	Ársvextir af innritunarskírteini til 11. júní '88	— 294,00		
b.	—— — sama til 11. júní '89 . . .	— 294,00		
c.	—— — fje í sparisjóði til 31. des. '87	— 21,10		
d.	—— — sama til 31. des. '88 . . .	— 28,39		
e.	Vextir — veðskuldabrjefi, dags. 26. júní 1888, að upphæð 1000 kr.	— 40,00		
f.	Eptirgjald eptir ½ jörðina Gljúfurá 1885 og 1886	— 34,20		
g.	Eptirgjald eptir sömu jörð 1887 og 1888	— 38,00	— 749,69	kr. 10171,19

Gjöld:

Útgjöld sjóðsins hafa verið:

a.	Borgun fyrir 2 auglýsingar frá nefnd þeirri, sem kosin var á alþingi 1887, samkvæmt 3. gr. í „Reglum um Gjöf Jóns Sigurðssonar“	— 10,50		
b.	Verðlaun til Þorvaldar skólakennara Thoroddsen, sjá þingskjal 199	— 400,00	— 410,50	
	Eign sjóðsins 27. júlí 1889:			
a.	Innritunarskírteini Ltra A. fol. 93 . . .	— 8400,00		
b.	Veðskuldabrjef	— 1000,00		
c.	Í landsbankanum með sparisjóðskjörum .	— 360,69	— 9760,69	— 10171,19

Landshöfðinginn yfir Íslandi, Reykjavík 27. júlí 1889.

Magnús Stephensen.

Jón Jensson.

Nd. **293. Breytingartillaga**

við breytingartillögu nefndarinnar (278) við frv. til laga um, að stjórninnni veitist heimild til að selja jörðina Á í Kleifahreppi. — Frá Sigurði Jenssyni.

Fyrir: „4. Feigsdal í Dalahreppi . . . . 1700“,

komi: 4. Feigsdal í Dalahreppi . . . . 1600.

Ed. **294. Frumvarp**

til laga um eyðing sels í veiði-ám og veiði-vötnum. — Eptir 2. umr. í Ed.

Í öllum veiði-ám og veiði-vötnum, svo og í ósum þeirra, skal eyða sel á þann hátt, er hjer segir: Þrjú ár hin næstu frá því, er lög þessi eru gengin í gildi, skal hver landeigandi að veiði-ám, veiði-vötnum og ósum þeirra, eyða sel fyrir sínu landi með skotum og á annan þann hátt, er hagfelldastur er til eyðingar selnum. En síðan skal selur á tjeðum stöðum rjettdræpur vera hverjum manni. Þó skal jafnan gætt þeirra fyrirmæla laganna, að skjóta eigi nær friðlýstu eggveri en fjórðung úr mílu.

Ed. **295. Frumvarp**

til laga um stofnun ullarverksmiðju. — Eptir 3. umr. í Nd.

1. gr. Til þess að koma á fót ullarverksmiðju á Íslandi, má veita lán úr landssjóði, allt að 120,000 kr., 12000 kr. á ári í 10 ár.

2. gr. Lánið veitist vaxtalaust fyrstu 10 árin, en síðan endurborgist það með 6% á ári í 28 ár.

3. gr. Ullarverksmiðjan með byggingum, vjelum og öllu tilheyrandi, skal standa að veði fyrir láninu, enda sje hún eptir löglegri virðingu metin að minnsta kosti 120,000 kr. og vátryggð fyrir sömu upphæð, svo skal og að auk annað veð sett, er nemi að minnsta kosti 80,000 kr.

4. gr. Landsstjórnin greiðir lánið, þegar er fyrirtækið er komið á fót, og annist hún samninga og annað þess kyns, er af lögum þessum leiðir.

Nd. **296. Breytingartillaga**

við frv. til laga um tekjur presta. — Frá Þórarni Böðvarssyni.

Við 1. gr. Á eptir orðinu: „offur“ komi: frá bændum.

Ed. **297. Breytingartillaga**

við frv. til laga um viðauka og breyting á þingsköpum alþingis (260). — Frá Jóni Ólafssyni, Á. Thorsteinsson, L. E. Sveinbjörnsson og Sighvati Árnasyni.

Við 2. gr., síðustu málsgrein: Í stað: „en hafa skal sá“ komi: „en til þess að kosning sje gild, þarf sá, er kosinn er, að hafa“.

Ed. **298. Frumvarp**

til laga um uppfræðing barna. — Eptir 3. umr. í Nd.

1. gr. Öllum börnum skal kennt, auk kristindóms og bóklesturs: skript, rjettritun og í reikningi að minnsta kosti samlagning, frádráttur, margföldun og deiling í heilum tölum og tugabrotum.

2. gr. Prestar skulu sjá um, að kennsla fari fram í námsgreinum þeim, sem nefndar eru í 1. gr. Komist þeir að raun um, að börn á einhverju heimili njóti eigi fullnægjandi uppfræðingar samkvæmt lögum þessum, annaðhvort fyrir hirðuleysi eða mótþróa foreldra eða húsbænda, ber þeim í sameiningu við hrepps-

nefnd eða bæjarstjórn að gjöra ráðstöfun til, að börnunum sje veitt betri tilsögn eptirleiðis, svo lengi sem þurfa þykir. Kostnað þann, sem af þessu leiðir, eru foreldrar eða fósturforeldrar skyldir að greiða, en borga má hann fyrir fram úr sveitarsjóði, og getur hreppsnefnd heimtað hann endurgoldinn af þeim, er uppfóstursskyldan hvílir á. Kostnað þennan má taka lögtaki samkvæmt lögum 16. desbr. 1885. Fyrir börn, sem eru á sveit, skal borga kostnaðinn úr sveitarsjóði.

3. gr. Í hverju prestakalli skal árlega haldið próf að vorinu á þeim stað og tíma, sem prestur tiltekur, og skulu öll börn, sem eru á fermingaraldri, prófuð í námsgreinum þeim, sem nefndar eru í 1. gr. Fái eitthvert barn ekki aðal einkunnina *vel* í prófi þessu, verður það ekki fermt það ár. Næsta ár gengur barnið aptur undir próf og nær enn ekki aðaleinkunninni *vel*, skal þá vankunnátta í skript, rjettritun og reikningi eigi standa barninu fyrir fermingu, ef það að öðru leyti fullnægir þeim ákvæðum, er gilda um barnafermingu.

4. gr. Presturinn heldur prófið, og skal það haldið í heyranda hljóði. Við hvert próf skulu vera tveir prófdómendur, annar kosinn af sýslunefnd eða bæjarstjórn, en hinn af hlutaðeigandi sóknarnefndum; kosningin gildir til eins árs.

Nú þarf prófdómandi sá, er sýslunefnd kýs, að takast ferð á hendur út fyrir þann hrepp, sem hann er búsettur í, og ber þá að greiða honum dagpeninga úr sýslusjóði, að minnsta kosti 2 kr. á dag fyrir hvern dag, sem hann er heiman í prófdómara-erindum.

Hverju barni skal gefa vitnisburð um kunnáttu þess í hverri námsgrein, og skulu vitnisburðirnir ritaðir í bók, er prófastur löggildir. Að loknu prófi ritar prestur og prófdómendur nöfn sín í prófbókina. Skýrslu um prófið skal prestur senda prófasti með öðrum ársskýrslum áleiðis til stiptsyfirvaldanna.

5. gr. Að lokinni fermingu skal prestur gefa hverju barni fermingarvottorð, og skal þar tilgreina einkunnir þær, er barnið hefur fengið við prófið, og auk þess álit prestsins um hegðun þess.

6. gr. Lög þessi öðlast gildi 1. janúar 1891, og frá sama tíma eru úr gildi numin lög 9. janúar 1880 um uppfræðing barna í skript og reikningi.

Nd. **299. Tillögur**

til þingsályktunar í reikningamáli Arnarstapa-umboðs. — Eptir fyrri umr. í Nd.

Alþingi ályktar, að skora á landsstjórnina, að hlutast til um:

1. Að ef nokkur maður skuldar nokkuð í haust af leigum eða landskuldum eptir jarðir í Arnarstapa-, Skógarstrandar- og Hallbjarnareyrar-umboði frá 1882—1885, sem eigi eru fullnægjandi skilríki fyrir, að ófáanlegt sje, þá verði tafarlaust kyrsett svo mikið af eigum hans, er nemi skuldinni og áfallandi kostnaði, og síðan verði málinu fram fylgt með kæru til sáttanefndar, og gangi eigi saman, með lögsókn.
2. Að undir sömu skilyrðum verði farið eins að, að því er snertir eptirstöðvar frá 1886 og 1887 og landskuldir 1888, svo og leigur frá sama ári, ef þær verða eigi teknar lögtaki í tæka tíð.
3. Að þeirri reglu verði fylgt eptirleiðis, að beita lögtaksrjettinum við jarðarafgjöld, að undanteknum þeim sjerstöku tilfellum, að bæði umboðsmaður og hreppstjóri sjeu fullvissir um, að lögtak yrði árangurslaust, og að rökstutt

vottorð þeirra um það verði innsent, en annars verði umboðsmaður látinn sæta ábyrgð á því, ef lögtak er dregið svo lengi, að skuldin missi lögtaksrjett.

4. Að ef einhver flosnar upp af umboðsjörð, eða það að öðru leyti sje fyrirsjáanlegt, að einhver standi ekki í skilum, að því er snertir jarðarkúgildi eða álag á jörðina, þá bregði umboðsmaður við, og beiti sömu reglu til þess að ná því, sem unnt er, í skuldir leiguliðans til umboðsins.
5. Að það sje brýnt fyrir umboðsmanni, að hann skuli leitast við, að fá duglega ábúendur á jarðir þær, sem lausar eru eða lausar verða, þó á annan hátt en þann, að aðrar jarðir umboðsins leggist í eyði.

Ed. **300. Breytingartillögur**

við frv. til laga um hundaskatt o. fl. (271). — Frá Sighvati Árnasyni.

1. Að 3. gr. orðist þannig: „Hreppstjóri skal senda sýslumanni skýrslu um framtal hunda jafnframt öðrum framtalsskýrslum".
2. Við 4. gr.: Í staðinn fyrir „2 kr." komi: 1 kr.
3. — —— Í staðinn fyrir niðurlag greinarinnar: „Skatturinn rennur í" o. s. frv., komi: Skatturinn rennur í sýslusjóð eða bæjarsjóð.
4. — 6. gr.: Í staðinn fyrir: „Brot gegn ákvörðun þessari", komi: Brot gegn ákvæði þessu.

Nd. **301. Viðaukatillaga**

við breytingartillögur nefndarinnar við frv. til laga um tekjur og umsjón kirkna (242). — Frá nefndinni.

Við 6. br.till. Aptan við málsgreinina („Af sjóðum þeim — — — á því tímabili") bætist: Sje kirkja afhent, skal greiða sjóðinn allan af hendi. Ákvæði um úttektir kirkna í tilsk. 24. júlí 1789 eru úr gildi felld.

Nd. **302. Breytingartillaga**

við tillögur til þingsályktunar um skilyrði fyrir landssjóðsstyrk til barnakennslu. — Frá Þorsteini Jónssyni.

Við tölul. 2. „og helztu grundvallaratriði náttúrufræðinnar" falli burt.
— — 3. fyrir „15" komi: 12.

Nd. **303. Breytingartillaga**

við frv. til fjáraukalaga fyrir árin 1888 og 1889. — Frá Ólafi Pálssyni.

Ný grein bætist við svohljóðandi:

Sem viðbót við gjöld þau, sem veitt eru í 15. gr. fjárlaganna, veitist til þess að veita Hafursá í Dyrhólahreppi af þjóðjörðunum Ketilsstöðum, Hryggjum og Skeiðfleti o. fl. allt að 400 kr.

Nd. **304. Breytingartillaga**

við frv. til fjárlaga fyrir árin 1890 og 1891. — Frá Grími Thomsen.

Við 4. gr. bætist inn ný athugasemd, svo látandi:
Skuldabrjefum viðlagasjóðs með hálfs árs uppsagnarfresti skal upp segja, og, ef lántakendur æskja þess, breytt í skuldabrjef með 6% vöxtum og afborgunum í 28 ár.

— 13. gr. C. 3. Fyrir: „til deildar hins íslenzka bókmenntafjelags í Reykjavík“ komi: „til hins íslenzka bókmenntafjelags“.

Nd. **305. Frumvarp**

til laga um viðauka og breyting á þingsköpum alþingis. — Eptir eina umr. í Ed.

1. gr. Þingmaður sá, er fyrir aldurs sakir, skipar forsæti, hvort heldur í sameinuðu þingi eða í þingdeildunum, hefur á meðan allan sama rjett og skyldur sem forseti; hann tekur því eigi þátt í atkvæðagreiðslu.

2. gr. Þá er $^1/_3$ þingmanna í sameinuðu þingi eða þingdeildarmanna í annari hvorri deildinni óskar þess, skal hlutfallskosningar-aðferð við hafa við nefndarkosningar. Aðferðin skal vera þessi:

Tölu atkvæðaseðlanna skal deilt með tölu nefndarmanna; töluna, sem þá kemur út, að broti frá töldu, skal leggja til grundvallar fyrir kosningunni (hlutfallstala).

Seðlunum skal vandlega blandað í hylki, og dregur forseti einn og einn upp í einu og les upp það nafn, er efst stendur á seðli hverjum, en skrifararnir skrá það. Þá seðla, sem sama nafn stendur efst á, skal saman leggja í bunka, og þegar er sama nafn hefur svo opt upp lesið verið, að það nær hlutfallstölunni, skal hlje gjöra á upplestrinum. Forseti og skrifarar bera seðlana saman við það, sem ritarar hafa bókað, og gæta þess, að það sje rett. Lýsir forseti þann svo rjett kjörinn, sem hlutfallstölunni hefur náð. Síðan er haldið áfram upplestri á þeim seðlum, sem eptir eru, en þó svo, að standi nafn þingmanns, sem þegar er kosinn, efst á seðli, skal stryka það út og lesa upp hið næsta nafn á eptir á þeim seðli, og skal að öllu með fara, sem áður er sagt, og svo koll af kolli, unz allir seðlarnir eru upp lesnir eða allir nefndarmenn kosnir.

Nú er nafn eigi svo glöggt táknað, að víst sje, eða nafn er með öllu skakkt, og fellur það þá úr, en eigi er seðill ógildur að heldur. Eigi er seðill ógildur, þótt fleiri nöfn eða færri, en þörf er á, sjeu á hann rituð.

Verði nefnd eigi fullkosin eptir þessari aðferð, skal kjósa þá, er til vantar, einfaldri meiri hluta kosningu, en til þess að kosning sje gild, þarf sá, er kosinn er, að hafa meira en helming atkvæða þeirra, er greidd eru.

Nd. **306. Frumvarp**

til laga um sölu nokkurra þjóðjarða. — Eptir 2. umr. í Nd.

1. gr. Ráðgjafanum fyrir Ísland veitist heimild til, að selja ábúendunum eptirfylgjandi þjóðjarðir fyrir það andvirði, er að minnsta kosti nemi þeirri upphæð, sem greind er við hverja þeirra:

1. Á í Kleifahreppi . . . . . 850 kr.
2. Meiðastaði í Rosmhvalaneshreppi . . 2500 —
3. Hrútsholt í Eyjahreppi . . . . . 550 —
4. Feigsdal í Dalahreppi . . . . . 1700 —
5. Hálfan Þykkvabæ í Kleifahreppi . . 1800 —

2. gr. Um sölu þessa skal farið eptir ákvæðum þeim, sem gjörð eru í 2. og 3. gr. í lögum nr. 26, 8. nóv. 1883.

3. gr. Heimild sú, sem veitt er til sölu þessarar, gildir að eins til 31. des. 1894.

Nd. **307. Breytingartillaga**

við tillögur til þingsályktunar í reikningamáli Arnarstapa-umboðs. — Frá nefndinni.

1, Við 1. tölul. Fyrir »í haust« komi: á næstkomandi vori.

2, — - — Aptan við töluliðinn bætist: nema það sje fyrirsjáanlegt, að slík málsókn verði árangurslaus.

Nd. **308. Frumvarp**

til laga um innheimtu og meðferð á kirknafje. — Eptir 2. umr. í Nd.

1. gr. Rjett er, að fjárhaldsmaður kirkju feli hlutaðeigandi sóknarnefnd, að heimta inn tekjur kirkju og koma þeim í peninga, gegn innheimtulaunum, 10 af hundraði.

Hin sömu innheimtulaun getur söfnuður, sem tekið hefur að sjer umsjón og fjárhald kirkju, veitt sóknarnefndinni.

2. gr. Gjöld til kirkju skal greiða í peningum eptir meðalverði allra meðalverða í verðlagsskrá, sem gildir í hverri kirkjusókn á gjalddaga. Ef gjaldanda brestur peninga, má hann greiða gjaldið í innskript hjá kaupmanni þeim, er innheimtumaður tekur gildan, eða þessum aurum: sauðfjenaði, hvítri ull, smjöri, fiski eða dún, eptir því verði, sem sett er á aura þessa í verðlagsskránni, enda sje það verð eigi hærra en gangverð á gjalddaga. Eindagi á kirkjugjöldum er 31. desbr.

3. gr. Frá næsta nýjári eptir að lög þessi öðlast gildi og koma til framkvæmdar, skal reikningsár kirkna vera frá 1. janúar til 31. desember. Skal semja reikninga kirkna sem fyrst eptir nýjár. Skal hlutaðeigandi prestur, eða, ef hann er fjehirðir kirkjunnar, hlutaðeigandi safnaðarfulltrúi fyrst rannsaka reikninginn og bera hann saman við hrepps- og kirkjubækur. Fyrir rannsókn þessa má greiða 2 kr. af tekjum kirkjunnar. Fyrir lok maímánaðar skulu kirkjureikningar með fullnægjandi fylgiskjölum vera komnir til hlutaðeigandi prófasts, er rannsakar þá og leggur fram á hjeraðsfundi. Nú álítur bæði hjeraðsprófastur og hjeraðsfundur reikning kirkju rjettan, er það þá fullnaðar-úrskurður, en greini prófast og hjeraðsfund á, leggur biskup á fullnaðar-úrskurð.

4. gr. Stofna skal almennan kirkjusjóð fyrir allar kirkjur í landinu, og skal hver kirkja hafa sína viðskiptabók við sjóðinn. Stiptsyfirvöld Íslands hafa umsjón yfir kirkjusjóði þessum og ábyrgð á honum. Fje kirkjusjóðs skal ávaxta eptir sömu reglum og landssjóðsfje. Forgangsrjett til lána úr sjóði þessum eiga kirkjur.

Auglýsa skal reikninga sjóðs þessa í Stjórnartíð., deildinni B, ár hvert.

5. gr. Allt það fje, sem kirkjur eiga afgangs útgjöldum, skal láta á vöxtu í hinum almenna kirkjusjóði. Heimilt er þó reikningshaldara, að halda eptir vaxtalaust 100 kr. af tekjum kirkju. Rjett er og að kirkjur greiði vexti af fje því, sem þær hafa að láni.

Af sjóðum þeim, sem kirkjur eiga, þá er lög þessi öðlast gildi, skal sá, er sjóðinn hefur undir höndum, greiða í hinn almenna kirkjusjóð $^1/_{15}$ á ári, unz sjóðurinn er allur greiddur af hendi, enda þurfi hans eigi kirkjunni til aðgjörðar eða endurbyggingar á því tímabili. Sje kirkja afhent skal greiða sjóðinn allan af hendi.

6. gr. Þá er fjárhaldsmaður, er haft hefur kirkju til umsjónar og ábyrgðar og lánað henni fje, sleppir fjárhaldinu eða deyr, skal hann eða erfingjar hans eiga heimting á, að fá skuld þá borgaða með vöxtum. Vextina skal telja frá afhendingardegi. Borga skal skuldina af fje því, sem kirkjan hefur afgangs nauðsynlegum árs-útgjöldum.

Ed. **309. Breytingartillaga**

við frumvarp til laga um stofnun stýrimannaskóla á Íslandi.—Frá Jóni A. Hjaltalín og Arnljóti Ólafssyni.

1. Við 1. gr. Í stað orðanna í öðrum kafla greinarinnar: „Stiptsyfirvöldin skulu — skólann o. fl.“, komi:
   Stiptsyfirvöldin semji reglugjörð fyrir skólann, sem landshöfðingi samþykkir. Skilyrði fyrir inntöku í skólann og fyrir því, að utanskólamaður megi ganga undir próf við skólann, skulu vera, að skólasækjandinn eða prófsækjandinn geti:
   a. ritað sæmilega ritgjörð á íslenzku;
   b. kunni fjórar höfuðreglur og tugabrot í reikningi;
   c. skilji og tali dönsku og ensku munnlega og skriflega.
2. Við 3. gr. Verði br.till. 1. a. samþykkt, falli 9. tölul. burt.
3. — — — Verði br.till. 1. c. samþykkt, falli 10. og 11. tölul. bu t.

Nd. **310. Breytingartillögur**

við frv. til fjárlaga fyrir árin 1890 og 1891. — Frá Ólafi Briem, Þorl. Guðmundssyni, Ólafi Pálssyni, Þorv. Bjarnarsyni og Sv. Eiríkssyni.

1. Við 13. gr. A. b. tölul. 4. falli burt.
2. — — — — — — 5. sömuleiðis.
3. — — — — — — 8. ——
4. — — — B. III. c. tölul. 8. falli burt.
5. — — — — — — — 10. sömuleiðis.
6. — — — C. 2. Fyrir: „400 — 400“ komi: „200—200“.
7. — — — — 3. — „1000—1000“ — „500—500“.
8. — — — — 6. tölul. falli burt.
9. — 15. gr., orðin „og til Katrínar Þorvaldsdóttur — 300 kr.“ falli burt.

Nd. **311. Breytingartillögur**

við frv. til fjárlaga fyrir árin 1890 og 1891. — Frá Jóni Þórarinssyni.

1. Aptan við 13. gr. C. 5. bætist inn í nýr töluliður svo hljóðandi:
   „Til hins íslenzka kennarafjelags til að halda úti tímariti um uppeldi og menntamál 200 kr.—200 kr.“.
2. Við 13. gr. B. V. c. bætist nýr liður:
   „2. til kostnaðar við heimavist lærisveina í eitt skipti 200 kr.“.

Nd. **312. Breytingartillaga**

við frv. til fjárlaga fyrir árin 1890 og 1891. — Frá Ólafi Briem, Páli Ólafssyni, Jóni Jónssyni, 1. þm. N.-Múlas. og Þorláki Guðmundssyni.

Við 10. gr. C. 4. b. Fyrir „8,000—8,000“ komi: 10,000—10,000.

Ed. **313. Breytingartillögur**

við frv. til laga um eignrjett á sömdu máli. — Frá Jóni Olafssyni, Fr. Stefánssyni, Skúla Þorvarðarsyni.

1. Við fyrirsögnina og frumvarpið almennt: fyrir »eignrjett« komi: eignarrjett.
2. — 3. gr. Þessi grein falli burt og greinatalan breytist því samkvæmt.
3. 6. gr. falli burt.
4. Á eptir 7. gr. (sem nú er) komi 2. nýjar greinir, svo látandi:
   (6. gr.). Nú deyr sá, er eignarrjett samins máls hefur öðlazt við arfleiðslu eða gjöf, áður en hann hefur hagnýtt hann eða notið hans, að fullu og fellur þá rjetturinn til erfingja höfundarins samkvæmt næstu grein hjer á eptir, nema öðruvísi sje berlega ákveðið í arfleiðsluskránni eða gjafabrjefi.
   (7. gr.). Nú hefur höfundur eigi arfleitt neinn að eignarrjetti samins máls nje gefið hann eptir sig látinn, nje heldur selt hann, og erfir þá rjettinn ekkja höfundar eða ekkill, ef á lífi er, en ella lífserfingjar; en sjeu þeir heldur engir til á lífi, þá rjettir erfingjar samkvæmt erfðalögunum. Nú hefur ekkja eða ekkill þannig erft eignarrjett eptir höfund, þá fellur þó sá rjettur að ekkju eða ekkil dánum aptur til lífserfingja eður erfingja höfundar.
5. Aptan við 9. gr. bætist: Sama er um einstök bindi rits. En ef eigandi útgáfurjettarins auglýsir á 6. ári á þann hátt, er ákveðið er, að almenning varðandi auglýsingar skuli birta, að hann ætli að gefa ritið út, og það kemur út innan árs frá birting auglýsingarinnar, enda hafi enginn annar gefið það út eptir að 5 árin voru liðin, og áður en auglýsingin var birt, þá heldur hann rjetti sínum óskerðum.
6. Við 13. gr. Á eptir: »sjöttungi ritsafnsins« komi: eða sjöttungi bindis, ef ritsafnið er í fleiri bindum.
7. 15. gr. falli burt (og greinatalan á eptir breytist því samkvæmt).
8. — 18. gr. síðari málsgrein: Á eptir orðunum: »hver prenta er vill« komi: án þess að við þessi lög varði.
9. — 20. gr. Á eptir orðunum: »verði með því kallað« komi: ella skal þeim fyrirfarið.
10. Framan við 21. gr. bætist: Með þessum lögum eru úr gildi numdar allar eldri lagaákvarðanir um eignarrjett á sömdu máli.

Ed. **314. Breytingartillaga**

við 10. lið í breyt.tillögum 3 þingmanna (313) við frv. til laga um eignrjett á sömdu máli.—Frá Jóni Olafssyni.

Framan við 21. gr. bætist: Eptir að lög þessi koma í gildi, skal eptir ákvæðum þeirra fara eins um eignarrjett á sömdu máli, því er eldra er en þau, eður áður útgefið. Með þessum lögum eru úr gildi numdar allar eldri lagaákvarðanir um eignarrjett á sömdu máli.

Nd. **315. Atkvæðaskrá**

við 2. umr. í Nd. um frv. til fjárlaga fyrir árin 1890 og 1891.

2. gr.

Við tölul. 1. a. Fyrir: „á ábúð og afnotum jarða 16500—16500—33000“
komi: á ábúð og afnotum jarða 17000—17000—34000.—N.

— — 1. b. Fyrir: „á lausafje 21500—21500—43000“
komi: á lausafje 23000—23000—46000.—N.

4. gr.

1. Tölustafliðurinn „1.“ fyrir framan „Leigur“ falli burt.—N.
2. Ný athugasemd bætist inn í, fyrir framan athugasemdir frumvarpsins, svo hljóðandi:
   Skuldabrjefum viðlagasjóðs með hálfs árs uppsagnarfresti skal upp segja, og, ef lántakendur æskja þess, breytt í skuldabrjef með 6% vöxtum og afborgunum í 28 ár. — 304. Gr. Th.
3. Í fyrri athugas. frv. bætist inn í á eptir „í leigu“ orðin: og afborgun.—N.
4. Síðari athugasemd frv. falli burt.—N.
5. Ný athugasemd bætist aptan við, svo hljóðandi:
   Árið 1890 veitist frestur á afborgun af hallærisláni Húnavatnssýslu.—N.

10. gr.

A. 3. Nýr stafliður bætist við, svo hljóðandi:
c. til aðstoðarmanns við hina umboðslegu endurskoðun —»— 500.—N.

B. 4. e. Fyrir: „kostnaður við sakamál og lögreglumál 1000 —“
komi: kostnaður við sakamál og lögreglumál 1500 — N.

C. 1. Orðin: „borgun fyrir seld eintök á 1 kr. hvert, er dregst frá . . 150—“
falli burt. — N.

C. 4. a. Fyrir: „til búnaðarskóla 10,000 kr.“
komi: til búnaðarskóla:

1. til skólans í Ólafsdal	2500 kr.	
2. — — á Hólum	3500 —	
3. — — - Eyðum	2000 —	
4. — — - Hvanneyri	2000 —	10,000 kr. — N.

C. 4. b. Fyrir: „til búnaðarfjelaga 8,000 —“
komi: til búnaðarfjelaga 10,000 — 312. Ól. Br. o. fl. —

C. 4. c. Stafliðurinn orðist svo:
styrkur til Hermanns Jónassonar til að gefa út búnaðarit, 20 kr. fyrir örkina . . . 240 kr. — N.

C. 4. Nýir stafliðir bætist við svohljóðandi:
d. styrkur til Edílons Grímssonar til að útvega sjer verkfæri til þilskipasmíða árið 1890 . . . 300 kr. — N.
e. styrkur til síra Odds Gíslasonar til að ferðast um og leiðbeina mönnum í ýmsu, er lýtur að sjósóknum og fiskiveiðum . . . 500 kr. — N.

C. 5. Nýr stafliður bætist við svohljóðandi:
d. styrkur til Erlendar Zakaríassonar til að læra vegagjörð í Noregi 400 — 400 — N.

C. 6. Töluliðurinn orðist svo:
a. til gufuskipsferða, slíkra sem nú eru . . . . 9000 kr.
b. til aukinna strandferða . . . . . 9000 —
c. styrkur til Ísfirðinga til að halda uppi gufubátsferðum á Vestfjörðum. . . . . 3000 — 21000. — N.

11. gr.

Við 2. tölul. Nýr stafliður bætist við á eptir „e. til læknis — — Arnarfirði", svo hljóðandi:
f. til læknis í Þingeyjarsýslu fyrir austan Jökulsá.—N.

— 3. — d. Fyrir: „til náms yfirsetukvenna 1000 —"
komi: til náms yfirsetukvenna 2000—. —N.

12. gr.

— 1. — c. Fyrir: „brjefhirðingarmönnum 1750—"
komi: brjefhirðingarmönnum 1900—.—N.

— 2. — Fyrir: „póstflutningur 21000—21000—42000"
komi: póstflutningur 22000—22000—44000.—N.

13. gr.

A. a. Fyrir: „laun . . 7,800—7,800"
komi: laun . . 7000—7000—. —N.

A. b. 4. tölul. falli burt. — 310. Þorl. Guðm. o. fl.

— — — — orðist svo:
Bráðabirgðaruppbót á Gufudalsprestakalli í Barðastrandar prófastsdæmi til húsabygginga á staðnum 300—300.—N.

— — 5. — falli burt. — 310. Þorl. Guðm. o. fl.

— — 8. — falli burt. — 310. Þorl. Guðm. o. fl.

— — Nýr tölul. bætist við svo hljóðandi:
til aðgjörðar á Prestsbakkakirkju 200. —N.

B. II. b. 7. Í staðinn fyrir (handa ókeypis „klinik"): „200—200"
komi: 100—100.—N.

B III. c. 8. tölul. („fyrir prestsverk") falli burt. — 310. Þorl. Guðm. o. fl.

— — — 10. — (til vísindalegrar ritgjörðar) falli burt.— 310. Þorl. Guðm. o. fl.

— V. a. 1. Fyrir: „til kvennaskólans í Reykjavík 1500 kr."
komi: til kvennaskólans í Reykjavík 1800 —.—N.

— — — 2. Fyrir: „til kvennaskólans á Ytri-Ey 700 kr."
komi: til kvennaskólans á Ytri-Ey 1000—.—N.

— — — 3. Fyrir: „til kvennaskólans á Laugalandi 700 kr."
komi: til kvennaskólans á Laugalandi 1000—.—N.

— — b. 1. Inn í athugasemdina bætist á eptir orðinu „veitist“ þessi orð: „einkum eptir kennslutíma og nemendafjölda og“.—N.

— — — 2. Töluliðurinn orðist svo:
til sveitakennara allt að 50 kr. til hvers . . 2500—2500. — N.

— — — — Athugasemd bætist við svo hljóðandi:
Styrkur þessi veitist eptir tillögum sýslunefnda. — N.

— — c. Stafliðurinn orðist svo:
til gagnfræða- og alþýðuskólans í Flensborg 2500—2500. — N.

— — — Aptan við bætist:
til kostnaðar við heimavist lærisveina í eitt skipti 200 kr. — 311. — J. Þór.

C. 1. d. Stafliðurinn orðist svo:
til þess að kaupa bækur og handrit, fyrir bókband og prentun á ritaukaskrá 1300—1300. — N.

— 2. Fyrir („til amtsbókasafnanna“): 400—400
komi: 200—200. — 310. Þorl. Guðm. o, fl.

— 3. Fyrir: „til deildar hins íslenzka bókmenntafjelags í Reykjavík“
komi: til hins íslenzka bókmenntafjelags. — 304. Gr. Th.

— — Fyrir: „1000—1000“
komi: 500—500. — 310. Þorl. Guðm. o. fl.
Aptan við töluliðinn (C. 3.) bætist við nýr töluliður svo hljóðandi:
til Þjóðvinafjelagsins 400—400. — N.

— 4. c. Stafliðurinn orðist svo:
til Sigurðar Vigfússonar til rannsóknar fornmenja 1000. — N.

Aptan við C. 5. bætist við nýir töluliðir svo hljóðandi:
til hins íslenzka náttúrufræðisfjelags til að koma á fót náttúrugripasafni handa almenningi 400—400. — N.
til hins íslenzka kennarafjelags til að halda úti tímariti um uppeldi og menntamál 200—200— 311. J. Þór.

C. 6. Töluliðurinn falli burt. — 310. Þorl. Guðm. o. fl.

Aptan við 13. gr. C. bætist við nýr töluliður svo hljóðandi:
Styrkur til Sigfúsar Eymundssonar til að halda áfram útgáfu ritsafnsins „Sjálfsfræðarinn“, 20 kr. fyrir örkina, með því skilyrði, að örkin óbundin seljist eigi meira en 10 a., allt að 600 kr. hvort árið . . . 600—600. — N.

15. gr.

Fyrir 70,000 kr. (í byrjun greinarinnar) komi: 90,000 kr. — N.

Orðin: „til síra Árna Böðvarssonar 100 kr.“ falli burt — N.

Orðin: „og til Katrínar Þorvaldsdóttur, ekkju fyrverandi bókavarðar Jóns Árnasonar, 300 kr.“ falli burt. — 310. Þorl. Guðm. o. fl.

Í stað sömu orða („og til Katrínar Þorvaldsdóttur, ekkju fyrverandi bókavarðar Jóns Árnasonar 300 kr.“)
komi: og til Katrínar Þorvaldsdóttur, ekkju fyrverandi bókavarðar Jóns Árnasonar, 200 kr. — N.

17. gr.

Í staðinn fyrir: „92488 kr. 84 a.“ komi: 146088 kr. 84 a. — N.

Á eptir 17. gr.

bætist við ný gr. svo hljóðandi:

Ef

lög um brúargjörð á Olfusá

koma til framkvæmdar á fjárhagstímabilinu, eða ef

frumvarp til laga um aðflutningsgjald á kaffi og sykri og

frumvarp til laga um breyting á lögum 11. febr. 1876 um aðflutningsgjald á tóbaki

ná gildi á fjárhagstímabilinu, breytast upphæðirnar tekju- og gjaldamegin samkvæmt nefndum lögum og frumvörpum. — N.

Samlagning talnanna í frumvarpinu, tala á liðum og greinum breytist eptir breytingartillögum þeim, er samþykktar verða. — N.

N = Nefndin

Gr. Th. = Grímur Thomsen

J. Þór. = Jón Þórarinsson

Ól. Br. o. fl. = Ólafur Briem, Páll Ólafsson, Jón Jónsson, 1. þm. N.—M., og Þorlákur Guðmundsson.

Þorl. Guðm. o. fl. = Ólafur Briem, Þorlákur Guðmundsson, Ólafur Pálsson, Þorv. Bjarnarson og Sveinn Eiríksson.

Tölurnar fyrir aptan breytingartillögurnar merkja nr. á þingskjölum þeim, sem breytingartillögurnar standa á.

Ed. **316. Breytingartillögur**

við frumv. til farmannalaga — Frá nefndinni.

1. Við fyrirsögnina: Á undan (fyrir ofan) „Farmannalög“ komi: („Frumvarp“).

Við „II. Vistráðabálkur“.

2. — 5. gr. (2. kafli, 2. málsgr.) fyrir „eða ef einhver“ komi: „eða einhver“.

3. — 7. gr. Fyrir: „kostnaðinn . . . . leggur landssjóður fram “komi: „kostnaðurinn . . . . greiðist fyrirfram úr landssjóði til bráðabirgða“.

Við „III. Lögskráningarbálkur“.

4. — 1. gr. Aptan við 1. málsgrein bætist: „áður en skipið leggur af stað“.

5. — 4. — 5. gr. og 11. gr. Á eptir orðunum: „til skiprúms“ bætist: „eða úr skiprúmi“.

6. — 8. — (í niðurl. 2. málsgr.). Í stað: „eða staðfest eptirrit af henni“ komi: „eða eptirrit af henni staðfest af ræðismanni“.

Við „IV. Skipsagabálkur“.

7. — 4. — Orðin: „eður strýkur af skipi“ falli burt.

8. — 11. — 1. línu: Fyrir „mál“ (sem er prentvilla) komi: „stað“.

9. — 16. — Fyrir: „gjöra tilraun til“ komi: „ætla sjer“.

10. — 18. — Á eptir: „eða ógjört láta“ (í 3. línu) komi: „að því er til ferðarinnar lýtur“.

11. — 21. — (3. kafli, 2. málsgr.). Á eptir orðunum: „verður ofan á“ bætist við: „að hann verði heim sendur“.

12. — 28. — Á eptir: „í skiprúmssamningnum til tekið“ komi: „án þess þó að hætt sje við að halda ferðinni áfram“.

13. — 29. — Fyrir: „lýkur skipið ferð . . . til var ætlazt“ komi: „lýkur skipið ferð sinni erlendis“.

14. — 31. gr. Fyrir: „án þess að ná heimleiðis“ komi: erlendis.

15. — 34. gr. Fyrir: „hvort heldur . . . . þörf er á“ komi: hvort heldur á skipinu eða í landi erlendis; og sje það erlendis, skal skipstjóri fje út leggja fyrirfram í þessu skyni svo sem þörf er á.

16. — 41. gr. (síðari málsgr.). Fyrir: „skeytingarleysi“ komi: „vanrækt“.

Nd. **317. Nefndarálit**

í málinu: frv. til laga um lögreglusamþykktir fyrir kaupstaðina.

Nefnd sú, sem hin háttvirta neðri deild hefur kosið til að íhuga frv. til laga um lögreglusamþykktir fyrir kaupstaðina, hefur það álit, að nauðsyn beri til að fá heimild til að setja lögreglusamþykktir. En þar sem um jafnáríðandi málefni er að ræða og hjer liggur fyrir, t. a. m. stundun ýmsra atvinnuvega, þykir henni nauðsyn bera til, að setja sem mestar tryggingar fyrir því, að atvinnufrelsi manna verði ekki skert um of, og fyrir því, að málið fái sem beztan undirbúning, og ákvæðin í lögreglusamþykktunum sjeu sem mest eptir óskum hlutaðeigandi bæjarbúa.

Fyrir því leggur nefndin það til, að eptirfylgjandi breytingartillaga verði samþykkt, sem fer fram á, að lögreglusamþykktir fyrir kaupstaðina verði settar á sama hátt og samþykktir eru settar í hjeruðum samkvæmt lögum 14. des. 1877, um ýmisleg atriði, er snerta fiskiveiðar á opnum skipum, og nái breytingartillagan fram að ganga, ræður nefndin til að samþykkja frumvarpið þannig breytt.

BREYTINGARTILLAGA

við frv. til laga um lögreglusamþykktir fyrir kaupstaðina. — Frá nefndinni.

Í stað orðanna í 3. gr.: »Frumvarpið skal senda amtmanni, ... ef bæjarstjórnin mótmælir», komi:

Frumvarpið skal bæjarstjórnin bera undir álit og atkvæði almenns fundar í kaupstaðnum, sem hún hefur boðað til með nægum fyrirvara. Á þeim fundi eiga atkvæðisrjett allir kaupstaðarbúar, þeir er kosningarrjett hafa til alþingis.

Nú fallast fundarmenn á frumvarp bæjarstjórnarinnar með $^2/_3$ atkvæða þeirra, er greidd hafa verið, og skal bæjarstjórnin þá senda landshöfðingja frumvarpið til staðfestingar. En ef breytingaruppástungur hafa verið gjörðar við frumvarpið á fundinum og samþykktar með $^2/_3$ atkvæða, setur bæjarstjórnin þær inn í frumvarpið, ef henni þykja þær á rökum byggðar, og sendir það síðan landshöfðingja, eins og fyr segir. En álíti bæjarstjórnin, að breytingaruppástungurnar eigi ekki að takast til greina, ber hún það að nýju undir atkvæði fundarmanna, hvort þeir æski, að frumvarpið sje staðfest án þessara breytinga, og ef fundurinn þá fellst á frumvarpið með $^2/_3$ atkvæða, ber að senda það landshöfðingja til staðfestingar. Það frumvarp eða breytingaratkvæði við frumvarp, sem hefur eigi verið samþykkt með $^2/_3$ atkvæða á bæjarfundi, er fallið, og má eigi koma fram í nýju frumvarpi bæjarstjórnar, fyr en að ári liðnu. Nú virðist landshöfðingja ákvarðanir í samþykkt, er honum hefur verið send til staðfestingar, ganga of nærri rjetti manna eða þröngva um of atvinnufrelsi, eða þær á einhvern hátt koma í bága

við lög eða grundvallarreglur laganna, og synjar hann þá um staðfesting sína, en gefa skal hann bæjarstjórninni til kynna ástæðurnar fyrir neitun sinni. Að öðrum kosti staðfestir hann samþykktina.

Alþingi, 5. ágúst 1889.

Sigurður Stefánsson,	Páll Briem,	Þorleifur Jónsson,
formaður.	framsögum.	skrifari.

Nd. **318. Nefndarálit**

í málinu: frumvarp til stjórnarskipunarlaga um afnám fastra eptirlauna.

Vjer undirskrifaðir, sem kosnir höfum verið í nefnd, til að íhuga og gjöra tillögur um frumvarp til stjórnarskipunarlaga um afnám fastra eptirlauna, viljum hjer með skýra frá áliti voru á þessa leið:

Þótt það virðist nokkuð óeðlilegt, að veita mönnum borgun fyrir þjónustu sína lengur en meðan þeir eru í þjónustunni, og eptirlaunarjetturinn komi að því leyti, sem hann er hlunnindi við embættin, ójafnt niður, þar sem einn nýtur þeirra aldrei, en annar nýtur þeirra um langan tíma, þá sýnir reynslan, að embættismönnum hættir við, eins og öðrum, er hafa atvinnu, er eigi útheimtir neina eign, að brúka öll laun sín, svo að þeir hafa margir litla eða enga eign við að styðjast, er þeir fyrir aldurs sakir verða að láta af embætti sínu, og ef þeim eigi væri borgið á annan hátt, þá yrði þeim þetta því tilfinnanlegra, sem staða þeirra hefur í för með sjer, að þeir hafa áður vanizt á kostnaðarsamara líf en almenningur.

Samkvæmt þessu hefur það verið almenn regla, að veita embættismönnum eptirlaun, og í frumvarpi því, er fyrir liggur, er einnig gjört ráð fyrir eptirlaunum, en að eins farið fram á það, að þau sjeu ákveðin með sjerstöku lagaákvæði í hvert sinn. Nefndin hefur þó horfið frá þessari stefnu, bæði af því, að mismunandi skoðanir, er ráðandi væru á hverjum tíma, mundu valda hvikulleik og ósamkvæmni í veitingu eptirlaunanna, og óvíst, að það yrði að samtöldu neinn ljettir fyrir landssjóð, og svo mundu persónulegar hvatir geta orðið við það of mjög ráðandi; auk þess má gjöra ráð fyrir, að upphæð eptirlaunanna færi mikið eptir efnahag hlutaðeiganda, en það er mikið skoðunarmál, hvort hyggilegt er, að gefa embættismönnum þannig óbeinlínis hvöt til að spara lítið eða ekkert af launum sínum. Sú trygging fyrir embættismenn gagnvart stjórninni, sem liggur í 4. gr. stjórnarskrárinnar, að þeim verður eigi að ósekju vikið frá embætti nema með ákveðnum eptirlaunum, mundi og að mestu leyti hverfa við svo lagaða ráðstöfun, en á hinn bóginn mundi stjórnin hafa meiri hvöt en ella, til að láta af vorkunsemi eða fylgi lítt nýtan embættismann vera við embætti, þegar óvíst væri um eptirlaun hans. Þetta er því athugaverðara, sem ábyrgð stjórnarinnar gagnvart þinginu er minni. Afnámi fastra eptirlauna yrði að voru áliti að vera samfara verulegar ákvarðanir að öðru leyti, sem vjer eigi treystumst til að gjöra uppástungur um, sem þörf væri á.

En þótt nefndin eigi geti ráðið til, að samþykkja frumvarp það, er hún hefur til meðferðar, eins og það liggur fyrir, þá fellst hún á hugsun þá, sem það er byggt á, nefnil. að eptirlaunabyrði sú sje of þung, er nú gildandi lög leggja á landssjóð, og sem er því viðsjárverðari, sem hún kemur, þegar ný embætti hafa verið stofnuð, fyrst fram við síðari kynslóð. Nefndin sjer heldur eigi ástæðu til þess mikla munar, sem í þessu tilliti er gjörður á hinni fjölmennustu embættisstjett landsins og hinum öðrum embætt-

isstjettum, þar sem prestarnir hafa yfir höfuð eptir fullan þjónustualdur hjer um bil að eins 1/3 af launum sínum í eptirlaun, en aðrir embættismenn 2/3 af þeim. Að vísu er sá munur á stjettum þessum, að prestunum er ætlað allflestum að hafa búskap fyrir atvinnu jafnhliða embætti sínu, og þeirri atvinnu halda þeir opt áfram, þótt þeir láti af embætti, en mikill hluti annara embættismanna hefur enga aðra atvinnu, er þeir fara frá embætti sínu; en þetta gefur ekki næga ástæðu til þess, að þeir hafi meiri eptirlaun, heldur að eins til þess, að sjeð sje um, að þeir hafi meira sjer til framfæris en eptirlaunin ein.

Nefndin hefur því álitið skyldu sína, að láta eigi staðar numið við það að ráða frá að samþykkja ofannefnt frumvarp, eins og það liggur fyrir, heldur hefur hún búið til út af því 2 ný frumvörp, annað um breyting á 3. og 8. gr. í tilskipun 31. maí 1855 um eptirlaun, hitt um skyldu embættismanna til að safna sjer ellistyrk, eða kaupa sjer lífeyri eptir 70 ára aldur.

Hvað fyrra frumvarpið snertir, þá er þar farið fram á, að eptirlaunin geti eigi orðið hærri en hjer um bil 1/8 af launununum, og með því að fleiri þjónustuár þarf til að ná hinum hæstu eptirlaunum, en nú á sjer stað, þá eru eptirlaunin yfir höfuð minnkuð um meir en helming frá því, sem nú er. Á hinn bóginn þykir oss rjett, að eptirlaunaupphæðin fari eins og nú, bæði eptir launaupphæð og embættisaldri. Hvað ekkjur embættismanna snertir, þykir oss upphæð eptirlaunanna eigi þurfa að fara eptir launaupphæðinni, því nægur mismunur á fje því, er þær hafa sjer til framfæris, kemur fram við þann 1/5 af launununum, sem embættismaðurinn á að tryggja konu sinni í lífeyri, ef hún verður ekkja.

Að því, er síðara frumvarpið snertir, þá er ellistyrkur sá, sem þar er farið fram á að safnað yrði, nægur til að kaupa, ef á þarf að halda, lífeyri frá sjötugsaldri, er nemi 1/3 af launununum; með þessu er trygging fyrir því, að sá, sem á þeim aldri væri búinn að þjóna yfir 40 ár í embætti, mundi geta haft sjer til framfæris samtals 2/3 af launum sínum, eins og eptir nú gildandi eptirlaunalögum. Til að safna slíkum ellistyrk, mundu þeir, er embætti fengju fyrir innan þrítugt, eigi þurfa að leggja í sjóð árlega meir en svo sem hundraðasta part þeirrar upphæðar, er safnast ætti, og þeir, sem kysu heldur að kaupa sjer trygging fyrir lífeyri eptir 70 ára aldur, mundu þurfa miklu minna til að kosta.

Vjer ætlum því, að með frumvarpi þessu sje eigi lögð of þung byrði á embættin; en hvað ellistyrkinn snertir, þá er þess að gæta, að hann og verður fullkomin eign hlutaðeiganda eða dánarbús hans, hvort sem hann deyr ungur eða gamall. Með sjerstaklegu tilliti til þess, að erfitt yrði fyrir mann, sem kominn væri á efri ár, að fara þá fyrst að safna sjer ellistyrk, þá höfum vjer í hið fyrra frumvarp vort tekið þá ákvörðun úr hinu upphaflega frumvarpi, að breyting sú, sem vjer förum fram á, snerti eigi þá, sem nú eru í embættum.

Alþingi, 3. ágúst 1889.

Árni Jónsson,	Eiríkur Briem,	Jón Jónsson,	Jón Jónsson,
skrifari.	form. og framsögum.	1. þm. N.-M.	þingm. N.-Þ.

Ólafur Briem.

Nd. **319. Frumvarp**

til laga um breyting á 3. gr. og 8.gr. í tilskipun 31. maí 1855 um eptirlaun.

1. gr. Í stað þeirra eptirlauna upphæðar, sem ákveðin er í fyrstu málsgrein 3. greinar í tilskipun 31. maí 1855, skal upphæð eptirlauna þeirra, er þar ræðir um vera $^1/_8$ af launaupphæðinni og enn fremur $^1/_2$ % af henni fyrir hvert ár, er hlutaðeigandi embættismaður hefur þjónað með eptirlaunarjetti, þó skulu eigi tekin til greina fleiri en 42 þjónustuár.

2. gr. Í stað eptirlauna þeirra, sem ekkjum embættismanna eru ákveðin með annari málsgrein 8. greinar sömu tilskipunar, skulu ekkjum þeim, er þar ræðir um, veittar 200 kr. í eptirlaun árlega.

3. gr. Þeir, sem eru í embættum, þá er lög þessi öðlast gildi og hafa rjett til eptirlauna samkvæmt tilskipun 31. maí 1855, halda fyrir sig og ekkjur sínar rjetti til eptirlauna samkvæmt þeirri tilskipun.

Nd. **320. Frumvarp**

til laga um skyldu embættismanna að safna sjer ellistyrk eða útvega sjer lífeyri eptir 70 ára aldur.

1. gr. Að undanteknum prestum, skal hver, sem verður embættismaður með rjetti til eptirlauna úr landssjóði, eptir að lög þessi öðlast gildi, safna sjer ellistyrk eða kaupa sjer tryggingu fyrir lífeyri, eptir að hann er 70 ára að aldri.

2. gr. Til þess að safna sjer ellistyrk, skal embættismaðurinn á ári hverju verja svo miklu fje, eptir því sem landsstjórnin nákvæmar til tekur, að ætla megi að upphæð sú, er safnast mundi við það, að halda því stöðugt áfram, mundi, þegar embættismaðurinn væri 70 ára gamall, nema með vöxtum launum hans í $2^1/_3$ ár; en ef hann kaupir sjer tryggingu fyrir lífeyri, þá skal hann verja til þess svo miklu fje, að hann eptir 70 ára aldur geti haft árlegan lífeyri, er nemi $^1/_3$ af launum hans.

3. gr. Ellistyrkur sá, er safnast, skal geymast og ávaxtast í einhverjum þeim sjóði, er landsstjórnin tekur gildan; en sje keypt trygging fyrir lífeyri, þá skal gjöra það hjá lífsábyrgðar og framfærslustofnuninni frá 1871. Eignarskýrteini fyrir ellistyrknum eða lífeyristryggingunni geymist hjá landsstjórninni.

4. gr. Upphæð þeirri, sem embættismaður er skyldur að gjalda eptir lögum þessum, skal halda eptir af launum hans. Borgi hann eitt skipti meira en honum ber, þá hefur hann rjett til að borga þeim mun minna síðar.

5. gr. Þegar embættismaður, sem hefur safnað sjer ellistyrk, er orðin 70 ára að aldri, getur hann farið að fá alla vextina af honum, svo getur hann og fengið sjer keyptan æfilangan lífeyri fyrir meir eða minna af honum. Sá ellistyrkur, sem maður á þegar hann deyr, gengur til dánarbús hans sem önnur eign.

6. gr. Landsstjórnin setur hinar nákvæmari reglur til framkvæmdar lögum þessum.

Ed. **321. Frumvarp**

til farmannalaga. — Eptir 2. umr. í Ed.

I.

Dagbókar-bálkur.

1. gr. Nú er hjerlent skip í förum landa á milli og skal skipstjóri þá jafnan hafa leiðarbók á skipinu og skal henni svo hagað, sem hjer segir.

2. gr. Leiðarbók þessa skal mega nota á öllum þeim ferðum, er skipið fer; skal hún vera úr góðum sterkum pappír, í haldgóðu bandi, blaðsíður tölusettar, og bókin gegnþrædd traustum streng. Lögreglustjóri á þeim stað, er skipið hefur ferð sína frá, löggildir hana og innsiglar. Fyrir löggildinguna skal greiða 2 kr., ef skipið er 100 smálestir eða minna, ella 4 kr. — Nú er skip afgreitt til ferðar landa milli, og skal þá lögreglustjóri gæta þess, að skipstjóri hafi leiðarbók með sjer, og skal lögreglustjóri í því skyni, rita vottorð sitt á bókina um, að hún hafi verið honum sýnd, en eigi ber honum borgun fyrir þá áritun. Nú ber svo til á langferð, að dagbók verður fullrituð og getur skipstjóri þá snúið sjer til næsta danska verzlunar-ræðismanns eða vara-ræðismanns á hafnarstað utan ríkis, eður til lögreglustjóra á dönskum hafnarstað — í Kaupmannahöfn til dómsmálaritarans í farmanna- og verzlunarrjettinum og á Færeyjum utan Þórshafnar til sýslumanns næsta — og skal sá þessara manna, er skipstjóri snýr sjer til, löggilda fyrir hann nýja leiðarbók, en geti þess þá jafnframt með áritun á hina gömlu leiðarbók, beint neðan við það, er síðast var í hana skráð. Eigi gildir þó slík leiðarbók, nema fyrir það, sem eptir er ferðarinnar, og þarf skipstjóri enga borgun að greiða fyrir þá löggilding.

3. gr. Frá þeim degi, er mateldur er á skipi kveyktur, skal sá, er verði stýrir, hvort heldur er skipstjóri, stýrimaður eða undir-stýrimaður, rita í leiðarbókina undir eins og hann er af verði leystur, hvað eina það, er fram fór meðan hann stýrði verði, það er til siglingar eður stefnu kom, svo og sjerhvern atburð annan þann, er á nokkurn hátt kynni að geta þýðing haft fyrir útgjörðarmenn skips eða sendendur farms eður og fyrir vátryggjendur. Nú verður eitthvað misritað í leiðarbókina, og má þá hvorki útskafa það, er rangt er, nje á annan hátt gjöra það ólæsilegt, heldur á að stryka eða púnkta þannig yfir það, að lesa megi, hvað þar var ritað áður. Í bókunum sínum eiga allir skipstjórar og stýrimenn að fara eptir fyrirmyndar-blaði því, er hjer fer á eptir í 12. gr.

4. gr. Nú býður skip á ferð sinni tjón, það er mótmælum ber á að lýsa og nær skipstjóri höfn hjer á landi eður í Danmörku eður og utan ríkis á nokkrum þeim stað, er danskur verzlunar-ræðismaður er skipaður eða vara-ræðismaður, og skal hann þá í síðasta lagi innan sólarhrings skila leiðarbók sinni lögreglustjóranum, ef það er hjer á landi og lögreglustjóri er búsettur þar, sem hann nær höfn eður þar í grenndinni, ella umboðsmanni hans löggiltum, í Danmörku lögreglustjóra — í Kaupmannahöfn þó dómsmálaritara farmanna- og verzlunarrjettarins, og í Færeyjum utan Þórshafnar sýslumanni í því umdæmi —, en utanríkis ræðismanninum eður vara-ræðismanninum. Embættismenn þessir eiga að skrifa rjett neðan undir það, er síðast var innfært í bókina, vottorð sitt að tilgreindum stað og stund um, að bókin hafi sjer sýnd verið innan 24 stunda frá því, að skipið kom; skulu þeir jafnframt geta þess, hvort skipulega hafi reynzt ritað í bókina á hverjum degi að undanförnu. Nú er bókinni eigi skilað innan sólarhrings, og skal þess þá getið í árituninni, svo og þess, hversu lengi þetta hafi dregizt fyrir skipstjóra. Fyrir vottorð þessi á erlendis ekkert gjald að greiða, en hjer á landi hálft

gjald það, er í 2. grein er ákveðið. Bókinni skal tafarlaust skila skipstjóra aptur, þá er ofangreindum fyrirmælum er fullnusta gjör.

5. gr. Nú leggur skipstjóri skipi sínu á höfn hjer í landi og er ferð hans þar talið lokið, þá skal hann á sama hátt skila lögreglustjóra eða umboðsmanni hans leiðarbókinni innan sólarhrings. Embættismaður þessi á að rita vottorð sitt í bókina, rjett neðan undir það, er síðast var í hana skráð, um að bókinni hafi í rjetta tíð skilað verið og hvort í hana hafi verið ritað á hverjum degi eður ekki. Fyrir þetta vottorð skal borgun greiða fyrir skip, sem stærra er en 100 smálestir, 3 krónur, ef ferðin hefur eigi yfirstaðið missiri lengur, 4 krónur, ef hún hefur staðið missiri lengur en eigi ári lengur; en 5 krónur, ef hún hefur staðið ári lengur. Nú er skip minna, og skal þá jafnan hálft gjald greiða við það, sem áður er tiltekið. Nú verður ferð lokið í danskri höfn eða utanríkis höfn, og fer þá með eptirlit þetta, svo sem í 4. grein er ákveðið um skip þau, er slysstjón bíða og í slíka höfn koma. Nú verður það eigi sjeð af skjölum skipsins, hvenær ferð er á enda, og skulu það þá ferðalok talin, er skip kemur aptur á hjerlenda höfn og affermir þar að mestu leyti eða að öllu, eða ef skipshöfnin er lögskráð úr vist.

6. gr. Skylt er skipstjóra að leggja fram leiðarbók sína þegar í stað, hvenær sem útgjörðamenn, farmsendendur eða vátryggjendur æskja þess, málstað til sönnunar. Nú hefur skip eigi lokið ferð sinni, svo að frumbókin verður eigi framlögð, og skal þá skipstjóri láta í tje endurrit af henni, staðfest af notarius.

7. gr. Nú verður sú raun á að skipstjóri eða stýrimaður hafa vanrækt að rita í leiðarbókina, samkvæmt því, er þessi lög mæla fyrir og skal hann þá, er hann verður í slíku sekur í fyrsta sinn, sæta 20 — 50 kr. sektum, annað sinn 50 — 200 kr. sektum og í þriðja sinn hafi fyrirgjört rjetti sínum til skipstjórnar eða til að ráðast á skip sem stýrimaður. Nú hefur skipstjóri eða stýrimaður ritað ósannindi í leiðarbókina eða falsað hana, þá sæti hann þeirri hegningu, er lög kunna að ákveða fyrir það og hefur auk þess fyrirgjört rjetti sínum til að vera í förum sem skipstjóri eða stýrimaður; svo er hann og skyldur til skaðabótum að svara. Nú verður sú raun á, að skipstjóri eða stýrimaður hefur skafið út ritað mál í leiðarbók sinni eða strykað yfir nokkuð það, er í hana er skráð og gjört það ólæsilegt, en hefur þó eigi gjört þetta í saknæmum tilgangi, sæti sömu hegningu, sem í þessari grein er ákveðin fyrir vanrækt á að skrifa í leiðarbókina; en sýni atvik málsins, að út sje skafið eða yfir strykað í þeim tilgangi að dylja það, er fyrir hefur komið á ferðinni, sæti sömu hegningu, sem ákveðin er fyrir fölsun bókarinnar.

8. gr. Nú kemur skipstjóri í höfn með þeim atvikum, sem í 4. grein er skráð eða ferð hans er á enda og vanrækir hann að sýna leiðarbókina og fá vottorð í hana skráð, sæti sektum frá 2 — 5 kr. fyrir sólarhring hvern, er hann þetta vanrækir. Mál, sem af þessari vanrækt rísa, skal sækja sem lögreglumál.

9. gr. Allir skipstjórar og stýrimenn skulu við því búnir, ef slys ber að höndum, að bjarga leiðarbókinni ásamt öðrum skjölum skipsins. Nú verður skipsskjölum bjargað, en leiðarbókina vantar, og skal þá skipstjóri með framburði skipshafnar sinnar færa sönnur á, hvað til þess bar, að bókinni varð eigi bjargað. Nú fær hann eigi skýrlega sannað, að honum sje eigi sök á gefandi hvarfi bókarinnar, sæti sektum frá 10 — 100 kr.; en reynist það, að hann hafi af ásettu ráði látið fyrirfarast að bjarga bókinni, sæti refsingu sem fyrir bókfölsun eptir 7. grein.

10. gr. Eigi má skipstjóri fyrirfara leiðarbókinni fyr en öll mál eru á enda kljáð, þau er skylt eiga við ferðina, milli útgjörðamanna, farmsendenda og vátryggjenda; sæti ella ábyrgð eptir atvikum og með hliðsjón af 7. og 9. grein þessara laga. Nú kemur skip til hafnar hjer á landi að aflokinni ferð og leggur skipstjóri í haf á ný,

áður en öll mál þau, er skylt eiga við hina fyrri ferð, eru á enda kljáð milli allra þeirra, er hlut eiga að máli, þá má hann eigi með sjer taka leiðarbók skipsins, heldur á hann að kaupa nýja leiðarbók til ferðarinnar á kostnað útgjörðamanna.

11. gr. Öll gjöld og bækur samkvæmt þessum bálki laga þessara, renna í landssjóð.

12. gr. **Fyrirmyndarblað við dagbækur skipa.**

Ár Mánuður Hvar skipið er

Dag-setning	Stund	Stefna, er stýrt er í	Vegar-lengd k. f.	Haldin stefna	Vind-ur	Veð-ur	Dýpt	Botn	Athugavert:
	1								**E. h.**
	2								
	3								Kl. 1½ tók mið af í ' mílur
	4								
	5								
	6								Kl. tók mið af ☉ við sólar-lag ° ' frá til ' fann með því misvísun ° ' til nvesturs.
	7								
	8								
	9								
	10								Kl. tók saman segl
	11								
daginn	12								**F. h.**
þann	1								
	2								Kl. mældi ☉ hæð: ° ' og tók mið af henni ° frá til fann misvísun ° ' til nvesturs.
	3								
	4								
	5								
	6								
	7								Kl. ausið
	8								
	9								
	10								Kl. st. ' mældi ☉ hæð: ° ' og tók mið af ☉ í s. s. au.
	11								
	12								Kl. st ' mældi ☉ hæð: ° ', fann með þessum 2 mælingum breidd að vera ° ' nbr. Á hádegi mæld ☉ hæð: ° '

Aðalstefna eptir leiðarsteini: ° frá til
leiðrjett með: ° til nvesturs
Rjett aðalstefna er: ° frá til
Vegarlengd alls: mílur.

Norðl. breidd eptir leiðar-reikn. ° '
Lengd ° '
Mæld norðl. breidd ° '

Þegar skipið er þar í sjó, er eigi þarf grunnsökku við, ganga 2 síðustu dálkarnir úr.

II.
Vistráðabálkur.

1. gr. Þá er skipstjóri ræður mann á skip með sjer, skal hann fá honum viðskiptabók. Í bók þessari skal skipstjóri ljóst og skilmerkilega tiltaka ferð þá eða farleið, sem sjómaðurinn er tilráðinn, rita fullt nafn sjómannsins, aldur og fæðingarstað, stöðu hans á skipinu og vistarkjör, kaup það, er honum er heitið annaðhvort fyrir ferðina eða um mánuðinn, tilgreina hvort það skuli í peningum goldið eða öðrum eyri og eins, hve mikið honum er fyrirfram greitt af kaupinu; undir þetta skal skipstjóri rita nafn sitt. Sje kaup ákveðið fyrir alla ferðina með tiltekinni upphæð í peningum eða öðrum gjaldeyri, skal þess getið jafnframt, hve lengi á er ætlað, að ferðin muni standa, og eins, hve hátt mánaðarkaup megi algengt telja á þeim stað og tíma, er samningurinn er gjörður.

2. gr. Í viðskiptabókina skal skipstjóri rita hvað eina, er hann greiðir sjómanninum meðan þeir eru í förum, eða þá er þeir lúka viðskiptum sínum. Skyldur er sjómaður til, ef skipstjóri krefst þess, að gefa ritaða viðurkenningu fyrir sjerhverri upphæð, er honum er greidd, bæði sjerstaka og sömuleiðis ritaða í viðskiptabókina. Nú verður eigi hlje á förum skipsins og engin breyting á gjörðum samningi, en sjómaður verður lögskráður á skipið á ný, og þarf skipstjóri þá ekki, ef sjómaður er því samþykkur, að leggja til nýja viðskiptabók, meðan hin gamla endist til.

3. gr. Landshöfðingi sjer um, að viðskiptabækur fáist hjá sjerhverjum lögskráningarstjóra og ákveður verð þeirra. Í viðskiptabókinni skulu prentaðar vera hinar 6 fyrstu greinar úr þessum vistráðabálki, eyðublað undir samning þann, er um getur í 1. grein, hin helztu ákvæði úr skipsaga-bálki og úr reglugjörð fyrir danska verzlunarræðismenn, þau er til farmanna taka.

4. gr. Það er skylda skipstjóra að láta semja skipshafnarskrána þannig, að í henni sjeu þær hinar sömu skýrslur, sem 1. grein ákveður, og láta skipverja rita nöfn sín undir hana. Nú ber skipshafnarskrá og viðskiptabók eigi saman, þá er skipverjar skulu lögskráðir til skiprúms og gilda þá þau ákvæðin, er skipverja eru hagkvæmari.

5. gr. Í hvert sinn, er skipshöfn er lögskráð til skiprúms eða úr skiprúmi, skal lögskráningarstjóri gæta þess, að fylgt sje fyrirmælum þeim, sem nú hafa nefnd verið um viðskiptabækur og skipshafnarskrár.

Nú er ferð skipsins heitið til útlanda, og skal þá skipstjóri og skipshöfnin játa samninginn eins og hann er ritaður í viðskiptabók og á skipshafnarskrá fyrir skipskráningarstjóra, áður en hann lögskráir skipshöfnina til skiprúms. Nú lögskráir skipskráningarstjóri menn úr skiprúmi, og skal hann þá gjöra upp viðskiptareikninginn, ef skipstjóri óskar þess eða einhver af skipshöfninni fyrir sitt leyti. Skyldur er hann og til að fylla út viðskiptabækur og skipshafnarskrá fyrir skipstjóra hönd. Gjald fyrir þessi störf skal ákveðið í leiðarvísi þeim, er nefndur er í 7. grein, og inna það af hendi sá eða þeir, er þessa starfs beiðast. Nú verður skipstjóri og einhver af skipverjum eigi á eitt sáttir, er reikningar skulu uppgjörðir eða og skipskráningarstjóra þykir tilefni til að hafa á móti samningi þeim, er gjörður hefur verið og skal hann þá reyna að jafna ágreininginn með fortölum, en takist það ekki, skal hann leiðbeina þeim, er honum þykir áhallað um það, hvernig hann skuli að fara til að ná rjetti sínum.

Skyldur er skipskráningarstjóri til að rita ókeypis í viðskiptabækurnar og á skipshafnarskrána athugasemd um, að hann hafi gætt skyldu þeirrar, er á honum hvílir eptir þessari grein, og geta þess jafnframt, hvort hann í því efni hafi fundið nokkuð athugavert.

6. gr. Skipstjóri, er sekur reynist við ákvæði þessa lagabálks, skal útlægur

gjör 10 kr. eða meiru allt að 100 kr. og skal sú sekt falla til einhverrar stofnunar fyrir farmenn eða í siglinga þarfir eptir því, sem landshöfðingi mælir fyrir um það efni.

7. gr. Landshöfðingi semur leiðarvísi fyrir skráningarstjóra um framkvæmd starfa þeirra, er um ræðir í þessum lagabálki, og skal þar fyrirskipað um snið það, er skipshafnarskráin (4. gr.) á að hafa. Kostnaðurinn við útvegun viðskiptabókanna og skipshafnaskránna greiðist fyrirfram úr landssjóði til bráðabyrgða.

III.

Lögskráningar-bálkur.

1. gr. Sjerhver skipstjóri á hjerlendu skipi, er ræður nýja menn á skip sitt hjerlendis, hvort heldur einn eða fleiri eða alla skipshöfn, skal láta skráningarstjóra lögskrá menn sína til skiprúms. Nú byrjar hjerlent skip fyrstu ferð sína á almanaksárinu frá einhverri höfn innanlands, eða það er fermt hjer eða affermt og skal þá lögskrá skipshöfn til skiprúms, þó að engin breyting hafi á skipshöfn orðið meðan skipið dvaldi hjer, áður en skipið leggur af stað.

Nú hefur skipstjóri á hjerlendu skipi ráðið nýja menn á skip, einn eða fleiri, meðan skipið var í förum erlendis, eða hann hefur misst nokkurn mann af skipshöfn sinni, er látizt hefur, leystur verið úr vist, strokið eða á annan hátt af skipi farið og skal hann þá láta skráningarstjóra lögskrá skipshöfn sína til skiprúms, þá er hann fær afgreiðslu frá hinni fyrstu höfn hjerlendis, þar sem hann hafði fermt skip eða affermt, eptir að hann kom hingað til lands.

2. gr. Nú leysir skipstjóri á hjerlendu skipi skipshöfn sína úr vist, eða nokkurn hluta hennar, þá er hann er hjer við land, og skal hann þá láta skráningarstjóra lögskrá þá úr skiprúmi, er frá honum fara.

3. gr. Í kaupstöðum eru bæjarfógetar skráningarstjórar, en annarstaðar sýslumenn.

4. gr. Nú skal lögskrá menn til skiprúms eða úr skiprúmi, og skal það gjöra skráningarstjórinn í því lögsagnarumdæmi, þar sem skipið þá liggur. Nú er sýslumaður þar eigi búsettur nje þar í nánd og kemur þá í hans stað umboðsmaður hans, sá er amtmaður hefur skipað samkvæmt o. br. 28. des. 1836, 9. gr.

5. gr. Þá er menn eru lögskráðir til skiprúms eða úr skiprúmi, skal skipstjóri sýna skráningarstjóra viðskiptabækur skipverja og önnur skilríki.

6. gr. Þá er menn eru lögskráðir til skiprúms, skal skipstjóri jafnframt leggja fram 2 samhljóða skrár yfir skipshöfnina (skipshafnarskrár) samdar með fyrirskipuðu sniði. Öðru eintaki skrárinnar heldur skráningarstjóri, en á hitt ritar hann vottorð sitt og skilar skipstjóra því aptur. Nú hefur skipstjóri áður, á því almanaksári látið hjerlendan skráningarstjóra lögskrá skipshöfn sína til skiprúms, en þarf nú að láta lögskrá einn mann eða fleiri til skiprúms, en þó eigi skipshöfn alla og er þá rjett, að hann leggi fram skipshafnarskrá þá, er hann hefur þangað til notað, en þá skulu á hana skráðir þeir menn, er hann bætir nýjum við, eða og þeir eru ritaðir á aukaskrá og skal hennar þá getið á hinni eldri skrá. Hvenær sem maður er lögskráður úr skiprúmi skal sýna skráningarstjóra skipshafnarskrána.

Þá er skipstjóri beiðist þess, er skráningarstjóri skyldur að útvega skipshafnarskrár eða aukaskrár og rita allt á þær, það er með þarf, og eins að rita nýráðna menn á eldri skrána, allt gegn ákveðnu gjaldi.

7. gr. Nú hefur skipstjóri ráðið nýja menn á skip, og skulu þeir þá sjálfir ganga fyrir skráningarstjóra, þá er þeir eru lögskráðir til skiprúms. Endrarnær er venjulega ekki þörf á því, að skipshöfn sje látin ganga fyrir skráningarstjóra, þá er menn eru

til skiprúms skráðir; þó er skipstjóri skyldur að hlýða fyrirmælum skráningarstjóra, ef hann eptir atvikum krefst þess, að einn eða fleiri af skipverjum eða þeir allir sjeu látnir ganga fyrir sig.

8. gr. Sjerhver skipstjóri á útlendu skipi, er ræður mann á skip eða sleppir manni úr skipsvist meðan skipið liggur í höfn hjer við land, skal að öllum jafnaði láta skráningarstjóra lögskrá menn sína til skiprúms eptir fyrirmælum 4. — 7. gr. hjer að framan. Nú eru skipverjar þeir, er hann rjeði eða ljet úr vist fara, menn útlendir og getur hann þá, ef hann kýs það heldur, látið verzlunar-ræðismann þjóðar sinnar, ef til er á þeim stað, rita breytingu þá, sem á er orðin, á skipshafnarskrána, og sýni síðan skráningarstjóra hana eða eptirrit af henni staðfest af ræðismanni. Skráningarstjóri ritar síðan á skrána eða eptirritið og skilar henni síðan aptur til skipstjóra. Ei má valdsmaður afgreiða skipið fyr en þessu er fullnægt.

9. gr. Þá er skráningarstjóri skal lögskrá menn til skiprúms eða úr skiprúmi skal hann rannsaka, hvort skipshafnarskrárnar eru rjettar og hvort skipstjóri hafi í nokkru brotið fyrirmæli þessa lagabálks. Við lögskráningu til skiprúms skal hann jafnframt rannsaka, hvort nokkuð sje því til fyrirstöðu, að menn þeir, er á skránni standa, megi í förum vera með skipinu og reynist svo, skal hann neita að lögskrá þá til skiprúms.

Fyrir lögskráningarnar og rannsókn og áritun skipshafnarskránna greiðist engin borgun.

10. gr. Nánari fyrirmæli um það, hvernig skráningarstjórar skuli framkvæma störf þau, er lögbálkur þessi leggur þeim á herðar, skulu gefin í leiðarvísi, er landshöfðingi semur.

11. gr. Nú lætur skipstjóri fyrirfarast að láta skráningarstjóra lögskrá menn sína til skiprúms eða úr skiprúmi, þá er honum er skylt eptir lögum þessum að láta gjöra það, eða hann fær skráningarstjóra ranghermda skipshafnarskrá, eða gefur honum rangar skýrslur við samningu skránna, eða áritun á þær, eða hann tekur aðra menn á skip sitt en þá, er á skránum standa eða breytir þeim eptir að skráning er fram farin, og skal hann þá sæta sektum eða fangelsi.

12. gr. Mál, sem rísa af brotum gegn lögum þessum, skal með fara sem almenn lögreglumál. Sektir renni í landssjóð.

IV.

Skipsaga-bálkur.

1. kap. Um stjórn og aga á íslenzkum skipum.

1. gr. Skipverjar skulu sýna skipstjóra og öðrum yfirmönnum tilhlýðilega virðingu, hlýða með athygli á boð þeirra, og láta í ljósi með skýru svari, að þeir hafi skilið þau. Þeir skulu vinna að öllu því, sem þeim er boðið, í þarfir skips og farms, hvort heldur í landi eða á skipsfjöl, hvort heldur tjón hefur að höndum borið eður endrarnær og yfir höfuð skulu þeir tafarlaust hlýða hverju því, er skipstjóri býður þeim í þjónustu skipsins eður til viðhalds reglu á skipinu.

Sömu hlýðni eru þeir skyldir að sýna bæði þeim, sem að öllu leyti gengur í skipstjóra stað í fjærveru hans eður sjúkdómi, svo og hverjum þeim, sem á hendur er falið sjerstakt umboð eða forstaða sjerstakra verka, allt innan takmarka þess valds, sem slíkum manni kann að vera í hendur fengið.

Sömu skyldu hefur sjerhver óæðri yfirmaður gagnvart þeim, sem yfir hann eru boðnir og sjerstaklega gagnvart skipstjóra sjálfum.

2. gr. Hins vegar á skipstjóri og aðrir yfirmenn að fara sómasamlega með þá, sem þeir eru yfirboðnir og annast velmegnun þeirra eptir megni. Sjer í lagi má eigi beita við þá líkamlegum refsingum; (sbr. þó 3. gr.).

3. gr. Nú neitar einhver af skipverjum að hlýða því, sem fyrir hann er lagt, eður sýnir þrjósku eður mótþróa yfirboðurum sínum, og hefur þá skipstjóri, eður sá, er í forföllum hans eður fjærveru gengur í hans stað, rjett til að beita valdi og þvingun til að þröngva honum til hlýðni.

Ef í nauðir rekur og einkum ef skip er í háska statt, eður skipverjar gjöra samblástur eður sýna mótþróa með ofbeldi, þá er jafnvel leyfilegt að taka til sjerhverra þeirra úrræða, er nauðsyn kann til að bera, til að koma á reglu eður hlýðni og er sjerhver af skipverjum skyldur til, þegar þannig er ástatt, að veita lið þeim, sem stjórn hefur á hendi, jafnvel án þess á hann sje skorað.

Biði þeir tjón við þetta, sem mótþróann sýndu, skulu þeir þó engan kost eiga á að koma ábyrgð fram fyrir það, nema það sannist, að vald eða þvingunarúrræði, er beitt hefur verið, hafi harðari verið eður frekari, en atvik gátu rjettlætt.

4. gr. Nú er maður lögskráður til skiprúms og neitar hann að ganga á skip, eður kemur eigi til skips í ákveðna tíð eður gengur af skipi í leyfisleysi, og getur skipstjóri þá á sína ábyrgð látið þröngva honum með lögreglu valdi til að uppfylla skuldbindingu sína.

Nú gjörir einhver skipverja sig sekan í slíku framferði, þá er skipið liggur í höfn utan-ríkis og skal þá danskur verzlunar-ræðismaður, ef hann er þar nokkur til, skyldur að veita skipstjóra liðveizlu sína, til þess að fá tilstyrk yfirvaldsins þar, til að þröngva til hlýðni hinum brotlega manni.

2. kap. Um yfirsjónir farmanna.

5. gr. Fyrir yfirsjónir þær, er farmanni kunna á að verða, hefur skipstjóri vald til að veita þeim refsingar, er hjer skulu taldar, en gæti þess jafnframt, sem fyrir er mælt í 6. gr.

1. Fyrir ósæmilegt framferði gegn skipstjóra eður öðrum yfirmönnum, missir fjögra daga kaups; slíkt hið sama fyrir óhlýðni, nema þeim, sem brotlegur varð, hafi þegar í stað verið til hlýðni þröngvað samkvæmt fyrirmælum 3. greinar.
2. Nú kemur farmaður eigi til skips í ákveðna tíð, þá er hann hefur fengið landgönguleyfi, en kemur þó samdægurs, verði útlægur tveggja daga kaupi, en fjórðungi mánaðarkaups, ef síðar kemur. Nú gengur farmaður í land í óleyfi, en kemur þó samdægurs aptur, varðar það fjögra daga kaupi, en hálfs mánaðar ef síðar kemur.
3. Nú er maður í land sendur með bát og yfirgefur hann í óleyfi, varðar fjögra daga kaupi.
4. Ef farmaður flytur fatnað sinn allan eður nokkuð til muna af honum af skipi í óleyfi, varðar fjórðungi mánaðarkaups.
5. Nú er maður við stýri settur eður á vörð til útsjónar, og gengur hann frá í óleyfi eður hann finnst þar sofandi eður ölvaður, fyrirgjörir hálfsmánaðar kaupi.
6. Vanræki maður varðstöðu sína, eður annað verk, sem honum er á herðar lagt eður hann finnst sofandi við hana eða ölvaður, varðar fjögra daga kaupmissi.
7. Flytji maður í óleyfi brennivín á skip eður annan áfengan drykk, missir fjórðung mánaðarkaups, *og fyrirgjörir ölföngunum.*
8. Hálfs mánaðar kaupmissi varðar, að fara ógætilega með eld eður ljós.
9. Að hafa brennisteinsspýtur undir þilfari, eður ljós kveykt eða lampa í hásetabyrgi eptir þann tíma, er skipstjóri hefur tiltekið, varðar tveggja daga kaupmissi.

10. Fjögra daga kaupmissi varðar það, að vekja illindi eður annan ófrið á skipi úti eður við vinnu í skipsins þjónustu.
11. Eins dags kaupmissi varðar að leyfa ókunnum mönnum að koma á skip í leyfisleysi; en þriggja daga kaupmissi að leyna ókunnum manni á skipi úti.

Verði stýrimanni einhver af þessum yfirsjónum á, má þyngja sektirnar allt að helmingi, en allt að ferföldu, ef brot er ítrekað. Þyngja má og sektirnar á öðrum skipverjum allt að helmingi, ef brot er ítrekað.

Eigi mega sektir farmanns, sem teknar eru af kaupi hans og dregnar frá því, þá er reikningur er upp gjörður, nema samtals meiru en hálfu því kaupi, er hann hefur fyrir unnið á ferðinni.

Nú hefur kaupsamningur hljóðað um ákveðna upphæð fyrir alla ferðina, eður um hlut af aflanum eður kaup hefur verið ákveðið eptir aflahæð (afla- verðlaun) og skulu þá sektir miðaðar við mánaðarkaup það, er tíðkanlegt var, þar sem farmaður rjeðist á skip um það leyti, er hann rjeðist.

Nú er brot farmanns þess eðlis, að hann ætti opinberri málsókn fyrir að sæta að almennum lögum, og fellur hún eigi niður að heldur, þótt skipstjóri hafi beitt hegningarvaldi sínu.

6. gr. Nú vill skipstjóri beita hegningarvaldi sínu samkvæmt 5. gr., og á hann þá í viðurvist skipshafnar, eður sje hún fjölmenn, þá í viðurvist að minnsta kosti tveggja hinna helztu manna á skipinu að leiða stillilega þeim, sem brotið hefur, ávirðing hans honum fyrir sjónir og refsing þá, er hann ætlar að láta hann sæta og því næst veita áheyrn, því er hinn kann fram að bera til varnar sjer eður málsbóta. Þetta skal þó venjulega ekki gjört fyr en 12 stundum eptir að yfirsjónin var drýgð. Nú þykir skipstjóra vörn hans ónóg, eður hann hefur ekkert fyrir sig að bera, og á hann þá þegar, meðan vottarnir og hinn seki maður eru enn viðstaddir, að lesa upp skýrt þessa 6. gr. þessa lagabálks og skrifa í leiðarbókina (ef nokkur er á skipinu, en ella í aðra bók, er rjettur dómari hefur til þess löggilt) skýrslu um yfirsjónina og hegningu þá, er hann leggur á hinn seka mann, og skal þess jafnframt getið, hvort hann hafi kannazt við yfirsjónina og hvað hann hafi framfært til varnar sjer. Skýrslu þessa skal hann þvínæst skýrt upplesa og bæði skipstjóri og sá, er dæmdur var, rita nöfn sín undir, og síðan vottarnir, sem staðfesta það með undirskript sinni, að þeir hafi viðstaddir verið alla þessa gjörð og að allt það sje rjett bókað, er fram fór. Nú vill sá, er fyrir sektum varð, eigi undirskrifa, og skulu þá vottarnir taka það skýlaust fram, að hann hafi undan því færzt, þótt á hann hafi verið skorað.

Nú þykir skipstjóra, fyrir sjerstakar orsakir eigi ráðlegt að láta frest þann líða, er áður var tiltekinn, og skal þá frá þeim orsökum skýrt í bókinni.

7. gr. Nú vill skipstjóri eigi neyta hegningarvalds þess, er lög þessi veita honum eður og hann hefur þegar beitt þeirri hegning allri, er 5. gr. heimilar honum frekast, og er honum þá heimilt, þá hann er heim kominn úr ferð sinni að draga þann, er misgjörði, fyrir lög og dóm fyrir athæfi hans, og sætir hann þá sektum allt að 100 krónum ef sekur reynist, enda sje athæfi hans eigi þess eðlis, að þyngri hegning liggi við að almennum lögum.

8. gr. Nú vill farmaður bera sig upp undan hegning þeirri, er skipstjóri hefur á hann lagt, og skal hann þá kæra mál sitt fyrir rjetti, áður en 3 sólir eru af lopti frá því, er hann kom með skipinu á einhverja þá höfn hjerlenda, þar sem afferma skal, og má skipstjóri eigi neita honum um landgöngu-leyfi svo sem þörf er á í þessu skyni. Nú reynist svo fyrir rjetti, að eigi hefur gætt verið fyrirmæla 6. gr. eður að refsing sú, er

skipstjóri hefur álagt, fer fram yfir takmörk þau, er 5. gr. heimilar fyrir brotið, og skal þá úr gildi fella úrskurð skipstjóra, hvort sem kærandi hefur bent á þessa ágalla eður ekki; en heimilt er þá skipstjóra að koma ábyrgð fram á hendur kæranda fyrir brot hans, svo sem fyrir er mælt í 7. gr., en reynist svo að fullnægt hafi verið ákvæðum 6. gr. og að eigi hafi beitt verið meiri refsing, en heimilað er í 5. gr., þá skal skipstjóri sýkn og úrskurður hans standa, nema kærandi sanni eður færi líkindi til þess, að eigi hafi næg ástæða verið til hegningu að beita, því að þá skal úrskurðinn úr gildi fella.

Nú fer sá, er sektaður hefur verið af skipi áður en skipið hefur affermt hjer á landi og skal þá hinn danski verzlunar-ræðismaður, ef nokkur slíkur er til á þeirri höfn skera úr því til bráðabirgða, hvort fylgt hafi verið fyrirmælum 6. gr., og hvort refsing sú, er skipstjóri hefur ákveðið, fari út yfir takmörk þau, er valdi hans eru sett í 5. gr. Nú þykir ræðismanni refsingin rjett á lögð af skipstjóra og skal þá farið eptir úrskurði skipstjóra, þá er reikningar eru uppgjörðir; svo skal og með fara ef enginn verzlunar-ræðismaður er til á þeim stað, þar sem maðurinn fer af skipi; en rjett á þó farmaður á, engu að síður, að lögsækja skipstjóra við dómstóla hjer á landi, til ónýtingar úrskurði hans og endurgreiðslu því, er inni var haldið af kaupinu. *Sje það í danskri höfn, að farmaður fer af skipi, skal skipskráningarstjóri sama hlutverk hafa í þessu efni sem verzlunar-ræðismaður við utanríkishöfn.* — Nú fellir verzlunar-ræðismaður *eða skipskráningarstjóri* úrskurð skipstjóra fyrst um sinn úr gildi og skal þá reikninginn uppgjöra eptir því, en rjett á þá skipstjóri á, þá er hann kemur hingað heim til lands, að skjóta því undir úrskurð rjetts dómstóls, hver fullnaðarúrslit þess máls skulu vera, og skal þá með það mál fara eins og segir í upphafi þessarar greinar.

9. gr. Með mál þau, er um ræðir í 7. og 8. gr., skal fara eptir þeim ákvæðum, er gilda um einka-lögreglumál, nema mál sje svo vaxið, að opinberri málssókn eigi að sæta eptir almennum lögum; því þá skal eptir þeim reglum farið, sem um þau mál gilda.

10. gr. Allar sektir eptir 5. gr., svo og eptir 12. gr. og 41. gr. hjer á eptir, skulu, eptir ákvæðum landshöfðingja, falla til einhverrar stofnunar, sem gjörð er til hagsmuna farmönnum eður í þarfir siglinga. Þá er reikningar eru uppgjörðir, skal skipskráningarstjóri (utanríkis-ræðismaður) halda eptir sektum eptir 5. gr. af kaupi farmanns, en þó skal fyrst fullnægt kröfum skipstjóra, þeim er af ferðinni eru tilkomnar. Fjeð skulu þeir því næst senda til sjóðs þess, er það á í að renna.

11. gr. Nú verður sú raun á, að skipstjóri, eður sá, er í hans stað gekk, hefur misbeitt valdi því, er honum er heimilað í 3. og 5. gr., t. d. með því, að beita óþarfa hörku, ákveða hegning án þess að gæta fyrirmæla 6. gr., eður án þess að hafa kynnt sjer yfirsjónina nægilega, eður jafnvel að hann hefur vísvitandi einhverjum rangt til gjört og skal honum þá refsað með sektum eður fangelsi, nema þyngri hegning liggi við eptir öðrum lögum.

3. kap. Um glæpi farmanna.

12. gr. Fyrir að strjúka af skipi, skal farmanni venjulega refsað með einföldu fangelsi eigi skemur en 14 daga og eigi lengur en 3 mánuði. Nú snýr strokumaður aptur til skips ótilknúður áður en skipið leggur út þaðan, er hann strauk, og má þá færa hegninguna niður í sektir eigi lægri en 20 kr. og eigi hærri en 100 kr.

13. gr. Nú strjúka fleiri menn saman af skipi eða eptir undirlögðu samráði og skal þá eptir atvikum beita einföldu fangelsi í lengri tíma en í 12. gr. segir, eða þá fangelsi við vatn og brauð. Nú leiðir sýnilega hættu eða tjón fyrir skipið af strokinu, hvort heldur það eru heilar eða hálfar skipshafnir, sem strjúka, eða einstakur maður að

eins, og getur þá hegningin orðið allt að þyngsta vatns og brauðs fangelsi, eða eins árs betrunarhús-vinnu.

14. gr. Nú er maður eigi til skips kominn, er það leggur af stað, eða hann er frá skipi meira en tvo sólarhringa í óleyfi, eða fram yfir þann tíma, er honum var leyft, skoðist hann þá sem strokumaður og sæti hegning eptir því, nema hann sýni fram á þau atvik, er gjöri það sennilegt, að hann hafi ekki ætlað að svíkjast úr þjónustu sinni.

15. gr. Nú strýkur maður með kaup sitt, það er hann hefur eigi fyrir unnið, og skal honum hegnt sem fyrir svik, hvort sem hann var áður í vist kominn á skip eða ekki, nema málavextir gjöri það sennilegt, að hann hafi ekki ætlað að draga undir sig kaup það, er honum var fyrirfram greitt, en hann hafði enn eigi fyrir unnið

16. gr. Auk þess, sem strokumanni er hegnt svo sem áður segir, fyrirgjörir hann og kaupi því, er hann kann inni að eiga og fjármunum sínum öllum, þeim er hann skilur eptir á skipi og eignast það útgjörðamenn skipsins. Nægi þetta ekki til að bæta þeim tjón það, er þeir hafa af strokinu beðið, er strokumaður ennfremur skyldur að bæta þeim að fullu það, er ávantar.

Nú er skip í höfn utanríkis og þykir skipstjóra grunsamt um, að einn eða fleiri af skipshöfninni muni ætla sjer að strjúka, og er honum þá heimilt að taka fatnað skipverja í sínar vörzlur sjerstaklega til þess að afstýra strokinu.

17. gr. Farmenn þeir, er af skipi strjúka með kaup það, er þeir eigi hafa fyrir unnið, skulu sakamáls-höfðun sæta. Ella láta valdsmenn eigi strokumál til sín taka í embættisnafni, nema skipstjóri eða útgjörðamaður beiðist þess; en þá skal með þau mál farið svo sem lögreglumál í embættisnafni rekin, þó svo, að ef til þess kemur að dæma strokumann í fangelsi við vatn og brauð eða í betrunarhús-vinnu, skal hann að spurður, hvort hann óski sjer sakverjanda skipaðan, og skal það gjört, ef hann æskir þess.

18. gr. Nú gjörir skipshöfn eða nokkur hluti hennar uppreisn til þess að ná stjórn skipsins á vald sitt, eða til að þröngva skipstjóra til að breyta stefnu skips eða að öðru leyti gjöra nokkuð eða ógjört láta að því er til ferðarinnar lýtur, og skal þá forgöngumönnunum refsað, ef ofbeldi hefur beitt verið við menn eða fjármuni með hegningar-vinnu allt að 6 árum, nema þyngri hegning liggi við eptir málavöxtum, og hinum öðrum hluttakendum uppreisnarinnar með fangelsi, ekki vægara en 3 mánaða einföldu fangelsi eða með betrunarhúsvinnu allt að 2 árum. Sama varðar, ef skipshöfnin eða nokkrir menn af henni í sameiningu setja sig með valdi á móti framkvæmd einhverra fyrirmæla skipstjóra eða þess, sem í hans stað hefur stjórn á hendi. Nú hafa hvorki menn nje fjármunir verið ofbeldi beittir og varðar þá brot forgöngumanna fangelsi ekki vægara en 3 mánaða einföldu fangelsi eða betrunarhús-vinnu allt að 2 árum; öðrum hluttakendum brotsins skal með fangelsi hegnt. Nú hafa hluttakendur uppreisnar, annaðhvort af sjálfsdáðum eða eptir áskorun skipstjóra eða staðgöngumanns hans, horfið frá samblástrinum, án þess, að óskundi hafi gjörður verið mönnum eða fjármunum, og skal þá forgöngumönnum einum refsað með fangelsi eða betrunarhús-vinnu allt að því árlangt.

19. gr. Nú ræðst einhver af skipshöfninni á skipstjóra, á skipi úti eða í landi, með ofbeldi eða ofbeldishótun, þá skal hann fangelsi sæta eða sektum, nema þyngri hegning liggi við glæpnum eptir málavöxtum.

Sje slík árás gjör á skipstjóra eða staðgöngumann hans, þegar þeir eru að gegna köllun sinni eða í því tilefni, eða sje hún gjör til að þröngva þeim að gjöra eða ógjört láta eitthvað það, er að köllun þeirra lýtur, þá skal hinum seku refsað með hegningar-vinnu allt að 6 árum eða fangelsi, ef málsbætur eru, þó eigi vægara en 3 mánaða

einföldu fangelsi, nema afbrot sje svo vaxið, að þyngri hegning liggi við því eptir öðrum lögum.

Nú gjörir annars einhver af skipshöfninni skipstjóra eða staðgöngumanni hans tálmanir í að gegna köllun sinni, og varðar það fangelsi eða sektum.

20. gr. Fyrir aðra glæpi, en þá er nú voru taldir skal, þá er þeir eru á skipi drýgðir, refsing yfir höfuð að tala álögð eptir almennum lögum.

21. gr. Nú drýgir einhver skipverja glæp á skipi og skipið er ekki í höfn á Íslandi, og skal skipstjóri þá, svo fljótt sem auðið er, halda bráðabirgða-rannsókn yfir hinum seka og yfir þeim af skipverjum eða farþegjum, er borið geta um verkið. Ef afbrotið er framið í höfn, en ekki á Íslandi, skal þetta þó því að eins gjört, að því sje jafnframt samfara brot á skyldum hans í þjónustu skipsins. Rannsóknina skal rita í bók þá, er ræðir um í 6. gr. eptir reglum þeim, er þar segir.

Skipstjóri skal þvínæst, eptir því, sem kostur er á, annast um það, að afbrotamaðurinn verði kyrr á skipinu, og getur hann byrgt hann inni eptir málavöxtum eða beitt öðrum ráðum til þess að halda honum á skipinu, en hann hefur ábyrgð á því, að eigi verði verr með hann farið, en nauðsyn krefur.

Þegar skipið, eptir að glæpurinn hefur drýgður verið, kemur til danskrar hafnar eða í utanríkis höfn, þar sem skipaður er danskur verzlunar-ræðismaður, skal skipstjóri þegar eptir komu sína skýra lögreglustjóra eða ræðismanni frá glæpaverkinu, og fá þeim staðfest eptirrit af bráðabirgða-rannsókninni. Lögreglustjóri eða ræðismaður rannsakar þá málið og sker úr því, hvort afbrotamaður skuli laus látinn eða sendur heim, og ef það verður ofan á, að hann verði heim sendur, skal hann sjá svo um, að hann verði sendur svo fljótt, sem verða má annaðhvort með sama skipi eða á annan hátt eptir málavöxtum.

Þegar öðruvísi stendur á en nú var sagt, að hægt hefur verið að fá glæpamann í hendur hlutaðeiganda yfirvaldi í útlendri höfn, skal skipstjóri þegar eptir heimkomu sína skýra valdsmanni frá afbroti því, er framið hefur verið og láta fylgja staðfest eptirrit af bráðabirgða-rannsókninni.

Fyrir brot á fyrirmælum þessarar greinar skal skipstjóri sæta sektum, allt að 100 kr., nema athæfi hans sje svo vaxið, að þyngri hegning liggi við eptir öðrum ákvæðum.

4. kapituli. Um kaup skipverja, rjett til að ganga úr skiprúmi, heimsending, sjúkdómskostnað og ýmislegt fleira.

22. gr. Nú er maður ráðinn á skip fyrir tiltekna ferð, þá er hann skyldur til að halda áfram að vera með því skipi, enda þótt það breyti ferð sinni eða lengi hana. En þegar liðin eru tvö ár að minnsta kosti, frá því er skiprúms-samningar voru gjörðir, og skipið er enn ókomið aptur til þess staðar, er menn voru á það ráðnir, eða þar sem samningar heimila þeim að ganga frá því, þá skal þeim heimilt vera, að fyrirláta skipið í hverri höfn eða tryggu skipalægi, þar sem skipað er upp úr því, nema það eigi að fara þaðan beina leið heim til áður greindra staða. Sama rjett hafa og skipverjar, sem ekki hafa ráðnir verið til ákveðinnar ferðar, til þess að yfirgefa skipið, þegar tvö ár eru liðin.

Hins vegar getur skipstjóri ekki, nema svo sje tilskilið í skiprúms-samningnum, sagt neinum skipverja upp vist mót vilja hans fyrir þá eina sök, að tvö ár sjeu liðin frá því, er samningur var gjörður, nema hann kosti heimför hans og borgi honum kaup, þar til er hann er heim kominn.

Eigi heimilar það neinum að fara úr skiprúmi, að skipið skiptir um skipstjóra.

23. gr. Nú sannar einhver skipverja það, að hann geti sjálfur fengið skip að ráða fyrir, og má hann þá þegar ganga úr skiprúmi, en setja skal hann annan í sinn

stað, er vaxinn sje stöðu þeirri, sem hann hafði, eða borga aptur kaup það, er hann hefur unnið fyrir, þó ekki meira en 6 mánaða kaup.

Stýrimaður, sem ráðizt hefur sem háseti á skip, getur gengið úr skiprúmi þegar í stað, ef hann sannar, að hann geti ráðinn orðið sem fyrsti stýrimaður á öðru skipi, en setja skal hann annan í sinn stað, er vaxinn sje stöðu hans.

24. gr. Sá, sem verður að vera með skipi á ferð, sem eigi var ákveðin fyrr en eptir að hann var ráðinn á það, hefur rjett á, þegar hann er búinn að vera ár í vist á skipinu, og þaðan af hvert missiri, að fá allt að því tvo þriðjunga af kaupi því, er álitið verður, að hann hafi unnið fyrir, enda þótt vist hans sje enn þá eigi á enda; og skal hálft kaupið borgað honum í peningum og hinn helmingurinn annað hvort í peningum eða með ávísun á útgjörðarmenn, og ræður skipstjóri, hvorn kostinn hann kýs.

25 gr. Þegar samið hefur verið um ákveðna upphæð í kaup fyrir tiltekna ferð og henni verður breytt svo, að hún stendur lengur en gjört var ráð fyrir í skiprúmssamningnum, þá á skipverji sá, nema öðruvísi standi með berum orðum í samningnum, heimting á, að fá jafnframt hinu tilskilda kaupi, uppbót fyrir ferðarlenginguna, er talin sje eptir því mánaðarkaupi, sem algengt var á þeim stað og tíma, er skiprúmssamningur var gjörður.

26. gr. Sömu uppbót á og skipshöfn heimting á, þegar um tiltekna upphæð er samið í kaup, fyrir þann tíma, er skipinu dvelst ferð, og hættir þó eigi við, fyrir sakir kyrsetningar, herkvíunar eða halds á skipi, eða fyrir þá sök, að skipið hefur orðið að hleypa í höfn til aðgjörðar eða uppskipunar, nema ferðin standi eigi fyrir það lengur en gjört var ráð fyrir, þá er gjörðir voru skiprúms-samningar. Hið sama er um, þegar svo stendur á, að borga skal skipstjóra dvalauka-bót; telst þá uppbótin fyrir þann tíma, er skipstjóri fær dvalauka-bót fyrir.

27. gr. Nú er skipverja sagt úr vist á þeim stað, er ferðin skyldi frá hafin, fyrir því að hætt er við hana eða önnur ákvörðun tekin, þá á hann að fá kaup fyrir þann tíma, er hann hefur unnið fyrir kaupi, og eins mánaðar- kaup að auki, og skal um hvorttveggja farið eptir því kaupi, er um var samið eða venjulegu mánaðarkaupi á þeim stað, er samningur var gjörður á. En ef hætt er við ferðina af því að skipið er fyrir slys orðið ósjófært eða fyrir stríð, herkvíun eða hald, þá fær skipshöfnin ekki nema um samið kaup eða venjulegt mánaðar-kaup fyrir þann tíma, er hún hefur unnið fyrir kaupi.

Það, sem borgað kann að hafa verið skipverjum, áður en hætt var við ferð, fram yfir það, sem nú var talið, er ekki apturkræft.

28. gr. Nú hefur samið verið um ákveðna upphæð í kaup fyrir tiltekna ferð, og verður ferðin skemmri en í skiprúmssamningnum til tekið, án þess þó að hætt sje við að halda ferðinni áfram, þá verður eigi kaup sett niður af þeirri ástæðu.

29. gr. Nú hefur breytt verið ferðalagi og lýkur skipið ferð sinni erlendis, og á þá skipshöfnin heimting á að fá ókeypis heimferð á kostnað útgjörðarmanns, fæði eða hæfilega fæðispeninga þar í talið. Sá, sem ráðinn er með mánaðarkaupi, fær það jafnframt, þangað til heim er kominn; en þeir, sem ráðnir eru fyrir ákveðna upphæð í kaup fyrir alla ferðina, fá kaup eptir því, sem segir í 25., 26. og 28. gr., þannig að vist er að álíta lokið, er heim er komið.

30. gr. Nú hlekkist skipi á eða það verður hernumið og upptækt gjört, og á skipshöfnin þá heimting á kaupi til þess dags, er því hlekktist á eða varð gjört upptækt þ. e. umsömdu mánaðarkaupi, eða, hafi samið verið um til tekna upphæð fyrir alla ferðina, þá svo miklu, sem þeir hefðu átt kost á, ef um venjulegt mánaðarkaup hefði verið samið, þó ekki meiru en því, er um samið var fyrir ferðina, nema það leiði af því, sem segir í 25. og 26. gr.

Svo á skipshöfnin og heimting á að fá ókeypis far heim, þar með talið fæði eða fæðispeningar, á kostnað útgjörðarmanna, og hæfilega þóknun fyrir það, er hún hefur unnið að björgun.

Þegar skip hefur verið hernumið, hefur skipstjóri þó rjett á, að senda skipshöfnina heim, án þess að bíða þess, hvað af skipinu verði gjört, en hún á þá heimting á kaupi, þangað til heim er komið, nema skipið hafi áður verið gjört upptækt.

31. gr. Nú hefur skipi hlekkzt á og það hættir við ferð sína erlendis, fyrir því, að það hefur laskazt svo mjög, að annaðhvort verður eigi við það gjört eða að kostnaður við aðgjörðina mundi nema meiru en skipið yrði vert á eptir, þá á skipshöfnin að eins heimting á að fá ókeypis heimferð, og kaup eins og hefði skipið strandað þann dag, þá er skipshöfninni er sagt upp vist, fyrir því að skipið sje ófært til áframhalds.

32. gr. Nú sýkist eða slasast einhver skipverja, og er sjálfum eigi um að kenna, og er hann eigi ferðafær, og fær hann þá umsamið kaup eða venjulegt mánaðarkaup fyrir þá daga, er hann hefur unnið fyrir kaupi. Ef hann sýkist eða slasast við vinnu sína í þarfir skipsins, á hann ennfremur að fá lækning og hjúkrun á spítala á kostnað útgjörðarmanna, þó ekki lengur en um 4 vikur. Það, sem honum hefur þegar greitt verið upp í kaup, er þá eigi apturkræft.

Nú sýkist maður eða slasast á leiðinni, og er honum eigi um að kenna, og skal honum þá hjúkrað á skipi, eða hann sendur í land til lækningar og hjúkrunar, ef það er gjörandi og á því þörf. Nú er hann eigi orðinn svo ferðafær, er skipið fer þaðan, sem hann var fluttur í land, að hann verði hafður með, og skal skipstjóri þá annast um, að haldið verði áfram að veita honum aðhjúkrun í landi, og að hann verði, þegar þar að kemur, sendur heim, hvorttveggja á kostnað útgjörðarmanna. Hinn sjúki maður skal halda kaupi sínu meðan hann er við skipið. En verði að skilja hann eptir í landi, fær hann umsamið eða venjulegt mánaðarkaup, eptir því, hvort hann er ráðinn með mánaðarkaupi eða fyrir tiltekna upphæð, til þess dags, er skipið fer frá þeim stað, þar sem hann verður eptir, en þó ekki meira en um var samið fyrir ferðina, nema það sje heimilað í 25. og 26. gr.

33. gr. Nú deyr einhver skipverja á ferðinni, og annast þá skipstjóri útför hans. Kaup hans til dauðadags, sem fer eptir því, er umsamið var eða venjulegu mánaðarkaupi, skal borga búi hans eða erfingjum að frádregnum nauðsynlegum útfararkostnaði.

34. gr. Nú sýkist maður og er sjálfur valdur að, og er skipstjóri engu að síður skyldur til að útvega honum lækning og hjúkrun, hvort heldur á skipinu eða í landi erlendis; og sje það erlendis, skal skipstjóri fje út leggja fyrirfram í þessu skyni svo sem þörf er á; en kostnað af þessu, svo og af því, að orðið hefur að fá annan í hans stað, má borga af kaupi hans, meðan það hrekkur.

35. gr. Nú er maður sjúkur, er skipið kemur heim og er eigi sjálfur valdur að, og á hann þá að fá lækning og aðhjúkrun á spítala í allt að 4 vikur á kostnað útgjörðarmanna.

36. gr. Nú reynist einhver úr skipshöfninni ónýtur til þess starfa, er hann hefur ráðizt til, og getur skipstjóri, ef það sannast með áliti tveggja hinna helztu af skipverjum að svo sje, minnkað kaup hans allt að helmingi, en þess skal jafnframt gætt, að

ástæður fyrir áliti þeirra og úrskurður skipstjóra verði með nákvæmni ritaður í bók þá, er 6. gr. ræðir um, og það síðan upplesið fyrir hlutaðeigandi í áheyrn vottanna, og riti þeir því næst allir undir það nöfn sín. Nú vill sá eigi undirskrifa, er úrskurðurinn er um, og eiga þá vottarnir að geta þess í bókinni, að honum hafi verið veittur kostur á því.

Um það, hvernig hlutaðeigandi geti borið sig upp undan þessum úrskurði, og um afleiðingar af þeirri kæru fer eptir því, sem segir í 8. gr., þannig að það, sem þar segir um afleiðingar af því, að brotið hefur verið gegn fyrirmælum 6. gr., á líka við þegar fyrirmælum þessarar 36. greinar hefur eigi fylgt verið tilhlýðilega.

37. gr. Því, sem sparast af kaupi við það, að skipverjum fækkar á leiðinni, skal skipt milli hinna annara í skipshöfninni (að skipstjóra undanskildum), að tiltölu við kaup hvers. Þó á þetta sjer eigi stað, þegar strok veldur fækkun.

38. gr. Þegar skip liggur við land, og skipverjum er fengið starf á sunnudögum og öðrum helgidögum, um fram venjulega vinnu að því að halda skipinu hreinu, þurka segl, gegna nauðsynlegum bátstörfum, tilbúa mat og hagræða eptir þörfum skipinu, svo að óhult sje, þá skal borga þeim það með ½ dags kaupi fyrir hverja tveggja stunda vinnu.

39. gr. Þá er í undanförnum greinum ræðir um heimför skipverja eða heimsending, þá á skipstjóri kost á að velja, hvort heldur hann vill þann stað, þar sem skiprúms-samningar fóru fram, eða annan stað, þar sem hann eptir samningnum átti kost á að láta þann, er heim skal fara eða sendast, fara úr skiprúmi.

5. kapituli. Almenn ákvæði.

40. gr. Landshöfðingi semur reglugjörð um viðurværi skipshafnar.

Landshöfðingi segir og fyrir um, hver læknislyf skuli vera á skipi og hve mikið af þeim.

41. gr. Lög þessi prentuð og reglugjörðin um viðurværi skipshafnar skulu vera á hverju íslenzku skipi til leiðbeiningar og eptirbreytni fyrir alla þá, er hlut eiga að máli.

Ef skipstjóri sýnir af sjer vanrækt í þessum greinum, sætir hann sektum, 10 til 100 kr.

Nd. **322. Tillögur**

til þingsályktunar um skilyrði fyrir landssjóðsstyrk til barnakennslu. — Eptir fyrri umr. í Nd.

Alþingi ályktar, að skilyrðin fyrir styrkveitingu úr landssjóði til barnakennslu skuli vera þessi:

I. Til barnaskóla í sjóþorpum og verzlunarstöðum öðrum en kaupstöðum:

1. Að kennt sje auk þess, sem krafizt er til fermingar að minnsta kosti, megin-

atriði landafræðinnar, einkum Íslands, og helztu grundvallaratriði náttúrufræðinnar, samkvæmt reglugjörð, er stiptsyfirvöldin samþykkja.

2. Að skólinn standi ekki skemur en 6 mánuði, og að minnsta kosti 15 nemendur njóti þar tilsagnar allan skólatímann, og gangi undir árspróf í öllum þeim námsgreinum, sem skylt er að kenna samkvæmt reglugjörð skólans.
3. Að við lok hvers skólaárs sje haldið opinbert próf yfir börnum þeim, er kennslunnar hafa notið. Prófdómendur sjeu hlutaðeigandi sóknarprestur og annar maður, er sýslunefnd kýs, og taki þeir til spurningarnar við prófið.
4. Að skólinn njóti jafnmikils styrks annarsstaðar frá og þess, er honum veitist úr landssjóði.
5. Styrkbeiðslum frá skólunum skal jafnan fylgja nákvæm skýrsla um árspróf skólans, svo og endurrit af síðasta ársreikningi um tekjur hans og gjöld.

II. Til sveitakennara:

1. Að hann sje ráðinn til þeirra starfa af hreppsnefnd eða sóknarnefnd, og hagi störfum sínum eptir samkomulagi við nefndina.
2. Umsóknarbrjefum um styrk til sveitakennara skal jafnan fylgja nákvæm skýrsla um kennsluna (tölu nemanda, hvað hverjum þeirra hafi verið kennt, og hve lengi hver þeirra hafi notið kennslunnar), svo og vottorð hlutaðeigandi prests um framfarir nemendanna, og enn fremur meðmæli hlutaðeigandi sýslunefndar.

Nd. **323. Frumvarp**

til laga um eignarrjett á sömdu máli. — Eptir 3. umr. í Ed.

1. gr. Höfundur hver á eignarrjett á því, er hann hefur samið og eigi út gefið; þannig að enginn annar má án hans leyfis gefa það út á prenti eður margfalda það á annan því líkan hátt. Sama rjett öðlast sá, er við gjöf, arf, kaup eða annan löglegan hátt hefur fengið útgáfurjettinn.

2. gr. Hafi höfundur gefið út hjer á landi rit á íslenzku, þá má enginn annar en hann eða sá, sem þann rjett hefur öðlazt samkvæmt þessum lögum, gefa það út aptur. Nú gefur höfundur út hjer á landi rit á öðru máli en íslenzku, og á þá hver maður rjett á að gefa út þýðing á íslenzku af því, nema höfundur gefi út sjálfur slíka þýðing innan árs, enda hafi á titilblaði rits síns áskilið sjer slíkan rjett eða lýst því, að hann mundi neyta hans.

3. gr. Nú selur maður prentrjett að riti sínu, og nær þá eignarrjettur kaupanda til einnrar prentunar (útgáfu) að eins, nema berlega sje öðruvísi um samið. Enginn samningur eða gjörningur um kaup eða sölu á útgáfurjetti rits er gildur, nema skriflegur sje og við vitundarvotta gjör.

4. gr. Nú hefur höfundur birt ritgjörð í blaði, tímariti eður ritsafni, enda sje ritgjörðin eigi að vöxtum verulegasti hluti safnsins, og á þá kostnaðarmaður eður útgefandi

eignarrjett á ritgjörðinni í 5 ár, nema öðruvísi sje um samið, nema blað það, tímarit eður ritsafn eður sá hluti þess, sem ritgjörðin er í, verði fyrr uppseldur eður ófáanlegur við upphaflegu verði hjá útgefanda. En þá hverfur eignarrjettur aptur til höfundar.

5. gr. Arfleiða má höfundur hvern, er hann vill, að eignarrjetti samins máls eður og selja eður gefa eignarrjettinn eptir sig látinn. Ef hann arfleiðir annan að eignarrjettinum eða gefur hann sem dánargjöf, þá skal rjetturinn eigi til verðs metinn gagnvart öðrum eptirlátnum eigum hans, nema hann hafi sjálfur svo til skilið.

6. gr. Nú deyr sá, er eignarrjett samins máls hefur öðlazt við arfleiðslu eða gjöf, áður en hann hefur hagnýtt hann eða notið hans að fullu, og fellur þá rjetturinn til erfingja höfundarins samkvæmt næstu grein hjer á eptir, nema öðruvísi sje berlega ákveðið í arfleiðsluskránni eða gjafabrjefi.

7. gr. Nú hefur höfundur eigi arfleitt neinn að eignarrjetti samins máls, nje gefið hann eptir sig látinn, nje heldur selt hann, og erfir þá rjettinn ekkja höfundar eða ekkill, ef á lífi er, en ella lífserfingjar; en sjeu þeir heldur engir til á lífi, þá rjettir erfingjar samkvæmt erfðalögunum. Nú hefur ekkja eða ekkill þannig erft eignarrjett eptir höfund, þá fellur þó sá rjettur að ekkju eða ekkil dánum aptur til lífserfingja eða erfingja höfundar.

8. gr. Eignarrjettur að sömdu máli, svo sem nú var greint, helzt lífstíð höfundar alla, og 50 ár eptir hann látinn. Nú er rit eða ritgjörð eptir höfund eigi gefin út fyr en að honum látnum og helzt þá eignarrjettur á ritinu í 50 ár frá því, er það kom út fyrsta sinn. Eptir þennan tíma er hverjum frjálst, er vill, að gefa út ritin. — Rit, sem út koma án nafns höfundar, njóta sömu verndar í 50 ár frá því þau koma út í fyrsta sinn. Nú gefur höfundur sjálfur nafn sitt til kynna, eður einhver annar nefnir hann, er til þess hefur umboð hans, annaðhvort á nýrri prentun (útgáfu) ritsins eður með auglýsingu, sem birt er á sama hátt, sem lögboðinn er eða verður fyrir auglýsingar, er almenning varðar, og fer þá um eignarrjett á ritinu eins og höfundur hefði nafngreint sig þegar í fyrstu, er ritið kom út.

9. gr. Nú hefur rit, sem áður kom út, eigi verið fáanlegt hjá kostnaðarmanni þess við frumverði í 5 ár, og má þá hver, sem vill, gefa það rit út á ný. Sama er um einstök bindi rits. En ef eigandi útgáfurjettarins auglýsir á 6. ári á þann hátt, er ákveðið er, að almenning varðandi auglýsingar skuli birta, að hann ætli að gefa ritið út, og það kemur út innan árs frá birting auglýsingarinnar, enda hafi enginn annar gefið það út eptir að 5 árin voru liðin, og áður en auglýsingin var birt, þá heldur hann rjetti sínum óskerðum.

10. gr. Þýðingar af öðru máli á íslenzku njóta sama rjettar sem frumrit. En heimilt er að gefa út nýja, sjálfstæða þýðing á riti, þótt annar höfundur hafi áður þýtt hið sama rit.

Viðbætur, athugasemdir og skýringar við eldri rit skoðast sem frumrit, þannig að ef eignarrjettur að aðalritinu er undir lok liðinn, má þó enginn gefa það út með þessum skýringum, viðbótum eða athugasemdum, nema höfundur þeirra, meðan eignarrjettur helzt á þeim.

11. gr. Það er brot gegn lögum þessum að prenta upp rit, er annar á eignarrjett á, þótt á því sjeu gjörðar óverulegar eður þýðingarlausar breytingar, hvort heldur breytingarnar eru fólgnar í efni eða orðfæri.

12. gr. Heimilt er blöðum eða tímaritum að taka upp greinar úr blöðum eða öðrum tímaritum, án þess að varði við lög þessi, nema við þær greinir hafi prentað verið, að eptirprentun væri bönnuð; en tilgreina skal þá blað það eður tímarit, er greinin er úr tekin, ella varði við lög sem eptirprentun.

13. gr. Eigi er það saknæm eptirprentun að tilfæra orð eða setningar úr annars manns riti. Sama er um það, að heimilt er að taka einstök kvæði, ritgjörðir eður ritgjörðar-kafla upp í sýnisbækur af bókmenntum (*anthologíur* og *chrestomatíur*), alþýðlegar lesbækur eður önnur slík ritsöfn, eður sem sýnishorn í bókmenntasögur, ritdómlegar bækur eður ritgjörðir eður því um líkt, en aldrei má í sýnisbókum taka eptir einn höfund meira en nemi sjöttungi ritsafnsins eða sjöttungi bindis, ef ritsafnið er í fleiri bindum, án samþykkis þess eður þeirra, er rjettan hlut eiga að máli.

14. gr. Nú kemur rit út í fleiri bindum en einu, og skal þá það, sem á einu ári kemur út af því, skoðast sem eitt rit, að því er til ákvæða þessara laga kemur.

15. gr. Sá, sem hjer á landi selur rit, sem erlendis er út komið, og skerðir eignarrjett annars eptir lögum þessum, er sjálfur jafnsekur sem hefði hann látið prenta það hjer.

16. gr. Þá er brot gegn lögum þessum fullkomnað, er eitt eintak er fullprentað.

17. gr. Ræður á alþingi, í amtsráðum, sýslunefndum, hreppsnefndum, kjörþingum og hvers kyns samkomum um almenn mál, má hver prenta er vill, án þess að við þessi lög varði, nema höfundurinn hafi sjálfur gefið hana út á undan öðrum.

Lög, dóma, dómskjöl og önnur skjöl, er fyrir rjett hafa lögð verið eður þinglesin, eður hvers konar skjöl, er í embættisnafni eður almennri þjónustu hafa skráð verið, má hver prenta, er vill; dómskjöl í einka-málum þó að eins með samþykki annarshvors málsaðila.

18. gr. Brot gegn 12. gr. laga þessara varðar sektum frá 1—20 krónum, hvort heldur það er af ásetningi eður vangá orðið.

19. gr. Brot gegn öðrum ákvæðum laga þessara sæti 10 - 1000 kr. sektum. Bæta skal höfundi eður eiganda prentrjettar fullum bótum allt tjón, er af þessu leiðir fyrir hann eptir mati óvilhallra dómkvaddra manna; hafi ritið áður verið út gefið, skal meta bæturnar með hliðsjón af bóksöluverði því, er áður var á því og tölu þeirra eintaka, er líklegt má ætla að seld hafi verið. Eintök þau, er ólöglega eru prentuð og eigi eru seld, skulu upptæk vera og falla til þess, er útgáfurjettinn átti ef hann vill, nema rjetti þriðja manns verði með því hallað, ella skal þeim fyrirfarið. En eigi skal tillit taka til þess, þá er bætur eru ákveðnar, þó að eigandi útgáfurjettar fái eintök þessi sjer afhent.

20. gr. Eptir að lög þessi koma í gildi skal eptir ákvæðum þeirra fara eins um eignarrjett á sömdu máli því, er eldra er en þau eður áður útgefið. Með þessum lögum eru úr gildi numdar allar eldri lagaákvarðanir um eignarrjett á sömdu máli. Lög þessi öðlast gildi 1. jan. 1890.

Nd.

324. Frumvarp

til fjárlaga fyrir árin 1890 og 1891. — Eptir 2. umr. í Nd.

1. kafli.

Tekjur.

1. gr. Á árunum 1890 og 1891 telst svo til, að tekjur Íslands verði 764,900 kr. og er það afrakstur af tekjugreinum þeim, sem getið er um í 2.—6. gr.

2. gr. Af eptirfylgjandi sköttum og gjöldum eru tekjurnar taldar 478,000 kr.

	1890.	1891.	alls.
	kr.	kr.	kr.
1. Skattur á ábúð og afnotum jarða, og á lausafje:			
a) á ábúð og afnotum jarða	17,000	17,000	34,000
b) á lausafje	23,000	23,000	46,000
2. húsaskattur	4,000	4,000	8,000
3. tekjuskattur	10,000	10,000	20,000
4. aukatekjur	22,000	22,000	44,000
5. erfðafjárskattur	1,700	1,700	3,400
6. gjöld af fasteignasölum	1,300	1,300	2,600
7. vitagjald	5,000	5,000	10,000
8. gjöld fyrir leyfisbrjef	2,000	2,000	4,000
9. útflutningsgjald af fiski og lýsi m. m., að frá dregnum 2% í innheimtulaun	25,000	25,000	50,000
10. aðflutningsgjald af áfengum drykkjum, að frá dregnum 2% í innheimtulaun	90,000	90,000	180,000
11. aðflutningsgjald af tóbaki, að frá dregnum 2 % í innheimtulaun	17,000	17,000	34,000
12. tekjur af póstferðum	18,000	18,000	36,000
13. óvissar tekjur	3,000	3,000	6,000
samtals	239,000	239,000	478,000

3. gr. Tekjur af fasteignum landssjóðs o. fl. eru taldar 56,700 kr.:

	1890.	1891.	alls.
	kr.	kr.	kr.
1. Afgjöld af jarðeignum landssjóðs, alls 37,000 kr. að frá dregnum umboðslaunum, prestsmötu og fl., alls 9,000 —	28,000	28,000	56,000
2. Tekjur af kirkjum	350	350	700
samtals...	28,350	28,350	56,700

4. gr. Tekjur, er snerta viðlagasjóðinn, eru áætlaðar 62,000 kr.:

	1890.	1891.	alls.
	kr.	kr.	kr.
Leigur af innstæðufje viðlagasjóðsins	31,000	31,000	62,000
Upp í lán verður borgað:			
á árinu 1890 25,959 kr. 09 a.			
- — 1891 25,922 — 66 -			
51,881 kr. 75 a.			
samtals ..	31,000	31,000	62,000

Af láni til Staðarbyggðarmýrar greiðist að eins 4% á ári í leigu og afborgun af hinni upphaflegu upphæð.

Árið 1890 veitist frestur á afborgun af hallærisláni Húnavatnssýslu.

5. gr. Ýmislegar innborganir og endurgjöld verða talin 9,200 kr.:

	1890.	1891.	alls.
	kr.	kr.	kr.
1. Það, sem greitt er frá prestaköllum samkvæmt lögum 27. febr. 1880	2,000	2,000	4,000
2. Endurgjald skyndilána til embættismanna	600	600	1,200
3. Endurborganir á öðrum fyrirframgreiðslum	2,000	2,000	4,000
samtals...	4,600	4,600	9,200

6. gr. Tillag úr ríkissjóðnum verður talið 159.000 kr.:

	1890.	1891.	alls.
	kr.	kr.	kr.
Fast tillag	60,000	60,000	120,000
Aukatillag	20,500	18,500	39,000
samtals...	80,500	78,500	159,000

2. kafli.

Útgjöld.

7. gr. Á árunum 1890 og 1891 veitast til útgjalda 907,088 kr. 84 a. samkvæmt þeim gjaldagreinum, sem nákvæmar er skýrt frá í 8.—16. gr.

8. gr. Gjöld til hinnar æðstu stjórnar innanlands og fulltrúa stjórnarinnar á alþingi eru talin fyrir árið 1890: 12,400 kr. og árið 1891: 14,400 kr., samtals: 26,800 kr.

9. gr. Til kostnaðar við alþingi veitast 32,000 kr. Til kostnaðar við yfirskoðun landsreikninganna 1,600 kr., alls 33,600 kr.

10. gr. Til útgjalda við umboðsstjórnina, gjaldheimtur og reikningsmál, svo og við dómgæzluna og lögreglustjórnina o. fl. veitast 362,348 kr. 84 a.

A.	1890.	1891.	alls.
Umboðsstjórn, gjaldheimtur og reikningsmál:	kr. a.	kr. a.	kr. a.
1. laun embættismanna	19,216 66	19,300	38,516 66
2. endurgjald fyrir skrifstofukostnað o. fl.	3,800	3,800	7,600
3. a. borgun fyrir hina umboðslegu endurskoðun 2,500 kr.			
b. viðbót fyrir hinn núverandi endurskoðara 500 —	3,000	3,000	6,000
	26,016 66	26,100	52,116 66
B.			
Dómgæzla og lögreglustjórn:			
1. laun:			
a. til dómara og sýslumanna...	70,525 09	70,525 09	
b. til hreppstjóra	6,000	6,000	
2. ritfje handa bæjarfógetanum í Reykjavík	1,400	1,400	
Flyt	77,925 09	77,525 09	52,116 66

			1890.	1891.	alls.
			kr. a.	kr. a.	kr. a.
		Flutt	77,925, 09	77,925, 09	52,116, 66
3. til hegningarhússins og fangelsanna:					
	1890.	1891.			
a. laun umsjónarmannsins.....	800 kr.	800 kr.			
viðbót fyrir hinn núverandi umsjónarmann	200 —	200 —			
þóknun handa dómkirkjuprestinum	100 —	100 —			
þóknun handa lækni.....	60 —	60 —			
b. viðurværi handa föngum, 42 a. á dag	1,225 —	1,225 —			
3 skammtar af miðdagsmat handa fangaverði á 21 e.	230 —	230 —			
þvottur	30 —	30 —			
til eldiviðar og ljósa	520 —	520 —			
útgjöld við bygginguna sjálfa og áhöld	400 —	400 —			
til þess að útvega verkefni ..	500 —	500 —			
ýmisleg útgjöld.....	150 —	150 —			
	4,215 kr.	4,215 kr.			
arður af verkum talinn	615 —	615 —			
	3,600 kr.	3,600 kr.			
c. kostnaður við viðhald fangelsanna	300 —	100 —	3,900	3,700	
4. önnur útgjöld:					
a. þóknun handa tveimur settum málaflutningsmönnum við yfirrjettinn		1600 kr.			
b. laun sendiboðans við yfirrjettinn.....		50 —			
c. til eldiviðar í yfirrjettarstofunum.....		40 —			
d. til viðhalds á yfirrjettarstofunum o. fl.		60 —			
e. kostnaður við sakamál og lögreglumál		1500 —			
f. kostnaður við gjafsóknarmál...		300 —			
g. til að gefa út dómasafn, allt að 15 kr. fyrir hverja örk		150 —	3,700	3,700	
			85,525 09	85,325 09	170,850 18
C.					
Ýmisleg útgjöld:					
1. Til þess að gefa út Stjórnartíðindi og landshagsskýrslur:					
a. þóknun fyrir útgáfu tíðindanna m. fl.		300 kr.			
b. til pappírs og prentunar deildarinnar B. 22 arkir og deildarinnar C. 15 arkir		1591 —			
c. til kostnaðar við sending með póstum		150 —			
		Flyt 2,041 kr.			222,966,84

		1891.	1891.	alls.
		kr. a.	kr. a.	kr. a.
Flutt	2,041 kr.			222,966,84
d. þóknun fyrir að semja landshagsskýrslur, með prófarkalestri 40 kr. fyrir örkina	600 —			
		2,641	2,641	
2. endurgjald handa embættismönnum fyrir burðareyri undir embættisbrjef		1,200	1,200	
3. brunabótagjald fyrir ýmsar opinberar byggingar		1,600	1,600	
4. styrkur til eflingar búnaði:				
a. til búnaðarskóla:				
1. til skólans í Ólafsdal	2500 kr.			
2. — —— á Hólum	3500 —			
3. — —— - Eyðum	2000 —			
4. — —— - Hvanneyri	2000 — 10,000kr.			
b. til búnaðarfjelaga	8,000 —			
Landshöfðingi úthlutar fje þessu eptir tillögum sýslunefnda og amtsráða.				
c. styrkur til Hermanns Jónassonar til að gefa út búnaðarrit, 20 kr. fyrir örkina	240 —			
d. styrkur til Edílons Grímssonar til að útvega sjer verkfæri til þilskipasmíða árið 1890	300 —			
		18,540	18,240	
5. til vegabóta:				
a. til að útvega vegfróðan mann frá útlöndum	1890 3000 kr.	1891 » kr.		
b. til að bæta vegi á aðalpóstleiðum	16000 —	16000 —		
c. til fjallvega	2500 —	2500 —		
d. styrkur til Erlendar Zakaríassonar til að læra vegagjörð í Noregi	400 —	400 —		
		21,900	18,900	
6. a. til gufuskipsferða, slíkra sem nú eru		9000 kr.		
b. til aukinna strandferða		9000 —		
c. styrkur til Ísfirðinga til að halda uppi gufubátsferðum á Vestfjörðum		3000 —		
		21,000	21,000	
7. til vitans á Reykjanesi:				
a. til launa vitamannsins		1200 kr.		
b. til eptirlits með vitanum		60 —		
c. til að kaupa olíu		1200 —		
d. — — — lampakveiki o. fl.		150 —		
e. — — — steinkol		120 —		
	Flyt	2,730 kr.	66,881	63,581	222,966,84

	1890.	1891.	alls.
	kr.	kr.	kr.
Flutt 2,730 kr.	66,881	63,581	222,966,84
f. til viðurhalds á húsum og áhöldum.. 200 —			
g. eptirgjald eptir lóðina ..... 30 —	2,960	2,960	
8. til vörðuvita.....	500	500	
9. til kostnaðar við eptirlitsferðir embættismanna, að því leyti, sem hann greiðist úr landssjóði.....	1,000	1,000	
	71,341	68,041	139,382
samtals...	.....	.....	362,348,84

11. gr. Til útgjalda við læknaskipunina veitast 98,844 kr.:

	1890.	1891.	alls.
	kr.	kr.	kr.
1. laun.....	39,598	39,598	79,196
2. styrkur til 6 aukalækna:			
a. til læknis í Dalasýslu og Bæjarhreppi í Strandasýslu;			
b. til læknis á Seyðisfirði ásamt með Mjóafirði, Loðmundarfirði og Borgarfirði;			
c. til læknis á Skipaskaga á Akranesi með 4 syðstu hreppum Borgarfjarðarsýslu;			
d. til læknis í Dyrhólahreppi og Eystri- og Vestri-Eyjafjallahreppum;			
e. til læknis í Dýrafirði ásamt Önundarfirði, Súgandafirði og Arnarfirði;			
f. til læknis í Þingeyjarsýslu fyrir austan Jökulsá til hvers þeirra 1000 kr. hvort árið.....	6,000	6,000	12,000
3. önnur útgjöld:			
a. styrkur til sjúkrahússins í Reykjavík 1200 kr.			
b. — — — á Akureyri 400 —			
c. til einnar yfirsetukonu í Reykjavík fyrir hana sjálfa ....24 —			
d. til náms yfirsetukvenna .....2000 —			
e. til verkfæra handa yfirsetukonum ..... 200 —	3,824	3,824	7,648
samtals	49,422	49,422	98,844

12. gr. Útgjöldin við póststjórnina er ætlazt á að verði 65,300 kr.:

	1890.	1891.	alls.
	kr.	kr.	kr.
1. laun:			
a. handa póstmeistaranum.....2400 kr.			
b. — póstafgreiðslumönnum .....4000 —			
c. — brjefhirðingarmönnum .....1900 —	8,300	8,300	16,600
Flyt	8,300	8,300	16,600

	1890.	1891.	alls.
	kr.	kr.	kr.
Flutt	8,300	8,300	16,600
2. póstflutningur	22,000	22,000	44,000
3. önnur útgjöld:			
a. endurgjald fyrir skrifstofukostnað póstmeistarans ..... 1000 kr.			
b. til sama fyrir ábyrgð á mistalningi 1°/₀₀ um 200 —			
c. fæðispeningar og ferðakostnaður sama 200 —			
d. fyrir prentun á ýmsu ..... 200 —			
e. til áhalda ..... 500 —			
f. 1 brjefberi í Reykjavík ..... 50 —			
g. óviss útgjöld ..... 200 —			
	2,350	2,350	4,700
samtals...	32,650	32,650	65,300

13. gr. Til kirkju- og kennslumála veitast 221,996 kr.:

	1890.	1891.	alls.
	kr.	kr.	kr.
A.			
Í þarfir andlegu stjettarinnar:			
a. laun	7,000.	7,000.	
b. önnur útgjöld:			
1. til prestakalla samkvæmt lögum 27. febr. 1880, 1. gr.	10,000.	11,000.	
2. til bráðabirgðar-uppbótar fátækum brauðum Þar af til hins núverandi prests í Grímsey 400 kr. hvort árið	2,500.	2,000.	
3. til nokkurra brauða í fyrverandi Hólastipti	600.	600.	
4. bráðabirgðar-uppbót á Gufudals-prestakalli í Barðastrandar-prófastsdæmi til húsabygginga á staðnum	300.	300.	
5. bráðabirgðar-uppbót á Kvíabekkjar-prestakalli í Eyjafjarðar-prófastsdæmi	200.	200.	
Uppbætur þessar (undir 4. og 5. lið) greiðast því að eins, að sjerstakir prestar komi til brauðanna.			
6. viðbót við eptirlaun þau, er fátækir uppgjafaprestar og prestsekkjur fá samkvæmt lögum	3,000.	3,000.	
7. endurgjald handa biskupi fyrir skrifstofukostnað	1,000.	1,000.	
8. uppbót handa núverandi presti Hólmabrauðs í Suður-Múla-prófastsdæmi fyrir tekjumissi samkvæmt lögum 19. febr. 1886	300.	300.	
9. til aðgjörðar á Prestsbakka-kirkju	200.		
	25,100.	25,400.	50,500.
Flyt...			50,500.

	1890.	1891.	alls.
	kr.	kr.	kr.
Flutt			50,500
B.			
Kennslumálefni:			
I. til prestaskólans:			
a. laun	9,000	9,000	
b. önnur útgjöld:			
1. húsaleigustyrkur handa 20 lærisveinum, 80 kr. handa hverjum (1890. 1,600 kr. 1891. 1,600 kr.)			
2. 3 ölmusur (1890. 600 — 1891. 600 —)			
3. til tímakennslu (1890. 100 — 1891. 100 —)			
4. til bókakaupa (1890. 300 — 1891. 300 —)			
5. til eldiviðar og ljósa (1890. 100 — 1891. 100 —)			
6. til umsjónar (1890. 100 — 1891. 100 —)			
7. ýmisleg útgjöld (1890. 200 — 1891. 200 —)	3,000	3,000	
	12,000	12,000	24,000
II. til læknaskólans:			
a. laun	3,600	3,600	
Þar af 400 kr. hvort árið launaviðbót til Tómasar Hallgrímssonar 1. kennara.			
b. önnur útgjöld: (1890. 1891.)			
1. 2 ölmusur, 200 kr. hvor (1890. 400 kr. 1891. 400 kr.)			
2. eldiviður, ljós og ræsting (1890. 120 — 1891. 120 —)			
3. til bókakaupa og verkfæra (1890. 300 — 1891. 300 —)			
4. ferðastyrkur handa læknaefnum (1890. 300 — 1891. 300 —)			
5. húsaleiga handa 6 lærisveinum (1890. 480 — 1891. 480 —)			
6. þóknun fyrir tímakennslu í efnafræði (1890. 100 — 1891. 100 —)			
7. til umbúða og annars kostnaðar við ókeypis »klinik», allt að (1890. 100 — 1891. 100 —)			
8. ýmisleg útgjöld (1890. 100 — 1891. 100 —)	1,900	1,900	
	5,500	5,500	11,000
III. til hins lærða skóla:			
a. laun	18,200	18,200	
b. aðstoðarfje:			
handa Páli Melsteð sem kennara í sögu 1,800 kr.			
— söngkennaranum 600 —			
— fimleikakennaranum 700 —			
Flyt 3,100 kr.	18,200	18,200	85,500

	1890.	1891.	alls.
	kr.	kr.	kr.
Flutt 3,100 kr.	18,200	18,200	85,500
handa dyraverði ..... 1,000 kr.			
til yfirumsjónar með skólahúsinu og áhöldum skólans..... 300 —	4,400	4,400	
1890. 1891.			
c. önnur útgjöld:			
1. til bókasafns skólans 600 kr. 600 kr.			
2. til eldiviðar og ljósa 1,000 — 1,000 —			
3. til skólahússins utan og innan ..... 1,000 — 1,000 —			
4. til tímakennslu ..... 1,100 — 1,100 —			
5. ölmusur ..... 6,500 — 6,000 —			
6. þóknun handa lækni 100 — 100 —			
7. ýmisleg útgjöld .... 1,000 — 1,000 —			
8. fyrir prestsverk ..... 48 — 48 —			
9. til vísindalegra áhalda 400 — 400 —			
10. til að gefa út vísindalega ritgjörð, er fylgi skólaskýrslunni ..... 300 — 300 —	12,048	11,548	
	34,648	34,148	68,796
IV. til gagnfræðaskólans á Möðruvöllum:			
a. laun	6,600	6,600	
b. önnur útgjöld:			
1. til bóka- og áhaldakaupa við kennsluna ..... 400 kr.			
2. til eldiviðar og ljósa ..... 500 —			
3. til skólahússins utan og innan..... 200 —			
4. ýmisleg útgjöld..... 400 —	1,500	1,500	
	8,100	8,100	16,200
V. til annarar kennslu:			
a. til kvennaskóla:			
1. til kvennaskólans í Reykjavík . 1,500 kr. þar af ölmusur til sveitastúlkna 300 kr.			
2. til kvennaskólans á Ytri-Ey . . 1,000 —			
3. — —— á Laugalandi . 1,000 —			
4. — kvennaskólanna á Ytri-Ey og Laugalandi . . . . . 1,400 —			
Öll upphæðin (1,400 kr.) skiptist milli skólanna eptir nemenda-fjölda Þar af 500 kr. til námsmeyja.	4,900	4,900	
Flyt	4,900	4,900	170,496

	1890.	1891.	alls.
	kr.	kr.	kr.
Flutt	4,900	4,900	170,496
b. 1. til barnaskóla í sjóþorpum og verzlunarstöðum öðrum en kaupstöðum	2,500	2,500	
Styrkur þessi veitist einkum eptir kennslutíma og nemenda-fjölda, og með því skilyrði, að skólarnir njóti einnig annarar tillögu, er eigi sje minni en helmingur á móts við styrkinn úr landssjóði.			
2. til sveitakennara, allt að 50 kr. til hvers.	2,500	2,500	
Styrkur þessi veitist eptir tillögum sýslunefnda.			
c. til gagnfræða- og alþýðuskólans í Flensborg .	2,500	2,500	
d. til kennara í organslætti og sönglist og til organleikara við dómkirkjuna í Reykjavík . .	1,000	1,000	
e. til kennslu í stýrimannafræði:			
1. til kennslu og húsnæðis í Reykjavík 800 kr.			
2. til kennslu annarstaðar . . . . 1,000 —	1,800	1,800	
	15,200	15,200	30,400
C.			
1. til landsbókasafnsins og fyrir umsjón með alþingishúsinu millum þinga:			
1890. 1891.			
a. laun bókavarðar . . . 1,000 kr. 1,000 kr.			
b. til að aðstoða bókavörð við útlán og niðurröðun bóka og við samningu á skrá yfir handrit og bækur . 700 — 700 —			
c. fyrir að hafa umsjón með alþingishúsinu og áhöldum í því milli þinga . . . 100 — 100 —			
d. til þess að kaupa bækur og handrit og fyrir bókband 1,200 — 1,200 —			
e. til eldiviðar og áhalda m.m. 400 — 400 —			
f. brunabótagjald fyrir safnið 250 — 250 —	3,650	3,650	
2. til amtsbókasafnanna á Akureyri og í Stykkishólmi	200	200	
3. til deildar hins íslenzka Bókmenntafjelags í Reykjavík	1,000	1,000	
4. til þjóðvinafjelagsins	400	400	
5. til forngripasafnsins:			
a. til að útvega forngripi og til áhalda 1,000 kr.			
b. — umsjónar . . . . . 200 —			
c. — Sigurðar Vigfússonar til rannsóknar fornmenja . . . . . 1,000 —	2,200	2,200	
Flyt	7,450	7,450	200,896

	1890.	1891.	alls.
	kr.	kr.	kr.
Flutt	7,450.	7,450.	200,896.
6. til fornleifafjelagsins	300.	300.	
7. til hins íslenzka náttúrufræðisfjelags til að koma á fót náttúrugripasafni handa almenningi . .	400.	400.	
8. styrkur til kennara Þ. Thóroddsens til kostnaðar við jarðfræðisrannsóknir og við safn til jarðfræðislýsingar Íslands, eptir reikningi, allt að 1,000 kr. hvort árið	1,000.	1,000.	
9. styrkur til kennara Benedikts Gröndals til að halda áfram myndasafni yfir íslenzk dýr og til að semja þjóðmenningarsögu Norðurlanda 600 kr. á ári, og til efna og áhalda til að varðveita náttúrugripi 200 kr. hvort árið	800.	800.	
10. til að vinna að texta-útgáfu á íslenzku fornbrjefasafni, 25 kr. fyrir örkina, allt að 600 kr. hvort árið	600.	600.	
	10,550.	10,550.	21,100.
samtals...	.....	.....	221,996.

14. gr. Til skyndilána handa embættismönnum og lögboðinna fyrirframgreiðslna veitast 5,200 kr.

15. gr. Til eptirlauna og styrktarfjár og fl. veitast 90,000 kr.; þar af til ekkjufrúar Önnu Johnsen 150 kr., til ekkjufrúar Guðrúnar Guðjohnsen 300 kr., til ekkjufrúar Valgerðar Ólafsdóttur frá Hofi 200 kr., til ekkjufrúar G. Brynjúlfssonar 150 kr., til sjera Þórðar Thorgrímsens 50 kr., til sjera J. Thorarensens 50 kr., til prestsekkju Ragnheiðar Jónsdóttur sem viðbót við eptirlaun hennar af Vestmannaeyja prestakalli 105 kr. 40 a. og til Katrínar Þorvaldsdóttur, ekkju fyrverandi bókavarðar Jóns Árnasonar, 200 kr. — til allra þeirra hvort árið.

16. gr. Til óvissra útgjalda veitast 3,000 kr.

Eigi má af þessum gjaldlið greiða ferðakostnað embættismanna eða embættismannaefna frá útlöndum til að taka við embættum hjer á landi.

17. gr. Það sem á vantar, að tekjurnar hrökkvi fyrir útgjöldunum, og sem fyrst um sinn er áætlað að verði 142,188 kr. 84 a., skal greiða úr viðlagasjóði.

18. gr. Ef

lög um brúargjörð á Ölfusá

koma til framkvæmdar á fjárhagstímabilinu, eða ef

frumvarp til laga um aðflutningsgjald á kaffi og sykri og

frumvarp til laga um breyting á lögum 11. febr. 1876 um aðflutningsgjald á tóbaki

ná gildi á fjárhagstímabilinu, breytast upphæðirnar tekju- og gjaldamegin samkvæmt nefndum lögum og frumvörpum.

19. gr. Allar þær fjárveitingar, sem eigi eru ákveðnar í lögum öðrum en fjárlögum, tilskipunum, konungsúrskurðum eða öðrum gildandi ákvörðunum, samkvæmt 25. gr. stjórnarskrárinnar, gilda að eins fyrir fjárhagstímabilið.

Nd. **325. Frumvarp**

til laga um eyðing sels í veiði-ám og veiði-vötnum. — Eptir 3. umr. í Ed.

Í öllum veiði-ám og veiði-vötnum, svo og í ósum þeirra, skal eyða sel á þann hátt, er hjer segir: Þrjú ár hin næstu frá því, er lög þessi eru gengin í gildi, skal hver landeigandi að veiði-ám, veiði-vötnum og ósum þeirra, eyða sel fyrir sínu landi með skotum og á annan þann hátt, er hagfeldastur er til eyðingar selnum. En síðan skal selur á tjeðum stöðum rjettdræpur vera hverjum manni. Þó skal jafnan gætt þeirra fyrirmæla laganna, að skjóta eigi nær friðlýstu eggveri en fjórðung úr mílu.

Ed. **326. Nefndarálit**

um löggilding verzlunarstaða og um tollgreiðslu.

Nefnd sú, sem sett var til þess að segja álit sitt um frumvarp til laga um löggilding verzlunarstaðar að Haukadal í Dýrafirði, og sem síðar var vísað til öðrum frumvörpum átta um löggildingar ýmsra verzlunarstaða, svo og frumvarp til laga um tollgreiðslu, hefur nú íhugað og rætt öll þessi frumvörp, hvert út af fyrir sig, og lætur uppi umsögn sína um þau, eins og hjer skal skýrt frá.

Yfir höfuð verður nefndin að vera á þeirri skoðun, að löggjafarvaldið eigi að fara varlega, þegar spursmál er um löggildingar nýrra verzlunarstaða, og það af þeirri aðalástæðu, að allt eptirlit með tollgreiðslu verður örðugra og vandasamara eptir því, sem kauptún verða fleiri; að vísu má svo segja, að löggreglustjórum sje innanhandar, að hafa sína umboðsmenn á hverjum stað, en hjer kemur þá einnig til álita, að það er opt örðugt að fá umboðsmann, og svo hefur löggreglustjóri alla ábyrgð gagnvart því opinbera, og setur veð til tryggingar þeirri ábyrgð, en umboðsmenn hans setja honum ekkert veð. Samkvæmt þessu ber eigi að löggilda ný kauptún, nema nokkur nauðsyn sje til og almenningur geti haft bersýnilegan hag af.

1. Frumvarp til laga um löggilding verzlunarstaðar að Haukadal í Dýrafirði.

Með því Haukadalur er rjett hjá öðrum verzlunarstað, sem sje Þingeyri, en hvorki vörumegn mjög mikið á staðnum nje um margar sveitir að ræða, sem þangað geta sótt, sjáum vjer enga nauðsyn til þess að löggilda Haukadal, og því ræður nefndin hinni hæztvirtu deild til að fella frumvarpið.

2. Frumvarp til laga um löggilding verzlunarstaðar að Arngerðareyri við Ísafjarðardjúp.

Nefndin vill leggja það til, að þetta frumvarp verði samþykkt, því bæði er langt til næsta kaupstaðar, enda liggja góðar sveitir að, sem gætu sótt þangað.

3. Frv. til laga um löggilding verzlunarstaðar að Múlahöfn við Hjeraðsflóa.

Að vísu er svo landslagi háttað við Múlahöfn, að aðgangur að höfninni landveg er nokkuð torfær, en samt sem áður vill nefndin leggja það til, að þetta frumvarp fái fram að ganga, af þeirri ástæðu, að kauptún við Lagarfljótsós getur eigi komið að fullum notum, nema Múlahöfn verði löggilt líka, en engum getur blandazt hugur um það, hve mikla þýðingu það getur haft fyrir Hjeraðið, að kauptún komist á við Lagarfljótsós.

4. Frumvarp til laga um löggilding verzlunarstaðar við Vogavík í Gullbringusýslu.

Nefndin vill leyfa sjer að ráða hinni háttvirtu þingdeild til að hafna þessu frumvarpi, því Vogavík er mitt á milli tveggja verzlunarstaða, og er skammt til beggja.

5. Frumvarp til laga um löggilding verzlunarstaðar við Hólmavík í Steingrímsfirði.

Með þessu frumvarpi er í raun rjettri eigi farið fram á annað, en stækka kauptúnið við Skeljavík, sem að eins liggur nokkur hundruð faðma frá Hólmavík, en á

Hólmavík er betra skipalægi, en á Skeljavík, sem liggur fyrir opnu hafi. Nefndin vill því mæla með því, að frv. þetta verði samþykkt.

6. Frv. til laga um löggilding verzlunarstaðar að Svalbarðseyri við Eyjafjörð.

Svalbarðseyri er allskammt fyrir utan Akureyri, og ef hún yrði gjörð að kauptúni, mundi þangað sækja eingöngu ytri hlutinn af Svalbarðsströndinni, sem er lítil sveit, og nokkur hluti af Fnjóskadalnum. Það, sem mönnum gengur til að óska eptir því, að Svalbarðseyri verði löggilt, er það, að þaðan er hægra að skipa út fje úr Þingeyjarsýslu en frá Akureyri, en af þessari ástæðu er alls óþarft, að staðurinn verði löggiltur, þar sem lög leyfa nú einnig lausakaupmönnum að sigla upp á hverja vík, afferma þar vörur og taka vörur. Nefndin verður því að ráða hinni háttvirtu þingdeild frá að samþykkja þetta frumvarp.

7. Frumvarp til laga um löggilding verzlunarstaðar við Þórshöfn í Gullbringusýslu.

Nefndin vill eigi mæla með því, að Þórshöfn í Gullbringusýslu verði löggilt, því bæði er hún eigi mjög langt frá öðrum verzlunarstöðum, enda er höfn þar ill og innsigling hættuleg.

8. Frv. til laga um löggilding verzlunarstaðar að Stapa í Snæfellsnessýslu.

Þótt skipalægi eigi sje gott við Stapa, er nefndin því samt meðmælt, að frumvarpið fái fram að ganga, þar sem verzlun á Búðum nú mun lögð niður, enda hefur verzlunarstaður verið áður fyr meir á Stapa.

9. Frumvarp til laga um löggilding verzlunarstaðar á Búðareyri við Reyðarfjörð og afnám löggildingar Hrúteyrar við sama fjörð.

Frumvarp þetta fer alls eigi fram á að fjölga löggiltum verzlunarstöðum hjer á landi, en miðar eingöngu til þess, að fá kauptún við Reyðarfjörð á hentugri stað, en það nú er, því Hrúteyri verður eigi notuð vegna þess, að Hrútá flæðir yfir alla eyrina í leysingum á vorin; aptur á hinn bóginn er Búðareyri, sem er hinumegin fjarðarins beint á móti Hrúteyri, einkar vel fallin til kauptúns; bæði er þar gott byggingarstæði, og í annan stað liggur eyrin ágætlega við, upp á aðsókn frá upphjeraðinu.

10. Frumvarp til laga um tollgreiðslu.

Nefndinni dylst það að vísu eigi, að með frumvarpi þessu aukast örðugleikarnir nokkuð við allt tolleptirlit, og gjörir það tollheimtu vandasamari og ábyrgðarmeiri fyrir lögreglustjóra, en hún nú er, einkum í kauptúnum, sem eru í fjarska, og þar sem lögreglustjóri hefur umboðsmann sinn til tollheimtu. Nefndin byggir nú samt á því, að kaupmenn, sem búa í fjarska frá lögreglustjóra, muni sjaldan nota þá ívilnun, sem frumvarpið fer fram á að veita þeim, sökum kostnaðarins, sem ferð lögreglustjóra hefur í för með sjer, en frumvarpið gjörir ráð fyrir, eins og rjett er í sjálfu sjer, að lögreglustjóri skuli ávallt sjálfur afhenda vörurnar. Að öllu yfirveguðu verður samt nefndin að álíta, að það sje óhætt, að gjöra þá breytingu á greiðslu tollgjalds, sem frumvarpið hefur fyrir augum, enda virðist sanngirni mæla nokkuð með þessu fyrirkomulagi. Nefndin leyfir sjer því, að mæla með því, að hin háttvirta deild samþykki frumvarpið með þeim orðabreytingum, sem hjer skulu taldar.

1. við 2. gr. Í stað orðanna «hinum veðsettu vörum» komi: «vörum þeim, sem að veði eru.»
2. við 2. gr. Fyrir orðin «hinar veðsettu vörur» komi: «vörur þær, sem að veði eru.»
3. við 4. gr. Fyrir orðin «hinum veðsettu vörum» komi: «vörum þeim, sem að veði eru«.
4. við 5. gr. Í stað orðanna «veðsettar» komi: «að veði.»

Alþingi 5. ágúst 1889.

J. Havsteen, skrifari. L. E. Sveinbjörnsson. Jón Ólafsson, form. og framsögum.

Ed. **327. Nefndarálit**

í málinu: »frumvarp til laga um amtsráð í Austuramtinu», og í málinu: »frumvarp til laga um afnám amtmannaembættanna» o. s. frv.

Eptir að frumvarpi til laga um afnám amtmannaembættanna og landritaraembættisins, sem og um stofnun fjórðungsráða hafði verið vísað til nefndar þeirrar, sem hin háttvirta efri deild alþingis hafði kosið til þess að íhuga annað frumvarp til laga um amtsráð í Austuramtinu, hefur nefndin yfirvegað og rætt þessi frumvörp, sem standa í nánu sambandi hvort við annað, og lætur nú uppi svo látandi álit sitt um þetta mál.

Nefndin eða rjettara sagt meiri hluti nefndarinnar getur ekki aðhyllzt það, að amtmannaembættin verði lögð niður og þar sem gild rök hafa verið færð fyrir því, að þessi embætti væri nauðsynleg, og næsta örðugt að afnema þau, svo nokkur bót yrði að í stjórn landsins, við þær hinar miklu umræður um þetta mál á næst undanfarandi alþingum, og sem flestum hinum háttvirtu þingmönnum mun vera í minni, leiðir nefndin það hjá sjer að fjölyrða hjer um það atriði.

Aptur á móti getur nefndin vel fellt sig við stofnun fjórðungsráða eða amtsráða í hverjum fjórðungi landsins, eins og bæði frumvörpin fara fram á, en vegna þess, að það fyrirkomulag, sem fjórðungsráðin eiga að hafa eptir frumvarpinu um afnám amtmannaembættanna o. s. frv. er miðað við afnám þessara embætta, svo og af því, að nefndin verður að vera því mótfallin, að Austur-Skaptafellssýsla sje skilin frá suðuramtinu, eins og ætlast er til í báðum frumvörpunum, hefir hún komizt að þeirri niðurstöðu að semja nýtt frumvarp, og við samning þess farið nokkuð eptir hinum fyrirliggjandi frumvörpum, en í því verulega fremur fylgt frumvarpinu um stofnun amtsráðs í Austuramtinu, bæði að því leyti, sem ætlast er til, að Norður-Þingeyjarsýsla verði sameinuð í eitt amt við Múlasýslurnar, og svo að því leyti, sem nefndin hefur sem minnst viljað bregða út af fyrirmælum gildandi laga (tilsk. 4. maí 1872 um sveitarstjórn á Íslandi, og laga 16. des. 1885 um breyting 46. gr. í tilsk. 4. maí 1872 um sveitarstjórn á Íslandi) um kjörgengi amtsráðsmanna og kosning þeirra.

Nefndinni hefur þótt það tilhlýðilegt að hækka fæðispeninga amtsráðsmanna upp í 3 kr. á dag, sem er það minnsta, sem þeir geta komizt af með, ef amtsráðsfundir, eins og venja er til, sjeu haldnir í kaupstað.

Með þessum athugasemdum leyfir nefndin sjer að ráða hinni háttvirtu deild til þess að fallast á frumvarp það, er hjer fer á eptir, en hafna hinum 2 frumvörpunum, sem að framan eru nefnd.

Alþingi, efri deild, 6. ágúst. 1889.

E. Th. Jónassen, skrifari. J. Havsteen, form. og framsögum.

Með þeirri athugasemd, að því er amtmannaembættin snertir, að jeg er þar á sömu skoðun sem að undanförnu, er jeg að öðru leyti samdóma mínum heiðruðu meðnefndarmönnum.

Jón Ólafsson.

Ed. **328. Frumvarp**

til laga um breytingar nokkrar á tilskipun 4. maí 1872 um sveitarstjórn á Íslandi o. fl.

1. gr. Norður-Múlasýsla og Suður-Múlasýsla ásamt Norður-Þingeyjarsýslu, ef sýslunefndin þar óskar þess, skulu vera amt út af fyrir sig, og nefnast Austuramt með sjerstöku amtsráði. Einn skal vera amtmaður í Norður- og Austurömtunum.

2. gr. Í hverju hinna fjögra amtsráða á landi hjer, skal auk amtmanns sem forseta, vera 1 fulltrúi úr hverju sýslufjelagi í amtinu, og jafnmargir varafulltrúar. Fulltrúa þessa skal sýslunefndin kjósa; skal hvor fulltrúi og varafulltrúi kosinn til 6 ára. Kosningin fer þannig fram, að hvor sýslunefndarmaður, sem á fundi er, kýs fyrst aðalfulltrúa í amtsráðið, og að þeirri kosningu aflokinni 1 varafulltrúa í sama. Ef tveir eða fleiri hafa fengið jafnmörg atkvæði við kosninguna, ræður hlutkesti. Þegar hin 3 fyrstu ár eru liðin, gengur úr amtsráði eptir hlutkesti helmingur hinna kosnu fulltrúa, eða ef tala þeirra stendur á stöku, þá meiri hlutinn ásamt hlutaðeigandi varafulltrúum, og skal þá kjósa aðra í staðinn. Að 3 árum liðnum ganga úr hinir, sem eptir eru, og s. frv. annar hluti amtsráðsins þriðja hvert ár.

Um endurkosningar og undanfærslu undan því, að taka við kosningu, og um mótmæli gegn lögmæti kosninga gilda fyrirmælin í 47. gr. tilsk. 4. maí 1872.

Að af lokinni kosningu sendir hver sýslumaður amtmanni endurrit af kosningargjörðinni með næstu póstferð, er fellur þar á eptir.

3. gr. Þeir, sem í amtsráði eru, skulu hafa í fæðispeninga 3 kr. um hvern dag, sem þeir vegna amtsráðsfundar verða að vera frá heimili sínu, og að auki ferðakostnað eptir reikningi, sem amtmaður ávísar, þegar búið er að rannsaka hann.

4. gr. Landshöfðingi gjörir nákvæmari ráðstafanir til þess að lög þessi komist í verk, svo þau öðlist gildi svo fljótt sem verða má; hann gjörir einnig með ráði amtmannsins norðan og austan allar þær ráðstafanir, sem lúta að því að skipta sjóðum, eignum og skyldum milli Norðuramtsins og Austuramtsins.

5. gr. Þær laga-ákvarðanir, sem koma í bága við lög þessi, skulu úr lögum numdar.

Ed. **329. Frumvarp**

til laga um bann gegn innflutningi á útlendu kvikfje og um afnám laga 17. marz 1882 um sama efni. — Flutningsmenn: Sighvatur Árnason og Júlíus Havsteen.

1. gr. Það skal öllum bannað að flytja hingað til landsins frá útlöndum sauðfjenað, nautgripi, eða hesta. Þó má landshöfðingi veita undanþágu frá banni þessu, og leyfa innflutning á eptirnefnda kaupstaði og kauptún: Reykjavík, Akureyri, Ísafjörð, Stykkishólm, Eskifjörð og Vestmannaeyjar, með þeim skilyrðum, að lögreglustjóra sje sýnt vottvorð hlutaðeiganda yfirvalds eða verzlunarfulltrúa Danaveldis á útflutningsstaðnum, um það, að skepnan sje heilbrigð, að því er sjeð verður, þá útflutt er, og að hún komi eigi frá sýktum stað; að lögreglustjóri og hjeraðslæknir skoði hana ásamt tveimur tilkvöddum kunnugum mönnum, áður en hún er flutt í land, og að henni sje þegar lógað, ef hún er sýkt, en ef skepnan er heilbrigð, skal henni haldið sjer undir tilsjón lögreglustjóra í 8 vikur að minnsta kosti, en tafarlaust lógað, ef hún á þeim tíma sýkist.

Fyrir skoðunina greiðir sá, sem inn flytur, sýslumanni, lækni og skoðunarmönnum, 3 kr. hvorum, og allan þann kostnað, sem leiðir af gæzlu skepnunnar, sem innflutt er.

2. gr. Brot gegn lögum þessum varðar sektum, ekki lægri en 100 kr. fyrir skipstjóra þann, er fjenaðinn flutti inn, og jafnháum fyrir þann, er fjenaðurinn er fluttur til, og skal fjenaðurinn gjörður upptækur og drepinn að tilhlutun lögreglustjórnarinnar.

Með mál útaf brotum gegn lögum þessum, skal farið, sem opinber lögreglumál.

3. gr. Með lögum þessum eru úr gildi numin lög 17. marz 1882, um bann gegn innflutningi á útlendu kvikfje.

Nd. **330. Nefndarálit**

í málinu: frv. til laga um breyting á nokkrum prestaköllum í Dala og Barðastrandar prófastsdæmum.

Vjer undirskrifaðir, sem höfum verið kosnir í nefnd af h. h. neðri deild til að íhuga ofannefnt frumvarp, höfum komizt að þeirri niðurstöðu, að ekki sje þörf á, að leggja fje úr landssjóði til uppbótar neinu af brauðum þeim, sem nefnd eru í frumvarpinu. Sömuleiðis teljum vjer eðlilegast, að Garpsdalssókn liggi undir Barðastrandarprófastsdæmi, jafnvel þó sameining þessarar sóknar við Saurbæjar-þing komist á.

Nefndin var öll á því máli, að ráða til, að gjöra þessar breytingar á frumvarpinu, áður en það verði lög. En einn af nefndarmönnum (Sigurður Jensson) gjörir það að aðaluppástungu sinni, að deildin felli frumvarpið að svo stöddu. Hann verður að álíta, að mál þetta sje ekki svo vel undirbúið, að víst sje, að söfnuðirnir verði allir ánægðir með þessa breytingu á skipun brauðanna. Skjöl þau, sem nefndin hefur haft til meðferðar, bera ekki nógu ljóslega með sjer, að þessi skipun brauðanna hafi verið eindreginn vilji þeirra safnaða, sem hlut eiga að máli, og nokkrir söfnuðir hafa sett skilyrði fyrir sameiningu sóknanna, sem ekki verður tekið tillit til. Þessi nefndarmaður álítur því, að málið þyrfti nýjan undirbúning, og ef þá reynist, að það sje eindreginn vilji safnaðanna, að sóknirnar verði sameinaðar á líkan hátt, eins og frumvarpið fer fram á, án þess það baki landssjóði nokkurn kostnað, þá sýnist eðlilegast, að þetta mál verði útkljáð samkv. 4. gr. laga 27. febr. 1880 um skipun prestakalla.

Meiri hluti nefndarinnar álítur þar á móti, að mál þetta verði ekki útkljáð nema með lögum, er alþingi samþykkir, og þar sem hann er þeirrar skoðunar, að skipun sú á prestaköllunum, sem er í frumvarpinu, sje heppileg, ræður hann deildinni til að samþykkja frumvarpið með þessum breytingum:

1. við 1. gr. «Ordin: Garpsdalssókn . . . Dalaprófastsdæmis» falli burt.
2. við 1. gr. bætist svolátandi athugasemd:
   «Þegar sameining þessi er komin á, fellur burt það 300 kr. tillag úr landssjóði, sem Garpsdalsprestakalli er ákveðið með lögum 4. nóv. 1881.
3. við 2. gr. Orðin: «þessu brauði leggjast 100 kr.» falli burt.
4. við 4. gr. Orðin «Brauð þetta bætist upp með 200 kr.» falli burt.

Alþingi 5. ág. 1889.

Þórarinn Böðvarsson, form. og framsögum.	Sigurður Jensson, skrifari.	Páll Ólafsson.

Ed. **331. Nefndarálit**

um frumv. til laga um breyting á lögum nr. 16, 4. nóv. 1881, um útflutningsgjald á fiski og lýsi o. fl.

Þrátt fyrir það, þó nefndin vildi í raun og veru aðhyllast frv. þetta, álítur hún árangurslaust fyrir hina heiðruðu deild að framfylgja því í þetta sinn, þar sem grundvallarstefna þingsins í tollamálunum er nú allt önnur en sú, sem frumv. þetta gengur út frá, og í öðru lagi virðist nefndinni ekki gjörlegt, að leggja að þessu sinni, meiri tolla á verzlun landsmanna en nú þegar er orðið.

Vjer ráðum því hinni heiðruðu deild frá að samþykkja frumvarpið.

Efri deild alþingis, 6. ágúst 1889.

Sighv. Árnason,	Jón Ólafsson,	Skúli Þorvarðarson.
form. og framsögum.	skrifari.	

Ed. **332. Frumvarp**

til laga um ábyrgð yfirboðinna embættismanna. — Flutningsmaður: Jakob Guðmundsson.

1. gr. Þá er embættismenn eða sýslunarmenn hins opinbera misfara með fje það, er þeim er fyrir trúað í embættis nafni, þá skal aðgangur til skaðlausrar greiðslu fjárins vera til yfirboðara þeirra, svo sem er prestur misfer slíku fje, skal aðgangur að prófasti og byskupi, öðrum fyrir báða og báðum fyrir annan, er eigi höfðu betra eptirlit með honum, eður ef sýslumaður eður bæjarfógeti misfer slíku fje, þá sje aðgangur að amtmanni, landshöfðingja og ráðgjafa, einum fyrir alla og öllum fyrir einn. Slíkt hið sama er um alla embættismenn, þá er tilsjónarskyldu hafa með öðrum embættismönnum eða sýslunarmönnum.

2. gr. Nú sannar yfirboðari, að hann hafði allt það gjört, er í hans valdi stóð, til að hlýða fyrirmælum laganna um eptirlit, og skal hann þá fyrir sitt leyti sýkn saka.

Nd. **333. Breytingartillögur**

við tillögur til þingsályktunar um skilyrði fyrir landssjóðsstyrk til barnakennslu — Frá nefndinni.

Við I. Nýr liður bætist við, sem verður fyrsti liður:

Að kennarinn sje ráðinn með samþykki hlutaðeigandi sóknarprests.

— - 1. töluliður sem verður 2. tölul. orðist þannig:

Að kennt sje auk kristindóms og lesturs: skript, reikningur, rjettritun, meginatriði landafræðinnar, einkum Íslands og helztu grundvallaratriði náttúrufræðinnar (svo sem um byggingu líkama mannsins, lopt, hita og þyngd), samkvæmt reglugjörð, er stiptsyfirvöldin samþykkja. Aðrir liðir í I breytast samkvæmt þessu.

Við II. 1. liðurinn orðist þannig:

Að kennarinn sje ráðinn af hreppsnefnd, eða sóknarnefnd með samþykki hlutaðeigandi sóknarprests.

— — Milli 1. og 2. liðs komi nýr liður, sem verður 2. liður svo látandi:

Að hann kenni auk kristindóms og lesturs: skript, reikning og rjettritun.

— — 2. tölulíður verði 3.

Nd. **334. Frumvarp**

til fjáraukalaga fyrir árin 1888 og 1889. Fptir 2. umr. í Nd.

1. gr. Sem viðbót við útgjöld þau, sem talin eru í fjárlögunum fyrir 1888 og 1889 veitast 2,384 kr. 41 eyr. til útgjalda þeirra, sem nefnd eru í eptirfarandi 2.—5. gr.

2. gr. Sem viðbót við útgjöldin við læknaskipunina í 11. gr. 3 (önnur útgjöld) veitast: 84 kr. til yfirsetukonu Þorbjargar Sveinsdóttur fyrir seinni helming ársins 1884 og árin 1885, 1886 og 1887.

3. gr. Sem viðbót við gjöldin í þarfir andlegu stjettarinnar í 13. gr. A. b. (önnur útgjöld) veitast:

300 kr. 41 e. í uppbót handa núverandi presti Hólma prestakalls í Suðurmúla prófastsdæmi, fyrir tekjumissi þann, er hann hefur beðið fardaga-árin 1886—87 og 1887—88, eptir að út komu lög 19. febr. 1886 um utanþjóðkirkjumenn.

4. gr. Sem viðbót við gjöld þau, sem veitt eru í 15. gr. fjárlaganna, veitist til Solveigar Jónsdóttur, ekkju alþingismanns Jóns Sigurðssonar: 1000 kr.

5. gr. Sem viðbót við gjöld þau, sem veitt eru í 17. gr. fjárlaganna veitast:

1000 kr. til hæstarjettarmálaflutningsmanns Octavíusar Hansens fyrir aðstoð í Fensmarksmálinu í þarfir alþingis.

Nd. **335. Breytingartillaga**

við frumvarp til laga um að fá útmældar lóðir í kaupstöðum og á löggiltum kauptúnum o. fl. — Frá Eiríki Briem.

Við 2. gr. Fyrir orðin: «við rekstur verzlunar eða annarar atvinnu» komi: við rekstur verzlunar eða iðnaðar.

Nd. **336. Frumvarp**

til farmannalaga. — Eptir 3. umr. í Ed.

I.

Dagbókar-bálkur.

1. gr. Nú er hjerlent skip í förum landa á milli og skal skipstjóri þá jafnan hafa leiðarbók á skipinu og skal henni svo hagað, sem hjer segir.

2. gr. Leiðarbók þessa skal mega nota á öllum þeim ferðum, er skipið fer; skal hún vera úr góðum sterkum pappír, í haldgóðu bandi, blaðsíður tölusettar, og bókin gegnþrædd traustum streng. Lögreglustjóri á þeim stað, er skipið hefur ferð sína frá, löggildir hana og innsiglar. Fyrir löggildinguna skal greiða 2 kr., ef skipið er 100 smálestir eða minna, ella 4 kr. — Nú er skip afgreitt til ferðar landa milli, og skal þá lögreglustjóri gæta þess, að skipstjóri hafi leiðarbók með sjer, og skal lögreglustjóri í því skyni, rita vottorð sitt á bókina um, að hún hafi verið honum sýnd, en eigi ber honum borgun fyrir þá áritun. Nú ber svo til á langferð, að dagbók verður fullrituð og getur skipstjóri þá snúið sjer til næsta danska verzlunar-ræðismanns eða vara-ræðismanns á hafnarstað utan ríkis, eður til lögreglustjóra á dönskum hafnarstað — í Kaupmannahöfn til dómsmálaritarans í farmanna- og verzlunarrjettinum og á Færeyjum utan Þórshafnar til sýslumanns næsta — og skal sá þessara manna, er skipstjóri snýr sjer til, löggilda fyrir hann nýja leiðarbók, en geti þess þá jafnframt með áritun á hina gömlu leiðarbók, beint neðan við það, er síðast var í hana skráð. Eigi gildir þó slík leiðarbók, nema fyrir það, sem eptir er ferðarinnar, og þarf skipstjóri enga borgun að greiða fyrir þá löggilding.

3. gr. Frá þeim degi, er mateldur er á skipi kveyktur, skal sá, er verði stýrir, hvort heldur er skipstjóri, stýrimaður eða undir-stýrimaður, rita í leiðarbókina undir eins og hann er af verði leystur, hvað eina það, er fram fór meðan hann stýrði verði, það er til siglingar eður stefnu kom, svo og sjerhvern atburð annan þann, er á nokkurn hátt kynni að geta þýðing haft fyrir útgjörðarmenn skips eða sendendur farms eður og fyrir vátryggjendur. Nú verður eitthvað misritað í leiðarbókina, og má þá hvorki útskafa það, er rangt er, nje á annan hátt gjöra það ólæsilegt, heldur á að stryka eða púnkta þannig yfir það, að lesa megi, hvað þar var ritað áður. Í bókunum sínum eiga allir skipstjórar og stýrimenn að fara eptir fyrirmyndar-blaði því, er hjer fer á eptir í 12. gr.

4. gr. Nú bíður skip á ferð sinni tjón, það er mótmælum ber á að lýsa og nær skipstjóri höfn hjer á landi eður í Danmörku eður og utan ríkis á nokkrum þeim stað, er danskur verzlunar-ræðismaður er skipaður eða vara-ræðismaður, og skal hann þá í síðasta lagi innan sólarhrings skila leiðarbók sinni lögreglustjóranum, ef það er hjer á landi og lögreglustjóri er búsettur þar, sem hann nær höfn eður þar í grenndinni, ella umboðsmanni hans löggiltum, í Danmörku lögreglustjóra — í Kaupmannahöfn þó dómsmálaritara farmanna- og verzlunarrjettarins, og í Færeyjum utan Þórshafnar sýslumanni í því umdæmi —, en utanríkis ræðismanninum eður vara-ræðismanninum. Embættismenn þessir eiga að skrifa rjett neðan undir það, er síðast var innfært í bókina, vottorð sitt að tilgreindum stað og stund um, að bókin hafi sjer sýnd verið innan 24 stunda frá því, að skipið kom; skulu þeir jafnframt geta þess, hvort skipulega hafi reynzt ritað í bókina á hverjum degi að undanförnu. Nú er bókinni eigi skilað innan sólarhrings, og skal þess þá getið í árituninni, svo og þess, hversu lengi þetta hafi dregizt fyrir skipstjóra. Fyrir vottorð þessi á erlendis ekkert gjald að greiða, en hjer á landi hálft

gjald það, er í 2. grein er ákveðið. Bókinni skal tafarlaust skila skipstjóra aptur, þá er ofangreindum fyrirmælum er fullnusta gjör.

5. gr. Nú leggur skipstjóri skipi sínu á höfn hjer í landi og er ferð hans þar talið lokið, þá skal hann á sama hátt skila lögreglustjóra eða umboðsmanni hans leiðarbókinni innan sólarhrings. Embættismaður þessi á að rita vottorð sitt í bókina, rjett neðan undir það, er síðast var í hana skráð, um að bókinni hafi í rjetta tíð skilað verið og hvort í hana hafi verið ritað á hverjum degi eður ekki. Fyrir þetta vottorð skal borgun greiða fyrir skip, sem stærra er en 100 smálestir, 3 krónur, ef ferðin hefur eigi yfirstaðið missiri lengur, 4 krónur, ef hún hefur staðið missiri lengur en eigi ári lengur; en 5 krónur, ef hún hefur staðið ári lengur. Nú er skip minna, og skal þá jafnan hálft gjald greiða við það, sem áður er tiltekið. Nú verður ferð lokið í danskri höfn eða utanríkis höfn, og fer þá með eptirlit þetta, svo sem í 4. grein er ákveðið um skip þau, er slysstjón bíða og í slíka höfn koma. Nú verður það eigi sjeð af skjölum skipsins, hvenær ferð er á enda, og skulu það þá ferðalok talin, er skip kemur aptur á hjerlenda höfn og affermir þar að mestu leyti eða að öllu, eða ef skipshöfnin er lögskráð úr vist.

6. gr. Skylt er skipstjóra að leggja fram leiðarbók sína þegar í stað, hvenær sem útgjörðamenn, farmsendendur eða vátryggjendur æskja þess, málstað til sönnunar. Nú hefur skip eigi lokið ferð sinni, svo að frumbókin verður eigi framlögð, og skal þá skipstjóri láta í tje endurrit af henni, staðfest af notarius.

7. gr. Nú verður sú raun á, að skipstjóri eða stýrimaður hafa vanrækt að rita í leiðarbókina, samkvæmt því, er þessi lög mæla fyrir og skal hann þá, er hann verður í slíku sekur í fyrsta sinn, sæta 20 — 50 kr. sektum, annað sinn 50 — 200 kr. sektum og í þriðja sinn hafi fyrirgjört rjetti sínum til skipstjórnar eða til að ráðast á skip sem stýrimaður. Nú hefur skipstjóri eða stýrimaður ritað ósannindi í leiðarbókina eða falsað hana, þá sæti hann þeirri hegningu, er lög kunna að ákveða fyrir það og hefur auk þess fyrirgjört rjetti sínum til að vera í förum sem skipstjóri eða stýrimaður; svo er hann og skyldur til skaðabótum að svara. Nú verður sú raun á, að skipstjóri eða stýrimaður hefur skafið út ritað mál í leiðarbók sinni eða strykað yfir nokkuð það, er í hana er skráð og gjört það ólæsilegt, en hefur þó eigi gjört þetta í saknæmum tilgangi, sæti sömu hegningu, sem í þessari grein er ákveðin fyrir vanrækt á að skrifa í leiðarbókina; en sýni atvik málsins, að út sje skafið eða yfir strykað í þeim tilgangi að dylja það, er fyrir hefur komið á ferðinni, sæti sömu hegningu, sem ákveðin er fyrir fölsun bókarinnar.

8. gr. Nú kemur skipstjóri í höfn með þeim atvikum, sem í 4. grein er skráð eða ferð hans er á enda og vanrækir hann að sýna leiðarbókina og fá vottorð í hana skráð, sæti sektum frá 2 — 5 kr. fyrir sólarhring hvern, er hann þetta vanrækir. Mál, sem af þessari vanrækt rísa, skal sækja sem lögreglumál.

9. gr. Allir skipstjórar og stýrimenn skulu við því búnir, ef slys ber að höndum, að bjarga leiðarbókinni ásamt öðrum skjölum skipsins. Nú verður skipsskjölum bjargað, en leiðarbókina vantar, og skal þá skipstjóri með framburði skipshafnar sinnar færa sönnur á, hvað til þess bar, að bókinni varð eigi bjargað. Nú fær hann eigi skýrlega sannað, að honum sje eigi sök á gefandi hvarfi bókarinnar, sæti sektum frá 10 — 100 kr.; en reynist það, að hann hafi af ásettu ráði látið fyrirfarast að bjarga bókinni, sæti refsingu sem fyrir bókfölsun eptir 7. grein.

10. gr. Eigi má skipstjóri fyrirfara leiðarbókinni fyr en öll mál eru á enda kljáð, þau er skylt eiga við ferðina, milli útgjörðamanna, farmsendenda og vátryggjenda; sæti ella ábyrgð eptir atvikum og með hliðsjón af 7. og 9. grein þessara laga. Nú kemur skip til hafnar hjer á landi að aflokinni ferð og leggur skipstjóri í haf á ný,

áður en öll mál þau, er skylt eiga við hina fyrri ferð, eru á enda kljáð milli allra þeirra, er hlut eiga að máli, þá má hann eigi með sjer taka leiðarbók skipsins, heldur á hann að kaupa nýja leiðarbók til ferðarinnar á kostnað útgjörðamanna.

11. gr. Öll gjöld og bækur samkvæmt þessum bálki laga þessara, renna í landssjóð.

12. gr. **Fyrirmyndarblað við dagbækur skipa.**

Ár	Mánuður	Hvar skipið er

Dag-setning	Stund	Stefna, er stýrt er í	Vegarlengd k. f.	Haldin stefna	Vindur	Veður	Dýpt	Botn	Athugavert:
	1								**E. h.**
	2								
	3								Kl. 1½ tók mið af í ' mílur
	4								
	5								
	6								Kl. tók mið af ⊙ við sólarlag ° ' frá til ' fann með því misvísun ° ' til nvesturs.
	7								
	8								
	9								
	10								Kl. tók saman segl
	11								
daginn	12								**F. h.**
þann	1								
	2								Kl. mældi ⊙ hæð: ° ' og tók mið af henni ° frá til fann misvísun ° ' til nvesturs.
	3								
	4								
	5								
	6								
	7								Kl. ausið
	8								
	9								
	10								Kl. st. ' mældi ⊙ hæð: ° ' og tók mið af ⊙ í s. s. au.
	11								
	12								Kl. st ' mældi ⊙ hæð: ° ', fann með þessum 2 mælingum breidd að vera ° ' nbr. Á hádegi mæld ⊙ hæð: ° '

Aðalstefna eptir leiðarsteini: ° frá til
leiðrjett með: ° til nvesturs
Rjett aðalstefna er: ° frá til
Vegarlengd alls: mílur.

Norðl. breidd eptir leiðarreikn. ° '
Lengd ° '
Mæld norðl. breidd ° '

Þegar skipið er þar í sjó, er eigi þarf grunnsökku við, ganga 2 síðustu dálkarnir úr.

II.
Vistráðabálkur.

1. gr. Þá er skipstjóri ræður mann á skip með sjer, skal hann fá honum viðskiptabók. Í bók þessari skal skipstjóri ljóst og skilmerkilega tiltaka ferð þá eða farleið, sem sjómaðurinn er tilráðinn, rita fullt nafn sjómannsins, aldur og fæðingarstað, stöðu hans á skipinu og vistarkjör, kaup það, er honum er heitið annaðhvort fyrir ferðina eða um mánuðinn, tilgreina hvort það skuli í peningum goldið eða öðrum eyri og eins, hve mikið honum er fyrirfram greitt af kaupinu; undir þetta skal skipstjóri rita nafn sitt. Sje kaup ákveðið fyrir alla ferðina með tiltekinni upphæð í peningum eða öðrum gjaldeyri, skal þess getið jafnframt, hve lengi á er ætlað, að ferðin muni standa, og eins, hve hátt mánaðarkaup megi algengt telja á þeim stað og tíma, er samningurinn er gjörður.

2. gr. Í viðskiptabókina skal skipstjóri rita hvað eina, er hann greiðir sjómanninum meðan þeir eru í förum, eða þá er þeir lúka viðskiptum sínum. Skyldur er sjómaður til, ef skipstjóri krefst þess, að gefa ritaða viðurkenningu fyrir sjerhverri upphæð, er honum er greidd, bæði sjerstaka og sömuleiðis ritaða í viðskiptabókina. Nú verður eigi hlje á förum skipsins og engin breyting á gjörðum samningi, en sjómaður verður lögskráður á skipið á ný, og þarf skipstjóri þá ekki, ef sjómaður er því samþykkur, að leggja til nýja viðskiptabók, meðan hin gamla endist til.

3. gr. Landshöfðingi sjer um, að viðskiptabækur fáist hjá sjerhverjum lögskráningarstjóra og ákveður verð þeirra. Í viðskiptabókinni skulu prentaðar vera hinar 6 fyrstu greinar úr þessum vistráðabálki, eyðublað undir samning þann, er um getur í 1. grein, hin helztu ákvæði úr skipsaga-bálki og úr reglugjörð fyrir danska verzlunarræðismenn, þau er til farmanna taka.

4. gr. Það er skylda skipstjóra að láta semja skipshafnarskrána þannig, að í henni sjeu þær hinar sömu skýrslur, sem 1. grein ákveður, og láta skipverja rita nöfn sín undir hana. Nú ber skipshafnarskrá og viðskiptabók eigi saman, þá er skipverjar skulu lögskráðir til skiprúms og gilda þá þau ákvæðin, er skipverja eru hagkvæmari.

5. gr. Í hvert sinn, er skipshöfn er lögskráð til skiprúms eða úr skiprúmi, skal lögskráningarstjóri gæta þess, að fylgt sje fyrirmælum þeim, sem nú hafa nefnd verið um viðskiptabækur og skipshafnarskrár.

Nú er ferð skipsins heitið til útlanda, og skal þá skipstjóri og skipshöfnin játa samninginn eins og hann er ritaður í viðskiptabók og á skipshafnarskrá fyrir skipskráningarstjóra, áður en hann lögskráir skipshöfnina til skiprúms. Nú lögskráir skipskráningarstjóri menn úr skiprúmi, og skal hann þá gjöra upp viðskiptareikninginn, ef skipstjóri óskar þess eða einhver af skipshöfninni fyrir sitt leyti. Skyldur er hann og til að fylla út viðskiptabækur og skipshafnarskrá fyrir skipstjóra hönd. Gjald fyrir þessi störf skal ákveðið í leiðarvísi þeim, er nefndur er í 7. grein, og inna það af hendi sá eða þeir, er þessa starfs beiðast. Nú verður skipstjóri og einhver af skipverjum eigi á eitt sáttir, er reikningar skulu uppgjörðir eða og skipskráningarstjóra þykir tilefni til að hafa á móti samningi þeim, er gjörður hefur verið og skal hann þá reyna að jafna ágreininginn með fortölum, en takist það ekki, skal hann leiðbeina þeim, er honum þykir áhallað um það, hvernig hann skuli að fara til að ná rjetti sínum.

Skyldur er skipskráningarstjóri til að rita ókeypis í viðskiptabækurnar og á skipshafnarskrána athugasemd um, að hann hafi gætt skyldu þeirrar, er á honum hvílir eptir þessari grein, og geta þess jafnframt, hvort hann í því efni hafi fundið nokkuð athugavert.

6. gr. Skipstjóri, er sekur reynist við ákvæði þessa lagabálks, skal útlægur

gjör 10 kr. eða meiru allt að 100 kr. og skal sú sekt falla til einhverrar stofnunar fyrir farmenn eða í siglinga þarfir eptir því, sem landshöfðingi mælir fyrir um það efni.

7. gr. Landshöfðingi semur leiðarvísi fyrir skráningarstjóra um framkvæmd starfa þeirra, er um ræðir í þessum lagabálki, og skal þar fyrirskipað um snið það, er skipshafnarskráin (4. gr.) á að hafa. Kostnaðurinn við útvegun viðskiptabókanna og skipshafnaskránna greiðist fyrirfram úr landssjóði til bráðabyrgða.

III.

Lögskráningar-bálkur.

1. gr. Sjerhver skipstjóri á hjerlendu skipi, er ræður nýja menn á skip sitt hjerlendis, hvort heldur einn eða fleiri eða alla skipshöfn, skal láta skráningarstjóra lögskrá menn sína til skiprúms. Nú byrjar hjerlent skip fyrstu ferð sína á almanaksárinu frá einhverri höfn innanlands, eða það er fermt hjer eða affermt og skal þá lögskrá skipshöfn til skiprúms, þó að engin breyting hafi á skipshöfn orðið meðan skipið dvaldi hjer, áður en skipið leggur af stað.

Nú hefur skipstjóri á hjerlendu skipi ráðið nýja menn á skip, einn eða fleiri, meðan skipið var í förum erlendis, eða hann hefur misst nokkurn mann af skipshöfn sinni, er látizt hefur, leystur verið úr vist, strokið eða á annan hátt af skipi farið og skal hann þá láta skráningarstjóra lögskrá skipshöfn sína til skiprúms, þá er hann fær afgreiðslu frá hinni fyrstu höfn hjerlendis, þar sem hann hafði fermt skip eða affermt, eptir að hann kom hingað til lands.

2. gr. Nú leysir skipstjóri á hjerlendu skipi skipshöfn sína úr vist, eða nokkurn hluta hennar, þá er hann er hjer við land, og skal hann þá láta skráningarstjóra lögskrá þá úr skiprúmi, er frá honum fara.

3. gr. Í kaupstöðum eru bæjarfógetar skráningarstjórar, en annarstaðar sýslumenn.

4. gr. Nú skal lögskrá menn til skiprúms eða úr skiprúmi, og skal það gjöra skráningarstjórinn í því lögsagnarumdæmi, þar sem skipið þá liggur. Nú er sýslumaður þar eigi búsettur nje þar í nánd og kemur þá í hans stað umboðsmaður hans, sá er amtmaður hefur skipað samkvæmt o. br. 28. des. 1836, 9. gr.

5. gr. Þá er menn eru lögskráðir til skiprúms eða úr skiprúmi, skal skipstjóri sýna skráningarstjóra viðskiptabækur skipverja og önnur skilríki.

6. gr. Þá er menn eru lögskráðir til skiprúms, skal skipstjóri jafnframt leggja fram 2 samhljóða skrár yfir skipshöfnina (skipshafnarskrár) samdar með fyrirskipuðu sniði. Öðru eintaki skrárinnar heldur skráningarstjóri, en á hitt ritar hann vottorð sitt og skilar skipstjóra því aptur. Nú hefur skipstjóri áður, á því almanaksári látið hjerlendan skráningarstjóra lögskrá skipshöfn sína til skiprúms, en þarf nú að láta lögskrá einn mann eða fleiri til skiprúms, en þó eigi skipshöfn alla og er þá rjett, að hann leggi fram skipshafnarskrá þá, er hann hefur þangað til notað, en þá skulu á hana skráðir þeir menn, er hann bætir nýjum við, eða og þeir eru ritaðir á aukaskrá og skal hennar þá getið á hinni eldri skrá. Hvenær sem maður er lögskráður úr skiprúmi skal sýna skráningarstjóra skipshafnarskrána.

Þá er skipstjóri beiðist þess, er skráningarstjóri skyldur að útvega skipshafnarskrár eða aukaskrár og rita allt á þær, það er með þarf, og eins að rita nýráðna menn á eldri skrána, allt gegn ákveðnu gjaldi.

7. gr. Nú hefur skipstjóri ráðið nýja menn á skip, og skulu þeir þá sjálfir ganga fyrir skráningarstjóra, þá er þeir eru lögskráðir til skiprúms. Endrarnær er venjuega ekki þörf á því, að skipshöfn sje látin ganga fyrir skráningarstjóra, þá er menn eru

til skiprúms skráðir; þó er skipstjóri skyldur að hlýða fyrirmælum skráningarstjóra, ef hann eptir atvikum krefst þess, að einn eða fleiri af skipverjum eða þeir allir sjeu látnir ganga fyrir sig.

8. gr. Sjerhver skipstjóri á útlendu skipi, er ræður mann á skip eða sleppir manni úr skipsvist meðan skipið liggur í höfn hjer við land, skal að öllum jafnaði láta skráningarstjóra lögskrá menn sína til skiprúms eptir fyrirmælum 4. — 7. gr. hjer að framan. Nú eru skipverjar þeir, er hann rjeði eða ljet úr vist fara, menn útlendir og getur hann þá, ef hann kýs það heldur, látið verzlunar-ræðismann þjóðar sinnar, ef til er á þeim stað, rita breytingu þá, sem á er orðin, á skipshafnarskrána, og sýni síðan skráningarstjóra hana eða eptirrit af henni staðfest af ræðismanni. Skráningarstjóri ritar síðan á skrána eða eptirritið og skilar henni síðan aptur til skipstjóra. Ei má valdsmaður afgreiða skipið fyr en þessu er fullnægt.

9. gr. Þá er skráningarstjóri skal lögskrá menn til skiprúms eða úr skiprúmi skal hann rannsaka, hvort skipshafnarskrárnar eru rjettar og hvort skipstjóri hafi í nokkru brotið fyrirmæli þessa lagabálks. Við lögskráningu til skiprúms skal hann jafnframt rannsaka, hvort nokkuð sje því til fyrirstöðu, að menn þeir, er á skránni standa, megi í förum vera með skipinu og reynist svo, skal hann neita að lögskrá þá til skiprúms.

Fyrir lögskráningarnar og rannsókn og áritun skipshafnarskránna greiðist engin borgun.

10. gr. Nánari fyrirmæli um það, hvernig skráningarstjórar skuli framkvæma störf þau, er lögbálkur þessi leggur þeim á herðar, skulu gefin í leiðarvísi, er landshöfðingi semur.

11. gr. Nú lætur skipstjóri fyrirfarast að láta skráningarstjóra lögskrá menn sína til skiprúms eða úr skiprúmi, þá er honum er skylt eptir lögum þessum að láta gjöra það, eða hann fær skráningarstjóra ranghermda skipshafnarskrá, eða gefur honum rangar skýrslur við samningu skránna, eða áritun á þær, eða hann tekur aðra menn á skip sitt en þá, er á skránum standa eða breytir þeim eptir að skráning er fram farin, og skal hann þá sæta sektum eða fangelsi.

12. gr. Mál, sem rísa af brotum gegn lögum þessum, skal með fara sem almenn lögreglumál. Sektir renni í landssjóð.

IV.

Skipsaga-bálkur.

1. kap. Um stjórn og aga á íslenzkum skipum.

1. gr. Skipverjar skulu sýna skipstjóra og öðrum yfirmönnum tilhlýðilega virðingu, hlýða með athygli á boð þeirra, og láta í ljósi með skýru svari, að þeir hafi skilið þau. Þeir skulu vinna að öllu því, sem þeim er boðið, í þarfir skips og farms, hvort heldur í landi eða á skipsfjöl, hvort heldur tjón hefur að höndum borið eður endrarnær og yfir höfuð skulu þeir tafarlaust hlýða hverju því, er skipstjóri býður þeim í þjónustu skipsins eður til viðhalds reglu á skipinu.

Sömu hlýðni eru þeir skyldir að sýna bæði þeim, sem að öllu leyti gengur í skipstjóra stað í fjærveru hans eður sjúkdómi, svo og hverjum þeim, sem á hendur er falið sjerstakt umboð eða forstaða sjerstakra verka, allt innan takmarka þess valds, sem slíkum manni kann að vera í hendur fengið.

Sömu skyldu hefur sjerhver óæðri yfirmaður gagnvart þeim, sem yfir hann eru boðnir og sjerstaklega gagnvart skipstjóra sjálfum.

2. gr. Hins vegar á skipstjóri og aðrir yfirmenn að fara sómasamlega með þá, sem þeir eru yfirboðnir og annast velmegnun þeirra eptir megni. Sjer í lagi má eigi beita við þá líkamlegum refsingum; (sbr. þó 3. gr.).

3. gr. Nú neitar einhver af skipverjum að hlýða því, sem fyrir hann er lagt, eður sýnir þrjósku eður mótþróa yfirboðurum sínum, og hefur þá skipstjóri, eður sá, er í forföllum hans eður fjærveru gengur í hans stað, rjett til að beita valdi og þvingun til að þröngva honum til hlýðni.

Ef í nauðir rekur og einkum ef skip er í háska statt, eður skipverjar gjöra samblástur eður sýna mótþróa með ofbeldi, þá er jafnvel leyfilegt að taka til sjerhverra þeirra úrræða, er nauðsyn kann til að bera, til að koma á reglu eður hlýðni og er sjerhver af skipverjum skyldur til, þegar þannig er ástatt, að veita lið þeim, sem stjórn hefur á hendi, jafnvel án þess á hann sje skorað.

Bíði þeir tjón við þetta, sem mótþróann sýndu, skulu þeir þó engan kost eiga á að koma ábyrgð fram fyrir það, nema það sannist, að vald eða þvingunarúrræði, er beitt hefur verið, hafi harðari verið eður frekari, en atvik gátu rjettlætt.

4. gr. Nú er maður lögskráður til skiprúms og neitar hann að ganga á skip, eður kemur eigi til skips í ákveðna tíð eður gengur af skipi í leyfisleysi, og getur skipstjóri þá á sína ábyrgð látið þröngva honum með lögreglu valdi til að uppfylla skuldbindingu sína.

Nú gjörir einhver skipverja sig sekan í slíku framferði, þá er skipið liggur í höfn utan-ríkis og skal þá danskur verzlunar-ræðismaður, ef hann er þar nokkur til, skyldur að veita skipstjóra liðveizlu sína, til þess að fá tilstyrk yfirvaldsins þar, til að þröngva til hlýðni hinum brotlega manni.

2. kap. Um yfirsjónir farmanna.

5. gr. Fyrir yfirsjónir þær, er farmanni kunna á að verða, hefur skipstjóri vald til að veita þeim refsingar, er hjer skulu taldar, en gæti þess jafnframt, sem fyrir er mælt í 6. gr.

1. Fyrir ósæmilegt framferði gegn skipstjóra eður öðrum yfirmönnum, missir fjögra daga kaups; slíkt hið sama fyrir óhlýðni, nema þeim, sem brotlegur varð, hafi þegar í stað verið til hlýðni þröngvað samkvæmt fyrirmælum 3. greinar.
2. Nú kemur farmaður eigi til skips í ákveðna tíð, þá er hann hefur fengið landgönguleyfi, en kemur þó samdægurs, verði útlægur tveggja daga kaupi, en fjórðungi mánaðarkaups, ef síðar kemur. Nú gengur farmaður í land í óleyfi, en kemur þó samdægurs aptur, varðar það fjögra daga kaupi, en hálfs mánaðar ef síðar kemur.
3. Nú er maður í land sendur með bát og yfirgefur hann í óleyfi, varðar fjögra daga kaupi.
4. Ef farmaður flytur fatnað sinn allan eður nokkuð til muna af honum af skipi í óleyfi, varðar fjórðungi mánaðarkaups.
5. Nú er maður við stýri settur eður á vörð til útsjónar, og gengur hann frá í óleyfi eður hann finnst þar sofandi eður ölvaður, fyrirgjörir hálfsmánaðar kaupi.
6. Vanræki maður varðstöðu sína, eður annað verk, sem honum er á herðar lagt eður hann finnst sofandi við hana eða ölvaður, varðar fjögra daga kaupmissi.
7. Flytji maður í óleyfi brennivín á skip eður annan áfengan drykk, missir fjórðung mánaðarkaups, *og fyrirgjörir ölföngunum.*
8. Hálfs mánaðar kaupmissi varðar, að fara ógætilega með eld eður ljós.
9. Að hafa brennisteinsspýtur undir þilfari, eður ljós kveykt eða lampa í hásetabyrgi eptir þann tíma, er skipstjóri hefur tiltekið, varðar tveggja daga kaupmissi.

10. Fjögra daga kaupmissi varðar það, að vekja illindi eður annan ófrið á skipi úti eður við vinnu í skipsins þjónustu.
11. Eins dags kaupmissi varðar að leyfa ókunnum mönnum að koma á skip í leyfisleysi; en þriggja daga kaupmissi að leyna ókunnum manni á skipi úti.

Verði stýrimanni einhver af þessum yfirsjónum á, má þyngja sektirnar allt að helmingi, en allt að ferföldu, ef brot er ítrekað. Þyngja má og sektirnar á öðrum skipverjum allt að helmingi, ef brot er ítrekað.

Eigi mega sektir farmanns, sem teknar eru af kaupi hans og dregnar frá því, þá er reikningur er upp gjörður, nema samtals meiru en hálfu því kaupi, er hann hefur fyrir unnið á ferðinni.

Nú hefur kaupsamningur hljóðað um ákveðna upphæð fyrir alla ferðina, eður um hlut af aflanum eður kaup hefur verið ákveðið eptir aflahæð (afla- verðlaun) og skulu þá sektir miðaðar við mánaðarkaup það, er tíðkanlegt var, þar sem farmaður rjeðist á skip um það leyti, er hann rjeðist.

Nú er brot farmanns þess eðlis, að hann ætti opinberri málsókn fyrir að sæta að almennum lögum, og fellur hún eigi niður að heldur, þótt skipstjóri hafi beitt hegningarvaldi sínu.

6. gr. Nú vill skipstjóri beita hegningarvaldi sínu samkvæmt 5. gr., og á hann þá í viðurvist skipshafnar, eður sje hún fjölmenn, þá í viðurvist að minnsta kosti tveggja hinna helztu manna á skipinu að leiða stillilega þeim, sem brotið hefur, ávirðing hans honum fyrir sjónir og refsing þá, er hann ætlar að láta hann sæta og því næst veita áheyrn, því er hinn kann fram að bera til varnar sjer eður málsbóta. Þetta skal þó venjulega ekki gjört fyr en 12 stundum eptir að yfirsjónin var drýgð. Nú þykir skipstjóra vörn hans ónóg, eður hann hefur ekkert fyrir sig að bera, og á hann þá þegar, meðan vottarnir og hinn seki maður eru enn viðstaddir, að lesa upp skýrt þessa 6. gr. þessa lagabálks og skrifa í leiðarbókina (ef nokkur er á skipinu, en ella í aðra bók, er rjettur dómari hefur til þess löggilt) skýrslu um yfirsjónina og hegningu þá, er hann leggur á hinn seka mann, og skal þess jafnframt getið, hvort hann hafi kannazt við yfirsjónina og hvað hann hafi framfært til varnar sjer. Skýrslu þessa skal hann þvínæst skýrt upplesa og bæði skipstjóri og sá, er dæmdur var, rita nöfn sín undir, og síðan vottarnir, sem staðfesta það með undirskript sinni, að þeir hafi viðstaddir verið alla þessa gjörð og að allt það sje rjett bókað, er fram fór. Nú vill sá, er fyrir sektum varð, eigi undirskrifa, og skulu þá vottarnir taka það skýlaust fram, að hann hafi undan því færzt, þótt á hann hafi verið skorað.

Nú þykir skipstjóra, fyrir sjerstakar orsakir eigi ráðlegt að láta frest þann líða, er áður var tiltekinn, og skal þá frá þeim orsökum skýrt í bókinni.

7. gr. Nú vill skipstjóri eigi neyta hegningarvalds þess, er lög þessi veita honum eður og hann hefur þegar beitt þeirri hegning allri, er 5. gr. heimilar honum frekast, og er honum þá heimilt, þá hann er heim kominn úr ferð sinni að draga þann, er misgjörði, fyrir lög og dóm fyrir athæfi hans, og sætir hann þá sektum allt að 100 krónum ef sekur reynist, enda sje athæfi hans eigi þess eðlis, að þyngri hegning liggi við að almennum lögum.

8. gr. Nú vill farmaður bera sig upp undan hegning þeirri, er skipstjóri hefur á hann lagt, og skal hann þá kæra mál sitt fyrir rjetti, áður en 3 sólir eru af lopti frá því, er hann kom með skipinu á einhverja þá höfn hjerlenda, þar sem afferma skal, og má skipstjóri eigi neita honum um landgöngu-leyfi svo sem þörf er á í þessu skyni. Nú reynist svo fyrir rjetti, að eigi hefur gætt verið fyrirmæla 6. gr. eður að refsing sú, er

skipstjóri hefur álagt, fer fram yfir takmörk þau, er 5. gr. heimilar fyrir brotið, og skal þá úr gildi fella úrskurð skipstjóra, hvort sem kærandi hefur bent á þessa ágalla eður ekki; en heimilt er þá skipstjóra að koma ábyrgð fram á hendur kæranda fyrir brot hans, svo sem fyrir er mælt í 7. gr., en reynist svo að fullnægt hafi verið ákvæðum 6. gr. og að eigi hafi beitt verið meiri refsing, en heimilað er í 5. gr., þá skal skipstjóri sýkn og úrskurður hans standa, nema kærandi sanni eður færi líkindi til þess, að eigi hafi næg ástæða verið til hegningu að beita, því að þá skal úrskurðinn úr gildi fella.

Nú fer sá, er sektaður hefur verið af skipi áður en skipið hefur affermt hjer á landi og skal þá hinn danski verzlunar-ræðismaður, ef nokkur slíkur er til á þeirri höfn skera úr því til bráðabirgða, hvort fylgt hafi verið fyrirmælum 6. gr., og hvort refsing sú, er skipstjóri hefur ákveðið, fari út yfir takmörk þau, er valdi hans eru sett í 5. gr. Nú þykir ræðismanni refsingin rjett á lögð af skipstjóra og skal þá farið eptir úrskurði skipstjóra, þá er reikningar eru uppgjörðir; svo skal og með fara ef enginn verzlunar-ræðismaður er til á þeim stað, þar sem maðurinn fer af skipi; en rjett á þó farmaður á, engu að síður, að lögsækja skipstjóra við dómstóla hjer á landi, til ónýtingar úrskurði hans og endurgreiðslu því, er inni var haldið af kaupinu. *Sje það í danskri höfn, að farmaður fer af skipi, skal skipskráningarstjóri sama hlutverk hafa í þessu efni sem verzlunar-ræðismaður við útanríkishöfn.* — Nú fellir verzlunar-ræðismaður *eða skipskráningarstjóri* úrskurð skipstjóra fyrst um sinn úr gildi og skal þá reikninginn uppgjöra eptir því, en rjett á þá skipstjóri á, þá er hann kemur hingað heim til lands, að skjóta því undir úrskurð rjetts dómstóls, hver fullnaðarúrslit þess máls skulu vera, og skal þá með það mál fara eins og segir í upphafi þessarar greinar.

9. gr. Með mál þau, er um ræðir í 7. og 8. gr., skal fara eptir þeim ákvæðum, er gilda um einka-lögreglumál, nema mál sje svo vaxið, að opinberri málssókn eigi að sæta eptir almennum lögum; því þá skal eptir þeim reglum farið, sem um þau mál gilda.

10. gr. Allar sektir eptir 5. gr., svo og eptir 12. gr. og 41. gr. hjer á eptir, skulu, eptir ákvæðum landshöfðingja, falla til einhverrar stofnunar, sem gjörð er til hagsmuna farmönnum eður í þarfir siglinga. Þá er reikningar eru uppgjörðir, skal skipskráningarstjóri (utanríkis-ræðismaður) halda eptir sektum eptir 5. gr. af kaupi farmanns, en þó skal fyrst fullnægt krófum skipstjóra, þeim er af ferðinni eru tilkomnar. Fjeð skulu þeir því næst senda til sjóðs þess, er það á í að renna.

11. gr. Nú verður sú raun á, að skipstjóri, eður sá, er í hans stað gekk, hefur misbeitt valdi því, er honum er heimilað í 3. og 5. gr., t. d. með því, að beita óþarfa hörku, ákveða hegning án þess að gæta fyrirmæla 6. gr., eður án þess að hafa kynnt sjer yfirsjónina nægilega, eður jafnvel að hann hefur vísvitandi einhverjum rangt til gjört og skal honum þá refsað með sektum eður fangelsi, nema þyngri hegning liggi við eptir öðrum lögum.

3. kap. Um glæpi farmanna.

12. gr. Fyrir að strjúka af skipi, skal farmanni venjulega refsað með einföldu fangelsi eigi skemur en 14 daga og eigi lengur en 3 mánuði. Nú snýr strokumaður aptur til skips ótilknúður áður en skipið leggur út þaðan, er hann strauk, og má þá færa hegninguna niður í sektir eigi lægri en 20 kr. og eigi hærri en 100 kr.

13. gr. Nú strjúka fleiri menn saman af skipi eða eptir undirlögðu samráði og skal þá eptir atvikum beita einföldu fangelsi í lengri tíma en í 12. gr. segir, eða þá fangelsi við vatn og brauð. Nú leiðir sýnilega hættu eða tjón fyrir skipið af strokinu, hvort heldur það eru heilar eða hálfar skipshafnir, sem strjúka, eða einstakur maður að

eins, og getur þá hegningin orðið allt að þyngsta vatns og brauðs fangelsi, eða eins árs betrunarhús-vinnu.

14. gr. Nú er maður eigi til skips kominn, er það leggur af stað, eða hann er frá skipi meira en tvo sólarhringa í óleyfi, eða fram yfir þann tíma, er honum var leyft, skoðist hann þá sem strokumaður og sæti hegning eptir því, nema hann sýni fram á þau atvik, er gjöri það sennilegt, að hann hafi ekki ætlað að svíkjast úr þjónustu sinni.

15. gr. Nú strýkur maður með kaup sitt, það er hann hefur eigi fyrir unnið, og skal honum hegnt sem fyrir svik, hvort sem hann var áður í vist kominn á skip eða ekki, nema málavextir gjöri það sennilegt, að hann hafi ekki ætlað að draga undir sig kaup það, er honum var fyrirfram greitt, en hann hafði enn eigi fyrir unnið

16. gr. Auk þess, sem strokumanni er hegnt svo sem áður segir, fyrirgjörir hann og kaupi því, er hann kann inni að eiga og fjármunum sínum öllum, þeim er hann skilur eptir á skipi og eignast það útgjörðamenn skipsins. Nægi þetta ekki til að bæta þeim tjón það, er þeir hafa af strokinu beðið, er strokumaður ennfremur skyldur að bæta þeim að fullu það, er ávantar.

Nú er skip í höfn utanríkis og þykir skipstjóra grunsamt um, að einn eða fleiri af skipshöfninni muni ætla sjer að strjúka, og er honum þá heimilt að taka fatnað skipverja í sínar vörzlur sjerstaklega til þess að afstýra strokinu.

17. gr. Farmenn þeir, er af skipi strjúka með kaup það, er þeir eigi hafa fyrir unnið, skulu sakamáls-höfðun sæta. Ella láta valdsmenn eigi strokumál til sín taka í embættisnafni, nema skipstjóri eða útgjörðamaður beiðist þess; en þá skal með þau mál farið svo sem lögreglumál í embættisnafni rekin, þó svo, að ef til þess kemur að dæma strokumann í fangelsi við vatn og brauð eða í betrunarhús-vinnu, skal hann að spurður, hvort hann óski sjer sakverjanda skipaðan, og skal það gjört, ef hann æskir þess.

18. gr. Nú gjörir skipshöfn eða nokkur hluti hennar uppreisn til þess að ná stjórn skipsins á vald sitt, eða til að þröngva skipstjóra til að breyta stefnu skips eða að öðru leyti gjöra nokkuð eða ógjört láta, að því er til ferðarinnar lýtur, og skal þá forgöngumönnunum refsað, ef ofbeldi hefur beitt verið við menn eða fjármuni með hegningar-vinnu allt að 6 árum, nema þyngri hegning liggi við eptir málavöxtum, og hinum öðrum hluttakendum uppreisnarinnar með fangelsi, ekki vægara en 3 mánaða einföldu fangelsi eða með betrunarhúsvinnu allt að 2 árum. Sama varðar, ef skipshöfnin eða nokkrir menn af henni í sameiningu setja sig með valdi á móti framkvæmd einhverra fyrirmæla skipstjóra eða þess, sem í hans stað hefur stjórn á hendi. Nú hafa hvorki menn nje fjármunir verið ofbeldi beittir og varðar þá brot forgöngumanna fangelsi ekki vægara en 3 mánaða einföldu fangelsi eða betrunarhús-vinnu allt að 2 árum; öðrum hluttakendum brotsins skal með fangelsi hegnt. Nú hafa hluttakendur uppreisnar, annaðhvort af sjálfsdáðum eða eptir áskorun skipstjóra eða staðgöngumanns hans, horfið frá samblástrinum, án þess, að óskundi hafi gjörður verið mönnum eða fjármunum, og skal þá forgöngumönnum einum refsað með fangelsi eða betrunarhús-vinnu allt að því árlangt.

19. gr. Nú ræðst einhver af skipshöfninni á skipstjóra, á skipi úti eða í landi, með ofbeldi eða ofbeldishótun, þá skal hann fangelsi sæta eða sektum, nema þyngri hegning liggi við glæpnum eptir málavöxtum.

Sje slík árás gjör á skipstjóra eða staðgöngumann hans, þegar þeir eru að gegna köllun sinni eða í því tilefni, eða sje hún gjör til að þröngva þeim að gjöra eða ógjört láta eitthvað það, er að köllun þeirra lýtur, þá skal hinum seku refsað með hegningar-vinnu allt að 6 árum eða fangelsi, ef málsbætur eru, þó eigi vægara en 3 mánaða

einföldu fangelsi, nema afbrot sje svo vaxið, að þyngri hegning liggi við því eptir öðrum lögum.

Nú gjörir annars einhver af skipshöfninni skipstjóra eða staðgöngumanni hans tálmanir í að gegna köllun sinni, og varðar það fangelsi eða sektum.

20. gr. Fyrir aðra glæpi, en þá er nú voru taldir, skal, þí er þeir eru á skipi drýgðir, refsing yfir höfuð að tala álögð eptir almennum lögum.

21. gr. Nú drýgir einhver skipverja glæp á skipi og skipið er ekki í höfn á Íslandi, og skal skipstjóri þá, svo fljótt sem auðið er, halda bráðabirgða-rannsókn yfir hinum seka og yfir þeim af skipverjum eða farþegjum, er borið geta um verkið. Ef afbrotið er framið í höfn, en ekki á Íslandi, skal þetta þó því að eins gjört, að því sje jafnframt samfara brot á skyldum hans í þjónustu skipsins. Rannsóknina skal rita í bók þá, er ræðir um í 6. gr. eptir reglum þeim, er þar segir.

Skipstjóri skal þvínæst, eptir því, sem kostur er á, annast um það, að afbrotamaðurinn verði kyrr á skipinu, og getur hann byrgt hann inni eptir málavöxtum eða beitt öðrum ráðum til þess að halda honum á skipinu, en hann hefur ábyrgð á því, að eigi verði verr með hann farið, en nauðsyn krefur.

Þegar skipið, eptir að glæpurinn hefur drýgður verið, kemur til danskrar hafnar eða í utanríkis höfn, þar sem skipaður er danskur verzlunar-ræðismaður, skal skipstjóri þegar eptir komu sína skýra lögreglustjóra eða ræðismanni frá glæpaverkinu, og fá þeim staðfest eptirrit af bráðabirgða-rannsókninni. Lögreglustjóri eða ræðismaður rannsakar þá málið og sker úr því, hvort afbrotamaður skuli laus látinn eða sendur heim, og ef það verður ofan á, að hann verði heim sendur, skal hann sjá svo um, að hann verði sendur svo fljótt, sem verða má annaðhvort með sama skipi eða á annan hátt eptir málavöxtum.

Þegar öðruvísi stendur á en nú var sagt, að hægt hefur verið að fá glæpamann í hendur hlutaðeiganda yfirvaldi í útlendri höfn, skal skipstjóri þegar eptir heimkomu sína skýra valdsmanni frá afbroti því, er framið hefur verið og láta fylgja staðfest eptirrit af bráðabirgða-rannsókninni.

Fyrir brot á fyrirmælum þessarar greinar skal skipstjóri sæta sektum, allt að 100 kr., nema athæfi hans sje svo vaxið, að þyngri hegning liggi við eptir öðrum ákvæðum.

4. kapituli. Um kaup skipverja, rjett til að ganga úr skiprúmi, heimsending, sjúkdómskostnað og ýmislegt fleira.

22. gr. Nú er maður ráðinn á skip fyrir tiltekna ferð, þá er hann skyldur til að halda áfram að vera með því skipi, enda þótt það breyti ferð sinni eða lengi hana. En þegar liðin eru tvö ár að minnsta kosti, frá því er skiprúms-samningar voru gjörðir, og skipið er enn ókomið aptur til þess staðar, er menn voru á það ráðnir, eða þar sem samningar heimila þeim að ganga frá því, þá skal þeim heimilt vera, að fyrirláta skipið í hverri höfn eða tryggu skipalægi, þar sem skipað er upp úr því, nema það eigi að fara þaðan beina leið heim til áður greindra staða. Sama rjett hafa og skipverjar, sem ekki hafa ráðnir verið til ákveðinnar ferðar, til þess að yfirgefa skipið, þegar tvö ár eru liðin.

Hins vegar getur skipstjóri ekki, nema svo sje tilskilið í skiprúms-samningnum, sagt neinum skipverja upp vist mót vilja hans fyrir þá eina sök, að tvö ár sjeu liðin frá því, er samningur var gjörður, nema hann kosti heimför hans og borgi honum kaup, þar til er hann er heim kominn.

Eigi heimilar það neinum að fara úr skiprúmi, að skipið skiptir um skipstjóra.

23. gr. Nú sannar einhver skipverja það, að hann geti sjálfur fengið skip að ráða fyrir, og má hann þá þegar ganga úr skiprúmi, en setja skal hann annan í sinn

stað, er vaxinn sje stöðu þeirri, sem hann hafði, eða borga aptur kaup það, er hann hefur unnið fyrir, þó ekki meira en 6 mánaða kaup.

Stýrimaður, sem ráðizt hefur sem háseti á skip, getur gengið úr skiprúmi þegar í stað, ef hann sannar, að hann geti ráðinn orðið sem fyrsti stýrimaður á öðru skipi, en setja skal hann annan í sinn stað, er vaxinn sje stöðu hans.

24. gr. Sá, sem verður að vera með skipi á ferð, sem eigi var ákveðin fyrr en eptir að hann var ráðinn á það, hefur rjett á, þegar hann er búinn að vera ár í vist á skipinu, og þaðan af hvert missiri, að fá allt að því tvo þriðjunga af kaupi því, er álitið verður, að hann hafi unnið fyrir, enda þótt vist hans sje enn þá eigi á enda; og skal hálft kaupið borgað honum í peningum og hinn helmingurinn annað hvort í peningum eða með ávísun á útgjörðarmenn, og ræður skipstjóri, hvorn kostinn hann kýs.

25 gr. Þegar samið hefur verið um ákveðna upphæð í kaup fyrir tiltekna ferð og henni verður breytt svo, að hún stendur lengur en gjört var ráð fyrir í skiprúmssamningnum, þá á skipverji sá, nema öðruvísi standi með berum orðum í samningnum, heimting á, að fá jafnframt hinu tilskilda kaupi, uppbót fyrir ferðarlenginguna, er talin sje eptir því mánaðarkaupi, sem algengt var á þeim stað og tíma, er skiprúmssamningur var gjörður.

26. gr. Sömu uppbót á og skipshöfn heimting á, þegar um tiltekna upphæð er samið í kaup, fyrir þann tíma, er skipinu dvelst ferð, og hættir þó eigi við, fyrir sakir kyrsetningar, herkvíunar eða halds á skipi, eða fyrir þá sök, að skipið hefur orðið að hleypa í höfn til aðgjörðar eða uppskipunar, nema ferðin standi eigi fyrir það lengur en gjört var ráð fyrir, þá er gjörðir voru skiprúms-samningar. Hið sama er um, þegar svo stendur á, að borga skal skipstjóra dvalauka-bót; telst þá uppbótin fyrir þann tíma, er skipstjóri fær dvalauka-bót fyrir.

27. gr. Nú er skipverja sagt úr vist á þeim stað, er ferðin skyldi frá hafin, fyrir því að hætt er við hana eða önnur ákvörðun tekin, þá á hann að fá kaup fyrir þann tíma, er hann hefur unnið fyrir kaupi, og eins mánaðar- kaup að auki, og skal um hvorttveggja farið eptir því kaupi, er um var samið eða venjulegu mánaðarkaupi á þeim stað, er samningur var gjörður á. En ef hætt er við ferðina af því að skipið er fyrir slys orðið ósjófært eða fyrir stríð, herkvíun eða hald, þá fær skipshöfnin ekki nema um samið kaup eða venjulegt mánaðar-kaup fyrir þann tíma, er hún hefur unnið fyrir kaupi.

Það, sem borgað kann að hafa verið skipverjum, áður en hætt var við ferð, fram yfir það, sem nú var talið, er ekki apturkræft.

28. gr. Nú hefur samið verið um ákveðna upphæð í kaup fyrir tiltekna ferð, og verður ferðin skemmri en í skiprúmssamningnum til tekið, án þess þó að hætt sje við að halda ferðinni áfram, þá verður eigi kaup sett niður af þeirri ástæðu.

29. gr. Nú hefur breytt verið ferðalagi og lýkur skipið ferð sinni erlendis, og á þá skipshöfnin heimting á að fá ókeypis heimferð á kostnað útgjörðarmanns, fæði eða hæfilega fæðispeninga þar í talið. Sá, sem ráðinn er með mánaðarkaupi, fær það jafnframt, þangað til heim er kominn; en þeir, sem ráðnir eru fyrir ákveðna upphæð í kaup fyrir alla ferðina, fá kaup eptir því, sem segir í 25., 26. og 28. gr., þannig að vist er að álíta lokið, er heim er komið.

30. gr. Nú hlekkist skipi á eða það verður hernumið og upptækt gjört, og á skipshöfnin þá heimting á kaupi til þess dags, er því hlekktist á eða varð gjört upptækt þ. e. umsömdu mánaðarkaupi, eða, hafi samið verið um til tekna upphæð fyrir alla ferðina, þá svo miklu, sem þeir hefðu átt kost á, ef um venjulegt mánaðarkaup hefði verið samið, þó ekki meiru en því, er um samið var fyrir ferðina, nema það leiði af því, sem segir í 25. og 26. gr.

Svo á skipshöfnin og heimting á að fá ókeypis far heim, þar með talið fæði eða fæðispeningar, á kostnað útgjörðarmanna, og hæfilega þóknun fyrir það, er hún hefur unnið að björgun.

Þegar skip hefur verið hernumið, hefur skipstjóri þó rjett á, að senda skipshöfnina heim, án þess að bíða þess, hvað af skipinu verði gjört, en hún á þá heimting á kaupi, þangað til heim er komið, nema skipið hafi áður verið gjört upptækt.

31. gr. Nú hefur skipi hlekkzt á og það hættir við ferð sína erlendis, fyrir því, að það hefur laskazt svo mjög, að annaðhvort verður eigi við það gjört eða að kostnaður við aðgjörðina mundi nema meiru en skipið yrði vert á eptir, þá á skipshöfnin að eins heimting á að fá ókeypis heimferð, og kaup eins og hefði skipið strandað þann dag, þá er skipshöfninni er sagt upp vist, fyrir því að skipið sje ófært til áframhalds.

32. gr. Nú sýkist eða slasast einhver skipverja, og er sjálfum eigi um að kenna, og er hann eigi ferðafær, og fær hann þá umsamið kaup eða venjulegt mánaðarkaup fyrir þá daga, er hann hefur unnið fyrir kaupi. Ef hann sýkist eða slasast við vinnu sína í þarfir skipsins, á hann ennfremur að fá lækning og hjúkrun á spítala á kostnað útgjörðarmanna, þó ekki lengur en um 4 vikur. Það, sem honum hefur þegar greitt verið upp í kaup, er þá eigi apturkræft.

Nú sýkist maður eða slasast á leiðinni, og er honum eigi um að kenna, og skal honum þá hjúkrað á skipi, eða hann sendur í land til lækningar og hjúkrunar, ef það er gjörandi og á því þörf. Nú er hann eigi orðinn svo ferðafær, er skipið fer þaðan, sem hann var fluttur í land, að hann verði hafður með, og skal skipstjóri þá annast um, að haldið verði áfram að veita honum aðhjúkrun í landi, og að hann verði, þegar þar að kemur, sendur heim, hvorttveggja á kostnað útgjörðarmanna. Hinn sjúki maður skal halda kaupi sínu meðan hann er við skipið. En verði að skilja hann eptir í landi, fær hann umsamið eða venjulegt mánaðarkaup, eptir því, hvort hann er ráðinn með mánaðarkaupi eða fyrir tiltekna upphæð, til þess dags, er skipið fer frá þeim stað, þar sem hann verður eptir, en þó ekki meira en um var samið fyrir ferðina, nema það sje heimilað í 25. og 26. gr.

33. gr. Nú deyr einhver skipverja á ferðinni, og annast þá skipstjóri útför hans. Kaup hans til dauðadags, sem fer eptir því, er umsamið var eða venjulegu mánaðarkaupi, skal borga búi hans eða erfingjum að frádregnum nauðsynlegum útfararkostnaði.

34. gr. Nú sýkist maður og er sjálfur valdur að, og er skipstjóri engu að síður skyldur til að útvega honum lækning og hjúkrun, hvort heldur á skipinu eða í landi erlendis; og sje það erlendis, skal skipstjóri fje út leggja fyrirfram í þessu skyni svo sem þörf er á; en kostnað af þessu, svo og af því, að orðið hefur að fá annan í hans stað, má borga af kaupi hans, meðan það hrekkur.

35. gr. Nú er maður sjúkur, er skipið kemur heim og er eigi sjálfur valdur að, og á hann þá að fá lækning og aðhjúkrun á spítala í allt að 4 vikur á kostnað útgjörðarmanna.

36. gr. Nú reynist einhver úr skipshöfninni ónýtur til þess starfa, er hann hefur ráðizt til, og getur skipstjóri, ef það sannast með áliti tveggja hinna helztu af skipverjum að svo sje, minnkað kaup hans allt að helmingi, en þess skal jafnframt gætt, að

ástæður fyrir áliti þeirra og úrskurður skipstjóra verði með nákvæmni ritaður í bók þá, er 6. gr. ræðir um, og það síðan upplesið fyrir hlutaðeiganda í áheyrn vottanna, og riti þeir því næst allir undir það nöfn sín. Nú vill sá eigi undirskrifa, er úrskurðurinn er um, og eiga þá vottarnir að geta þess í bókinni, að honum hafi verið veittur kostur á því.

Um það, hvernig hlutaðeigandi geti borið sig upp undan þessum úrskurði, og um afleiðingar af þeirri kæru fer eptir því, sem segir í 8. gr., þannig að það, sem þar segir um afleiðingar af því, að brotið hefur verið gegn fyrirmælum 6. gr., á líka við þegar fyrirmælum þessarar 36. greinar hefur eigi fylgt verið tilhlýðilega.

37. gr. Því, sem sparast af kaupi við það, að skipverjum fækkar á leiðinni, skal skipt milli hinna annara í skipshöfninni (að skipstjóra undanskildum), að tiltölu við kaup hvers. Þó á þetta sjer eigi stað, þegar strok veldur fækkun.

38. gr. Þegar skip liggur við land, og skipverjum er fengið starf á sunnudögum og öðrum helgidögum, um fram venjulega vinnu að því að halda skipinu hreinu, þurka segl, gegna nauðsynlegum bátstörfum, tilbúa mat og hagræða eptir þörfum skipinu, svo að óhult sje, þá skal borga þeim það með ½ dags kaupi fyrir hverja tveggja stunda vinnu.

39. gr. Þá er í undanförnum greinum ræðir um heimför skipverja eða heimsending, þá á skipstjóri kost á að velja, hvort heldur hann vill þann stað, þar sem skiprúms-samningar fóru fram, eða annan stað, þar sem hann eptir samningnum átti kost á að láta þann, er heim skal fara eða sendast, fara úr skiprúmi.

5. kapituli. Almenn ákvæði.

40. gr. Landshöfðingi semur reglugjörð um viðurværi skipshafnar.

Landshöfðingi segir og fyrir um, hver læknislyf skuli vera á skipi og hve mikið af þeim.

41. gr. Lög þessi prentuð og reglugjörðin um viðurværi skipshafnar skulu vera á hverju íslenzku skipi til leiðbeiningar og eptirbreytni fyrir alla þá, er hlut eiga að máli.

Ef skipstjóri sýnir af sjer vanrækt í þessum greinum, sætir hann sektum, 10 til 100 kr.

Ed. **337. Frumvarp**

til laga um búsetu fastakaupmanna á Íslandi. — Eptir 3. umr. í Nd.

1. gr. Enginn má framvegis stofna nje reka fasta verzlun hjer á landi, nema hann sje hjer búsettur, haldi hjer dúk og disk. Svo er og lausakaupmönnum þeim, sem eigi heyra fastri verzlun til, bönnuð smáverzlun öll, en smáverzlun skal það talin, ef selt er fyrir minna af nokkurri vörutegund í einu, en 200 kr.

2. gr. Kaupmenn þeir, sem nú eiga fastar verzlanir hjer á landi, en eru búsettir erlendis, skulu þó, meðan þeir eiga þær, mega reka slíkar verzlanir á þann hátt, sem lög hingað til hafa leyft.

3. gr. Sá, sem gjörir sig sekan í broti eða yfirhylmingu gegn lögum þessum, skal sæta 50—5000 kr. sektum, er renna í landssjóð.

4. gr. Með mál út af brotum gegn lögum þessum skal farið sem opinber lögreglumál.

5. gr. Ákvarðanir þær í opnu brjefi 1. júní 1792 og öðrum lagaboðum, sem koma í bága við lög þessi, eru úr gildi felldar.

Nd. **338. Breytingartillaga**

við frumvarp til laga um sölu nokkurra þjóðjarða. — Frá Þorláki Guðmundsyni, Eiríki Briem, Gunnari Halldórssyni, Sigurði Stefánssyni, Þorsteini Jónssyni og Þorleifi Jónssyni.

Við 1. gr. 3. töluliður falli burt.

Nd. **339. Breytingartillaga**

við frv. til laga um innheimtu og meðferð á kirknafje. — Frá nefndinni.

Aptan við 1. málsgrein 5. gr. bætist svolátandi málsgrein:

„Þó falla niður þeir vextir, sem eigi geta greiðzt með helmingi þess, er hver kirkja hefur afgangs árlegum útgjöldum sínum“.

Nd. **340. Frumvarp**

til laga um heimild stjórnarinnar til að leggja niður gagnfræðaskólann á Möðruvöllum, og koma á fót gagnfræðakennslu í Reykjavík. — Eptir 2. umr. í Nd.

1. gr. Stjórninni veitist heimild til, að leggja niður gagnfræðaskólann á Möðruvöllum, og koma á fót gagnfræðakennslu í Reykjavík á þann hátt, að kennararnir við gagnfræðaskólann á Möðruvöllum taki að sjer gagnfræðakennsluna í Reykjavík. Gagnfræðakennslan skal fara fram í húsi hins lærða skóla, en jafnframt má afnema heimavist lærisveina þess skóla. Gagnfræðakennslan skal ná yfir sömu fræðigreinir og ákveðið er í lögum nr. 19, 4. nóvbr. 1881, að kenna skuli í gagnfræðaskólanum á Möðruvöllum.

Landshöfðingi semur reglugjörð um gagnfræðakennsluna.

2. gr. Stjórninni veitist heimild til, að afhenda skólahúsið á Möðruvöllum til afnota fyrir kvennaskóla á Norðurlandi.

Nd. **341. Breytingar- og viðaukatillögur**

við tillögur til þingsályktunar um breytingar á reglugjörð fyrir landsbankann 5. júní 1886. — Frá Árna Jónssyni, Jóni Jónssyni, þm. N.-M., Sigurði Stefánssyni, Þorvarði Kjerúlf, Þorleifi Jónssyni og Páli Olafssyni.

1. Í stað orðanna: „Neðri deild alþingis — nú segir“ komi: Neðri deild alþingis skorar á landshöfðingja að hlutast til um:
   - I. að bankinn komist sem allra fyrst í viðskiptasamband við banka erlendis, einkum í Danmörku og Skotlandi.
   - II. að bankinn samkvæmt 9. gr. bankalaganna stofni sem allrafyrst útibú.
   - III. að þær breytingar, sem nú segir, verði gjörðar á reglugjörð landsbankans 5. júní 1886, og viðauka við hana 10. marz 1887.
2. 4. tölul. falli burt.
3. Á eptir 5. tölul., sem verður 4. tölul., komi nýr tölul. svo hljóðandi:
   5. „að bankinn borgi af innlögum með sparisjóðskjörum eigi lægri vexti en 1% minna en hann tekur af fje því, er hann lánar út“.

4. Tölul. 6 falli burt.
5. Fyrirsögnin orðist þannig:
„Tillögur til þingsályktunar um landsbankann í Reykjavík".

Ed. **342. Frumvarp**

til laga um sölu nokkurra þjóðjarða. — Eptir 3. umr. í Nd.

1. gr. Ráðgjafanum fyrir Ísland veitist heimild til, að selja ábúendunum eptirfylgjandi þjóðjarðir fyrir það andvirði, er að minnsta kosti nemi þeirri upphæð, sem greind er við hverja þeirra:

1. Á í Kleifahreppi . . . . . 850 kr.
2. Meiðastaði í Rosmhvalaneshreppi . . 2500 —
3. Feigsdal í Dalahreppi . . . . . 1700 —
4. Hálfan Þykkvabæ í Kleifahreppi . . 1800 —

2. gr. Um sölu þessa skal farið eptir ákvæðum þeim, sem gjörð eru í 2. og 3. gr. í lögum nr. 26, 8. nóv. 1883.

3. gr. Heimild sú, sem veitt er til sölu þessarar, gildir að eins til 31. des. 1894.

Nd. **343. Breytingartillaga**

við frumvarp til laga um breyting á lögum 14. jan. 1876 um tilsjón með útflutningum. — Frá Árna Jónssyni.

Fyrir orðið: «undirgefin,» komi: háð.

Ed. **344. Frumvarp**

til laga um að meta til dýrleika yrkta lóð í kaupstöðum. — Eptir 3. umr. í Nd.

1. gr. Hver sá, er á lóð í kaupstað með túni og kálgörðum svo stórum, að hlutaðeigandi bæjarstjórn álítur, að hún hafi stærð til að metast til hundraðatals, á rjett á, að mat fari fram á sjálfs hans kostnað, ef hann æskir þess.

2. gr. Mat þetta skulu framkvæma 3 menn, er bæjarstjórnin kveður til þess starfa. Matið skulu þeir þannig af hendi leysa, að þeir sjeu við búnir að staðfesta gjörðir sínar með eiði.

Bæjarfógetinn stendur fyrir matinu, en tekur ekki þátt í atkvæðagreiðslu.

3. gr. Bæjarstjórnin tilnefnir býli í umdæmi bæjarins, eða grennd við hann, er hún telur hæfilega metið að hundraðatali eptir jarðabókinni 1861, matsmönnum til fyrirmyndar.

4. gr. Birta skal eiganda þeirrar lóðar, sem meta á, að matið eigi að fara fram svo tímanlega, að hann geti verið við það staddur.

Nú er eigandi óánægður með matið, og getur hann þá kært það fyrir hlutaðeigandi amtmanni, er leggur úrskurð á málið, eptir að hann hefur leitað álits bæjarstjórnar.

5. gr. Bæjarfógeti skal rita matið í sjerstaka bók, er sje löggilt af amtmanni.

6. gr. Þegar mati þessu er lokið, skal hlutaðeigandi bæjarfógeti senda staðfest eptirrit af matsbókinni með áliti bæjarstjórnarinnar til landshöfðingja, en hann sendir ráðgjafa Íslands matið, og ber ráðgjafinn það undir konung til staðfestingar.

7. gr. Bæjarfógeta og matsmönnum bera 3 kr. á dag, hverjum, meðan þeir starfa að matinu.

Ed. **345.. Tillögur**

til þingsályktunar í reikningamáli Arnarstapa-umboðs. — Eptir síðari umr. í Nd.

Alþingi ályktar, að skora á landsstjórnina, að hlutast til um:

1. Að ef nokkur maður skuldar nokkuð á næstkomandi vori af leigum eða landskuldum eptir jarðir í Arnarstapa, Skógarstrandar- og Hallbjarnareyrar-umboði frá 1882—1885, sem eigi eru fullnægjandi skilríki fyrir, að ófáanlegt sje, þá verði tafarlaust kyrsett svo mikið af eigum hans, er nemi skuldinni og áfallandi kostnaði, og síðan verði málinu fram fylgt með kæru til sáttanefndar, og gangi eigi saman, með lögsókn, nema það sje fyrirsjáanlegt, að slík málssókn verði árangurslaus.
2. Að undir sömu skilyrðum verði farið eins að, að því er snertir eptirstöðvar frá 1886 og 1887 og landskuldir 1888, svo og leigur frá sama ári, ef þær verða eigi teknar lögtaki í tæka tíð.
3. Að þeirri reglu verði fylgt eptirleiðis, að beita lögtaksrjettinum við jarðarafgjöld, að undanteknum þeim sjerstöku tilfellum, að bæði umboðsmaður og hreppstjóri sjeu fullvissir um, að lögtak yrði árangurslaust, og að rökstutt vottorð þeirra um það verði innsent, en annars verði umboðsmaður látinn sæta ábyrgð á því, ef lögtak er dregið svo lengi, að skuldin missi lögtaksrjett.
4. Að ef einhver flosnar upp af umboðsjörð, eða það að öðru leyti sje fyrirsjáanlegt, að einhver standi ekki í skilum, að því er snertir jarðarkúgildi eða álag á jörðina, þá bregði umboðsmaður við, og beiti sömu reglu til þess að ná því, sem unnt er, í skuldir leiguliðans til umboðsins.
5. Að það sje brýnt fyrir umboðsmanni, að hann skuli leitast við, að fá duglega ábúendur á jarðir þær, sem lausar eru eða lausar verða, þó á annan hátt en þann, að aðrar jarðir umboðsins leggist í eyði.

Ed. **346. Tillögur**

til þingsályktunar um skilyrði fyrir landssjóðsstyrk til barnakennslu. — Eptir síðari umr. í Nd.

Alþingi ályktar, að skilyrðin fyrir styrkveitingu úr landssjóði til barnakennslu skuli vera þessi:

I. Til barnaskóla í sjóþorpum og verzlunarstöðum öðrum en kaupstöðum:

1. Að kennt sje auk kristindóms og lesturs: skript, reikningur, rjettritun, megin-

atriði landafræðinnar, einkum Íslands og helztu grundvallaratriði náttúrufræðinnar (svo sem um byggingu, líkama mannsins, lopt, hita og þyngd), semkvæmt reglugjörð, er stiptsyfirvöldin samþykkja.

2. Að skólinn standi ekki skemur en 6 mánuði, og að minnsta kosti 15 nemendur njóti þar tilsagnar allan skólatímann, og gangi undir árspróf í öllum þeim námsgreinum, sem skylt er að kenna samkvæmt reglugjörð skólans.
3. Að við lok hvers skólaárs sje haldið opinbert próf yfir börnum þeim, er kennslunnar hafa notið. Prófdómendur sjeu hlutaðeigandi sóknarprestur og annar maður, er sýslunefnd kýs, og taki þeir til spurningarnar við prófið.
4. Að skólinn njóti jafnmikils styrks annarsstaðar frá og þess, er honum veitist úr landssjóði.
5. Styrkbeiðslum frá skólunum skal jafnan fylgja nákvæm skýrsla um árspróf skólans, svo og endurrit af síðasta ársreikningi um tekjur hans og gjöld.

II. Til sveitakennara:

1. Að hann sje ráðinn til þeirra starfa af hreppsnefnd eða sóknarnefnd, og hagi störfum sínum eptir samkomulagi við nefndina.
2. Að hann kenni auk kristindóms og lesturs: skript, reikning og rjettritun.
3. Umsóknarbrjefum um styrk til sveitakennara skal jafnan fylgja nákvæm skýrsla um kennsluna (tölu nemanda, hvað hverjum þeirra hafi verið kennt, og hve lengi hver þeirra hafi notið kennslunnar), svo og vottorð hlutaðeigandi prests um framfarir nemendanna, og enn fremur meðmæli hlutaðeigandi sýslunefndar.

Ed. **347. Tillögur**

yfirskoðunarmanna við landsreikningana 1886 og 1887.—Eptir síðari umr. í Nd.

Alþingi ályktar, að skora á landsstjórnina, að hlutast til um:

1. Að framvegis, þegar hinir sjerstöku reikningar fyrir tekjum landssjóðs tilfæra einhverjar upphæðir sem eptirstöðvar, þá fylgi þar með skýrsla um, hvar þær standi, og hverjar ráðstafanir hafi verið gjörðar til að innheimta þær.
2. Að skuld Reykjavíkurkirkju til viðlagasjóðs verði færð niður um þær kr. 966,85, sem talið er að kirkjan eigi inni í jarðabókarsjóði.
3. Að öllum landssjóðslánum til einstakra manna verði smámsaman eptir atvikum breytt í afborgunarlán, og að engin slík lán verði framvegis veitt úr viðlagasjóði, nema gegn árlegri afborgun, í lengsta lagi til 28 ára.
4. Að brunabótagjald fyrir hús embættismanna utan Reykjavíkur, sem veðsett eru landssjóði, verði til tryggingar fyrir hann greitt af embættislaunum þeirra.
5. Að fyrv. háyfirdómara Jóni Pjeturssyni, er fengið hefur 200 kr. styrk til að gefa út kirkjurjett, verði settur hæfilegur frestur til að ljúka við útgáfuna, ella verði honum gjört að skyldu að endurborga styrkinn.

Nd. **348. Breytingartillögur**

við frv. til laga um innheimtu og meðferð á kirknafje. — Frá nefndinni.

1. Við 4. gr. Orðin: „Fyrir allar kirkjur í landinu“ falli burt.
2. Við 5. gr. Eptir orðin: „í hinum almenna kirkjusjóði“, komi: og vextirnir árlega leggjast við höfuðstólinn.

3. Við 6. gr. Orðin: „með vöxtum — skuldina“, falli burt.
4. Ný grein bætist við, er verði 7. gr.:

„Ákvæði laga þessara ná eigi til bændakirkna, er söfnuður hefur eigi tekið að sjer, nema hlutaðeigandi kirkjuráðendur veiti til þess samþykki sitt“.

Ed. **349. Nefndarálit**

í málinu: Frumvarp til laga um hundaskatt o. fl.

Nefndin vill ráða hinni háttvirtu efri deild til, að samþykkja frumvarpið með nokkrum breytingum, sem fáar eru verulegar efnisbreytingar. Hin helzta efnisbreyting er sú, að fella úr 5. gr., er nefndinni þótti óþörf fyrir þá sök, að „hundar aðfluttir frá útlöndum“ eru eigi svo hættulegir fyrir sullaveikina sem innlendir hundar, og heldur eigi svo bitgjarnir, að nokkra eiginlega hættu þurfi þar af að óttast. Fyrir því er eigi ástæða til, að vera miklu harðdrægari við útlenda en innlenda hunda.

BREYTINGARTILLÖGURNAR:

1. Við 1. gr. Fyrir: „alla hunda, sem eru á heimili hans“ komi: alla heimilishunda sína, sem eru eldri en fjögra mánaða.
2. — 3. gr. Greinin orðist þannig: Hreppstjóri skal senda sýslumanni skýrslu um framtal hunda jafnframt öðrum framtalsskýrslum.
3. — 4. gr. a. Fyrir: „Af hverjum hundi . . . . . hundi hverjum“ komi: Hver sá heimilisráðandi, er býr á meiru en einu hundraði úr jörðu, skal greiða af hverjum heimilishundi sínum, sem eldri er en fjögra mánaða, 2 kr. ár hvert, en aðrir gjaldi 10 kr.

   b. Fyrir: „Skatturinn rennur . . . . í bæjarsjóð“ komi: Í kaupstöðum rennur skatturinn í bæjarsjóð, en annarsstaðar í sveitarsjóð, þó svo, að sýslumaður tekur af skattinum sýslusjóðsgjald hreppanna, að því leyti, sem hann til hrekkur, en verði afgangur, skilar sýslumaður oddvitunum honum í peningum“.
4. 5. gr. sje felld.
5. Við 6. gr. Fyrir: „ákvörðun þessari“ komi: ákvæði þessu.

Efri deild alþingis, 8. ágúst 1889.

Sighv. Árnason,	Arnljótur Ólafsson,	Jón Ólafsson.
form. og framsögum.	skrifari.	

Nd. **350. Breytingartillaga**

við frumvarp til fjáraukalaga fyrir árin 1888 og 1889. — Frá fjárlaganefndinni.

1. Á eptir 1. gr. bætist inn í ný grein, er verði 2. gr., svo hljóðandi:
   Sem viðbót við útgjöldin við umboðsstjórnina o. fl. í 10. gr. C veitast 200 kr., sem þóknun til ábúenda á nokkrum þjóðjörðum fyrir að varna skemmdum af Hafursá í Dyrhólahreppi.
2. Við 1. gr. Fyrir: „2384 kr. 41 eyr.“ komi: 2584 kr. 41. e.
3. Greinatalan breytist eptir atkvæðagreiðslunni.

Ed. **351. Breytingartillögur**

við frv. til laga um bann gegn innflutningi á útlendu kvikfje, og um afnám laga 17. marz 1882 um sama efni. — Frá Sighv. Árnasyni og Júlíus Havsteen.

1. Við 1. gr. Í stað orðanna: „á eptirnefnda kaupstaði og kauptún: Reykjavík, Akureyri, Ísafjörð, Stykkishólm, Eskifjörð og Vestmannaeyjar“ komi: „til Reykjavíkur“.
2. — 1. gr. Aptan við orðið „lögreglustjóra“ komi: „þar“.
3. — 1. gr. Fyrir orðið: „sýslumanni“ komi: „lögreglustjóra“.
4. — 2. gr. Aptan við fyrri málslið greinarinnar: „Brot gegn — - lögreglustjórnarinnar“ bætist: „Sektirnar renna í landssjóð“.

Ed. **352. Breytingartillaga**

við frv. til laga um breytingar nokkrar á tilsk. 4. maí 1872, um sveitarstjórn á Íslandi. — Frá nefndinni.

Aptan við 2. gr. bætist ný grein, svo hljóðandi:

„Til þess fullnaðarályktun verði gjörð á amtsráðsfundi útheimtist að $^2/_3$ amtsráðsmanna eður fulltrúa, auk forseta, sjeu á fundi“.

Nd. **353. Frumvarp**

til laga um að fá útmældar lóðir í kaupstöðum og á löggiltum kauptúnum o. fl. — Eptir 2. umr. í Nd.

1. gr. Ef maður vill fá óbyggða lóð sjer útmælda í kaupstað eða löggiltu kauptúni til þess að hefja þar verzlun, enda er honum heimilt að lögum að reka verzlun á Íslandi, skal hann, ef það er í löggiltu kauptúni, brjeflega beiðast útmælingar hjá lögreglustjóra, sem kveður með sjer 2 kunnuga og óvilhalla menn og tiltekur með þeim lóð þá, sem þörf er á til verzlunarinnar, en sje það í kaupstað, framkvæmir byggingarnefndin útmælinguna.

2. gr. Bæði þeir, sem eiga lóðina í löggiltu kauptúni eða stórar óbyggðar lóðir í kaupstöðum, og aðrir, er lögmæt rjettindi hafa eignazt yfir landinu eða lóðunum, eru skyldir að láta af hendi gegn hæfilegu endurgjaldi, er lögreglustjóri með hinum tilkvöddu mönnum eða í kaupstöðum byggingarnefndin ákveður, ef málsaðilar koma sjer eigi saman um endurgjaldið, svo mikla óbyggða lóð, sem útmælendum þykir þörf á til hinnar fyrirhuguðu verzlunar, enda sje lóðin eigi nauðsynleg við rekstur verzlunar eða iðnaðar, sem þar er fyrir.

3. gr. Það skal með öllu bannað, að leggja þá kvöð á lóðir eða húseignir í löggiltum kauptúnum og í kaupstöðum, að ekki megi nota þær til verzlunar eða annarar tiltekinnar atvinnu.

4. gr. Þótt einstakir menn kunni að eiga höfn þá, sem löggilt kauptún er við, mega þeir ekki bægja neinum frá að leggja skipum sínum þar við akkeri nje frá aðgangi að höfninni til þess að ferma eða afferma skip, að svo miklu leyti, sem það kemur ekki í bága við þeirra eigin bryggjuafnot, og ekki heldur getur landeigandi varnað hinu opinbera eða einstökum mönnum að gjöra hringa, landfestar eða önnur skipsfesta-áhöld fyrir skip þar á höfninni, þar sem svo til hagar,

að þess konar áhöld eru nauðsynleg, þó má að eins gjöra það eptir tilvísun lögreglustjóra, er kveður með sjer 2 óvilhalla menn, sem kunnugir eru hafnarlegu, og eiga þeir jafnframt að ákveða það endurgjald, er landeiganda beri, ef hlutaðeigendur verða ekki á eitt sáttir um það mál.

Að öðru leyti skulu ákvæðin í opnu brjefi 28. des. 1836, 11. gr., í gildi vera, þó svo, að hver fastakaupmaður í kauptúninu eða kaupstaðnum eigi forgangsrjett að notkun þeirra skipsfesta, er hann á eður hefir eignarhald yfir, og aðlæginu við þessar festar sínar.

Nú notar einhver hringa, landfestar eða önnur skipsfestaráhöld, sem hann ekki á; ber honum þá tafarlaust að láta áhöldin laus við eiganda þeirra, þegar kaupskip þeirra koma að og þurfa á þeim að halda, að viðlögðum 20 kr. sektum fyrir hvern dag, er hann lætur farast fyrir að sleppa áhöldunum, og bæti hann að auki allt það tjón, er af því kann að leiða, að hann ljet þau ekki laus við eiganda þegar í stað.

Skip það, er þannig notar heimildarlaust festar annars manns, og farmur þess er að veði fyrir sektum og skaðabótum.

Sá, sem eigi rekur fasta verzlun á einhverju kauptúni, en á þar þó skipsfestar, á einnig forgangsrjett að notkun þeirra, nema svo sje, að allar festar á höfninni sjeu notaðar af verzlunarskipum eða fiskiskipum þeim, sem haldið er úti til fiskiveiða, þá er skip hans kemur til.

5. gr. Fyrir útmælingar eptir 1. og 4. gr. skal beiðandi auk ferðakostnaðar, greiða lögreglustjóra 3 kr. um daginn, og eins hverjum þeirra, er til voru kvaddir með honum.

6. gr. Lög þessi ná ekki til Reykjavíkurkaupstaðar.

Nd. **354. Frumvarp**

til laga um meðgjöf með óskilgetnum börnum o. fl. — Eptir 2. umr. í Nd.

1. gr. Heimilt er móður óskilgetins barns að krefjast þess, að föður þess verði gjört að skyldu að greiða að minnsta kosti helming þess kostnaðar, er af barnsförunum leiddu fyrir hana, og ef þörf gjörist, þröngvað til þess, svo sem heimilað er í lögum til greiðslu á meðgjöf með óskilgetnum börnum. Yfirvöldin til taka upphæð þessarar fjárreiðslu, og getur móðir barnins heimt hana eptir reglum þeim, sem segir í 3. gr.

2. gr. Nú deyr karlmaður og lætur eptir sig barn óskilgetið yngra en 16 ára, og skal þá greiða af fjármunum dánarbúsins sem aðra skuld, er komin sje í gjalddaga, barnsfúlgu þá, er hinn dáni gjalda skyldi, svo framarlega sem beiðni um það kemur til skiptaráðanda áður en skuldlýsingarfrestur (Proclama) er liðinn, eða 6 mánuðir frá láti hans, hafi skuldlýsingarfrestur eigi boðaður verið. Ef ekkja hins dána eða skilgetin börn hans eru á lífi, þá skal eigi fje út leggja öðrum óskilgetnum börnum hans en þeim, er fædd voru fyrir hið síðasta hjónaband. Þó skal þess jafnan gætt, að meðgjöf sú, er ætluð er óskilgetnu barni til framfærslu, skal aldrei nema meiru fje en því, er barnið skyldi í arf taka, ef skilgetið væri. Nú situr ekkja barnsföður í óskiptu búi, og heldur hún þá áfram að greiða meðgjöf þá, er barnsfaðirinn lúka skyldi, ef á lífi væri, en þó eigi meiri upphæð nje um

lengri tíma en amtmanni hæfa þykir eptir efnum hennar og með hliðsjón til fyrtjeðra fyrirmæla, og aldrei lengur en þar til barnið er orðið 14 vetra, ef hún á skilgetin börn á lífi, ella þar til barn er 16 vetra. Um barnsfúlgu, er þannig er greidd af hendi í einu eptir lát föðurins, skal fara sem um fje ófjárráðamanna (ómyndugra), að verja má að eins hvers árs meðgjöf barninu til framfærslu jafnótt, sem hún kemur í gjalddaga. Falli barnsfúlga niður að nokkru eða öllu, þá skal fje það, er óeytt er, koma til skipta meðal erfingja.

3. gr. Nú greiðir barnsfaðir eigi fúlguna góðfúslega, og móðirin fær vottorð um það frá sveitarstjórninni í dvalarsveit sinni, að hún sje eigi einfær um að annast framfærslu og uppeldi barns síns, og er henni þá heimilt, ef hún á sveitfesti hjer á landi, að krefjast þess sjálf eða fyrir milligöngu sveitarstjórnarinnar, að meðgjöf föðurins verði greidd af vistarsveit hans, en þó eigi nema síðasta ársmeðgjöf hvert sinn, og skal meðgjöfin eigi talinn sveitarstyrkur veittur móðurinni, heldur föðurnum. Nú hefur vistarsveit föðurins greitt barnsfúlgu hans og gjört síðan árangurslaust tilraun til að ná fúlgunni hjá föðurnum á þann hátt, er lög leyfa, og á hún þá rjett til endurgjalds hjá framfærslusveit föðurins, enda sje hann sveitfastur hjer á landi. Framfærslusveit föðurins hefur á síðan allan hinn sama rjett, sem vistarsveit hans áður hafði, til að ganga eptir hjá föðurnum meðgjöf þeirri, er hún goldið hefur fyrir hann, eður og að heimta, að hann sje látinn afplána styrkinn. Ef barnsfaðir á eigi framfærslurjett hjer á landi, kemur í stað framfærslusveitarinnar vistarsveit sú, er faðirinn átti 40 vikum fyrir fæðingu barnsins.

4. gr. Þann hinn sama rjett, sem móðir að óskilgetnu barni hefur eptir 3. gr. laga þessara, hafa og þeir menn, er annast framfærslu og uppeldi barnsins eptir móðurina látna, burtfarna eður af öðrum líkum orsökum; sama rjett hefur og sveitarstjórn, þá er barnið þiggur af sveit.

Nú deyr móðir óskilgetins barns, og er þá rjett, að faðir barnsins fái það til sín, til framfærslu og uppeldis, ef hann annaðhvort ættleiðir það, eður hann fær til þess leyfi yfirvaldsins á þeim stað, er barnið er.

En sje móðirin á lífi, þá er barnsföðurnum því að eins rjett, að fá barnið til framfærslu og uppeldis, að það sje fullra 7 vetra að aldri og yfirvaldið leyfi þar sem barnið er, enda standi faðirinn þá einn straum af barninu upp frá því.

5. gr. Hvenær sem sveitarstjórn, samkvæmt lögum þessum, spyrzt fyrir um föður óskilgetins barns, á hún, ef þörf gjörist, rjett á, að krefjast fulltingis sýslumanns eður bæjarfógeta til að leita upp verustað hans.

Ed. **355. Frumvarp**

til fjáraukalaga fyrir árin 1888 og 1889. Eptir 3. umr. í Nd.

1. gr. Sem viðbót við útgjöld þau, sem talin eru í fjárlögunum fyrir 1888 og 1889 veitast 2,584 kr. 41 eyr. til útgjalda þeirra, sem nefnd eru í eptirfarandi 2.—5. gr.

2. gr. Sem viðbót við útgjöldin við umboðsstjórnina o. fl. í 10. gr. C veitast 200 kr., sem þóknun til ábúanda á nokkrum þjóðjörðum fyrir að varna skemmdum af Hafursá í Dyrhólahreppi.

3. gr. Sem viðbót við útgjöldin við læknaskipunina í 11. gr. 3 (önnur útgjöld) veitast: 84 kr. til yfirsetukonu Þorbjargar Sveinsdóttur fyrir seinni helming ársins 1884 og árin 1885, 1886 og 1887.

4. gr. Sem viðbót við gjöldin í þarfir andlegu stjettarinnar í 13. gr. A. b. (önnur útgjöld) veitast:

300 kr. 41 e. í uppbót handa núverandi presti Hólma prestakalls í Suðurmúla prófastsdæmi, fyrir tekjumissi þann, er hann hefur beðið fardaga-árin 1886—87 og 1887—88, eptir að út komu lög 19. febr. 1886 um utanþjóðkirkjumenn.

5. gr. Sem viðbót við gjöld þau, sem veitt eru í 15. gr. fjárlaganna, veitist til Solveigar Jónsdóttur, ekkju alþingismanns Jóns Sigurðssonar: 1000 kr.

6. gr. Sem viðbót við gjöld þau, sem veitt eru í 17. gr. fjárlaganna veitast:

1000 kr. til hæstarjettarmálaflutningsmanns Octavíusar Hansens fyrir aðstoð í Fensmarksmálinu í þarfir alþingis.

Nd. **356. Breytingartillaga**

við frumv. til fjárlaga fyrir árin 1890 og 1891. — Frá Gunnari Halldórssyni, Þorvaldi Bjarnarsyni, Jóni Jónssyni 1. þm. N.-M., Páli Olafssyni, Olafi Pálssyni og Grími Thomsen.

Við 4. gr. Athugasemdin um frest á afborgun af hallærisláni Húnavatnssýslu falli burt.

Nd. **357. Breytingartillaga**

við frv. til laga um lögreglusamþykktir. — Frá nefndinni.

Við 3. gr. Í stað: „Í samþykktina . . . . mótmælir“,
komi: „Nú gjörir amtmaður eða landshöfðingi breytingar við frumvarpið, og skal þá leggja þær fyrir bæjarstjórnina til álita. Geti hún eigi fallizt á þær, verður eigi af samþykkt fyrir kaupstaðinn í það sinn“.

Nd. **358. Breytingartillaga**

við frumvarp til laga um meðgjöf með óskilgetnum börnum o. fl. — Frá nefndinni.

Við 4. gr. Síðasta málsgrein: »En sje móðirin«, o. s. frv. falli burt.

Nd. **359. Breytingartillögur**

við frv. til fjárlaga fyrir árin 1890 og 1891. — Frá fjárlaganefndinni.

1. Aptan við 10. gr. C. bætist nýr tölul., er verður 10. tölul., svo hljóðandi:
   Til að leggja járnþak á Prestsbakkakirkju 750—»—
2. Við 13. gr. A. b.: Tölul. 9. falli burt.
3. — 13. gr. C. 1. d. Stafliðurinn orðist svo:
   Fyrir bækur, handrit, bókband og prentuu á ritaukaskrá.
4. — 13. gr. C. Aptan við bætist nýr tölul., er verður 11. tölul., svo hljóðandi:
   Styrkur til hins fyrirhugaða kennara við stýrimannaskólann, til að búa sig erlendis undir stöðu sína.
5. Inn í 18. gr. bætist á eptir orðinu: „tóbaki“
   frumvarp til laga um breyting á lögum 15. okt. 1875 um laun íslenzkra embættismanna,
   frumvarp til laga um breyting á 1. gr. í lögum um skipun prestakalla 27. febr. 1880,
   frumvarp til laga um stofnun stýrimannaskóla á Íslandi.

Ed. **360. Nefndarálit**

í málinu: Frv til laga um eyðing refa.

Nefndinni er eigi kunnugt um, að landsmenn hjer ali upp refi, nema ef vera skyldi á stöku stað, svo varla mun þörf á almennu lagaboði um það efni. Að öðru leyti lýtur þetta atriði undir reglurnar um eyðing refa. Nefndinni þykir ákvæði frumvarpsins um kostnaðinn af eyðing refa bæði fremur vafningssöm, þar sem kostnaðurinn við »eitrun» skal eptir 3. gr. greiddur ýmist úr hreppssjóði eða úr sýslusjóði, og í annan stað eigi fullnægjandi, eður að minnsta kosti harðla óglögg, með því að eigi er til tekið, hvaðan verðlaunafje það skal tekið, er ræðir um í 5. gr. frv. Þá þykir og nefndinni ótiltækilegt með öllu það ákvæði 7. gr., að hreppsnefnd skuli »sæta sektum 5 til 100 kr.» fyrir vanrækingar á skylduverkum sínum, í stað þess sem nú er, að þröngva má hreppsnefndum til hlýðni með aðhaldssektum. Ennfremur verður nefndin að álíta, að hentugra sje, að reglur frumvarpsins um eyðing refa, hversu góðar sem þær vera kunna, verði teknar upp í reglugjörðir sýslunefnda á þann hátt, er bezt þykir við eiga í hverri sýslu, heldur en að þær komi út í almennu lagaboði, sem eðlilega geta eigi átt allstaðar vel við.

Það er nú kunnugt, að sýslunefndir eiga, samkvæmt 39. gr. 2. tölul. í tilsk. 4. maí 1872, um sveitarstjórn á Íslandi, að setja reglugjörðir »um notkun afrjetta, fjallskil, fjárheimtur, ráðstafanir til þess að eyða refum o. fl.», enda mun nú vera búið að setja þær í öllum eður þá allflestum sýslum landsins. En sá mun vera galli á öllum þessum reglugjörðum, að lagaheimild vantar til að ákveða sektir í þeim, svo að sektirnar fáist eður þær verði afplánaðar. En af þessu leiðir, að aðhaldið verður lint og framfylgd reglugjörðanna næsta kraptlítil. Nefndin verður nú að álíta æskilegt og enda optlega nauðsynlegt, að slík heimild verði veitt, eigi að eins reglugjörðum um ráðstafanir til þess að eyða refum, heldur og reglugjörðum um önnur þau málefni, er ræðir um í 39. gr. 2. tölul. í sveitarstjórnartilsk. 4. maí 1872.

Af þessum ástæðum leyfir nefndin sjer að ráða hinni heiðruðu Ed. til

1. að fella frv. til laga um eyðing refa; en
2. að samþykkja fylgjandi.

Alþingi, 9. ágúst 1889.

Sighv. Árnason,	Arnljótur Ólafsson,	J. Havsteen,
form.	framsögum.	skrifari.

Ed. **361. Frumvarp**

til laga um löggiltar reglugjörðir sýslunefnda.

1. gr. Þá er sýslunefnd vill fá löggilta reglugjörð um eyðing refa, eður um önnur þau málefni, er sýslunefndir eiga að setja reglugjörðir um, samkvæmt 39. gr. 2. tölul. í tilsk. 4. maí 1872, um sveitarstjórn á Íslandi, skal hún senda frumvarp sitt amtsráðinu til samþykktar og löggildingar. Fallist amtsráðið á frumvarpið, þá staðfestir það reglugjörðina og fyrirskipar, hvenær hún skuli í gildi ganga, og er hún upp frá því skuldbindandi sem lög. Forseti amtsráðsins hlutast til um, að reglugjörðin sje prentuð í Stjórnartíðindunum, deildinni B.

2. gr. Í reglugjörð er heimilt að ákveða sektir fyrir brot gegn löggiltri reglugjörð frá 1 kr. til 200 kr., og má til taka, að uppljóstarmaður eða uppljóstarmenn hljóta skuli allt að helmingi sektarfjárins. Sektirnar renna að öðru leyti í sveitarsjóð, þar er brotið er framið.

3. gr. Kostnað við eyðing refa skal greiða úr sveitarsjóði.

4. gr. Með afbrot gegn löggiltum reglugjörðum sýslunefnda, skal farið sem almenn lögreglumál.

Ed. **362. Frumvarp**

til fjárlaga fyrir árin 1890 og 1891. — Eptir 3. umr. í Nd.

1. kafli.

Tekjur.

1. gr. Á árunum 1890 og 1891 telst svo til, að tekjur Íslands verði 764,900 kr. og er það afrakstur af tekjugreinum þeim, sem getið er um í 2.—6. gr.

2. gr. Af eptirfylgjandi sköttum og gjöldum eru tekjurnar taldar 478,000 kr.

	1890.	1891.	alls.
	kr.	kr.	kr.
1. Skattur á ábúð og afnotum jarða, og á lausafje:			
a) á ábúð og afnotum jarða	17,000	17,000	34,000
b) á lausafje	23,000	23,000	46,000
2. húsaskattur	4,000	4,000	8,000
3. tekjuskattur	10,000	10,000	20,000
4. aukatekjur	22,000	22,000	44,000
5. erfðafjárskattur	1,700	1,700	3,400
6. gjöld af fasteignasölum	1,300	1,300	2,600
7. vitagjald	5,000	5,000	10,000
8. gjöld fyrir leyfisbrjef	2,000	2,000	4,000
9. útflutningsgjald af fiski og lýsi m. m., að frá dregnum 2% í innheimtulaun	25,000	25,000	50,000
10. aðflutningsgjald af áfengum drykkjum, að frá dregnum 2% í innheimtulaun	90,000	90,000	180,000
11. aðflutningsgjald af tóbaki, að frá dregnum 2 % í innheimtulaun	17,000	17,000	34,000
12. tekjur af póstferðum	18,000	18,000	36,000
13. óvissar tekjur	3,000	3,000	6,000
samtals	239,000	239,000	478,000

3. gr. Tekjur af fasteignum landssjóðs o. fl. eru taldar 56,700 kr.:

	1890.	1891.	alls.
	kr.	kr.	kr.
1. Afgjöld af jarðeignum landssjóðs, alls 37,000 kr. að frá dregnum umboðslaunum, prestsmötu og fl., alls 9,000 —	28,000	28,000	56,000
2. Tekjur af kirkjum	350	350	700
samtals...	28,350	28,350	56,700

4. gr. Tekjur, er snerta viðlagasjóðinn, eru áætlaðar 62,000 kr.:

	1890.	1891.	alls.
	kr.	kr.	kr.
Leigur af innstæðufje viðlagasjóðsins	31,000	31,000	62,000
Upp í lán verður borgað:			
á árinu 1890 25,959 kr. 09 a.			
- — 1891 25,922 — 66 -			
51,881 kr. 75 a.			
samtals ..	31,000	31,000	62,000

Af láni til Staðarbyggðarmýrar greiðist að eins 4% á ári í leigu og afborgun af hinni upphaflegu upphæð.

Árið 1890 veitist frestur á afborgun af hallærisláni Húnavatnssýslu.

5. gr. Ýmislegar innborganir og endurgjöld verða talin 9,200 kr.:

	1890.	1891.	alls.
	kr.	kr.	kr.
1. Það, sem greitt er frá prestaköllum samkvæmt lögum 27. febr. 1880	2,000	2,000	4,000
2. Endurgjald skyndilána til embættismanna	600	600	1,200
3. Endurborganir á öðrum fyrirframgreiðslum	2,000	2,000	4,000
samtals...	4,600	4,600	9,200

6. gr. Tillag úr ríkissjóðnum verður talið 159,000 kr.:

	1890.	1891.	alls.
	kr.	kr.	kr.
Fast tillag	60,000	60,000	120,000
Aukatillag	20,500	18,500	39,000
samtals...	80,500	78,500	159,000

2. kafli.

Útgjöld.

7. gr. Á árunum 1890 og 1891 veitast til útgjalda 908,438 kr. 84 a. samkvæmt þeim gjaldagreinum, sem nákvæmar er skýrt frá í 8.—16. gr.

8. gr. Gjöld til hinnar æðstu stjórnar innanlands og fulltrúa stjórnarinnar á alþingi eru talin fyrir árið 1890: 12,400 kr. og árið 1891: 14,400 kr., samtals: 26,800 kr.

9. gr. Til kostnaðar við alþingi veitast 32,000 kr. Til kostnaðar við yfirskoðun landsreikninganna 1,600 kr., alls 33,600 kr.

10. gr. Til útgjalda við umboðsstjórnina, gjaldheimtur og reikningsmál, svo og við dómgæzluna og lögreglustjórnina o. fl. veitast 363,098 kr. 84 a.

A.	1890.	1891.	alls.
Umboðsstjórn, gjaldheimtur og reikningsmál:	kr. a.	kr. a.	kr. a.
1. laun embættismanna	19,216 66	19,300	38,516 66
2. endurgjald fyrir skrifstofukostnað o. fl.	3,800	3,800	7,600
3. a. borgun fyrir hina umboðslegu endurskoðun 2,500 kr.			
b. viðbót fyrir hinn núverandi endurskoðara 500 —	3,000	3,000	6,000
	26,016 66	26,100	52,116 66

B.			
Dómgæzla og lögreglustjórn:			
1. laun:			
a. til dómara og sýslumanna	70,525 09	70,525 09	
b. til hreppstjóra	6,000	6,000	
2. ritfje handa bæjarfógetanum í Reykjavík	1,400	1,400	
Flyt	77,925 09	77,525 09	52,116 66

	1890.	1891.	1890.	1891.	alls.
			kr. a.	kr. a.	kr. a.
		Flutt	77,925, 09	77,925, 09	52,116, 66
3. til hegningarhússins og fangelsanna:					
	1890.	1891.			
a. laun umsjónarmannsins.....	800 kr.	800 kr.			
viðbót fyrir hinn núverandi umsjónarmann	200 —	200 —			
þóknun handa dómkirkjuprestinum	100 —	100 —			
þóknun handa lækni.....	60 —	60 —			
b. viðurværi handa föngum, 42 a. á dag	1,225 —	1,225 —			
3 skammtar af miðdagsmat handa fangaverði á 21 e.	230 —	230 —			
þvottur	30 —	30 —			
til eldiviðar og ljósa.....	520 —	520 —			
útgjöld við byggínguna sjálfa og áhöld	400 —	400 —			
til þess að útvega verkefni ..	500 —	500 —			
ýmisleg útgjöld.....	150 —	150 —			
	4,215 kr.	4,215 kr.			
arður af verkum talinn	615 —	615 —			
	3,600 kr.	3,600 kr.			
c. kostnaður við viðhald fangelsanna	300 —	100 —	3,900	3,700	
4. önnur útgjöld:					
a. þóknun handa tveimur settum málaflutningsmönnum við yfirrjettinn		1,600 kr.			
b. laun sendiboðans við yfirrjettinn.....		50 —			
c. til eldiviðar í yfirrjettarstofunum.....		40 —			
d. til viðhalds á yfirrjettarstofunum o. fl.		60 —			
e. kostnaður við sakamál og lögreglumál		1,500 —			
f. kostnaður við gjafsóknarmál.....		300 —			
g. til að gefa út dómasafn, allt að 15 kr. fyrir hverja örk		150 —	3,700	3,700	
			85,525 09	85,325 09	170,850,18
C. Ýmisleg útgjöld:					
1. Til þess að gefa út Stjórnartíðindi og landshagsskýrslur:					
a. þóknun fyrir útgáfu tíðindanna m. fl.		300 kr.			
b. til pappírs og prentunar deildarinnar B. 22 arkir og deildarinnar C. 15 arkir		1,591 —			
c. til kostnaðar við sending með póstum		150 —			
		Flyt 2,041 kr.			222,966,84

	1890.	1891.	alls.
	kr. a.	kr. a.	kr. a.
Flutt 2,041 kr.			222,966,84
d. þóknun fyrir að semja landshagsskýrslur, með prófarkalestri 40 kr. fyrir örkina ..... 600 —			
	2,641	2,641	
2. endurgjald handa embættismönnum fyrir burðareyri undir embættisbrjef	1,200	1,200	
3. brunabótagjald fyrir ýmsar opinberar byggingar...	1,600	1,600	
4. styrkur til eflingar búnaði:			
a. til búnaðarskóla:			
1. til skólans í Ólafsdal.....2,500 kr.			
2. — —— á Hólum.....3,500 —			
3. — —— - Eyðum.....2,000 —			
4. — —— - Hvanneyri.....2,000 —10,000kr.			
b. til búnaðarfjelaga ..... 8,000 — Landshöfðingi úthlutar fje þessu eptir tillögum sýslunefnda og amtsráða.			
c. styrkur til Hermanns Jónassonar til að gefa út búnaðarrit, 20 kr. fyrir örkina ..... 240 —			
d. styrkur til Edílons Grímssonar til að útvega sjer verkfæri til þilskipasmíða árið 1890..... 300 —	18,540	18,240	
5. til vegabóta:			
a. til að útvega vegfróðan mann frá útlöndum..... 1890 3,000 kr. 1891 » kr.			
b. til að bæta vegi á aðalpóstleiðum..... 16,000 —16,000 —			
c. til fjallvega..... 2,500 — 2,500 —			
d. styrkur til Erlendar Zakaríassonar til að læra vegagjörð í Noregi..... 400 — 400 —	21,900	18,900	
6. a. til gufuskipsferða, slíkra sem nú eru ..... 9,000 kr.			
b. til aukinna strandferða..... 9,000 —			
c. styrkur til Ísfirðinga til að halda uppi gufubátsferðum á Vestfjörðum... 3,000 —	21,000	21,000	
7. til vitans á Reykjanesi:			
a. til launa vitamannsins..... 1,200 kr.			
b. til eptirlits með vitanum ..... 60 —			
c. til að kaupa olíu..... 1,200 —			
d. — — — lampakveiki o. fl. ..... 150 —			
e. — — — steinkol..... 120 —			
Flyt 2,730 kr.	66,881	63,581	222,966,84

	1890.	1891.	alls.
	kr.	kr.	kr.
Flutt 2,730 kr.	66,881	63,581	222,966,84
f. til viðurhalds á húsum og áhöldum.. 200 —			
g. eptirgjald eptir lóðina ..... 30 —	2,960	2,960	
8. til vörðuvita.....	500	500	
9. til kostnaðar við eptirlitsferðir embættismanna, að því leyti, sem hann greiðist úr landssjóði.....	1,000	1,000	
10. til að leggja járnþak á Prestsbakkakirkju.....	750	»	
	72,091	68,041	140,132
samtals...	.....	.....	363,098,84

11. gr. Til útgjalda við læknaskipunina veitast 98,844 kr.:

	1890.	1891.	alls.
	kr.	kr.	kr.
1. laun	39,598	39,598	79,196
2. styrkur til 6 aukalækna:			
a. til læknis í Dalasýslu og Bæjarhreppi í Strandasýslu;			
b. til læknis á Seyðisfirði ásamt með Mjóafirði, Loðmundarfirði og Borgarfirði;			
c. til læknis á Skipaskaga á Akranesi með 4 syðstu hreppum Borgarfjarðarsýslu;			
d. til læknis í Dyrhólahreppi og Eystri- og Vestri-Eyjafjallahreppum;			
e. til læknis í Dýrafirði ásamt Önundarfirði, Súgandafirði og Arnarfirði;			
f. til læknis í Þingeyjarsýslu fyrir austan Jökulsá til hvers þeirra 1000 kr. hvort árið.....	6,000	6,000	12,000
3. önnur útgjöld:			
a. styrkur til sjúkrahússins í Reykjavík 1,200 kr.			
b. — — — á Akureyri 400 —			
c. til einnar yfirsetukonu í Reykjavík fyrir hana sjálfa ....24 —			
d. til náms yfirsetukvenna .....2,000 —			
e. til verkfæra handa yfirsetukonum ..... 200 —	3,824	3,824	7,648
samtals	49,422	49,422	98,844

12. gr. Útgjöldin við póststjórnina er ætlazt á að verði 65,300 kr.:

	1890.	1891.	alls.
	kr.	kr.	kr.
1. laun:			
a. handa póstmeistaranum.....2,400 kr.			
b. — póstafgreiðslumönnum .....4,000 —			
c. — brjefhirðingarmönnum .....1,900 —	8,300	8,300	16,600
Flyt	8,300	8,300	16,600

	1890.	1891.	alls.
	kr.	kr.	kr.
Flutt	8,300	8,300	16,600
2. póstflutningur	22,000	22,000	44,000
3. önnur útgjöld:			
a. endurgjald fyrir skrifstofukostnað póstmeistarans ..... 1,000 kr.			
b. til sama fyrir ábyrgð á mistalningi 1°/₀₀ um 200 —			
c. fæðispeningar og ferðakostnaður sama 200 —			
d. fyrir prentun á ýmsu ..... 200 —			
e. til áhalda ..... 500 —			
f. 1 brjefberi í Reykjavík ..... 50 —			
g. óviss útgjöld ..... 200 —			
	2,350	2,350	4,700
samtals...	32,650	32,650	65,300

13. gr. Til kirkju- og kennslumála veitast 222,596 kr.:

	1890.	1891.	alls.
	kr.	kr.	kr.
A.			
Í þarfir andlegu stjettarinnar:			
a. laun	7,000.	7,000.	
b. önnur útgjöld:			
1. til prestakalla samkvæmt lögum 27. febr. 1880, 1. gr.	10,000.	11,000.	
2. til bráðabirgðar-uppbótar fátækum brauðum. Þar af til hins núverandi prests í Grímsey 400 kr. hvort árið.	2,500.	2,000.	
3. til nokkurra brauða í fyrverandi Hólastipti	600.	600.	
4. bráðabirgðar-uppbót á Gufudals-prestakalli í Barðastrandar-prófastsdæmi til húsabygginga á staðnum	300.	300.	
5. bráðabirgðar-uppbót á Kvíabekkjar-prestakalli í Eyjafjarðar-prófastsdæmi	200.	200.	
Uppbætur þessar (undir 4. og 5. lið) greiðast því að eins, að sjerstakir prestar komi til brauðanna.			
6. viðbót við eptirlaun þau, er fátækir uppgjafaprestar og prestsekkjur fá samkvæmt lögum	3,000.	3,000.	
7. endurgjald handa biskupi fyrir skrifstofukostnað	1,000.	1,000.	
8. uppbót handa núverandi presti Hólmabrauðs í Suður-Múla-prófastsdæmi fyrir tekjumissi samkvæmt lögum 19. febr. 1886	300.	300.	
	24,900.	25,400.	50,300.
Flyt...			50,300.

	1890.	1891.	alls.
	kr.	kr.	kr.
Flutt			50,300
B.			
Kennslumálefni:			
I. til prestaskólans:			
a. laun	9,000	9,000	
b. önnur útgjöld:			
1890. 1891.			
1. húsaleigustyrkur handa 20 lærisveinum, 80 kr. handa hverjum ..... 1,600 kr. 1,600 kr.			
2. 3 ölmusur..... 600 — 600 —			
3. til tímakennslu..... 100 — 100 —			
4. til bókakaupa..... 300 — 300 —			
5. til eldiviðar og ljósa.... 100 — 100 —			
6. til umsjónar..... 100 — 100 —			
7. ýmisleg útgjöld..... .... 200 — 200 —	3,000	3,000	
	12,000	12,000	24,000
II. til læknaskólans:			
a. laun	3,600	3,600	
Þar af 400 kr. hvort árið launaviðbót til Tómasar Hallgrímssonar 1. kennara.			
b. önnur útgjöld: 1890. 1891.			
1. 2 ölmusur, 200 kr. hvor 400 kr. 400 kr.			
2. eldiviður, ljós og ræsting 120 — 120 —			
3. til bókakaupa og verkfæra .... 300 — 300 —			
4. ferðastyrkur handa læknaefnum .... 300 — 300 —			
5. húsaleiga handa 6 lærisveinum ..... 480 — 480 —			
6. þóknun fyrir tímakennslu í efnafræði ... 100 — 100 —			
7. til umbúða og annars kostnaðar við ókeypis »klinik», allt að ..... 100 — 100 —			
8. ýmisleg útgjöld ..... 100 — 100 —	1,900	1,900	
	5,500	5,500	11,000
III. til hins lærða skóla:			
a. laun	18,200	18,200	
b. aðstoðarfje:			
handa Páli Melsteð sem kennara í sögu 1,800 kr.			
— söngkennaranum ..... 600 —			
— fimleikakennaranum ..... 700 —			
Flyt 3,100 kr.	18,200	18,200	85,300

		1890.	1891.	alls.
		kr.	kr.	kr.
Flutt 3,100 kr.		18,200	18,200	85,300
handa dyraverði .... 1,000 kr.				
til yfirumsjónar með skólahúsinu og áhöldum skólans..... . 300 —		4,400	4,400	
	1890. 1891.			
c. önnur útgjöld:				
1. til bókasafns skólans	600 kr. 600 kr.			
2. til eldiviðar og ljósa	1,000 — 1,000 —			
3. til skólahússins utan og innan	1,000 — 1,000 —			
4. til tímakennslu	1,100 — 1,100 —			
5. ölmusur	6,500 — 6,000 —			
6. þóknun handa lækni	100 — 100 —			
7. ýmisleg útgjöld	1,000 — 1,000 —			
8. fyrir prestsverk	48 — 48 —			
9. til vísindalegra áhalda	400 — 400 —			
10. til að gefa út vísindalega ritgjörð, er fylgi skólaskýrslunni	300 — 300 —	12,048	11,548	
		34,648	34,148	68,796
IV. til gagnfræðaskólans á Möðruvöllum:				
a. laun		6,600	6,600	
b. önnur útgjöld:				
1. til bóka- og áhaldakaupa við kennsluna	400 kr.			
2. til eldiviðar og ljósa	500 —			
3. til skólahússins utan og innan.....	200 —			
4. ýmisleg útgjöld.....	400 —	1,500	1,500	
		8,100	8,100	16,200
V. til annarar kennslu:				
a. til kvennaskóla:				
1. til kvennaskólans í Reykjavík . þar af ölmusur til sveitastúlkna 300 kr.	1,500 kr.			
2. til kvennaskólans á Ytri-Ey . .	1,000 —			
3. — —— á Laugalandi .	1,000 —			
4. — kvennaskólanna á Ytri-Ey og Laugalandi	1,400 —			
Öll upphæðin (1,400 kr.) skiptist milli skólanna eptir nemenda-fjölda. Þar af 500 kr. til námsmeyja.		4,900	4,900	
Flyt		4,900	4,900	170,296

	1890.	1891.	alls.
	kr.	kr.	kr.
Flutt	4,900	4,900	170,296
b. 1. til barnaskóla í sjóþorpum og verzlunarstöðum öðrum en kaupstöðum . . . . Styrkur þessi veitist einkum eptir kennslutíma og nemenda-fjölda, og með því skilyrði, að skólarnir njóti einnig annarar tillögu, er eigi sje minni en helmingur á móts við styrkinn úr landssjóði.	2,500	2,500	
2. til sveitakennara, allt að 50 kr. til hvers. Styrkur þessi veitist eptir tillögum sýslunefnda.	2,500	2,500	
c. til gagnfræða- og alþýðuskólans í Flensborg .	2,500	2,500	
d. til kennara í organslætti og sönglist og til organleikara við dómkirkjuna í Reykjavík . .	1,000	1,000	
e. til kennslu í stýrimannafræði:			
1. til kennslu og húsnæðis í Reykjavík 800 kr.			
2. til kennslu annarstaðar . . . . 1,000 —	1,800	1,800	
	15,200	15,200	30,400
C.			
1. til landsbókasafnsins og fyrir umsjón með alþingishúsinu millum þinga:			
	1890. 1891.		
a. laun bókavarðar . . .	1,000 kr. 1,000 kr.		
b. til að aðstoða bókavörð við útlán og niðurröðun bóka og við samningu á skrá yfir handrit og bækur .	700 — 700 —		
c. fyrir að hafa umsjón með alþingishúsinu og áhöldum í því milli þinga . . .	100 — 100 —		
d. fyrir bækur, handrit, bókband og prentun á ritaukaskrá.....	1,200 — 1,200 —		
e. til eldiviðar og áhalda m.m.	400 — 400 —		
f. brunabótagjald fyrir safnið	250 — 250 —		
		3,650	3,650
2. til amtsbókasafnanna á Akureyri og í Stykkishólmi		200	200
3. til deildar hins íslenzka Bókmenntafjelags í Reykjavík		1,000	1,000
4. til þjóðvinafjelagsins		400	400
5. til forngripasafnsins:			
a. til að útvega forngripi og til áhalda	1,000 kr.		
b. — umsjónar	200 —		
c. — Sigurðar Vigfússonar til rannsóknar fornmenja	1,000 —		
		2,200	2,200
Flyt		7,450	7,450	200,696

	1890.	1891.	alls.
	kr.	kr.	kr.
Flutt	7,450.	7,450.	200,696.
6. til fornleifafjelagsins	300.	300.	
7. til hins íslenzka náttúrufræðisfjelags til að koma á fót náttúrugripasafni handa almenningi . .	400.	400.	
8. styrkur til kennara Þ. Thóroddsens til kostnaðar við jarðfræðisrannsóknir og við safn til jarðfræðislýsingar Íslands, eptir reikningi, allt að 1,000 kr. hvort árið	1,000.	1,000.	
9. styrkur til kennara Benedikts Gröndals til að halda áfram myndasafni yfir íslenzk dýr og til að semja þjóðmenningarsögu Norðurlanda 600 kr. á ári, og til efna og áhalda til að varðveita náttúrugripi 200 kr. hvort árið	800.	800.	
10. til að vinna að texta-útgáfu á íslenzku fornbrjefasafni, 25 kr. fyrir örkina, allt að 600 kr. hvort árið	600.	600.	
11. styrkur til hins fyrirhugaða kennara við stýrimannaskólann til að búa sig erlendis undir stöðu sína..	800.	»	
	11,350.	10,550.	21,900.
samtals...	....	.....	222,596.

14. gr. Til skyndilána handa embættismönnum og lögboðinna fyrirframgreiðslna veitast 5,200 kr.

15. gr. Til eptirlauna og styrktarfjár og fl. veitast 90,000 kr.; þar af til ekkjufrúar Önnu Johnsen 150 kr., til ekkjufrúar Guðrúnar Guðjohnsen 300 kr., til ekkjufrúar Valgerðar Ólafsdóttur frá Hofi 200 kr., til ekkjufrúar G. Brynjúlfssonar 150 kr., til sjera Þórðar Thorgrímsens 50 kr., til sjera J. Thorarensens 50 kr., til prestsekkju Ragnheiðar Jónsdóttur sem viðbót við eptirlaun hennar af Vestmannaeyja prestakalli 105 kr. 40 a. og til Katrínar Þorvaldsdóttur, ekkju fyrverandi bókavarðar Jóns Árnasonar, 200 kr. — til allra þeirra hvort árið.

16. gr. Til óvissra útgjalda veitast 3,000 kr.

Eigi má af þessum gjaldlið greiða ferðakostnað embættismanna eða embættismannaefna frá útlöndum til að taka við embættum hjer á landi.

17. gr. Það sem á vantar, að tekjurnar hrökkvi fyrir útgjöldunum, og sem fyrst um sinn er áætlað að verði 143,538 kr. 84 a., skal greiða úr viðlagasjóði.

18. gr. Ef

lög um brúargjörð á Ölfusá

koma til framkvæmdar á fjárhagstímabilinu, eða ef

frumvarp til laga um aðflutningsgjald á kaffi og sykri;

frumvarp til laga um breyting á lögum 11. febr. 1876 um aðflutningsgjald á tóbaki;

frumvarp til laga um breyting á lögum 15. okt. 1875 um laun íslenzkra embættismanna;

frumvarp til laga um breyting á 1. gr. í lögum um skipun prestakalla 27. febr. 1880 og

frumvarp til laga um stofnun stýrimannaskóla á Íslandi

ná gildi á fjárhagstímabilinu, breytast upphæðirnar tekju- og gjaldamegin samkvæmt nefndum lögum og frumvörpum.

19. gr. Allar þær fjárveitingar, sem eigi eru ákveðnar í lögum öðrum en fjárlögum, tilskipunum, konungsúrskurðum eða öðrum gildandi ákvörðunum, samkvæmt 25. gr. stjórnarskrárinnar, gilda að eins fyrir fjárhagstímabilið.

Nd. **363. Frumvarp**

til laga um breyting á lögum 14. jan. 1876 um tilsjón með útflutningum. — Eptir 2. umr. í Nd.

Hin konunglegu póstgufuskip eru hjer eptir háð sömu tilsjón og skilyrðum að öllu leyti sem önnur skip, þá er þau flytja útfara hjeðan frá landi.

Ed. **364. Breytingartillaga**

við frv. til laga um löggilding Búðareyrar. — Frá Jóni Ólafssyni, Jóni A. Hjaltalín E. Th. Jónassen og S. Þorvarðarsyni.

Aptan við 1. gr. bætist: »og út að Stekkjagilslæk í Bakkagerðislandi».

Ed. **365. Frumvarp**

til laga um breytingar nokkrar á tilskipun 4. maí 1872 um sveitarstjórn á Íslandi o. fl. — Eptir 2. umr. í Ed.

1. gr. Norður-Múlasýsla og Suður-Múlasýsla ásamt Norður-Þingeyjarsýslu. ef sýslunefndin þar óskar þess, skulu vera amt út af fyrir sig, og nefnast Austuramt með sjerstöku amtsráði. Einn skal vera amtmaður í Norður- og Austurömtunum.

2. gr. Í hverju hinna fjögra amtsráða á landi hjer, skal, auk amtmanns sem forseta, vera 1 fulltrúi úr hverju sýslufjelagi í amtinu, og jafnmargir varafulltrúar. Fulltrúa þessa skal sýslunefndin kjósa; skal hver fulltrúi og varafulltrúi kosinn til 6 ára. Kosningin fer þannig fram, að hver sýslunefndarmaður, sem á fundi er, kýs fyrst aðalfulltrúa í amtsráðið, og að þeirri kosningu aflokinni 1 varafulltrúa í sama. Ef tveir eða fleiri hafa fengið jafnmörg atkvæði við kosninguna, ræður hlutkesti. Þegar hin 3 fyrstu ár eru liðin, gengur úr amtsráði eptir hlutkesti helmingur hinna kosnu fulltrúa, eða ef tala þeirra stendur á stöku, þá meiri hlutinn ásamt hlutaðeigandi varafulltrúum, og skal þá kjósa aðra í staðinn. Að 3 árum liðnum ganga úr hinir, sem eptir eru, o. s. frv. annar hluti amtsráðsins þriðja hvert ár.

Um endurkosningar og undanfærslu undan því, að taka við kosningu, og um mótmæli gegn lögmæti kosninga gilda fyrirmælin í 47. gr. tilsk. 4. maí 1872.

Að aflokinni kosningu sendir hver sýslumaður amtmanni endurrit af kosningargjörðinni með næstu póstferð, er fellur þar á eptir.

3. gr. Til þess fullnaðarályktun verði gjörð á amtsráðsfundi, útheimtist, að $^2/_3$ amtsráðsmanna eður fulltrúa auk forseta, sjeu á fundi.

4. gr. Þeir, sem í amtsráði eru, skulu hafa í fæðispeninga 3 kr. um hvern dag, sem þeir vegna amtsráðsfundar verða að vera frá heimili sínu, og að auki ferðakostnað eptir reikningi, sem amtmaður ávísar, þegar búið er að rannsaka hann.

5. gr. Landshöfðingi gjörir nákvæmari ráðstafanir til þess að lög þessi komist í verk, svo þau öðlist gildi svo fljótt sem verða má; hann gjörir einnig með ráði amtmannsins norðan og austan allar þær ráðstafanir, sem lúta að því að skipta sjóðum, eignum og skyldum milli Norðuramtsins og Austuramtsins.

6. gr. Þær laga-ákvarðanir, sem koma í bága við lög þessi, skulu úr lögum numdar.

Ed. **366. Tillaga**

til þingsályktunar um að einungis hinn íslenzki texti laganna verði staðfestur af konungi. — Eptir eina umr. í Nd.

Alþingi skorar á ráðherrann, að hlutast til um, að einungis hinn íslenzki texti af lögum alþingis verði hjer eptir staðfestur af konungi.

Ed. **367. Frumvarp**

til laga um löggilding verzlunarstaðar á Búðareyri við Reyðarfjörð og um afnám löggildingar Hrúteyrar við sama fjörð. — Eptir 2. umr. í Ed.

1. gr. Á Búðareyri við Reyðarfjörð skal vera löggiltur verzlunarstaður og út að Stekkjagilslæk í Bakkagerðislandi.

2. gr. Löggilding Hrúteyrar við Reyðarfjörð skal úr lögum numin.

3. gr. Verði engin föst verzlun reist á Búðareyri, innan tveggja ára frá því, er lög þessi öðlast gildi, fellur 1. gr. þeirra aptur úr gildi.

Ed. **368. Frumvarp**

til laga um tollgreiðslu. — Eptir 2. umr. í Ed.

1. gr. Þá er tollskyldar vörur flytjast til fastaverzlunar, getur kaupmaður sá, sem tolli á að svara, komizt hjá að greiða meira en helming af hinum ákveðna tolli þá þegar, með því að fá lögreglustjóra í hendur öll umráð yfir vörum þeim, sem frestað er að greiða toll af. Vörur þessar eru veð fyrir eptirstöðvum tollsins, og skal kaupmaður geyma þær í sinni ábyrgð á þann hátt, er lögreglustjóri álítur fulltryggjandi, og má kaupandi hvorki taka þær til afnota eða útsölu, nje farga þeim á annan hátt.

2. gr. Nú vill kaupmaður fá umráð yfir vörum þeim, sem að veði eru, og getur hann þá krafizt, að lögreglustjóri afhendi sjer þær til fullra umráða, en jafnframt er hann skyldur til að greiða að fullu eptirstöðvar tollsins. Ef lögreglustjóri þarf að takast ferð á hendur til að afhenda vörur þær, sem að veði eru, skal kaupmaður greiða honum ferðakostnað eptir reikningi.

3. gr. Aldrei má líða meira en 3 mánuðir frá því að vörur flytjast til verzlunar, þangað til tollinum af þeim er að fullu lokið.

4. gr. Ef kaupmaður verður uppvís að því, að hafa tekið eitthvað af vörum þeim, sem að veði eru, án leyfis lögreglustjóra, skal hann gjalda þar af þrefaldan toll, og auk þess sæta allt að 100 kr. sekt, er renni í landssjóð. Svo skal hann og hafa fyrirgjört rjetti sínum til frests á tollgreiðslu framvegis.

5. gr. Lögreglustjóri heldur bók yfir allar aðfluttar vörur, þær er tollskyldar eru, og skal rita þar í nákvæma skýrslu um greiðslu tollsins af hendi þeirra, er honum eiga að svara, svo og um vörur, sem að veði eru fyrir tolli, og aptur leystar úr veðbandi. Bók þá löggildir amtmaður.

Ed. **369. Nefndarálit**

í málinu: frv. til stjórnarskipunarlaga um hin sjerstaklegu málefni Íslands.

Efri deild alþingis hefur kosið oss undirskrifaða í nefnd til að segja álit vort

um frumvarp það til stjórnarskipunarlaga um hin sjerstaklegu málefni Íslands, sem komið hafði frá hinni háttvirtu neðri deild og lagt var fyrir vora deild.

Meiri hluti nefndarinnar varð brátt samhuga um það, að frumvarp þetta, eins og það lá fyrir, mundi jafn-árangurslaust að sinni, og samkynja frumvörp hafa orðið hingað til, bæði sökum þess, að stjórn vorri mundi þykja það jafn-óaðgengilegt og hin fyrri frumvörp, og einnig þótti sumum nefndarmönnum sum ákvæði þessa frumvarps mjög ísjárverð fyrir landsrjettindi þau, er vjer höfum þegar fengið. Samt sem áður þótti nefndinni frumvarpið bera það með sjer, að höfundar þess mundu ekki ófúsir á að fara einhvern miðlunarveg, og hins vegar er nefndinni kunnugt, að margir landsmenn hafa óskað eptir og óska enn eptir einhverri breytingu á því stjórnarfyrirkomulagi, sem nú er, sjerstaklega í þá átt, að færa framkvæmdarstjórnina inn í landið.

Af þessum ástæðum kom meiri hluta nefndarinnar saman um, að gjöra þær breytingar við frumvarpið, sem þeir ætluðu, að fyr eða síðar mundu draga til samkomulags milli þeirra málsaðila sem í þessu máli hafa verið andvígir hvor öðrum hingað *til*, og vonar nefndin, að þetta geti leitt til heillaríkra úrslita fyrir land vort.

Í hinni konunglegu auglýsingu 2. nóv. 1885, eru einkum tekin fram tvö atriði, er valdi því, að frumvarp það, er þá var lagt undir staðfestingu konungs, var synjað staðfestingar. Annað atriðið var, að þar var þeirra laga látið ógetið, er hefði að geyma heimildina fyrir hinum sjerstaklegu rjettindum vorum. Úr þessu hefur eigi verið bætt í neinum þeim stjórnarskipunarlagafrumvörpum, sem fram hafa komið hingað til. En nefndin hefur viljað bæta úr þessu með viðbótunum við 2. og 34. gr. frumvarpsins.

Hitt atriðið, sem auglýsingin segir, að gjöri frumvarpið 1885 óaðgengilegt, er það, að með ákvörðunum þess verði Ísland leyst úr öllu sambandi við ríkið. Svo hefur og sú ástæða opt verið borin fram á móti stjórnarskipunarfrumvörpum þeim, sem hingað til hafa komið fram, að með ákvæðum þeirra væri ótilhlýðilega rýrt vald hans hátignar konungsins. Úr þessu hvorutveggja vonar nú nefndin að hún hafi bætt með þeim breytingum, sem hún hefur gjört við 6. gr. og víðar. Hefur hún eigi gjört þær breytingar út í bláinn, heldur hefur hún farið að dæmi þeirrar þjóðar, er allar aðrar þjóðir, er nú hafa þingbundna stjórn, hafa tekið sjer til fyrirmyndar meira eða minna. Jafnframt hafði nefndin það hugfast, að þoka eigi of nærri rjetti vorum til sjálfsforræðis, þar sem hún hefur sett oss jafna því landi, er þykir hafa svo mikið sjálfræði, er nokkurt það land hefur, sem eigi hefur höfuð stjórnar sinnar innanlands.

Í frumvarpinu er þinginu tvískipt, eins og nefndin ætlar rjett vera. Þar er og kannast við þá meginreglu, að deildirnar þurfi að vera ólíkar að samsetningu, til þess að geta bætt hvor aðra upp og vegið hvor á móti annari. Það er að segja, að hvor deildin fyrir sig sje sjálfstæð og óháð hinni. Ef önnurhvor deildin er hinni háð, hefur tvískiptingin enga þýðingu. Sumir nefndarmenn geta nú eigi sjeð, að þetta sje nægilega tryggt í frumvarpinu. Eptir því fyrirkomulagi, sem þar er stungið upp á, er efri deildin að öllu háð neðri deildinni, þar sem neðri deildin kýs fyrst tvo þriðjunga efri deildar, og að lokum hana alla. Nefndinni voru nú að vísu kunnugir ýmsir vegir til að bæta úr þessu; hinn almennasti er, að binda kosningarrjett og kjörgengi til þessarar deildar við vissa eigna-upphæð, en **það þótti hinum sömu** nefndarmönnum ekki við eiga hjer á landi, þar sem svo lítill er munur á eignum manna. En þar sem því verður eigi við komið, að binda þingmennskuskilyrði við eign, verður heldur eigi komið við

kosningum. Vill hún þá stinga upp á því, sem nóg dæmi eru til, að konungur í fyrsta sinni og síðan jarlinn kveði menn í þessa deild. Þó hefur nefndinni sýnzt ráðlegt, að binda kvaðningu þessara manna bæði við fjórðunga landsins ,svo að í henni sætu menn úr ýmsum hjeruðum, og enn fremur við vissar stjettir manna, svo að ekki væri þeir allir úr einni stjett. En það ætlar nefndin bezta tryggingu fyrir sjálfstæði þessara manna, að þeir hafi æfilangt setu í henni, eða þangað til að hagur þeirra breytist svo á einhvern hátt, að seta þeirra í deildinni getur ekki samrýmzt ákvæðum stjórnarskipunarlaga þessara.

Samkvæmt þeirri skipun efri deildar, er nefndin hefur stungið upp á, missir landsdómurinn að miklu leyti þýðingu sína; enda virðist sumum nefndarmönnum mjög hæpið, að slíkir dómar sjeu með öllu óhlutdrægir. Hins vegar getur nefndin eigi sjeð neitt á móti því, að hinn æðsti dómstóll innanlands dæmi í slíkum málum, en þá fylgir og af sjálfu sjer, að dómendur í þeim dómi mega í hvorugri deildinni setu eiga, enda virðast og ríkar ástæður fyrir því, að þeir sjeu sem óbundnastir við önnur störf en dómarastörf sín.

Af þeim rökum, sem þegar eru til færð, ætlar nefndin, að hinum háttvirtu deildarmönnum verði full-ljósar þær aðrar breytingar, sem nefndin ræður til að gjöra á frumvarpinu, og ef eitthvað af þeim er enn eigi full-ljóst, þá muni það upplýsast við umræðurnar.

Samkvæmt þessu leyfir nefndin sjer að stinga upp á þessum breytingum við frumvarpið:

1. 2. gr. Á eptir orðunum: »eru þessi», bætist við: «svo sem segir í lögum um hina stjórnarlegu stöðu Íslands í ríkinu 2. jan. 1871, 3. gr.».
2. 6. — Í stað »landstjóra» komi: »jarl», og svo opt sem »landstjóri» kemur fyrir í frumvarpi þessu, komi: »jarl» eða »jarlinn» í þess stað.
3. — — Í stað »konungur lætur landstjóra», komi: »konungur getur látið jarlinn».
4. — — Í stað: »nema öðruvísi — og 71. gr.», komi: »enda skal þess getið við hverja stjórnarathöfn, að hann gjöri hana í nafni og umboði konungs».
5. 7. — Í stað: »er snerta löggjöf og stjórn», komi: »er snerta stjórn landsins og konungur hefur gefið honum umboð til að framkvæma».
6. — — Í stað: «Nú hefur landstjóri — í 71. gr.» komi: »Nú er lagafrumvarp, er báðar deildir þingsins hafa samþykkt, lagt fyrir jarlinn til staðfestingar konungs, skal hann lýsa yfir innan mánaðar, hvort hann staðfestir það eða neitar því staðfestingar í nafni konungs, eða hann geymir sjer rjett til að leita vilja konungs í því efni. Þegar jarlinn hefur í nafni konungs staðfest eitthvert lagafrumvarp, skal hann við fyrstu hentugleika senda ráðgjafa konungs (sbr. 3. gr.) nákvæmt samrit laganna. Nú þykir konungi rjett, áður en 12 mánuðir eru liðnir frá því, er ráðgjafi konungs tók við lögunum, að synja þeim staðfestingar, þá skal ráðgjafinn senda jarlinum synjun þessa, og geta þess um leið, hvenær hann hafi tekið við lögunum. Gjörir þá jarlinn kunnuga synjunina eptir þeim lögum, sem gilda um birtingu laga, og falla þá lögin úr gildi frá þeim degi, er birtingin er dagsett.

   Nú hefur jarlinn geymt sjer rjett til að leita vilja konungs um eitthvert lagafrumvarp, og hefur það þá eigi lagagildi, nema jarlinn hafi

birt, áður en 12 mánuðir eru liðnir frá því, er lagafrumvarpið var lagt fyrir hann til staðfestingar konungs, að konungur hafi staðfest það».

7. 9. gr. Í stað «landsdómur» komi: «landsyfirdómurinn».
8. 10. — Í stað: «Landstjóri veitir — konungur» komi: «Konungur getur falið jarlinum að veita öll þau embætti, er hann sjálfur hefur veitt eða hann hefur fengið landshöfðingja umboð til að veita hingað til».
9. 11. — Í stað: «Landstjóri stefnir» komi: «Í nafni konungs stefnir jarlinn».
10. 16. — Orðin «sje lagafrumvarp — fallið niður» falli burt.
11. 18. — Í stað: «Landstjóri veitir» komi: «Konungur veitir eða getur falið jarlinum að veita».
12. 19. — Í stað: «Landstjóri» komi: «Konungur».
13. — — Í stað: «brot, sem landsdómur samþykki» komi: «embættisbrot».
14. 20. — a. Í stað «32» komi: «24», í stað «4» komi: «12», og í stað «landstjóri» komi: «konungur».

b. Í stað «12 þingmenn -- óbundnum kosningum» komi: «þeir 12 þingmenn, sem konungur kveður til þingsetu, 3 úr fjórðungi hverjum. Eigi skal meira en þriðjungur þeirra vera embættismenn í þeim embættum, sem hingað til hafa legið undir konungs veitingu, annar þriðjungur þeirra má vera aðrir embættismenn eða embættislausir, og hinn þriðji þriðjungur þeirra skulu vera embættislausir menn. Í neðri deildinni sitja hinir þjóðkjörnu þingmenn. Tölu alþingismanna og tölu þingmanna í deildunum má breyta með lögum».

15. 21. — a. Í stað: «þangað til — að aldri» komi: «æfilangt, eða þingmaðurinn leggur niður þingmennsku».

b. Í stað: «kýs — lausa sæti» komi: «kveður jarlinn mann til þingsetu í hið auða sæti».

16. 23. — Á eptir orðunum í upphafi greinarinnar: «Kjörgengur til» bætist: «neðri deildar».
17. — — Í stað: «Engan má kjósa — alþingum» komi: «Dómendur í landsyfirdóminum mega eigi eiga setu á alþingi, hvorki í efri nje neðri deild. Ráðgjafarnir eru kjörgengir að eins til neðri deildar».
18. — — Aptan við greinina bætist: «Með þeim takmörkunum, sem teknar eru fram hjer að framan, er hver sá maður rjett kveðinn til efri deildar alþingis, sem hefur kosningarrjett og er kjörgengur til neðri deildar, er 35 ára að aldri og búsettur í þeim fjórðungi, er hann er kveðinn fyrir».
19. 29. – Við enda 2. málsliðs bætist: «á þann hátt, sem stjórnin álítur nægja».
20. 34. — Í stað orðanna á eptir «aukatillagið» (í 1. málsgr.) komi: «sem greitt er úr hinum almenna ríkissjóði svo sem fyrir er mælt í lögum um hina stjórnarlegu stöðu Íslands í ríkinu, 2. janúar 1871, 5. gr. sbr. 6. gr., og aptan við málsliðinn bætist: «til hinna sjerstaklegu gjalda Íslands».
21. 48. — Falli burt.
22. 49. — Í stað: «landsdómur»
komi: «landsyfirdómur».
23. 58. — Orðin: «og aðrir, sem viðriðnir eru», falli burt.

24. 72. — Orðin: «þeim er eigi skal — stjórnarskipunarlögunum», falli burt.

Alþingi 10. ágúst 1889.

Jón A. Hjaltalín, framsögumaður. E. Th. Jónassen. F. S. Stefánsson.

Með skírskotun til þess, sem fram er tekið í nefndarálitinu um skoðana-mun sumra nefndarmanna, vil jeg taka fram, að jeg fyrir mitt leyti fellst á tillögur nefndarinnar, en þó á sumar þeirra eigi fyrir því, að jeg í sjálfu sjer álíti þær eins hagfelldar eins og ákvæði frv. — sjerstaklega að því er að skipun efri deildar lýtur — heldur af því, að jeg álit frumvarpið með breytingum nefndarinnar þó fela í sjer verulega og þýðingarmikla umbót frá því, sem nú er, svo að jeg álít ábyrgðarhluta að varna því, að stjórn og þjóð geti sagt álit sitt um þessi ákvæði. Finnst mjer því skylda mín, að styðja framgang frumvarpsins í þess breyttu mynd af ýtrasta megni á þessu þingi.

Jón Ólafsson.

Breytingar þær, sem hinn háttvirti meiri hluti nefndarinnar hefur gjört á frumvarpi þessu, gengur æði langt í að raska grundvelli þeim, er Íslendingar hafa fyr og síðar byggt á stjórnarbótarkröfur sínar. Hjer er því að mínu áliti horfið frá þeirri stefnu, sem þjóðin í heild sinni, og undanfarandi þing, hafa fylgt í þessu máli. Auk þess, sem breytingar þessar eru alsendis gagnstæðar sannfæringu minni á þessu máli, þá brestur mig líka, sem þjóðkjörinn þingmann, alla heimild eða umboð, bæði frá þjóðinni og kjósendum mínum, til að fallast á þannig lagaða stjórnarskrárbreytingu, sem meiri hlutinn ræður til. Af þessum ástæðum get jeg ekki verið í samráði með mínum háttvirtu meðnefndarmönnum í þessu máli, en leyfi mjer að leggja til, að hin háttvirta efri deild fallist á frumvarpið óbreytt eins og það kom frá hinni háttvirtu neðri deild.

Skúli Þorvarðarson.

Ed. **370. Breytingartillaga**

við frv. til laga um tollgreiðslu (130). — Frá nefndinni.

Við 2. gr. Á eptir: „takast ferð á hendur“ komi: „til að taka við umráðum yfir vörum samkv. 1. gr. eða“

Ed. **371. Breytingartillaga**

við frumvarp til laga um löggilding verzlunarstaðar að Arngerðareyri,
— — — — — — —— — Múlahöfn,
— — — — — — —— — Hólmavík,
— — — — — — —— — Stapa. — Frá nefndinni.

Aptan við frv. (hvert um sig) bætist ný grein svolátandi: „Verði eigi verzlunarhús reist og í þeim byrjað að reka fasta verzlun innan 5 ára frá því, er lög þessi öðlast gildi, falla lög þessi úr gildi“.

Ed. **372. Frumvarp**

til laga um hundaskatt og fleira. — Eptir 2. umr. í Ed.

1. gr. Hver heimilisráðandi skal á hreppaskilaþingi því, er hann á sókn að, vor hvert, telja fram fyrir hreppstjóra eða bæjarfógeta alla heimilishunda sína, er eldri eru

en fjögra mánaða í fardögum og skal það framtal rita í sveitarbókina. En á haust-hreppaskilum skal telja frá þá hunda, sem farizt hafa um sumarið.

2. gr. Ef einhver vanrækir að telja fram hunda, eða telur þá rangt fram, eða framtal hans þykir tortryggilegt, gilda um það sömu ákvæði, sem um framtal á tíundbæru lausafje eptir 5., 6. og 7. gr. í lögum 12. júlí 1878 um lausafjártíund.

3. gr. Hreppstjóri skal senda sýslumanni skýrslu um framtal hunda jafnframt öðrum framtalsskýrslum.

4. gr. Hver sá heimilisráðandi, er býr á meiru en einu hundraði úr jörðu, skal greiða af hverjum heimilishundi sínum, sem eldri er en fjögra mánaða, 2 kr. ár hvert, en aðrir gjaldi 10 kr. Hver heimilisráðandi ábyrgist greiðslu skattsins af þeim hundum, sem hann hefur framtalið, en rjett hefur hann til, að fá skattinn borgaðan hjá lausamönnum, húsmönnum eða öðrum mönnum í sjálfstæðri stöðu af þeim hundum, sem þeir eiga á heimili hans. Sýslumenn og bæjarfógetar skulu innheimta skattinn á manntalsþingum ár hvert, í fyrsta skipti á manntalsþingum 1891. Í kaupstöðum rennur skatturinn í bæjarsjóð, en annarstaðar í sveitarsjóð, þó svo, að sýslumaður tekur af skattinum sýslusjóðsgjald hreppanna, að því leyti, sem hann til hrekkur, en verði afgangur, skilar sýslumaður oddvitunum honum í peningum.

5. gr. Skyldur er hver sá, sem lætur slátra skepnu, er sullir finnast í, að grafa þegar í stað slátur það, sem sullmeingað er, að meðtöldum hausum af höfuðsóttarkindum, svo djúpt í jörð niður, að hundar geti eigi náð því, eða að brenna það. Brot gegn ákvæði þessu varðar allt að 10 kr. sekt, og fær sá annan helming sektarinnar, er uppljóstar, en bæjar- eða sveitarsjóður hinn.

6. gr. Heimilt er sýslunefnd og bæjarstjórn með samráði við hlutaðeigandi hjeraðslækni að semja reglur um lækning á hundum af bandormum, meðferð á sullum úr sauðfje, og gjöra aðrar ráðstafanir, sem henni þurfa þykir, til varnar gegn sullaveikinni, og leggja við sektir, ef út af þeim ráðstöfunum er brugðið. Af sýslusjóði og bæjarsjóði má taka fje til framkvæmdar slíkum ráðstöfunum.

7. gr. Með mál, sem rísa út af brotum á móti lögum þessum, skal fara sem almenn lögreglumál.

8. gr. Með lögum þessum er úr gildi numin tilskipun um hundahald á Íslandi 25. júní 1869.

Ed. 373. **Breytingartillögur**

við tillögur til þingsályktunar um skilyrði fyrir landssjóðsstyrk til barnakennslu (346). — Frá Sighvati Árnasyni.

1. Við I. 2. lið Í staðinn fyrir »15 nemendur« komi: 12 nemendur.
2. Eptir 4. lið komi nýr liður, er verði 5. liður, þannig:
   Að til skólanna sjeu keypt við og við nauðsynlegustu kennsluáhöld, þar til bætt er úr brýnustu þörfum þeirra í því efni.
3. 5. liður verði 6. liður. Eptir orðunum í honum »árspróf skólans« bætist inn í: ásamt skýrslu yfir kennsluáhöld skólans.

Nd. **374. Viðaukatillaga**

við breytingartillögu (357) nefndarinnar við frv. til laga um lögreglusamþykktir — Frá nefndinni.

Aptan við breytingartillöguna bætist: nema landshöfðingi vilji staðfesta frumvarpið óbreytt.

Nd. **375. Frumvarp**

til laga um breyting á 14. og 15. gr. stjórnarskrárinnar og 18. gr. laga 14. sept. 1877 um kosningar til alþingis. — Flutningsmaður: Sigurður Stefánsson.

1. gr. Á alþingi eiga sæti 36 þjóðkjörnir alþingismenn; sitja 8 af þeim í efri deild en 28 í neðri deild.

2. gr. Auk kjördæma þeirra, sem ákveðin eru í 18. gr. laga 14. sept. 1877 um kosningar til alþingis, skulu kaupstaðirnir Akureyri og Ísafjörður vera sjerstök kjördæmi.

Tölu hinna þjóðkjörnu alþingismanna skal skipt niður á þann hátt, að 3 alþingismenn skulu kosnir í Árnessýslu og Gullbringu- og Kjósarsýslu, hvorri um sig, 2 alþingismenn í sjerhverju eptirfylgjandi kjördæma: Í Rangárvallasýslu, Ísafjarðarsýslu, Húnavatnssýslu, Skagafjarðarsýslu, Eyjafjarðarsýslu, Suður-Þingeyjarsýslu, Norður-Múlasýslu og Suður-Múlasýslu, og Reykjavíkurkaupstað, en í hverju hinna kjördæmanna, sem eru: hin 2 kjördæmi í Skaptafellssýslum, Vestmannaeyjasýsla, Borgarfjarðarsýsla, Mýrasýsla, Snæfellsnessýsla, Dalasýsla, Barðastrandarsýsla, Strandasýsla, Norður-Þingeyjarsýsla, Akureyrarkaupstaður og Ísafjarðarkaupstaður, skal kjósa einn alþingismann.

3. gr. Ákvæði 14. og 15. gr. stjórnarskrárinnar, að því er snertir tölu þingmanna og seinni málsgrein 18. gr. laga 14. sept. 1877, eru hjer með úr gildi felld.

Ed. **376. Frumvarp**

til laga um meðgjöf með óskilgetnum börnum o. fl. — Eptir 3. umr. í Nd.

1. gr. Heimilt er móður óskilgetins barns að krefjast þess, að föður þess verði gjört að skyldu að greiða að minnsta kosti helming þess kostnaðar, er af barnsförunum leiddu fyrir hana, og ef þörf gjörist, þröngvað til þess, svo sem heimilað er í lögum til greiðslu á meðgjöf með óskilgetnum börnum. Yfirvöldin til taka upphæð þessarar fjárreiðslu, og getur móðir barnins heimt hana eptir reglum þeim, sem segir í 3. gr.

2. gr. Nú deyr karlmaður og lætur eptir sig barn óskilgetið yngra en 16 ára, og skal þá greiða af fjármunum dánarbúsins sem aðra skuld, er komin sje í gjalddaga, barnsfúlgu þá, er hinn dáni gjalda skyldi, svo framarlega sem beiðni um það kemur til skiptaráðanda áður en skuldlýsingarfrestur (Proclama) er liðinn eða 6 mánuðir frá láti hans, hafi skuldlýsingarfrestur eigi boðaður verið. Ef ekkja hins dána eða skilgetin börn hans eru á lífi, þá skal eigi fje út leggja öðrum óskilgetnum börnum hans en þeim, er fædd voru fyrir hið síðasta hjónaband. Þó skal þess jafnan gætt, að meðgjöf sú, er ætluð er óskilgetnu barni til framfærslu, skal aldrei nema meiru fje en því, er barnið skyldi í arf taka, ef skilgetið væri.

Nú situr ekkja barnsföður í óskiptu búi, og heldur hún þá áfram að greiða meðgjöf þá, er barnsfaðirinn lúka skyldi, ef á lífi væri, en þó eigi meiri upphæð nje um lengri tíma en amtmanni hæfa þykir eptir efnum hennar og með hliðsjón til fyrtjeðra fyrirmæla, og aldrei lengur en þar til barnið er orðið 14 vetra, ef hún á skilgetin börn á lífi, ella þar til barn er 16 vetra. Um barnsfúlgu, er þannig er greidd af hendi í einu eptir lát föðurins, skal fara sem um fje óforráðamanna (ómyndugra), að verja má að eins hvers árs meðgjöf barninu til framfærslu jafnótt, sem hún kemur í gjalddaga. Falli barnsfúlga niður að nokkru eða öllu, þá skal fje það, er óeytt er, koma til skipta meðal erfingja.

3. gr. Nú greiðir barnsfaðir eigi fúlguna góðfúslega, og móðirin fær vottorð um það frá sveitarstjórninni í dvalarsveit sinni, að hún sje eigi einfær um að annast framfærslu og uppeldi barns síns, og er henni þá heimilt, ef hún á sveitfesti hjer á landi, að krefjast þess sjálf eða fyrir milligöngu sveitarstjórnarinnar, að meðgjöf föðurins verði greidd af vistarsveit hans, en þó eigi nema síðasta ársmeðgjöf hvert sinn, og skal meðgjöfin eigi talinn sveitarstyrkur veittur móðurinni, heldur föðurnum. Nú hefur vistarsveit föðurins greitt barnsfúlgu hans og gjört síðan árangurslaust tilraun til að ná fúlgunni hjá föðurnum á þann hátt, er lög leyfa, og á hún þá rjett til endurgjalds hjá framfærslusveit föðurins, enda sje hann sveitfastur hjer á landi. Framfærslusveit föðurins hefur á síðan allan hinn sama rjett, sem vistarsveit hans áður hafði, til að ganga eptir hjá föðurnum meðgjöf þeirri, er hún goldið hefur fyrir hann, eður og að heimta, að hann sje látinn afplána styrkinn. Ef barnsfaðir á eigi framfærslurjett hjer á landi, kemur í stað framfærslusveitarinnar vistarsveit sú, er faðirinn átti 40 vikum fyrir fæðingu barnsins.

4. gr. Þann hinn sama rjett, sem móðir að óskilgetnu barni hefur eptir 3. gr. laga þessara, hafa og þeir menn, er annast framfærslu og uppeldi barnsins eptir móðurina látna, burtfarna eður af öðrum líkum orsökum; sama rjett hefur og sveitarstjórn, þá er barnið þiggur af sveit.

Nú deyr móðir óskilgetins barns, og er þá rjett, að faðir barnsins fái það til sín, til framfærslu og uppeldis, ef hann annaðhvort ættleiðir það, eður hann fær til þess leyfi yfirvaldsins á þeim stað, er barnið er.

5. gr. Hvenær sem sveitarstjórn, samkvæmt lögum þessum, spyrzt fyrir um föður óskilgetins barns, á hún, ef þörf gjörist, rjett á, að krefjast fulltingis sýslumanns eður bæjarfógeta til að leita upp verustað hans.

Nd. **377. Frumvarp**

til laga um breyting á nokkrum prestaköllum í Dala og Barðastrandar-prófastsdæmum. — Eptir 2. umr. í Nd.

1. gr. Saurbæjarþingaprestakall skal vera Staðarhóls- og Hvolssóknir í Dala-prófastsdæmi og Garpsdalssókn í Barðastrandar-prófastsdæmi. Hver hinna þriggja kirkna brauðsins skulu vera þriðjungakirkjur.

Þegar sameining þessi er komin á, fellur burt það 300 kr. tillag úr landssjóði, sem Garpsdalsprestakalli er ákveðið með lögum 4. nóv. 1881.

2. gr. Skarðsþingaprestakall skal vera Skarðs- og Dagverðarnes-sóknir. Skarðs- og Dagverðarness-kirkjur skulu vera helmingakirkjur.

3. gr. Hvammsprestakall skal vera Hvamms-og Staðarfells-sóknir. Hvamms- og Staðarfells-kirkjur skulu vera helmingakirkjur. Brauð þetta heldur kirkjujörðum þeim og prestsmötum, sem því tilheyrðu fyr meir.

4. gr. Hjarðarholtsbrauð skal vera Hjarðarholtssókn.

Ed. **378. Frumvarp**

til viðaukalaga við tilskipun um sveitarstjórn á Íslandi 4. maí 1872. — Eptir 3. umr. í Nd.

1. gr. Heimilt er að greiða úr sveitarsjóði fje til að efla menntun og búnað til lands og sjávar, og sjerhvað annað, er sveitarfjelaginu horfir til framfara.

2. gr. Áætlun þá, sem hreppsnefnd skal gjöra á ári hverju um tekjur og gjöld hreppsins samkvæmt 1. gr. laga 9. jan. 1880 um breyting á tilskipun um sveitarstjórn á Íslandi 4. maí 1872, skal hún leggja fyrir hreppskilafund á vorin, og samþykki meiri hluti hreppsbúa, er á fundi mæta, og kosningarrjett hafa til hreppsnefndar, áætlun þessa, má hreppsnefndin greiða úr sveitarsjóði öll gjöld í sveitarþarfir samkvæmt henni. Nú þykir hreppsnefnd nauðsyn bera til, að greiða gjöld úr sveitarsjóði umfram áætlun, og skal hún þá einnig leita samþykkis hreppsfundar til þeirrar umframgreiðslu.

3 gr. Heimilt er að greiða úr sýslusjóði fje til eflingar menntun, búnaði til lands og sjávar, samgöngum og öðru því, er sýslufjelaginu er til þarfa.

4. gr. Áætlun þá, sem sýslunefnd skal semja á ári hverju um tekjur og gjöld sýslunnar næsta ár á eptir, samkvæmt tilskipun um sveitarstjórn á Íslandi 4. maí 1872, 40. gr., skal hún senda innan tveggja mánaða til allra hreppsnefnda í sýslunni. Nú þykir hreppsnefnd einhver gjaldliður á áætlun of hár eður óþarfur, skal hún þá innan tveggja mánaða frá því áætlunin var henni send, senda oddvita sýslunefndarinnar yfirlýsingu um það; skal hann, ef meiri hluti allra hreppsnefnda í sýslunni hefur sent slíka yfirlýsing um sömu gjaldliði í áætluninni, bera málið undir sýslunefndarfund, og tekur sýslunefndin kvartanir hreppsnefndanna til greina, nema tveir þriðju hlutar sýslunefndarmanna þeirra, sem á fundi eru, samþykki gjaldliðinn óbreyttan að nýju. Samkvæmt áætlun þessari má greiða útgjöld úr sýslusjóði í þarfir sýslufjelagsins, en umframgreiðslur eru óheimilar, nema tveir þriðju hlutar sýslunefndarmanna, sem á fundi eru, samþykki þær.

Ed. **379. Frumvarp**

til laga um breyting á lögum 14. jan. 1876 um tilsjón með útflutningum. — Eptir 3. umr. í Nd.

Hin konunglegu póstgufuskip eru hjer eptir háð sömu tilsjón og skilyrðum að öllu leyti sem önnur skip, þá er þau flytja útfara hjeðan frá landi.

Nd. **380. Frumvarp**

til laga um borgun á láni til brúargjörðar á Skjálfandafljóti. — Eptir 2. umr. í Nd.

1. gr. Það, sem eptir er óborgað 1. jan. 1890, af láni því, er veitt var úr landssjóði til brúargjörðar á Skjálfandafljóti, samkvæmt lögum nr. 6., 27. febr. 1880, endurborgist frá þeim tíma þannig, að einn níundi hluti greiðist úr sýslusjóði Suður-Þingeyjarsýslu, einn níundi hluti úr sýsluvegasjóði Suður- og Norður-Þingeyjarsýslu, eptir hlutfalli rjettu, og einn níundi hluti úr jafnaðarsjóði Norður- og Austuramtsins. — Að öðru leyti skal lánið gefið upp.

2. gr. Sá hluti lánsins, er endurborgast skal, samkvæmt 1. gr., borgist landssjóði með 6% í 28 ár.

Nd. **381. Frumvarp**

til laga um breytingar nokkrar á tilskipun 4. maí 1872 um sveitarstjórn á Íslandi o. fl. — Eptir 3. umr í Ed.

1. gr. Norður-Múlasýsla og Suður-Múlasýsla ásamt Norður-Þingeyjarsýslu, ef sýslunefndin þar óskar þess, skulu vera amt út af fyrir sig, og nefnast Austuramt með sjerstöku amtsráði. Einn skal vera amtmaður í Norður- og Austurömtunum.

2. gr Í hverju hinna fjögra amtsráða á landi hjer, skal, auk amtmanns sem forseta, vera 1 fulltrúi úr hverju sýslufjelagi í amtinu, og jafnmargir vara fulltrúar. Fulltrúa þessa skal sýslunefndin kjósa; skal hver fulltrúi og varafulltrúi kosinn til 6 ára. Kosningin fer þannig fram, að hver sýslunefndarmaður, sem á fundi er, kýs fyrst aðalfulltrúa í amtsráðið, og að þeirri kosningu aflokinni 1 varafulltrúa í sama. Ef tveir eða fleiri hafa fengið jafnmörg atkvæði við kosninguna, ræður hlutkesti. Þegar hin 3 fyrstu ár eru liðin, gengur úr amtsráði eptir hlutkesti helmingur hinna kosnu fulltrúa, eða ef tala þeirra stendur á stöku, þá meiri hlutinn ásamt hlutaðeigandi varafulltrúum, og skal þá kjósa aðra í staðinn. Að 3 árum liðnum ganga úr hinir, sem eptir eru, o. s. frv. annar hluti amtsráðsins þriðja hvert ár.

Um endurkosningar og undanfærslu undan því, að taka við kosningu, og um mótmæli gegn lögmæti kosninga gilda fyrirmælin í 47. gr. tilsk. 4. maí 1872.

Að aflokinni kosningu sendir hver sýslumaður amtmanni endurrit af kosningargjörðinni með næstu póstferð, er fellur þar á eptir.

3. gr. Til þess fullnaðarályktun verði gjörð á amtsráðsfundi, útheimtist, að $^2/_3$ amtsráðsmanna eður fulltrúa auk forseta, sjeu á fundi.

4. gr. Þeir, sem í amtsráði eru, skulu hafa í fæðispeninga 3 kr. um hvern dag, sem þeir vegna amtsráðsfundar verða að vera frá heimili sínu, og að auki ferðakostnað eptir reikningi, sem amtmaður ávísar, þegar búið er að rannsaka hann.

5. gr. Landshöfðingi gjörir nákvæmari ráðstafanir til þess, að lög þessi komist í verk, svo þau öðlist gildi svo fljótt sem verða má; hann gjörir einnig

með ráði amtmannsins norðan og austan allar þær ráðstafanir, sem lúta að því, að skipta sjóðum, eignum og skyldum milli Norðuramtsins og Austuramtsins.

6. gr. Þær lagaákvarðanir, sem koma í bága við lög þessi, skulu úr lögum numdar.

Ed. **382. Frumvarp**

til laga um sölu nokkurra þjóðjarða. — Eptir 2. umr. í Ed.

1. gr. Ráðgjafanum fyrir Ísland veitist heimild til, að selja ábúendunum eptirfylgjandi þjóðjarðir fyrir það andvirði, er að minnsta kosti nemi þeirri upphæð, sem greind er við hverja þeirra:

1. Á í Kleifahreppi . . . . . 850 kr.
2. Feigsdal í Dalahreppi . . . . . 1700 —

2. gr. Um sölu þessa skal farið eptir ákvæðum þeim, sem gjörð eru í 2. og 3. gr. í lögum nr. 26, 8. nóv. 1883.

3. gr. Heimild sú, sem veitt er til sölu þessarar, gildir að eins til 31. des. 1894.

Nd. **383. Frumvarp**

til laga um tollgreiðslu. — Eptir 3. umr. í Ed.

1. gr. Þá er tollskyldar vörur flytjast til fastaverzlunar, getur kaupmaður sá, sem tolli á að svara, komizt hjá að greiða meira en helming af hinum ákveðna tolli þá þegar, með því að fá lögreglustjóra í hendur öll umráð yfir vörum þeim, sem frestað er að greiða toll af. Vörur þessar eru veð fyrir eptirstöðvum tollsins, og skal kaupmaður geyma þær í sinni ábyrgð á þann hátt, er lögreglustjóri álítur fulltryggjandi, og má kaupandi hvorki taka þær til afnota eða útsölu, nje farga þeim á annan hátt.

2. gr. Nú vill kaupmaður fá umráð yfir vörum þeim, sem að veði eru, og getur hann þá krafizt, að lögreglustjóri afhendi sjer þær til fullra umráða, en jafnframt er hann skyldur til að greiða að fullu eptirstöðvar tollsins. Ef lögreglustjóri þarf að takast ferð á hendur til að taka við umráðum yfir vörum samkvæmt 1. gr., eða til að afhenda vörur þær, sem að veði eru, skal kaupmaður greiða honum ferðakostnað eptir reikningi.

3. gr. Aldrei má líða meira en 3 mánuðir frá því, að vörur flytjast til verzlunar, þangað til tollinum af þeim er að fullu lokið.

4. gr. Ef kaupmaður verður uppvís að því, að hafa tekið eitthvað af vörum þeim, sem að veði eru, án leyfis lögreglustjóra, skal hann gjalda þar af þrefaldan toll, og auk þess sæta allt að 100 kr. sekt, er renni í landssjóð. Svo skal hann og hafa fyrirgjört rjetti sínum til frests á tollgreiðslu framvegis.

5. gr. Lögreglustjóri heldur bók yfir allar aðfluttar vörur, þær er tollskyldar eru, og skal rita þar í nákvæma skýrslu um greiðslu tollsins af hendi þeirra, er honum eiga að svara, svo og um vörur, sem að veði eru fyrir tolli, og aptur leystar úr veðbandi. Bók þá löggildir amtmaður.

Nd. **384. Frumvarp**

til laga um löggilding verzlunarstaðar við Hólmavík í Steingrímsfirði. — Eptir 3. umr. í Ed.

1. gr. Við Hólmavík hjá Skeljavík í Steingrímsfirði skal vera löggiltur verzlunarstaður.

2. gr. Verði eigi verzlunarhús reist og í þeim byrjað að reka fasta verzlun innan 5 ára fra því, er lög þessi öðlast gildi, falla lög þessi úr gildi.

Nd. **385. Frumvarp**

til laga um löggilding verzlunarstaðar að Múlahöfn við Hjeraðsflóa— Eptir 3. umr. í Ed.

1. gr. Að Múlahöfn við Hjeraðsflóa skal vera löggiltur verzlunarstaður.

2. gr. Verði eigi verzlunarhús reist og í þeim byrjað að reka fasta verzlun innan 5 ára frá því, er lög þessi öðlast gildi, falla lög þessi úr gildi.

Nd. **386. Frumvarp**

til laga um löggilding verzlunarstaðar að Arngerðareyri við Ísafjarðardjúp.—Eptir 3. umr. í Ed.

1. gr. Að Arngerðareyri við Ísafjarðardjúp skal vera löggiltur verzlunarstaður.

2. gr. Verði eigi verzlunarhús reist og í þeim byrjað að reka fasta verzlun innan 5 ára frá því, er lög þessi öðlast gildi, falla lög þessi úr gildi.

Nd. **387. Frumvarp**

til laga um löggilding verzlunarstaðar að Stapa í Snæfellsnessýslu. -- Eptir 3. umr. í Ed.

1. gr. Að Stapa í Snæfellsnessýslu skal vera löggiltur verzlunarstaður.

2. gr. Verði eigi verzlunarhús reist og í þeim byrjað að reka fasta verzlun innan 5 ára frá því, er lög þessi öðlast gildi, falla lög þessi úr gildi.

Nd. **388. Frumvarp**

til laga um löggilding verzlunarstaðar á Búðareyri við Reyðarfjörð og um afnám löggildingar Hrúteyrar við sama fjörð. — Eptir 3. umr. í Ed.

1. gr. Á Búðareyri við Reyðarfjörð skal vera löggiltur verzlunarstaður og út að Stekkjagilslæk í Bakkagerðislandi.

2. gr. Löggilding Hrúteyrar við Reyðarfjörð skal úr lögum numin.

3. gr. Verði engin föst verzlun reist á Búðareyri, innan tveggja ára frá því, er lög þessi öðlast gildi, fellur 1. gr. þeirra aptur úr gildi.

Ed. **389. Breytingartillaga**

við frv. til laga um hundaskatt o. fl. — Frá nefndinni.

Við 7. gr. (á þingskj. 271). Fyrir: „leggja við sektir“ komi: „liggja við sektir frá 1 kr. til 10 kr.“.

Ed. **390. Breytingartillögur**

við frv. til laga um uppfræðing barna. — Frá Sighv. Árnasyni, Jóni Ólafssyni og Jakobi Guðmundssyni.

1. Við 3. gr. (1. málsgr.) Fyrir: „sem prestur tiltekur“ komi: „sem prófdómandi af sýslunefndar hendi og presturinn til taka“.
2. — 3. gr. (2. málsgr.). Fyrir: „vel“ komi: „hæfur“.
3. Aptan við 3. gr. bætist: „En kæra má prófdómandi sá, er sýslunefnd hefur kosið, hvort heldur prest eða aðra þá, er í hlut eiga, fyrir dómara, fyrir vanrækt á að láta kenna slíku barni, og sannist það, að þeir hafi vanrækt skyldu þá, er 1. gr. leggur þeim á herðar, sæti þeir sektum hver um sig eptir atvikum frá 1—25 kr.
4. Við 4. gr. fyrri lið bætist: „Eigi skal sýslunefnd fleiri prófdómendur til kveðja en þrjá“.
5. Fyrir 4. gr. annan lið, komi: „Prófdómanda þeim, er sýslunefnd kýs, bera dagpeningar úr sýslusjóði 2 kr. á dag, hvern dag, sem hann er að heiman í prófdómanda erindum“.

Nd. **391. Breytingartillaga**

við breytingartillögu nefndarinnar (357) við frv. til laga um lögreglusamþykktir. — Frá landshöfðingja.

Fyrir orðin: »Geti hún eigi — — í það sinn« komi: »Þær breytingar, sem bæjarstjórnin fellst ekki á, má eigi setja í samþykktina«.

Nd. **392. Breytingartillögur**

við frv. til farmannalaga. — Frá Þorsteini Jónssyni.

Við I. — 5. gr. fyrir: „hjer í landi“ komi: hjer við land.
— I. — 10. — — „hjer á landi“ komi: hjer við land.
— I. — 11. — — „bækur“ komi: bætur.
— I. — 12. — — „Aðalstefna eptir leiðarsteini“ komi: Aðalstefna eptir áttavita.

Ed. **393. Frumvarp**

til laga um lögreglusamþykktir fyrir kaupstaðina. — Eptir 3. umr. í Nd.

1. gr. Í kaupstöðum landsins má gjöra lögreglusamþykktir.

2. gr. Í lögreglusamþykktinni skal kveða á um það, sem þykir þurfa að skipa fyrir um, eptir því, sem hagar til á hverjum stað.

a. um reglu og velsæmi á strætum, vegum og svæðum, er almenningur fer um; um allt, sem að því lýtur, að gjöra alla umferð greiða og afstýra farartálma og öllu því, sem hættu getur valdið; um friðun og vernd á almannagripum og eignum; um reglu

á veitingahúsum og skemmtistöðum, er almenningur sækir, svo og um almennar skemmtanir, svo sem leiki.

b. um almennt hreinlæti, og takmarkanir á notkun opinna eða lokaðra svæða við stundun ýmsra atvinnuvega, t. a. m. fiskiverkunar, lifrarbræðslu og slátrunar, er heilbrigðis vegna eða af öðrum ástæðum mega teljast nauðsynlegar eða haganlegar o. fl.

c. um skipun lögregluliðs, er heldur uppi reglu, þá er eldsvoða eða önnur óvanaleg atvik ber að höndum, sem annaðhvort er sjerstaklega leigt til þessa eptir ákvæðum bæjarstjórnarinnar eða á annan hátt.

d. um allt eptirlit, sem lýtur að því, að fyrirbyggja brunahættu og eldsvoða, þar sem eigi þegar eru sett lög og samþykktir um slíkt efni.

3. gr. Hlutaðeigandi bæjarstjórn býr til frumvarp til samþykktarinnar, og skulu vera í henni reglur um, hvernig greiða skuli útgjöld þau til lögreglunnar, er hin ýmsu ákvæði hafa í för með sjer, er gjörð eru. Frumvarpið skal senda amtmanni, og gjörir hann við það þær athugasemdir, er honum þykir við þurfa og sendir það síðan landshöfðingja, er því næst gefur út samþykktina. Nú gjörir amtmaður eða landshöfðingi breytingar við frumvarpið, og skal þá leggja þær fyrir bæjarstjórnina til álita. Þær breytingar, sem bæjarstjórnin fellst ekki á, má eigi setja í samþykktina. Samþykktin skal prentuð á kostnað bæjarins og birt almenningi með því að prentast í B.-deild stjórnartíðindanna. Breytingar á samþykktinni skal gjöra og birta á sama hátt, sem hina upprunalegu samþykkt.

4. gr. Samþykktin gildir að öllum jafnaði um allt lögsagnarumdæmi kaupstaðarins. Ef rjett þykir vera að skipa svo fyrir, að ákvæði samþykktarinnar skuli eigi gilda á hlutum af landi því, er heyrir undir lögsagnarumdæmið, annaðhvort að nokkru eða öllu leyti, skal þess getið í samþykktinni, svo sem nauðsynlegt er.

5. gr. Brot gegn samþykktunum varða sektum allt að 100 kr. Börn eldri en 10 ára og yngri en 15 ára skulu sæta vandarhöggum, ef þau hafa áður, eptir að þau voru orðin fullra 10 ára, gjört sig sek í þessum brotum, eða gjört eitthvað, sem ber vott um einstaka ónáttúru, þó eigi fleiri vandarhöggum en 15, og sje að öðru leyti farið eptir 30. grein í almennum hegningarlögum, eða sæta einföldu fangelsi allt að 8 dögum. Ef kenna má yfirsjón, er barn drýgir, skorti á hæfilegri umsjón foreldra eða annara, er barninu ganga í foreldra stað, þá skal refsa þeim fyrir yfirsjónina, en eigi barninu.

Ef einhver lætur það ógjört, sem er skylda hans, samkvæmt samþykktinni, má lögreglustjórinn láta gjöra þetta, eða gjöra nauðsynlegar ráðstafanir til þess að hindra, að vanrækslan valdi tjóni. Kostnaður við þetta og kostnaður, sem leiðir af þeim ráðstöfunum, er lögreglustjórinn gjörir til þess að hindra brot gegn því, sem bannað er í samþykktunum, greiðist af afbrotamanninum, eða, ef hann er eigi fær um það, af bæjarsjóði.

6. gr. Mál, er rísa út af brotum á samþykktunum, skal fara með sem almenn lögreglumál. Sektir allar fyrir brot á þeim renni í hlutaðeigandi bæjarsjóð.

Nd. **394. Viðaukatillögur**

við frv. til laga um borgun á láni til brúargjörðar á Skjálfandafljóti — Frá Jóni Jónssyni, þm. N.-Þ., Árna Jónssyni, Þorleifi Jónssyni, Jóni Jónssyni, þm. N.-Múlas., Þorvarði Kjerúlf og J. Jónassen.

Aptan við frumvarpið bætist:

1, 3. gr. Landssjóður er eigandi brúarinnar, og hefur landsstjórnin umsjón yfir henni.

2, 4. gr. Hjer með eru úr gildi numin lög 27. febr. 1880 um brúargjörð á Skjálfandafljóti.

Ed. **395. Frumvarp**

til laga um innheimtu og meðferð á kirknafje. — Eptir 3. umr. í Nd.

1. gr. Rjett er, að fjárhaldsmaður kirkju feli hlutaðeigandi sóknarnefnd, að heimta inn tekjur kirkju og koma þeim í peninga, gegn innheimtulaunum, 10 af hundraði.

Hin sömu innheimtulaun getur söfnuður, sem tekið hefur að sjer umsjón og fjárhald kirkju, veitt sóknarnefndinni.

2. gr. Gjöld til kirkju skal greiða í peningum eptir meðalverði allra meðalverða í verðlagsskrá, sem gildir í hverri kirkjusókn á gjalddaga. Ef gjaldanda brestur peninga, má hann greiða gjaldið í innskript hjá kaupmanni þeim, er innheimtumaður tekur gildan, eða þessum aurum: sauðfjenaði, hvítri ull, smjöri, fiski eða dún, eptir því verði, sem sett er á aura þessa í verðlagsskránni, enda sje það verð eigi hærra en gangverð á gjalddaga. Eindagi á kirkjugjöldum er 31. desbr.

3. gr. Frá næsta nýjári eptir að lög þessi öðlast gildi og koma til framkvæmdar, skal reikningsár kirkna vera frá 1. janúar til 31. desember. Skal semja reikninga kirkna sem fyrst eptir nýjár. Skal hlutaðeigandi prestur, eða, ef hann er fjehirðir kirkjunnar, hlutaðeigandi safnaðarfulltrúi fyrst rannsaka reikninginn og bera hann saman við hrepps- og kirkjubækur. Fyrir rannsókn þessa má greiða 2 kr. af tekjum kirkjunnar. Fyrir lok maímánaðar skulu kirkjureikningar með fullnægjandi fylgiskjölum vera komnir til hlutaðeigandi prófasts, er rannsakar þá og leggur fram á hjeraðsfundi. Nú álítur bæði hjeraðsprófastur og hjeraðsfundur reikning kirkju rjettan, er það þá fullnaðar-úrskurður, en greini prófast og hjeraðsfund á, leggur biskup á fullnaðar-úrskurð.

4. gr. Stofna skal almennan kirkjusjóð og skal hver kirkja hafa sína viðskiptabók við sjóðinn. Stiptsyfirvöld Íslands hafa umsjón yfir kirkjusjóði þessum og ábyrgð á honum. Fje kirkjusjóðs skal ávaxta eptir sömu reglum og landssjóðsfje. Forgangsrjett til lána úr sjóði þessum eiga kirkjur.

Auglýsa skal reikninga sjóðs þessa í Stjórnartíð., deildinni B, ár hvert.

5. gr. Allt það fje, sem kirkjur eiga afgangs útgjöldum, skal láta á vöxtu í hinum almenna kirkjusjóði og vextirnir árlega leggjast við höfuðstólinn. Heimilt er þó reikningshaldara, að halda eptir vaxtalaust 100 kr. af tekjum kirkju. Rjett er og að kirkjur greiði vexti af fje því, sem þær hafa að láni.

Þó falla niður þeir vextir, sem eigi geta greiðzt með helmingi þess, er hver kirkja hefur afgangs árlegum útgjöldum sínum.

Af sjóðum þeim, sem kirkjur eiga, þá er lög þessi öðlast gildi, skal sá, er sjóðinn hefur undir höndum, greiða í hinn almenna kirkjusjóð $^1/_{15}$ á ári, unz sjóðurinn er allur greiddur af hendi, enda þurfi hans eigi kirkjunni til aðgjörðar eða endurbyggingar á því tímabili. Sje kirkja afhent skal greiða sjóðinn allan af hendi.

6. gr. Þá er fjárhaldsmaður, er haft hefur kirkju til umsjónar og ábyrgðar og lánað henni fje, sleppir fjárhaldinu eða deyr, skal hann eða erfingjar hans eiga heimting á, að fá skuld þá borgaða af fje því, sem kirkjan hefur afgangs nauðsynlegum ársútgjöldum.

7. gr. Ákvæði laga þessara ná eigi til bændakirkna, er söfnuður hefur eigi tekið að sjer, nema hlutaðeigandi kirkjuráðendur veiti til þess samþykki sitt.

Nd. **396. Nefndarálit**

í málinu: frv. til laga um tollgreiðslu, svo sem það var samþykkt við 3. umr. í Ed.

Þar eð breytingar þær. sem Ed. hefur gjört við frumvarpið, eru lítið annað en orðabreytingar, verður nefndin að ráða hinni háttv. deild til að samþykkja frumvarpið eins og það nú er orðað.

Neðri deild alþingis 13. ágúst 1889.

Grímur Thomsen, form. Eiríkur Briem. Árni Jónsson. Jón Jónsson 1. þm. N.-M.

Ólafur Briem, skrifari. Þorlákur Guðmundsson. Þorvarður Kjerúlf.

Nd. **397. Breytingartillögur**

við frumvarp til laga um eignarrjett á sömdu máli. — Frá Páli Briem.

Við 17. gr. Fyrir: »gefið hana út« komi: gefið ræðu sína út.

Nd. **398. Breytingartillögur**

við frv. til farmannalaga. — Frá Páli Briem.

1. Við I. bálk 8. gr. Fyrir: »skal sækja sem lögreglumál« komi: skal sækja sem almenn lögreglumál.
2. — II. — 1. — Fyrir: »1. gr.« komi: 13. gr. og breytist greinatalan í bálkinum samkvæmt því.
3. — III. — 1. — Fyrir: »1. gr.« komi: 20. gr. og breytist greinatalan í bálkinum samkvæmt því.
4. — III. — 12. — Fyrir: »brotum gegn lögum þessum« komi: brotum gegn ákvæðum þessa lagabálks.
5. — IV. — 1. — Fyrir: »1. gr.« komi: 32. gr. og breytist greinatalan í bálkinum samkvæmt því.
6. — IV. — 2. — Fyrir: »velmegnun« komi: velvegnun.
7. — IV. — 5. — 9. tölul. Fyrir: »brennisteinsspýtur« komi: eldspýtur
8. — IV. — 32. — Orðin í fyrri hluta greinarinnar 2. málsgrein: »á spítala« falli burt.
9. — IV. — 35. — Orðin: »á spítala« falli burt.

Ed. **399. Frumvarp**

til laga um uppfræðing barna. — Eptir 2. umr. í Ed.

1. gr. Öllum börnum skal kennt, auk kristindóms og bóklesturs: skript, rjettritun og í reikningi að minnsta kosti samlagning, frádráttur, margföldun og deiling í heilum tölum og tugabrotum.

2. gr. Prestar skulu sjá um, að kennsla fari fram í námsgreinum þeim, sem nefndar eru í 1. gr. Komist þeir að raun um, að börn á einhverju heimili njóti eigi fullnægjandi uppfræðingar samkvæmt lögum þessum, annaðhvort fyrir hirðuleysi eða mótþróa foreldra eða húsbænda, ber þeim í sameiningu við hreppsnefnd eða bæjarstjórn að gjöra ráðstöfun til, að börnunum sje veitt betri tilsögn eptirleiðis, svo lengi sem þurfa þykir. Kostnað þann, sem af þessu leiðir, eru foreldrar eða fósturforeldrar skyldir að greiða, en borga má hann fyrirfram úr sveitarsjóði, og getur hreppsnefnd heimtað

hann endurgoldinn af þeim, er uppfóstursskyldan hvílir á. Kostnað þennan má taka lögtaki samkvæmt lögum 16. des. 1885. Fyrir börn, sem eru á sveit, skal borga kostnaðinn úr sveitarsjóði.

3. gr. Í hverju prestakalli skal árlega haldið próf að vorinu á þeim stað og tíma, sem prófdómandi af sýslunefndar hendi og presturinn til taka, og skulu öll börn, sem eru á fermingaraldri, prófuð í námsgreinum þeim, sem nefndar eru í 1. gr. Fái eitthvert barn ekki aðaleinkunnina *hæfur* í prófi þessu, verður það ekki fermt það ár. Næsta ár gengur barnið aptur undir próf, og nær enn ekki aðaleinkunninni *hæfur*, skal þá vankunnátta í skript, rjettritun og reikningi eigi standa barninu fyrir fermingu, ef það að öðru leyti fullnægir þeim ákvæðum, er gilda um barnafermingu. En kæra má prófdómandi sá, er sýslunefnd hefur kosið, hvort heldur prest eða aðra þá, er í hlut eiga, fyrir dómara, fyrir vanrækt á að láta kenna slíku barni, og sannist það, að þeir hafi vanrækt skyldu þá, er 1. gr. leggur þeim á herðar, sæti þeir sektum hver um sig eptir atvikum frá 1—25 kr.

4. gr. Presturinn heldur prófið, og skal það haldið í heyranda hljóði. Við hvert próf skulu vera tveir prófdómendur, annar kosinn af sýslunefnd eða bæjarstjórn, en hinn af hlutaðeigandi söknarnefndum; kosningin gildir til eins árs. Eigi skal sýslunefnd fleiri prófdómendur til kveðja en þrjá.

Prófdómanda þeim, er sýslunefnd kýs, bera dagpeningar úr sýslusjóði 2 kr. á dag, sem hann er að heiman í prófdómanda erindum.

Hverju barni skal gefa vitnisburð um kunnáttu þess í hverri námsgrein, og skulu vitnisburðirnir ritaðir í bók, er prófastur löggildir. Að loknu prófi ritar prestur og prófdómendur nöfn sín í prófbókina. Skýrslu um prófið skal prestur senda prófasti með öðrum ársskýrslum áleiðis til stiptsyfirvaldanna.

5. gr. Að lokinni fermingu skal prestur gefa hverju barni fermingarvottorð, og skal þar tilgreina einkunnir þær, er barnið hefur fengið við prófið, og auk þess álit prestsins um hegðun þess.

6. gr. Lög þessi öðlast gildi 1. jan. 1891, og frá sama tíma eru úr gildi numin lög 9. jan. 1880 um uppfræðing barna í skript og reikningi.

Nd. **400. Tillögur**

til þingsályktunar um skilyrði fyrir landssjóðsstyrk til barnakennslu. — Eptir eina umr. í Ed.

Alþingi ályktar, að skilyrðin fyrir styrkveitingu úr landssjóði til barnakennslu skuli vera þessi:

I. Til barnaskóla í sjóþorpum og verzlunarstöðum öðrum en kaupstöðum:

1. Að kennt sje auk kristindóms og lesturs: skript, reikningur, rjettritun, meginatriði landafræðinnar, einkum Íslands og helztu grundvallaratriði náttúrufræðinnar (svo sem um byggingu, líkama mannsins, lopt, hita og þyngd), samkvæmt reglugjörð, er stiptsyfirvöldin samþykkja.
2. Að skólinn standi ekki skemur en 6 mánuði, og að minnsta kosti 12 nemendur njóti þar tilsagnar alian skólatímann, og gangi undir árspróf í öllum þeim námsgreinum, sem skylt er að kenna samkvæmt reglugjörð skólans.
3. Að við lok hvers skólaárs sje haldið opinbert próf yfir börnum þeim, er kennslunnar hafa notið. Prófdómendur sjeu hlutaðeigandi sóknarprestur og

annar maður, er sýslunefnd kýs, og taki þeir til spurningarnar við prófið.

4. Að skólinn njóti jafnmikils styrks annarsstaðar frá og þess, er honum veitist úr landssjóði.
5. Styrkbeiðslum frá skólunum skal jafnan fylgja nákvæm skýrsla um árspróf skólans, svo og endurrit af síðasta ársreikningi um tekjur hans og gjöld.

II. Til sveitakennara:

1. Að hann sje ráðinn til þeirra starfa af hreppsnefnd eða sóknarnefnd, og hagi störfum sínum eptir samkomulagi við nefndina.
2. Að hann kenni auk kristindóms og lesturs: skript, reikning og rjettritun.
3. Umsóknarbrjefum um styrk til sveitakennara skal jafnan fylgja nákvæm skýrsla um kennsluna (tölu nemanda, hvað hverjum þeirra hafi verið kennt, og hve lengi hver þeirra hafi notið kennslunnar), svo og vottorð hlutaðeigandi prests um framfarir nemendanna, og enn fremur meðmæli hlutaðeigandi sýslunefndar.

Ed. **401. Breytingartillögur**

við tillögur yfirskoðunarmanna við landsreikningana 1886 og 1887.—Frá Á. Thorsteinsson.

1, Stafliður 2. falli burt.
2, —— 3. — —

Ed. **402. Frumvarp**

til laga um bann gegn innflutningi á útlendu kvikfje og um afnám laga 17. marz 1882 um sama efni. — Eptir 2. umr. í Ed.

1. gr. Það skal öllum bannað að flytja hingað til landsins frá útlöndum sauðfjenað, nautgripi eða hesta. Þó má landshöfðingi veita undanþágu frá banni þessu, og leyfa innflutning til Reykjavíkur með þeim skilyrðum, að lögreglustjóra þar sje sýnt vottorð hlutaðeiganda yfirvalds eða verzlunarfulltrúa Danaveldis á útflutningsstaðnum um það, að skepnan sje heilbrigð, að því er sjeð verður, þá útflutt er, og að hún komi eigi frá sýktum stað; að lögreglustjóri og hjeraðslæknir skoði hana ásamt tveimur tilkvöddum kunnugum mönnum, áður en hún er flutt í land, og að henni sje þegar lógað, ef hún er sýkt, en ef skepnan er heilbrigð, skal henni haldið sjer undir tilsjón lögreglustjóra í 8 vikur að minnsta kosti, en tafarlaust lógað, ef hún á þeim tíma sýkist.

Fyrir skoðunina greiðir sá, sem inn flytur, lögreglustjóra, lækni og skoðunarmönnum, 3 kr. hverjum, og allan þann kostnað, sem leiðir af gæzlu skepnunnar, sem innflutt er.

2. gr. Brot gegn lögum þessum varðar sektum, ekki lægri en 100 kr. fyrir skipstjóra þann, er fjenaðinn flutti inn, og jafnháum fyrir þann, er fjenaðurinn er fluttur til, og skal fjenaðurinn gjörður upptækur og drepinn að tilhlutun lögregulstjórnarinnar. Sektirnar renna í landssjóð.

Með mál út af brotum gegn lögum þessum skal farið sem opinber lögreglumál.

3. gr. Með lögum þessum er úr gildi numin lög 17. marz 1882, um bann gegn innflutningi á útlendu kvikfje.

Ed. **403. Viðaukatillögur**

við frv. til fjáraukalaga 1888 og 1889. — Frá Arnljóti Ólafssyni og Jakobi Guðmundssyni.

Aptan við 4. gr. bætist:

a, prestinum í Laufásprestakalli veitist uppgjöf á 400 kr. árgjaldi af tjeðu brauði, árin $18^{83}/_{84}$—$18^{87}/_{88}$, samtals 2000 kr.

b, sem uppbót til prests þess, er þjónað hefur Gufudalsprestakalli frá fardögum 1884 til fardaga 1889, samtals 1000 kr.

Ed. **404. Nefndarálit**

í málinu: Frv. til laga um meðgjöf með óskilgetnum börnum o. fl.

Nefndin hefur að nýju athugað breyting þá, er h. Nd. gjört hefur á 3. gr. frv., og hlýtur hún að lýsa yfir því áliti sínu, að hún getur engan veginn fallizt á það atkvæði greinarinnar, að móðurinni eður vistarsveit hennar skuli vera heimilt að krefja vistarsveit föðurins um alla meðgjöfina, hvort sem móðirin þarfnast lítils eður meira af henni til framfærslu barnsins. Nefndin verður að álíta, að hjer sje hlaupið langt skeið út fyrir þá frumreglu framfærslulaga vorra, að sveitarstyrkur skuli jafnan vera nauðsynlegur eður aldrei meiri en þurfalingurinn sannarlega þarfnast. Á þennan hátt hljóta og hreppsþyngslin að vaxa tilfinnanlega og jafnframt að drýgjast tala lausaleiksbarna. Fyrir því leyfir nefndin sjer að ráða h. Ed. til að fallast á svo lagaða breyting á 3. gr. frv., sem bæði er samkvæm höfuðreglu ómagalaganna, og þó svo nærri orðum og ákvæðum frv. sem auðið er.

Sighvatur Árnason, formaður. Arnljótur Ólafsson, framsögum. Jakob Guðmundsson.

BREYTINGARTILLAGA. — Frá nefndinni.

Við 3. gr. Í staðinn fyrir: »að meðgjöf föðurins . . . . . til að ná fúlgunni», komi: að svo mikið sem hún þarfnast af meðgjöf föðurins, verði henni greitt af vistarsveit hans, en þó aldrei meira en síðasta ársmeðgjöf hvert sinn. Hvorki skal meðgjafargreiðsla þessi, nje heldur sá hluti af barnsfúlgu föðurins, er móðirin fá kynni sem stundarstyrk hjá dvalarsveit sinni, talinn sveitarstyrkur veittur móðurinni heldur föðurnum. Nú hefur vistarsveit föðurins greitt barnsfúlgu hans að nokkru eður öllu, og gjört síðan árangurslaust tilraun til að ná fúlgu þeirri, er hún goldið hefur.

Nd. **405. Tillaga**

til þingsályktunar um fátækramálefni. — Flutningsmaður: Þórarinn Böðvarsson.

Alþingi ályktar, að skora á landsstjórnina, að skipa þriggja manna nefnd til að endurskoða reglugjörð 8. jan. 1834 og önnur lög og tilskipanir, er snerta stjórn fátækramálefna, og semja frumvarp til laga um allt, er lýtur að stjórn fátækramálefna, er lagt verði fyrir alþingi 1891.

Nd. **406. Breytingartillögur**

við frv. til laga um löggilding verzlunarstaðar við Hólmavík í Steingrímsfirði (384), að Múlahöfn við Hjeraðsflóa (385), að Arngerðareyri við Ísafjarðardjúp (386), að Stapa í

Snæfellsnessýslu (387) og á Búðareyri við Reyðarfjörð (388). — Frá Þorvarði Kjerúlf.

Á þingskjali 384. 1. Önnur gr. frumv. falli burt. 2. Greinatalan falli burt.
— —— 385. 1. Önnur gr. frumv. falli burt. 2. Greinatalan falli burt.
— —— 386. 1. Önnur gr. frumv. falli burt. 2. Greinatalan falli burt.
— —— 387. 1. Önnur gr. frumv. falli burt. 2. Greinatalan falli burt.
— —— 388. Þriðja gr. frumv. falli burt.

Ed. **407. Frumvarp**

til laga um samþykktir um silungsveiði í ám og vötnum. — Eptir 3. umr. í Nd.

Þegar meiri hluti eigenda að silungsveiði í ám og vötnum vill fá reglur settar um friðun á silungi í þeim, er heimilt þeim, er friðunina vilja fram hafa, að leggja málið fyrir hlutaðeigandi sýslunefnd. Skal sýslunefnd þá kynna sjer, hvernig veiði þessari er háttað, og telji hún einskis rjetti hallað, skal hún semja reglur um veiðitíma, veiðarfæri og um friðun silungsins, og eru allir hlutaðeigendur skyldir því að hlýta. Þessar reglugjörðir sýslunefndar skal amtmaður staðfesta, og gilda að öðru leyti um þær ákvæði þau, sem sett eru um reglugjörðir sýslunefnda í lögum 19. febr. 1886 um friðun á laxi.

Ed. **408. Frumvarp**

til laga um breyting á lögum um sveitarstyrk og fúlgu. — Eptir 3. umr. í Nd.

1. gr. Nú vill maður flytja af landi burt, en hefur vandamenn, sem eigi eru sjálfbjarga og honum ber fram að færa að lögum, og skal hann þá, áður en hann byrjar ferð sína, ef sveitarstjórnin í framfærsluhreppi þeirra heimtar, skyldur að setja viðunanlega trygging fyrir því, að vandamenn hans, er eptir verða, verði eigi sveitarfjelaginu til þyngsla, að minnsta kosti um næstu 3 ár, nema veikindi eða önnur ófyrirsjáanleg óhöpp valdi, enda banni sýslumaður eða bæjarfógeti utanförina, nema þessum skilyrðum sje fullnægt.

2. gr. Með lögum þessum er 7. gr. laga um sveitarstyrk og fúlgu úr gildi numin.

Ed. **409. Frumvarp**

til laga um að fá útmældar lóðir í kaupstöðum og á löggiltum kauptúnum o. fl. — Eptir 3. umr. í Nd.

1. gr. Ef maður vill fá óbyggða lóð sjer útmælda í kaupstað eða löggiltu kauptúni til þess að hefja þar verzlun, enda er honum heimilt að lögum að reka verzlun á Íslandi, skal hann, ef það er í löggiltu kauptúni, brjeflega beiðast útmælingar hjá lögreglustjóra, sem kveður með sjer 2 kunnuga og óvilhalla menn og tiltekur með þeim lóð þá, sem þörf er á til verzlunarinnar, en sje það í kaupstað, framkvæmir byggingarnefndin útmælinguna.

2. gr. Bæði þeir, sem eiga lóðina í löggiltu kauptúni eða stórar óbyggðar lóðir í kaupstöðum, og aðrir, er lögmæt rjettindi hafa eignazt yfir landinu eða lóðunum, eru skyldir að láta af hendi gegn hæfilegu endurgjaldi, er lögreglustjóri með hinum tilkvöddu mönnum eða í kaupstöðum byggingarnefndin ákveður, ef málsaðilar koma sjer eigi saman um endurgjaldið, svo mikla óbyggða lóð, sem

útmælendum þykir þörf á til hinnar fyrirhuguðu verzlunar, enda sje lóðin eigi nauðsynleg við rekstur verzlunar eða iðnaðar, sem þar er fyrir.

3. gr. Það skal með öllu bannað, að leggja þá kvöð á lóðir eða húseignir í löggiltum kauptúnum og í kaupstöðum, að ekki megi nota þær til verzlunar eða annarar tiltekinnar atvinnu.

4. gr. Þótt einstakir menn kunni að eiga höfn þá, sem löggilt kauptún er við, mega þeir ekki bægja neinum frá að leggja skipum sínum þar við akkeri, nje frá aðgangi að höfninni til þess að ferma eða afferma skip, að svo miklu leyti, sem það kemur ekki í bága við þeirra eigin bryggjuafnot, og ekki heldur getur landeigandi varnað hinu opinbera eða einstökum mönnum að gjöra hringa, landfestar eða önnur skipsfesta-áhöld fyrir skip þar á höfninni, þar sem svo til hagar, að þess konar áhöld eru nauðsynleg, þó má að eins gjöra það eptir tilvísun lögreglustjóra, er kveður með sjer 2 óvilhalla menn, sem kunnugir eru hafnarlegu, og eiga þeir jafnframt að ákveða það endurgjald, er landeiganda beri, ef hlutaðeigendur verða ekki á eitt sáttir um það mál.

Að öðru leyti skulu ákvæðin í opnu brjefi 28. des. 1836, 11. gr., í gildi vera, þó svo, að hver fastakaupmaður í kauptúninu eða kaupstaðnum eigi forgangsrjett að notkun þeirra skipsfesta, er hann á eður hefir eignarhald yfir, og aðlæginu við þessar festar sínar.

Nú notar einhver hringa, landfestar eða önnur skipsfestaráhöld, sem hann ekki á; ber honum þá tafarlaust að láta áhöldin laus við eiganda þeirra, þegar kaupskip þeirra koma að og þurfa á þeim að halda, að viðlögðum 20 kr. sektum fyrir hvern dag, er hann lætur farast fyrir að sleppa áhöldunum, og bæti hann að auki allt það tjón, er af því kann að leiða, að hann ljet þau ekki laus við eiganda þegar í stað.

Skip það, er þannig notar heimildarlaust festar annars manns, og farmur þess er að veði fyrir sektum og skaðabótum.

Sá, sem eigi rekur fasta verzlun á einhverju kauptúni, en á þar þó skipsfestar, á einnig forgangsrjett að notkun þeirra, nema svo sje, að allar festar á höfninni sjeu notaðar af verzlunarskipum eða fiskiskipum þeim, sem haldið er úti til fiskiveiða, þá er skip hans kemur til.

5. gr. Fyrir útmælingar eptir 1. og 4. gr. skal beiðandi auk ferðakostnaðar, greiða lögreglustjóra 3 kr. um daginn, og eins hverjum þeirra, er til voru kvaddir með honum.

6. gr. Lög þessi ná ekki til Reykjavíkurkaupstaðar.

Ed. **410. Breytingartillaga**

við frumvarp til stjórnarskipunarlaga um hin sjerstaklegu málefni Íslands.—Frá nefndinni.

Orðin í 3. gr. »með þeim takmörkunum sem settar eru í stjórnarská þessari« falli burt.

Nd. **411. Frumvarp**

til laga um eignarrjett á sömdu máli. — Eptir 2. umr. í Nd.

1. gr. Höfundur hver á eignarrjett á því, er hann hefur samið og eigi út gefið, þannig að enginn annar má án hans leyfis gefa það út á prenti eður margfalda það á annan því líkan hátt. Sama rjett öðlast sá, er við gjöf, arf, kaup eða annan löglegan hátt hefur fengið útgáfurjettinn.

2. gr. Hafi höfundur gefið út hjer á landi rit á íslenzku, þá má enginn annar en hann eða sá, sem þann rjett hefur öðlazt samkvæmt þessum lögum, gefa það út aptur. Nú gefur höfundur út hjer á landi rit á öðru máli en íslenzku, og á þá hver maður rjett á að gefa út þýðing á íslenzku af því, nema höfundur gefi út sjálfur slíka þýðing innan árs, enda hafi á titilblaði rits síns áskilið sjer slíkan rjett eða lýst því, að hann mundi neyta hans.

3. gr. Nú selur maður prentrjett að riti sínu, og nær þá eignarrjettur kaupanda til einnrar prentunar (útgáfu) að eins, nema berlega sje öðruvísi um samið. Enginn samningur eða gjörningur um kaup eða sölu á útgáfurjetti rits er gildur, nema skriflegur sje og við vitundarvotta gjör.

4. gr. Nú hefur höfundur birt ritgjörð í blaði, tímariti eður ritsafni, enda sje ritgjörðin eigi að vöxtum verulegasti hluti safnsins, og á þá kostnaðarmaður eður útgefandi eignarrjett á ritgjörðinni í 5 ár, nema öðruvísi sje um samið, nema blað það, tímarit eður ritsafn eður sá hluti þess, sem ritgjörðin er í, verði fyrr uppseldur eður ófáanlegur við upphaflegu verði hjá útgefanda. En þá hverfur eignarrjettur aptur til höfundar.

5. gr. Arfleiða má höfundur hvern, er hann vill, að eignarrjetti samins máls eður og selja eður gefa eignarrjettinn eptir sig látinn. Ef hann arfleiðir annan að eignarrjettinum eða gefur hann sem dánargjöf, þá skal rjetturinn eigi til verðs metinn gagnvart öðrum eptirlátnum eigum hans, nema hann hafi sjálfur svo til skilið.

6. gr. Nú deyr sá, er eignarrjett samins máls hefur öðlazt við arfleiðslu eða gjöf, áður en hann hefur hagnýtt hann eða notið hans að fullu, og fellur þá rjetturinn til erfingja höfundarins samkvæmt næstu grein hjer á eptir, nema öðruvísi sje berlega ákveðið í arfleiðsluskránni eða gjafabrjefi.

7. gr. Nú hefur höfundur eigi arfleitt neinn að eignarrjetti samins máls, nje gefið hann eptir sig látinn, nje heldur selt hann, og erfir þá rjettinn ekkja höfundar eða ekkill, ef á lífi er, en ella lífserfingjar; en sjeu þeir heldur engir til á lífi, þá rjettir erfingjar samkvæmt erfðalögunum. Nú hefur ekkja eða ekkill þannig erft eignarrjett eptir höfund, þá fellur þó sá rjettur að ekkju eða ekkil dánum aptur til lífserfingja eða erfingja höfundar.

8. gr. Eignarrjettur að sömdu máli, svo sem nú var greint, helzt lífstíð höfundar alla, og 50 ár eptir hann látinn. Nú er rit eða ritgjörð eptir höfund eigi gefin út fyr en að honum látnum og helzt þá eignarrjettur á ritinu í 50 ár frá því, er það kom út fyrsta sinn. Eptir þennan tíma er hverjum frjálst, er vill, að gefa út ritin. — Rit, sem út koma án nafns höfundar, njóta sömu verndar í 50 ár frá því þau koma út í fyrsta sinn. Nú gefur höfundur sjálfur nafn sitt til kynna, eður einhver annar nefnir hann, er til þess hefur umboð hans, annaðhvort á nýrri prentun (útgáfu) ritsins eður með auglýsingu, sem birt er á sama hátt, sem lögboðinn er eða verður fyrir auglýsingar, er almenning varðar, og fer þá um eignarrjett á ritinu eins og höfundur hefði nafngreint sig þegar í fyrstu, er ritið kom út.

9. gr. Nú hefur rit, sem áður kom út, eigi verið fáanlegt hjá kostnaðarmanni þess við frumverði í 5 ár, og má þá hver, sem vill, gefa það rit út á ný. Sama er um

einstök bindi rits. En ef eigandi útgáfurjettarins auglýsir á 6. ári á þann hátt, er ákveðið er, að almenning varðandi auglýsingar skuli birta, að hann ætli að gefa ritið út, og það kemur út innan árs frá birting auglýsingarinnar, enda hafi enginn annar gefið það út eptir að 5 árin voru liðin, og áður en auglýsingin var birt, þá heldur hann rjetti sínum óskerðum.

10. gr. Þýðingar af öðru máli á íslenzku njóta sama rjettar sem frumrit. En heimilt er að gefa út nýja, sjálfstæða þýðing á riti, þótt annar höfundur hafi áður þýtt hið sama rit.

Viðbætur, athugasemdir og skýringar við eldri rit skoðast sem frumrit, þannig að ef eignarrjettur að aðalritinu er undir lok liðinn, má þó enginn gefa það út með þessum skýringum, viðbótum eða athugasemdum, nema höfundur þeirra, meðan eignarrjettur helzt á þeim.

11. gr. Það er brot gegn lögum þessum að prenta upp rit, er annar á eignarrjett á, þótt á því sjeu gjörðar óverulegar eður þýðingarlausar breytingar, hvort heldur breytingarnar eru fólgnar í efni eða orðfæri.

12. gr. Heimilt er blöðum eða tímaritum að taka upp greinar úr blöðum eða öðrum tímaritum, án þess að varði við lög þessi, nema við þær greinir hafi prentað verið, að eptirprentun væri bönnuð; en tilgreina skal þá blað það eður tímarit, er greinin er úr tekin, ella varði við lög sem eptirprentun.

13. gr. Eigi er það saknæm eptirprentun að tilfæra orð eða setningar úr annars manns riti. Sama er um það, að heimilt er að taka einstök kvæði, ritgjörðir eður ritgjörðar-kafla upp í sýnisbækur af bókmenntum (*anthologíur* og *chrestomatíur*), alþýðlegar lesbækur eður önnur slík ritsöfn, eður sem sýnishorn í bókmenntasögur, ritdómlegar bækur eður ritgjörðir eður því um líkt, en aldrei má í sýnisbókum taka eptir einn höfund meira en nemi sjöttungi ritsafnsins eða sjöttungi bindis, ef ritsafnið er í fleiri bindum, án samþykkis þess eður þeirra, er rjettan hlut eiga að máli.

14. gr. Nú kemur rit út í fleiri bindum en einu, og skal þá það, sem á einu ári kemur út af því, skoðast sem eitt rit, að því er til ákvæða þessara laga kemur.

15. gr. Sá, sem hjer á landi selur rit, sem erlendis er út komið, og skerðir eignarrjett annars eptir lögum þessum, er sjálfur jafnsekur sem hefði hann látið prenta það hjer.

16. gr. Þá er brot gegn lögum þessum fullkomnað, er eitt eintak er fullprentað.

17. gr. Ræður á alþingi, í amtsráðum, sýslunefndum, hreppsnefndum, kjörþingum og hvers kyns samkomum um almenn mál, má hver prenta er vill, án þess að við þessi lög varði, nema höfundurinn hafi sjálfur gefið ræðu sína út á undan öðrum.

Lög, dóma, dómskjöl og önnur skjöl, er fyrir rjett hafa lögð verið eður þinglesin, eður hvers konar skjöl, er í embættisnafni eður almennri þjónustu hafa skráð verið, má hver prenta, er vill; dómskjöl í einka-málum þó að eins með samþykki annarshvors málsaðila.

18. gr. Brot gegn 12. gr. laga þessara varðar sektum frá 1—20 krónum, hvort heldur það er af ásetningi eður vangá orðið.

19. gr. Brot gegn öðrum ákvæðum laga þessara sæti 10 – 1000 kr. sektum. Bæta skal höfundi eður eiganda prentrjettar fullum bótum allt tjón, er af þessu leiðir fyrir hann eptir mati óvilhallra dómkvaddra manna; hafi ritið áður verið út gefið, skal meta bæturnar með hliðsjón af bóksöluverði því, er áður var á því og tölu þeirra eintaka, er líklegt má ætla að seld hafi verið. Eintök þau, er ólöglega eru prentuð og eigi eru seld, skulu upptæk vera og falla til þess, er útgáfurjettinn átti ef hann vill, nema rjetti þriðja

manns verði með því hallað, ella skal þeim fyrirfarið. En eigi skal tillit taka til þess, þá er bætur eru ákveðnar, þó að eigandi útgáfurjettar fái eintök þessi sjer afhent.

20. gr. Eptir að lög þessi koma í gildi skal eptir ákvæðum þeirra fara eins um eignarrjett á sömdu máli því, er eldra er en þau eður áður útgefið. Með þessum lögum eru úr gildi numdar allar eldri lagaákvarðanir um eignarrjett á sömdu máli. Lög þessi öðlast gildi 1. jan. 1890.

Ed. **412. Breytingartillögur**

við frumv. til laga um uppfræðing barna. — Frá Sighvati Árnasyni, J. Havsteen og F. S. Stefánssyni.

1. Við 3. gr. Í staðinn fyrir: »fyrir dómara« komi: fyrir hlutaðeigandi yfirvaldi.
2. Aptan við sömu gr. bætist: Sektirnar renni í landssjóð.

Ed. **413. Frumvarp**

til laga um löggilding verzlunarstaðar að Stapa í Snæfellsnessýslu. -- Eptir eina umr. í Nd.

Að Stapa í Snæfellsnessýslu skal vera löggiltur verzlunarstaður.

Ed. **414. Frumvarp**

til laga um löggilding verzlunarstaðar að Arngerðareyri við Ísafjarðardjúp.—Eptir eina umr. í Nd.

Að Arngerðareyri við Ísafjarðardjúp skal vera löggiltur verzlunarstaður.

Ed. **415. Frumvarp**

til laga um löggilding verzlunarstaðar við Hólmavík í Steingrímsfirði. – Eptir eina umr. í Nd.

Við Hólmavík hjá Skeljavík í Steingrímsfirði skal vera löggiltur verzlunarstaður.

Ed. **416. Frumvarp**

til laga um löggilding verzlunarstaðar að Múlahöfn við Hjeraðsflóa — Eptir eina umr. í Nd.

Að Múlahöfn við Hjeraðsflóa skal vera löggiltur verzlunarstaður.

Nd. **417. Frumvarp**

til laga um sölu nokkurra þjóðjarða. — Eptir 3. umr. í Ed.

1. gr. Ráðgjafanum fyrir Ísland veitist heimild til, að selja ábúendunum eptirfylgjandi þjóðjarðir fyrir það andvirði, er að minnsta kosti nemi þeirri upphæð, sem greind er við hverja þeirra:

1. Á í Kleifahreppi . . . . . 850 kr.
2. Feigsdal í Dalahreppi . . . . . 1700 —

2. gr. Um sölu þessa skal farið eptir ákvæðum þeim, sem gjörð eru í 2. og 3. gr. í lögum nr. 26, 8. nóv. 1883.

3. gr. Heimild sú, sem veitt er til sölu þessarar, gildir að eins til 31. des. 1894.

Nd. **418. Frumvarp**

til laga um hundaskatt og fleira. — Eptir 3. umr. í Ed.

1. gr. Hver heimilisráðandi skal á hreppaskilaþingi því, er hann á sókn að, vor hvert, telja fram fyrir hreppstjóra eða bæjarfógeta alla heimilishunda sína, er eldri eru en fjögra mánaða í fardögum og skal það framtal rita í sveitarbókina. En á haust-hreppaskilum skal telja frá þá hunda, sem farizt hafa um sumarið.

2. gr. Ef einhver vanrækir að telja fram hunda, eða telur þá rangt fram, eða framtal hans þykir tortryggilegt, gilda um það sömu ákvæði, sem um framtal á tíundbæru lausafje eptir 5., 6. og 7. gr. í lögum 12. júlí 1878 um lausafjártíund.

3. gr. Hreppstjóri skal senda sýslumanni skýrslu um framtal hunda jafnframt öðrum framtalsskýrslum.

4. gr. Hver sá heimilisráðandi, er býr á meiru en einu hundraði úr jörðu, skal greiða af hverjum heimilishundi sínum, sem eldri er en fjögra mánaða, 2 kr. ár hvert, en aðrir gjaldi 10 kr. Hver heimilisráðandi ábyrgist greiðslu skattsins af þeim hundum, sem hann hefur framtalið, en rjett hefur hann til, að fá skattinn borgaðan hjá lausamönnum, húsmönnum eða öðrum mönnum í sjálfstæðri stöðu af þeim hundum, sem þeir eiga á heimili hans. Sýslumenn og bæjarfógetar skulu innheimta skattinn á manntalsþingum ár hvert, í fyrsta skipti á manntalsþingum 1891. Í kaupstöðum rennur skatturinn í bæjarsjóð, en annarstaðar í sveitarsjóð, þó svo, að sýslumaður tekur af skattinum sýslusjóðsgjald hreppanna, að því leyti, sem hann til hrekkur, en verði afgangur, skilar sýslumaður oddvitunum honum í peningum.

5. gr. Skyldur er hver sá, sem lætur slátra skepnu, er sullir finnast í, að grafa þegar í stað slátur það, sem sullmengað er, að meðtöldum hausum af höfuðsóttarkindum, svo djúpt í jörð niður, að hundar geti eigi náð því, eða að brenna það. Brot gegn ákvæði þessu varðar allt að 10 kr. sekt, og fær sá annan helming sektarinnar, er uppljóstar, en bæjar- eða sveitarsjóður hinn.

6. gr. Heimilt er sýslunefnd og bæjarstjórn með samráði við hlutaðeigandi hjeraðslækni að semja reglur um lækning á hundum af bandormum, meðferð á sullum úr sauðfje, og gjöra aðrar ráðstafanir, sem henni þurfa þykir, til varnar gegn sullaveikinni, og liggja við sektir frá 1 kr. til 10 kr., ef út af þeim ráðstöfunum er brugðið. Af sýslusjóði og bæjarsjóði má taka fje til framkvæmdar slíkum ráðstöfunum.

7. gr. Með mál, sem rísa út af brotum á móti lögum þessum, skal fara sem almenn lögreglumál.

8. gr. Með lögum þessum er úr gildi numin tilskipun um hundahald á Íslandi 25. júní 1869.

Ed. **419. Nefndarálit**

í málinu: Frv. til laga um lögreglusamþykktir fyrir kaupstaðina.

Þótt nefnd sú, sem hin háttvirta efri deild hefur kosið til þess að segja álit sitt um frv. til laga um lögreglusamþykktir fyrir kaupstaðina, verði að álíta, að þau ákvæði í 3. gr. frumvarpsins, sem breytt hefur verið í hinni háttvirtu neðri deild, sjeu fremur í samkvæmni við þær grundvallarreglur, sem gilda um fyrirkomulag á lögreglumálum, en fyrirmæli neðri deildar, vill nefndin samt leyfa sjer að leggja það til, að frumvarpið verði samþykkt eins og það liggur fyrir, þar sem það engan veginn er óaðgengilegt og hefur inni að halda mikla rjettarbót, sem mjög er þráð eptir í kaupstöðum landsins, að því nefndinni er kunnugt.

Alþingi 14. ágúst 1889.

Árni Thorsteinsson, formaður. E. Th. Jónassen. J. Havsteen, skrifari og framsögum.

Ed. **420. Viðaukatillaga**

við frv. til laga um uppfræðing barna. — Frá Jakobi Guðmundssyni, Sighv. Árnasyni og Jóni Ólafssyni.

Aptan við 3. gr. bætist: »sektirnar renni í sveitarsjóð. Mál út af þessu efni skulu rekin sem opinber lögreglumál».

Nd. **421. Breytingartillaga**

við frv. til laga um skyldu embættismanna til að safna sjer ellistyrk eða útvega sjer lífeyri eptir 70 ára aldur. — Frá nefndinni.

Við 5. gr. Á eptir orðunum: »safnað sjer ellistyrk», bætist inn í: »fer frá embætti eða».

Ed. **422. Nefndarálit**

um frumvarp til fjárlaga 1890 og 1891.

Nefnd sú, er hin háttvirta efri deild kaus til að segja álit sitt um fjárlagafrumvarpið, hefur rætt málið á fjórum fundum, og verður hún að láta uppi það álit sitt, að frá frumvarpinu sje yfir höfuð að tala venju fremur vel gengið frá hinni háttvirtu neðri deild í ár, og hefur nefndin því orðið að fallast á aðalstefnu þá, sem sú deild hefur haft, og hefur það verið viðleitni vor að víkja eigi frá henni. Þó að vjer því í fáeinum atriðum ráðum til nokkurra breytinga á frumvarpinu, þá er það að von vorri ekki í neinni ósamkvæmni við aðalstefnu neðri deildar.

Vjer höfum lagt til að fara enn sparara í nokkrar fjárveitingar, en í frumvarpinu var gjört; fáeinar ráðum vjer til að fella alveg niður, þar sem notin annaðhvort þóttu mjög tvísýn, eða ástæður virtust mæla með að fresta frekari fjárveitingum að sinni. Alls nemur það, er vjer þannig ráðum til að spara . . . . . 13,130 kr.

Aptur höfum vjer ráðið til 4 nýrra fjárveitinga, er oss þótti sýnt, að gott gagn mundi að verða, alls . . . . . 2,800 —

Verður þannig eptir tillögum vorum sparað *Netto* . . . . . 10,330 kr.

um fjárhagstímabilið.

Að svo mæltu skulum vjer fara nokkrum orðum um sumar þær breytingar, er

vjer leggjum til að gjöra við frumvarpið, en um sumar þykir oss óþarfi að tala fyrri en undir umræðum málsins.

Við búnaðarskólastyrkinn þykir oss það athugandi, að vjer sjáum enga ástæðu til að styrkja Ólafsdals-skólann með þeim fáu lærisveinum, sem hann sækja, hærra en Eyðaskólann og hinn fyrirhugaða Hvanneyrarskóla; skóli þessi er einstaks manns eign og er að flestra dómi, er til þekkja, svo óheppilega settur að jarðnæði til, sem framast má vera. Og þó að forstöðumanninum, hve nýtur maður, sem hann annars er, sje ekki lagið að sníða gjöld sín eptir tekjum sínum, svo að heima vilji standa, þá getur eigi landssjóði borið nein skylda til að sníða tillag sitt eptir efnahag og ástæðum forstöðumannsins, fremur en eptir árangri og gagni kennslunnar. — En engu fremur er sýn ástæða til hins mikla fjár-íburðar í Hólaskólann fram yfir hina skólana, og það því síður, sem hann hefur ríflegar tekjur úr annari átt.

Að því er búnaðarfjelögin snertir, þykir oss, sem upphæðin sje í sjálfu sjer hæfileg að því einu frá skildu, að oss þykir óþarflega miklu fje varið til styrktar búnaðarfjelagi Suðuramtsins í samanburði við það gagn, er af þeirri fjárveiting virðist leiða munu að sumu leyti. Leggjum vjer því til, að 400 kr. af því fje sje varið til eflingar garðyrkju, og þykir oss sýnt, að vissara og áreiðanlegra gagn muni af því leiða, ef ráða má að reynslunni til þessa, og er það tilætlun vor, að búnaðarfjelagi Suðuramtsins yrði veittur þeim mun minni styrkur til ferða-búfræðinga, og verður þá jafn mikið fje fyrir hendi eptir sem áður til annara fjelaga.

Þeim 9000 kr., sem frv. fer fram á «til aukinna strandferða» og 3000 kr. til gufubátsferða á Vestfjörðum, viljum vjer ráða til að slengja saman í eina upphæð, 12000 kr., sem lögð sje undir umráð landshöfðingja til að styrkja strandferðir hjer við land. Oss þykir sýnt, að standi þær 9000 kr. eins og í frumvarpinu, þá muni þær lenda til hins sameinaða gufuskipafjelags allar, án þess vjer getum treyst því, að nokkur veruleg trygging verði fyrir því, að í staðinn komi aukin gagnsemd ferða að sama skapi. Og Ísfirðingar hafa nú um mörg ár fengið fje veitt til gufubátsferða, en aldrei notað það að neinu, og enn þykja engin líkindi til, að fyrirætlun þeirra sje komin framkvæmdum nær, heldur en viðburðir manna í líka stefnu annarsstaðar. Hins vegar biðja þeir um miklu meira fje (í bænarskrá sinni til þingsins í ár). Tryggilegast þykir oss, að landshöfðingi ráði veitingu fjár þessa; hann er miklu kunnugri en stjórnin í Kaupmannahöfn, og öll ástæða til að ætla, að fjárveiting hans því mundi að meiri notum koma. Skyldu nú t. d. Ísfirðingar verða á undan öðrum til að koma á hjá sjer gufuskipsferðum, þá þykir oss engin ástæða til að binda svo fast um hnúta, að þeir geti með engu móti fengið meira en 3000 kr., og sama er að segja um hverja aðra, er fyrstir kynnu að verða til þeirra framkvæmda, er líklegar þættu til sýnilegra gagnsmuna. Verði eigi annars kostur, þá er heldur engri loku fyrir skotið, að hið sameinaða gufuskipafjelag geti fengið meira eða minna af þessum 12000 kr., annaðhvort fyrra árið eða bæði, ef svo rjeðist.

Þótt smátt sje á að minnast, þá þykir oss óþarfi og naumast tilhlýðilegt í samanburði við samskonar veiting til læknaskólans, að hækka aptur bókakaupafje prestaskólans; þykir oss undarlegt, ef þeim mun meira fje þarf til bókakaupa prestaskólans, að til þess þurfi jafnmikið, sem læknaskólanum er ætlað bæði til bókakaupa *og áhalda*.

Tveggja stunda vinnu á útlánsstofu landsbókasafnsins, verðum vjer að ætla vel borgaða með 400 kr., en bókaskrársamning ætlum vjer vera verk, sem sjálfsagt hvíli á bókaverðinum sem embættisskylda. Ráðum vjer því til að veita að eins 400 kr. til þessarar aðstoðar.

Tillögu fjármálanefndar neðri deildar um styrk til «Sjálfsfræðarans» höfum vjer tekið upp. Oss þykir það sýnt, að þessi litla upphæð geti gjört og muni óefað gjöra

meira og almennara gagn til menntunar alþýðu, heldur en tíföld upphæð af því fje, sem til skóla er veitt. Þegar þess er gætt, hve lítill styrkurinn er, og að verð það, sem rit þessi eru nú seld fyrir, er afarlágt (hver bók, $4^1/_3$ til $4^7/_8$ arkar á stærð, er seld innbundin á 65 au.), að meiri leturmergð er á örk hverri af þessum ritum, heldur en á «Andvara» (hann er gefinn út af Þjóðvinafjelaginu, sem landssjóður styrkir) og að hver örk í honum óbundnum kostar þó 15 au., og að miklu verður til mynda að kosta á Sjálfsfræðaranum, þá þykir oss eigi hæfilegt að binda styrkinn við lægra verð en nú er á honum.

Loks höfum vjer lagt til, að cand. phil. Gesti Pálssyni verði veittur 600 kr. styrkur hvort árið til samningar tveggja skáldrita. Það ber öllum saman um, að þessi maður hafi afbragðs- gáfu í þessa stefnu, og oss dylst eigi, hverja þýðingu skáldskapur, sem tekur efni sín úr nútíðar-lífinu, getur haft fyrir menning og sjálfsþekking þjóðararinnar. Oss þykir líklegt, að fjárveiting þessi geti borið árangur til gagns og sóma fyrir þjóð vora.

Þau önnur einstöku atriði í tillögum vorum, sem hjer hefur eigi verið ávikið, munu gjörð að umtalsefni við framsögu málsins, enda munu ástæðurnar fyrir sumum þeirra nokkurnveginn auðsæjar, og sumar hafa þegar verið fram teknar við umræður í neðri deild.

Alþingi, 15. ágúst 1889.

Árni Thorsteinsson, formaður. Arnljótur Ólafsson. Jón Ólafsson, skrifari, framsögum. Sighvatur Árnason.

L. E. Sveinbjörnsson.

Ed. **423. Breytingartillögur**

við frumvarp til fjárlaga fyrir árin 1890 og 1891. — (Frá fjárlaganefnd efri deildar).

1. Við 4. gr. Síðasta málsgrein (um frest á afborgun á hallærisláni Húnavatnssýslu) falli burt.
2. — 10. gr. C, 4, a 1. Fyrir: »2,500» (innanstryks) komi: »2,000».
3. — — — — — — 2. — »3,500» komi: »2,000».
4. — — — — — a. Á eptir tölul. 4. bætist við: »með því skilyrði, að skilmerkilegir reikningar skólanna verði árlega birtir í Stjórnartíðindunum».
5. — — — — — b. Tölul. orðist svo:
   Til búnaðarfjelaga og fleira hvort árið . . . . 8,240 kr.
   Þar af styrkur til Herm. Jónassonar til að gefa út búnaðarrit, 20 kr. fyrir örkina, allt að 240 kr.; og til eflingar garðyrkju (landlækn. Schierbeck til aðstoðarmanns), allt að 400 kr. Að öðru leyti úthlutar landshöfðingi styrknum til búnaðarfjelaga eptir tillögum sýslunefnda og amtsráða.
6. — — — — — c. falli burt.
7. — — — — — d. sömuleiðis.
8. — — — — 4. Samleggingin í dálkunum breytist samkvæmt undangengnu.
9. — — — — 5, d. falli burt.
10. — — — — 6. Í stað töluliðanna b og c komi:
    b. til umráða landshöfðingja til að styrkja auknar strandferðir (hvort árið) . . . . . 12,000 —
11. — — — — 10. tölul. falli niður.

12. — 11. gr. 3. a. Fyrir »1,200 kr.» (hvort árið) komi: »1,300 kr.» (hvort árið). Og aptan við bætist:
»Þar af til umbúða og annars kostnaðar við ókeypis klinik 200 kr.» (hvort árið).
13. — 13. gr. A, b, 4. tölul. falli burt.
14. — — — B, I, b, 1. Töluliðurinn orðist svo:
»húsaleigustyrkur handa 12 lærisveinum, 80 kr.
handa hverjum . . . . . 960kr.—960kr.».
15. — — — — — — 4. Fyrir: »300—300» (innanstryks) komi: »200—200».
16. — — — — II, b 7. tölul. falli burt.
17. — — — — V, a 2. fyrir: »1,000» (innanstryks) komi: »700».
18. — — — — — — 3. — »1,000» — — »700».
19. — — — — — b, 2. Athugasemdin falli burt.
20. — — — — — c. Tölul. verði »C 1.», og aptan við hann bætist nýr liður:
21. — — — — — c 2: »Til áhaldakaupa við heimavist eitt skipti 200 kr.» (fyrra árið).
22. — — — — — e: »1,800 kr.» síðara árið (utanstryks) falli burt.
23. — — — C 1 b. Fyrir: »700 — 700» komi: »400 — 400».
24. — — — — 6. Aptan við bætist: »út borgist því að eins, að Árbók fjelagsins komi út, hvort árið».
25. — — — — 7. Fyrir: »400 kr.—400 kr.» komi: »500 kr. — 300 kr.».
26. — — — — 8. Tölul. falli burt.
27. — — — —. Á eptir tölul. 11. bætist við:
(nýr liður): »12. til útgáfu »Sjálfsfræðarans» 20 kr. fyrir örkina, allt að 600 kr. hvort árið . . . . 600 — 600».
28. (nýr liður): »13. Til cand. phil. Gests Pálssonar til að gefa út skáldsögu og leikrit, 600 kr. hvort árið. Síðari helmingurinn útborgist þá, er ritin eru út komin . . 600 — 600».

Ed. **424. Breytingartillögur**

við frv. til stjórnarskipunarlaga um hin sjerstaklegu málefni Íslands. — Frá Jakob Guðmundssyni og Jóni Ólafssyni.

Við 3. gr. 1. málsgrein orðist svo: Konungur hefur ásamt alþingi hið æðsta löggjafarvald í hinum sjerstöku málefnum landsins.

Við 6. gr. Hún orðist svo:

6. gr. *a.* Konungur hefur hið æðsta framkvæmdarvald í hinum sjerstöku málefnum landsins. Í öðrum málefnum en þeim, sem um ræðir í 3. gr., 6 gr. *b*, 7. gr., 17. gr. og 71. gr., framkvæmir hann þetta vald í landsráðinu (8. gr.).

b. Konungur skipar jarl, sem hefur aðsetur sitt í landinu, og víkur honum frá völdum, og getur konungur falið honum að framkvæma í nafni sínu og umboði hið æðsta vald í hinum sjerstöku málefnum landsins. Jarlinn vinnur eið að stjórnarskránni. Laun hans skal með lögum ákveða.

Við 8. gr., 2. málsgr. orðist svo: Konungur ásamt jarli og ráðgjöfum eru landsráð, og er konungur forseti þess.

Nd. **425. Frumvarp**

til farmannalaga. — Eptir 2. umr. í Nd.

I.

Dagbókar-bálkur.

1. gr. Nú er hjerlent skip í förum landa á milli og skal skipstjóri þá jafnan hafa leiðarbók á skipinu og skal henni svo hagað, sem hjer segir.

2. gr. Leiðarbók þessa skal mega nota á öllum þeim ferðum, er skipið fer; skal hún vera úr góðum sterkum pappír, í haldgóðu bandi, blaðsíður tölusettar, og bókin gegnþrædd traustum streng. Lögreglustjóri á þeim stað, er skipið hefur ferð sína frá, löggildir hana og innsiglar. Fyrir löggildinguna skal greiða 2 kr., ef skipið er 100 smálestir eða minna, ella 4 kr. — Nú er skip afgreitt til ferðar landa milli, og skal þá lögreglustjóri gæta þess, að skipstjóri hafi leiðarbók með sjer, og skal lögreglustjóri í því skyni, rita vottorð sitt á bókina um, að hún hafi verið honum sýnd, en eigi ber honum borgun fyrir þá áritun. Nú ber svo til á langferð, að dagbók verður fullrituð og getur skipstjóri þá snúið sjer til næsta danska verzlunar-ræðismanns eða vara-ræðismanns á hafnarstað utan ríkis, eður til lögreglustjóra á dönskum hafnarstað — í Kaupmannahöfn til dómsmálaritarans í farmanna- og verzlunarrjettinum og á Færeyjum utan Þórshafnar til sýslumanns næsta — og skal sá þessara manna, er skipstjóri snýr sjer til, löggilda fyrir hann nýja leiðarbók, en geti þess þá jafnframt með áritun á hina gömlu leiðarbók, beint neðan við það, er síðast var í hana skráð. Eigi gildir þó slík leiðarbók, nema fyrir það, sem eptir er ferðarinnar, og þarf skipstjóri enga borgun að greiða fyrir þá löggilding.

3. gr. Frá þeim degi, er mateldur er á skipi kveyktur, skal sá, er verði stýrir, hvort heldur er skipstjóri, stýrimaður eða undir-stýrimaður, rita í leiðarbókina undir eins og hann er af verði leystur, hvað eina það, er fram fór meðan hann stýrði verði, það er til siglingar eður stefnu kom, svo og sjerhvern atburð annan þann, er á nokkurn hátt kynni að geta þýðing haft fyrir útgjörðarmenn skips eða sendendur farms eður og fyrir vátryggjendur. Nú verður eitthvað misritað í leiðarbókina, og má þá hvorki útskafa það, er rangt er, nje á annan hátt gjöra það ólæsilegt, heldur á að stryka eða púnkta þannig yfir það, að lesa megi, hvað þar var ritað áður. Í bókunum sínum eiga allir skipstjórar og stýrimenn að fara eptir fyrirmyndar-blaði því, er hjer fer á eptir í 12. gr.

4. gr. Nú bíður skip á ferð sinni tjón, það er mótmælum ber á að lýsa og nær skipstjóri höfn hjer á landi eður í Danmörku eður og utan ríkis á nokkrum þeim stað, er danskur verzlunar-ræðismaður er skipaður eða vara-ræðismaður, og skal hann þá í síðasta lagi innan sólarhrings skila leiðarbók sinni lögreglustjóranum, ef það er hjer á landi og lögreglustjóri er búsettur þar, sem hann nær höfn eður þar í grenndinni, ella umboðsmanni hans löggiltum, í Danmörku lögreglustjóra — í Kaupmannahöfn þó dómsmálaritara farmanna- og verzlunarrjettarins, og í Færeyjum utan Þórshafnar sýslumanni í því umdæmi —, en utanríkis ræðismanninum eður vara-ræðismanninum. Embættismenn þessir eiga að skrifa rjett neðan undir það, er síðast var innfært í bókina, vottorð sitt að tilgreindum stað og stund um, að bókin hafi sjer sýnd verið innan 24 stunda frá því, að skipið kom; skulu þeir jafnframt geta þess, hvort skipulega hafi reynzt ritað í bókina á hverjum degi að undanförnu. Nú er bókinni eigi skilað innan sólarhrings, og skal þess þá getið í árituninni, svo og þess, hversu lengi þetta hafi dregizt fyrir skipstjóra. Fyrir vottorð þessi á erlendis ekkert gjald að greiða, en hjer á landi hálft

gjald það, er í 2. grein er ákveðið. Bókinni skal tafarlaust skila skipstjóra aptur, þá er ofangreindum fyrirmælum er fullnusta gjör.

5. gr. Nú leggur skipstjóri skipi sínu á höfn hjer við land og er ferð hans þar talið lokið, þá skal hann á sama hátt skila lögreglustjóra eða umboðsmanni hans leiðarbókinni innan sólarhrings. Embættismaður þessi á að rita vottorð sitt í bókina, rjett neðan undir það, er síðast var í hana skráð, um að bókinni hafi í rjetta tíð skilað verið og hvort í hana hafi verið ritað á hverjum degi eður ekki. Fyrir þetta vottorð skal borgun greiða fyrir skip, sem stærra er en 100 smálestir, 3 krónur, ef ferðin hefur eigi yfirstaðið missiri lengur, 4 krónur, ef hún hefur staðið missiri lengur en eigi ári lengur; en 5 krónur, ef hún hefur staðið ári lengur. Nú er skip minna, og skal þá jafnan hálft gjald greiða við það, sem áður er tiltekið. Nú verður ferð lokið í danskri höfn eða utanríkis höfn, og fer þá með eptirlit þetta, svo sem í 4. grein er ákveðið um skip þau, er slysstjón bíða og í slíka höfn koma. Nú verður það eigi sjeð af skjölum skipsins, hvenær ferð er á enda, og skulu það þá ferðalok talin, er skip kemur aptur á hjerlenda höfn og affermir þar að mestu leyti eða að öllu, eða ef skipshöfnin er lögskráð úr vist.

6. gr. Skylt er skipstjóra að leggja fram leiðarbók sína þegar í stað, hvenær sem útgjörðamenn, farmsendendur eða vátryggjendur æskja þess, málstað til sönnunar Nú hefur skip eigi lokið ferð sinni, svo að frumbókin verður eigi framlögð, og skal þá skipstjóri láta í tje endurrit af henni, staðfest af notarius.

7. gr. Nú verður sú raun á, að skipstjóri eða stýrimaður hafa vanrækt að rita í leiðarbókina, samkvæmt því, er þessi lög mæla fyrir og skal hann þá, er hann verður í slíku sekur í fyrsta sinn, sæta 20 — 50 kr. sektum, annað sinn 50 — 200 kr. sektum og í þriðja sinn hafi fyrirgjört rjetti sínum til skipstjórnar eða til að ráðast á skip sem stýrimaður. Nú hefur skipstjóri eða stýrimaður ritað ósannindi í leiðarbókina eða falsað hana, þá sæti hann þeirri hegningu, er lög kunna að ákveða fyrir það og hefur auk þess fyrirgjört rjetti sínum til að vera í förum sem skipstjóri eða stýrimaður; svo er hann og skyldur til skaðabótum að svara. Nú verður sú raun á, að skipstjóri eða stýrimaður hefur skafið út ritað mál í leiðarbók sinni eða strykað yfir nokkuð það, er í hana er skráð og gjört það ólæsilegt, en hefur þó eigi gjört þetta í saknæmum tilgangi, sæti sömu hegningu, sem í þessari grein er ákveðin fyrir vanrækt á að skrifa í leiðarbókina; en sýni atvik málsins, að út sje skafið eða yfir strykað í þeim tilgangi að dylja það, er fyrir hefur komið á ferðinni, sæti sömu hegningu, sem ákveðin er fyrir fölsun bókarinnar.

8. gr. Nú kemur skipstjóri í höfn með þeim atvikum, sem í 4. grein er skráð eða ferð hans er á enda og vanrækir hann að sýna leiðarbókina og fá vottorð í hana skráð, sæti sektum frá 2 — 5 kr. fyrir sólarhring hvern, er hann þetta vanrækir. Mál, sem af þessari vanrækt rísa, skal sækja sem almenn lögreglumál.

9. gr. Allir skipstjórar og stýrimenn skulu við því búnir, ef slys ber að höndum, að bjarga leiðarbókinni ásamt öðrum skjölum skipsins. Nú verður skipsskjölum bjargað, en leiðarbókina vantar, og skal þá skipstjóri með framburði skipshafnar sinnar færa sönnur á, hvað til þess bar, að bókinni varð eigi bjargað. Nú fær hann eigi skýrlega sannað, að honum sje eigi sök á gefandi hvarfi bókarinnar, sæti sektum frá 10 — 100 kr.; en reynist það, að hann hafi af ásettu ráði látið fyrirfarast að bjarga bókinni, sæti refsingu sem fyrir bókfölsun eptir 7. grein.

10. gr. Eigi má skipstjóri fyrirfara leiðarbókinni fyr en öll mál eru á enda kljáð, þau er skylt eiga við ferðina, milli útgjörðamanna, farmsendenda og vátryggjenda; sæti ella ábyrgð eptir atvikum og með hliðsjón af 7. og 9. grein þessara laga. Nú kemur skip til hafnar hjer við land að aflokinni ferð og leggur skipstjóri í haf á ný,

áður en öll mál þau, er skylt eiga við hina fyrri ferð, eru á enda kljáð milli allra þeirra, er hlut eiga að máli, þá má hann eigi með sjer taka leiðarbók skipsins, heldur á hann að kaupa nýja leiðarbók til ferðarinnar á kostnað útgjörðamanna.

11. gr. Öll gjöld og bætur samkvæmt þessum bálki laga þessara, renna í landssjóð.

12. gr. **Fyrirmyndarblað við dagbækur skipa.**

Ár	Mánuður	Hvar skipið er						
Dag-setning	Stund	Stefna, er stýrt er í	Vegar-lengd k. f.	Haldin stefna	Vind-ur	Veð-ur	Dýpt	Botn	Athugavert:
	1								**E. h.**
	2								
	3								Kl. 1½ tók mið af í ′ mílur
	4								
	5								
	6								Kl. tók mið af ☉ við sólar-lag ° ′ frá til ′ fann með því misvísun ° ′ til nvesturs.
	7								
	8								
	9								
	10								Kl. tók saman segl
	11								
daginn	12								**F. h.**
þann	1								
	2								Kl. mældi ☉ hæð: ° ′ og tók mið af henni ° frá til fann misvísun ° ′ til nvesturs.
	3								
	4								
	5								
	6								
	7								Kl. ausið
	8								
	9								Kl. st. ′ mældi ☉ hæð: ° ′ og tók mið af ☉ í s. s. au.
	10								
	11								
	12								Kl. st ′ mældi ☉ hæð: ° ′, fann með þessum 2 mælingum breidd að vera ° ′ nbr. Á hádegi mæld ☉ hæð: ° ′

Aðalstefna eptir áttavita: ° frá til
leiðrjett með: ° til nvesturs
Rjett aðalstefna er: ° frá til
Vegarlengd alls: mílur.

Norðl. breidd eptir leiðar-reikn. ° ′
Lengd ° ′
Mæld norðl. breidd ° ′

Þegar skipið er þar í sjó, er eigi þarf grunnsökku við, ganga 2 síðustu dálkarnir úr.

II.

Vistráðabálkur.

13. gr. Þá er skipstjóri ræður mann á skip með sjer, skal hann fá honum viðskiptabók. Í bók þessari skal skipstjóri ljóst og skilmerkilega tiltaka ferð þá eða farleið, sem sjómaðurinn er tilráðinn, rita fullt nafn sjómannsins, aldur og fæðingarstað, stöðu hans á skipinu og vistarkjör, kaup það, er honum er heitið annaðhvort fyrir ferðina eða um mánuðinn, tilgreina hvort það skuli í peningum goldið eða öðrum eyri og eins, hve mikið honum er fyrirfram greitt af kaupinu; undir þetta skal skipstjóri rita nafn sitt. Sje kaup ákveðið fyrir alla ferðina með tiltekinni upphæð í peningum eða öðrum gjaldeyri, skal þess getið jafnframt, hve lengi á er ætlað, að ferðin muni standa, og eins, hve hátt mánaðarkaup megi algengt telja á þeim stað og tíma, er samningurinn er gjörður.

14. gr. Í viðskiptabókina skal skipstjóri rita hvað eina, er hann greiðir sjómanninum meðan þeir eru í förum, eða þá er þeir lúka viðskiptum sínum. Skyldur er sjómaður til, ef skipstjóri krefst þess, að gefa ritaða viðurkenningu fyrir sjerhverri upphæð, er honum er greidd, bæði sjerstaka og sömuleiðis ritaða í viðskiptabókina. Nú verður eigi hlje á förum skipsins og engin breyting á gjörðum samningi, en sjómaður verður lögskráður á skipið á ný, og þarf skipstjóri þá ekki, ef sjómaður er því samþykkur, að leggja til nýja viðskiptabók, meðan hin gamla endist til.

15. gr. Landshöfðingi sjer um, að viðskiptabækur fáist hjá sjerhverjum lögskráningarstjóra og ákveður verð þeirra. Í viðskiptabókinni skulu prentaðar vera hinar 6 fyrstu greinar úr þessum vistráðabálki, eyðublað undir samning þann, er um getur í 13. grein, hin helztu ákvæði úr skipsaga-bálki og úr reglugjörð fyrir danska verzlunarræðismenn, þau er til farmanna taka.

16. gr. Það er skylda skipstjóra að láta semja skipshafnarskrána þannig, að í henni sjeu þær hinar sömu skýrslur, sem 13. grein ákveður, og láta skipverja rita nöfn sín undir hana. Nú ber skipshafnarskrá og viðskiptabók eigi saman, þá er skipverjar skulu lögskráðir til skiprúms og gilda þá þau ákvæðin, er skipverja eru hagkvæmari.

17. gr. Í hvert sinn, er skipshöfn er lögskráð til skiprúms eða úr skiprúmi, skal lögskráningarstjóri gæta þess, að fylgt sje fyrirmælum þeim, sem nú hafa nefnd verið um viðskiptabækur og skipshafnarskrár.

Nú er ferð skipsins heitið til útlanda, og skal þá skipstjóri og skipshöfnin játa samninginn eins og hann er ritaður í viðskiptabók og á skipshafnarskrá fyrir skipskráningarstjóra, áður en hann lögskráir skipshöfnina til skiprúms. Nú lögskráir skipskráningarstjóri menn úr skiprúmi, og skal hann þá gjöra upp viðskiptareikninginn, ef skipstjóri óskar þess eða einhver af skipshöfninni fyrir sitt leyti. Skyldur er hann og til að fylla út viðskiptabækur og skipshafnarskrá fyrir skipstjóra hönd. Gjald fyrir þessi störf skal ákveðið í leiðarvísi þeim, er nefndur er í 19. grein, og inna það af hendi sá eða þeir, er þessa starfs beiðast. Nú verður skipstjóri og einhver af skipverjum eigi á eitt sáttir, er reikningar skulu uppgjörðir eða og skipskráningarstjóra þykir tilefni til að hafa á móti samningi þeim, er gjörður hefur verið og skal hann þá reyna að jafna ágreininginn með fortölum, en takist það ekki, skal hann leiðbeina þeim, er honum þykir áhallað um það, hvernig hann skuli að fara til að ná rjetti sínum.

Skyldur er skipskráningarstjóri til að rita ókeypis í viðskiptabækurnar og á skipshafnarskrána athugasemd um, að hann hafi gætt skyldu þeirrar, er á honum hvílir eptir þessari grein, og geta þess jafnframt, hvort hann í því efni hafi fundið nokkuð athugavert.

18. gr. Skipstjóri, er sekur reynist við ákvæði þessa lagabálks, skal útlægur

gjör 10 kr. eða meiru allt að 100 kr. og skal sú sekt falla til einhverrar stofnunar fyrir farmenn eða í siglinga þarfir eptir því, sem landshöfðingi mælir fyrir um það efni.

19. gr. Landshöfðingi semur leiðarvísi fyrir skráningarstjóra um framkvæmd starfa þeirra, er um ræðir í þessum lagabálki, og skal þar fyrirskipað um snið það, er skipshafnarskráin (16. gr.) á að hafa. Kostnaðurinn við útvegun viðskiptabókanna og skipshafnaskránna greiðist fyrirfram úr landssjóði til bráðabyrgða.

III.

Lögskráningar-bálkur.

20. gr. Sjerhver skipstjóri á hjerlendu skipi, er ræður nýja menn á skip sitt hjerlendis, hvort heldur einn eða fleiri eða alla skipshöfn, skal láta skráningarstjóra lögskrá menn sína til skiprúms. Nú byrjar hjerlent skip fyrstu ferð sína á almanaksárinu frá einhverri höfn innanlands, eða það er fermt hjer eða affermt og skal þá lögskrá skipshöfn til skiprúms, þó að engin breyting hafi á skipshöfn orðið meðan skipið dvaldi hjer, áður en skipið leggur af stað.

Nú hefur skipstjóri á hjerlendu skipi ráðið nýja menn á skip, einn eða fleiri, meðan skipið var í förum erlendis, eða hann hefur misst nokkurn mann af skipshöfn sinni, er látizt hefur, leystur verið úr vist, strokið eða á annan hátt af skipi farið og skal hann þá láta skráningarstjóra lögskrá skipshöfn sína til skiprúms, þá er hann fær afgreiðslu frá hinni fyrstu höfn hjerlendis, þar sem hann hafði fermt skip eða affermt, eptir að hann kom hingað til lands.

21. gr. Nú leysir skipstjóri á hjerlendu skipi skipshöfn sína úr vist, eða nokkurn hluta hennar, þá er hann er hjer við land, og skal hann þá láta skráningarstjóra lögskrá þá úr skiprúmi, er frá honum fara.

22. gr. Í kaupstöðum eru bæjarfógetar skráningarstjórar, en annarstaðar sýslumenn.

23. gr. Nú skal lögskrá menn til skiprúms eða úr skiprúmi, og skal það gjöra skráningarstjórinn í því lögsagnarumdæmi, þar sem skipið þá liggur. Nú er sýslumaður þar eigi búsettur nje þar í nánd og kemur þá í hans stað umboðsmaður hans, sá er amtmaður hefur skipað samkvæmt o. br. 28. des. 1836, 9. gr.

24. gr. Þá er menn eru lögskráðir til skiprúms eða úr skiprúmi, skal skipstjóri sýna skráningarstjóra viðskiptabækur skipverja og önnur skilríki.

25. gr. Þá er menn eru lögskráðir til skiprúms, skal skipstjóri jafnframt leggja fram 2 samhljóða skrár yfir skipshöfnina (skipshafnarskrár) samdar með fyrirskipuðu sniði. Öðru eintaki skrárinnar heldur skráningarstjóri, en á hitt ritar hann vottorð sitt og skilar skipstjóra því aptur. Nú hefur skipstjóri áður, á því almanaksári látið hjerlendan skráningarstjóra lögskrá skipshöfn sína til skiprúms, en þarf nú að láta lögskrá einn mann eða fleiri til skiprúms, en þó eigi skipshöfn alla og er þá rjett, að hann leggi fram skipshafnarskrá þá, er hann hefur þangað til notað, en þá skulu á hana skráðir þeir menn, er hann bætir nýjum við, eða og þeir eru ritaðir á aukaskrá og skal hennar þá getið á hinni eldri skrá. Hvenær sem maður er lögskráður úr skiprúmi skal sýna skráningarstjóra skipshafnarskrána.

Þá er skipstjóri beiðist þess, er skráningarstjóri skyldur að útvega skipshafnarskrár eða aukaskrár og rita allt á þær, það er með þarf, og eins að rita nýráðna menn á eldri skrána, allt gegn ákveðnu gjaldi.

26. gr. Nú hefur skipstjóri ráðið nýja menn á skip, og skulu þeir þá sjálfir ganga fyrir skráningarstjóra, þá er þeir eru lögskráðir til skiprúms. Endrarnær er venjulega ekki þörf á því, að skipshöfn sje látin ganga fyrir skráningarstjóra, þá er menn eru

til skiprúms skráðir; þó er skipstjóri skyldur að hlýða fyrirmælum skráningarstjóra, ef hann eptir atvikum krefst þess, að einn eða fleiri af skipverjum eða þeir allir sjeu látnir ganga fyrir sig.

27. gr. Sjerhver skipstjóri á útlendu skipi, er ræður mann á skip eða sleppir manni úr skipsvist meðan skipið liggur í höfn hjer við land, skal að öllum jafnaði láta skráningarstjóra lögskrá menn sína til skiprúms eptir fyrirmælum 23.—26. gr. hjer að framan. Nú eru skipverjar þeir, er hann rjeði eða ljet úr vist fara, menn útlendir og getur hann þá, ef hann kýs það heldur, látið verzlunar-ræðismann þjóðar sinnar, ef til er á þeim stað, rita breytingu þá, sem á er orðin, á skipshafnarskrána, og sýni síðan skráningarstjóra hana eða eptirrit af henni staðfest af ræðismanni. Skráningarstjóri ritar síðan á skrána eða eptirritið og skilar henni síðan aptur til skipstjóra. Ei má valdsmaður afgreiða skipið fyr en þessu er fullnægt.

28. gr. Þá er skráningarstjóri skal lögskrá menn til skiprúms eða úr skiprúmi skal hann rannsaka, hvort skipshafnarskrárnar eru rjettar og hvort skipstjóri hafi í nokkru brotið fyrirmæli þessa lagabálks. Við lögskráningu til skiprúms skal hann jafnframt rannsaka, hvort nokkuð sje því til fyrirstöðu, að menn þeir, er á skránni standa, megi í förum vera með skipinu og reynist svo, skal hann neita að lögskrá þá til skiprúms.

Fyrir lögskráningarnar og rannsókn og áritun skipshafnarskránna greiðist engin borgun.

29. gr. Nánari fyrirmæli um það, hvernig skráningarstjórar skuli framkvæma störf þau, er lögbálkur þessi leggur þeim á herðar, skulu gefin í leiðarvísi, er landshöfðingi semur.

30. gr. Nú lætur skipstjóri fyrirfarast að láta skráningarstjóra lögskrá menn sína til skiprúms eða úr skiprúmi, þá er honum er skylt eptir lögum þessum að láta gjöra það, eða hann fær skráningarstjóra ranghermda skipshafnarskrá, eða gefur honum rangar skýrslur við samningu skránna, eða áritun á þær, eða hann tekur aðra menn á skip sitt en þá, er á skránum standa eða breytir þeim eptir að skráning er fram farin, og skal hann þá sæta sektum eða fangelsi.

31. gr. Mál, sem rísa af brotum gegn ákvæðum þessa lagabálks, skal með fara sem almenn lögreglumál. Sektir renni í landssjóð.

IV.

Skipsaga-bálkur.

1. kap. Um stjórn og aga á íslenzkum skipum.

32. gr. Skipverjar skulu sýna skipstjóra og öðrum yfirmönnum tilhlýðilega virðingu, hlýða með athygli á boð þeirra, og láta í ljósi með skýru svari, að þeir hafi skilið þau. Þeir skulu vinna að öllu því, sem þeim er boðið, í þarfir skips og farms, hvort heldur í landi eða á skipsfjöl, hvort heldur tjón hefur að höndum borið eður endrarnær og yfir höfuð skulu þeir tafarlaust hlýða hverju því, er skipstjóri býður þeim í þjónustu skipsins eður til viðhalds reglu á skipinu.

Sömu hlýðni eru þeir skyldir að sýna bæði þeim, sem að öllu leyti gengur í skipstjóra stað í fjærveru hans eður sjúkdómi, svo og hverjum þeim, sem á hendur er falið sjerstakt umboð eða forstaða sjerstakra verka, allt innan takmarka þess valds, sem slíkum manni kann að vera í hendur fengið.

Sömu skyldu hefur sjerhver óæðri yfirmaður gagnvart þeim, sem yfir hann eru boðnir og sjerstaklega gagnvart skipstjóra sjálfum.

33. gr. Hins vegar á skipstjóri og aðrir yfirmenn að fara sómasamlega með þá, sem þeir eru yfirboðnir og annast velvegnun þeirra eptir megni. Sjer í lagi má eigi beita við þá líkamlegum refsingum; (sbr. þó 34. gr.).

34. gr. Nú neitar einhver af skipverjum að hlýða því, sem fyrir hann er lagt, eður sýnir þrjósku eður mótþróa yfirboðurum sínum, og hefur þá skipstjóri, eður sá, er í forföllum hans eður fjærveru gengur í hans stað, rjett til að beita valdi og þvingun til að þröngva honum til hlýðni.

Ef í nauðir rekur og einkum ef skip er í háska statt, eður skipverjar gjöra samblástur eður sýna mótþróa með ofbeldi, þá er jafnvel leyfilegt að taka til sjerhverra þeirra úrræða, er nauðsyn kann til að bera, til að koma á reglu eður hlýðni og er sjerhver af skipverjum skyldur til, þegar þannig er ástatt, að veita lið þeim, sem stjórn hefur á hendi, jafnvel án þess á hann sje skorað.

Bíði þeir tjón við þetta, sem mótþróann sýndu, skulu þeir þó engan kost eiga á að koma ábyrgð fram fyrir það, nema það sannist, að vald eða þvingunarúrræði, er beitt hefur verið, hafi harðari verið eður frekari, en atvik gátu rjettlætt.

35. gr. Nú er maður lögskráður til skiprúms og neitar hann að ganga á skip, eður kemur eigi til skips í ákveðna tíð eður gengur af skipi í leyfisleysi, og getur skipstjóri þá á sína ábyrgð látið þröngva honum með lögreglu valdi til að uppfylla skuldbindingu sína.

Nú gjörir einhver skipverja sig sekan í slíku framferði, þá er skipið liggur í höfn utan-ríkis og skal þá danskur verzlunar-ræðismaður, ef hann er þar nokkur til, skyldur að veita skipstjóra liðveizlu sína, til þess að fá tilstyrk yfirvaldsins þar, til að þröngva til hlýðni hinum brotlega manni.

2. kap. Um yfirsjónir farmanna.

36. gr. Fyrir yfirsjónir þær, er farmanni kunna á að verða, hefur skipstjóri vald til að veita þeim refsingar, er hjer skulu taldar, en gæti þess jafnframt, sem fyrir er mælt í 37. gr.

1. Fyrir ósæmilegt framferði gegn skipstjóra eður öðrum yfirmönnum, missir fjögra daga kaups; slíkt hið sama fyrir óhlýðni, nema þeim, sem brotlegur varð, hafi þegar í stað verið til hlýðni þröngvað samkvæmt fyrirmælum 34. greinar.
2. Nú kemur farmaður eigi til skips í ákveðna tíð, þá er hann hefur fengið landgönguleyfi, en kemur þó samdægurs, verði útlægur tveggja daga kaupi, en fjórðungi mánaðarkaups, ef síðar kemur. Nú gengur farmaður í land í óleyfi, en kemur þó samdægurs aptur, varðar það fjögra daga kaupi, en hálfs mánaðar ef síðar kemur.
3. Nú er maður í land sendur með bát og yfirgefur hann í óleyfi, varðar fjögra daga kaupi.
4. Ef farmaður flytur fatnað sinn allan eður nokkuð til muna af honum af skipi í óleyfi, varðar fjórðungi mánaðarkaups.
5. Nú er maður við stýri settur eður á vörð til útsjónar, og gengur hann frá í óleyfi eður hann finnst þar sofandi eður ölvaður, fyrirgjörir hálfsmánaðar kaupi.
6. Vanræki maður varðstöðu sína, eður annað verk, sem honum er á herðar lagt eður hann finnst sofandi við hana eða ölvaður, varðar fjögra daga kaupmissi.
7. Flytji maður í óleyfi brennivín á skip eður annan áfengan drykk, missir fjórðung mánaðarkaups, *og fyrirgjörir ölföngunum.*
8. Hálfs mánaðar kaupmissi varðar, að fara ógætilega með eld eður ljós.
9. Að hafa eldspýtur undir þilfari, eður ljós kveykt eða lampa í hásetabyrgi eptir þann tíma, er skipstjóri hefur tiltekið, varðar tveggja daga kaupmissi.

10. Fjögra daga kaupmissi varðar það, að vekja illindi eður annan ófrið á skipi úti eður við vinnu í skipsins þjónustu.
11. Eins dags kaupmissi varðar að leyfa ókunnum mönnum að koma á skip í leyfisleysi; en þriggja daga kaupmissi að leyna ókunnum manni á skipi úti.

Verði stýrimanni einhver af þessum yfirsjónum á, má þyngja sektirnar allt að helmingi, en allt að ferföldu, ef brot er ítrekað. Þyngja má og sektirnar á öðrum skipverjum allt að helmingi, ef brot er ítrekað.

Eigi mega sektir farmanns, sem teknar eru af kaupi hans og dregnar frá því, þá er reikningur er upp gjörður, nema samtals meiru en hálfu því kaupi, er hann hefur fyrir unnið á ferðinni.

Nú hefur kaupsamningur hljóðað um ákveðna upphæð fyrir alla ferðina, eður um hlut af aflanum eður kaup hefur verið ákveðið eptir aflahæð (afla- verðlaun) og skulu þá sektir miðaðar við mánaðarkaup það, er tíðkanlegt var, þar sem farmaður rjeðist á skip um það leyti, er hann rjeðist.

Nú er brot farmanns þess eðlis, að hann ætti opinberri málsókn fyrir að sæta að almennum lögum, og fellur hún eigi niður að heldur, þótt skipstjóri hafi beitt hegningarvaldi sínu.

37. gr. Nú vill skipstjóri beita hegningarvaldi sínu samkvæmt 36. gr., og á hann þá í viðurvist skipshafnar, eður sje hún fjölmenn, þá í viðurvist að minnsta kosti tveggja hinna helztu manna á skipinu að leiða stillilega þeim, sem brotið hefur, ávirðing hans honum fyrir sjónir og refsing þá, er hann ætlar að láta hann sæta og því næst veita áheyrn, því er hinn kann fram að bera til varnar sjer eður málsbóta. Þetta skal þó venjulega ekki gjört fyr en 12 stundum eptir að yfirsjónin var drýgð. Nú þykir skipstjóra vörn hans ónóg, eður hann hefur ekkert fyrir sig að bera, og á hann þá þegar, meðan vottarnir og hinn seki maður eru enn viðstaddir, að lesa upp skýrt þessa 37. gr. þessa laga bálks og skrifa í leiðarbókina (ef nokkur er á skipinu, en ella í aðra bók, er rjettur dómari hefur til þess löggilt) skýrslu um yfirsjónina og hegningu þá, er hann leggur á hinn seka mann, og skal þess jafnframt getið, hvort hann hafi kannazt við yfirsjónina og hvað hann hafi framfært til varnar sjer. Skýrslu þessa skal hann þvínæst skýrt upplesa og bæði skipstjóri og sá, er dæmdur var, rita nöfn sín undir, og síðan vottarnir, sem staðfesta það með undirskript sinni, að þeir hafi viðstaddir verið alla þessa gjörð og að allt það sje rjett bókað, er fram fór. Nú vill sá, er fyrir sektum varð, eigi undirskrifa, og skulu þá vottarnir taka það skýlaust fram, að hann hafi undan því færzt, þótt á hann hafi verið skorað.

Nú þykir skipstjóra, fyrir sjerstakar orsakir eigi ráðlegt að láta frest þann líða, er áður var tiltekinn, og skal þá frá þeim orsökum skýrt í bókinni.

38. gr. Nú vill skipstjóri eigi neyta hegningarvalds þess, er lög þessi veita honum eður og hann hefur þegar beitt þeirri hegning allri, er 36. gr. heimilar honum frekast, og er honum þá heimilt, þá hann er heim kominn úr ferð sinni að draga þann, er misgjörði, fyrir lög og dóm fyrir athæfi hans, og sætir hann þá sektum allt að 100 krónum ef sekur reynist, enda sje athæfi hans eigi þess eðlis, að þyngri hegning liggi við að almennum lögum.

39. gr. Nú vill farmaður bera sig upp undan hegning þeirri, er skipstjóri hefur á hann lagt, og skal hann þá kæra mál sitt fyrir rjetti, áður en 3 sólir eru af lopti frá því, er hann kom með skipinu á einhverja þá höfn hjerlenda, þar sem afferma skal, og má skipstjóri eigi neita honum um landgöngu-leyfi svo sem þörf er á í þessu skyni. Nú reynist svo fyrir rjetti, að eigi hefur gætt verið fyrirmæla 37. gr. eður að refsing sú, er

skipstjóri hefur álagt, fer fram yfir takmörk þau, er 36. gr. heimilar fyrir brotið, og skal þá úr gildi fella úrskurð skipstjóra, hvort sem kærandi hefur bent á þessa ágalla eður ekki; en heimilt er þá skipstjóra að koma ábyrgð fram á hendur kæranda fyrir brot hans, svo sem fyrir er mælt í 38. gr., en reynist svo að fullnægt hafi verið ákvæðum 37. gr. og að eigi hafi beitt verið meiri refsing, en heimilað er í 36. gr., þá skal skipstjóri sýkn og úrskurður hans standa, nema kærandi sanni eður færi líkindi til þess, að eigi hafi næg ástæða verið til hegningu að beita, því að þá skal úrskurðinn úr gildi fella.

Nú fer sá, er sektaður hefur verið af skipi áður en skipið hefur affermt hjer á landi og skal þá hinn danski verzlunar-ræðismaður, ef nokkur slíkur er til á þeirri höfn skera úr því til bráðabirgða, hvort fylgt hafi verið fyrirmælum 37. gr., og hvort refsing sú, er skipstjóri hefur ákveðið, fari út yfir takmörk þau, er valdi hans eru sett í 36. gr. Nú þykir ræðismanni refsingin rjett á lögð af skipstjóra og skal þá farið eptir úrskurði skipstjóra, þá er reikningar eru uppgjörðir; svo skal og með fara ef enginn verzlunar-ræðismaður er til á þeim stað, þar sem maðurinn fer af skipi; en rjett á þó farmaður á, engu að síður, að lögsækja skipstjóra við dómstóla hjer á landi, til ónýtingar úrskurði hans og endurgreiðslu því, er inni var haldið af kaupinu. *Sje það í danskri höfn, að farmaður fer af skipi, skal skipskráningarstjóri sama hlutverk hafa í þessu efni sem verslunar-ræðismaður við utanríkishöfn.* — Nú fellir verzlunar-ræðismaður *eða skipskráningarstjóri* úrskurð skipstjóra fyrst um sinn úr gildi og skal þá reikninginn uppgjöra eptir því, en rjett á þá skipstjóri á, þá er hann kemur hingað heim til lands, að skjóta því undir úrskurð rjetts dómstóls, hver fullnaðarúrslit þess máls skulu vera, og skal þá með það mál fara eins og segir í upphafi þessarar greinar.

40. gr. Með mál þau, er um ræðir í 38. og 39. gr., skal fara eptir þeim ákvæðum, er gilda um einka-lögreglumál, nema mál sje svo vaxið, að opinberri málssókn eigi að sæta eptir almennum lögum; því þá skal eptir þeim reglum farið, sem um þau mál gilda.

41. gr. Allar sektir eptir 36. gr., svo og eptir 43. gr. og 72. gr. hjer á eptir, skulu, eptir ákvæðum landshöfðingja, falla til einhverrar stofnunar, sem gjörð er til hagsmuna farmönnum eður í þarfir siglinga. Þá er reikningar eru uppgjörðir, skal skipskráningarstjóri (utanríkis-ræðismaður) halda eptir sektum eptir 36. gr. af kaupi farmanns, en þó skal fyrst fullnægt kröfum skipstjóra, þeim er af ferðinni eru tilkomnar. Fjeð skulu þeir því næst senda til sjóðs þess, er það á í að renna.

42. gr. Nú verður sú raun á, að skipstjóri, eður sá, er í hans stað gekk, hefur misbeitt valdi því, er honum er heimilað í 34. og 36. gr., t. d. með því, að beita óþarfa hörku, ákveða hegning án þess að gæta fyrirmæla 37. gr., eður án þess að hafa kynnt sjer yfirsjónina nægilega, eður jafnvel að hann hefur vísvitandi einhverjum rangt til gjört og skal honum þá refsað með sektum eður fangelsi, nema þyngri hegning liggi við eptir öðrum lögum.

3. kap. Um glæpi farmanna.

43. gr. Fyrir að strjúka af skipi, skal farmanni venjulega refsað með einföldu fangelsi eigi skemur en 14 daga og eigi lengur en 3 mánuði. Nú snýr strokumaður aptur til skips ótilknúður áður en skipið leggur út þaðan, er hann strauk, og má þá færa hegninguna niður í sektir eigi lægri en 20 kr. og eigi hærri en 100 kr.

44. gr. Nú strjúka fleiri menn saman af skipi eða eptir undirlögðu samráði og skal þá eptir atvikum beita einföldu fangelsi í lengri tíma en í 43. gr. segir, eða þá fangelsi við vatn og brauð. Nú leiðir sýnilega hættu eða tjón fyrir skipið af strokinu, hvort heldur það eru heilar eða hálfar skipshafnir, sem strjúka, eða einstakur maður að

eins, og getur þá hegningin orðið allt að þyngsta vatns og brauðs fangelsi, eða eins árs betrunarhús-vinnu.

45. gr. Nú er maður eigi til skips kominn, er það leggur af stað, eða hann er frá skipi meira en tvo sólarhringa í óleyfi, eða fram yfir þann tíma, er honum var leyft, skoðist hann þá sem strokumaður og sæti hegning eptir því, nema hann sýni fram á þau atvik, er gjöri það sennilegt, að hann hafi ekki ætlað að svíkjast úr þjónustu sinni.

46. gr. Nú strýkur maður með kaup sitt, það er hann hefur eigi fyrir unnið, og skal honum hegnt sem fyrir svik, hvort sem hann var áður í vist kominn á skip eða ekki, nema málavextir gjöri það sennilegt, að hann hafi ekki ætlað að draga undir sig kaup það, er honum var fyrirfram greitt, en hann hafði enn eigi fyrir unnið

47. gr. Auk þess, sem strokumanni er hegnt svo sem áður segir, fyrirgjörir hann og kaupi því, er hann kann inni að eiga og fjármunum sínum öllum, þeim er hann skilur eptir á skipi og eignast það útgjörðamenn skipsins. Nægi þetta ekki til að bæta þeim tjón það, er þeir hafa af strokinu beðið, er strokumaður ennfremur skyldur að bæta þeim að fullu það, er ávantar.

Nú er skip í höfn utanríkis og þykir skipstjóra grunsamt um, að einn eða fleiri af skipshöfninni muni ætla sjer að strjúka, og er honum þá heimilt að taka fatnað skipverja í sínar vörzlur sjerstaklega til þess að afstýra strokinu.

48. gr. Farmenn þeir, er af skipi strjúka með kaup það, er þeir eigi hafa fyrir unnið, skulu sakamáls-höfðun sæta. Ella láta valdsmenn eigi strokumál til sín taka í embættisnafni, nema skipstjóri eða útgjörðamaður beiðist þess; en þá skal með þau mál farið svo sem lögreglumál í embættisnafni rekin, þó svo, að ef til þess kemur að dæma strokumann í fangelsi við vatn og brauð eða í betrunarhús-vinnu, skal hann að spurður, hvort hann óski sjer sakverjanda skipaðan, og skal það gjört, ef hann æskir þess.

49. gr. Nú gjörir skipshöfn eða nokkur hluti hennar uppreisn til þess að ná stjórn skipsins á vald sitt, eða til að þröngva skipstjóra til að breyta stefnu skips eða að öðru leyti gjöra nokkuð eða ógjört láta, að því er til ferðarinnar lýtur, og skal þá forgöngumönnunum refsað, ef ofbeldi hefur beitt verið við menn eða fjármuni með hegningar-vinnu allt að 6 árum, nema þyngri hegning liggi við eptir málavöxtum, og hinum öðrum hluttakendum uppreisnarinnar með fangelsi, ekki vægara en 3 mánaða einföldu fangelsi eða með betrunarhúsvinnu allt að 2 árum. Sama varðar, ef skipshöfnin eða nokkrir menn af henni í sameiningu setja sig með valdi á móti framkvæmd einhverra fyrirmæla skipstjóra eða þess, sem í hans stað hefur stjórn á hendi. Nú hafa hvorki menn nje fjármunir verið ofbeldi beittir og varðar þá brot forgöngumanna fangelsi ekki vægara en 3 mánaða einföldu fangelsi eða betrunarhús-vinnu allt að 2 árum; öðrum hluttakendum brotsins skal með fangelsi hegnt. Nú hafa hluttakendur uppreisnar, annaðhvort af sjálfsdáðum eða eptir áskorun skipstjóra eða staðgöngumanns hans, horfið frá samblástrinum, án þess, að óskundi hafi gjörður verið mönnum eða fjármunum, og skal þá forgöngumönnum einum refsað með fangelsi eða betrunarhús- vinnu allt að því árlangt.

50. gr. Nú ræðst einhver af skipshöfninni á skipstjóra, á skipi úti eða í landi, með ofbeldi eða ofbeldishótun, þá skal hann fangelsi sæta eða sektum, nema þyngri hegning liggi við glæpnum eptir málavöxtum.

Sje slík árás gjör á skipstjóra eða staðgöngumann hans, þegar þeir eru að gegna köllun sinni eða í því tilefni, eða sje hún gjör til að þröngva þeim að gjöra eða ógjört láta eitthvað það, er að köllun þeirra lýtur, þá skal hinum seku refsað með hegningar-vinnu allt að 6 árum eða fangelsi, ef málsbætur eru, þó eigi vægara en 3 mánaða

einföldu fangelsi, nema afbrot sje svo vaxið, að þyngri hegning liggi við því eptir öðrum lögum.

Nú gjörir annars einhver af skipshöfninni skipstjóra eða staðgöngumanni hans tálmanir í að gegna köllun sinni, og varðar það fangelsi eða sektum.

51. gr. Fyrir aðra glæpi, en þá er nú voru taldir, skal, þá er þeir eru á skipi drýgðir, refsing yfir höfuð að tala álögð eptir almennum lögum.

52. gr. Nú drýgir einhver skipverja glæp á skipi og skipið er ekki í höfn á Íslandi, og skal skipstjóri þá, svo fljótt sem auðið er, halda bráðabirgða-rannsókn yfir hinum seka og yfir þeim af skipverjum eða farþegjum, er borið geta um verkið. Ef afbrotið er framið í höfn, en ekki á Íslandi, skal þetta þó því að eins gjört, að því sje jafnframt samfara brot á skyldum hans í þjónustu skipsins. Rannsóknina skal rita í bók þá, er ræðir um í 37. gr. eptir reglum þeim, er þar segir.

Skipstjóri skal þvínæst, eptir því, sem kostur er á, annast um það, að afbrotamaðurinn verði kyrr á skipinu, og getur hann byrgt hann inni eptir málavöxtum eða beitt öðrum ráðum til þess að halda honum á skipinu, en hann hefur ábyrgð á því, að eigi verði verr með hann farið, en nauðsyn krefur.

Þegar skipið, eptir að glæpurinn hefur drýgður verið, kemur til danskrar hafnar eða í utanríkis höfn, þar sem skipaður er danskur verzlunar-ræðismaður, skal skipstjóri þegar eptir komu sína skýra lögreglustjóra eða ræðismanni frá glæpaverkinu, og fá þeim staðfest eptirrit af bráðabirgða-rannsókninni. Lögreglustjóri eða ræðismaður rannsakar þá málið og sker úr því, hvort afbrotamaður skuli laus látinn eða sendur heim, og ef það verður ofan á, að hann verði heim sendur, skal hann sjá svo um, að hann verði sendur svo fljótt, sem verða má annaðhvort með sama skipi eða á annan hátt eptir málavöxtum.

Þegar öðruvísi stendur á en nú var sagt, að hægt hefur verið að fá glæpamann í hendur hlutaðeiganda yfirvaldi í útlendri höfn, skal skipstjóri þegar eptir heimkomu sína skýra valdsmanni frá afbroti því, er framið hefur verið og láta fylgja staðfest eptirrit af bráðabirgða-rannsókninni.

Fyrir brot á fyrirmælum þessarar greinar skal skipstjóri sæta sektum, allt að 100 kr., nema athæfi hans sje svo vaxið, að þyngri hegning liggi við eptir öðrum ákvæðum.

4. kapituli. Um kaup skipverja, rjett til að ganga úr skiprúmi, heimsending, sjúkdómskostnað og ýmislegt fleira.

53. gr. Nú er maður ráðinn á skip fyrir tiltekna ferð, þá er hann skyldur til að halda áfram að vera með því skipi, enda þótt það breyti ferð sinni eða lengi hana. En þegar liðin eru tvö ár að minnsta kosti, frá því er skiprúms-samningar voru gjörðir, og skipið er enn ókomið aptur til þess staðar, er menn voru á það ráðnir, eða þar sem samningar heimila þeim að ganga frá því, þá skal þeim heimilt vera, að fyrirláta skipið í hverri höfn eða tryggu skipalægi, þar sem skipað er upp úr því, nema það eigi að fara þaðan beina leið heim til áður greindra staða. Sama rjett hafa og skipverjar, sem ekki hafa ráðnir verið til ákveðinnar ferðar, til þess að yfirgefa skipið, þegar tvö ár eru liðin.

Hins vegar getur skipstjóri ekki, nema svo sje tilskilið í skiprúms-samningnum, sagt neinum skipverja upp vist mót vilja hans fyrir þá eina sök, að tvö ár sjeu liðin frá því, er samningur var gjörður, nema hann kosti heimför hans og borgi honum kaup, þar til er hann er heim kominn.

Eigi heimilar það neinum að fara úr skiprúmi, að skipið skiptir um skipstjóra.

54. gr. Nú sannar einhver skipverja það, að hann geti sjálfur fengið skip að ráða fyrir, og má hann þá þegar ganga úr skiprúmi, en setja skal hann annan í sinn

stað, er vaxinn sje stöðu þeirri, sem hann hafði, eða borga aptur kaup það, er hann hefur unnið fyrir, þó ekki meira en 6 mánaða kaup.

Stýrimaður, sem ráðizt hefur sem háseti á skip, getur gengið úr skiprúmi þegar í stað, ef hann sannar, að hann geti ráðinn orðið sem fyrsti stýrimaður á öðru skipi, en setja skal hann annan í sinn stað, er vaxinn sje stöðu hans.

55. gr. Sá, sem verður að vera með skipi á ferð, sem eigi var ákveðin fyrr en eptir að hann var ráðinn á það, hefur rjett á, þegar hann er búinn að vera ár í vist á skipinu, og þaðan af hvert missiri, að fá allt að því tvo þriðjunga af kaupi því, er álitið verður, að hann hafi unnið fyrir, enda þótt vist hans sje enn þá eigi á enda; og skal hálft kaupið borgað honum í peningum og hinn helmingurinn annað hvort í peningum eða með ávísun á útgjörðarmenn, og ræður skipstjóri, hvorn kostinn hann kýs.

56. gr. Þegar samið hefur verið um ákveðna upphæð í kaup fyrir tiltekna ferð og henni verður breytt svo, að hún stendur lengur en gjört var ráð fyrir í skiprúmssamningnum, þá á skipverji sá, nema öðruvísi standi með berum orðum í samningnum, heimting á, að fá jafnframt hinu tilskilda kaupi, uppbót fyrir ferðarlenginguna, er talin sje eptir því mánaðarkaupi, sem algengt var á þeim stað og tíma, er skiprúmssamningur var gjörður.

57. gr. Sömu uppbót á og skipshöfn heimting á, þegar um tiltekna upphæð er samið í kaup, fyrir þann tíma, er skipinu dvelst ferð, og hættir þó eigi við, fyrir sakir kyrsetningar, herkvíunar eða halds á skipi, eða fyrir þá sök, að skipið hefur orðið að hleypa í höfn til aðgjörðar eða uppskipunar, nema ferðin standi eigi fyrir það lengur en gjört var ráð fyrir, þá er gjörðir voru skiprúms-samningar. Hið sama er um, þegar svo stendur á, að borga skal skipstjóra dvalauka-bót; telst þá uppbótin fyrir þann tíma, er skipstjóri fær dvalauka-bót fyrir.

58. gr. Nú er skipverja sagt úr vist á þeim stað, er ferðin skyldi frá hafin, fyrir því að hætt er við hana eða önnur ákvörðun tekin, þá á hann að fá kaup fyrir þann tíma, er hann hefur unnið fyrir kaupi, og eins mánaðar- kaup að auki, og skal um hvorttveggja farið eptir því kaupi, er um var samið eða venjulegu mánaðarkaupi á þeim stað, er samningur var gjörður á. En ef hætt er við ferðina af því að skipið er fyrir slys orðið ósjófært eða fyrir stríð, herkvíun eða hald, þá fær skipshöfnin ekki nema um samið kaup eða venjulegt mánaðar-kaup fyrir þann tíma, er hún hefur unnið fyrir kaupi.

Það, sem borgað kann að hafa verið skipverjum, áður en hætt var við ferð, fram yfir það, sem nú var talið, er ekki apturkræft.

59. gr. Nú hefur samið verið um ákveðna upphæð í kaup fyrir tiltekna ferð, og verður ferðin skemmri en í skiprúmssamningnum til tekið, án þess þó að hætt sje við að halda ferðinni áfram, þá verður eigi kaup sett niður af þeirri ástæðu.

60. gr. Nú hefur breytt verið ferðalagi og lýkur skipið ferð sinni erlendis, og á þá skipshöfnin heimting á að fá ókeypis heimferð á kostnað útgjörðarmanns, fæði eða hæfilega fæðispeninga þar í talið. Sá, sem ráðinn er með mánaðarkaupi, fær það jafnframt, þangað til heim er kominn; en þeir, sem ráðnir eru fyrir ákveðna upphæð í kaup fyrir alla ferðina, fá kaup eptir því, sem segir í 56., 57. og 59. gr., þannig að vist er að álíta lokið, er heim er komið.

61. gr. Nú hlekkist skipi á eða það verður hernumið og upptækt gjört, og á skipshöfnin þá heimting á kaupi til þess dags, er því hlekktist á eða varð gjört upptækt þ. e. umsömdu mánaðarkaupi, eða, hafi samið verið um til tekna upphæð fyrir alla ferðina, þá svo miklu, sem þeir hefðu átt kost á, ef um venjulegt mánaðarkaup hefði verið samið, þó ekki meiru en því, er um samið var fyrir ferðina, nema það leiði af því, sem segir í 56. og 57. gr.

Svo á skipshöfnin og heimting á að fá ókeypis far heim, þar með talið fæði eða fæðispeningar, á kostnað útgjörðarmanna, og hæfilega þóknun fyrir það, er hún hefur unnið að björgun.

Þegar skip hefur verið hernumið, hefur skipstjóri þó rjett á, að senda skipshöfnina heim, án þess að bíða þess, hvað af skipinu verði gjört, en hún á þá heimting á kaupi, þangað til heim er komið, nema skipið hafi áður verið gjört upptækt.

62. gr. Nú hefur skipi hlekkzt á og það hættir við ferð sína erlendis, fyrir því, að það hefur laskazt svo mjög, að annaðhvort verður eigi við það gjört eða að kostnaður við aðgjörðina mundi nema meiru en skipið yrði vert á eptir, þá á skipshöfnin að eins heimting á að fá ókeypis heimferð, og kaup eins og hefði skipið strandað þann dag, þá er skipshöfninni er sagt upp vist, fyrir því að skipið sje ófært til áframhalds.

63. gr. Nú sýkist eða slasast einhver skipverja, og er sjálfum eigi um að kenna, og er hann eigi ferðafær, og fær hann þá umsamið kaup eða venjulegt mánaðarkaup fyrir þá daga, er hann hefur unnið fyrir kaupi. Ef hann sýkist eða slasast við vinnu sína í þarfir skipsins, á hann ennfremur að fá lækning og hjúkrun á kostnað útgjörðarmanna, þó ekki lengur en um 4 vikur. Það, sem honum hefur þegar greitt verið upp í kaup, er þá eigi apturkræft.

Nú sýkist maður eða slasast á leiðinni, og er honum eigi um að kenna, og skal honum þá hjúkrað á skipi, eða hann sendur í land til lækningar og hjúkrunar, ef það er gjörandi og á því þörf. Nú er hann eigi orðinn svo ferðafær, er skipið fer þaðan, sem hann var fluttur í land, að hann verði hafður með, og skal skipstjóri þá annast um, að haldið verði áfram að veita honum aðhjúkrun í landi, og að hann verði, þegar þar að kemur, sendur heim, hvorttveggja á kostnað útgjörðarmanna. Hinn sjúki maður skal halda kaupi sínu meðan hann er við skipið. En verði að skilja hann eptir í landi, fær hann umsamið eða venjulegt mánaðarkaup, eptir því, hvort hann er ráðinn með mánaðarkaupi eða fyrir tiltekna upphæð, til þess dags, er skipið fer frá þeim stað, þar sem hann verður eptir, en þó ekki meira en um var samið fyrir ferðina, nema það sje heimilað í 56. og 57. gr.

64. gr. Nú deyr einhver skipverja á ferðinni, og annast þá skipstjóri útför hans. Kaup hans til dauðadags, sem fer eptir því, er umsamið var eða venjulegu mánaðarkaupi, skal borga búi hans eða erfingjum að frádregnum nauðsynlegum útfararkostnaði.

65. gr. Nú sýkist maður og er sjálfur valdur að, og er skipstjóri engu að síður skyldur til að útvega honum lækning og hjúkrun, hvort heldur á skipinu eða í landi erlendis; og sje það erlendis, skal skipstjóri fje út leggja fyrirfram í þessu skyni svo sem þörf er á; en kostnað af þessu, svo og af því, að orðið hefur að fá annan í hans stað, má borga af kaupi hans, meðan það hrekkur.

66. gr. Nú er maður sjúkur, er skipið kemur heim og er eigi sjálfur valdur að, og á hann þá að fá lækning og aðhjúkrun í allt að 4 vikur á kostnað útgjörðarmanna.

67. gr. Nú reynist einhver úr skipshöfninni ónýtur til þess starfa, er hann hefur ráðizt til, og getur skipstjóri, ef það sannast með áliti tveggja hinna helztu af skipverjum að svo sje, minnkað kaup hans allt að helmingi, en þess skal jafnframt gætt, að

ástæður fyrir áliti þeirra og úrskurður skipstjóra verði með nákvæmni ritaður í bók þá, er 37. gr. ræðir um, og það síðan upplesið fyrir hlutaðeigandi í áheyrn vottanna, og riti þeir því næst allir undir það nöfn sín. Nú vill sá eigi undirskrifa, er úrskurðurinn er um, og eiga þá vottarnir að geta þess í bókinni, að honum hafi verið veittur kostur á því.

Um það, hvernig hlutaðeigandi geti borið sig upp undan þessum úrskurði, og um afleiðingar af þeirri kæru fer eptir því, sem segir í 39. gr., þannig að það, sem þar segir um afleiðingar af því, að brotið hefur verið gegn fyrirmælum 37. gr., á líka við þegar fyrirmælum þessarar 67. greinar hefur eigi fylgt verið tilhlýðilega.

68. gr. Því, sem sparast af kaupi við það, að skipverjum fækkar á leiðinni, skal skipt milli hinna annara í skipshöfninni (að skipstjóra undanskildum), að tiltölu við kaup hvers. Þó á þetta sjer eigi stað, þegar strok veldur fækkun.

69. gr. Þegar skip liggur við land, og skipverjum er fengið starf á sunnudögum og öðrum helgidögum, um fram venjulega vinnu að því að halda skipinu hreinu, þurka segl, gegna nauðsynlegum bátstörfum, tilbúa mat og hagræða eptir þörfum skipinu, svo að óhult sje, þá skal borga þeim það með ½ dags kaupi fyrir hverja tveggja stunda vinnu.

70. gr. Þá er í undanförnum greinum ræðir um heimför skipverja eða heimsending, þá á skipstjóri kost á að velja, hvort heldur hann vill þann stað, þar sem skiprúms-samningar fóru fram, eða annan stað, þar sem hann eptir samningnum átti kost á að láta þann, er heim skal fara eða sendast, fara úr skiprúmi.

5. kapituli. Almenn ákvæði.

71. gr. Landshöfðingi semur reglugjörð um viðurværi skipshafnar.

Landshöfðingi segir og fyrir um, hver læknislyf skuli vera á skipi og hve mikið af þeim.

72. gr. Lög þessi prentuð og reglugjörðin um viðurværi skipshafnar skulu vera á hverju íslenzku skipi til leiðbeiningar og eptirbreytni fyrir alla þá, er hlut eiga að máli.

Ef skipstjóri sýnir af sjer vanrækt í þessum greinum, sætir hann sektum, 10 til 100 kr.

Nd. **426. Nefndarálit**

í málinu: frv. til laga um hundaskatt og fleira, eins og það var samþykkt við 3. umr. í Ed.

Breytingar þær, sem Ed. hefur gjört á frv., getum vjer aðhyllzt og ráðum því hinni háttvirtu deild til að samþykkja frv. eins og það nú er.

Alþingi 15. ág. 1889.

Jónas Jónassen,	Þorleifur Jónsson,	Þorlákur Guðmundsson.
formaður.	skrifari og framsögumaður.	

Nd. **427. Nefndarálit**

í málinu: frv. til laga um breyting á lögum um kosningar til alþingis 14. sept. 1877.

Hin heiðraða neðri deild hefur kosið oss, til að segja álit vort um frv. til laga

um breyting á lögum um kosningar til alþingis 14. sept. 1877, og viljum vjer skýra frá því á þessa leið:

Aðalbreytingin, sem farið er fram á í frv. þessu, er fólgin í því, að kosningar til alþingis skuli að jafnaði fara fram í hreppum, en eigi eins og ákveðið er í hinum núgildandi kosningarlögum á einum stað í kjördæminu. Eins og tekið er fram í áliti nefndar þeirrar, er sett var í efri deild í máli þessu, miðar því frv. þetta til þess að gjöra kjósendum auðveldara að neyta kosningarrjettar síns. En jafnframt gjörir frv. þingmannsefnum erfiðara fyrir að bjóða sig fram til kosninga, með því að heimta, að þingmannsefnið hafi fengið skrifleg meðmæli að minnsta kosti tveggja kjósenda úr meiri hluta hreppa þeirra og bæjarfjelaga, sem í kjördæminu eru.

Í hinum núgildandi kosningarlögum er það heimtað stranglega, að meiri hlutur atkvæða, sem greidd eru, þurfi til rjettrar kosningar, en eptir frv. því, er hjer liggur fyrir, eiga þeir að verða rjett kjörnir alþingismenn, er flest atkvæði hafa, enda þótt þau kunni að vera aðeins lítill hlutur atkvæða þeirra, er greidd hafa verið.

Nefndin var á einu máli um það, að í sjálfu sjer væri mjög æskilegt, að setja kjörstaði sem víðast í kjördæminu, og að það ætti að vera mikið umhugsunarefni fyrir menn, að fá kosningunum svo fyrir komið, að sem flestir kjósendur ættu hægra með, að kjósa menn til alþingis.

Þetta er og samkvæmt stefnu tímans, því að í kosningarlögum flestra landa í Norðurálfu eru ákvæði um, að hafa fleiri en einn kjörstað í kjördæmi.

Þannig er það ákveðið í kosningarlögum Englendinga 18. júlí 1872 5. gr., að kjörstaðir í kjördæmum skuli vera svo þjett, að hver kjósandi þurfi að jafnaði eigi að fara lengra en 4 enskar mílur til kjörstaðarins, þó svo, að eigi sje þörf á, að hafa sjerstakan kjörstað fyrir færri en 100 kjósendur.

Aptur á móti getur nefndin eigi fallizt á hinar aðrar breytingar á hinum núgildandi kosningarlögum. Það er þannig allt of mikið að heimta, að þingmannsefnið hafi skrifleg meðmæli að minnsta kosti tveggja kjósenda úr meiri hluta hreppa þeirra og bæjarfjelaga, sem í kjördæminu eru. Vjer vitum heldur eigi til, að líkar krófur sjeu gjörðar í öðrum löndum. Á Englandi er t. a. m. að eins heimtað, að þingmannsefnið hafi meðmæli 10 kjósenda einhverstaðar úr kjördæminu, og eru kjördæmin þar þó miklu fjölmennari en hjer. En eptir frv. yrði þingmannsefni, er byði sig fram í þeim kjördæmum, þar sem eru 12 hreppar, að hafa að minnsta kosti 14 meðmælendur úr 7 hreppunum.

Þar sem margir ætla að bjóða sig fram, getur jafnvel farið svo, að það sje nær ómögulegt fyrir þingmannsefni, að fullnægja þessu skilyrði. Getum vjer því eigi ráðið hinni háttvirtu deild til að samþykkja ákvæði frv. um þetta efni.

Þá þykir oss heldur eigi heppileg breytingin á hinum núgildandi kosningarlögum í þá átt, að þingmaður skuli verða rjett kjörinn með flestum atkvæðum, jafnvel þótt þessi atkvæði sjeu að eins lítill hlutur atkvæða, í stað þess, að nú er heimtað, að þingmaðurinn verði að fá meiri hlut atkvæða. Ef þessi breyting fengi framgang, gæti afleiðingin orðið sú, að þingmenn yrðu kosnir á móti vilja meiri hluta þeirra, er atkvæði greiddu, nema því að eins, að undirbúningur til kosningarinnar væri mjög mikill. Það er að vísu talið nægja á Englandi, að þingmaðurinn hafi flest atkvæði, en hjer á landi eru kjördæmin miklu víðlendari og torsóttari yfirferðar, svo að þessu leyti er eigi hægt að bera Ísland og England saman. Enda ber að geta þess, að kosningar á Englandi eru ákaflega kostnaðarsamar. Þannig voru lögleg og leyfileg kosningaútgjöld 1880 45 milj. kr. eða að meðaltali 70 þús. kr. fyrir hvern þingmann í neðri málstofunni.

Oss þykir því nauðsynlegt skilyrði fyrir rjettri kosningu, að þingmaður skuli þurfa meiri hlut atkvæða þeirra, er greidd eru, eins og ákveðið er eigi að eins í vorum núgildandi kosningarlögum, heldur og í kosningarlögum nálega allra landa í Norðurálfu, en af því leiðir aptur, að endurkosningar verða að fara fram að minnsta kosti einu sinni, ef ekkert þingmannsefnið fær meiri hlut atkvæða í fyrsta skipti.

Vjer erum þannig mótfallnir frv. í tveimur verulegum atriðum og þykir oss því nauðsynlegt, að gjörðar yrðu breytingar á því. Hins vegar höfum vjer eigi sjeð oss fært, að koma fram með ákveðnar tillögur um það, hvernig breytingarnar skyldu vera, því að oss þætti það æskilegt, að þingmenn hefðu lengri tíma, en nú er kostur á til að íhuga, hvort eigi væri heppilegt að gjöra aðrar breytingar á frv. um leið, og kjörstöðum væri fjölgað. Þegar kjörstaðirnir yrðu í hverjum hreppi mundu kosningarnar verða nokkuð kostnaðarsamar, einkum ef endurkosningar kæmu opt fyrir, og væri því athugavert, hvort ekki væri rjett að breyta kosninga aðferðinni þannig, að ekki þyrfti að koma til endurkosningar eða þá að gjöra kjördæmin minni, svo að einungis væri kosinn einn þingmaður í hverju kjördæmi.

Í þessa átt hafa Englendingar farið og gjört þær breytingar á kjördæmunum með lögum 25. júní 1885, að nálega í öllum kjördæmum er kosinn að eins einn þingmaður. En til endurkosninga þyrfti eigi að koma, ef kjördæmin væru stækkuð og tekin væri upp minnihluta kosning, eins og hefur átt sjer stað í sumum kjördæmum á Englandi fram að 1885, eða ef tekin væri upp hlutfallskosning, eins og farið var fram á í frv. til kosningarlaga, er samþykkt var af alþingi 1886.

En eins og vjer höfum áður getið um, sjáum vjer oss eigi fært að koma fram með ákveðnar tillögur í þessu efni og því ráðum vjer hinni háttvirtu deild til þess að fella nú frumv. það, er oss hefur verið fengið til meðferðar.

Alþingi 15. ágúst 1889.

Páll Ólafsson,	Páll Briem,	Jón Jónsson,
formaður.	framsögum.	skrifari.

Ed. **428. Frumvarp**

til laga um breyting á 3. gr. og 8. gr. í tilskipun 31. maí 1855 um eptirlaun. — Eptir 3. umr. í Nd.

1. gr. Í stað þeirra eptirlauna upphæðar, sem ákveðin er í fyrstu málsgrein 3. greinar í tilskipun 31. maí 1855, skal upphæð eptirlauna þeirra, er þar ræðir um, vera $^1/_8$ af launaupphæðinni og enn fremur $^1/_2$ % af henni fyrir hvert ár, er hlutaðeigandi embættismaður hefur þjónað með eptirlaunarjetti, þó skulu eigi tekin til greina fleiri en 42 þjónustuár.

2. gr. Í stað eptirlauna þeirra, sem ekkjum embættismanna eru ákveðin með annari málsgrein 8. greinar sömu tilskipunar, skulu ekkjum þeim, er þar ræðir um, veittar 200 kr. í eptirlaun árlega.

3. gr. Þeir, sem eru í embættum, þá er lög þessi öðlast gildi og hafa rjett til eptirlauna samkvæmt tilskipun 31. maí 1855, halda fyrir sig og ekkjur sínar jetti til eptirlauna samkvæmt þeirri tilskipun.

Ed. **429. Frumvarp**

til laga um skyldu embættismanna að safna sjer ellistyrk eða útvega sjer lífeyri eptir 70 ára aldur. — Eptir 3. umr. í Nd.

1. gr. Að undanteknum prestum, skal hver, sem verður embættismaður með rjetti til eptirlauna úr landssjóði, eptir að lög þessi öðlast gildi, safna sjer ellistyrk eða kaupa sjer tryggingu fyrir lífeyri, eptir að hann er 70 ára að aldri.

2. gr. Til þess að safna sjer ellistyrk, skal embættismaðurinn á ári hverju verja svo miklu fje, eptir því sem landsstjórnin nákvæmar til tekur, að ætla megi, að upphæð sú, er safnast mundi við það, að halda því stöðugt áfram, mundi, þegar embættismaðurinn væri 70 ára gamall, nema með vöxtum launum hans í $2\frac{1}{3}$ ár; en ef hann kaupir sjer tryggingu fyrir lífeyri, þá skal hann verja til þess svo miklu fje, að hann eptir 70 ára aldur geti haft árlegan lífeyri, er nemi $\frac{1}{3}$ af launum hans.

3. gr. Ellistyrkur sá, er safnast, skal geymast og ávaxtast í einhverjum þeim sjóði, er landsstjórnin tekur gildan; en sje keypt trygging fyrir lífeyri, þá skal gjöra það hjá lífsábyrgðar og framfærslustofnuninni frá 1871. Eignarskýrteini fyrir ellistyrknum eða lífeyristryggingunni geymist hjá landsstjórninni.

4. gr. Upphæð þeirri, sem embættismaður er skyldur að gjalda eptir lögum þessum, skal halda eptir af launum hans. Borgi hann eitt skipti meira en honum ber, þá hefur hann rjett til að borga þeim mun minna síðar.

5. gr. Þegar embættismaður, sem hefur safnað sjer ellistyrk, fer frá embætti eða er orðinn 70 ára að aldri, getur hann farið að fá alla vextina af honum, svo getur hann og fengið sjer keyptan æfilangan lífeyri fyrir meir eða minna af honum. Sá ellistyrkur, sem maður á, þegar hann deyr, gengur til dánarbús hans sem önnur eign.

6. gr. Landsstjórnin setur hinar nákvæmari reglur til framkvæmdar lögum þessum.

Ed. **430. Frumvarp**

til laga um breyting á nokkrum prestaköllum í Dala og Barðastrandar prófastsdæmum. — Eptir 3. umr. í Nd.

1. gr. Saurbæjarþingaprestakall skal vera Staðarhóls- og Hvolssóknir í Dala-prófastsdæmi og Garpsdalssókn í Barðastrandar-prófastsdæmi. Hver hinna þriggja kirkna brauðsins skulu vera þriðjungakirkjur.

Þegar sameining þessi er komin á, fellur burt það 300 kr. tillag úr landssjóði, sem Garpsdalsprestakalli er ákveðið með lögum 4. nóv. 1881.

2. gr. Skarðsþingaprestakall skal vera Skarðs- og Dagverðarness-sóknir. Skarðs- og Dagverðarness-kirkjur skulu vera helmingakirkjur.

3. gr. Hvammsprestakall skal vera Hvamms-og Staðarfells-sóknir. Hvamms- og Staðarfells-kirkjur skulu vera helmingakirkjur. Brauð þetta heldur kirkjujörðum þeim og prestsmötum, sem því tilheyrðu fyr meir.

4. gr. Hjarðarholtsbrauð skal vera Hjarðarholtssókn.

Ed. **431. Viðaukatillaga**

við 15. gr. fjárlaga fyrir árin 1890 og 1891 — Frá Jakob Guðmundssyni.

Á eptir: »J. Thorarensen 50 kr.« komi: til umboðsmanns Árna Thorlacius 200 kr. hvort árið.

Ed. **432. Nefndarálit**

í málinu: frumvarp til laga um að fá útmældar lóðir í kaupstöðum og á löggiltum kauptúnum o. fl.

Undirskrifuð nefnd, er kosin var af h. háttv. efri deild til þess að segja álit sitt um frumvarp til laga um að fá útmældar lóðir í kaupstöðum og á löggiltum kauptúnum o. fl. hefur fengið frumvarpið eins og það hefur verið samþykkt í hinni háttvirtu neðri deild eptir umræður þar, og þar sem breyting sú á 3. grein, er neðri deildin hefur gjört, er heldur til bóta, vill nefndin leyfa sjer að leggja það til, að frumvarpið verði samþykkt eins og það nú er.

Alþingi 15. ágúst 1889.

J. Havsteen, formaður. Árni Thorsteinson. E. Th. Jónassen, skrifari og framsögumaður.

L. E. Sveinbjörnsson. Arnljótur Ólafsson.

Nd. **433. Nefndarálit**

í málinu: frv. til laga um samþykktir í landbúnaðarmálum.

Nefndin hefur íhugað mál þetta, og álitið rjettast, að sleppa 2. gr. frumvarpsins viðvíkjandi ágangi af skepnum.

Um 1. gr., er veitir sýslunefndum vald til að gjöra samþykktir um heyásetning m. m., hefur nefndin ekki getað orðið á eitt mál sátt. Meiri hlutinn álítur mál það, sem hjer er um að ræða, svo mikilsvert, að löggjafarvaldið eigi ekki að láta það með öllu afskiptalaust, heldur sje það rjett, að gjöra hverjar þær ráðstafanir til að sporna við fyrirhyggjulausum heyásetningi og þar af leiðandi skepnufelli í harðindum, sem samrýmzt geta rjetti einstaklinganna til að hafa sem frjálsust umráð yfir eignum sínum. Og með því svo er ákveðið, að amtmaður eigi að synja samþykkt staðfestingar, ef einhver ákvæði hennar skerða rjett manna eða þröngva um of atvinnufrelsi manna, virðist þar með fengin full trygging fyrir því, að það fyrirkomulag, sem 1. gr. frumvarpsins gjörir ráð fyrir, gaðgi ekki of nærri rjetti einstaklinganna.

Meiri hluti nefndarinnar vill því ráða hinni háttvirtu þingdeild til að samþykkja frumvarpið með þessum breytingum:

1. 2. gr. falli burt.
2. Fyrirsögnin orðist svo: Frumvarp til laga um samþykktir um heyásetning o. fl.

Neðri deild alþingis, 15. ágúst 1889.

Páll Briem, form. og framsögum. Ólafur Briem, skrifari. Grímur Thomsen. Jón Jónsson.

Með skírskotun til míns ágreiningsatkvæðis.

Jeg er meiri hluta nefndarinnar fullkomlega samdóma um, að 2. gr. frumvarpsins eigi burt að falla, af því, að ákvæði um það, sem hún ræðir um, heyri alls eigi undir samþykktir, heldur sje hreint löggjafarmálefni.

Jeg er og meiri hluta samdóma um, að mál það, sem hjer er um að ræða, sje svo mikilsvert, að lögggjafarvaldið eigi að hafa þau afskipti af því, sem það getur haft, án þess að skerða hin helgustu rjettindi manna, umráð yfir eignum sínum og frjálsri meðferð á þeim. Löggjafarvaldið hefur í þessu tilliti gjört það, sem það getur gjört, að leggja hegningu við horfelli og illri meðferð á skepnum. Lengra á það eptir eðli sínu ekki að fara, heldur verður það, sem meira þarf, að gjörast af frjálsum vilja. Vil jeg trúa því, að landar mínir sjái skynsamlega um efni sín, án þess að öðrum sje gefin heimild til að þvinga þá með lögum og svipta þá umráðum eigna sinna. Vil jeg að löggjafarvaldið fari sem sparast í, að veita sýslunefndum af valdi því, sem því ber.

Alþingi, 15. ágúst 1889.

Þórarinn Böðvarsson.

Nd. **434. Frumvarp**

til laga um bann gegn innflutningi á útlendu kvikfje og um afnám laga 17. marz 1882 um sama efni. — Eptir 3. umr. í Ed.

1. gr. Það skal öllum bannað að flytja hingað til landsins frá útlöndum sauðfjenað, nautgripi eða hesta. Þó má landshöfðingi veita undanþágu frá banni þessu, og leyfa innflutning til Reykjavíkur með þeim skilyrðum, að lögreglustjóra þar sje sýnt vottorð hlutaðeiganda yfirvalds eða verzlunarfulltrúa Danaveldis á útflutningsstaðnum um það, að skepnan sje heilbrigð, að því er sjeð verður, þá útflutt er, og að hún komi eigi frá sýktum stað; að lögreglustjóri og hjeraðslæknir skoði hana ásamt tveimur tilkvöddum kunnugum mönnum, áður en hún er flutt í land, og að henni sje þegar lógað, ef hún er sýkt, en ef skepnan er heilbrigð, skal henni haldið sjer undir tilsjón lögreglustjóra í 8 vikur að minnsta kosti, en tafarlaust lógað, ef hún á þeim tíma sýkist.

Fyrir skoðunina greiðir sá, sem inn flytur, lögreglustjóra, lækni og skoðunarmönnum, 3 kr. hverjum, og allan þann kostnað, sem leiðir af gæzlu skepnunnar, sem innflutt er.

2. gr. Brot gegn lögum þessum varðar sektum, ekki lægri en 100 kr. fyrir skipstjóra þann, er fjenaðinn flutti inn, og jafnháum fyrir þann, er fjenaðurinn er fluttur til, og skal fjenaðurinn gjörður upptækur og drepinn að tilhlutun lögregulstjórnarinnar. Sektirnar renna í landssjóð.

Með mál út af brotum gegn lögum þessum skal farið sem opinber lögreglumál.

3. gr. Með lögum þessum eru úr gildi numin lög 17. marz 1882, um bann gegn innflutningi á útlendu kvikfje.

Ed. **435. Frumvarp**

til fjáraukalaga fyrir árin 1888 og 1889. Eptir 2. umr. í Ed.

1. gr. Sem viðbót við útgjöld þau, sem talin eru í fjárlögunum fyrir 1888 og 1889 veitast 5,584 kr. 41 eyr. til útgjalda þeirra, sem nefnd eru í eptirfarandi 2.—6. gr.

2. gr. Sem viðbót við útgjöldin við umboðsstjórnina o. fl. í 10. gr. C veitast 200 kr., sem þóknun til ábúanda á nokkrum þjóðjörðum fyrir að varna skemmdum af Hafursá í Dyrhólahreppi.

3. gr. Sem viðbót við útgjöldin við læknaskipunina í 11. gr. 3 (önnur útgjöld) veitast: 84 kr. til yfirsetukonu Þorbjargar Sveinsdóttur fyrir seinni helming ársins 1884 og árin 1885, 1886 og 1887.

4. gr. Sem viðbót við gjöldin í þarfir andlegu stjettarinnar í 13. gr. A. b. (önnur útgjöld) veitast:

300 kr. 41 e. í uppbót handa núverandi presti Hólma prestakalls í Suðurmúla prófastsdæmi, fyrir tekjumissi þann, er hann hefur beðið fardaga-árin 1886—87 og 1887—88, eptir að út komu lög 19. febr. 1886 um utanþjóðkirkjumenn.

Prestinum í Laufássprestakalli veitist uppgjöf á 400 kr. árgjaldi af tjeðu brauði, árin $18\frac{83}{84}$—$18\frac{87}{88}$, samtals 2000 kr.

Sem uppbót til prests þess, er þjónað hefur Gufudalsprestakalli frá fardögum 1884 til fardaga 1890, samtals 1000 kr.

5. gr. Sem viðbót við gjöld þau, sem veitt eru í 15. gr. fjárlaganna, veitist til Solveigar Jónsdóttur, ekkju alþingismanns Jóns Sigurðssonar: 1000 kr.

6. gr. Sem viðbót við gjöld þau, sem veitt eru í 17. gr. fjárlaganna veitast:

1000 kr. til hæstarjettarmálaflutningsmanns Octavíusar Hansens fyrir aðstoð í Fensmarksmálinu í þarfir alþingis.

Nd. **436. Breytingartillaga**

við frv. til farmannalaga. — Frá Eiríki Briem, Þorvarði Kjerúlf, Páli Briem, Árna Jónssyni, Jóni Jónssyni þm. N.-Þ. og Páli Ólafssyni.

Við 12. gr. Fyrir: »Aðalstefna eptir áttavita« komi: Misvísandi aðalstefna.

Nd. **437. Nefndarálit**

um frv. til laga um sölu nokkurra þjóðjarða.

Nefndin, sem hafði mál þetta til meðferðar í Nd. hefur íhugað frv. eins og það kom frá h. háttv. Ed. og leggur til, að við 1. grein bætist nýr liður, sem verður 3. Meiðastaði í Rosmhvalaneshreppi. . . . . 3000 kr.

Þór. Böðvarsson, formaður. Ólafur Pálsson. Þorl. Guðmundsson, skrifari.

Nd. **438. Breytingartillaga**

við frumvarp til laga um breytingar nokkrar á tilskipun 4. maí 1872 um sveitarstjórn á Íslandi, o. fl. — Frá Þorláki Guðmundssyni.

Við 2. gr. A eptir orðunum: »í amtinu« komi: nema Vestmannaeyjum.

Nd. **439. Viðaukatillaga**

við tillögu til þingsályktunar um fátækramálefni. — Frá Þórarni Böðvarssyni.

Aptan við tillöguna bætist svolátandi málsgrein:

Borgun til nefndarmanna greiðist af fje því, sem í fjárlögunum er ætlað til óvissra útgjalda, eptir reikningi, sem landshöfðingi úrskurðar.

Nd. **440. Tillögur**

yfirskoðunarmanna við landsreikningana 1886 og 1887.—Eptir eina umr. í Ed.

Alþingi ályktar, að skora á landsstjórnina, að hlutast til um:

1. Að framvegis, þegar hinir sjerstöku reikningar fyrir tekjum landssjóðs tilfæra einhverjar upphæðir sem eptirstöðvar, þá fylgi þar með skýrsla um, hvar þær standi, og hverjar ráðstafanir hafi verið gjörðar til að innheimta þær.
2. Að öllum landssjóðslánum til einstakra manna verði smámsaman eptir atvikum breytt í afborgunarlán, og að engin slík lán verði framvegis veitt úr viðlagasjóði, nema gegn árlegri afborgun, í lengsta lagi til 28 ára.
3. Að brunabótagjald fyrir hús embættismanna utan Reykjavíkur, sem veðsett eru landssjóði, verði til tryggingar fyrir hann greitt af embættislaunum þeirra.
4. Að fyrv. háyfirdómara Jóni Pjeturssyni, er fengið hefur 200 kr. styrk til að gefa út kirkjurjett, verði settur hæfilegur frestur til að ljúka við útgáfuna, ella verði honum gjört að skyldu að endurborga styrkinn.

Nd. **441. Nefndarálit**

í málinu: Frumvarp til laga um lausamenn.

Hin virðulega neðri deild alþingis hefur kosið oss, til að segja álit vort um frumvarp til laga um lausamenn.

Eptir að vjer nú höfum rætt og athugað málið eptir föngum, leyfum vjer oss að skýra frá áliti voru á þessa leið:

Aðalefni frv. þessa er það, að gjöra hverjum manni, sem er fjár síns ráðandi, konum sem körlum, heimilt að vera í lausamennsku, móti því að greiða lítið gja'd fyrir leyfisbrjef til lausamennskunnar. Þannig yrði þá vistarskyldunni ljett mjög af og atvinnufrelsi rýmkað að miklum mun.

Í 51. gr. stjórnarskrárinnar er svo ákveðið, að öll bönd á atvinnufrelsi skuli afnema með lögum, ef þau eru ekki byggð á almenningsheill. Verður því hjer á það að líta, hvort vistarskyldan, sem er mjög mikið band á atvinnufrelsi, sje nauðsynleg sakir almenningsheilla eða ekki.

Nefndin hefur ekki getað orðið á eitt mál sátt. Þremur af oss nefndarmönnum kemur saman um það, að þjóðheill vor mundi engu minni, þótt aðgangur að lausamennsku væri mjög mikið rýmri en nú er. Enda mun sú skoðun vera farin að ryðja sjer til rúms víða um land, að rjett sje og nauðsynlegt að rýmka vistarbandið til mikilla muna. Er það ætlun vor, að innan skamms hljóti að draga að því, að bönd þau, er nú liggja á atvinnufrelsi manna í þessu efni, verði allmikið losuð.

Vjer erum þeirrar skoðunar, að þá er um það er að ræða, hve mikið rýmka skuli aðganginn að lausamennsku nú þegar, verði varla skemmra farið, en frv. gjörir ráð fyrir. Enginn, sem yngri er en 25 ára, getur fengið að vera í lausamennsku, þar sem það er bundið við það, að vera „fjár síns ráðandi". Eins og allir vita, er það ekki nema nokkur hluti vinnufólks, sem er kominn yfir þann aldur; hinir allir, sem yngri eru, verða að vera í vist eptir sem áður. Þótt frv. því yrði að lögum, eins og það nú er, væri margt af vinnufólki, er eigi hefði opinn aðgang að lausamennsku. Þess má og gæta, að margir þeirra, er rjett

hefðu til lausamennsku, mundu heldur kjósa að vera vistráðnir eptir sem áður. Virðist því mega ætla, að engin stórkostleg eða hættuleg breyting yrði, þótt lausamennskurjetturinn sje ekki meira takmarkaður, en hjer er gjört ráð fyrir.

Ákvæði frv. um heimili lausamanna, trygging fyrir greiðslu lögboðinna gjalda, og um aðhald og sektir virðast vera ljós og hófleg, en þó nægileg, til að koma í veg fyrir þá óreglu, er leitt gæti af flakki og óreiðu, er einstaka óráðsmenn og ónytjungar kynnu að hneigjast að.

Vjer verðum að öllu þessu athuguðu, að álíta mikilsverða rjettarbót fólgna í frv. þessu, og ráðum vjer því hinni háttvirtu þingdeild að samþykkja það með þessum breytingum:

1. Við 1. gr. Í stað orðanna: „og skal honum greitt . . . . . ómakslaun“, komi: og skal honum í ómakslaun greidd fyrir brjefið 1 kr. af karlmanni, en 50 a. af kvennmanni.
2. — 2. gr. Í stað orðanna: „er veitir honum húsnæði“ komi: er hann hefur heimili hjá.

Alþingi, 15. ágúst 1889.

Þ. Guðmundsson, form. og framsögum. Páll Briem. Jón Jónsson.

Þótt við undirskrifaðir sjeum samdóma hinum heiðruðu meðnefndarmönnum vorum í því efni, að ástæða sje til að rýmka rjett manna til að vera í lausamennsku, þá þykir oss ísjárvert að ganga nú þegar í því efni eins langt og gengið er í frumvarpi því, er nefndin hefur haft til meðferðar, og við álítum að þörf væri á, að minnsta kosti í byrjuninni nokkrum frekari takmörkunum, en þar er gjört ráð fyrir; en með því að svo skammt er eptir af þingtímanum, að hætt er við, að mál það, er hjer ræðir um, geti eigi orðið útrætt að þessu sinni, þykir oss eigi nauðsynlegt að koma fram með ákveðnar tillögur til breytinga á frumvarpinu, er oss mundi þykja þörf á.

Eiríkur Briem. Þorvarður Kjerúlf.

Ed. **442. Breytingartillaga**

við frv. til fjárlaga fyrir árin 1890 og 1891. — Frá Skúla Þorvarðarsyni.

Aptan við 10. gr. B. 3. c. bætist inn í nýr stafliður svo hljóðandi:

d. „Til að fullgjöra fangaklefa á Eyrarbakka 200—»—“.

Ed. **443. Frumvarp**

til laga um eignarrjett á sömdu máli. — Eptir 3. umr. í Nd.

1. gr. Höfundur hver á eignarrjett á því, er hann hefur samið og eigi út gefið, þannig að enginn annar má án hans leyfis gefa það út á prenti eður margfalda það á annan því líkan hátt. Sama rjett öðlast sá, er við gjöf, arf, kaup eða annan löglegan hátt hefur fengið útgáfurjettinn.

2. gr. Hafi höfundur gefið út hjer á landi rit á íslenzku, þá má enginn annar en hann eða sá, sem þann rjett hefur öðlazt samkvæmt þessum lögum, gefa það út aptur.

Nú gefur höfundur út hjer á landi rit á öðru máli en íslenzku, og á þá hver maður rjett á að gefa út þýðing á íslenzku af því, nema höfundur gefi út sjálfur slíka þýðing innan árs, enda hafi á titilblaði rits síns áskilið sjer slíkan rjett eða lýst því, að hann mundi neyta hans.

3. gr. Nú selur maður prentrjett að riti sínu, og nær þá eignarrjettur kaupanda til einnrar prentunar (útgáfu) að eins, nema berlega sje öðruvísi um samið. Enginn samningur eða gjörningur um kaup eða sölu á útgáfurjetti rits er gildur, nema skriflegur sje og við vitundarvotta gjör.

4. gr. Nú hefur höfundur birt ritgjörð í blaði, tímariti eður ritsafni, enda sje ritgjörðin eigi að vöxtum verulegasti hluti safnsins, og á þá kostnaðarmaður eður útgefandi eignarrjett á ritgjörðinni í 5 ár, nema öðruvísi sje um samið, nema blað það, tímarit eður ritsafn eður sá hluti þess, sem ritgjörðin er í, verði fyrr uppseldur eður ófáanlegur við upphaflegu verði hjá útgefanda. En þá hverfur eignarrjettur aptur til höfundar.

5. gr. Arfleiða má höfundur hvern, er hann vill, að eignarrjetti samins máls eður og selja eður gefa eignarrjettinn eptir sig látinn. Ef hann arfleiðir annan að eignarrjettinum eða gefur hann sem dánargjöf, þá skal rjetturinn eigi til verðs metinn gagnvart öðrum eptirlátnum eigum hans, nema hann hafi sjálfur svo til skilið.

6. gr. Nú deyr sá, er eignarrjett samins máls hefur öðlazt við arfleiðslu eða gjöf, áður en hann hefur hagnýtt hann eða notið hans að fullu, og fellur þá rjetturinn til erfingja höfundarins samkvæmt næstu grein hjer á eptir, nema öðruvísi sje berlega ákveðið í arfleiðsluskránni eða gjafabrjefi.

7. gr. Nú hefur höfundur eigi arfleitt neinn að eignarrjetti samins máls, nje gefið hann eptir sig látinn, nje heldur selt hann, og erfir þá rjettinn ekkja höfundar eða ekkill, ef á lífi er, en ella lífserfingjar; en sjeu þeir heldur engir til á lífi, þá rjettir erfingjar samkvæmt erfðalögunum. Nú hefur ekkja eða ekkill þannig erft eignarrjett eptir höfund, þá fellur þó sá rjettur að ekkju eða ekkil dánum aptur til lífserfingja eða erfingja höfundar.

8. gr. Eignarrjettur að sömdu máli, svo sem nú var greint, helzt lífstíð höfundar alla, og 50 ár eptir hann látinn. Nú er rit eða ritgjörð eptir höfund eigi gefin út fyr en að honum látnum og helzt þá eignarrjettur á ritinu í 50 ár frá því, er það kom út fyrsta sinn. Eptir þennan tíma er hverjum frjálst, er vill, að gefa út ritin. — Rit, sem út koma án nafns höfundar, njóta sömu verndar í 50 ár frá því þau koma út í fyrsta sinn. Nú gefur höfundur sjálfur nafn sitt til kynna, eður einhver annar nefnir hann, er til þess hefur umboð hans, annaðhvort á nýrri prentun (útgáfu) ritsins eður með auglýsingu, sem birt er á sama hátt, sem lögboðinn er eða verður fyrir auglýsingar, er almenning varðar, og fer þá um eignarrjett á ritinu eins og höfundur hefði nafngreint sig þegar í fyrstu, er ritið kom út.

9. gr. Nú hefur rit, sem áður kom út, eigi verið fáanlegt hjá kostnaðarmanni þess við frumverði í 5 ár, og má þá hver, sem vill, gefa það rit út á ný. Sama er um einstök bindi rits. En ef eigandi útgáfurjettarins auglýsir á 6. ári á þann hátt, er ákveðið er, að almenning varðandi auglýsingar skuli birta, að hann ætli að gefa ritið út, og það kemur út innan árs frá birting auglýsingarinnar, enda hafi enginn annar gefið það út eptir að 5 árin voru liðin, og áður en auglýsingin var birt, þá heldur hann rjetti sínum óskerðum.

10. gr. Þýðingar af öðru máli á íslenzku njóta sama rjettar sem frumrit. En heimilt er að gefa út nýja, sjálfstæða þýðing á riti, þótt annar höfundur hafi áður þýtt hið sama rit.

Viðbætur, athugasemdir og skýringar við eldri rit skoðast sem frumrit, þannig að ef eignarrjettur að aðalritinu er undir lok liðinn, má þó enginn gefa það út með þessum skýringum, viðbótum eða athugasemdum, nema höfundur þeirra, meðan eignarrjettur helzt á þeim.

11. gr. Það er brot gegn lögum þessum að prenta upp rit, er annar á eignarrjett á, þótt á því sjeu gjörðar óverulegar eður þýðingarlausar breytingar, hvort heldur breytingarnar eru fólgnar í efni eða orðfæri.

12. gr. Heimilt er blöðum eða tímaritum að taka upp greinar úr blöðum eða öðrum tímaritum, án þess að varði við lög þessi, nema við þær greinir hafi prentað verið, að eptirprentun væri bönnuð; en tilgreina skal þá blað það eður tímarit, er greinin er úr tekin, ella varði við lög sem eptirprentun.

13. gr. Eigi er það saknæm eptirprentun að tilfæra orð eða setningar úr annars manns riti. Sama er um það, að heimilt er að taka einstök kvæði, ritgjörðir eður ritgjörðar-kafla upp í sýnisbækur af bókmenntum (*anthologíur* og *chrestomatíur*), alþýðlegar lesbækur eður önnur slík ritsöfn, eður sem sýnishorn í bókmenntasögur, ritdómlegar bækur eður ritgjörðir eður því um líkt, en aldrei má í sýnisbókum taka eptir einn höfund meira en nemi sjöttungi ritsafnsins eða sjöttungi bindis, ef ritsafnið er í fleiri bindum, án samþykkis þess eður þeirra, er rjettan hlut eiga að máli.

14. gr. Nú kemur rit út í fleiri bindum en einu, og skal þá það, sem á einu ári kemur út af því, skoðast sem eitt rit, að því er til ákvæða þessara laga kemur.

15. gr. Sá, sem hjer á landi selur rit, sem erlendis er út komið, og skerðir eignarrjett annars eptir lögum þessum, er sjálfur jafnsekur sem hefði hann látið prenta það hjer.

16. gr. Þá er brot gegn lögum þessum fullkomnað, er eitt eintak er fullprentað.

17. gr. Ræður á alþingi, í amtsráðum, sýslunefndum, hreppsnefndum, kjörþingum og hvers kyns samkomum um almenn mál, má hver prenta er vill, án þess að við þessi lög varði, nema höfundurinn hafi sjálfur gefið ræðu sína út á undan öðrum.

Lög, dóma, dómskjöl og önnur skjöl, er fyrir rjett hafa lögð verið eður þinglesin, eður hvers konar skjöl, er í embættisnafni eður almennri þjónustu hafa skráð verið, má hver prenta, er vill; dómskjöl í einka-málum þó að eins með samþykki annarshvors málsaðila.

18. gr. Brot gegn 12. gr. laga þessara varðar sektum frá 1—20 krónum, hvort heldur það er af ásetningi eður vangá orðið.

19. gr. Brot gegn öðrum ákvæðum laga þessara sæti 10—1000 kr. sektum. Bæta skal höfundi eður eiganda prentrjettar fullum bótum allt tjón, er af þessu leiðir fyrir hann eptir mati óvilhallra dómkvaddra manna; hafi ritið áður verið út gefið, skal meta bæturnar með hliðsjón af bóksöluverði því, er áður var á því og tölu þeirra eintaka, er líklegt má ætla að seld hafi verið. Eintök þau, er ólöglega eru prentuð og eigi eru seld, skulu upptæk vera og falla til þess, er útgáfurjettinn átti ef hann vill, nema rjetti þriðja manns verði með því hallað, ella skal þeim fyrirfarið. En eigi skal tillit taka til þess, þá er bætur eru ákveðnar, þó að eigandi útgáfurjettar fái eintök þessi sjer afhent.

20. gr. Eptir að lög þessi koma í gildi skal eptir ákvæðum þeirra fara eins um eignarrjett á sömdu máli því, er eldra er en þau eður áður útgefið. Með þessum lögum eru úr gildi numdar allar eldri lagaákvarðanir um eignarrjett á sömdu máli. Lög þessi öðlast gildi 1. jan. 1890.

Nd **444. Breytingartillaga**

við frv. til laga um hundaskatt og fleira eptir 3. umr. í Ed. — Frá nefndinni.

Við 4. gr. Á eptir orðunum: „einu hundraði úr jörðu“ komi: utan kaupstaða.

Ed. **445. Breytingartillaga**

við frv. til laga um að fá útmældar lóðir í kaupstöðum o. s. frv. — Frá Sighv. Árnasyni og Jóni Ólafssyni.

Við 4. gr. Í stað: „kemur ekki í bága við þeirra eigin bryggjuafnot“ komi: „fyrirbyggir eigi afnot bryggju þeirra, eða tálmar þeim afnotum að nauðsynjalausu“.

Ed. **446. Viðaukatillaga**

við frumvarp til fjárlaga fyrir árin 1890 og 1891. — Frá Jóni A. Hjaltalín.

Við 13. gr. IV, b. bætist við nýr tölul. (hinn 5.): Til styrkveitinga námspiltum á Möðruvallaskólanum 500 kr. hvort árið, (eða fyrir fjárhagstímabilið 1000 kr.).

Ed. **447. Frumvarp**

til laga um sölu nokkurra þjóðjarða. — Eptir eina umr. í Nd.

1. gr. Ráðgjafanum fyrir Ísland veitist heimild til, að selja ábúendunum eptirfylgjandi þjóðjarðir fyrir það andvirði, er að minnsta kosti nemi þeirri upphæð, sem greind er við hverja þeirra:

1. Á í Kleifahreppi . . . . . 850 kr.
2. Feigsdal í Dalahreppi . . . . . 1700 —
3. Meiðastaðir í Rosmhvalanesshreppi . . 3000 —

2. gr. Um sölu þessa skal farið eptir ákvæðum þeim, sem gjörð eru í 2. og 3. gr. í lögum nr. 26, 8. nóv. 1883.

3. gr. Heimild sú, sem veitt er til sölu þessarar, gildir að eins til 31. des. 1894.

Ed. **448. Breytingartillögur**

við frumvarp til fjárlaga fyrir árin 1890 og 1891. — Frá J. Havsteen og E. Th. Jónassen.

1. Við 13. gr. B. II. b. 7.
   Fyrir: „100 — 100 —“ komi: „200 — 200 —“.
2. — 13. gr. C. 2.
   Fyrir: „200 kr.— 200 kr.“ komi: „400 kr.— 400 kr.“.

Ed. **449. Breytingartillögur**

við frv. til laga um innheimtu og meðferð á kirknafje. — Frá F. S. Stefánssyni, Sighv. Árnasyni og Jóni A. Hjaltalín.

1. Við 1. gr. Á eptir orðin: „hlutaðeigandi sóknarnefnd“ bætist inn í: vilji hún það að sjer taka.
2. — 2. gr. Að orðin: „enda sje það verð — á gjalddaga“ falli burt.
3. — 7. gr. Að orðin: „er söfnuður hefur eigi tekið að sjer“ falli burt.

Ed. **450. Breytingartillaga**

við breytingartillögu 424. við frv. til stjórnarskipunarlaga um hin sjerstakl. málefni Íslands. — Frá Jóni Ólafssyni.

Við breyt.till. við 8. gr. 2. málsgr. Fyrir: „ásamt jarli og ráðgjöfum“ komi: „og ráðgjafar“.

Ed. **451. Nefndarálit**

í málinu frumv. til laga um breyting á nokkrum prestaköllum í Dala og Barðastrandarprófastsdæmum.

Þó að oss, sem hin heiðraða efri deild kaus í nefnd til að segja álit vort um frumvarp til laga um breyting á nokkrum prestaköllum í Dala og Barðastrandarprófastsdæmum, þyki það miður sanngjarnt, að hin heiðraða neðri deild, skyldi ekki fallast á að leggja Skarðsstrandar og Hjarðarholts brauðum þær 100+200 kr., sem samþykktar voru nær því með öllum atkvæðum í efri deild, þar sem landssjóður hefði þá haft nokkurn hag í samanburði við það, sem til var ætlazt eptir prestakallalögunum frá 27. febr. 1880, sem reynzlan hefur sýnt að voru óframkvæmanleg svo í lagi færi, þá verðum vjer kringumstæðanna vegna að ráða hinni heiðruðu deild til að samþykkja nú frumvarpið, eins og það er komið frá hinni heiðruðu neðri deild.

Alþingi 16 ágúst 1889.

Sighvatur Árnason, formaður.	F. S. Stefánsson, framsögumaður.	Jakob Guðmundsson.

Ed. **452. Frumvarp**

til farmannalaga. — Eptir 3. umr. í Nd.

I.

Dagbókar-bálkur.

1. gr. Nú er hjerlent skip í förum landa á milli og skal skipstjóri þá jafnan hafa leiðarbók á skipinu og skal henni svo hagað, sem hjer segir.

2. gr. Leiðarbók þessa skal mega nota á öllum þeim ferðum, er skipið fer; skal hún vera úr góðum sterkum pappír, í haldgóðu bandi, blaðsíður tölusettar, og bókin gegnþrædd traustum streng. Lögreglustjóri á þeim stað, er skipið hefur ferð sína frá, löggildir hana og innsiglar. Fyrir löggildinguna skal greiða 2 kr., ef skipið er 100 smálestir eða minna, ella 4 kr. — Nú er skip afgreitt til ferðar landa milli, og skal þá lögreglustjóri gæta þess, að skipstjóri hafi leiðarbók með sjer, og skal lögreglustjóri í því skyni, rita vottorð sitt á bókina um, að hún hafi verið honum sýnd, en eigi ber honum borgun fyrir þá áritun. Nú ber svo til á langferð, að dagbók verður fullrituð og getur skipstjóri þá snúið sjer til næsta danska verzlunar-ræðismanns eða vara-ræðismanns á hafnarstað utan ríkis, eður til lögreglustjóra á dönskum hafnarstað — í Kaupmannahöfn til dómsmálaritarans í farmanna- og verzlunarrjettinum og á Færeyjum utan Þórshafnar til sýslumanns næsta — og skal sá þessara manna, er skipstjóri snýr sjer til, löggilda fyrir hann nýja leiðarbók, en geti þess þá jafnframt með áritun á hina gömlu leiðarbók, beint neðan við það, er síðast var í hana skráð. Eigi gildir þó slík leiðarbók, nema fyrir það, sem eptir er ferðarinnar, og þarf skipstjóri enga borgun að greiða fyrir þá löggilding.

3. gr. Frá þeim degi, er mateldur er á skipi kveyktur, skal sá, er verði stýrir, hvort heldur er skipstjóri, stýrimaður eða undir-stýrimaður, rita í leiðarbókina undir eins og hann er af verði leystur, hvað eina það, er fram fór meðan hann stýrði verði, það er til siglingar eður stefnu kom, svo og sjerhvern atburð annan þann, er á nokkurn hátt kynni að geta þýðing haft fyrir útgjörðarmenn skips eða sendendur farms eður og fyrir vátryggjendur. Nú verður eitthvað misritað í leiðarbókina, og má þá hvorki útskafa það, er rangt er, nje á annan hátt gjöra það ólæsilegt, heldur á að stryka eða púnkta þannig yfir það, að lesa megi, hvað þar var ritað áður. Í bókunum sínum eiga allir skipstjórar og stýrimenn að fara eptir fyrirmyndar-blaði því, er hjer fer á eptir í 12. gr.

4. gr. Nú bíður skip á ferð sinni tjón, það er mótmælum ber á að lýsa og nær skipstjóri höfn hjer á landi eður í Danmörku eður og utan ríkis á nokkrum þeim stað, er danskur verzlunar-ræðismaður er skipaður eða vara-ræðismaður, og skal hann þá í síðasta lagi innan sólarhrings skila leiðarbók sinni lögreglustjóranum, ef það er hjer á landi og lögreglustjóri er búsettur þar, sem hann nær höfn eður þar í grenndinni, ella umboðsmanni hans löggiltum, í Danmörku lögreglustjóra — í Kaupmannahöfn þó dómsmálaritara farmanna- og verzlunarrjettarins, og í Færeyjum utan Þórshafnar sýslumanni í því umdæmi —, en utanríkis ræðismanninum eður vara-ræðismanninum. Embættismenn þessir eiga að skrifa rjett neðan undir það, er síðast var innfært í bókina, vottorð sitt að tilgreindum stað og stund um, að bókin hafi sjer sýnd verið innan 24 stunda frá því, að skipið kom; skulu þeir jafnframt geta þess, hvort skipulega hafi reynzt ritað í bókina á hverjum degi að undanförnu. Nú er bókinni eigi skilað innan sólarhrings, og skal þess þá getið í árituninni, svo og þess, hversu lengi þetta hafi dregizt fyrir skipstjóra. Fyrir vottorð þessi á erlendis ekkert gjald að greiða, en hjer á landi hálft

gjald það, er í 2. grein er ákveðið. Bókinni skal tafarlaust skila skipstjóra aptur, þá er ofangreindum fyrirmælum er fullnusta gjör.

5. gr. Nú leggur skipstjóri skipi sínu á höfn hjer við land og er ferð hans þar talið lokið, þá skal hann á sama hátt skila lögreglustjóra eða umboðsmanni hans leiðarbókinni innan sólarhrings. Embættismaður þessi á að rita vottorð sitt í bókina, rjett neðan undir það, er síðast var í hana skráð, um að bókinni hafi í rjetta tíð skilað verið og hvort í hana hafi verið ritað á hverjum degi eður ekki. Fyrir þetta vottorð skal borgun greiða fyrir skip, sem stærra er en 100 smálestir, 3 krónur, ef ferðin hefur eigi yfirstaðið missiri lengur, 4 krónur, ef hún hefur staðið missiri lengur en eigi ári lengur; en 5 krónur, ef hún hefur staðið ári lengur. Nú er skip minna, og skal þá jafnan hálft gjald greiða við það, sem áður er tiltekið. Nú verður ferð lokið í danskri höfn eða utanríkis höfn, og fer þá með eptirlit þetta, svo sem í 4. grein er ákveðið um skip þau, er slysstjón bíða og í slíka höfn koma. Nú verður það eigi sjeð af skjölum skipsins, hvenær ferð er á enda, og skulu það þá ferðalok talin, er skip kemur aptur á hjerlenda höfn og affermir þar að mestu leyti eða að öllu, eða ef skipshöfnin er lögskráð úr vist.

6. gr. Skylt er skipstjóra að leggja fram leiðarbók sína þegar í stað, hvenær sem útgjörðamenn, farmsendendur eða vátryggjendur æskja þess, málstað til sönnunar Nú hefur skip eigi lokið ferð sinni, svo að frumbókin verður eigi framlögð, og skal þá skipstjóri láta í tje endurrit af henni, staðfest af notarius.

7. gr. Nú verður sú raun á, að skipstjóri eða stýrimaður hafa vanrækt að rita í leiðarbókina. samkvæmt því, er þessi lög mæla fyrir og skal hann þá, er hann verður í slíku sekur í fyrsta sinn, sæta 20 — 50 kr. sektum, annað sinn 50 — 200 kr. sektum og í þriðja sinn hafi fyrirgjört rjetti sínum til skipstjórnar eða til að ráðast á skip sem stýrimaður. Nú hefur skipstjóri eða stýrimaður ritað ósannindi í leiðarbókina eða falsað hana, þá sæti hann þeirri hegningu, er lög kunna að ákveða fyrir það og hefur auk þess fyrirgjört rjetti sínum til að vera í förum sem skipstjóri eða stýrimaður; svo er hann og skyldur til skaðabótum að svara. Nú verður sú raun á, að skipstjóri eða stýrimaður hefur skafið út ritað mál í leiðarbók sinni eða strykað yfir nokkuð það, er í hana er skráð og gjört það ólæsilegt, en hefur þó eigi gjört þetta í saknæmum tilgangi, sæti sömu hegningu, sem í þessari grein er ákveðin fyrir vanrækt á að skrifa í leiðarbókina; en sýni atvik málsins, að út sje skafið eða yfir strykað í þeim tilgangi að dylja það, er fyrir hefur komið á ferðinni, sæti sömu hegningu, sem ákveðin er fyrir fölsun bókarinnar.

8. gr. Nú kemur skipstjóri í höfn með þeim atvikum, sem í 4. grein er skráð eða ferð hans er á enda og vanrækir hann að sýna leiðarbókina og fá vottorð í hana skráð, sæti sektum frá 2 — 5 kr. fyrir sólarhring hvern, er hann þetta vanrækir. Mál, sem af þessari vanrækt rísa, skal sækja sem almenn lögreglumál.

9. gr. Allir skipstjórar og stýrimenn skulu við því búnir, ef slys ber að höndum, að bjarga leiðarbókinni ásamt öðrum skjölum skipsins. Nú verður skipsskjölum bjargað, en leiðarbókina vantar, og skal þá skipstjóri með framburði skipshafnar sinnar færa sönnur á, hvað til þess bar, að bókinni varð eigi bjargað. Nú fær hann eigi skýrlega sannað. að honum sje eigi sök á gefandi hvarfi bókarinnar, sæti sektum frá 10 — 100 kr.; en reynist það, að hann hafi af ásettu ráði látið fyrirfarast að bjarga bókinni, sæti refsingu sem fyrir bókfölsun eptir 7. grein.

10. gr. Eigi má skipstjóri fyrirfara leiðarbókinni fyr en öll mál eru á enda kljáð, þau er skylt eiga við ferðina, milli útgjörðamanna, farmsendenda og vátryggjenda; sæti ella ábyrgð eptir atvikum og með hliðsjón af 7. og 9. grein þessara laga. Nú kemur skip til hafnar hjer við land að aflokinni ferð og leggur skipstjóri í haf á ný,

áður en öll mál þau, er skylt eiga við hina fyrri ferð, eru á enda kljáð milli allra þeirra, er hlut eiga að máli, þá má hann eigi með sjer taka leiðarbók skipsins, heldur á hann að kaupa nýja leiðarbók til ferðarinnar á kostnað útgjörðamanna.

11. gr. Öll gjöld og bætur samkvæmt þessum bálki laga þessara, renna í landssjóð.

12. gr. **Fyrirmyndarblað við dagbækur skipa.**

Ár		Mánuður				Hvar skipið er			
Dag-setning	Stund	Stefna, er stýrt er í	Vegarlengd k. f.	Haldin stefna	Vind-ur	Veð-ur	Dýpt	Botn	Athugavert:
	1								**E. h.**
	2								
	3								Kl. $1\frac{1}{2}$ tók mið af í ' mílur
	4								
	5								
	6								Kl. tók mið af ☉ við sólarlag ° ' frá til ' fann með því misvísun ° ' til nvesturs.
	7								
	8								
	9								
	10								Kl. tók saman segl
	11								
daginn	12								**F. h.**
þann	1								
	2								Kl. mældi ☉ hæð: ° ' og tók mið af henni ° frá til fann misvísun ° ' til nvesturs.
	3								
	4								
	5								
	6								
	7								Kl. ausið
	8								
	9								
	10								Kl. st. ' mældi ☉ hæð: ° ' og tók mið af ☉ í s. s. au.
	11								
	12								Kl. st ' mældi ☉ hæð: ° ', fann með þessum 2 mælingum breidd að vera ° ' nbr. Á hádegi mæld hæð: ° '

Misvísandi aðalstefna: ° frá til
leiðrjett með: ° til nvesturs
Rjett aðalstefna er: ° frá til
Vegarlengd alls: mílur.

Norðl. breidd eptir leiðarreikn. ° '
Lengd ° '
Mæld norðl. breidd ° '

Þegar skipið er þar í sjó, er eigi þarf grunnsökku við, ganga 2 síðustu dálkarnir úr.

II.
Vistráðabálkur.

13. gr. Þá er skipstjóri ræður mann á skip með sjer, skal hann fá honum viðskiptabók. Í bók þessari skal skipstjóri ljóst og skilmerkilega tiltaka ferð þá eða farleið, sem sjómaðurinn er tilráðinn, rita fullt nafn sjómannsins, aldur og fæðingarstað, stöðu hans á skipinu og vistarkjör, kaup það, er honum er heitið annaðhvort fyrir ferðina eða um mánuðinn, tilgreina hvort það skuli í peningum goldið eða öðrum eyri og eins, hve mikið honum er fyrirfram greitt af kaupinu; undir þetta skal skipstjóri rita nafn sitt. Sje kaup ákveðið fyrir alla ferðina með tiltekinni upphæð í peningum eða öðrum gjaldeyri, skal þess getið jafnframt, hve lengi á er ætlað, að ferðin muni standa, og eins, hve hátt mánaðarkaup megi algengt telja á þeim stað og tíma, er samningurinn er gjörður.

14. gr. Í viðskiptabókina skal skipstjóri rita hvað eina, er hann greiðir sjómanninum meðan þeir eru í förum, eða þá er þeir lúka viðskiptum sínum. Skyldur er sjómaður til, ef skipstjóri krefst þess, að gefa ritaða viðurkenningu fyrir sjerhverri upphæð, er honum er greidd, bæði sjerstaka og sömuleiðis ritaða í viðskiptabókina. Nú verður eigi hlje á förum skipsins og engin breyting á gjörðum samningi, en sjómaður verður lögskráður á skipið á ný, og þarf skipstjóri þá ekki, ef sjómaður er því samþykkur, að leggja til nýja viðskiptabók, meðan hin gamla endist til.

15. gr. Landshöfðingi sjer um, að viðskiptabækur fáist hjá sjerhverjum lögskráningarstjóra og ákveður verð þeirra. Í viðskiptabókinni skulu prentaðar vera hinar 6 fyrstu greinar úr þessum vistráðabálki, eyðublað undir samning þann, er um getur í 13. grein, hin helztu ákvæði úr skipsaga-bálki og úr reglugjörð fyrir danska verzlunarræðismenn, þau er til farmanna taka.

16. gr. Það er skylda skipstjóra að láta semja skipshafnarskrána þannig, að í henni sjeu þær hinar sömu skýrslur, sem 13. grein ákveður, og láta skipverja rita nöfn sín undir hana. Nú ber skipshafnarskrá og viðskiptabók eigi saman, þá er skipverjar skulu lögskráðir til skiprúms og gilda þá þau ákvæðin, er skipverja eru hagkvæmari.

17. gr. Í hvert sinn, er skipshöfn er lögskráð til skiprúms eða úr skiprúmi, skal lögskráningarstjóri gæta þess, að fylgt sje fyrirmælum þeim, sem nú hafa nefnd verið um viðskiptabækur og skipshafnarskrár.

Nú er ferð skipsins heitið til útlanda, og skal þá skipstjóri og skipshöfnin játa samninginn eins og hann er ritaður í viðskiptabók og á skipshafnarskrá fyrir skipskráningarstjóra, áður en hann lögskráir skipshöfnina til skiprúms. Nú lögskráir skipskráningarstjóri menn úr skiprúmi, og skal hann þá gjöra upp viðskiptareikninginn, ef skipstjóri óskar þess eða einhver af skipshöfninni fyrir sitt leyti. Skyldur er hann og til að fylla út viðskiptabækur og skipshafnarskrá fyrir skipstjóra hönd. Gjald fyrir þessi störf skal ákveðið í leiðarvísi þeim, er nefndur er í 19. grein, og inna það af hendi sá eða þeir, er þessa starfs beiðast. Nú verður skipstjóri og einhver af skipverjum eigi á eitt sáttir, er reikningar skulu uppgjörðir eða og skipskráningarstjóra þykir tilefni til að hafa á móti samningi þeim, er gjörður hefur verið og skal hann þá reyna að jafna ágreininginn með fortölum, en takist það ekki, skal hann leiðbeina þeim, er honum þykir áhallað um það, hvernig hann skuli að fara til að ná rjetti sínum.

Skyldur er skipskráningarstjóri til að rita ókeypis í viðskiptabækurnar og á skipshafnarskrána athugasemd um, að hann hafi gætt skyldu þeirrar, er á honum hvílir eptir þessari grein, og geta þess jafnframt, hvort hann í því efni hafi fundið nokkuð athugavert.

18. gr. Skipstjóri, er sekur reynist við ákvæði þessa lagabálks, skal útlægur

gjör 10 kr. eða meiru allt að 100 kr. og skal sú sekt falla til einhverrar stofnunar fyrir farmenn eða í siglinga þarfir eptir því, sem landshöfðingi mælir fyrir um það efni.

19. gr. Landshöfðingi semur leiðarvísi fyrir skráningarstjóra um framkvæmd starfa þeirra, er um ræðir í þessum lagabálki, og skal þar fyrirskipað um snið það, er skipshafnarskráin (16. gr.) á að hafa. Kostnaðurinn við útvegun viðskiptabókanna og skipshafnaskránna greiðist fyrirfram úr landssjóði til bráðabyrgða.

III.

Lögskráningar-bálkur.

20. gr. Sjerhver skipstjóri á hjerlendu skipi, er ræður nýja menn á skip sitt hjerlendis, hvort heldur einn eða fleiri eða alla skipshöfn, skal láta skráningarstjóra lögskrá menn sína til skiprúms. Nú byrjar hjerlent skip fyrstu ferð sína á almanaksárinu frá einhverri höfn innanlands, eða það er fermt hjer eða affermt og skal þá lögskrá skipshöfn til skiprúms, þó að engin breyting hafi á skipshöfn orðið meðan skipið dvaldi hjer, áður en skipið leggur af stað.

Nú hefur skipstjóri á hjerlendu skipi ráðið nýja menn á skip, einn eða fleiri, meðan skipið var í förum erlendis, eða hann hefur misst nokkurn mann af skipshöfn sinni, er látizt hefur, leystur verið úr vist, strokið eða á annan hátt af skipi farið og skal hann þá láta skráningarstjóra lögskrá skipshöfn sína til skiprúms, þá er hann fær afgreiðslu frá hinni fyrstu höfn hjerlendis, þar sem hann hafði fermt skip eða affermt, eptir að hann kom hingað til lands.

21. gr. Nú leysir skipstjóri á hjerlendu skipi skipshöfn sína úr vist, eða nokkurn hluta hennar, þá er hann er hjer við land, og skal hann þá láta skráningarstjóra lögskrá þá úr skiprúmi, er frá honum fara.

22. gr. Í kaupstöðum eru bæjarfógetar skráningarstjórar, en annarstaðar sýslumenn.

23. gr. Nú skal lögskrá menn til skiprúms eða úr skiprúmi, og skal það gjöra skráningarstjórinn í því lögsagnarumdæmi, þar sem skipið þá liggur. Nú er sýslumaður þar eigi búsettur nje þar í nánd og kemur þá í hans stað umboðsmaður hans, sá er amtmaður hefur skipað samkvæmt o. br. 28. des. 1836, 9. gr.

24. gr. Þá er menn eru lögskráðir til skiprúms eða úr skiprúmi, skal skipstjóri sýna skráningarstjóra viðskiptabækur skipverja og önnur skilríki.

25. gr. Þá er menn eru lögskráðir til skiprúms, skal skipstjóri jafnframt leggja fram 2 samhljóða skrár yfir skipshöfnina (skipshafnarskrár) samdar með fyrirskipuðu sniði. Öðru eintaki skrárinnar heldur skráningarstjóri, en á hitt ritar hann vottorð sitt og skilar skipstjóra því aptur. Nú hefur skipstjóri áður, á því almanaksári látið hjerlendan skráningarstjóra lögskrá skipshöfn sína til skiprúms, en þarf nú að láta lögskrá einn mann eða fleiri til skiprúms, en þó eigi skipshöfn alla og er þá rjett, að hann leggi fram skipshafnarskrá þá, er hann hefur þangað til notað, en þá skulu á hana skráðir þeir menn, er hann bætir nýjum við, eða og þeir eru ritaðir á aukaskrá og skal hennar þá getið á hinni eldri skrá. Hvenær sem maður er lögskráður úr skiprúmi skal sýna skráningarstjóra skipshafnarskrána.

Þá er skipstjóri beiðist þess, er skráningarstjóri skyldur að útvega skipshafnarskrár eða aukaskrár og rita allt á þær, það er með þarf, og eins að rita nýráðna menn á eldri skrána, allt gegn ákveðnu gjaldi.

26. gr. Nú hefur skipstjóri ráðið nýja menn á skip, og skulu þeir þá sjálfir ganga fyrir skráningarstjóra, þá er þeir eru lögskráðir til skiprúms. Endrarnær er venjulega ekki þörf á því, að skipshöfn sje látin ganga fyrir skráningarstjóra, þá er menn eru

til skiprúms skráðir; þó er skipstjóri skyldur að hlýða fyrirmælum skráningarstjóra, ef hann eptir atvikum krefst þess, að einn eða fleiri af skipverjum eða þeir allir sjeu látnir ganga fyrir sig.

27. gr. Sjerhver skipstjóri á útlendu skipi, er ræður mann á skip eða sleppir manni úr skipsvist meðan skipið liggur í höfn hjer við land, skal að öllum jafnaði láta skráningarstjóra lögskrá menn sína til skiprúms eptir fyrirmælum 23.—26. gr. hjer að framan. Nú eru skipverjar þeir, er hann rjeði eða ljet úr vist fara, menn útlendir, og getur hann þá, ef hann kýs það heldur, látið verzlunar-ræðismann þjóðar sinnar, ef til er á þeim stað, rita breytingu þá, sem á er orðin, á skipshafnarskrána, og sýni síðan skráningarstjóra hana eða eptirrit af henni staðfest af ræðismanni. Skráningarstjóri ritar síðan á skrána eða eptirritið og skilar henni síðan aptur til skipstjóra. Ei má valdsmaður afgreiða skipið fyr en þessu er fullnægt.

28. gr. Þá er skráningarstjóri skal lögskrá menn til skiprúms eða úr skiprúmi skal hann rannsaka, hvort skipshafnarskrárnar eru rjettar og hvort skipstjóri hafi í nokkru brotið fyrirmæli þessa lagabálks. Við lögskráningu til skiprúms skal hann jafnframt rannsaka, hvort nokkuð sje því til fyrirstöðu, að menn þeir, er á skránni standa, megi í förum vera með skipinu og reynist svo, skal hann neita að lögskrá þá til skiprúms.

Fyrir lögskráningarnar og rannsókn og áritun skipshafnarskránna greiðist engin borgun.

29. gr. Nánari fyrirmæli um það, hvernig skráningarstjórar skuli framkvæma störf þau, er lögbálkur þessi leggur þeim á herðar, skulu gefin í leiðarvísi, er landshöfðingi semur.

30. gr. Nú lætur skipstjóri fyrirfarast að láta skráningarstjóra lögskrá menn sína til skiprúms eða úr skiprúmi, þá er honum er skylt eptir lögum þessum að láta gjöra það, eða hann fær skráningarstjóra ranghermda skipshafnarskrá, eða gefur honum rangar skýrslur við samningu skránna, eða áritun á þær, eða hann tekur aðra menn á skip sitt en þá, er á skránum standa eða breytir þeim eptir að skráning er fram farin, og skal hann þá sæta sektum eða fangelsi.

31. gr. Mál, sem rísa af brotum gegn ákvæðum þessa lagabálks, skal með fara sem almenn lögreglumál. Sektir renni í landssjóð.

IV.

Skipsaga-bálkur.

1. kap. Um stjórn og aga á íslenzkum skipum.

32. gr. Skipverjar skulu sýna skipstjóra og öðrum yfirmönnum tilhlýðilega virðingu, hlýða með athygli á boð þeirra, og láta í ljósi með skýru svari, að þeir hafi skilið þau. Þeir skulu vinna að öllu því, sem þeim er boðið, í þarfir skips og farms, hvort heldur í landi eða á skipsfjöl, hvort heldur tjón hefur að höndum borið eður endrarnær og yfir höfuð skulu þeir tafarlaust hlýða hverju því, er skipstjóri býður þeim í þjónustu skipsins eður til viðhalds reglu á skipinu.

Sömu hlýðni eru þeir skyldir að sýna bæði þeim, sem að öllu leyti gengur í skipstjóra stað í fjærveru hans eður sjúkdómi, svo og hverjum þeim, sem á hendur er falið sjerstakt umboð eða forstaða sjerstakra verka, allt innan takmarka þess valds, sem slíkum manni kann að vera í hendur fengið.

Sömu skyldu hefur sjerhver óæðri yfirmaður gagnvart þeim, sem yfir hann eru boðnir og sjerstaklega gagnvart skipstjóra sjálfum.

33. gr. Hins vegar á skipstjóri og aðrir yfirmenn að fara sómasamlega með þá, sem þeir eru yfirboðnir og annast velvegnun þeirra eptir megni. Sjer í lagi má eigi beita við þá líkamlegum refsingum; (sbr. þó 34. gr.).

34. gr. Nú neitar einhver af skipverjum að hlýða því, sem fyrir hann er lagt, eður sýnir þrjósku eður mótþróa yfirboðurum sínum, og hefur þá skipstjóri, eður sá, er í forföllum hans eður fjærveru gengur í hans stað, rjett til að beita valdi og þvingun til að þröngva honum til hlýðni.

Ef í nauðir rekur og einkum ef skip er í háska statt, eður skipverjar gjöra samblástur eður sýna mótþróa með ofbeldi, þá er jafnvel leyfilegt að taka til sjerhverra þeirra úrræða, er nauðsyn kann til að bera, til að koma á reglu eður hlýðni og er sjerhver af skipverjum skyldur til, þegar þannig er ástatt, að veita lið þeim, sem stjórn hefur á hendi, jafnvel án þess á hann sje skorað.

Bíði þeir tjón við þetta, sem mótþróann sýndu, skulu þeir þó engan kost eiga á að koma ábyrgð fram fyrir það, nema það sannist, að vald eða þvingunarúrræði, er beitt hefur verið, hafi harðari verið eður frekari, en atvik gátu rjettlætt.

35. gr. Nú er maður lögskráður til skiprúms og neitar hann að ganga á skip, eður kemur eigi til skips í ákveðna tíð eður gengur af skipi í leyfisleysi, og getur skipstjóri þá á sína ábyrgð látið þröngva honum með lögreglu valdi til að uppfylla skuldbindingu sína.

Nú gjörir einhver skipverja sig sekan í slíku framferði, þá er skipið liggur í höfn utan-ríkis og skal þá danskur verzlunar-ræðismaður, ef hann er þar nokkur til, skyldur að veita skipstjóra liðveizlu sína, til þess að fá tilstyrk yfirvaldsins þar, til að þröngva til hlýðni hinum brotlega manni.

2. kap. Um yfirsjónir farmanna.

36. gr. Fyrir yfirsjónir þær, er farmanni kunna á að verða, hefur skipstjóri vald til að veita þeim refsingar, er hjer skulu taldar, en gæti þess jafnframt, sem fyrir er mælt í 37. gr.

1. Fyrir ósæmilegt framferði gegn skipstjóra eður öðrum yfirmönnum, missir fjögra daga kaups; slíkt hið sama fyrir óhlýðni, nema þeim, sem brotlegur varð, hafi þegar í stað verið til hlýðni þröngvað samkvæmt fyrirmælum 34. greinar.
2. Nú kemur farmaður eigi til skips í ákveðna tíð, þá er hann hefur fengið landgönguleyfi, en kemur þó samdægurs, verði útlægur tveggja daga kaupi, en fjórðungi mánaðarkaups, ef síðar kemur. Nú gengur farmaður í land í óleyfi, en kemur þó samdægurs aptur, varðar það fjögra daga kaupi, en hálfs mánaðar ef síðar kemur.
3. Nú er maður í land sendur með bát og yfirgefur hann í óleyfi, varðar fjögra daga kaupi.
4. Ef farmaður flytur fatnað sinn allan eður nokkuð til muna af honum af skipi í óleyfi, varðar fjórðungi mánaðarkaups.
5. Nú er maður við stýri settur eður á vörð til útsjónar, og gengur hann frá í óleyfi eður hann finnst þar sofandi eður ölvaður, fyrirgjörir hálfsmánaðar kaupi.
6. Vanræki maður varðstöðu sína, eður annað verk, sem honum er á herðar lagt eður hann finnst sofandi við hana eða ölvaður, varðar fjögra daga kaupmissi.
7. Flytji maður í óleyfi brennivín á skip eður annan áfengan drykk, missir fjórðung mánaðarkaups, *og fyrirgjörir ölföngunum.*
8. Hálfs mánaðar kaupmissi varðar, að fara ógætilega með eld eður ljós.
9. Að hafa eldspýtur undir þilfari, eður ljós kveykt eða lampa í hásetabyrgi eptir þann tíma, er skipstjóri hefur tiltekið, varðar tveggja daga kaupmissi.

10. Fjögra daga kaupmissi varðar það, að vekja illindi eður annan ófrið á skipi úti eður við vinnu í skipsins þjónustu.
11. Eins dags kaupmissi varðar að leyfa ókunnum mönnum að koma á skip í leyfisleysi; en priggja daga kaupmissi að leyna ókunnum manni á skipi úti.

Verði stýrimanni einhver af þessum yfirsjónum á, má þyngja sektirnar allt að helmingi, en allt að ferföldu, ef brot er ítrekað. Þyngja má og sektirnar á öðrum skipverjum allt að helmingi, ef brot er ítrekað.

Eigi mega sektir farmanns, sem teknar eru af kaupi hans og dregnar frá því, þá er reikningur er upp gjörður, nema samtals meiru en hálfu því kaupi, er hann hefur fyrir unnið á ferðinni.

Nú hefur kaupsamningur hljóðað um ákveðna upphæð fyrir alla ferðina, eður um hlut af aflanum eður kaup hefur verið ákveðið eptir aflahæð (afla- verðlaun) og skulu þá sektir miðaðar við mánaðarkaup það, er tíðkanlegt var, þar sem farmaður rjeðist á skip um það leyti, er hann rjeðist.

Nú er brot farmanns þess eðlis, að hann ætti opinberri málsókn fyrir að sæta að almennum lögum, og fellur hún eigi niður að heldur, þótt skipstjóri hafi beitt hegningarvaldi sínu.

37. gr. Nú vill skipstjóri beita hegningarvaldi sínu samkvæmt 36. gr., og á hann þá í viðurvist skipshafnar, eður sje hún fjölmenn, þá í viðurvist að minnsta kosti tveggja hinna helztu manna á skipinu að leiða stillilega þeim, sem brotið hefur, ávirðing hans honum fyrir sjónir og refsing þá, er hann ætlar að láta hann sæta og því næst veita áheyrn, því er hinn kann fram að bera til varnar sjer eður málsbóta. Þetta skal þó venjulega ekki gjört fyr en 12 stundum eptir að yfirsjónin var drýgð. Nú þykir skipstjóra vörn hans ónóg, eður hann hefur ekkert fyrir sig að bera, og á hann þá þegar, meðan vottarnir og hinn seki maður eru enn viðstaddir, að lesa upp skýrt þessa 37. gr. þessa lagabálks og skrifa í leiðarbókina (ef nokkur er á skipinu, en ella í aðra bók, er rjettur dómari hefur til þess löggilt) skýrslu um yfirsjónina og hegningu þá, er hann leggur á hinn seka mann, og skal þess jafnframt getið, hvort hann hafi kannazt við yfirsjónina og hvað hann hafi framfært til varnar sjer. Skýrslu þessa skal hann þvínæst skýrt upplesa og bæði skipstjóri og sá, er dæmdur var, rita nöfn sín undir, og síðan vottarnir, sem staðfesta það með undirskript sinni, að þeir hafi viðstaddir verið alla þessa gjörð og að allt það sje rjett bókað, er fram fór. Nú vill sá, er fyrir sektum varð, eigi undirskrifa, og skulu þá vottarnir taka það skýlaust fram, að hann hafi undan því færzt, þótt á hann hafi verið skorað.

Nú þykir skipstjóra, fyrir sjerstakar orsakir eigi ráðlegt að láta frest þann líða, er áður var tiltekinn, og skal þá frá þeim orsökum skýrt í bókinni.

38. gr. Nú vill skipstjóri eigi neyta hegningarvalds þess, er lög þessi veita honum eður og hann hefur þegar beitt þeirri hegning allri, er 36. gr. heimilar honum frekast, og er honum þá heimilt, þá hann er heim kominn úr ferð sinni að draga þann, er misgjörði, fyrir lög og dóm fyrir athæfi hans, og sætir hann þá sektum allt að 100 krónum ef sekur reynist, enda sje athæfi hans eigi þess eðlis, að þyngri hegning liggi við að almennum lögum.

39. gr. Nú vill farmaður bera sig upp undan hegning þeirri, er skipstjóri hefur á hann lagt, og skal hann þá kæra mál sitt fyrir rjetti, áður en 3 sólir eru af lopti frá því, er hann kom með skipinu á einhverja þá höfn hjerlenda, þar sem afferma skal, og má skipstjóri eigi neita honum um landgöngu-leyfi svo sem þörf er á í þessu skyni. Nú reynist svo fyrir rjetti, að eigi hefur gætt verið fyrirmæla 37. gr. eður að refsing sú, er

skipstjóri hefur álagt, fer fram yfir takmörk þau, er 36. gr. heimilar fyrir brotið, og skal þá úr gildi fella úrskurð skipstjóra, hvort sem kærandi hefur bent á þessa ágalla eður ekki; en heimilt er þá skipstjóra að koma ábyrgð fram á hendur kæranda fyrir brot hans, svo sem fyrir er mælt í 38. gr., en reynist svo að fullnægt hafi verið ákvæðum 37. gr. og að eigi hafi beitt verið meiri refsing, en heimilað er í 36. gr., þá skal skipstjóri sýkn og úrskurður hans standa, nema kærandi sanni eður færi líkindi til þess, að eigi hafi næg ástæða verið til hegningu að beita, því að þá skal úrskurðinn úr gildi fella.

Nú fer sá, er sektaður hefur verið af skipi áður en skipið hefur affermt hjer á landi og skal þá hinn danski verzlunar-ræðismaður, ef nokkur slíkur er til á þeirri höfn skera úr því til bráðabirgða, hvort fylgt hafi verið fyrirmælum 37. gr., og hvort refsing sú, er skipstjóri hefur ákveðið, fari út yfir takmörk þau, er valdi hans eru sett í 36. gr. Nú þykir ræðismanni refsingin rjett á lögð af skipstjóra og skal þá farið eptir úrskurði skipstjóra, þá er reikningar eru uppgjörðir; svo skal og með fara ef enginn verzlunar-ræðismaður er til á þeim stað, þar sem maðurinn fer af skipi; en rjett á þó farmaður á, engu að síður, að lögsækja skipstjóra við dómstóla hjer á landi, til ónýtingar úrskurði hans og endurgreiðslu því, er inni var haldið af kaupinu. *Sje það í danskri höfn, að farmaður fer af skipi, skal skipskráningarstjóri sama hlutverk hafa í þessu efni sem verzlunar-ræðismaður við utanríkishöfn.* — Nú fellir verzlunar-ræðismaður *eða skipskráningarstjóri* úrskurð skipstjóra fyrst um sinn úr gildi og skal þá reikninginn uppgjöra eptir því, en rjett á þá skipstjóri á, þá er hann kemur hingað heim til lands, að skjóta því undir úrskurð rjetts dómstóls, hver fullnaðarúrslit þess máls skulu vera, og skal þá með það mál fara eins og segir í upphafi þessarar greinar.

40. gr. Með mál þau, er um ræðir í 38. og 39. gr., skal fara eptir þeim ákvæðum, er gilda um einka-lögreglumál, nema mál sje svo vaxið, að opinberri málssókn eigi að sæta eptir almennum lögum; því þá skal eptir þeim reglum farið, sem um þau mál gilda.

41. gr. Allar sektir eptir 36. gr., svo og eptir 43. gr. og 72. gr. hjer á eptir, skulu, eptir ákvæðum landshöfðingja, falla til einhverrar stofnunar, sem gjörð er til hagsmuna farmönnum eður í þarfir siglinga. Þá er reikningar eru uppgjörðir, skal skipskráningarstjóri (utanríkis-ræðismaður) halda eptir sektum eptir 36. gr. af kaupi farmanns, en þó skal fyrst fullnægt kröfum skipstjóra, þeim er af ferðinni eru tilkomnar. Fjeð skulu þeir því næst senda til sjóðs þess, er það á í að renna.

42. gr. Nú verður sú raun á, að skipstjóri, eður sá, er í hans stað gekk, hefur misbeitt valdi því, er honum er heimilað í 34. og 36. gr., t. d. með því, að beita óþarfa hörku, ákveða hegning án þess að gæta fyrirmæla 37. gr., eður án þess að hafa kynnt sjer yfirsjónina nægilega, eður jafnvel að hann hefur vísvitandi einhverjum rangt til gjört og skal honum þá refsað með sektum eður fangelsi, nema þyngri hegning liggi við eptir öðrum lögum.

3. kap. Um glæpi farmanna.

43. gr. Fyrir að strjúka af skipi, skal farmanni venjulega refsað með einföldu fangelsi eigi skemur en 14 daga og eigi lengur en 3 mánuði. Nú snýr strokumaður aptur til skips ótilknúður áður en skipið leggur út þaðan, er hann strauk, og má þá færa hegninguna niður í sektir eigi lægri en 20 kr. og eigi hærri en 100 kr.

44. gr. Nú strjúka fleiri menn saman af skipi eða eptir undirlögðu samráði og skal þá eptir atvikum beita einföldu fangelsi í lengri tíma en í 43. gr. segir, eða þá fangelsi við vatn og brauð. Nú leiðir sýnilega hættu eða tjón fyrir skipið af strokinu, hvort heldur það eru heilar eða hálfar skipshafnir, sem strjúka, eða einstakur maður að

eins, og getur þá hegningin orðið allt að þyngsta vatns og brauðs fangelsi, eða eins árs betrunarhús-vinnu.

45. gr. Nú er maður eigi til skips kominn, er það leggur af stað, eða hann er frá skipi meira en tvo sólarhringa í óleyfi, eða fram yfir þann tíma, er honum var leyft, skoðist hann þá sem strokumaður og sæti hegning eptir því, nema hann sýni fram á þau atvik, er gjöri það sennilegt, að hann hafi ekki ætlað að svíkjast úr þjónustu sinni.

46. gr. Nú strýkur maður með kaup sitt, það er hann hefur eigi fyrir unnið, og skal honum hegnt sem fyrir svik, hvort sem hann var áður í vist kominn á skip eða ekki, nema málavextir gjöri það sennilegt, að hann hafi ekki ætlað að draga undir sig kaup það. er honum var fyrirfram greitt, en hann hafði enn eigi fyrir unnið

47. gr. Auk þess, sem strokumanni er hegnt svo sem áður segir, fyrirgjörir hann og kaupi því, er hann kann inni að eiga og fjármunum sínum öllum, þeim er hann skilur eptir á skipi og eignast það útgjörðamenn skipsins. Nægi þetta ekki til að bæta þeim tjón það, er þeir hafa af strokinu beðið, er strokumaður ennfremur skyldur að bæta þeim að fullu það, er ávantar.

Nú er skip í höfn utanríkis og þykir skipstjóra grunsamt um, að einn eða fleiri af skipshöfninni muni ætla sjer að strjúka, og er honum þá heimilt að taka fatnað skipverja í sínar vörzlur sjerstaklega til þess að afstýra strokinu.

48. gr. Farmenn þeir, er af skipi strjúka með kaup það, er þeir eigi hafa fyrir unnið, skulu sakamáls-höfðun sæta. Ella láta valdsmenn eigi strokumál til sín taka í embættisnafni, nema skipstjóri eða útgjörðamaður beiðist þess; en þá skal með þau mál farið svo sem lögreglumál í embættisnafni rekin, þó svo, að ef til þess kemur að dæma strokumann í fangelsi við vatn og brauð eða í betrunarhús-vinnu, skal hann að spurður, hvort hann óski sjer sakverjanda skipaðan, og skal það gjört, ef hann æskir þess.

49. gr. Nú gjörir skipshöfn eða nokkur hluti hennar uppreisn til þess að ná stjórn skipsins á vald sitt, eða til að þröngva skipstjóra til að breyta stefnu skips eða að öðru leyti gjöra nokkuð eða ógjört láta, að því er til ferðarinnar lýtur, og skal þá forgöngumönnunum refsað, ef ofbeldi hefur beitt verið við menn eða fjármuni með hegningar-vinnu allt að 6 árum, nema þyngri hegning liggi við eptir málavöxtum, og hinum öðrum hluttakendum uppreisnarinnar með fangelsi, ekki vægara en 3 mánaða einföldu fangelsi eða með betrunarhúsvinnu allt að 2 árum. Sama varðar, ef skipshöfnin eða nokkrir menn af henni í sameiningu setja sig með valdi á móti framkvæmd einhverra fyrirmæla skipstjóra eða þess, sem í hans stað hefur stjórn á hendi. Nú hafa hvorki menn nje fjármunir verið ofbeldi beittir og varðar þá brot forgöngumanna fangelsi ekki vægara en 3 mánaða einföldu fangelsi eða betrunarhús-vinnu allt að 2 árum; öðrum hluttakendum brotsins skal með fangelsi hegnt. Nú hafa hluttakendur uppreisnar, annaðhvort af sjálfsdáðum eða eptir áskorun skipstjóra eða staðgöngumanns hans, horfið frá samblástrinum, án þess, að óskundi hafi gjörður verið mönnum eða fjármunum, og skal þá forgöngumönnum einum refsað með fangelsi eða betrunarhús- vinnu allt að því árlangt.

50. gr. Nú ræðst einhver af skipshöfninni á skipstjóra, á skipi úti eða í landi, með ofbeldi eða ofbeldishótun, þá skal hann fangelsi sæta eða sektum, nema þyngri hegning liggi við glæpnum eptir málavöxtum.

Sje slík árás gjör á skipstjóra eða staðgöngumann hans, þegar þeir eru að gegna köllun sinni eða í því tilefni, eða sje hún gjör til að þröngva þeim að gjöra eða ógjört láta eitthvað það, er að köllun þeirra lýtur, þá skal hinum seku refsað með hegningar-vinnu allt að 6 árum eða fangelsi, ef málsbætur eru, þó eigi vægara en 3 mánaða

einföldu fangelsi, nema afbrot sje svo vaxið, að þyngri hegning liggi við því eptir öðrum lögum.

Nú gjörir annars einhver af skipshöfninni skipstjóra eða staðgöngumanni hans tálmanir í að gegna köllun sinni, og varðar það fangelsi eða sektum.

51. gr. Fyrir aðra glæpi, en þá er nú voru taldir, skal, þá er þeir eru á skipi drýgðir, refsing yfir höfuð að tala álögð eptir almennum lögum.

52. gr. Nú drýgir einhver skipverja glæp á skipi og skipið er ekki í höfn á Íslandi, og skal skipstjóri þá, svo fljótt sem auðið er, halda bráðabirgða-rannsókn yfir hinum seka og yfir þeim af skipverjum eða farþegjum, er borið geta um verkið. Ef afbrotið er framið í höfn, en ekki á Íslandi, skal þetta þó því að eins gjört, að því sje jafnframt samfara brot á skyldum hans í þjónustu skipsins. Rannsóknina skal rita í bók þá, er ræðir um í 37. gr. eptir reglum þeim, er þar segir.

Skipstjóri skal þvínæst, eptir því, sem kostur er á, annast um það, að afbrotamaðurinn verði kyrr á skipinu, og getur hann byrgt hann inni eptir málavöxtum eða beitt öðrum ráðum til þess að halda honum á skipinu, en hann hefur ábyrgð á því, að eigi verði verr með hann farið, en nauðsyn krefur.

Þegar skipið, eptir að glæpurinn hefur drýgður verið, kemur til danskrar hafnar eða í utanríkis höfn, þar sem skipaður er danskur verzlunar-ræðismaður, skal skipstjóri þegar eptir komu sína skýra lögreglustjóra eða ræðismanni frá glæpaverkinu, og fá þeim staðfest eptirrit af bráðabirgða-rannsókninni. Lögreglustjóri eða ræðismaður rannsakar þá málið og sker úr því, hvort afbrotamaður skuli laus látinn eða sendur heim, og ef það verður ofan á, að hann verði heim sendur, skal hann sjá svo um, að hann verði sendur svo fljótt, sem verða má annaðhvort með sama skipi eða á annan hátt eptir málavöxtum.

Þegar öðruvísi stendur á en nú var sagt, að hægt hefur verið að fá glæpamann í hendur hlutaðeiganda yfirvaldi í útlendri höfn, skal skipstjóri þegar eptir heimkomu sína skýra valdsmanni frá afbroti því, er framið hefur verið og láta fylgja staðfest eptirrit af bráðabirgða-rannsókninni.

Fyrir brot á fyrirmælum þessarar greinar skal skipstjóri sæta sektum, allt að 100 kr., nema athæfi hans sje svo vaxið, að þyngri hegning liggi við eptir öðrum ákvæðum.

4. kapituli. Um kaup skipverja, rjett til að ganga úr skiprúmi, heimsending, sjúkdómskostnað og ýmislegt fleira.

53. gr. Nú er maður ráðinn á skip fyrir tiltekna ferð, þá er hann skyldur til að halda áfram að vera með því skipi, enda þótt það breyti ferð sinni eða lengi hana. En þegar liðin eru tvö ár að minnsta kosti, frá því er skiprúms-samningar voru gjörðir, og skipið er enn ókomið aptur til þess staðar, er menn voru á það ráðnir, eða þar sem samningar heimila þeim að ganga frá því, þá skal þeim heimilt vera, að fyrirláta skipið í hverri höfn eða tryggu skipalægi, þar sem skipað er upp úr því, nema það eigi að fara þaðan beina leið heim til áður greindra staða. Sama rjett hafa og skipverjar, sem ekki hafa ráðnir verið til ákveðinnar ferðar, til þess að yfirgefa skipið, þegar tvö ár eru liðin.

Hins vegar getur skipstjóri ekki, nema svo sje tilskilið í skiprúms-samningnum, sagt neinum skipverja upp vist mót vilja hans fyrir þá eina sök, að tvö ár sjeu liðin frá því, er samningur var gjörður, nema hann kosti heimför hans og borgi honum kaup, þar til er hann er heim kominn.

Eigi heimilar það neinum að fara úr skiprúmi, að skipið skiptir um skipstjóra.

54. gr. Nú sannar einhver skipverja það, að hann geti sjálfur fengið skip að ráða fyrir, og má hann þá þegar ganga úr skiprúmi, en setja skal hann annan í sinn

stað, er vaxinn sje stöðu þeirri, sem hann hafði, eða borga aptur kaup það, er hann hefur unnið fyrir, þó ekki meira en 6 mánaða kaup.

Stýrimaður, sem ráðizt hefur sem háseti á skip, getur gengið úr skiprúmi þegar í stað, ef hann sannar, að hann geti ráðinn orðið sem fyrsti stýrimaður á öðru skipi, en setja skal hann annan í sinn stað, er vaxinn sje stöðu hans.

55. gr. Sá, sem verður að vera með skipi á ferð, sem eigi var ákveðin fyrr en eptir að hann var ráðinn á það, hefur rjett á, þegar hann er búinn að vera ár í vist á skipinu, og þaðan af hvert missiri, að fá allt að því tvo þriðjunga af kaupi því, er álitið verður, að hann hafi unnið fyrir, enda þótt vist hans sje enn þá eigi á enda; og skal hálft kaupið borgað honum í peningum og hinn helmingurinn annað hvort í peningum eða með ávísun á útgjörðarmenn, og ræður skipstjóri, hvorn kostinn hann kýs.

56. gr. Þegar samið hefur verið um ákveðna upphæð í kaup fyrir tiltekna ferð og henni verður breytt svo, að hún stendur lengur en gjört var ráð fyrir í skiprúmssamningnum, þá á skipverji sá, nema öðruvísi standi með berum orðum í samningnum, heimting á, að fá jafnframt hinu tilskilda kaupi, uppbót fyrir ferðarlenginguna, er talin sje eptir því mánaðarkaupi, sem algengt var á þeim stað og tíma, er skiprúmssamningur var gjörður.

57. gr. Sömu uppbót á og skipshöfn heimting á, þegar um tiltekna upphæð er samið í kaup, fyrir þann tíma, er skipinu dvelst ferð, og hættir þó eigi við, fyrir sakir kyrsetningar, herkvíunar eða halds á skipi, eða fyrir þá sök, að skipið hefur orðið að hleypa í höfn til aðgjörðar eða uppskipunar, nema ferðin standi eigi fyrir það lengur en gjört var ráð fyrir, þá er gjörðir voru skiprúms-samningar. Hið sama er um, þegar svo stendur á, að borga skal skipstjóra dvalauka-bót; telst þá uppbótin fyrir þann tíma, er skipstjóri fær dvalauka-bót fyrir.

58. gr. Nú er skipverja sagt úr vist á þeim stað, er ferðin skyldi frá hafin, fyrir því að hætt er við hana eða önnur ákvörðun tekin, þá á hann að fá kaup fyrir þann tíma, er hann hefur unnið fyrir kaupi, og eins mánaðar- kaup að auki, og skal um hvorttveggja farið eptir því kaupi, er um var samið eða venjulegu mánaðarkaupi á þeim stað, er samningur var gjörður á. En ef hætt er við ferðina af því að skipið er fyrir slys orðið ósjófært eða fyrir stríð, herkvíun eða hald, þá fær skipshöfnin ekki nema um samið kaup eða venjulegt mánaðar-kaup fyrir þann tíma, er hún hefur unnið fyrir kaupi.

Það, sem borgað kann að hafa verið skipverjum, áður en hætt var við ferð, fram yfir það, sem nú var talið, er ekki apturkræft.

59. gr. Nú hefur samið verið um ákveðna upphæð í kaup fyrir tiltekna ferð, og verður ferðin skemmri en í skiprúmssamningnum til tekið, án þess þó að hætt sje við að halda ferðinni áfram, þá verður eigi kaup sett niður af þeirri ástæðu.

60. gr. Nú hefur breytt verið ferðalagi og lýkur skipið ferð sinni erlendis, og á þá skipshöfnin heimting á að fá ókeypis heimferð á kostnað útgjörðarmanns, fæði eða hæfilega fæðispeninga þar í talið. Sá, sem ráðinn er með mánaðarkaupi, fær það jafnframt, þangað til heim er kominn; en þeir, sem ráðnir eru fyrir ákveðna upphæð í kaup fyrir alla ferðina, fá kaup eptir því, sem segir í 56., 57. og 59. gr., þannig að vist er að álíta lokið, er heim er komið.

61. gr. Nú hlekkist skipi á eða það verður hernumið og upptækt gjört, og á skipshöfnin þá heimting á kaupi til þess dags, er því hlekktist á eða varð gjört upptækt þ. e. umsömdu mánaðarkaupi, eða, hafi samið verið um til tekna upphæð fyrir alla ferðina, þá svo miklu, sem þeir hefðu átt kost á, ef um venjulegt mánaðarkaup hefði verið samið, þó ekki meiru en því, er um samið var fyrir ferðina, nema það leiði af því, sem segir í 56. og 57. gr.

Svo á skipshöfnin og heimting á að fá ókeypis far heim, þar með talið fæði eða fæðispeningar, á kostnað útgjörðarmanna, og hæfilega þóknun fyrir það, er hún hefur unnið að björgun.

Þegar skip hefur verið hernumið, hefur skipstjóri þó rjett á, að senda skipshöfnina heim, án þess að bíða þess, hvað af skipinu verði gjört, en hún á þá heimting á kaupi, þangað til heim er komið, nema skipið hafi áður verið gjört upptækt.

62. gr. Nú hefur skipi hlekkzt á og það hættir við ferð sína erlendis, fyrir því, að það hefur laskazt svo mjög, að annaðhvort verður eigi við það gjört eða að kostnaður við aðgjörðina mundi nema meiru en skipið yrði vert á eptir, þá á skipshöfnin að eins heimting á að fá ókeypis heimferð, og kaup eins og hefði skipið strandað þann dag, þá er skipshöfninni er sagt upp vist, fyrir því að skipið sje ófært til áframhalds.

63. gr. Nú sýkist eða slasast einhver skipverja, og er sjálfum eigi um að kenna, og er hann eigi ferðafær, og fær hann þá umsamið kaup eða venjulegt mánaðarkaup fyrir þá daga, er hann hefur unnið fyrir kaupi. Ef hann sýkist eða slasast við vinnu sína í þarfir skipsins, á hann ennfremur að fá lækning og hjúkrun á kostnað útgjörðarmanna, þó ekki lengur en um 4 vikur. Það, sem honum hefur þegar greitt verið upp í kaup, er þá eigi apturkræft.

Nú sýkist maður eða slasast á leiðinni, og er honum eigi um að kenna, og skal honum þá hjúkrað á skipi, eða hann sendur í land til lækningar og hjúkrunar, ef það er gjörandi og á því þörf. Nú er hann eigi orðinn svo ferðafær, er skipið fer þaðan, sem hann var fluttur í land, að hann verði hafður með, og skal skipstjóri þá annast um, að haldið verði áfram að veita honum aðhjúkrun í landi, og að hann verði, þegar þar að kemur, sendur heim, hvorttveggja á kostnað útgjörðarmanna. Hinn sjúki maður skal halda kaupi sínu meðan hann er við skipið. En verði að skilja hann eptir í landi, fær hann umsamið eða venjulegt mánaðarkaup, eptir því, hvort hann er ráðinn með mánaðarkaupi eða fyrir tiltekna upphæð, til þess dags, er skipið fer frá þeim stað, þar sem hann verður eptir, en þó ekki meira en um var samið fyrir ferðina, nema það sje heimilað í 56. og 57. gr.

64. gr. Nú deyr einhver skipverja á ferðinni, og annast þá skipstjóri útför hans. Kaup hans til dauðadags, sem fer eptir því, er umsamið var eða venjulegu mánaðarkaupi, skal borga búi hans eða erfingjum að frádregnum nauðsynlegum útfararkostnaði.

65. gr. Nú sýkist maður og er sjálfur valdur að, og er skipstjóri engu að síður skyldur til að útvega honum lækning og hjúkrun, hvort heldur á skipinu eða í landi erlendis; og sje það erlendis, skal skipstjóri fje út leggja fyrirfram í þessu skyni svo sem þörf er á; en kostnað af þessu, svo og af því, að orðið hefur að fá annan í hans stað, má borga af kaupi hans, meðan það hrekkur.

66. gr. Nú er maður sjúkur, er skipið kemur heim og er eigi sjálfur valdur að, og á hann þá að fá lækning og aðhjúkrun í allt að 4 vikur á kostnað útgjörðarmanna.

67. gr. Nú reynist einhver úr skipshöfninni ónýtur til þess starfa, er hann hefur ráðizt til, og getur skipstjóri, ef það sannast með áliti tveggja hinna helztu af skipverjum að svo sje, minnkað kaup hans allt að helmingi, en þess skal jafnframt gætt, að

ástæður fyrir áliti þeirra og úrskurður skipstjóra verði með nákvæmni ritaður í bók þá, er 37. gr. ræðir um, og það síðan upplesið fyrir hlutaðeiganda í áheyrn vottanna, og riti þeir því næst allir undir það nöfn sín. Nú vill sá eigi undirskrifa, er úrskurðurinn er um, og eiga þá vottarnir að geta þess í bókinni, að honum hafi verið veittur kostur á því.

Um það, hvernig hlutaðeigandi geti borið sig upp undan þessum úrskurði, og um afleiðingar af þeirri kæru fer eptir því, sem segir í 39. gr., þannig að það, sem þar segir um afleiðingar af því, að brotið hefur verið gegn fyrirmælum 37. gr., á líka við þegar fyrirmælum þessarar 67. greinar hefur eigi fylgt verið tilhlýðilega.

68. gr. Því, sem sparast af kaupi við það, að skipverjum fækkar á leiðinni, skal skipt milli hinna annara í skipshöfninni (að skipstjóra undanskildum), að tiltölu við kaup hvers. Þó á þetta sjer eigi stað, þegar strok veldur fækkun.

69. gr. Þegar skip liggur við land, og skipverjum er fengið starf á sunnudögum og öðrum helgidögum, um fram venjulega vinnu að því að halda skipinu hreinu, þurka segl, gegna nauðsynlegum bátstörfum, tilbúa mat og hagræða eptir þörfum skipinu, svo að óhult sje, þá skal borga þeim það með ½ dags kaupi fyrir hverja tveggja stunda vinnu.

70. gr. Þá er í undanförnum greinum ræðir um heimför skipverja eða heimsending, þá á skipstjóri kost á að velja, hvort heldur hann vill þann stað, þar sem skiprúms-samningar fóru fram, eða annan stað, þar sem hann eptir samningnum átti kost á að láta þann, er heim skal fara eða sendast, fara úr skiprúmi.

5. kapituli. Almenn ákvæði.

71. gr. Landshöfðingi semur reglugjörð um viðurværi skipshafnar.

Landshöfðingi segir og fyrir um, hver læknislyf skuli vera á skipi og hve mikið af þeim.

72. gr. Lög þessi prentuð og reglugjörðin um viðurværi skipshafnar skulu vera á hverju íslenzku skipi til leiðbeiningar og eptirbreytni fyrir alla þá, er hlut eiga að máli.

Ef skipstjóri sýnir af sjer vanrækt í þessum greinum, sætir hann sektum, 10 til 100 kr.

Nd. **453. Frumvarp**

til laga um breytingar nokkrar á tilskipun 4. maí 1872 um sveitarstjórn á Íslandi o. fl. — Eptir 2. umr. í Nd.

1. gr. Norður-Múlasýsla og Suður-Múlasýsla ásamt Norður-Þingeyjarsýslu, ef sýslunefndin þar óskar þess, skulu vera amt út af fyrir sig, og nefnast Austuramt með sjerstöku amtsráði. Einn skal vera amtmaður í Norður- og Austur-ömtunum.

2. gr. Í hverju hinna fjögra amtsráða á landi hjer, skal, auk amtmanns sem forseta, vera 1 fulltrúi úr hverju sýslufjelagi í amtinu, nema Vestmannaeyjum og jafnmargir varafulltrúar. Fulltrúa þessa skal sýslunefndin kjósa; skal hver fulltrúi og varafulltrúi kosinn til 6 ára. Kosningin fer þannig fram, að hver sýslunefndarmaður, sem á fundi er, kýs fyrst aðalfulltrúa í amtsráðið, og að þeirri kosningu aflokinni 1 varafulltrúa í sama. Ef tveir eða fleiri hafa fengið jafnmörg atkvæði við

kosninguna, ræður hlutkesti. Þegar hin 3 fyrstu ár eru liðin, gengur úr amtsráði eptir hlutkesti helmingur hinna kosnu fulltrúa, eða ef tala þeirra stendur á stöku, þá meiri hlutinn ásamt hlutaðeigandi varafulltrúum, og skal þá kjósa aðra í staðinn. Að 3 árum liðnum ganga úr hinir, sem eptir eru, o. s. frv. annar hluti amtsráðsins þriðja hvert ár.

Um endurkosningar og undanfærslu undan því, að taka við kosningu, og um mótmæli gegn lögmæti kosninga gilda fyrirmælin í 47. gr. tilsk. 4. maí 1872.

Að aflokinni kosningu sendir hver sýslumaður amtmanni endurrit af kosningargjörðinni með næstu póstferð, er fellur þar á eptir.

3. gr. Til þess fullnaðarályktun verði gjörð á amtsráðsfundi, útheimtist, að $^2/_3$ amtsráðsmanna eður fulltrúa auk forseta, sjeu á fundi.

4. gr. Þeir, sem í amtsráði eru, skulu hafa í fæðispeninga 3 kr. um hvern dag, sem þeir vegna amtsráðsfundar verða að vera frá heimili sínu, og að auki ferðakostnað eptir reikningi, sem amtmaður ávísar, þegar búið er að rannsaka hann.

5. gr. Landshöfðingi gjörir nákvæmari ráðstafanir til þess, að lög þessi komist í verk, svo þau öðlist gildi svo fljótt sem verða má; hann gjörir einnig með ráði amtmannsins norðan og austan allar þær ráðstafanir, sem lúta að því, að skipta sjóðum, eignum og skyldum milli Norðuramtsins og Austuramtsins.

6. gr. Þær lagaákvarðanir, sem koma í bága við lög þessi, skulu úr lögum numdar.

Ed. **454. Frumvarp**

til laga um breyting á 14. og 15. gr. stjórnarskrárinnar og 18. gr. laga 14. sept. 1877 um kosningar til alþingis. — Eptir 3. umr. í Nd.

1. gr. Á alþingi eiga sæti 36 þjóðkjörnir alþingismenn; sitja 8 af þeim í efri deild en 28 í neðri deild.

2. gr. Auk kjördæma þeirra, sem ákveðin eru í 18. gr. laga 14. sept. 1877 um kosningar til alþingis, skulu kaupstaðirnir Akureyri og Ísafjörður vera sjerstök kjördæmi.

Tölu hinna þjóðkjörnu alþingismanna skal skipt niður á þann hátt, að 3 alþingismenn skulu kosnir í Árnessýslu og Gullbringu- og Kjósarsýslu, hvorri um sig, 2 alþingismenn í sjerhverju eptirfylgjandi kjördæma: Í Rangárvallasýslu, Ísafjarðarsýslu, Húnavatnssýslu, Skagafjarðarsýslu, Eyjafjarðarsýslu, Suður-Þingeyjarsýslu, Norður-Múlasýslu og Suður-Múlasýslu, og Reykjavíkurkaupstað, en í hverju hinna kjördæmanna, sem eru: hin 2 kjördæmi í Skaptafellssýslum, Vestmannaeyjasýsla, Borgarfjarðarsýsla, Mýrasýsla, Snæfellsnessýsla, Dalasýsla, Barðastrandarsýsla, Strandasýsla, Norður-Þingeyjarsýsla, Akureyrarkaupstaður og Ísafjarðarkaupstaður, skal kjósa einn alþingismann.

3. gr. Ákvæði 14. og 15. gr. stjórnarskrárinnar, að því er snertir tölu þingmanna og seinni málsgrein 18. gr. laga 14. sept. 1877, eru hjer með úr gildi felld.

Nd. **455. Breytingartillaga**

við frumvarp til laga um breytingar nokkrar á tilskipun 4. maí 1872 um sveitarstjórn á Íslandi. — Frá Sv. Eiríkssyni, Grími Thomsen, J. Jónassen, Þóraru Böðvarssyni, Jóni Jónssyni 1. þm. N.-Múlas. og Þorvarði Kjerúlf.

Við 1. gr. Aptan við orðin «ásamt Norður-Þingeyjarsýslu» bætist, «og Austur-Skapta fellssýslu».

Við sömu gr. fyrir «sýslunefndin» komi: sýslunefndirnar.

Nd. **456. Breytingartillaga**

við frumvarp til laga um breytingar nokkrar á tilskipun 4. maí 1872 um sveitarstjórn á Íslandi o. fl. — Frá Árna Jónssyni, Jóni Jónssyni 1. þm. N.-Múl., Ólafi Briem, Gunnari Halldórssyni, Jóni Jónssyni þm. N.-Þ. og Þorvarði Kjerúlf.

Við 5. gr. Fyrir orðin: »að lög þessi komist í verk, svo þau öðlist gildi svo fljótt sem verða má», komi: að lög þessi komist til framkvæmda svo fljótt sem verða má.

Ed. **457. Breytingartillaga**

við frv. til fjárlaga fyrir 1890 og 1891. — Frá fjárlaganefndinni.

Við 13. gr. B. III. c. bætist við:

11. Til að gefa út þýzka málmyndalýsing endurbætta á íslenzku annað árið 200 kr.

Ed. **458. Frumvarp**

til laga um samþykktir um heyásetning o. fl. — Eptir 3. umr. í Nd.

1. gr. Heimilt er að gjöra samþykktir, þar sem reglur eru settar um heyásetning, heyskoðun og eptirlit með heyásetningi og hirðing á öllum búpeningi manna, svo má og gjöra samþykktir um stofnun heyforðabúrs og kornforðabúrs á kostnað sýslusjóðs eða sveitarsjóðs, um notkun forðabúrsins, stjórn þess og allt fyrirkomulag, og um það, að skuldir við forðabúrið fyrir hey og korn megi taka lögtaki.

2. gr. Samþykktir þessar skal gjöra á þann hátt, er segir í lögum 14. des. 1877, um ýmisleg atriði, er snerta fiskiveiðar á opnum skipum, og skulu að öðru leyti ákvæði tjeðra laga gilda um slíkar samþykktir.

Ed. **459. Frumvarp**

til laga um hundaskatt og fleira. — Eptir eina umr. í Nd.

1. gr. Hver heimilisráðandi skal á hreppaskilaþingi því, er hann á sókn að, vor hvert, telja fram fyrir hreppstjóra eða bæjarfógeta alla heimilishunda sína, er eldri eru en fjögra mánaða í fardögum og skal það framtal rita í sveitarbókina. En á haust-hreppaskilum skal telja frá þá hunda, sem farizt hafa um sumarið.

2. gr. Ef einhver vanrækir að telja fram hunda, eða telur þá rangt fram, eða framtal hans þykir tortryggilegt, gilda um það sömu ákvæði, sem um framtal á tíundbæru lausafje eptir 5., 6. og 7. gr. í lögum 12. júlí 1878 um lausafjártíund.

3. gr. Hreppstjóri skal senda sýslumanni skýrslu um framtal hunda jafnframt öðrum framtalsskýrslum.

4. gr. Hver sá heimilisráðandi, er býr á meiru en einu hundraði úr jörðu utan kaupstaða, skal greiða af hverjum heimilishundi sínum, sem eldri er en fjögra mánaða, 2 kr. ár hvert, en aðrir gjaldi 10 kr. Hver heimilisráðandi ábyrgist greiðslu skattsins af þeim hundum, sem hann hefur framtalið, en rjett hefur hann til, að fá skattinn borgaðan hjá lausamönnum, húsmönnum eða öðrum mönnum í sjálfstæðri stöðu af þeim hundum, sem þeir eiga á heimili hans. Sýslumenn og bæjarfógetar skulu innheimta skattinn á manntalsþingum ár hvert, í fyrsta skipti á manntalsþingum 1891. Í kaupstöðum rennur skatturinn í bæjarsjóð, en annarstaðar í sveitarsjóð, þó svo, að sýslumaður tekur af skattinum sýslusjóðsgjald hreppanna, að því leyti, sem hann til hrekkur, en verði afgangur, skilar sýslumaður oddvitunum honum í peningum.

5. gr. Skyldur er hver sá, sem lætur slátra skepnu, er sullir finnast í, að grafa þegar í stað slátur það, sem sullmengað er, að meðtöldum hausum af höfuðsóttarkindum, svo djúpt í jörð niður, að hundar geti eigi náð því, eða að brenna það. Brot gegn ákvæði þessu varðar allt að 10 kr. sekt, og fær sá annan helming sektarinnar, er uppljóstar, en bæjar- eða sveitarsjóður hinn.

6. gr. Heimilt er sýslunefnd og bæjarstjórn með samráði við hlutaðeigandi hjeraðslækni að semja reglur um lækning á hundum af bandormum, meðferð á sullum úr sauðfje, og gjöra aðrar ráðstafanir, sem henni þurfa þykir, til varnar gegn sullaveikinni, og liggja við sektir frá 1 kr. til 10 kr., ef út af þeim ráðstöfunum er brugðið. Af sýslusjóði og bæjarsjóði má taka fje til framkvæmdar slíkum ráðstöfunum.

7. gr. Með mál, sem rísa út af brotum á móti lögum þessum, skal fara sem almenn lögreglumál.

8. gr. Með lögum þessum er úr gildi numin tilskipun um hundahald á Íslandi 25. júní 1869.

Ed. **460. Atkvæðaskrá**

við 2. umr. í Ed. um frv. til fjárlaga fyrir árin 1890 og 1891.

4. gr.

Síðasta málsgrein (um frest á afborgun af hallærisláni Húnavatnssýslu) falli burt. — N.

10. gr.

Aptan við B. 3. c. bætist inn í nýr stafliður svo hljóðandi:

d. til að fullgjöra fangaklefa á Eyrarbakka 200 —»— 442. Sk. Þ.

C. 4. a. 1. Fyrir: «2,500 kr.» (til skólans í Ólafsdal) komi: «2,000 kr.» — N.

— — — 2. Fyrir: «3,500 kr.» (til skólans á Hólum) komi: «2,000 kr.» — N.

— — — Á eptir 4. tölul. bætist við: «með því skilyrði, að skilmerkilegir reikningar skólanna verði árlega birtir í Stjórnartíðindunum».— N.

— — b. Töluliðurinn orðist svo:

«til búnaðarfjelaga og fleira, hvort árið . . . . . 8,240 kr.

Þar af styrkur til Herm. Jónassonar til að gefa út búnaðarrit, 20 kr. fyrir örkina, allt að 240 kr.; og til eflingar garðyrkju (landlækni Schierbeck til aðstoðarmanns), allt að 400 kr. Að öðru leyti úthlutar landshöfðingi styrkunum til búnaðarfjelaga eptir tillögum sýslunefnda og amtsráða». — N.

— — c. falli burt. — N.

— — d. falli burt. — N.

C. 5. d. falli burt. — N.

— 6. Í stað töluliðanna b. og c. komi:

b. til umráða landshöfðingja til að styrkja auknar strandferðir (hvort árið) . . . . . 12,000. — N.

— 10. falli burt. — N.

11. gr.

3. a. Fyrir: »1,200 kr.» (hvort árið til sjúkrahússins í Reykjavík) komi: 1,300 kr. (hvort árið). — N.

Aptan við bætist:

Þar af til umbúða og annars kostnaðar við ókeypis kliník 200 kr. (hvort árið). — N.

13. gr.

A. b. 4. falli burt. — N.

B. I. b. 1. Töluliðurinn orðist svo:

húsaleigustyrkur handa 12 lærisveinum, 80 kr.

handa hverjum . . . . . 960 kr.— 960 kr. — N.

— — — — 4. Fyrir: »300 — 300» (til bókakaupa) komi: 200 — 200. — N.

— II. b. 7. Töluliðurinn falli burt. — N.

— — — — — Fyrir: »100 — 100 —» komi: 200 — 200. — 448. H. og J.

— III. c. 11. (nýr töluliður) bætist við svo hljóðandi:

til að gefa út þýzka málmyndalýsing endurbætta á íslenzku annað árið 200 kr. — 457. N.

— IV. b. 5. (nýr töluliður) bætist við svo hljóðandi:

til styrkveitingar námspiltum á Möðruvallaskólanum 500 kr. (hvort árið). — 446. J. H.

— V. a. 2. Fyrir: »1,000» (til kvennaskólans á Ytri-Ey) komi: 700. — N.

— — — 3. — »1,000» (til kvennaskólans á Laugalandi) komi: 700 — N.

— — b. 2. Athugasemdin falli burt. — N.

— — c. Töluliðurinn verði »c. 1.», og aptan við bætist nýr liður:

c. 2. til áhaldakaupa við heimavist eitt skipti 200 kr. (fyrra árið). — N.

— — e. »1,800 kr.» síðara árið (utanstryks) falli burt. — N.

C. 1. b. Fyrir: »700 — 700» komi: 400 — 400. — N.
— 2. — »200 — 200» komi: 400 — 400. — 448. H. og J.
— 6. Aptan við bætist:
útborgist því að eins, að Árbók fjelagsins komi út, hvort árið. — N.
— 7. Fyrir: »400 — 400» komi: 500 — 300. — N.
— 8. Töluliðurinn falli burt. — N.
— Á eptir 11. tölul. bætist við nýr tölul. svo hljóðandi:
til útgáfu »Sjálfsfræðarans» 20 kr. fyrir örkina, allt að 600 kr.
hvort árið . . . . . 600 — 600 — N.
— Þar á eptir bætist enn við nýr tölul. svo hljóðandi:
til cand. phil. Gests Pálssonar, til að gefa út skáldsögu og leikrit, 600 kr. hvort árið. Síðari helmingurinn útborgist þá, er ritin eru út komin . 600—600.—N.

15. gr.

Á eptir: »J. Thorarensens 50 kr.» komi: til umboðsmanns Árna Thorlacius 200 kr. — 431. J. G.

Samlagning og töluliðatala breytist allstaðar samkvæmt atkvæðagreiðslunni. — N.

N. = Nefndin.
H. og J. = J. Havsteen og E. Th. Jónassen.
J. G. = Jakob Guðmundsson.
J. H. = Jón A. Hjaltalín.
Sk. Þ. = Skúli Þorvarðarson.

Tölurnar fyrir aptan breytingartillögurnar merkja nr. á þingskjölum þeim, sem breytingartillögurnar standa á.

Ed. **461. Frumvarp**

til stjórnarskipunarlaga um hin sjerstaklegu málefni Íslands. — Eptir 2. umr. í Ed.

I.

1. gr. Í öllum þeim málefnum, sem varða Ísland sjerstaklega, hefur landið löggjöf sína, dómsvald og stjórn út af fyrir sig, á þann hátt, að löggjafarvaldið er hjá konungi og alþingi í sameiningu, framkvæmdarvaldið hjá konungi og dómsvaldið hjá dómendum.

2. gr. Hin sjerstaklegu málefni landsins eru þessi, svo sem segir í lögum um hina stjórnarlegu stöðu Íslands í ríkinu 2. jan. 1871 3. gr.:

1. Hin borgaralegu lög, hegningarlögin og dómgæzlan, er hjer að lýtur.
2. Lögreglumálefni.
3. Kirkju- og kennslumálefni.
4. Lækna- og heilbrigðismálefni.
5. Sveita- og fátækramálefni.
6. Vegir og póstgöngur landsins.
7. Landbúnaður, fiskiveiðar, verzlun, siglingar og aðrir atvinnuvegir.
8. Skattamál, bein og óbein.
9. Þjóðeignir, alþjóðlegar stofnanir og sjóðir.

Meðan Ísland hefur ekki fulltrúa á ríkisþinginu, en það er komið bæði undir hinu sjerstaka löggjafarvaldi landsins, konungi og alþingi, og löggjafarvaldi ríkisins, leggur landið ekkert til almennra ríkisþarfa. En á hinn bóginn tekur það heldur engan þátt á meðan í löggjafarvaldinu um almenn ríkismál.

3. gr. Konungur hefur hið æðsta vald í öllum hinum sjerstöku málefnum landsins. Konungur tekur sjer ráðgjafa fyrir Ísland og víkur honum úr völdum. Undirskript konungs undir ályktanir þær, er snerta löggjöf og stjórn, veitir þeim gildi með þeim takmörkunum, sem settar eru í stjórnarskrá þessari, þá er ráðgjafi hans fyrir Ísland skrifar undir með honum. Ráðgjafi þessi ber ábyrgð á ályktunum þeim, er hann ritar undir með konungi. Alþingi kemur fyrir sitt leyti ábyrgð fram á hendur honum eptir þeim reglum, er nákvæmara verður skipað fyrir um með lögum.

4. gr. Konungur skal vinna eið að stjórnarskrá Íslands. Af eiðstaf konungs skal gjöra 2 samhljóða frumrit, og skal senda alþingi annað þeirra til geymslu, en hitt skal geyma í leyndarskjalasafninu.

5. gr. Konungur er ábyrgðarlaus; hann er heilagur og friðhelgur.

6. gr. Konungur skipar jarl, sem hefur aðsetur sitt í landinu, og víkur honum frá völdum. Konungur getur látið jarlinn í nafni sínu og umboði framkvæma hið æðsta vald í hinum sjerstöku málefnum landsins enda skal þess getið við hverja stjórnarathöfn, að hann gjöri hana í nafni og umboði konungs. Jarlinn skal vinna eið að stjórnarskránni. Laun hans skal ákveða með lögum.

7. gr. Jarlinn tekur sjer ráðgjafa og víkur þeim úr völdum. Hvar sem ráðgjafar eru nefndir í stjórnarskrá þessari, er átt við ráðgjafa jarlsins, nema berlega sje nefndur „ráðgjafinn fyrir Ísland“. Ráðgjafarnir hafa á hendi stjórnarstörfin innanlands og bera ábyrgð á þeim. Ábyrgð þessa skal ákveða með lögum.

Undirskript jarls undir ályktanir þær, er snerta stjórn landsins og konungur hefur gefið honum umboð til að framkvæma, veitir þeim gildi með þeim

takmörkunum, sem settar eru í stjórnarskrá þessari, þá er einhver ráðgjafanna eða fleiri þeirra skrifa undir með honum. Ráðgjafi, sem undir ályktun ritar með jarli ber ábyrgð á henni.

Nú er lagafrumvarp, er báðar deildir þingsins hafa samþykkt, lagt fyrir jarlinn til staðfestingar konungs, skal hann lýsa yfir innan mánaðar, hvort hann staðfestir það eða neitar því staðfestingar í nafni konungs, eða hann geymir sjer rjett til að leita vilja konungs í því efni. Þegar jarlinn hefur í nafni konungs staðfest eitthvert lagafrumvarp, skal hann við fyrstu hentugleika senda ráðgjafa konungs (sbr. 3. gr.) nákvæmt samrit laganna. Nú þykir konungi rjett, áður en 12 mánuðir eru liðnir frá því, er ráðgjafi konungs tók við lögunum, að synja þeim staðfestingar, þá skal ráðgjafinn senda jarlinum synjun þessa, og geta þess um leið, hvenær hann hafi tekið við lögunum. Gjöri þá jarlinn kunnuga synjunina eptir þeim lögum, sem gilda um birtingu laga, og falla þá lögin úr gildi frá þeim degi, er birtingin er dagsett.

Nú hefur jarlinn geymt sjer rjett til að leita vilja konungs um eitthvert lagafrumvarp, og hefur það þá eigi lagagildi, nema jarlinn hafi birt, áður en 12 mánuðir eru liðnir frá því, er lagafrumvarpið var lagt fyrir hann til staðfestingar konungs, að konungur hafi staðfest það.

8. gr. Ráðgjafar skulu eigi vera fleiri en þrír, og skal einn vera æðstur þeirra. Konungur og ráðgjafar eru landsráð, og er konungur forseti þess. Í landsráðinu skal ræða lagafrumvörp öll og mikilsverð stjórnarmálefni. Deyi jarlinn eða hindrist á annan hátt, stendur hinn æðsti ráðgjafi fyrir stjórn, þangað til konungur nefnir annan jarl, eða jarlinn tekur aptur við stjórninni.

9. gr. Jarlinn eða neðri deild alþingis getur kært ráðgjafana fyrir embættisrekstur þeirra. Í þeim málum dæmir landsyfirdómurinn.

10. gr. Konungur getur falið jarlinum að veita öll þau embætti, er hann sjálfur hefur veitt eða hann hefur fengið landshöfðingja umboð til að veita hingað til. Breyting má á þessu gjöra með lögum. Engan má skipa embættismann í landinu nema hann hafi hin almennu rjettindi innborinna manna, og þar á ofan hafi fært sönnur á, að hann hafi fullnægt hinum gildandi ákvæðum um kunnáttu í máli landsins. Hver embættismaður skal vinna eið að stjórnarskránni. — Jarlinn getur vikið embættismönnum frá, og fer þá um eptirlaun þeirra, svo sem lög mæla fyrir. Jarlinn getur flutt embættismenn úr einu embætti í annað, þó svo, að þeir missi einskis í af embættistekjum, og að þeim sje gefinn kostur á að kjósa, hvort þeir vilji heldur embættaskiptin, eða þá lausn frá embætti með eptirlaunum þeim, sem almennar reglur ákveða. Með lögum má undan skilja ýmsa embættismannaflokka, auk embættismanna þeirra, sem nefndir eru í 51. grein.

11. gr. Í nafni konungs stefnir jarlinn saman reglulegu alþingi annað hvort ár. Án samþykkis jarlsins má þingið eigi setu eiga lengur en 10 vikur. Breyta má þessum ákvæðum með lögum.

12. gr. Jarlinn getur frestað fundum hins reglulega alþingis um tiltekinn tíma, en þó ekki lengur en 4 vikur, nema alþingi samþykki það, og ekki nema einu sinni á ári.

13. gr. Jarlinn getur rofið neðri deild alþingis, og skal þá stofna til nýrra

kosninga, áður 2 mánuðir sjeu liðnir, frá því deildin var rofin, og skal þá stefna alþingi saman næsta ár á eptir, að deildin var rofin. Þó má jarlinn eigi rjúfa neðri deild reglulegs alþingis án samþykkis deildarinnar, eptir að hann hefur stefnt reglulegu alþingi saman, eða það er saman komið samkvæmt 23. gr., fyrri en það hefur saman verið 10 vikur.

14. gr. Jarlinn getur stefnt alþingi saman til aukafunda, og ræður hann, hversu langa setu það þá skuli eiga.

15. gr. Landstjórnin getur lagt fyrir alþingi frumvörp til laga og ályktana.

16. gr. Jarlinn annast um, að lögin verði birt og að þeim verði fullnægt.

17. gr. Þegar brýna nauðsyn ber til, getur konungur eða jarl gefið út bráðabirgðalög milli alþinga; þó mega slík lög eigi koma í bága við stjórnarskrána, enda falla þau úr gildi, nema næsta alþingi á eptir samþykki þau. Eigi má gefa út bráðabirgða-fjárlög fyrir það fjárhagstímabil, er fjárlög eru samþykkt fyrir af alþingi.

18. gr. Konungur veitir eða getur falið jarlinum að veita leyfi þau og undanþágur frá lögum, sem tíðkazt hafa, eptir reglum þeim, sem farið hefur verið eptir hingað til.

19. gr. Konungur náðar menn og veitir almenna uppgjöf á sökum. Ráðgjöfunum getur hann eigi gefið upp sakir fyrir brot á stjórnarskránni nje fyrir önnur embættisbrot, nema því að eins, að neðri deild alþingis samþykki.

II.

20. gr. Alþingismenn í efri deildinni eiga sæti í deildinni ævilangt, eða þangað til þingmaðurinn leggur niður þingmennsku. Verði nokkurt sæti laust í efri deildinni, kveður jarlinn mann til þingsetu í hið auða sæti.

Kosning alþingismanna í neðri deild gildir venjulega fyrir 6 ára tímabil. Stytta má tímabil þetta með lögum. Deyi nokkur alþingismaður í neðri deild eða fari frá, meðan á kjörtíma neðri deildar stendur, skal kjósa mann til þingsetu fyrir það tímabil, sem eptir er af kjörtímanum.

21. gr. Kosningarrjett til alþingis hafa:

a. allir búandi menn, húsmenn, borgarar, þurrabúðarmenn og aðrir húsráðendur, sem greiða gjald til almennra þarfa;
b. embættismenn;
c. þeir, sem tekið hafa lærdómspróf við háskólann, prestaskólann eða læknaskólann í Reykjavík, eða eitthvert annað þess háttar opinbert próf, sem nú er, eða kann að verða sett, þó ekki sjeu þeir í embætti, ef þeir eru ekki öðrum háðir.

Þó getur enginn átt kosningarrjett, nema hann sje orðinn fullra 25 ára að aldri, þegar kosningin fer fram, hafi óflekkað mannorð, hafi verið heimilisfastur í kjördæminu 1 ár, sje fjár síns ráðandi og honum sje ekki lagt af sveit, eða, hafi hann þegið sveitarstyrk, að hann þá hafi endurgoldið hann, eða honum hafi verið gefinn hann upp.

22. gr. Kjörgengur til neðri deildar alþingis er hver sá, sem hefur kosningarrjett samkvæmt því, sem nú var sagt, ef hann:

1. ekki er þegn annars ríkis eða er í þjónustu þess;

2. hefur að minnsta kosti síðustu 5 ár verið í löndum þeim í norðurálfunni, sem liggja undir Danaveldi.

Dómendur í landsyfirdóminum mega eigi eiga setu á alþingi, hvorki í efri nje neðri deild. Ráðgjafarnir eru kjörgengir að eins til neðri deildar.

Kjósa má þann mann, sem á heima utan kjördæmis, eða hefur verið innan kjördæmis skemur en eitt ár.

Með lögum má veita konum kosningarrjett og kjörgengi til alþingis.

Nákvæmari reglur um kosningarnar verða settar í kosningarlögum. Með þeim takmörkunum, sem teknar eru fram hjer að framan, er hver sá maður rjett kveðinn til efri deildar alþingis, sem hefur kosningarrjett og er kjörgengur til neðri deildar, er 35 ára að aldri og búsettur í þeim fjórðungi, er hann er kveðinn fyrir.

III.

23. gr. Alþingi skal koma saman fyrsta virkan dag í júlímánuði annaðhvort ár, hafi jarlinn ekki tiltekið annan samkomudag sama ár.

Með lögum má ákveða, að hið reglulega alþingi komi optar saman eður á öðrum tíma.

24. gr. Samkomustaður alþingis er í Reykjavík. Þó getur jarlinn eptir atvikum skipað fyrir um, að alþingi komi saman á öðrum stað í landinu.

25. gr. Alþingi er friðheilagt. Enginn má raska friði þess eða frelsi.

26. gr. Alþingi sker sjálft úr, hvort þingmenn þess sjeu löglega kosnir.

27. gr. Sjerhver nýr þingmaður skal vinna eið að stjórnarskránni, undireins og viðurkennt er, að kosning hans sje gild.

28. gr. Alþingismenn eru eingöngu bundnir við sannfæring sína og eigi við neinar reglur frá kjósendum sínum.

Embættismenn þeir, sem kosnir eru til alþingis, þurfa ekki leyfi stjórnarinnar til þess að þiggja kosninguna, en skyldir eru þeir til að annast um, að embættisstörfum þeirra verði gegnt án kostnaðar fyrir landssjóðinn, á þann hátt, sem stjórnin álítur nægja.

29. gr. Hvor þingdeild á rjett á, að bera upp frumvörp til laga og ályktana og samþykkja þau fyrir sitt leyti; einnig má hvor þingdeildin fyrir sig senda konungi eða jarli ávörp.

30. gr. Hvor þingdeild getur sett nefndir af þingmönnum til þess, að rannsaka mikils-varðandi málefni. Þingdeildin getur veitt nefndum þessum rjett á, að heimta skýrslur, munnlegar og brjeflegar, bæði af embættismönnum og öðrum.

31. gr. Engan skatt má á leggja, nje breyta, nje af taka, nema með lögum; ekki má heldur án lagaákvæða taka lán, er skuldbindi landið, nje selja eða á annan hátt láta af hendi neina af fasteignum landsins, nje skerða þann hluta viðlagasjóðs, sem ákveðinn verður með lögum.

32. gr. Ekkert gjald má greiða af hendi, nema heimild sje til þess í fjárlögum eða fjáraukalögum.

33. gr. Jafnskjótt sem hið reglulega alþingi er komið saman, skal leggja fyrir það frumvarp til fjárlaga fyrir fjárhagstímabilið, sem í hönd fer. Með tekjunum skal telja bæði hið fasta tillag og aukatillagið, sem greitt er úr hinum almenna ríkissjóði, svo sem fyrir er mælt í lögum um hina stjórnarlegu stöðu Íslands í ríkinu, 2. janúar 1871, 5. gr., sbr. 6. gr., til hinna sjerstaklegu gjalda Íslands.

Gjöld, sem ákveðin eru með eldri lögum, tilskipunum, konungsúrskurðum eða öðrum gildum ákvæðum, skal, þangað til breyting verður á því gjörð með lögum, til færa í fjárlögunum, svo sem gjöld þessi hafa ákveðin verið.

Frumvarpið til fjárlaganna og eins frumvörp til fjáraukalaga skal jafnan fyrst leggja fyrir neðri deild alþingis.

34. gr. Hvor þingdeild kýs yfirskoðunarmann, og skulu þeim veitt laun fyrir starfa sinn. Yfirskoðunarmenn þessir eiga að gagnskoða reikninga hvers árs um tekjur og gjöld landsins, og gæta þess, að tekjur landsins sjeu þar allar taldar og að ekkert hafi verið goldið út án heimildar. Þeir geta krafizt, að fá allar skýrslur þær og skjöl, sem þeim þykir þurfa. Síðan skal semja reikning fyrir fjárhagstímabilið, og leggja hann fyrir alþingi, ásamt með athugasemdum yfirskoðunarmanna, til fullnaðarúrslita.

35. gr. Ekkert lagafrumvarp má samþykkja til fullnaðar, fyr en það hefur verið rætt þrisvar í hvorri þingdeild.

36. gr. Þegar lagafrumvarp er samþykkt í annari hvorri þingdeildinni, skal það lagt fyrir hina þingdeildina í því formi, sem það er samþykkt í. Verði þar breytingar á gjörðar, gengur það aptur til hinnar fyrri þingdeildar. Verði hjer aptur gjörðar breytingar, fer frumvarpið af nýju til hinnar deildarinnar. Gangi þá enn eigi saman, ganga báðar deildirnar saman í eina málstofu, og leiðir alþingi þá málið til lykta eptir eina umræðu. Þegar alþingi þannig myndar eina málstofu, þarf til þess, að gjörð verði fullnaðarályktun á máli, að tveir þriðjungar þingmanna úr hvorri deild sjeu á fundi og eigi þátt í atkvæðagreiðslunni; ræður þá atkvæðafjöldi úrslitum um hin einstöku málsatriði, en til þess að lagafrumvarp, að undanskildum frumvörpum til fjárlaga og fjáraukalaga, verði samþykkt í heild sinni, þarf aptur á móti að minnsta kosti, að tveir þriðjungar atkvæða þeirra, sem greidd eru, sjeu með frumvarpinu.

37. gr. Meðan alþingi stendur, má ekki taka neinn alþingismann fastan fyrir skuldir án samþykkis þeirrar deildar, er hann situr í, nje heldur setja hann í varðhald eða höfða mál á móti honum, nema hann sje staðinn að glæp.

Enginn alþingismaður verður krafinn til ábyrgðar utan þings fyrir það, sem hann hefur talað á þinginu, nema þingdeildin, sem hann á sæti í, leyfi.

38. gr. Ef sú breyting, er sviptir mann kjörgengi, verður á högum þess manns, er löglega er kosinn, hvort sem er til efri eða neðri deildar missir hann rjett þann, er kosningunni fylgir.

39. gr. Ráðgjöfunum skal heimilt vegna embættisstöðu sinnar að sitja á alþingi, og eiga þeir rjett á að taka þátt í umræðunum, eins opt og þeir vilja, en gæta verða þeir þingskapa.

Atkvæðisrjett hafa ráðgjafar því að eins, að þeir sjeu kosnir alþingismenn.

40. gr. Hvor þingdeild og eins hið sameinaða alþingi kýs sjálft forseta sinn og varaforseta.

41. gr. Hvorug þingdeildin má gjöra ályktun um neitt, nema að minnsta kosti tveir þriðjungar þingmanna sjeu á fundi og greiði þar atkvæði.

42. gr. Heimilt er þingmanni að bera upp í þeirri þingdeild, er hann á sæti í, hvert það málefni, er almenning varðar, ef þingdeildin leyfir, og beiðast skýrslu um það.

43. gr. Hvorug þingdeildin má taka nokkurt málefni til meðferðar á þingi, nema einhver þingdeildarmanna taki það að sjer til flutnings.

44. gr. Þyki þingdeild ekki ástæða til að gjöra ályktun um eitthvert málefni, þá getur hún vísað því til landstjórnarinnar.

45. gr. Fundi beggja þingdeilda og hins sameinaða alþingis skal halda í heyranda hljóði. Þó getur forseti eða svo margir þingmenn, sem til er tekið í þingsköpunum, krafizt, að öllum utanþingsmönnum sje vísað burt, og skal þá þingið eða þingdeild sú, er hlut á að máli, skera úr, hvort ræða skuli málefnið í heyranda hljóði eða eigi.

46. gr. Þingsköp hins sameinaða alþingis og beggja þingdeilda skal setja með lögum.

IV.

47. gr. Landsyfirdómur einn dæmir í þeim málum, er jarlinn eða neðri deild alþingis býr til á hendur ráðgjöfunum.

48. gr. Skipun dómsvaldsins skal ákveða með lögum.

49. gr. Dómendur skera úr öllum ágreiningi um embættistakmörk yfirvaldanna. Þó getur sá, sem þar um leitar úrskurðar, ekki komið sjer hjá að hlýða yfirvaldsboði í bráð, með því að skjóta málinu til dóms.

50. gr. Dómsvaldið skal greina frá umboðsvaldinu með lögum.

51. gr. Dómendur skulu í embættisverkum sínum fara einungis eptir lögunum. Þeim dómendum, sem ekki hafa að auki umboðsstörf á hendi, verður ekki vikið úr embætti nema með dómi, og ekki verða þeir heldur fluttir í annað embætti á móti vilja þeirra, nema þegar verið er að koma nýrri skipun á dómstólana. Þó má veita þeim dómara, sem orðinn er fullra 65 ára gamall, lausn frá embætti, en eigi skal hann missa neins í af launum sínum.

V.

52. gr. Hin evangelisk-lúterska kirkja er þjóðkirkja landsins, og skal þjóðfjelagið því styðja hana og vernda.

Sambandinu milli þjóðkirkju og landstjórnar skal skipa með lögum.

53. gr. Landsmenn eiga rjett á að stofna fjelög til að þjóna guði með þeim hætti, sem bezt á við sannfæringu hvers eins. Þó má eigi kenna eða fremja neitt, sem er gagnstætt góðu siðferði og allsherjarreglu.

54. gr. Rjettindi trúarfjelaga þeirra, sem frábrugðin eru þjóðkirkjunni, skal ákveða með lagaboði.

55. gr. Enginn má missa neins í af þegnrjettindum sakir trúarbragða sinna, nje heldur þeirra vegna skorast undan almennum fjelagsskyldum.

VI.

56. gr. Hvern, sem tekinn er fastur, skal án undandráttar leiða fyrir dómara, og sje hann þá eigi þegar látinn laus, skal dómari, áður sólarhringur sje liðinn, leggja rökstuddan úrskurð á, hvort hann skuli í varðhald setja. Megi láta hann lausan móti veði, skal ákveða í úrskurðinum, hvert eða hversu mikið það skuli vera. Dómari ber ábyrgð fyrir þeim, sem tekinn er fastur eða hindraður á annan hátt.

Úrskurði dómara má þegar skjóta til æðra dóms, og fer um birting og

áfrýjun slíks úrskurðar sem um birting og áfrýjun dóms í sakamálum. Engan má setja í gæzluvarðhald fyrir sök, er að eins varðar fjársekt eða einföldu fangelsi.

57. gr. Heimilið er friðheilagt. Ekki má gjöra húsleit nje kyrrsetja brjef og önnur skjöl, nje rannsaka þau, án dómsúrskurðar, nema lög sjerstaklega leyfi.

58. gr. Eignarrjetturinn er friðhelgur. Engan má skylda til að láta af hendi eign sína, nema almenningsþörf krefji; þarf til þess lög og komi fullt verð fyrir.

59. gr. Öll bönd þau, sem hamla frelsi í atvinnuvegum og jafnrjetti manna til atvinnu, og eigi eru byggð á almenningsheillum, skal aftaka með lögum.

60. gr. Sá, sem ekki getur sjeð fyrir sjer og sínum, og sje hann ekki skyldu-ómagi annars manns, skal eiga rjett á að fá styrk úr almennum sjóði, en þá skal hann háður vera takmörkunum þeim, er lögin áskilja.

61. gr. Hafi foreldri eigi efni á að fræða sjálf börn sín, eða sjeu börnin munaðarlaus og öreigar, er það skylda þjóðfjelagsins, að sjá þeim fyrir uppfræðingu og framfæri.

62. gr. Hver maður á rjett á, að láta í ljósi hugsanir sínar á prenti; en þó verður hann að ábyrgjast þær fyrir dómi. Ritskoðun og aðrar tálmanir fyrir prentfrelsi má aldrei lögleiða.

63. gr. Rjett eiga menn á að stofna fjelög í sjerhverjum löglegum tilgangi, án þess að leyfi þurfi að fá til þess. Ekkert fjelag má rjúfa með stjórnarráðstöfun. Þó má banna fjelag um stundarsakir, en þá verður þegar að búa mál til á hendur fjelaginu, til þess að það verði rofið.

64. gr. Rjett eiga menn á að safnast saman vopnlausir. Lögreglustjórninni er heimilt að vera við almennar samkomur. Banna má mannfundi undir berum himni, þegar uggvænt þykir, að af þeim leiði óspektir.

65. gr. Hver vopnfær maður er skyldur að taka sjálfur þátt í vörn landsins eptir því, sem nákvæmar verður ákveðið með lögum.

66. gr. Rjetti sveitarfjelaganna til að ráða málefnum sínum skal skipa með lögum.

67. gr. Skattgjaldamálum skal skipa með lögum.

68. gr. Öll sjerstakleg rjettindi, er lögin hafa bundið við nafnbætur og tign, skulu vera af tekin.

VII.

69. gr. Frumvörp, hvort heldur er til breytinga eða viðauka á stjórnarskrá þessari, má bera upp bæði á reglulegu alþingi og auka-alþingi. Nái frumvarpið um breyting á stjórnarskránni samþykki beggja þingdeildanna, skal rjúfa neðri deild þá þegar og stofna til almennra kosninga af nýju. Samþykki hið nýkosna alþingi frumvarpið óbreytt, og nái það staðfesting konungs, þá hefur það gildi sem stjórnarlög.

70. gr. Þá er stjórnarskipunarlög þessi eru staðfest, og landstjórn skipuð samkvæmt 6. og 7. gr. þeirra, er stjórnarskrá um hin sjerstaklegu málefni Íslands 5. dag janúarmánaðar 1874 numin úr gildi.

Ákvæði um stundarsakir.

Í íslenzkum málum verður engin breyting gjörð á stöðu hæstarjettar í Danmörku sem æðsta dóms, án þess að hið almenna löggjafarvald ríkisins taki þátt í því.

Ed. **462. Frumvarp**

til laga um innheimtu og meðferð á kirknafje. — Eptir 2. umr. í Ed.

1. gr. Rjett er, að fjárhaldsmaður kirkju feli hlutaðeigandi sóknarnefnd, vilji hún það að sjer taka, að heimta inn tekjur kirkju og koma þeim í peninga, gegn innheimtulaunum, 10 af hundraði.

Hin sömu innheimtulaun getur sófnuður, sem tekið hefur að sjer umsjón og fjárhald kirkju, veitt sóknarnefndinni.

2. gr. Gjöld til kirkju skal greiða í peningum eptir meðalverði allra meðalverða í verðlagsskrá, sem gildir í hverri kirkjusókn á gjalddaga. Ef gjaldanda brestur peninga, má hann greiða gjaldið í innskript hjá kaupmanni þeim, er innheimtumaður tekur gildan, eða þessum aurum: sauðfjenaði, hvítri ull, smjöri, fiski eða dún, eptir því verði, sem sett er á aura þessa í verðlagsskránni. Eindagi á kirkjugjöldum er 31. desbr.

3. gr. Frá næsta nýjári eptir að lög þessi öðlast gildi og koma til framkvæmdar, skal reikningsár kirkna vera frá 1. janúar til 31. desember. Skal semja reikninga kirkna sem fyrst eptir nýjár. Skal hlutaðeigandi prestur, eða, ef hann er fjehirðir kirkjunnar, hlutaðeigandi safnaðarfulltrúi fyrst rannsaka reikninginn og bera hann saman við hrepps- og kirkjubækur. Fyrir rannsókn þessa má greiða 2 kr. af tekjum kirkjunnar. Fyrir lok maímánaðar skulu kirkjureikningar með fullnægjandi fylgiskjölum vera komnir til hlutaðeigandi prófasts, er rannsakar þá og leggur fram á hjeraðsfundi. Nú álítur bæði hjeraðsprófastur og hjeraðsfundur reikning kirkju rjettan, er það þá fullnaðar-úrskurður, en greini prófast og hjeraðsfund á, leggur biskup á fullnaðar-úrskurð.

4. gr. Stofna skal almennan kirkjusjóð og skal hver kirkja hafa sína viðskiptabók við sjóðinn. Stiptsyfirvöld Íslands hafa umsjón yfir kirkjusjóði þessum og ábyrgð á honum. Fje kirkjusjóðs skal ávaxta eptir sömu reglum og landssjóðsfje. Forgangsrjett til lána úr sjóði þessum eiga kirkjur.

Auglýsa skal reikninga sjóðs þessa í Stjórnartíð., deildinni B, ár hvert.

5. gr. Allt það fje, sem kirkjur eiga afgangs útgjöldum, skal láta á vöxtu í hinum almenna kirkjusjóði og vextirnir árlega leggjast við höfuðstólinn. Heimilt er þó reikningshaldara, að halda eptir vaxtalaust 100 kr. af tekjum kirkju. Rjett er og að kirkjur greiði vexti af fje því, sem þær hafa að láni.

Þó falla niður þeir vextir, sem eigi geta greiðzt með helmingi þess, er hver kirkja hefur afgangs árlegum útgjöldum sínum.

Af sjóðum þeim, sem kirkjur eiga, þá er lög þessi öðlast gildi, skal sá, er sjóðinn hefur undir höndum, greiða í hinn almenna kirkjusjóð $^1/_{15}$ á ári, unz sjóðurinn er allur greiddur af hendi, enda þurfi hans eigi kirkjunni til aðgjörðar eða endurbyggingar á því tímabili. Sje kirkja afhent skal greiða sjóðinn allan af hendi.

6. gr. Þá er fjárhaldsmaður, er haft hefur kirkju til umsjónar og ábyrgðar og lánað henni fje, sleppir fjárhaldinu eða deyr, skal hann eða erfingjar hans eiga heimting á, að fá skuld þá borgaða af fje því, sem kirkjan hefur afgangs nauðsynlegum ársútgjöldum.

7. gr. Ákvæði laga þessara ná eigi til bændakirkna, nema hlutaðeigandi kirkjuráðendur veiti til þess samþykki sitt.

Nd. **463. Frumvarp**

til laga um löggiltar reglugjörðir sýslunefnda.—Eptir 3. umr. í Ed.

1. gr. Þá er sýslunefnd vill fá löggilta reglugjörð um eyðing refa, eður um önnur þau málefni, er sýslunefndir eiga að setja reglugjörðir um, samkvæmt 39. gr. 2. tölul. í tilsk. 4. maí 1872, um sveitarstjórn á Íslandi, skal hún senda frumvarp sitt amtsráðinu til samþykktar og löggildingar. Fallist amtsráðið á frumvarpið, þá staðfestir það reglugjörðina og fyrirskipar, hvenær hún skuli í gildi ganga, og er hún upp frá því skuldbindandi sem lög. Forseti amtsráðsins hlutast til um, að reglugjörðin sje prentuð í Stjórnartíðindunum, deildinni B.

2. gr. Í reglugjörð er heimilt að ákveða sektir fyrir brot gegn löggiltri reglugjörð frá 1 kr. til 200 kr., og má til taka, að uppljóstarmaður eða uppljóstarmenn hljóta skuli allt að helmingi sektarfjárins. Sektirnar renna að öðru leyti í sveitarsjóð, þar er brotið er framið.

3. gr. Kostnað við eyðing refa skal greiða úr sveitarsjóði.

4. gr. Með afbrot gegn löggiltum reglugjörðum sýslunefnda, skal farið sem almenn lögreglumál.

Nd. **464. Frumvarp**

til fjáraukalaga fyrir árin 1888 og 1889. Eptir 3. umr. í Ed.

1. gr. Sem viðbót við útgjöld þau, sem talin eru í fjárlögunum fyrir 1888 og 1889 veitast 5,584 kr. 41 eyr. til útgjalda þeirra, sem nefnd eru í eptirfarandi 2.—6. gr.

2. gr. Sem viðbót við útgjöldin við umboðsstjórnina o. fl. í 10. gr. C veitast 200 kr., sem þóknun til ábúanda á nokkrum þjóðjörðum fyrir að varna skemmdum af Hafursá í Dyrhólahreppi.

3. gr. Sem viðbót við útgjöldin við læknaskipunina í 11. gr. 3 (önnur útgjöld) veitast: 84 kr. til yfirsetukonu Þorbjargar Sveinsdóttur fyrir seinni helming ársins 1884 og árin 1885, 1886 og 1887.

4. gr. Sem viðbót við gjöldin í þarfir andlegu stjettarinnar í 13. gr. A. b. (önnur útgjöld) veitast:

300 kr. 41 e. í uppbót handa núverandi presti Hólma prestakalls í Suðurmúla prófastsdæmi, fyrir tekjumissi þann, er hann hefur beðið fardaga-árin 1886—87 og 1887—88, eptir að út komu lög 19. febr. 1886 um utanþjóðkirkjumenn.

Prestinum í Laufássprestakalli veitist uppgjöf á 400 kr. árgjaldi af tjeðu brauði, árin $18\frac{83}{84}$—$18\frac{87}{88}$, samtals 2000 kr.

Sem uppbót til prests þess, er þjónað hefur Gufudalsprestakalli frá fardögum 1884 til fardaga 1890, samtals 1000 kr.

5. gr. Sem viðbót við gjöld þau, sem veitt eru í 15. gr. fjárlaganna, veitist til Solveigar Jónsdóttur, ekkju alþingismanns Jóns Sigurðssonar: 1000 kr.

6. gr. Sem viðbót við gjöld þau, sem veitt eru í 17. gr. fjárlaganna veitast:

1000 kr. til hæstarjettarmálaflutningsmanns Octavíusar Hansens fyrir aðstoð í Fensmarksmálinu í þarfir alþingis.

Ed. 465. **Breytingartillaga**

við frv. til stjórnarskipunarlaga um hin sjerstaklegu málefni Íslands. Frá Jóni A. Hjaltalín og E. Th. Jónassen.

Á eptir 19. gr. komi ný grein, sem verði 20. gr. og orðist þannig:

„Á alþingi eiga sæti 36 menn; í fyrsta skipti, sem alþingi kemur saman

samkvæmt stjórnarskrá þessari, taka sæti 24 þjóðkjörnir alþingismenn, og 12, er konungur kveður til þingsetu.

Alþingi skiptist í tvær deildir, efri þingdeild og neðri þingdeild. Í efri deildinni sitja þeir 12 þingmenn, sem konungur kveður til þingsetu, 3 úr fjórðungi hverjum. Eigi skal meira en þriðjungur þeirra vera embættismenn í þeim embættum, sem hingað til hafa legið undir konungsveitingu, annar þriðjungur þeirra má vera aðrir embættismenn eða embættislausir, og hinn þriðji þriðjungur þeirra skulu vera embættislausir menn. Í neðri deildinni sitja hinir þjóðkjörnu þingmenn. Tölu alþingismanna og tölu þingmanna í deildinni má breyta með lögum".

Ed. **466. Breytingartillaga**

við frv. til stjórnarskipunarlaga um hin sjerstaklegu málefni Íslands.

Á eptir 19. gr. komi ný grein svo látandi:

20. gr. Á alþingi eiga sæti 36 menn.

Alþingi skiptist í 2 deildir, efri og neðri deild. Í efri deild sitja 12 þingmenn, en 24 í neðri deild. Tölu alþingismanna og tölu þingmanna í deildunum má breyta með lögum.

Þingmenn í neðri deild eru allir þjóðkjörnir. Í efri deild sitja 4 þingmenn, er konungur kveður til þingsetu, og 8 þingmenn kosnir af amtsráðunum, og sje hver þeirra búsettur í því amti, sem hann er úr kosinn. Amtsráð suðuramtsins kýs 2, vesturamtsins 2 og norður- og austuramtsins 4, eða ef því amti verður skipt í tvö ömt, þá kýs amtsráð hvors amtsins 2.

Í fyrsta sinn er alþingi kemur saman eptir þessari stjórnarskrá, kveður konungur þó til 6 menn, en amtsráð vesturamtsins 1 og amtsráð norður- og austuramtsins 3, eða amtsráð norðuramtsins 2 og austuramtsins 1. — Þá er fyrst verður autt sæti einhvers konungkjörins þingmanns, kýs amtsráð vesturamtsins mann í sætið, en hið næsta sinn amtsráð norður- og austuramtsins, eða, ef þau verða aðskilin, amtsráð austuramtsins.

Kjörgengi til efri deildar skal bundin við 35 ára aldur.

Við 20. gr. frv.s. Fyrir: »Verði nokkurt sæti autt .... í hið auða sæti«. komi: Verði sæti konungkjörins þingmanns autt í efri deild, kveður jarlinn mann til þingsetu í hið auða sæti (sbr. þó bráðabirgðarákvörðunina í næstu gr. hjer á undan). Verði sæti þjóðkjörins þingmanns autt, kveður það amtsráð, er hann hafði kosið, mann til þingsetu í hið auða sæti.

Við 21. gr. Fyrir: »kosningarrjett til alþingis« komi: kosningarrjett til neðri deildar alþingis.

Við 22. gr. Orðin (í enda greinarinnar): »Er 35 ára .... kveðinn fyrir« — falli burt.

F. S. Stefánsson. Jón Ólafsson. Skúli Þorvarðarson. Jakob Guðmundsson.

Ed. **467. Nefndarálit**

í málinu: Frv. til laga um hundaskatt o. fl.

Sú litla breyting, er h. h. Nd. gjört hefur á frv. Ed. í máli þessu, er aðgengileg, og ræður því nefndin h. h. Ed. til að samþykkja það svo orðað.

Alþingi, 19. ágúst 1889.

Sighv. Árnason, formaður. Arnljótur Ólafsson, skrifari. Jón Ólafsson.

Ed. **468. Nefndarálit**

í málinu um frv. til farmannalaga (452).

Nefndin ræður h. h. Ed. til að samþykkja frumvarpið, eins og það liggur fyrir frá h. h. neðri deild.

Alþingi, 19. ágúst 1889.

Á. Thorsteinson, formaður. Jón Ólafsson, skrif., framsögum. F. S. Stefánsson.

Ed. **469. Frumvarp**

til laga um breytingar nokkrar á tilskipun 4. maí 1872 um sveitarstjórn á Íslandi o. fl. — Eptir 3. umr. í Nd.

1. gr. Norður-Múlasýsla og Suður-Múlasýsla ásamt Norður-Þingeyjarsýslu, ef sýslunefndin þar óskar þess, skulu vera amt út af fyrir sig, og nefnast Austuramt með sjerstöku amtsráði. Einn skal vera amtmaður í Norður- og Austurömtun um.

2. gr. Í hverju hinna fjögra amtsráða á landi hjer, skal, auk amtmanns sem forseta, vera 1 fulltrúi úr hverju sýslufjelagi í amtinu, nema Vestmannaeyjum og jafnmargir varafulltrúar. Fulltrúa þessa skal sýslunefndin kjósa; skal hver fulltrúi og varafulltrúi kosinn til 6 ára. Kosningin fer þannig fram, að hver sýslunefndarmaður, sem á fundi er, kýs fyrst aðalfulltrúa í amtsráðið, og að þeirri kosningu aflokinni 1 varafulltrúa í sama. Ef tveir eða fleiri hafa fengið jafnmörg atkvæði við kosninguna, ræður hlutkesti. Þegar hin 3 fyrstu ár eru liðin, gengur úr amtsráði eptir hlutkesti helmingur hinna kosnu fulltrúa, eða ef tala þeirra stendur á stöku, þá meiri hlutinn ásamt hlutaðeigandi varafulltrúum, og skal þá kjósa aðra í staðinn. Að 3 árum liðnum ganga úr hinir, sem eptir eru, o. s. frv. annar hluti amtsráðsins þriðja hvert ár.

Um endurkosningar og undanfærslu undan því, að taka við kosningu, og um mótmæli gegn lögmæti kosninga gilda fyrirmælin í 47. gr. tilsk. 4. maí 1872.

Að aflokinni kosningu sendir hver sýslumaður amtmanni endurrit af kosningargjörðinni með næstu póstferð, er fellur þar á eptir.

3. gr. Til þess fullnaðarályktun verði gjörð á amtsráðsfundi, útheimtist, að $^2/_3$ amtsráðsmanna eður fultrúa auk forseta, sjeu á fundi.

4. gr. Þeir, sem í amtsráði eru, skulu hafa í fæðispenga 3 kr. um hvern dag, sem þeir vegna amtsráðsfundar verða að vera frá heimili sínu, og að

auki ferðakostnað eptir reikningi, sem amtmaður ávísar, þegar búið er að rannsaka hann.

5. gr. Landshöfðingi gjörir nákvæmari ráðstafanir til þess, að lög þessi komist til framkvæmda, svo fljótt sem verða má; hann gjörir einnig með ráði amtmannsins norðan og austan allar þær ráðstafanir, sem lúta að því, að skipta sjóðum, eignum og skyldum milli Norðuramtsins og Austuramtsins.

6. gr. Þær lagaákvarðnnir, sem koma í bága við lög þessi, skulu úr lögum numdar.

Nd. **470. Nefndarálit**

um frv. til fjáraukalaga fyrir 1888 og 1889. Eptir 3. umr. í Ed.

Hin háttvirta efri deild hefur gjört tvær breytingar á frv. þessu. Önnur er um uppgjöf á árgjaldi af Laufásprestakalli árin $18\frac{83}{84}$ — $18\frac{87}{88}$, hin er um að veita uppbót til hins þjónandi prests í Gufudal fyrir næstliðin 5 fardagaár (1890 er prentvilla fyrir 1889). Hin síðarnefnda breyting er samkvæm uppástungu sjálfra vor og getum vjer því eigi annað en lagt með, að hún verði samþykkt, en hvað hina fyrri breytingu snertir, þá getur meiri hluti vor nefndarmanna eigi verið henni meðmæltur, og er svo alkunnugt hvernig því máli víkur við, að vjer eigi þykjumst frekari orðum þurfa um það að fara. Samkvæmt þessu leyfum vjer oss, að gjöra svo látandi

BREYTINGARTILLÖGUR

1. Orðin í 4. gr.: «Prestinum í Laufásprestakalli . . . samtals 2000 kr.» falli burt.
2. Ártalið «1890» seinast í 4. gr. breytist: í «1889».
3. Upphæðin í 1. gr. breytist eptir því sem samþykkt verður.

Alþingi 20. ágúst 1889.

Árni Jónsson. framsögum. Eiríkur Briem, Jón Jónsson. Páll Briem, formaður. Sigurður Jensson.

Sigurður Stefánsson. Þorleifur Jónsson.

Nd. **471. Nefndarálit**

í málinu: frumv. til laga um löggilding verzlunarstaðar á Búðareyri við Reyðarfjörð og um afnám löggildingar Hrúteyrar við sama fjörð.

Það hafa komið fjölmennar bænaskrár frá Austfirðingum um að fá Búðareyri löggilta; er hún talin að liggja betur við til verzlunar en Hrúteyri, samt sem áður hefur engin beiðni komið um að nema löggilding Hrúteyrar úr lögum, enda mun hún og sjálfkrafa leggjast niður sem verzlunarstaður, ef Búðareyri yrði löggilt og reyndist hagkvæmari verzlunarstaður. Vjer ráðum því hinni háttvirtu deild til að samþykkja frumvarpið með eptirfylgjandi breytingum.

Alþingi 20. ágúst 1889.

Sigurður Stefánsson, framsögum. Jón Þórarinsson. Þórarinn Böðvarsson, form.

BREYTINGARTILLÖGUR

við frumv. til laga um löggilding verzlunarstaðar á Hrúteyri við Reyðarfjörð o. s. frv.

1. 2. gr. falli burt.

2. 3. — sömuleiðis.
Fyrirsögn frumvarpsins orðist þannig:

Frumvarp
til laga um löggilding verzlunarstaðar á Búðareyri við Reyðarfjörð.

Ed. **472. Nefndarálit**

í málinu: frumvarp til laga um breytingar nokkrar á tilskipun 4. maí 1872, um sveitarstjórn á Islandi.

Nefnd sú, sem hin háttvirta efri deild hefur kosið til þess að segja álit sitt um þetta mál, vill leggja það til, að deildin samþykki frumvarpið með þeirri breytingu, sem neðri deild hefur á því gjört, og sem er í því fólgin, að Vestmannaeyjar senda engan fulltrúa til amtsráðs.

Alþingi, 20. ágúst 1889.

J. Havsteen, framsögum. og skrifari. E. Th. Jónassen. Jón Ólafsson.

Nd. **473. Tillaga**

til þingsályktunar. — Flutningsmaður: Þórarinn Böðvarsson.

Neðri deild alþingis skorar á landsstjórnina, að staðfesta ekki sameining Þingeyjarsýslu eða Eyjafjarðarsýslu við hinn svonefnda búnaðarskóla á Hólum í Hjaltadal, að minnsta kosti ekki að svo stöddu, eður án þess að sameiningarmálið sje að nýju borið undir hlutaðeigandi sýslunefndir til ýtarlegri yfirvegunar eptir að þær hafa leitað álits hlutaðeigandi hreppanefnda, og komnar eru fram til álita skilmerkilegar skýrslur og skilagreinir um framkvæmdir skólans frá öndverðu og um ástand jarðarinnar Hóla, að því er lýtur að húsabyggingum, jarðabótum, túnarækt, engjarækt og garðyrkju m. m.

Ed. **474. Breytingartillaga**

við frv. til laga um sölu nokkurra þjóðjarða (þingskjal nr. 447). — Frá E. Th. Jónassen, Jóni Ólafssyni og Jóni A. Hjaltalín.

Við 1. gr. 3. tölul. falli burt.

Nd. **475. Breytingartillaga**

við frv. til fjáraukalaga fyrir árin 1888 og 1889.— Frá Gunnari Halldórssyni, Ólafi Briem, Páli Ólafssyni og Þorl. Guðmundssyni.

Við 4. gr. Síðasta málsgrein (uppbót til prests þess, er þjónað hefur Gufudalsprestakalli), falli burt.

Nd. **476. Frumvarp**

til laga um innheimtu og meðferð á kirknafje. — Eptir 3. umr. í Ed.

1. gr. Rjett er, að fjárhaldsmaður kirkju feli hlutaðeigandi sóknarnefnd, vilji hún það að sjer taka, að heimta inn tekjur kirkju og koma þeim í peninga, gegn innheimtulaunum, 10 af hundraði.

Hin sömu innheimtulaun getur söfnuður, sem tekið hefur að sjer umsjón og fjárhald kirkju, veitt sóknarnefndinni.

2. gr. Gjöld til kirkju skal greiða í peningum eptir meðalverði allra meðalverða í verðlagsskrá, sem gildir í hverri kirkjusókn á gjalddaga. Ef gjaldanda brestur peninga, má hann greiða gjaldið í innskript hjá kaupmanni þeim, er innheimtumaður tekur gildan, eða þessum aurum: sauðfjenaði, hvítri ull, smjöri, fiski eða dún, eptir því verði, sem sett er á aura þessa í verðlagsskránni. Eindagi á kirkjugjöldum er 31. desbr.

3. gr. Frá næsta nýjári eptir að lög þessi öðlast gildi og koma til framkvæmdar, skal reikningsár kirkna vera frá 1. janúar til 31. desember. Skal semja reikninga kirkna sem fyrst eptir nýjár. Skal hlutaðeigandi prestur, eða, ef hann er fjehirðir kirkjunnar, hlutaðeigandi safnaðarfulltrúi fyrst rannsaka reikninginn og bera hann saman við hrepps- og kirkjubækur. Fyrir rannsókn þessa má greiða 2 kr. af tekjum kirkjunnar. Fyrir lok maímánaðar skulu kirkjureikningar með fullnægjandi fylgiskjölum vera komnir til hlutaðeigandi prófasts, er rannsakar þá og leggur fram á hjeraðsfundi. Nú álítur bæði hjeraðsprófastur og hjeraðsfundur reikning kirkju rjettan, er það þá fullnaðar-úrskurður, en greini prófast og hjeraðsfund á, leggur biskup á fullnaðar-úrskurð.

4. gr. Stofna skal almennan kirkjusjóð og skal hver kirkja hafa sína viðskipta-, bók við sjóðinn. Stiptsyfirvöld Íslands hafa umsjón yfir kirkjusjóði þessum og ábyrgð á honum. Fje kirkjusjóðs skal ávaxta eptir sömu reglum og landssjóðsfje. Forgangsrjett til lána úr sjóði þessum eiga kirkjur.

Auglýsa skal reikninga sjóðs þessa í Stjórnartíð., deildinni B, ár hvert.

5. gr. Allt það fje, sem kirkjur eiga afgangs útgjöldum, skal láta á vöxtu í hinum almenna kirkjusjóði og vextirnir árlega leggjast við höfuðstólinn. Heimilt er þó reikningshaldara, að halda eptir vaxtalaust 100 kr. af tekjum kirkju. Rjett er og að kirkjur greiði vexti af fje því, sem þær hafa að láni.

Þó falla niður þeir vextir, sem eigi geta greiðzt með helmingi þess, er hver kirkja hefur afgangs árlegum útgjöldum sínum.

Af sjóðum þeim, sem kirkjur eiga, þá er lög þessi öðlast gildi, skal sá, er sjóðinn hefur undir höndum, greiða í hinn almenna kirkjusjóð $^1/_{15}$ á ári, unz sjóðurinn er allur greiddur af hendi, enda þurfi hans eigi kirkjunni til aðgjörðar eða endurbyggingar á því tímabili. Sje kirkja afhent skal greiða sjóðinn allan af hendi.

6. gr. Þá er fjárhaldsmaður, er haft hefur kirkju til umsjónar og ábyrgðar og lánað henni fje, sleppir fjárhaldinu eða deyr, skal hann eða erfingjar hans eiga heimting á, að fá skuld þá borgaða af fje því, sem kirkjan hefur afgangs nauðsynlegum ársútgjöldum.

7. gr. Ákvæði laga þessara ná eigi til bændakirkna, nema hlutaðeigandi kirkjuráðendur veiti til þess samþykki sitt.

Ed.

477. Frumvarp

til fjárlaga fyrir árin 1890 og 1891. — Eptir 2. umr. í Ed.

1. kafli.

Tekjur.

1. gr. Á árunum 1890 og 1891 telst svo til, að tekjur Íslands verði 764,900 kr. og er það afrakstur af tekjugreinum þeim, sem getið er um í 2.—6. gr.

2. gr. Af eptirfylgjandi sköttum og gjöldum eru tekjurnar taldar 478,000 kr.

	1890.	1891.	alls.
	kr.	kr.	kr.
1. Skattur á ábúð og afnotum jarða, og á lausafje:			
a) á ábúð og afnotum jarða	17,000	17,000	34,000
b) á lausafje	23,000	23,000	46,000
2. húsaskattur	4,000	4,000	8,000
3. tekjuskattur	10,000	10,000	20,000
4. aukatekjur	22,000	22,000	44,000
5. erfðafjárskattur	1,700	1,700	3,400
6. gjöld af fasteignasölum	1,300	1,300	2,600
7. vitagjald	5,000	5,000	10,000
8. gjöld fyrir leyfisbrjef	2,000	2,000	4,000
9. útflutningsgjald af fiski og lýsi m. m., að frá dregnum 2% í innheimtulaun	25,000	25,000	50,000
10. aðflutningsgjald af áfengum drykkjum, að frá dregnum 2% í innheimtulaun	90,000	90,000	180,000
11. aðflutningsgjald af tóbaki, að frá dregnum 2 % í innheimtulaun	17,000	17,000	34,000
12. tekjur af póstferðum	18,000	18,000	36,000
13. óvissar tekjur	3,000	3,000	6,000
samtals	239,000	239,000	478,000

3. gr. Tekjur af fasteignum landssjóðs o. fl. eru taldar 56,700 kr.:

	1890.	1891.	alls.
	kr.	kr.	kr.
1. Afgjöld af jarðeignum landssjóðs, alls 37,000 kr. að frá dregnum umboðslaunum, prestsmötu og fl., alls 9,000 —	28,000	28,000	56,000
2. Tekjur af kirkjum	350	350	700
samtals...	28,350	28,350	56,700

4. gr. Tekjur, er snerta viðlagasjóðinn, eru áætlaðar 62,000 kr.:

	1890.	1891.	alls.
	kr.	kr.	kr.
Leigur af innstæðufje viðlagasjóðsins	31,000	31,000	62,000
Upp í lán verður borgað:			
á árinu 1890 25,959 kr. 09 a.			
- — 1891 25,922 — 66 -			
51,881 kr. 75 a.			
samtals...	31,000	31,000	62,000

Af láni til Staðarbyggðarmýrar greiðist að eins 4% á ári í leigu og afborgun af hinni upphaflegu upphæð.

Árið 1890 veitist frestur á afborgun af hallærisláni Húnavatnssýslu.

5. gr. Ýmislegar innborganir og endurgjöld verða talin 9,200 kr.:

	1890.	1891.	alls.
	kr.	kr.	kr.
1. Það, sem greitt er frá prestaköllum samkvæmt lögum 27. febr. 1880	2,000	2,000	4,000
2. Endurgjald skyndiláns til embættismanna	600	600	1,200
3. Endurborganir á öðrum fyrirframgreiðslum	2,000	2,000	4,000
samtals...	4,600	4,600	9,200

6. gr. Tillag úr ríkissjóðnum verður talið 159,000 kr.:

	1890.	1891.	alls.
	kr.	kr.	kr.
Fast tillag	60,000	60,000	120,000
Aukatillag	20,500	18,500	39,000
samtals...	80,500	78,500	159,000

2. kafli.

Útgjöld.

7. gr. Á árunum 1890 og 1891 veitast til útgjalda 907,538 kr. 84 a. samkvæmt þeim gjaldagreinum, sem nákvæmar er skýrt frá í 8.—16. gr.

8. gr. Gjöld til hinnar æðstu stjórnar innanlands og fulltrúa stjórnarinnar á alþingi eru talin fyrir árið 1890: 12,400 kr. og árið 1891: 14,400 kr., samtals: 26,800 kr.

9. gr. Til kostnaðar við alþingi veitast 32,000 kr. Til kostnaðar við yfirskoðun landsreikninganna 1,600 kr., alls 33,600 kr.

10. gr. Til útgjalda við umboðsstjórnina, gjaldheimtur og reikningsmál, svo og við dómgæzluna og lögreglustjórnina o. fl. veitast 362,198 kr. 84 a.

A.	1890.	1891.	alls.
Umboðsstjórn, gjaldheimtur og reikningsmál:	kr. a.	kr. a.	kr. a.
1. laun embættismanna	19,216 66	19,300	38,516 66
2. endurgjald fyrir skrifstofukostnað o. fl.	3,800	3,800	7,600
3. a. borgun fyrir hina umboðslegu endurskoðun 2,500 kr.			
b. viðbót fyrir hinn núverandi endurskoðara 500 —	3,000	3,000	6,000
	26,016 66	26,100	52,116 66
B.			
Dómgæzla og lögreglustjórn:			
1. laun:			
a. til dómara og sýslumanna...	70,525 09	70,525 09	
b. til hreppstjóra	6,000	6,000	
2. ritfje handa bæjarfógetanum í Reykjavík	1,400	1,400	
Flyt	77,925 09	77,525 09	52,116 66

	1890.	1891.	alls.
	kr. a.	kr. a.	kr. a.
3. til hegningarhússins og fangelsanna: Flutt	77,925, 09	77,925, 09	52,116, 66
	1890.	1891.	
a. laun umsjónarmannsins.....	800 kr.	800 kr.	
viðbót fyrir hinn núverandi umsjónarmann	200 —	200 —	
þóknun handa dómkirkjuprestinum	100 —	100 —	
þóknun handa lækni.....	60 —	60 —	
b. viðurværi handa föngum, 42 a. á dag	1,225 —	1,225 —	
3 skammtar af miðdagsmat handa fangaverði á 21 e.	230 —	230 —	
þvottur	30 —	30 —	
til eldiviðar og ljósa.....	520 —	520 —	
útgjöld við bygginguna sjálfa og áhöld	400 —	400 —	
til þess að útvega verkefni ..	500 —	500 —	
ýmisleg útgjöld.....	150 —	150 —	
	4,215 kr.	4,215 kr.	
arður af verkum talinn	615 —	615 —	
	3,600 kr.	3,600 kr.	
c. kostnaður við viðhald fangelsanna	300 —	100 —	
d. til að fullgjöra fangaklefa á Eyrarbakka..... ..	200 —	» —	4,100	3,700	
4. önnur útgjöld:			
a. þóknun handa tveimur settum málaflutningsmönnum við yfirrjettinn	1,600 kr.		
b. laun sendiboðans við yfirrjettinn.....	50 —		
c. til eldiviðar í yfirrjettarstofunum.....	40 —		
d. til viðhalds á yfirrjettarstofunum o. fl.	60 —		
e. kostnaður við sakamál og lögreglumál	1,500 —		
f. kostnaður við gjafsóknarmál.....	300 —		
g. til að gefa út dómasafn, allt að 15 kr. fyrir hverja örk	150 —	3,700	3,700	
		85,725 09	85,325 09	171,050,18
C. Ýmisleg útgjöld:				
1. Til þess að gefa út Stjórnartíðindi og landshagsskýrslur:				
a. þóknun fyrir útgáfu tíðindanna m. fl.	300 kr.			
b. til pappírs og prentunar deildarinnar B. 22 arkir og deildarinnar C. 15 arkir	1,591 —			
c. til kostnaðar við sending með póstum	150 —			
Flyt	2,041 kr.			223,166,84

		1890.	1891.	alls.
		kr. a.	kr. a.	kr. a.
	Flutt 2,041 kr.			223,166,84
d. þóknun fyrir að semja landshagsskýrslur, með prófarkalestri 40 kr. fyrir örkina ... 600 —		2,641	2,641	
2. endurgjald handa embættismönnum fyrir burðareyri undir embættisbrjef ...		1,200	1,200	
3. brunabótagjald fyrir ýmsar opinberar byggingar...		1,600	1,600	
4. styrkur til eflingar búnaði:				
a. til búnaðarskóla:				
1. til skólans í Ólafsdal.....2,500 kr.				
2. — —— á Hólum.....3,500 —				
3. — —— - Eyðum.....2,000 —				
4. — —— - Hvanneyri.....2,000 —10,000kr.				
b. til búnaðarfjelaga ... 8,000 — Landshöfðingi úthlutar fje þessu eptir tillögum sýslunefnda og amtsráða.				
c. styrkur til Hermanns Jónassonar til að gefa út búnaðarrit, 20 kr. fyrir örkina ... 240 —		18,240	18,240	
5. til vegabóta:				
a. til að útvega vegfróðan mann frá útlöndum ... 1890 3,000 kr. 1891 » kr.				
b. til að bæta vegi á aðalpóstleiðum ... 16,000 — 16,000 —				
c. til fjallvega ... 2,500 — 2,500 —		21,500	18,500	
6. a. til gufuskipsferða, slíkra sem nú eru ... 9,000 kr.				
b. til aukinna strandferða ... 9,000 —				
c. styrkur til Ísfirðinga til að halda uppi gufubátsferðum á Vestfjörðum... 3,000 —		21,000	21,000	
7. til vitans á Reykjanesi:				
a. til launa vitamannsins ... 1,200 kr.				
b. til eptirlits með vitanum ... 60 —				
c. til að kaupa olíu ... 1,200 —				
d. — — — lampakveiki o. fl. ... 150 —				
e. — — — steinkol ... 120 —				
	Flyt 2,730 kr.	66,181	63,181	223,166,84

	1890.	1891.	alls.
	kr.	kr.	kr.
Flutt 2,730 kr.	66,181	63,181	223,166,84
f. til viðurhalds á húsum og áhöldum.. 200 —			
g. eptirgjald eptir lóðina ..... 30 —	2,960	2,960	
8. til vörðuvita.....	500	500	
9. til kostnaðar við eptirlitsferðir embættismanna, að því leyti, sem hann greiðist úr landssjóði.....	1,000	1,000	
10. til að leggja járnþak á Prestsbakkakirkju.....	750	»	»
	71,391	67,641	139,032
samtals...			362,198,84

11. gr. Til útgjalda við læknaskipunina veitast 98,844 kr.:

	1890.	1891.	alls.
	kr.	kr.	kr.
1. laun.....	39,598	39,598	79,196
2. styrkur til 6 aukalækna:			
a. til læknis í Dalasýslu og Bæjarhreppi í Strandasýslu;			
b. til læknis á Seyðisfirði ásamt með Mjóafirði, Loðmundarfirði og Borgarfirði;			
c. til læknis á Skipaskaga á Akranesi með 4 syðstu hreppum Borgarfjarðarsýslu;			
d. til læknis í Dyrhólahreppi og Eystri- og Vestri-Eyjafjallahreppum;			
e. til læknis í Dýrafirði ásamt Önundarfirði, Súgandafirði og Arnarfirði;			
f. til læknis í Þingeyjarsýslu fyrir austan Jökulsá til hvers þeirra 1000 kr. hvort árið.....	6,000	6,000	12,000
3. önnur útgjöld:			
a. styrkur til sjúkrahússins í Reykjavík 1,200 kr.			
b. — — — á Akureyri 400 —			
c. til einnar yfirsetukonu í Reykjavík fyrir hana sjálfa .....24 —			
d. til náms yfirsetukvenna .....2,000 —			
e. til verkfæra handa yfirsetukonum ..... 200 —	3,824	3,824	7,648
samtals	49,422	49,422	98,844

12. gr. Útgjöldin við póststjórnina er ætlazt á að verði 65,300 kr.:

	1890.	1891.	alls.
	kr.	kr.	kr.
1. laun:			
a. handa póstmeistaranum.....2,400 kr.			
b. — póstafgreiðslumönnum .....4,000 —			
c. — brjefhirðingarmönnum .....1,900 —	8,300	8,300	16,600
Flyt	8,300	8,300	16,600

	1890.	1891.	alls.
	kr.	kr.	kr.
Flutt	8,300	8,300	16,600
2. póstflutningur	22,000	22,000	44,000
3. önnur útgjöld:			
a. endurgjald fyrir skrifstofukostnað póstmeistarans....1,000 kr.			
b. til sama fyrir ábyrgð á mistalningi 1‰um 200 —			
c. fæðispeningar og ferðakostnaður sama 200 —			
d. fyrir prentun á ýmsu ....200 —			
e. til áhalda ....500 —			
f. 1 brjefberi í Reykjavík .... 50 —			
g. óviss útgjöld ....200 —			
	2,350	2,350	4,700
samtals...	32,650	32,650	65,300

13. gr. Til kirkju- og kennslumála veitast 222,596 kr.:

	1890.	1891.	alls.
	kr.	kr.	kr.
A.			
Í þarfir andlegu stjettarinnar:			
a. laun	7,000.	7,000.	
b. önnur útgjöld:			
1. til prestakalla samkvæmt lögum 27. febr. 1880, 1. gr.	10,000.	11,000.	
2. til bráðabirgðar-uppbótar fátækum brauðum. Þar af til hins núverandi prests í Grímsey 400 kr. hvort árið.	2,500.	2,000.	
3. til nokkurra brauða í fyrverandi Hólastipti....	600.	600.	
4. bráðabirgðar-uppbót á Gufudals-prestakalli í Barðastrandar-prófastsdæmi til húsabygginga á staðnum	300.	300.	
5. bráðabirgðar-uppbót á Kvíabekkjar-prestakalli í Eyjafjarðar-prófastsdæmi	200.	200.	
Uppbætur þessar (undir 4. og 5. lið) greiðast því að eins, að sjerstakir prestar komi til brauðanna.			
6. viðbót við eptirlaun þau, er fátækir uppgjafaprestar og prestsekkjur fá samkvæmt lögum ..	3,000.	3,000.	
7. endurgjald handa biskupi fyrir skrifstofukostnað	1,000.	1,000.	
8. uppbót handa núverandi presti Hólmabrauðs í Suður-Múla-prófastsdæmi fyrir tekjumissi samkvæmt lögum 19. febr. 1886	300.	300.	
	24,900.	25,400.	50,300.
Flyt...			50,300.

	1890.	1891.	alls.
	kr.	kr.	kr.
Flutt			50,300
B.			
Kennslumálefni:			
I. til prestaskólans:			
a. laun	9,000	9,000	
b. önnur útgjöld:			
	1890.	1891.	
1. húsaleigustyrkur handa 20 lærisveinum, 80 kr. handa hverjum	1,600 kr.	1,600 kr.	
2. 3 ölmusur	600 —	600 —	
3. til tímakennslu	100 —	100 —	
4. til bókakaupa	300 —	300 —	
5. til eldiviðar og ljósa	100 —	100 —	
6. til umsjónar	100 —	100 —	
7. ýmisleg útgjöld	200 —	200 —	
	3,000	3,000	
	12,000	12,000	
			24,000
II. til læknaskólans:			
a. laun	3,600	3,600	
Þar af 400 kr. hvort árið launaviðbót til Tómasar Hallgrímssonar 1. kennara.			
b. önnur útgjöld:	1890.	1891.	
1. 2 ölmusur, 200 kr. hvor	400 kr.	400 kr.	
2. eldiviður, ljós og ræsting	120 —	120 —	
3. til bókakaupa og verkfæra	300 —	300 —	
4. ferðastyrkur handa læknaefnum	300 —	300 —	
5. húsaleiga handa 6 lærisveinum	480 —	480 —	
6. þóknun fyrir tímakennslu í efnafræði	100 —	100 —	
7. til umbúða og annars kostnaðar við ókeypis »klinik«, allt að	200 —	200 —	
8. ýmisleg útgjöld	100 —	100 —	
	2,000	2,000	
	5,600	5,600	
			11,200
III. til hins lærða skóla:			
a. laun	18,200	18,200	
b. aðstoðarfje:			
handa Páli Melsteð sem kennara í sögu	1,800 kr.		
— söngkennaranum	600 —		
— fimleikakennaranum	700 —		
Flyt	3,100 kr.	18,200	18,200	85,500

		1890.	1891.	alls.
		kr.	kr.	kr.
Flutt 3,100 kr.		18,200	18,200	85,500
handa dyraverði ..... 1,000 kr.				
til yfirumsjónar með skólahúsinu og áhöldum skólans..... 300 —		4,400	4,400	
c. önnur útgjöld:	1890. 1891.			
1. til bókasafns skólans	600 kr. 600 kr.			
2. til eldiviðar og ljósa	1,000 — 1,000 —			
3. til skólahússins utan og innan	1,000 — 1,000 —			
4. til tímakennslu	1,100 — 1,100 —			
5. ölmusur	6,500 — 6,000 —			
6. þóknun handa lækni	100 — 100 —			
7. ýmisleg útgjöld	1,000 — 1,000 —			
8. fyrir prestsverk	48 — 48 —			
9. til vísindalegra áhalda	400 — 400 —			
10. til að gefa út vísindalega ritgjörð, er fylgi skólaskýrslunni	300 — 300 —			
11. til að gefa út þýzka málmyndalýsing endurbætta á íslenzku	200 — » —	12,248	11,548	
		34,848	34,148	68,996
IV. til gagnfræðaskólans á Möðruvöllum:				
a. laun		6,600	6,600	
b. önnur útgjöld:				
1. til bóka- og áhaldakaupa við kennsluna	400 kr.			
2. til eldiviðar og ljósa	500 —			
3. til skólahússins utan og innan.....	200 —			
4. ýmisleg útgjöld.....	400 —			
5. til styrkveitingar námspiltum . .	500 —	2,000	2,000	
		8,600	8,600	17,200
V. til annarar kennslu:				
a. til kvennaskóla:				
1. til kvennaskólans í Reykjavík . þar af ölmusur til sveitastúlkna 300 kr.	1,500 kr.			
2. til kvennaskólans á Ytri-Ey . .	1,000 —			
3. — —— á Laugalandi .	1,000 —			
4. — kvennaskólanna á Ytri-Ey og Laugalandi	1,400 —			
Öll upphæðin (1,400 kr.) skiptist milli skólanna eptir nemenda-fjölda. Þar af 500 kr. til námsmeyja.		4,900	4,900	
	Flyt	4,900	4,900	171,696

	1890.	1891.	alls.
	kr.	kr.	kr.
Flutt	4,900	4,900	171,696
b. 1. til barnaskóla í sjóþorpum og verzlunarstöðum öðrum en kaupstöðum . . . . Styrkur þessi veitist einkum eptir kennslutíma og nemenda-fjölda, og með því skilyrði, að skólarnir njóti einnig annarar tillögu, er eigi sje minni en helmingur á móts við styrkinn úr landssjóði.	2,500	2,500	
2. til sveitakennara, allt að 50 kr. til hvers. Styrkur þessi veitist eptir tillögum sýslunefnda.	2,500	2,500	
c. 1. til gagnfræða- og alþýðuskólans í Flensborg	2,500	2,500	
2. til áhaldakaupa við heimavist í eitt skipti...	200	»	
d. til kennara í organslætti og sönglist og til organleikara við dómkirkjuna í Reykjavík . .	1,000	1,000	
e. til kennslu í stýrimannafræði :			
1. til kennslu og húsnæðis í Reykjavík 800 kr.			
2. til kennslu annarstaðar . . . . 1,000 —	1,800	1,800	
	15,400	15,200	30,600

C.

	1890.	1891.		
1. til landsbókasafnsins og fyrir umsjón með alþingishúsinu millum þinga :				
a. laun bókavarðar . . .	1,000 kr.	1,000 kr.		
b. til að aðstoða bókavörð við útlán og niðurröðun bóka og við samningu á skrá yfir handrit og bækur .	700 —	700 —		
c. fyrir að hafa umsjón með alþingishúsinu og áhöldum í því milli þinga . . .	100 —	100 —		
d. fyrir bækur, handrit, bókband og prentun á ritaukaskrá.....	1,200 —	1,200 —		
e. til eldiviðar og áhalda m.m.	400 —	400 —		
f. brunabótagjald fyrir safnið	250 —	250 —	3,650	3,650
2. til amtsbókasafnanna á Akureyri og í Stykkishólmi			400	400
3. til deildar hins íslenzka Bókmenntafjelags í Reykjavík			1,000	1,000
4. til þjóðvinafjelagsins			400	400
5. til forngripasafnsins :				
a. til að útvega forngripi og til áhalda		1,000 kr.		
b. — umsjónar		200 —		
c. — Sigurðar Vigfússonar til rannsóknar fornmenja		1,000 —	2,200	2,200
Flyt			7,650	7,650	202,296

	1890.	1891.	alls.
	kr.	kr.	kr.
Flutt	7,650.	7,650.	202,296.
6. til fornleifafjelagsins . . . . . útborgist því að eins, að Árbók fjelagsins komi út hvort árið.	300.	300.	
7. til hins íslenzka náttúrufræðisfjelags til að koma á fót náttúrugripasafni handa almenningi . .	400.	400.	
8. styrkur til kennara Benedikts Gröndals til að halda áfram myndasafni yfir íslenzk dýr og til að semja þjóðmenningarsögu Norðurlanda 600 kr. á ári, og til efna og áhalda til að varðveita náttúrugripi 200 kr. hvort árið	800.	800.	
9. til að vinna að texta-útgáfu á íslenzku fornbrjefasafni, 25 kr. fyrir örkina, allt að 600 kr. hvort árið	600.	600.	
10. styrkur til hins fyrirhugaða kennara við stýrimannaskólann til að búa sig erlendis undir stöðu sína..	800.	»	
	10,550.	9,750.	20,300.
samtals...	.....	.....	222,596.

14. gr. Til skyndilána handa embættismönnum og lögboðinna fyrirframgreiðslna veitast 5,200 kr.

15. gr. Til eptirlauna og styrktarfjár og fl. veitast 90,000 kr.; þar af til ekkjufrúar Önnu Johnsen 150 kr., til ekkjufrúar Guðrúnar Guðjohnsen 300 kr., til ekkjufrúar Valgerðar Ólafsdóttur frá Hofi 200 kr., til ekkjufrúar G. Brynjúlfssonar 150 kr., til sjera Þórðar Thorgrímsens 50 kr., til sjera J. Thorarensens 50 kr., til Árna Thorlacius 200 kr., til prestsekkju Ragnheiðar Jónsdóttur sem viðbót við eptirlaun hennar af Vestmannaeyja prestakalli 105 kr. 40 a. og til Katrínar Þorvaldsdóttur, ekkju fyrverandi bókavarðar Jóns Árnasonar, 200 kr.— til allra þeirra hvort árið.

16. gr. Til óvissra útgjalda veitast 3,000 kr.

Eigi má af þessum gjaldlið greiða ferðakostnað embættismanna eða embættismannaefna frá útlöndum til að taka við embættum hjer á landi.

17. gr. Það sem á vantar, að tekjurnar hrökkvi fyrir útgjöldunum, og sem fyrst um sinn er áætlað að verði 142,638 kr. 84 a., skal greiða úr viðlagasjóði.

18. gr. Ef

lög um brúargjörð á Ölfusá

koma til framkvæmdar á fjárhagstímabilinu, eða ef

frumvarp til laga um aðflutningsgjald á kaffi og sykri;

frumvarp til laga um breyting á lögum 11. febr. 1876 um aðflutningsgjald á tóbaki;

frumvarp til laga um breyting á lögum 15. okt. 1875 um laun íslenzkra embættismanna;

frumvarp til laga um breyting á 1. gr. í lögum um skipun prestakalla 27. febr. 1880 og

frumvarp til laga um stofnun stýrimannaskóla á Íslandi

ná gildi á fjárhagstímabilinu, breytast upphæðirnar tekju- og gjaldamegin samkvæmt nefndum lögum og frumvörpum.

19. gr. Allar þær fjárveitingar, sem eigi eru ákveðnar í lögum öðrum en fjárlögum, tilskipunum, konungsúrskurðum eða öðrum gildandi ákvörðunum, samkvæmt 25. gr. stjórnarskrárinnar, gilda að eins fyrir fjárhagstímabilið.

Ed. **478 Breytingartillaga**

við breytingartillögu nr. 466 við frv. til stjórnarskipunarlaga um hin sjerstaklegu málefni Íslands — Frá Jakobi Guðmundssyni.

1. Við 20. gr. Fyrir: „4 þingmenn, er konungur kveður til þingsetu“, komi: 4 þingmenn, er jarlinn í umboði konungs kveður til þingsetu.
2. — — — Á eptir orðunum: „kveður konungur þó til 6 menn, en“ komi: amtsráð Suðuramtsins 2.
3. — — — Á eptir orðunum: „kveður jarlinn“, komi: í umboði konungs.

Nd. **479. Nefndarálit**

um frv. til laga um innheimtu og meðferð á kirknafje. — (Eptir 3. umr. í Ed.)

Vjer ráðum hinni háttv. N. d. til að samþykkja frumvarpið eins og það liggur fyrir.

Alþingi 21. ág. 1889.

Þórarinn Böðvarsson, form. og frams. Árni Jónsson. Páll Ólafsson, skrifari. Gunnar Halldórsson. Þorlákur Guðmundsson.

Ed. **480. Frumvarp**

til fjáraukalaga fyrir árin 1888 og 1889. Eptir eina umr. í Nd.

1. gr. Sem viðbót við útgjöld þau, sem talin eru í fjárlögunum fyrir 1888 og 1889 veitast 3,584 kr. 41 eyr. til útgjalda þeirra, sem nefnd eru í eptirfarandi 2.—6. gr.

2. gr. Sem viðbót við útgjöldin við umboðsstjórnina o. fl. í 10. gr. C veitast 200 kr., sem þóknun til ábúanda á nokkrum þjóðjörðum fyrir að varna skemmdum af Hafursá í Dyrhólahreppi.

3. gr. Sem viðbót við útgjöldin við læknaskipunina í 11. gr. 3 (önnur útgjöld) veitast: 84 kr. til yfirsetukonu Þorbjargar Sveinsdóttur fyrir seinni helming ársins 1884 og árin 1885, 1886 og 1887.

4. gr. Sem viðbót við gjöldin í þarfir andlegu stjettarinnar í 13. gr. A. b. (önnur útgjöld) veitast:

300 kr. 41 e. í uppbót handa núverandi presti Hólma prestakalls í Suðurmúla prófastsdæmi, fyrir tekjumissi þann, er hann hefur beðið fardaga-árin 1886—87 og 1887—88, eptir að út komu lög 19. febr. 1886 um utanþjóðkirkjumenn.

Sem uppbót til prests þess, er þjónað hefur Gufudalsprestakalli frá fardögum 1884 til fardaga 1889, samtals 1000 kr.

5. gr. Sem viðbót við gjöld þau, sem veitt eru í 15. gr. fjárlaganna, veitist til Solveigar Jónsdóttur, ekkju alþingismanns Jóns Sigurðssonar: 1000 kr.

6. gr. Sem viðbót við gjöld þau, sem veitt eru í 17. gr. fjárlaganna veitast:

1000 kr. til hæstarjettarmálaflutningsmanns Octavíusar Hansens fyrir aðstoð í Fensmarksmálinu í þarfir alþingis.

Nd. **481. Frumvarp**

til laga um lausamenn. — Eptir 2. umr. í Nd.

1. gr. Hverjum manni, sem er fjár síns ráðandi, er heimilt að leysa sig undan vistarskyldunni, með því að fá lausamennskuleyfi hjá hreppsnefnd eða

bæjarstjórn, þar sem lögheimili hans er, enda hefur hann rjett til að fá lausamennskuleyfið, ef hann sannar fyrir hreppsnefndinni eða bæjarstjórninni, að hann eigi víst heimili hjá einhverjum húsráðanda í hreppnum eða bænum, sem eigi er á sveit. Lausamennskuleyfið skal veitt brjeflega, og ritar oddviti undir og innsiglar það fyrir hönd hreppsnefndarinnar eða bæjarstjórnarinnar, og skal honum í ómakslaun greidd fyrir brjefið 1 kr. af karlmanni, en 50 a. af kvennmanni.

Lausamennskuleyfið gildir, meðan hlutaðeigandi hefur sama heimili, en breyti hann um heimili og vilji halda áfram lausamennskunni, verður hann að fá lausamennskuleyfi af nýju.

2. gr. Ef sá, sem hefur lausamennskuleyfi, greiðir eigi lögboðin gjöld, svo sem honum ber, er húsráðandi sá, er hann hefur heimili hjá, skyldur að inna þau af hendi fyrir hann.

3. gr. Hver, sem er heimildarlaust í lausamennsku, eða gjörir sig sekan í flakki, skal sæta sektum allt að 100 kr. Sömu sektum skal sá sæta, sem hylmir yfir með lausamanni, til þess hann komist hjá að greiða lögboðin gjöld.

4. gr. Þeir menn, sem fengið hafa leyfisbrjef til lausamennsku eptir tilsk. 26. maí 1863, halda þeim rjettindum, er leyfisbrjef þau veittu þeim.

5. gr. Hreppsnefndir og bæjarstjórnir skulu halda skrá yfir alla þá, er hafa lausamennskuleyfi í hreppnum eða bænum, og skal þess getið við hvern einn, hve nær leyfið er dagsett.

6. gr. Með brot gegn lögum þessum skal fara sem almenn lögreglumál.

7. gr. Tilskipun 26. maí 1863 er hjer með úr lögum numin, að því er snertir lausamenn.

Sþ. **482. Frumvarp**

til laga um sölu nokkurra þjóðjarða. — Eptir eina umr. í Ed.

1. gr. Ráðgjafanum fyrir Ísland veitist heimild til, að selja ábúendunum eptirfylgjandi þjóðjarðir fyrir það andvirði, er að minnsta kosti nemi þeirri upphæð, sem greind er við hverja þeirra:

1. Á í Kleifahreppi . . . . . 850 kr.
2. Feigsdal í Dalahreppi . . . . . 1700 —

2. gr. Um sölu þessa skal farið eptir ákvæðum þeim, sem gjörð eru í 2. og 3. gr. í lögum nr. 26, 8. nóv. 1883.

3. gr. Heimild sú, sem veitt er til sölu þessarar, gildir að eins til 31. des. 1894.

Ed. **483. Breytingartillaga**

við frumvarp til fjárlaga fyrir árin 1890 og 1891.—Frá E. Th. Jónassen, Sighv. Árnasyni og Skúla Þorvarðarsyni.

Við 10. gr. C. 4. bætist nýr stafliður svo hljóðandi:

c. styrkur til sjera Odds Gíslasonar til þess að halda áfram, að leiðbeina mönnum í ýmsu, sem lýtur að sjósóknum og fiskiveiðum 300 kr.—300 kr.

Ed. **484. Tillaga**

til þingsályktunar. — Flutningsmenn: J. Havsteen, F. S. Stefánsson, E. Th. Jónassen, Jón A. Hjaltalín, Jakob Guðmundsson, Sighv. Árnason.

Efri deild alþingis skorar á landstjórnina, að staðfesta hina fyrirhuguðu sameining Eyjafjarðar- og Þingeyjarsýslna við Skagafjarðar- og Húnavatnssýslur, um sameiginlegt búnaðarskólahald á Hólum, sem er þegar samþykkt af sýslunefndunum í Húnavatns, Skagafjarðar-, Eyjafjarðar- og Suður-Þingeyjarsýslum, af fulltrúum, sem sýslunefndir þessar höfðu kosið, og sem hjeldu fund með sjer um þetta málefni 5. júní þ. á., undir forsæti amtmannsins í Norður- og Austuramtinu, og af amtsráði Norður- og Austuramtsins.

Ed. **485. Nefndarálit**

frá nefndinni í stjórnarskrármálinu.

Eptir að h. h. deild við aðra umræðu hefur fellt niður 20. gr. frumvarpsins og sömuleiðis tillögu meiri hluta nefndarinnar um það atriði, getur nefndin eigi orðið á eitt sátt um, til hvers ráða beri h. h. deild.

Meiri hluti nefndarinnar (Friðrik Stefánsson, Jón Ólafsson og Skúli Þorvarðarson) vill ráða til að samþykkja breytingartillögu 4 þingmanna á þingskjali Nr. 466.

Minni hluti nefndarinnar (Jón A. Hjaltalín og E. Th. Jónassen) vill ráða til að samþykkja breyt.till., er þeir hafa fram borið á þingskjali 465.

Alþingi, 21. ágúst 1889.

Jón A. Hjaltalín. E. Th. Jónassen. F. S. Stefánsson.
Jón Ólafsson. Skúli Þorvarðarson.

Ed. **486. Breytingartillaga**

við frumvarp til fjárlaga fyrir árin 1890 og 1891 (477). — Frá Jakob Guðmundssyni, F. S. Stefánssyni og Sighvati Arnasyni.

Við 10. gr. C. 6 bætist:

d. til umráða landshöfðingja til að styrkja innlent gufuskipsfjelag, síðara árið 7000 kr.

Nd. **487. Skýrsla**

til forseta neðri deildar viðvíkjandi Fensmarksmálinu frá hæstarjettarmálaflutningsmanni Octavius Hansen.

Eptir að alþingi hinn 24. ágúst 1887 hafði ákveðið að höfða mál gegn ráðgjafa Íslands til þess að fá hann með dómi skyldaðan til að bæta fjártjón það, er landssjóður hafði beðið af fjárprettum sýslumanns og bæjarfógeta C. Fensmarks, hefur hinn fyrverandi forseti neðri deildar alþingis, Jón heitinn Sigurðsson, samkvæmt umboði, er hann hafði fengið með þessari þingsályktun, snúið sjer til mín með beiðni um, að jeg flytti mál þetta fyrir hönd alþingis. Í álitsskjali, er jeg fyrst sendi herra J. Sigurðssyni, leyfði jeg mjer að taka fram, að mál, sem höfðað væri í því formi, er þingsályktun þessi heimilaði, mundi að líkindum ekki verða komið fram; jeg bað þá og um ýmsar skýrslur um málið, til þess að jeg gæti látið í ljósi skoðun mína um það, að hve miklu leyti jeg kynni að geta ráðið til þess að höfða mál gegn ráðgjafanum undir öðru formi og tekið að mjer að flytja mál þetta.

Samkvæmt skýrslum þeim, er jeg hef fengið síðan, þar á meðal einnig meðan jeg hef dvalið hjer í Reykjavík, skal jeg leyfa mjer út af beiðni þeirri, er til mín hefur verið beint, að láta í ljós þetta álit mitt:

Samkvæmt 3. gr. stjórnarskrárinnar samanborinni við 2. gr. í »ákvörðunum um stundarsakir», verður víst að ætla, að alþingi yfir höfuð að tala hafi ákærurjett gegn ráðgjafanum að eins *þá, er um afbrigði eða brot á stjórnarskránni er að ræða.* Ákvæði hinnar íslenzku stjórnarskrár eru önnur í þessu efni en í grundvallarlögum Dana, og að líkindum í stjórnarskipunarlögum flestra annara landa, þau ákvæði sem sje, að þingið (eða önnur deild þess) geti ákært ráðgjafann fyrir einhverja vanrækt á embættisskyldum hans. Ráðgjafi Íslands getur jafnvel gjört sig sekan í megnustu vanrækt á skyldum sínum, án þess að alþingi geti komið fram ábyrgð á hendur honum fyrir það, ef skylduvanrækt hans er ekki fólgin í því, að hann hafi beinlínis gengið fram hjá eða brotið einhverja ákvörðun stjórnarskrárinnar. Einnig skortir alþingi alla heimild samkvæmt stjórnarskránni til þess, að koma fram fyrir hönd landssjóðs, og halda fram kröfu, sem honum ber. Jeg vil bæta því við, að samkvæmt stjórnarskránni getur alþingi heldur ekki komið fram með kæru eða málshöfðun gegn landshöfðingja eða nokkrum öðrum embættismanni. Þriðja grein stjórnarskrárinnar inniheldur ákvarðanir um, að alþingi geti farið þess á leit við konung, að höfðað verði mál gegn landshöfðingja. En það leiðir af hinum almennu stjórnskipulegu reglum, að ekki má búast við, að slík beiðni verði tekin til greina, þegar ráðgjafi Íslands er samþykkur þeim aðgjörðum landshöfðingja, er alþingi kærir. Með því að hinn núverandi ráðgjafi hefur lýst yfir því í brjefi, dags. 11. júní 1887, að hann sje því fyllilega samþykkur, að hvorugur landshöfðingja þeirra, sem hjer um ræðir, hafi gjört sig seka í nokkuru því hirðuleysi, að því er snertir eptirlitið með Fensmark, sem gæti gefið ástæðu til þess að gjöra þeim að skyldu að bæta landssjóðnum fjártjón það, er hann hefur beðið af embættisrekstri Fensmarks, — þá hefur ekki verið nein ástæða fyrir alþingi að fara þess á leit við konung, að mál yrði höfðað gegn landshöfðingjum þessum (eða búum þeirra), með því að ganga mátti að því vísu eptir þessari skýlausu yfirlýsingu ráðgjafans, að slík beiðni fengi ekki framgang.

Hvort hægt muni vera fyrir alþingi að höfða mál gegn ráðgjafanum fyrir það, að Fensmark hefur verið leyft í c. 4 ár að vanrækja skyldur þær, sem sjerhver gjaldheimtumaður bæði yfir höfuð að tala eptir hlutarins eðli hefur, og einkum þær, sem hvíla á íslenzkum embættismönnum samkvæmt reglugjörð 13. febr. 1873, til þess að gjöra reikningsskil og lögboðnar innborganir — er þannig komið undir því, hvort ráðgjafinn með því að fylgja ekki fram einhverri ákvörðun stjórnarskrárinnar hefur bakað sjer meðábyrgð fyrir tjón það, er landssjóður hefur beðið. Að hlutaðeigandi landshöfðingjar hafi bakað sjer ábyrgð, er víst óhætt að ætla, að leiði þegar af því, að ákvæða þeirra hefur ekki verið gætt af hlutaðeigandi landshöfðingjum gagnvart Fensmark, sem tiltekin eru í reglugjörð 13. febr. 1873 um það, hvernig landshöfðingi eigi að fara að við reikningshaldara, sem ekki gjörir reikningsskil á rjettum tíma, eins og líka yfir höfuð hag Fensmarks löngu áður en hinn mikli sjóðþurður neyddi hann til þess að játa hann fyrir yfirmönnum sínum, var þannig varið, að allir gátu sjeð, að hann mundi ekki geta svarað til þess, er hann hafði innheimt. En þótt svo hafi verið, að ábyrgð hafi legið á hlutaðeigandi landshöfðingjum, sem nú eru báðir dánir, þá er það því auðvitað ekki til fyrirstöðu, að ráðgjafinn hafi einnig getað bakað sjer ábyrgð með þeim, og ef hún er fólgin í því, að hann hefur ekki sjeð um, að einhverjum ákvæðum stjórnarskrárinnar hafi verið fylgt, sjer í lagi þeim, er snerta afskipti ráðgjafa um rekstur landshöfðingjaembættisins, þá hlýtur alþingi eptir 3. gr. stjórnarskrárinnar,

sbr. 2. gr. í »ákvörðunum um stundarsakir«, að geta komið fram ábyrgð þessari gagnvart ráðgjafanum með máli, sem höfðað er beinlínis við hæstarjett.

Nú vill svo til, að einmitt á miklum hluta þess tímabils, er Fensmark hafði svik sín í frammi, og ganga hefði átt að honum, þá hefur störfum landshöfðingjaembættisins verið gegnt á þann hátt, sem engan veginn samsvarar kröfum stjórnarskrárinnar. Samkvæmt 2. gr. laga þessara »skal hið æðsta vald innanlands — fengið í hendur landshöfðingja, sem *konungur skipar* og hefur *aðsetur sitt í landinu sjálfu*".

Þetta er ákvörðun, sem sjerstök áherzla hefur verið lögð á í hinum margra ára umræðum um stjórnarmálefni Íslands, þar eð menn hafa viljað hafa mann til að halda sjer til, er hefði aðsetur sitt á Íslandi og væri skipaður af konungi. En sumarið 1882 fjekk hinn þáverandi landshöfðingi H. Finsen leyfi hjá Nellemann ráðgjafa til þess að fara burt af Íslandi. Hann settist með fjölskyldu sinni að í Kaupmannahöfn, og sótti þar um embætti og var vorið 1883 skipaður borgarstjóri (Overpræsident). Allan þennan tíma rak herra Bergur Thorberg embættið í »fjarveru landshöfðingja«, og fyrst nokkrum tíma eptir, að herra Finsen hafði verið skipaður borgarstjóri, var herra Thorberg *settur* af *ráðgjafanum* sem landshöfðingi. Fyrst seinna var hann *skipaður* landshöfðingi *af konungi*. Í meira en eitt ár (1882—'83) hefur þannig *ekki verið neinn landshöfðingi skipaður af konungi og búsettur á Íslandi*. Að fjarvera herra Finsens hefur ekki verið skoðuð sem að eins um stundarsakir, sjest meðal annars af því, að samkvæmt auglýsingu 22. febr. 1875, 21. gr. (um verksvið landshöfðingja) á *justitiarius* í hinum konunglega íslenzka landsyfirrjetti að gegna landshöfðingjaembættinu, ef landshöfðingi er fjarverandi eða hindraður um stundarsakir. Það mun að líkindum varla vera auðið að koma samræmi milli annarar greinar stjórnarskrárinnar og þess, hvernig störfum landshöfðingja-embættisins hefur verið komið fyrir á því tímabili, er lá á milli júnímán. 1882, þegar herra Finsen fór frá Íslandi og til þess dags, er herra Thorberg var skipaður landshöfðingi af konungi. Menn hljóta að furða sig á, að alþingi ekki bar sig upp undan þessu ástandi á sínum tíma.

Eitt af hinum síðustu embættisverkum herra Finsens áður en hann fór frá Íslandi var skipun (dags. 29. júlí 1882) til amtmannsins yfir Suður- og Vesturamtinu um það, að tilkynna Fensmark, að honum mundi verða vikið frá embætti, ef hann ekki innan 18. ágúst s. á. gjörði reikningsskil þau, er vöntuðu o. s. frv. Þó að Fensmark vanrækti þetta og hjeldi áfram vanskilum sínum, og þótt það yrði æ ljósara og ljósara, að sjóðþurður var hjá honum, var honum þó ekki vikið úr embætti af landshöfðingja þeim, sem gegndi embættinu í »fjarveru landshöfðingja«, eða af þeim, er ráðgjafi hafði sett í embættið, nje neitt þess háttar gjört til þess að hindra Fensmark í því að halda stöðugt áfram að draga undir sig opinbert fje. Ef svo er, að menn hafi ætlað, að ráðgjafinn hafi óskað, að vægilega yrði gengið að Fensmark, er það bert, að landshöfðingi, sem hefur embætti á hendi og er settur af ráðgjafa, mundi fremur láta slíka ósk ráðgjafa hafa áhrif á sig, en sá landshöfðingi, sem skipaður hefði verið af konungi, og svo framarlega, sem það yrði sannað, að landshöfðingi sá, er hafði embættið á hendi og settur var af ráðgjafa, hafi byggt á slíkri ósk frá ráðgjafans hálfu, þá væri fyrirkomulagið á rekstri landshöfðingja-embættisins 1882—'83, sem gagnstætt er fyrirmælum stjórnarskrárinnar, komið í það samband við það að vanrækja að ganga að Fensmark í tæka tíð, að naumast er hægt að álíta, að fjártjón það, sem Fensmark hefur bakað landssjóði, hefði orðið, ef ráðgjafinn hefði ekki á þessu tímabili vanrækt ákvæði 2. greinar stjórnarskrárinnar. — Enn þá nánara orsakasamband milli vanrækingar ráðgjafa að

fylgja stjórnarskránni og tjóns þess, er landssjóður hefur orðið fyrir, kemur í ljós, ef hægt er að sýna, að ráðgjafinn hafi látið landshöfðingjann, er gegndi embættinu og settur var af ráðgjafa, vita, að hann ætti eða gæti farið vægilega með Fensmark.

Eptir að jeg þannig hef bent á það form, er hafa ætti, ef þingið vildi höfða mál gegn ráðgjafanum, án þess að hægt sje að koma fram með formleg mótmæli gegn málinu vegna ábyrgðar-ákvæða stjórnarskrárinnar, þá vil jeg, að því er snertir það, hvort líkindi sjeu til að slík málsókn muni leiða til áfellisdóms yfir ráðgjafanum og sjer í lagi, hvort hann muni verða dæmdur til að bæta tjón það, sem landssjóður hefur beðið af fjárdrætti Fensmarks, leyfa mjer að geta þess, að það auðvitað skiptir mjög miklu, hvort ráðgjafinn hefur í raun og veru — eins og ætlað er — notað áhrif sín — beinlínis eða óbeinlínis, á embættislegan hátt eða einslega — til þess að aptra því, að landshöfðingi, er hafði embættið á hendi og settur var af ráðgjafa, eða landshöfðingi sá, er hafði aðsetur sitt í Kaupmannahöfn, gengju að Fensmark. Yfir höfuð að tala mundi jeg ekki geta ráðið til að höfða mál, ef hið heiðraða alþingi hefur ekki þá fullu sannfæringu, að það væri ummælum og áhrifum ráðgjafa að kenna, að vanrækt var að ganga að Fensmark í tæka tíð, og að hægt væri að sanna þetta, ef á þyrfti að halda. Jeg skal ennfremur bæta því við, að sú ákvörðun, sem er í annari gr. í »ákvörðunum um stundarsakir« um það, hvernig fara eigi með slíkt mál, sem a prima instantia er höfðað við hæstarjett, er mjög ónóg, og mun geta valdið miklum formlegum erfiðleikum að því er snertir upplýsingar í málinu.

Um leið og jeg að öðru leyti ætla, að það liggi fyrir utan starfa þann, er mjer hefur verið á hendur falinn, að láta í ljósi skoðun mína um það, hvort það sje vel til fallið eða í pólitisku tilliti ráðlegt, að hefja slíka málssókn gegn ráðgjafa Íslands, verð jeg að endingu að benda á, að til þess að höfða mál með þeim hætti, sem jeg hef vikið á, þarf nýrrar þingsályktunar, sem að mun er frábrugðin þingsályktun alþingis 25. ágúst 1887.

p. t. Reykjavík h. 18. júlí 1889.

Virðingarfyllst

Octavius Hansen,

hæstarjettar-málfærslumaður.

Ed. **488. Breytingartillaga.**

við frumvarp til fjáraukalaga fyrir árin 1888 og 1889. — Frá Arnljóti Ólafssyni, Jakobi Guðmundssyni og J. Havsteen.

Við 4. gr. Í greinina bætist sem 3. stafliður: „Prestinum í Laufássprestakalli veitist uppgjöf á 400 kr. árgjaldi af tjeðu brauði, árin $18^{83}/_{84}$—$18^{87}/_{88}$, samtals 2000 kr.

Nd. **489. Frumvarp**

til fjárlaga fyrir árin 1890 og 1891. — Eptir 3. umr. í Ed.

1. kafli.

Tekjur.

1. gr. Á árunum 1890 og 1891 telst svo til, að tekjur Íslands verði 764,900 kr. og er það afrakstur af tekjugreinum þeim, sem getið er um í 2.—6. gr.

2. gr. Af eptirfylgjandi sköttum og gjöldum eru tekjurnar taldar 478,000 kr.

	1890.	1891.	alls.
	kr.	kr.	kr.
1. Skattur á ábúð og afnotum jarða, og á lausafje:			
a) á ábúð og afnotum jarða	17,000	17,000	34,000
b) á lausafje	23,000	23,000	46,000
2. húsaskattur	4,000	4,000	8,000
3. tekjuskattur	10,000	10,000	20,000
4. aukatekjur	22,000	22,000	44,000
5. erfðafjárskattur	1,700	1,700	3,400
6. gjöld af fasteignasölum	1,300	1,300	2,600
7. vitagjald	5,000	5,000	10,000
8. gjöld fyrir leyfisbrjef	2,000	2,000	4,000
9. útflutningsgjald af fiski og lýsi m. m., að frá dregnum 2% í innheimtulaun	25,000	25,000	50,000
10. aðflutningsgjald af áfengum drykkjum, að frá dregnum 2% í innheimtulaun	90,000	90,000	180,000
11. aðflutningsgjald af tóbaki, að frá dregnum 2 % í innheimtulaun	17,000	17,000	34,000
12. tekjur af póstferðum	18,000	18,000	36,000
13. óvissar tekjur	3,000	3,000	6,000
samtals	239,000	239,000	478,000

3. gr. Tekjur af fasteignum landssjóðs o. fl. eru taldar 56,700 kr.:

		1890.	1891.	alls.
		kr.	kr.	kr.
1. Afgjöld af jarðeignum landssjóðs, alls 37,000 kr. að frá dregnum umboðslaunum, prestsmötu og fl., alls	9,000 —	28,000	28,000	56,000
2. Tekjur af kirkjum		350	350	700
samtals...		28,350	28,350	56,700

4. gr. Tekjur, er snerta viðlagasjóðinn, eru áætlaðar 62,000 kr.:

		1890.	1891.	alls.
		kr.	kr.	kr.
Leigur af innstæðufje viðlagasjóðsins		31,000	31,000	62,000
Upp í lán verður borgað:				
á árinu 1890	25,959 kr. 09 a.			
- — 1891	25,922 — 66 -			
	51,881 kr. 75 a.			
samtals...		31,000	31,000	62,000

Af láni til Staðarbyggðarmýrar greiðist að eins 4% á ári í leigu og afborgun af hinni upphaflegu upphæð.

Árið 1890 veitist frestur á afborgun af hallærisláni Húnavatnssýslu.

5. gr. Ýmislegar innborganir og endurgjöld verða talin 9,200 kr.:

	1890.	1891.	alls.
	kr.	kr.	kr.
1. Það, sem greitt er frá prestaköllum samkvæmt lögum 27. febr. 1880	2,000	2,000	4,000
2. Endurgjald skyndiláns til embættismanna	600	600	1,200
3. Endurborganir á öðrum fyrirframgreiðslum	2,000	2,000	4,000
samtals...	4,600	4,600	9,200

6. gr. Tillag úr ríkissjóðnum verður talið 159,000 kr.:

	1890.	1891.	alls.
	kr.	kr.	kr.
Fast tillag	60,000	60,000	120,000
Aukatillag	20,500	18,500	39,000
samtals...	80,500	78,500	159,000

2. kafli.

Útgjöld.

7. gr. Á árunum 1890 og 1891 veitast til útgjalda 915,138 kr. 84 a. samkvæmt þeim gjaldagreinum, sem nákvæmar er skýrt frá í 8.—16. gr.

8. gr. Gjöld til hinnar æðstu stjórnar innanlands og fulltrúa stjórnarinnar á alþingi eru talin fyrir árið 1890: 12,400 kr. og árið 1891: 14,400 kr., samtals: 26,800 kr.

9. gr. Til kostnaðar við alþingi veitast 32,000 kr. Til kostnaðar við yfirskoðun landsreikninganna 1,600 kr., alls 33,600 kr.

10. gr. Til útgjalda við umboðsstjórnina, gjaldheimtur og reikningsmál, svo og við dómgæzluna og lögreglustjórnina o. fl. veitast 369,798 kr. 84 a.

A.	1890.	1891.	alls.
Umboðsstjórn, gjaldheimtur og reikningsmál:	kr. a.	kr. a.	kr. a.
1. laun embættismanna	19,216 66	19,300	38,516 66
2. endurgjald fyrir skrifstofukostnað o. fl.	3,800	3,800	7,600
3. a. borgun fyrir hina umboðslegu endurskoðun 2,500 kr.			
b. viðbót fyrir hinn núverandi endurskoðara 500 —	3,000	3,000	6,000
	26,016 66	26,100	52,116 66

B.			
Dómgæzla og lögreglustjórn:			
1. laun:			
a. til dómara og sýslumanna	70,525 09	70,525 09	
b. til hreppstjóra	6,000	6,000	
2. ritfje handa bæjarfógetanum í Reykjavík	1,400	1,400	
Flyt	77,925 09	77,525 09	52,116 66

	1890.	1891.	alls.
	kr. a.	kr. a.	kr. a.
3. til hegningarhússins og fangelsanna: Flutt	77,925, 09	77,925, 09	52,116, 66
	1890.	1891.	
a. laun umsjónarmannsins.....	800 kr.	800 kr.	
viðbót fyrir hinn núverandi umsjónarmann	200 —	200 —	
þóknun handa dómkirkjuprestinum	100 —	100 —	
þóknun handa lækni.....	60 —	60 —	
b. viðurværi handa föngum, 42 a. á dag	1,225 —	1,225 —	
3 skammtar af miðdagsmat handa fangaverði á 21 e.	230 —	230 —	
þvottur	30 —	30 —	
til eldiviðar og ljósa.....	520 —	520 —	
útgjöld við bygginguna sjálfa og áhöld	400 —	400 —	
til þess að útvega verkefni ..	500 —	500 —	
ýmisleg útgjöld.....	150 —	150 —	
	4,215 kr.	4,215 kr.	
arður af verkum talinn	615 —	615 —	
	3,600 kr.	3,600 kr.	
c. kostnaður við viðhald fangelsanna	300 —	100 —	
d. til að fullgjöra fangaklefa á Eyrarbakka..... ..	200 —	» —	4,100 — 3,700
4. önnur útgjöld:			
a. þóknun handa tveimur settum málaflutningsmönnum við yfirrjettinn		1,600 kr.	
b. laun sendiboðans við yfirrjettinn.....		50 —	
c. til eldiviðar í yfirrjettarstofunum.....		40 —	
d. til viðhalds á yfirrjettarstofunum o. fl.		60 —	
e. kostnaður við sakamál og lögreglumál		1,500 —	
f. kostnaður við gjafsóknarmál.....		300 —	
g. til að gefa út dómasafn, allt að 15 kr. fyrir hverja örk		150 —	3,700 — 3,700
			85,725 09 — 85,325 09 — 171,050,18
C. Ýmisleg útgjöld:			
1. Til þess að gefa út Stjórnartíðindi og landshagsskýrslur:			
a. þóknun fyrir útgáfu tíðindanna m. fl.		300 kr.	
b. til pappírs og prentunar deildarinnar B. 22 arkir og deildarinnar C. 15 arkir		1,591 —	
c. til kostnaðar við sending með póstum		150 —	
Flyt		2,041 kr.	225,166,84

	1890.	1891.	alls.
	kr. a.	kr. a.	kr. a.
Flutt 2,041 kr.			223,166,84
d. þóknun fyrir að semja landshagsskýrslur, með prófarkalestri 40 kr. fyrir örkina ... 600 —			
	2,641	2,641	
2. endurgjald handa embættismönnum fyrir burðareyri undir embættisbrjef ...	1,200	1,200	
3. brunabótagjald fyrir ýmsar opinberar byggingar...	1,600	1,600	
4. styrkur til eflingar búnaði:			
a. til búnaðarskóla:			
1. til skólans í Ólafsdal.....2,500 kr.			
2. — —— á Hólum.....3,500 —			
3. — —— - Eyðum.....2,000 —			
4. — —— - Hvanneyri.....2,000 —10,000kr.			
b. til búnaðarfjelaga ... 8,000 — Landshöfðingi úthlutar fje þessu eptir tillögum sýslunefnda og amtsráða.			
c. styrkur til Hermanns Jónassonar til að gefa út búnaðarrit, 20 kr. fyrir örkina ... 240 —			
d. styrkur til sjera Odds Gíslasonar til þess að halda áfram, að leiðbeina mönnum í ýmsu, sem lýtur að sjósóknum og fiskiveiðum ... 300 —			
	18,540	18,540	
5. til vegabóta:			
a. til að útvega vegfróðan mann frá útlöndum ... 1890 3,000 kr. 1891 » kr.			
b. til að bæta vegi á aðalpóstleiðum ... 16,000 — 16,000 —			
c. til fjallvega ... 2,500 — 2,500 —			
	21,500	18,500	
6. a. til gufuskipsferða, slíkra sem nú eru ... 9,000 kr.			
b. til aukinna strandferða ... 9,000 —			
c. styrkur til Ísfirðinga til að halda uppi gufubátsferðum á Vestfjörðum... 3,000 —			
d. til umráða landshöfðingja til að styrkja innlent gufuskipsfjelag, síðara árið... 7,000 —			
	21,000	28,000	
7. til vitans á Reykjanesi:			
a. til launa vitamannsins ... 1,200 kr.			
b. til eptirlits með vitanum ... 60 —			
c. til að kaupa olíu ... 1,200 —			
d. — — — lampakveiki o. fl. ... 150 —			
e. — — — steinkol ... 120 —			
Flyt 2,730 kr.	66,481	70,481	223,166,84

	1890.	1891.	alls.
	kr.	kr.	kr.
Flutt 2,730 kr.	66,481	70,481	223,166,84
f. til viðurhalds á húsum og áhöldum.. 200 —			
g. eptirgjald eptir lóðina ..... 30 —	2,960	2,960	
8. til vörðuvita.....	500	500	
9. til kostnaðar við eptirlitsferðir embættismanna, að því leyti, sem hann greiðist úr landssjóði.....	1,000	1,000	
10. til að leggja járnþak á Prestsbakkakirkju.....	750		
	71,691	74,941	146,632
samtals.....			369,798,84

11. gr. Til útgjalda við læknaskipunina veitast 98,844 kr.:

	1890.	1891.	alls.
	kr.	kr.	kr.
1. laun.....	39,598	39,598	79,196
2. styrkur til 6 aukalækna:			
a. til læknis í Dalasýslu og Bæjarhreppi í Strandasýslu;			
b. til læknis á Seyðisfirði ásamt með Mjóafirði, Loðmundarfirði og Borgarfirði;			
c. til læknis á Skipaskaga á Akranesi með 4 syðstu hreppum Borgarfjarðarsýslu;			
d. til læknis í Dyrhólahreppi og Eystri- og Vestri-Eyjafjallahreppum;			
e. til læknis í Dýrafirði ásamt Önundarfirði, Súgandafirði og Arnarfirði;			
f. til læknis í Þingeyjarsýslu fyrir austan Jökulsá til hvers þeirra 1000 kr. hvort árið.....	6,000	6,000	12,000
3. önnur útgjöld:			
a. styrkur til sjúkrahússins í Reykjavík 1,200 kr.			
b. — — — á Akureyri 400 —			
c. til einnar yfirsetukonu í Reykjavík fyrir hana sjálfa ....24 —			
d. til náms yfirsetukvenna .....2,000 —			
e. til verkfæra handa yfirsetukonum ..... 200 —	3,824	3,824	7,648
samtals	49,422	49,422	98,844

12. gr. Utgjöldin við póststjórnina er ætlazt á að verði 65,300 kr.:

	1890.	1891.	alls.
	kr.	kr.	kr.
1. laun:			
a. handa póstmeistaranum.....2,400 kr.			
b. — póstafgreiðslumönnum .....4,000 —			
c. — brjefhirðingarmönnum .....1,900 —	8,300	8,300	16,600
Flyt	8,300	8,300	16,600

	1890.	1891.	alls.
	kr.	kr.	kr.
Flutt	8,300	8,300	16,600
2. póstflutningur	22,000	22,000	44,000
3. önnur útgjöld:			
a. endurgjald fyrir skrifstofukostnað póstmeistarans ..... 1,000 kr.			
b. til sama fyrir ábyrgð á mistalningi 1°/₀₀um 200 —			
c. fæðispeningar og ferðakostnaður sama 200 —			
d. fyrir prentun á ýmsu .... 200 —			
e. til áhalda .... 500 —			
f. 1 brjefberi í Reykjavík ..... 50 —			
g. óviss útgjöld ..... 200 —			
	2,350	2,350	4,700
samtals...	32,650	32,650	65,300

13. gr. Til kirkju- og kennslumála veitast 222,596 kr.:

	1890.	1891.	alls.
	kr.	kr.	kr.
A.			
Í þarfir andlegu stjettarinnar:			
a. laun	7,000.	7,000.	
b. önnur útgjöld:			
1. til prestakalla samkvæmt lögum 27. febr. 1880, 1. gr.	10,000.	11,000.	
2. til bráðabirgðar-uppbótar fátækum brauðum. Þar af til hins núverandi prests í Grímsey 400 kr. hvort árið.	2,500.	2,000.	
3. til nokkurra brauða í fyrverandi Hólastipti....	600.	600.	
4. bráðabirgðar-uppbót á Gufudals-prestakalli í Barðastrandar-prófastsdæmi til húsabygginga á staðnum	300.	300.	
5. bráðabirgðar-uppbót á Kvíabekkjar-prestakalli í Eyjafjarðar-prófastsdæmi	200.	200.	
Uppbætur þessar (undir 4. og 5. lið) greiðast því að eins, að sjerstakir prestar komi til brauðanna.			
6. viðbót við eptirlaun þau, er fátækir uppgjafaprestar og prestsekkjur fá samkvæmt lögum ..	3,000.	3,000.	
7. endurgjald handa biskupi fyrir skrifstofukostnað	1,000.	1,000.	
8. uppbót handa núverandi presti Hólmabrauðs í Suður-Múla-prófastsdæmi fyrir tekjumissi samkvæmt lögum 19. febr. 1886	300.	300.	
	24,900.	25,400.	50,300.
Flyt...			50,300.

	1890.	1891.	alls.
	kr.	kr.	kr.
Flutt			50,300
B.			
Kennslumálefni:			
I. til prestaskólans:			
a. laun	9,000	9,000	
b. önnur útgjöld:			
1. húsaleigustyrkur handa 20 lærisveinum, 80 kr. handa hverjum (1890. 1,600 kr. 1891. 1,600 kr.)			
2. 3 ölmusur (1890. 600 — 1891. 600 —)			
3. til tímakennslu (1890. 100 — 1891. 100 —)			
4. til bókakaupa (1890. 300 — 1891. 300 —)			
5. til eldiviðar og ljósa (1890. 100 — 1891. 100 —)			
6. til umsjónar (1890. 100 — 1891. 100 —)			
7. ýmisleg útgjöld (1890. 200 — 1891. 200 —)	3,000	3,000	
	12,000	12,000	24,000
II. til læknaskólans:			
a. laun	3,600	3,600	
Þar af 400 kr. hvort árið launaviðbót til Tómasar Hallgrímssonar 1. kennara.			
b. önnur útgjöld: (1890. 1891.)			
1. 2 ölmusur, 200 kr. hvor (1890. 400 kr. 1891. 400 kr.)			
2. eldiviður, ljós og ræsting (1890. 120 — 1891. 120 —)			
3. til bókakaupa og verkfæra (1890. 300 — 1891. 300 —)			
4. ferðastyrkur handa læknaefnum (1890. 300 — 1891. 300 —)			
5. húsaleiga handa 6 lærisveinum (1890. 480 — 1891. 480 —)			
6. þóknun fyrir tímakennslu í efnafræði (1890. 100 — 1891. 100 —)			
7. til umbúða og annars kostnaðar við ókeypis »klinik«, allt að (1890. 200 — 1891. 200 —)			
8. ýmisleg útgjöld (1890. 100 — 1891. 100 —)	2,000	2,000	
	5,600	5,600	11,200
III. til hins lærða skóla:			
a. laun	18,200	18,200	
b. aðstoðarfje:			
handa Páli Melsteð sem kennara í sögu 1,800 kr.			
— söngkennaranum 600 —			
— fimleikakennaranum 700 —			
Flyt 3,100 kr.	18,200	18,200	85,500

		1890.	1891.	alls.
		kr.	kr.	kr.
Flutt 3,100 kr.		18,200	18,200	85,500
handa dyraverði .... 1,000 kr.				
til yfirumsjónar með skólahúsinu og áhöldum skólans..... . 300 —		4,400	4,400	
c. önnur útgjöld :	1890. 1891.			
1. til bókasafns skólans	600 kr. 600 kr.			
2. til eldiviðar og ljósa	1,000 — 1,000 —			
3. til skólahússins utan og innan	1,000 — 1,000 —			
4. til tímakennslu	1,100 — 1,100 —			
5. ölmusur	6,500 — 6,000 —			
6. þóknun handa lækni	100 — 100 —			
7. ýmisleg útgjöld	1,000 — 1,000 —			
8. fyrir prestsverk	48 — 48 —			
9. til vísindalegra áhalda	400 — 400 —			
10. til að gefa út vísindalega ritgjörð, er fylgi skólaskýrslunni	300 — 300 —			
11. til að gefa út þýzka málmyndalýsing endurbætta á íslenzku	200 — » —	12,248	11,548	
		34,848	34,148	68,996
IV. til gagnfræðaskólans á Möðruvöllum :				
a. laun		6,600	6,600	
b. önnur útgjöld :				
1. til bóka- og áhaldakaupa við kennsluna	400 kr.			
2. til eldiviðar og ljósa	500 —			
3. til skólahússins utan og innan.....	200 —			
4. ýmisleg útgjöld.....	400 —			
5. til styrkveitingar námspiltum . .	500 —	2,000	2,000	
		8,600	8,600	17,200
V. til annarar kennslu :				
a. til kvennaskóla :				
1. til kvennaskólans í Reykjavík . þar af ölmusur til sveitastúlkna 300 kr.	1,500 kr.			
2. til kvennaskólans á Ytri-Ey . .	1,000 —			
3. — —— á Laugalandi .	1,000 —			
4. — kvennaskólanna á Ytri-Ey og Laugalandi	1,400 —			
Öll upphæðin (1,400 kr.) skiptist milli skólanna eptir nemenda-fjölda. Þar af 500 kr. til námsmeyja.		4,900	4,900	
	Flyt	4,900	4,900	171,696

	1890.	1891.	alls.
	kr.	kr.	kr.
Flutt	4,900	4,900	171,696
b. 1. til barnaskóla í sjóþorpum og verzlunarstöðum öðrum en kaupstöðum . . . . Styrkur þessi veitist einkum eptir kennslutíma og nemenda-fjölda, og með því skilyrði, að skólarnir njóti einnig annarar tillögu, er eigi sje minni en helmingur á móts við styrkinn úr landssjóði.	2,500	2,500	
2. til sveitakennara, allt að 50 kr. til hvers. Styrkur þessi veitist eptir tillögum sýslunefnda.	2,500	2,500	
c. 1. til gagnfræða- og alþýðuskólans í Flensborg	2,500	2,500	
2. til áhaldakaupa við heimavist í eitt skipti...	200	»	
d. til kennara í organslætti og sönglist og til organleikara við dómkirkjuna í Reykjavík . .	1,000	1,000	
e. til kennslu í stýrimannafræði:			
1. til kennslu og húsnæðis í Reykjavík 800 kr.			
2. til kennslu annarstaðar . . . . 1,000 —	1,800	1,800	
	15,400	15,200	30,600
C.			
1. til landsbókasafnsins og fyrir umsjón með alþingishúsinu millum þinga:			
	1890.	1891.	
a. laun bókavarðar . . .	1,000 kr.	1,000 kr.	
b. til að aðstoða bókavörð við útlán og niðurröðun bóka og við samningu á skrá yfir handrit og bækur .	700 —	700 —	
c. fyrir að hafa umsjón með alþingishúsinu og áhöldum í því milli þinga . . .	100 —	100 —	
d. fyrir bækur, handrit, bókband og prentun á ritaukaskrá.....	1,200 —	1,200 —	
e. til eldiviðar og áhalda m.m.	400 —	400 —	
f. brunabótagjald fyrir safnið	250 —	250 —	
		3,650	3,650
2. til amtsbókasafnanna á Akureyri og í Stykkishólmi		400	400
3. til deildar hins íslenzka Bókmenntafjelags í Reykjavík		1,000	1,000
4. til þjóðvinafjelagsins		400	400
5. til forngripasafnsins:			
a. til að útvega forngripi og til áhalda		1,000 kr.	
b. — umsjónar		200 —	
c. — Sigurðar Vigfússonar til rannsóknar fornmenja		1,000 —	
		2,200	2,200
Flyt		7,650	7,650	202,296

	1890.	1891.	alls.
	kr.	kr.	kr.
Flutt	7,650.	7,650.	202,296.
6. til fornleifafjelagsins . . . . . útborgist því að eins, að Árbók fjelagsins komi út hvort árið.	300.	300.	
7. til hins íslenzka náttúrufræðisfjelags til að koma á fót náttúrugripasafni handa almenningi . .	400.	400.	
8. styrkur til kennara Benedikts Gröndals til að halda áfram myndasafni yfir íslenzk dýr og til að semja þjóðmenningarsögu Norðurlanda 600 kr. á ári, og til efna og áhalda til að varðveita náttúrugripi 200 kr. hvort árið	800.	800.	
9. til að vinna að texta-útgáfu á íslenzku fornbrjefasafni, 25 kr. fyrir örkina, allt að 600 kr. hvort árið	600.	600.	
10. styrkur til hins fyrirhugaða kennara við stýrimannaskólann til að búa sig erlendis undir stöðu sína..	800.	»	
	10,550.	9,750.	20,300.
samtals...	.....	.....	222,596.

14. gr. Til skyndilána handa embættismönnum og lögboðinna fyrirframgreiðslna veitast 5,200 kr.

15. gr. Til eptirlauna og styrktarfjár og fl. veitast 90,000 kr.; þar af til ekkjufrúar Önnu Johnsen 150 kr., til ekkjufrúar Guðrúnar Guðjohnsen 300 kr., til ekkjufrúar Valgerðar Ólafsdóttur frá Hofi 200 kr., til ekkjufrúar G. Brynjúlfssonar 150 kr., til sjera Þórðar Thorgrímsens 50 kr., til sjera J. Thorarensens 50 kr., til Árna Thorlacius 200 kr., til prestsekkju Ragnheiðar Jónsdóttur sem viðbót við eptirlaun hennar af Vestmannaeyja prestakalli 105 kr. 40 a. og til Katrínar Þorvaldsdóttur, ekkju fyrverandi bókavarðar Jóns Árnasonar, 200 kr.— til allra þeirra hvort árið.

16. gr. Til óvissra útgjalda veitast 3,000 kr.

Eigi má af þessum gjaldlið greiða ferðakostnað embættismanna eða embættismannaefna frá útlöndum til að taka við embættum hjer á landi.

17. gr. Það sem á vantar, að tekjurnar hrökkvi fyrir útgjöldunum, og sem fyrst um sinn er áætlað að verði 150,238 kr. 84 a., skal greiða úr viðlagasjóði.

18. gr. Ef

lög um brúargjörð á Ölfusá

koma til framkvæmdar á fjárhagstímabilinu, eða ef

frumvarp til laga um aðflutningsgjald á kaffi og sykri;

frumvarp til laga um breyting á lögum 11. febr. 1876 um aðflutningsgjald á tóbaki;

frumvarp til laga um breyting á lögum 15. okt. 1875 um laun íslenzkra embættismanna;

frumvarp til laga um breyting á 1. gr. í lögum um skipun prestakalla 27. febr. 1880 og

frumvarp til laga um stofnun stýrimannaskóla á Íslandi

ná gildi á fjárhagstímabilinu, breytast upphæðirnar tekju- og gjaldamegin samkvæmt nefndum lögum og frumvörpum.

19. gr. Allar þær fjárveitingar, sem eigi eru ákveðnar í lögum öðrum en fjárlögum, tilskipunum, konungsúrskurðum eða öðrum gildandi ákvörðunum, samkvæmt 25. gr. stjórnarskrárinnar, gilda að eins fyrir fjárhagstímabilið.

Nd. **490. Frumvarp**

til stjórnarskipunarlaga um hin sjerstaklegu málefni Íslands. — Eptir 3. umr. í Ed.

I.

1. gr. Í öllum þeim málefnum, sem varða Ísland sjerstaklega, hefur landið löggjöf sína, dómsvald og stjórn út af fyrir sig, á þann hátt, að löggjafarvaldið er hjá konungi og alþingi í sameiningu, framkvæmdarvaldið hjá konungi og dómsvaldið hjá dómendum.

2. gr. Hin sjerstaklegu málefni landsins eru þessi, svo sem segir í lögum um hina stjórnarlegu stöðu Íslands í ríkinu 2. jan. 1871 3. gr.:

1. Hin borgaralegu lög, hegningarlögin og dómgæzlan, er hjer að lýtur.
2. Lögreglumálefni.
3. Kirkju- og kennslumálefni.
4. Lækna- og heilbrigðismálefni.
5. Sveita- og fátækramálefni.
6. Vegir og póstgöngur landsins.
7. Landbúnaður, fiskiveiðar, verzlun, siglingar og aðrir atvinnuvegir.
8. Skattamál, bein og óbein.
9. Þjóðeignir, alþjóðlegar stofnanir og sjóðir.

Meðan Ísland hefur ekki fulltrúa á ríkisþinginu, en það er komið bæði undir hinu sjerstaka löggjafarvaldi landsins, konungi og alþingi, og löggjafarvaldi ríkisins, leggur landið ekkert til almennra ríkisþarfa. En á hinn bóginn tekur það heldur engan þátt á meðan í löggjafarvaldinu um almenn ríkismál.

3. gr. Konungur hefur hið æðsta vald í öllum hinum sjerstöku málefnum landsins, með þeim takmörkunum, sem settar eru í stjórnarskrá þessari. Konungur tekur sjer ráðgjafa fyrir Ísland og víkur honum úr völdum. Undirskript konungs undir ályktanir þær, er snerta löggjöf og stjórn, veitir þeim gildi, þá er ráðgjafi hans fyrir Ísland skrifar undir með honum. Ráðgjafi þessi ber ábyrgð á ályktunum þeim, er hann ritar undir með konungi. Alþingi kemur fyrir sitt leyti ábyrgð fram á hendur honum eptir þeim reglum, er nákvæmara verður skipað fyrir um með lögum.

4. gr. Konungur skal vinna eið að stjórnarskrá Íslands. Af eiðstaf konungs skal gjöra 2 samhljóða frumrit, og skal senda alþingi annað þeirra til geymslu, en hitt skal geyma í leyndarskjalasafninu.

5. gr. Konungur er ábyrgðarlaus; hann er heilagur og friðhelgur.

6. gr. Konungur skipar jarl, sem hefur aðsetur sitt í landinu, og víkur honum frá völdum. Konungur getur látið jarlinn í nafni sínu og umboði framkvæma hið æðsta vald í hinum sjerstöku málefnum landsins enda skal þess getið við hverja stjórnarathöfn, að hann gjöri hana í nafni og umboði konungs. Jarlinn skal vinna eið að stjórnarskránni. Laun hans skal ákveða með lögum.

7. gr. Jarlinn tekur sjer ráðgjafa og víkur þeim úr völdum. Hvar sem ráðgjafar eru nefndir í stjórnarskrá þessari, er átt við ráðgjafa jarlsins, nema berlega sje nefndur „ráðgjafinn fyrir Ísland". Ráðgjafarnir hafa á hendi stjórnarstörfin innanlands og bera ábyrgð á þeim. Ábyrgð þessa skal ákveða með lögum.

Undirskript jarls undir ályktanir þær, er snerta stjórn landsins og konungur hefur gefið honum umboð til að framkvæma, veitir þeim gildi með þeim takmörkunum, sem settar eru í stjórnarskrá þessari, þá er einhver ráðgjafanna eða fleiri þeirra skrifa undir með honum. Ráðgjafi, sem undir ályktun ritar með jarli ber ábyrgð á henni.

Nú er lagafrumvarp, er báðar deildir þingsins hafa samþykkt, lagt fyrir jarlinn til staðfestingar konungs, skal hann lýsa yfir innan mánaðar, hvort hann staðfestir það eða neitar því staðfestingar í nafni konungs, eða hann geymir sjer rjett til að leita vilja konungs í því efni. Þegar jarlinn hefur í nafni konungs staðfest eitthvert lagafrumvarp, skal hann við fyrstu hentugleika senda ráðgjafa konungs (sbr. 3. gr.) nákvæmt samrit laganna. Nú þykir konungi rjett, áður en 12 mánuðir eru liðnir frá því, er ráðgjafi konungs tók við lögunum, að synja þeim staðfestingar, þá skal ráðgjafinn senda jarlinum synjun þessa, og geta þess um leið, hvenær hann hafi tekið við lögunum. Gjöri þá jarlinn kunnuga synjunina eptir þeim lögum, sem gilda um birtingu laga, og falla þá lögin úr gildi frá þeim degi, er birtingin er dagsett.

Nú hefur jarlinn geymt sjer rjett til að leita vilja konungs um eitthvert lagafrumvarp, og hefur það þá eigi lagagildi, nema jarlinn hafi birt, áður en 12 mánuðir eru liðnir frá því, er lagafrumvarpið var lagt fyrir hann til staðfestingar konungs, að konungur hafi staðfest það.

8. gr. Ráðgjafar skulu eigi vera fleiri en þrír, og skal einn vera æðstur þeirra. Konungur og ráðgjafar eru landsráð, og er konungur forseti þess. Í landsráðinu skal ræða lagafrumvörp öll og mikilsverð stjórnarmálefni. Deyi jarlinn eða hindrist á annan hátt, stendur hinn æðsti ráðgjafi fyrir stjórn, þangað til konungur nefnir annan jarl, eða jarlinn tekur aptur við stjórninni.

9. gr. Jarlinn eða neðri deild alþingis getur kært ráðgjafana fyrir embættisrekstur þeirra. Í þeim málum dæmir landsyfirdómurinn.

10. gr. Konungur getur falið jarlinum að veita öll þau embætti, er hann sjálfur hefur veitt eða hann hefur fengið landshöfðingja umboð til að veita hingað til. Breyting má á þessu gjöra með lögum. Engan má skipa embættismann í landinu nema hann hafi hin almennu rjettindi innborinna manna, og þar á ofan hafi fært sönnur á, að hann hafi fullnægt hinum gildandi ákvæðum um kunnáttu í máli landsins. Hver embættismaður skal vinna eið að stjórnarskránni. — Jarlinn getur vikið embættismönnum frá, og fer þá um eptirlaun þeirra, svo sem lög mæla fyrir. Jarlinn getur flutt embættismenn úr einu embætti í annað, þó svo, að þeir missi einskis í af embættistekjum, og að þeim sje gefinn kostur á að kjósa, hvort þeir vilji heldur embættaskiptin, eða þá lausn frá embætti með eptirlaunum þeim, sem almennar reglur ákveða. Með lögum má undan skilja ýmsa embættismannaflokka, auk embættismanna þeirra, sem nefndir eru í 52. grein.

11. gr. Í nafni konungs stefnir jarlinn saman reglulegu alþingi annað hvort ár.

Án samþykkis jarlsins má þingið eigi setu eiga lengur en 10 vikur. Breyta má þessum ákvæðum með lögum.

12. gr. Jarlinn getur frestað fundum hins reglulega alþingis um tiltekinn tíma, en þó ekki lengur en 4 vikur, nema alþingi samþykki það, og ekki nema einu sinni á ári.

13. gr. Jarlinn getur rofið neðri deild alþingis, og skal þá stofna til nýrra kosninga, áður 2 mánuðir sjeu liðnir, frá því deildin var rofin, og skal þá stefna alþingi saman næsta ár á eptir, að deildin var rofin. Þó má jarlinn eigi rjúfa neðri deild reglulegs alþingis án samþykkis deildarinnar, eptir að hann hefur stefnt reglulegu alþingi saman, eða það er saman komið samkvæmt 24. gr., fyrri en það hefur saman verið 10 vikur.

14. gr. Jarlinn getur stefnt alþingi saman til aukafunda, og ræður hann, hversu langa setu það þá skuli eiga.

15. gr. Landstjórnin getur lagt fyrir alþingi frumvörp til laga og ályktana.

16. gr. Jarlinn annast um, að lögin verði birt og að þeim verði fullnægt.

17. gr. Þegar brýna nauðsyn ber til, getur konungur eða jarl gefið út bráðabirgðalög milli alþinga; þó mega slík lög eigi koma í bága við stjórnarskrána, enda falla þau úr gildi, nema næsta alþingi á eptir samþykki þau. Eigi má gefa út bráðabirgða-fjárlög fyrir það fjárhagstímabil, er fjárlög eru samþykkt fyrir af alþingi.

18. gr. Konungur veitir eða getur falið jarlinum að veita leyfi þau og undanþágur frá lögum, sem tíðkazt hafa, eptir reglum þeim, sem farið hefur verið eptir hingað til.

19. gr. Konungur náðar menn og veitir almenna uppgjöf á sökum. Ráðgjöfunum getur hann eigi gefið upp sakir fyrir brot á stjórnarskránni nje fyrir önnur embættisbrot, nema því að eins, að neðri deild alþingis samþykki.

II.

20. gr. Á alþingi eiga sæti 36 menn.

Alþingi skiptist í 2 deildir, efri og neðri deild. Í efri deild sitja 12 þingmenn, en 24 í neðri deild. Tölu alþingismanna og tölu þingmanna í deildunum má breyta með lögum.

Þingmenn í neðri deild eru allir þjóðkjörnir. Í efri deild sitja 4 þingmenn, er jarlinn í umboði konungs kveður til þingsetu, og 8 þingmenn kosnir af amtsráðunum, og sje hver þeirra búsettur í því amti, sem hann er úr kosinn. Amtsráð suðuramtsins kýs 2, vesturamtsins 2 og norður- og austuramtsins 4, eða ef því amti verður skipt í tvö ömt, þá kýs amtsráð hvors amtsins 2.

Í fyrsta sinn er alþingi kemur saman eptir þessari stjórnarskrá, kveður konungur þó til 6 menn, en amtsráð suðuramtsins 2, amtsráð vesturamtsins 1 og amtsráð norður- og austuramtsíns 3, eða amtsráð norðuramtsins 2 og austuramtsins 1. — Þá er fyrst verður autt sæti einhvers konungkjörins þingmanns, kýs amtsráð vesturamtsins mann í sætið, en hið næsta sinn amtsráð norður- og austuramtsins, eða, ef þau verða aðskilin, amtsráð austuramtsins.

Kjörgengi til efri deildar skal bundin við 35 ára aldur.

21. gr. Alþingismenn í efri deildinni eiga sæti í deildinni ævilangt, eða þang-

að til þingmaðurinn leggur niður þingmennsku. Verði sæti konungkjörins þingmanns autt í efri deild, kveður jarlinn í umboði konungs mann til þingsetu í hið auða sæti (sbr. þó bráðabirgðarákvörðunina í næstu gr. hjer á undan) Verði sæti þjóðkjörins þingmanns autt, kveður það amtsráð, er hann hafði kosið, mann til þingsetu í hið auða sæti.

Kosning alþingismanna í neðri deild gildir venjulega fyrir 6 ára tímabil. Stytta má tímabil þetta með lögum. Deyi nokkur alþingismaður í neðri deild eða fari frá, meðan á kjörtíma neðri deildar stendur, skal kjósa mann til þingsetu fyrir það tímabil, sem eptir er af kjörtímanum.

22. gr. Kosningarrjett til neðri deildar alþingis hafa:

a. allir búandi menn, húsmenn, borgarar, þurrabúðarmenn og aðrir húsráðendur, sem greiða gjald til almennra þarfa;
b. embættismenn;
c. þeir, sem tekið hafa lærdómspróf við háskólann, prestaskólann eða læknaskólann í Reykjavík, eða eitthvert annað þess háttar opinbert próf, sem nú er, eða kann að verða sett, þó ekki sjeu þeir í embætti, ef þeir eru ekki öðrum háðir.

Þó getur enginn átt kosningarrjett, nema hann sje orðinn fullra 25 ára að aldri, þegar kosningin fer fram, hafi óflekkað mannorð, hafi verið heimilisfastur í kjördæminu 1 ár, sje fjár síns ráðandi og honum sje ekki lagt af sveit, eða, hafi hann þegið sveitarstyrk, að hann þá hafi endurgoldið hann, eða honum hafi verið gefinn hann upp.

23. gr. Kjörgengur til neðri deildar alþingis er hver sá, sem hefur kosningarrjett samkvæmt því, sem nú var sagt, ef hann:

1. ekki er þegn annars ríkis eða er í þjónustu þess;
2. hefur að minnsta kosti síðustu 5 ár verið í löndum þeim í norðurálfunni, sem liggja undir Danaveldi.

Dómendur í landsyfirdóminum mega eigi eiga setu á alþingi, hvorki í efri nje neðri deild. Ráðgjafarnir eru kjörgengir að eins til neðri deildar.

Kjósa má þann mann, sem á heima utan kjördæmis, eða hefur verið innan kjördæmis skemur en eitt ár.

Með lögum má veita konum kosningarrjett og kjörgengi til alþingis.

Nákvæmari reglur um kosningarnar verða settar í kosningarlögum. Með þeim takmörkunum, sem teknar eru fram hjer að framan, er hver sá maður rjett kveðinn til efri deildar alþingis, sem hefur kosningarrjett og er kjörgengur til neðri deildar.

III.

24. gr. Alþingi skal koma saman fyrsta virkan dag í júlímánuði annaðhvort ár, hafi jarlinn ekki tiltekið annan samkomudag sama ár.

Með lögum má ákveða, að hið reglulega alþingi komi optar saman eður á öðrum tíma.

25. gr. Samkomustaður alþingis er í Reykjavík. Þó getur jarlinn eptir atvikum skipað fyrir um, að alþingi komi saman á öðrum stað í landinu.

26. gr. Alþingi er friðheilagt. Enginn má raska friði þess eða frelsi.

27. gr. Alþingi sker sjálft úr, hvort þingmenn þess sjeu löglega kosnir.

28. gr. Sjerhver nýr þingmaður skal vinna eið að stjórnarskránni, undireins og viðurkennt er, að kosning hans sje gild.

29. gr. Alþingismenn eru eingöngu bundnir við sannfæring sína og eigi við neinar reglur frá kjósendum sínum.

Embættismenn þeir, sem kosnir eru til alþingis, þurfa ekki leyfi stjórnarinnar til þess að þiggja kosninguna, en skyldir eru þeir til að annast um, að embættisstörfum þeirra verði gegnt án kostnaðar fyrir landssjóðinn, á þann hátt, sem stjórnin álítur nægja.

30. gr. Hvor þingdeild á rjett á, að bera upp frumvörp til laga og ályktana og samþykkja þau fyrir sitt leyti; einnig má hvor þingdeildin fyrir sig senda konungi eða jarli ávörp.

31. gr. Hvor þingdeild getur sett nefndir af þingmönnum til þess, að rannsaka mikils-varðandi málefni. Þingdeildin getur veitt nefndum þessum rjett á að heimta skýrslur, munnlegar og brjeflegar, bæði af embættismönnum og öðrum.

32 gr. Engan skatt má á leggja, nje breyta, nje af taka, nema með lögum; ekki má heldur án lagaákvæða taka lán, er skuldbindi landið, nje selja eða á annan hátt láta af hendi neina af fasteignum landsins, nje skerða þann hluta viðlagasjóðs, sem ákveðinn verður með lögum.

33. gr. Ekkert gjald má greiða af hendi, nema heimild sje til þess í fjárlögum eða fjáraukalögum.

34. gr. Jafnskjótt sem hið reglulega alþingi er komið saman, skal leggja fyrir það frumvarp til fjárlaga fyrir fjárhagstímabilið, sem í hönd fer. Með tekjunum skal telja bæði hið fasta tillag og aukatillagið, sem greitt er úr hinum almenna ríkissjóði, svo sem fyrir er mælt í lögum um hina stjórnarlegu stöðu Íslands í ríkinu, 2. janúar 1871, 5. gr., sbr. 6. gr., til hinna sjerstaklegu gjalda Íslands.

Gjöld, sem ákveðin eru með eldri lögum, tilskipunum, konungsúrskurðum eða öðrum gildum ákvæðum, skal, þangað til breyting verður á því gjörð með lögum, til færa í fjárlögunum, svo sem gjöld þessi hafa ákveðin verið.

Frumvarpið til fjárlaganna og eins frumvörp til fjáraukalaga skal jafnan fyrst leggja fyrir neðri deild alþingis.

35. gr. Hvor þingdeild kýs yfirskoðunarmann, og skulu þeim veitt laun fyrir starfa sinn. Yfirskoðunarmenn þessir eiga að gagnskoða reikninga hvers árs um tekjur og gjöld landsins, og gæta þess, að tekjur landsins sjeu þar allar taldar og að ekkert hafi verið goldið út án heimildar. Þeir geta krafizt, að fá allar skýrslur þær og skjöl, sem þeim þykir þurfa. Síðan skal semja reikning fyrir fjárhagstímabilið, og leggja hann fyrir alþingi, ásamt með athugasemdum yfirskoðunarmanna, til fullnaðarúrslita.

36. gr. Ekkert lagafrumvarp má samþykkja til fullnaðar, fyr en það hefur verið rætt þrisvar í hvorri þingdeild.

37. gr. Þegar lagafrumvarp er samþykkt í annari hvorri þingdeildinni, skal það lagt fyrir hina þingdeildina í því formi, sem það er samþykkt í. Verði þar breytingar á gjörðar, gengur það aptur til hinnar fyrri þingdeildar. Verði hjer aptur gjörðar breytingar, fer frumvarpið af nýju til hinnar deildarinnar. Gangi þá enn eigi saman, ganga báðar deildirnar saman í eina málstofu, og leiðir alþingi þá málið til lykta eptir eina umræðu. Þegar alþingi þannig myndar eina

málstofu, þarf til þess, að gjörð verði fullnaðarályktun á máli, að tveir þriðjungar þingmanna úr hvorri deild sjeu á fundi og eigi þátt í atkvæðagreiðslunni; ræður þá atkvæðafjöldi úrslitum um hin einstöku málsatriði, en til þess að lagafrumvarp, að undanskildum frumvörpum til fjárlaga og fjáraukalaga, verði samþykkt í heild sinni, þarf aptur á móti að minnsta kosti, að tveir þriðjungar atkvæða þeirra, sem greidd eru, sjeu með frumvarpinu.

38. gr. Meðan alþingi stendur, má ekki taka neinn alþingismann fastan fyrir skuldir án samþykkis þeirrar deildar, er hann situr í, nje heldur setja hann í varðhald eða höfða mál á móti honum, nema hann sje staðinn að glæp.

Enginn alþingismaður verður krafinn til ábyrgðar utan þings fyrir það, sem hann hefur talað á þinginu, nema þingdeildin, sem hann á sæti í, leyfi.

39. gr. Ef sú breyting, er sviptir mann kjörgengi, verður á högum þess manns, er löglega er kosinn, hvort sem er til efri eða neðri deildar missir hann rjett þann, er kosningunni fylgir.

40. gr. Ráðgjöfunum skal heimilt vegna embættisstöðu sinnar að sitja á alþingi, og eiga þeir rjett á að taka þátt í umræðunum, eins opt og þeir vilja, en gæta verða þeir þingskapa.

Atkvæðisrjett hafa ráðgjafar því að eins, að þeir sjeu kosnir alþingismenn.

41. gr. Hvor þingdeild og eins hið sameinaða alþingi kýs sjálft forseta sinn og varaforseta.

42. gr. Hvorug þingdeildin má gjöra ályktun um neitt, nema að minnsta kosti tveir þriðjungar þingmanna sjeu á fundi og greiði þar atkvæði.

43. gr. Heimilt er þingmanni að bera upp í þeirri þingdeild, er hann á sæti í, hvert það málefni, er almenning varðar, ef þingdeildin leyfir, og beiðast skýrslu um það.

44. gr. Hvorug þingdeildin má taka nokkurt málefni til meðferðar á þingi, nema einhver þingdeildarmanna taki það að sjer til flutnings.

45. gr. Þyki þingdeild ekki ástæða til að gjöra ályktun um eitthvert málefni, þá getur hún vísað því til landstjórnarinnar.

46. gr. Fundi beggja þingdeilda og hins sameinaða alþingis skal halda í heyranda hljóði. Þó getur forseti eða svo margir þingmenn, sem til er tekið í þingsköpunum, krafizt, að öllum utanþingsmönnum sje vísað burt, og skal þá þingið eða þingdeild sú, er hlut á að máli, skera úr, hvort ræða skuli málefnið í heyranda hljóði eða eigi.

47. gr. Þingsköp hins sameinaða alþingis og beggja þingdeilda skal setja með lögum.

IV.

48. gr. Landsyfirdómur einn dæmir í þeim málum, er jarlinn eða neðri deild alþingis býr til á hendur ráðgjöfunum.

49. gr. Skipun dómsvaldsins skal ákveða með lögum.

50. gr. Dómendur skera úr öllum ágreiningi um embættistakmörk yfirvaldanna. Þó getur sá, sem þar um leitar úrskurðar, ekki komið sjer hjá að hlýða yfirvaldsboði í bráð, með því að skjóta málinu til dóms.

51. gr. Dómsvaldið skal greina frá umboðsvaldinu með lögum.

52. gr. Dómendur skulu í embættisverkum sínum fara einungis eptir lögun-

um. Þeim dómendum, sem ekki hafa að auki umboðsstörf á hendi, verður ekki vikið úr embætti nema með dómi, og ekki verða þeir heldur fluttir í annað embætti á móti vilja þeirra, nema þegar verið er að koma nýrri skipun á dómstólana. Þó má veita þeim dómara, sem orðinn er fullra 65 ára gamall, lausn frá embætti, en eigi skal hann missa neins í af launum sínum.

V.

53. gr. Hin evangelisk-lúterska kirkja er þjóðkirkja landsins, og skal þjóðfjelagið því styðja hana og vernda.

Sambandinu milli þjóðkirkju og landstjórnar skal skipa með lögum.

54. gr. Landsmenn eiga rjett á að stofna fjelög til að þjóna guði með þeim hætti, sem bezt á við sannfæringu hvers eins. Þó má eigi kenna eða fremja neitt, sem er gagnstætt góðu siðferði og allsherjarreglu.

55. gr. Rjettindi trúarfjelaga þeirra, sem frábrugðin eru þjóðkirkjunni, skal ákveða með lagaboði.

56. gr. Enginn má missa neins í af þegnrjettindum sakir trúarbragða sinna, nje heldur þeirra vegna skorast undan almennum fjelagsskyldum.

VI.

57. gr. Hvern, sem tekinn er fastur, skal án undandráttar leiða fyrir dómara, og sje hann þá eigi þegar látinn laus, skal dómari, áður sólarhringur sje liðinn, leggja rökstuddan úrskurð á, hvort hann skuli í varðhald setja. Megi láta hann lausan móti veði, skal ákveða í úrskurðinum, hvert eða hversu mikið það skuli vera. Dómari ber ábyrgð fyrir þeim, sem tekinn er fastur eða hindraður á annan hátt.

Úrskurði dómara má þegar skjóta til æðra dóms, og fer um birting og áfrýjun slíks úrskurðar sem um birting og áfrýjun dóms í sakamálum. Engan má setja í gæzluvarðhald fyrir sök, er að eins varðar fjársekt eða einföldu fangelsi.

58. gr. Heimilið er friðheilagt. Ekki má gjöra húsleit nje kyrrsetja brjef og önnur skjöl, nje rannsaka þau, án dómsúrskurðar, nema lög sjerstaklega leyfi.

59. gr. Eignarrjetturinn er friðhelgur. Engan má skylda til að láta af hendi eign sína, nema almenningsþörf krefji; þarf til þess lög og komi fullt verð fyrir.

60. gr. Öll bönd þau, sem hamla frelsi í atvinnuvegum og jafnrjetti manna til atvinnu, og eigi eru byggð á almenningsheillum, skal aftaka með lögum.

61. gr. Sá, sem ekki getur sjeð fyrir sjer og sínum, og sje hann ekki skyldu ómagi annars manns, skal eiga rjett á að fá styrk úr almennum sjóði, en þá skal hann háður vera takmörkunum þeim, er lögin áskilja.

62. gr. Hafi foreldri eigi efni á að fræða sjálf börn sín, eða sjeu börnin munaðarlaus og öreigar, er það skylda þjóðfjelagsins, að sjá þeim fyrir uppfræðingu og framfæri.

63. gr. Hver maður á rjett á, að láta í ljósi hugsanir sínar á prenti; en þó verður hann að ábyrgjast þær fyrir dómi. Ritskoðun og aðrar tálmanir fyrir prentfrelsi má aldrei lögleiða.

64. gr. Rjett eiga menn á að stofna fjelög í sjerhverjum löglegum tilgangi,

án þess að leyfi þurfi að fá til þess. Ekkert fjelag má rjúfa með stjórnarráðstöfun. Þó má banna fjelag um stundarsakir, en þá verður þegar að búa mál til á hendur fjelaginu, til þess að það verði rofið.

65. gr. Rjett eiga menn á að safnast saman vopnlausir. Lögreglustjórninni er heimilt að vera við almennar samkomur. Banna má mannfundi undir berum himni, þegar uggvænt þykir, að af þeim leiði óspektir.

66. gr. Hver vopnfær maður er skyldur að taka sjálfur þátt í vörn landsins eptir því, sem nákvæmar verður ákveðið með lögum.

67. gr. Rjetti sveitarfjelaganna til að ráða málefnum sínum skal skipa með lögum.

68. gr. Skattgjaldamálum skal skipa með lögum.

69. gr. Öll sjerstakleg rjettindi, er lögin hafa bundið við nafnbætur og tign, skulu vera af tekin.

VII.

70. gr. Frumvörp, hvort heldur er til breytinga eða viðauka á stjórnarskrá þessari, má bera upp bæði á reglulegu alþingi og auka-alþingi. Nái frumvarpið um breyting á stjórnarskránni samþykki beggja þingdeildanna, skal rjúfa neðri deild þá þegar og stofna til almennra kosninga af nýju. Samþykki hið nýkosna alþingi frumvarpið óbreytt, og nái það staðfesting konungs, þá hefur það gildi sem stjórnarlög.

71. gr. Þá er stjórnarskipunarlög þessi eru staðfest, og landstjórn skipuð samkvæmt 6. og 7. gr. þeirra, er stjórnarskrá um hin sjerstaklegu málefni Íslands 5. dag janúarmánaðar 1874 numin úr gildi.

Ákvæði um stundarsakir.

Í íslenzkum málum verður engin breyting gjörð á stöðu hæstarjettar í Danmörku sem æðsta dóms, án þess að hið almenna löggjafarvald ríkisins taki þátt í því.

Nd. **491 Breytingartillaga**

við frv. til fjárlaga fyrir árin 1890 og 1891. — Frá Þórarni Böðvarssyni.

Aptan við 13. gr. C. bætist nýr töluliður, svo hljóðandi:

til cand. phil. Gests Pálssonar til að gefa út skáldsögu og leikrit, 600 kr. hvort árið. Síðari helmingurinn útborgist þá, er ritin eru út komin . . . . . 600 — 600.

Nd. **492. Viðaukatillaga**

við frumvarp til fjárlaga fyrir árin 1890 og 1891. — Frá Þorvarði Kjerúlf.

Aptan við 13. gr. bætist nýr liður:

„Styrkur til kennara Þ. Thoroddsen til kostnaðar við jarðfræðisrannsóknir og við safn til jarðfræðislýsingar Íslands, eptir reikningi allt að 1000 kr. hvort árið . . . . . 1000 — 1000“.

Nd. **493. Nefndarálit**

um frv. til fjárlaga fyrir árin 1890 og 1891. — Eptir 3. umr. í Ed.

Hin heiðraða efri deild hefir gjört ýmsar breytingar við fjárlagafrumvarpið eins og það var samþykkt í neðri deildinni. Það er þó að eins ein viðbót, sem verulega þýðingu hefur í fjárhagslegu tilliti, sem sje styrkurinn til innlends gufuskipafjelags. Að vísu hefur mál þetta haft svo lítinn undirbúning, að mjög er óvíst, að hverjum notum styrkur þessi kemur, en þar sem hann þó fer í þá átt, sem flestum mun þykja æskileg, þá treystumst vjer ekki til að vera fjárveiting þessari mótfallnir. Nokkrum öðrum fjárveitingum hefur verið bætt við, er oss eigi þykir þörf á, en þær nema allar svo litlu, að oss eigi þykir kappsmál gjörandi úr því. Sjerstaklega viljum vjer taka fram styrkinn til Árna Thorlacius, er vjer hefðum verið algjörlega mótfallnir, ef öðruvísi hefði staðið á; en þar sem hjer á hlut að máli maður, sem kominn er undir nírætt, svo að eigi getur um mikil fjárútlát orðið að tala, þá viljum vjer eigi fyrir þá sök gefa tilefni til að fjárlögin — með stöðugum afbrigðum frá þingsköpunum — fari að ganga milli deilda og ef til vill þurfi að komast í sameinað þing. Nokkru hefur efri deildin sleppt, og þykir oss sjer í lagi óheppilegt, að fella niður styrkinn til Þ. Thoroddsens, en þar sem í báðum deildum samtals var svo mikill fjöldi atkvæða á móti honum, þá sjáum vjer eigi til neins, að halda því atriði fram.

Af þessum ástæðum leyfum vjer oss eindregið að leggja það til, að hin heiðraða neðri deild samþykki frumvarpið óbreytt.

Alþingi, 23. ágúst 1889.

Árni Jónsson. framsögum. Eiríkur Briem, Jón Jónsson. form. Páll Briem, Sigurður Stefánsson.

Sigurður Jensson. Þorleifur Jónsson.

Nd. **494. Breytingartillaga**

við frv. til fjárlaga fyrir árin 1890 og 1891. — Frá Jóni Þórarinssyni.

Aptan við 13. gr. C. bætist nýr tölul. 11. svo hljóðandi: Styrkur til útgáfu „Sjálfsfræðarans“, 20 kr. fyrir örk, allt að 600 kr. hvort árið.

Nd. **495. Breytingartillaga**

við frumvarp til stjórnarskipunarlaga um hin sjerstaklegu málefni Íslands. — Frá Grími Thomsen.

Við 70. gr. á eptir orðunum: „Nái frumvarpið um breyting á stjórnarskránni samþykki beggja þingdeildanna“, komi: „og sje stjórnin því sinnandi“.

Nd. **496. Frumvarp**

til laga um löggilding verzlunarstaðar á Búðareyri við Reyðarfjörð. — Eptir 2. umr. í Nd.

Á Búðareyri við Reyðarfjörð skal vera löggiltur verzlunarstaður og út að Stekkjagilslæk í Bakkagerðislandi.

Sþ. **497. Frumvarp**

til fjáraukalaga fyrir árin 1888 og 1889. Eptir eina umr. í Ed.

1. gr. Sem viðbót við útgjöld þau, sem talin eru í fjárlögunum fyrir 1888 og 1889 veitast 5,584 kr. 41 eyr. til útgjalda þeirra, sem nefnd eru í eptirfarandi 2.—6. gr.

2. gr. Sem viðbót við útgjöldin við umboðsstjórnina o. fl. í 10. gr. C veitast 200 kr., sem þóknun til ábúanda á nokkrum þjóðjörðum fyrir að varna skemmdum af Hafursá í Dyrhólahreppi.

3. gr. Sem viðbót við útgjöldin við læknaskipunina í 11. gr. 3 (önnur útgjöld) veitast: 84 kr. til yfirsetukonu Þorbjargar Sveinsdóttur fyrir seinni helming ársins 1884 og árin 1885, 1886 og 1887.

4. gr. Sem viðbót við gjöldin í þarfir andlegu stjettarinnar í 13. gr. A. b. (önnur útgjöld) veitast:

300 kr. 41 e. í uppbót handa núverandi presti Hólma prestakalls í Suðurmúla prófastsdæmi, fyrir tekjumissi þann, er hann hefur beðið fardaga-árin 1886—87 og 1887—88, eptir að út komu lög 19. febr. 1886 um utanþjóðkirkjumenn.

Sem uppbót til prests þess, er þjónað hefur Gufudalsprestakalli frá fardögum 1884 til fardaga 1889, samtals 1000 kr.

Prestinum í Laufásprestakalli veitist uppgjöf á 400 kr. árgjaldi af tjeðu brauði árin $18\frac{83}{84}$—$18\frac{87}{88}$ samtals 2000 kr.

5. gr. Sem viðbót við gjöld þau, sem veitt eru í 15. gr. fjárlaganna, veitist til Solveigar Jónsdóttur, ekkju alþingismanns Jóns Sigurðssonar: 1000 kr.

6. gr. Sem viðbót við gjöld þau, sem veitt eru í 17. gr. fjárlaganna veitast:

1000 kr. til hæstarjettarmálaflutningsmanns Octavíusar Hansens fyrir aðstoð í Fensmarksmálinu í þarfir alþingis.

Nd. **498. Álit**

minni hluta nefndarinnar í málinu: Frumvarp til stjórnarskipunarlaga um hin sjerstaklegu málefni Íslands.

Jeg hef ekki getað orðið samdóma hinum háttvirtu meðnefndarmönnum mínum um frumvarp þetta, eins og það hefur verið samþykkt í hinni háttvirtu efri deild, og leyfi mjer því að ráða hinni háttvirtu deild til að samþykkja eptirfylgjandi breytingartillögur við frumvarpið; mun jeg gjöra grein fyrir þessum tillögum mínum við umræðu málsins eptir því, sem mjer þykir þurfa.

Alþingi, 23. ágúst 1889.

Sigurður Stefánsson.

BREYTINGARTILLÖGUR

við frv. til stjórnarskipunarlaga um hin sjerstaklegu málefni Íslands.

1. Við 2. gr. Orðin: »svo sem segir» til enda málsgreinarinnar falli burt.
2. — 3. gr. Eptir orðin: »Undirskript konungs . . . veitir þeim gildi», bætist inn í: með þeim takmörkunum, sem settar eru í stjórnarskrá þessari.
3. — 6. gr. Í stað »jarls» komi landsstjóri, og svo opt sem jarl er nefndur í frumvarpi þessu, komi »landsstjóri» eða landsstjórinn í þess stað.
4. — — — Í stað orðanna: »konungur getur látið» komi: konungur lætur.
5. — — — Í stað orðanna: »enda skal — konungs» komi: nema öðruvísi sje fyrir mælt í stjórnarskrá þessari (sbr. 3., 6., 7., 17. og 71. gr.)
6. — 7. gr. Í stað orðanna: »er snerta stjórn landsins — framkvæma» komi: er snerta löggjöf og stjórn.

7. Við 7. gr. Í stað 3. og 4. málsgreinar komi svolátandi málsgrein:
»Nú hefur landsstjóri staðfest lög, sem konungi þykja viðsjárverð sakir sambands Íslands við Danmörku, og getur hann þá ónýtt staðfesting landsstjórans á þeim lögum, ef hann gjörir það innan árs frá því, er lögin hafa birt verið á lögboðinn hátt á Íslandi. Ónýting þessi fellir þá lögin úr gildi frá þeim tíma, er hún verður heyrum kunn á hverjum stað fyrir sig, þó hvergi síðar en 8 vikum eptir, að hún hefur birt verið á þann hátt, sem lögboðið er um lagabirtingar. Staðfestingar konungs þarf til breytingar á stjórnarskránni eða viðauka við hana, svo sem síðar er fyrir mælt í 71. gr.

8. — 8. gr. Fyrir orðin: »Konungur — forseti þess» komi: Landsstjóri og ráðgjafar eru landsráð, og er landsstjóri forseti þess.

9. — 9. gr. Fyrir: »landsyfirdómur» komi: landsdómur.

10. — 10. gr. — »Konungur getur falið jarlinum að veita — hingað til», komi: landsstjóri veitir öll þess konar embætti, sem konungur hefur veitt hingað til.

11. — 11. gr. Í stað orðanna: »Í nafni konungs stefnir jarlinn» komi: Landsstjóri stefnir.

12. — 16. gr. Aptan við greinina bætist: »Sje lagafrumvarp, sem alþingi hefur samþykkt, eigi staðfest á undan næsta reglulegu alþingi, er það fallið niður».

13. — 18. gr. Í stað orðanna: »Konungur veitir eða getur falið jarlinum að veita», komi: Landsstjóri veitir.

14. Við 19. gr. Í stað: »konungur« komi: landsstjóri.

15. — — — - — »embættisbrot» komi: brot, sem landsdómur hefur dæmt þá fyrir.

16. — 20. — Orðin: »og sje hver þeirra — hann er kosinn úr« falli burt.

17. — — — 4. málsgrein falli burt.

18. — — — 5. málsgrein falli burt.

19. — 21. — Orðin: »(sbr. þó bráðabyrgðarákvörðunina í næstu grein hjer á undan)« falli burt.

20. — 23. — Fyrir: »neðri deildar alþingis« komi: alþingis.

21. — — — Á eptir 1. málsgrein komi ný málsgrein svohljóðandi: Kjörgengi til efri deildar skal þó bundið við 35 ára aldur.

22. — — — 2. málsgrein (»Dómendur í landsyfirdóminum o. s. frv.») falli burt.

23. — — — Orðin í síðustu málsgrein: »Með þeim takmörkunum« — enda gr. falli burt.

24. — 29. — Orðin: »Á þenna hátt« — enda gr. falli burt.

25. — 34. — Orðin: »Svo sem fyrir er mælt« — enda málsgreinarinnar falli burt.

26. Eptir 47. gr. komi ný gr. (48. gr.) svohljóðandi: Landsdómur skal skipaður dómendum hins æðsta dómstóls innanlands og öllum þingmönnum efri deildar. Ryðja má sá, er kærður er allt að 5 menn úr dómi, þó svo að jafnan sitji dóminn eigi færri en tveir dómendur hins æðsta dómstóls. Jafnan skal tala dómenda á stöku standa, og skal því, ef til kemur, einn úr víkja eptir hlutkesti. Landsdómur velur forseta sinn.
Rjettarfarið við dóm þenna skal ákveða með lögum. (Greinatalan breytist samkv. þessu).

27. Við 48. gr. (sem verður 49. gr.) Fyrir: »Landsyfirdómur« komi: Landsdómur.

28. — 72. — (Ákvæði um stundarsakir) Eptir orðin: »Í íslenzkum málum« bætist inn í: þeim er eigi skal dæma í landsdómi samkvæmt þessum stjórnarskipunarlögum.

Nd. **499. Tillaga**

til þingsályktunar um stjórnarskrármálið.—Frá Eiríki Briem, Jóni Jónssyni 1. þm. N.-M., Jóni Jónssyni þm. N.-þ., Páli Briem, Þorleifi Jónssyni og Þorvarði Kjerúlf.

Neðri deild alþingis skorar á ráðgjafa Íslands, að leggja fyrir næsta alþingi frumvarp til stjórnarskipunarlaga um hin sjerstaklegu málefni Íslands, er veiti Íslandi innlenda stjórn í hinum sjerstaklegu málefnum þess með fullri ábyrgð fyrir alþingi, og þar sem tekið verði svo mikið tillit til vilja þingsins og þjóðarinnar, sem framast má verða.

Ed. **500. Tillaga**

til þingsályktunar frá efri deild alþingis.

Efri deild alþingis skorar á stjórnina að leggja fyrir alþingi 1891 frumvarp til nýrrar stjórnarskrár um hin sjerstaklegu málefni Íslands, svo lagað, að þar sje tekið það tillit, er stjórnin sjer sjer framast fært, til óska alþingis um innlenda stjórn með fullri ábyrgð fyrir alþingi.

Jón A. Hjaltalín. E. Th. Jónassen. F. S. Stefánsson. Jón Ólafsson. Skúli Þorvarðarson.

Ed. **501. Frumvarp**

til laga um löggilding verzlunarstaðar á Búðareyri við Reyðarfjörð. — Eptir 3. umr. í Nd.

Á Búðareyri við Reyðarfjörð skal vera löggiltur verzlunarstaðnr og út að Stekkjagilslæk í Bakkagerðislandi.

Ed. **502. Nefndarálit**

frá nefndinni í málinu um löggildingar kauptúna.

Enda þótt vjer fáum eigi sjeð, að breytingar h. h. neðri deildar hafi við nein rök að styðjast, þá viljum vjer þó ekki fyrir þá sök ráða h. h. efri deild til að fella frumvörpin, en enginn vegur er til, að þau nái fram að ganga, ef þessi deild færi nú að breyta þeim.

Ráðum vjer því h. h. efri deild til að samþykkja löggildingafrumvörpin öll, eins og þau nú liggja fyrir.

Alþingi, 24. ágúst 1889.

Jón Ólafsson. L. E. Sveinbjörnsson. J. Havsteen.

Sþ. **503. Viðaukatillaga**

við frv. til laga um sölu nokkurra þjóðjarða. — Frá Þórarni Böðvarssyni.

Við 1. gr. bætist:

3. Meiðastaði i Rosmhvalaneshreppi . . . . . 3000 kr.

Nd. **504. Álit**

meiri hluta nefndarinnar í málinu: Frumvarp til stjórnarskipunarlaga um hin sjerstaklegu málefni Íslands.

Nefnd sú, er hin háttvirta neðri deild kaus í máli þessu, hefur eigi getað orðið samdóma um frumvarpið eins og efri deild hefur samþykkt það.

Meiri hluti nefndarinnar vill láta álit sitt í ljósi svo sem nú skal greina:

Hin heiðraða efri deild hefur gjört ýmsar þýðingarmiklar breytingar á frumvarpinu frá því, er það var, þegar neðri deild samþykkti það við 3. umræðu.

Viljum vjer fyrst og fremst nefna nokkrar breytingar, sem vjer eigi teljum efnisbreytingar; er fyrst að nefna þá breytingu, að tilvísun til stöðulaganna 2. janúar 1871 er tekin upp í tveimur greinum, 2. gr. og 34. gr., og sleppt hefur verið í 3. gr. ákvæðunum um gildi undirskriptar konungs.

Ennfremur hefur nafninu á umboðsmanni konungs hjer á landi, landsstjóranum, verið breytt þannig, að hann er nefndur jarl.

Þá hefur og verið gjörð sú breyting á 29. gr. að það er beinlínis tekið fram, að embættismenn, er kosnir verða til þingsetu, skuli skyldir að annast um, að embættisstörfum verði gegnt á þann hátt, er stjórnin álítur nægja.

Auk þessa hefur efri deild gjört allmiklar efnisbreytingar og viljum vjer fyrst og fremst nefna breytingar þær, er snerta hið æðsta framkvæmdarvald. Í frumvarpi neðri deildar var farið fram á, að konungur ljeti allt framkvæmdarvaldið fara fram hjer á landi, en í frumvarpi efri deildar er ákveðið í 6. gr., að konungur geti falið jarlinum, að framkvæma vald sitt. Í fljótu áliti virðist þetta vera mjög óskyggilegt; en eptir ákvæðum 7. gr. hafa ráðgjafarnir á hendi stjórnarstörfin innanlands, og hlýtur jarlinn því að hafa á hendi framkvæmdarvaldið, nema þar sem er skýrt tekið fram, að annað megi vera.

Þetta er svo í þremur atriðum, sem eru breytt frá frumvarpi neðri deildar. Þar var þannig ákveðið, að landsstjórinn veitti öll embætti hjer á landi, en þessu er breytt þannig, að konungi er sett í sjálfsvald, hvort hann veiti sjálfur embættin, eða feli jarlinum veitingu embættanna (10. gr.). Það var og ákveðið, að jarlinn skyldi veita leyfi og undanþágur frá lögum, en í frumvarpi efri deildar er konungi sett í sjálfsvald, hvort hann veiti þessi leyfi og undanþágur, eða feli jarlinum þetta (18. gr.), og ennfremur er ákveðið í frumvarpi efri deildar (19. gr.), að konungur náði menn og veiti almenna uppgjöf á sökum, þar sem þetta vald var í frumvarpi neðri deildar falið landsstjóranum. Það er svo í samkvæmni við þetta, að ákveðið hefur verið í frumvarpi efri deildar (6. gr.), að konungur *geti* látið jarlinn í nafni sínu og umboði framkvæma hið æðsta vald í hinum sjerstöku málefnum landsins.

Þá hefur efri deildin breytt frumvarpi neðri deildar allmikið að því er snertir staðfesting á lögum. Eptir frumvarpi neðri deildar var það hlutverk landsstjórans, að staðfesta lagafrumvörp, er alþingi hefði samþykkt, en konungur gat numið þau úr gildi, ef honum þótti lögin viðsjárverð sakir sambands Íslands við Danmörku. En í frumvarpi efri deildar er það ákveðið, að jarlinn geti leitað vilja kónungs í þessu efni og konungur geti ennfremur synjað þeim lögum staðfestingar, er jarlinn hefur staðfest, án þess það sje bundið við þau lög, er konungi þykja viðsjárverð sakir sambands Íslands við Danmörku.

Þá hefur efri deildin einnig gjört breytingar á skipun efri deildar.

Í frumvarpi neðri deildar var ákveðið, að í fyrsta skipti skyldu taka sæti í efri deild 4 þingmenn, er jarlinn kveður til þingsetu og 8 þingmenn, er hinir þjóðkjörnu alþingismenn kysu úr sínum flokki, og skyldu þeir eiga sæti í deildinni, þangað til þeir

væru sjötugir að aldri. Þegar sæti yrði autt í deildinni, skyldi neðri deild upp frá því kjósa mann í hið auða sæti. Í frumvarpi efri deildar er aptur á móti ákveðið, að í fyrsta skipti skuli konungur kveðja 6 menn til þingsetu, og amtsráðin hina 6, en síðan skuli amtsráðin kjósa 8, en jarlinn kveðja 4 menn til þingsetu.

Að endingu hefur verið gjörð sú breyting á frumvarpi neðri deildar, að landsyfirdómurinn á að dæma um embættisbrot hinna innlendu ráðgjafa, í stað þess, að landsdómur (efri deildar menn og yfirdómararnir) átti að dæma um þetta eptir frumvarpi neðri deildar. Í sambandi við þetta hefur efri deild einnig gjört þá breytingu, að dómendur í landsyfirdóminum mættu ekki eiga setu á alþingi.

Eins og vjer höfum áður um getið, teljum vjer breytingar þær, er fyrst eru nefndar, engar efnisbreytingar, og virðist því eigi máli skipta um þær.

Það er þannig engin efnisbreyting, þótt tekin sje upp tilvísun til stöðulaganna 2. jan. 1871, og þar sem stjórninni einnig hefur þótt þetta æskilegt, sjáum vjer ekkert sjerlegt því til fyrirstöðu.

Þá breyting, að umboðsmaður konungs hjer á landi sje nefndur jarl, teljum vjer eigi óheppilega. Nafnið er fallegt og fornt og landsmönnum hefur einmitt þótt þetta nafn æskilegast, eptir því, sem kom fram á Þingvallafundinum 1873, alþingi 1873, og Þingvallafundinum 1885.

Efnisbreytingar efri deildar teljum vjer aptur á móti aðgæzluverðari, og viljum vjer nú minnast á þær.

Að því er snertir breytingu á landsdóminum, sjáum vjer eigi, að það sje nein frágangssök, að landsyfirdómurinn einn dæmi í þeim málum, er jarlinn eða neðri deild alþingis býr til á hendur ráðgjöfunum. Landsyfirdómurinn verður að dæma ýms mál, er kunna að hafa alveg eins mikla þýðingu, jafnvel í stjórnmálum, enda er það einnig ákveðið, að dómendur í þessum dómi megi ekki eiga setu á alþingi.

Eptir því, sem skipun efri deildar er samkvæmt frumvarpinu, má að vísu óttast, að sú deild verði mjög íhaldssöm: en þótt kjósendur til alþingis geti eigi haft bein áhrif á kosningar þingmanna í efri deild, þá verður þó helmingur þingmanna í þeirri deild og áður langt um líður tveir þriðjungar þeirra kosnir af mönnum, sem hljóta að hafa traust þjóðarinnar.

Að því er snertir ákvæðin um staðfesting á lögum, er alþingi hefur samþykkt, þá fara þau í sömu stefnu og frumvörpin á síðustu þingum og frumvarp það, er alþingi samþykkti 1873. Í öllum þessum frumvörpum hefur verið kveðið svo að orði, að undirskript konungs eða jarlsins (landsstjóra) veiti ályktunum alþingis lagagildi, og var því í raun og veru engin trygging fyrir því, að landsstjórinn eða jarlinn fengi umboð til að samþykkja nokkurt lagafrumvarp, en hjer er beinlínis ákveðið, að jarlinum sje heimilt, að staðfesta sjerhvert lagafrumvarp, er alþingi samþykkir, þó svo, að konungur geti innan ákveðins tíma synjað þeim staðfestingar, svo að þau falli úr gildi. Eptir frumvarpi neðri deildar átti landsstjóri að staðfesta öll lög, og konungur hafði eigi rjett til persónulega að staðfesta neitt almennt lagafrumvarp. Á undanfarandi þingum hefur eigi verið farið fram á þetta. Konungur hafði fullt lagasynjunarvald bæði eptir frumvarpinu frá 1873 og frumvörpunum frá 1885 og 1887; en þar sem þar stóð, að konungur eða landstjóri staðfesti lögin, þá er hjer skýlaust tekið fram, hvernig staðfestingarvaldinu sje fyrir komið.

Breytingar á frumvarpinu að því er snertir hið æðsta framkvæmdarvald þykja oss allviðsjárverðar. Þannig þykir oss eðlilegast, að jarlinn að sjálfsögðu veiti í umboði konungs öll embætti hjer á landi, veiti leyfi og undanþágur frá lögum og náði menn, að sínu leyti eins og landstjórunum í Canada og Victoríu er falið þetta vald; því að það kæmi mjög undarlega fyrir, ef ráðgjafinn fyrir Ísland færi í þessu efni að taka

fram fyrir hendurnar á hinni innlendu stjórn, enda mundi slíkt eigi vel samrýmast því fyrirkomulagi stjórnarinnar, sem frumvarpið að öðru leyti gjörir ráð fyrir, og er það því nauðsynleg breyting á frumvarpinu, að það sje skýlaust tekið fram, að konungur geti falið jarlinum að náða menn og veita almenna uppgjöf á sökum. Eins og vjer höfum áður sagt, er eðlilegast að fela jarlinum beinlínis þetta vald, með því að breyta ákvæðunum um embættaveitingar, leyfisveitingar og náðunarvaldið, eins og stóð í frumvarpi neðri deildar, og þar af leiðandi gjöra þær breytingar á 6. gr., að það sje með berum orðum ákveðið, að konungur láti jarlinn hafa á hendi framkvæmdarvaldið, í stað þess, að þar er ákveðið, að konungur geti látið hann framkvæma vald sitt. En ef þetta væri ekki gjört, ætti það að vera ákveðið, að konungur veitti embætti, veitti leyfi og undanþágur frá lögum og náðaði menn með ráði og samþykki landsráðsins.

Hins vegar ber þó að geta þess, að ákvæðin í frumvarpi efri deildar um embættaveitingar, leyfisveitingar og náðunarvaldið eru eigi frábrugðin frumvörpum þeim, er Íslendingar hafa óskað staðfestingar á. Vjer viljum þannig nefna frumvarpið frá 1873, sem Þingvallafundurinn 1885 einmitt óskaði að yrði lagt til grundvallar við endurskoðun stjórnarskrárinnar. Þar stendur í 12. gr.: konungur veitir öll þess konar embætti, sem hann hefur veitt hingað til — — —; í 13. gr.: konungur náðar menn og veitir almenna uppgjöf á sökum; í 14. gr.: konungur veitir sjálfur eða felur jarlinum að veita leyfi þau og undanþágur frá lögum, sem tíðkazt hafa. Þetta eru ákvæðin í frumvarpinu frá 1873, og líkt er í frumvörpum frá undanförnum þingum. Um náðunarvald konungs eru þannig samhljóða ákvæði í frumvörpunum frá 1885 og 1887, og í frumvarpinu frá 1885 stóð um embættaveitingar og leyfisveitingar, að konungur eða landsstjóri framkvæmdi þær. Það er því auðsætt, að frumvarpið að þessu leyti fer eigi að eins í líka stefnu, heldur er það jafnvel í þessu efni alveg samkvæmt þeim frumvörpum, er landsmenn sjerstaklega hafa óskað, að frumvarpið yrði lagað eptir.

Í frumvarpi neðri deildar var ákveðið, að konungur tæki sjer ráðgjafa fyrir Ísland, því að deildinni þótti eðlilegt, að taka skýrt fram í stjórnarskipunarlögum landsins, að konungur skrifaði undir með þeim ráðgjafa, er hann tæki sjer sjálfur, en úr því að þetta ákvæði var tekið beinlínis fram, í stað þess, að það ekki hefur verið tekið fram í frumvörpunum frá síðustu þingum, þá sjáum vjer eigi, að breytingar efri deildar að því er snertir staðfesting laga og framkvæmdarvaldið hafi farið í aðra stefnu en frumvörpin frá síðustu þingum.

Í samanburði við hina núgildandi stjórnarskrá fæst með þessu frumvarpi allmikil rjettarbót.

Fyrst og fremst er hjer ákveðið, að konungur vinni eið að stjórnarskránni, eins og tekið var fram í frumvarpi stjórnarinnar 1867, enda er það undarlegt, að þessu skuli hafa verið sleppt í hinni núgildandi stjórnarskrá, þar sem konungar hafa þó áður lofað landsmönnum að vernda lög þeirra og landsrjett, og þetta er almennt loforð konunga til þegna sinna.

Þá teljum vjer það og mikla rjettarbót, að hjer á landi verða undirbúin lagafrumvörp öll, og ræður þá að líkindum, að frumvörpin muni verða sniðin eptir þörfum landsmanna. Eptir frumvarpinu geta lögin orðið staðfest hjer á landi, en eptir hinni núgildandi stjórnarskrá verður að senda hvert lagaboð til ráðgjafans í Kaupmannahöfn, sem ekki þekkir hag landsmanna og hefur hingað til talið sjer ábyrgðarminnst, að ráða konungi til að synja staðfestingar á mörgum lögum. Ráðgjafinn í Kaupmannahöfn fær í þessu efni að eins tillögur frá embættismanni hjer á landi, sem eigi hefur ábyrgð gagnvart alþingi, og þarf ráðgjafinn ekki að fara eptir tillögum hans.

Í samanburði við það sem er, má telja mjög mikilsverð ákvæði frumvarpsins

um framkvæmdarstjórnina og ábyrgð hinnar innlendu stjórnar, sem og ráðgjafans fyrir Ísland. Eptir hinni núgildandi stjórnarskrá hafa stjórnarvöldin á Islandi enga ábyrgð fyrir alþingi, nema að því leyti, sem alþingi hefur rjett til að bera sig upp við konung undan því, hvernig landshöfðingi beitir valdi því, sem honum er á hendur falið, og ráðgjafinn fyrir Ísland hefur enga ábyrgð gagnvart þinginu, nema á því, að brjóta eigi stjórnarskrána. En eptir þessu frumvarpi verður bæði hin innlenda stjórn og ráðgjafinn fyrir Ísland að bera fulla ábyrgð fyrir alþingi á stjórnarstörfum sínum.

Eptir hinni núgildandi stjórnarskrá er mjög óvíst, hvað landshöfðingi má framkvæma hjer á landi; hann verður að gjöra uppástungur til ráðgjafans í mjög mörgum málum, og hann getur sótt ráð til hans í nálega öllu; yfirhöfuð er framkvæmdarstjórn landsins allt öðru vísi fyrir komið nú, heldur en æskilegt er. Það væri því mjög mikil rjettarbót, að fá framkvæmdarstjórnina inn í landið, þótt eigi sje skýlaust ákveðið, að hinni innlendu stjórn sje falið á hendur náðunarvald, embættaveitingar og leyfisveitingar.

Þá ber þess og að gæta, að þetta frumvarp tekur frumvörpunum frá 1873 og 1885 mjög fram í því, að alþingi er tryggt gagnvart þingrofi og einkar hagfelld ákvæði eru sett um fjárveitingarvaldið og bráðabyrgðarlögin.

Hins vegar verður því ekki neitað, að hjer er skemmra farið en í frumvarpi því, er neðri deild samþykkti í sumar, bæði að því, er snertir staðfesting laga, framkvæmdarvaldið og skipun efri deildar.

Eptir áliti voru getur eigi verið umtalsmál að samþykkja frumvarpið óbreytt; en þar sem að eins er eptir einn dagur af þingtímanum, hlýtur þetta að hafa þær afleiðingar, að frumvarpið nær eigi fram að ganga á þinginu. Að því er snertir breytingar á frumvarpinu, getur það verið álitamál, hvort breyta skuli frumvarpinu meira eða minna. Þetta verður nokkuð að fara eptir undirtektum hins annars málsaðila, stjórnarinnar, en þar sem menn geta eigi nú vitað hverjar þær mundu verða, og þar sem frumvarpið heldur eigi getur náð fram að ganga á þinginu, þá virðist oss tilgangslaust, að koma fram með ákveðnar breytingartillögur við frumvarpið, eða ræða málið frekar að þessu sinni.

En hins vegar höfum vjer leyft oss að koma fram með tillögu til þingsályktunar um, að skora á ráðgjafa Íslands, að leggja fyrir næsta alþingi frumvarp til stjórnarskipunarlaga um hin sjerstaklegu málefni Íslands, er veiti Íslandi innlenda stjórn í hinum sjerstaklegu málefnum þess með fullri ábyrgð fyrir alþingi, og að í því verði tekið svo mikið tillit til vilja þingsins og þjóðarinnar, sem framast má verða.

Alþingi 24. ágúst 1889.

Eiríkur Briem, formaður. Jón Jónsson, 1. þm. N.-M. Jón Jónsson, þm. N.-Þ.

Páll Briem, skrifari og framsögumaður. Þorleifur Jónsson. Þorvarður Kjerúlf.

Nd. **505. Breytingartillögur**

við frv. til stjórnarskipunarlaga um hin sjerstaklegu málefni Íslands. — Frá Ólafi Briem.

1. 6. gr. Í stað: »Konungur getur látið« komi: Konungur lætur.
2. 7. — Þar sem í þessari grein eða öðrum greinum frumvarpsins eru nefndir »ráðgjafar« eða »einhver ráðgjafanna« komi: ráðgjafi.
3. — — Í stað »ráðgjafinn fyrir Ísland« komi: ráðgjafi konungs.

4. 7. gr. Orðin í annari málsgrein: »og konungur — til að framkvæma« falli burt.
5. — — Upphaf þriðju málsgreinar: »Nú er lagafrumvarp — í því efni« falli burt.
6. — — Fjórða málsgrein: »Nú hefur jarlinn — staðfest það« falli burt.
7. — — Aptan við greinina bætist: Sje lagafrumvarp, sem alþingi hefur samþykkt, eigi staðfest á undan næsta reglulega alþingi, er það fallið niður.
8. 8. — Upphaf greinarinnar: »Ráðgjafar skulu — stjórnmálefni» falli burt.
9. — — Í stað »hinn æðsti ráðgjafi» komi: ráðgjafinn.
10. 10. — Í stað »Konungur getur falið» komi: Konungur felur.
11. 18. — Í stað »Konungur veitir eða getur falið» komi: Konungur felur.
12. 19. — Í stað »Konungur náðar menn og veitir» komi: Konungur felur jarlinum að náða menn og veita.

---

506. Frumvarp

til laga um sölu nokkurra þjóðjarða. — Eptir umr. í Sþ.

1. gr. Ráðgjafanum fyrir Ísland veitist heimild til, að selja ábúendunum eptirfylgjandi þjóðjarðir fyrir það andvirði, er að minnsta kosti nemi þeirri upphæð, sem greind er við hverja þeirra:

1. Á í Kleifahreppi . . . . . 850 kr.
2. Feigsdal í Dalahreppi . . . . . 1700 —
3. Meiðastaði í Rosmhvalaneshreppi . . 3000 —

2. gr. Um sölu þessa skal farið eptir ákvæðum þeim, sem gjörð eru í 2. og 3. gr. í lögum nr. 26, 8. nóv. 1883.

3. gr. Heimild sú, sem veitt er til sölu þessarar, gildir að eins til 31. des. 1894.